Hæstaréttardómar 1948

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Afskorinn texti á bls. 515 á prenteintaki.
Meiriháttar galli á bls. 359 á prenteintaki.
Minniháttar gallar á bls. 313, 377, og 382 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Efnisskrá til bráðabirgða um hæstaréttardóma 1948.

Áfengislagabrot 90, 94, 193, 339, 409, 412, 460
Barnahæli 246
Barnsfaðernismál 481
Bifreiðamál.
1) Opinber mál 77, 88, 163, 207, 289, 360, 402, 409, 412, 440, 460, 492, 530, 562, 577
2) Skaðabótamál 72, 141, 145, 258
Bjarglaun 368, 547
Brenna 1
Byggingarsamþykkt 322
Byggingarsamvinnufélag 428
Dráttaraðstoð 196
Einkaleyfi til kvikmyndahússrekstrar 155
Fangelsun 507
Fiskveiðabrot 70, 103, 399, 488, 527, 567, 570
Fjallskilasjóðsgjald 230
Fjárhagsráð 322
Fjárskipti hjóna 151
Forkaupsréttur 343
Frávísun 66, 278, 362, 375, 485
Gagnaöflun.
Einkamál 424, 555
Opinber mál 87
Gjaldeyrislög 106
Handtaka. Sjá fangelsun
Húsaleigumál 62, 100, 113, 122, 251, 329, 434, 446, 474, 552
Kaup og sala 477
Kærumál.
Frávísun 421
Frestun 342, 434
Málskostnaður 299
Ritlaun 255
Vitni 160, 276, 438

Líkamsárás 175, 379, 440, 460, 485
Lögreglusamþykkt 296
Manndráp 77, 163, 207, 289, 402, 492, 530, 577
Nauðgun 199
Ómerking.
Einkamál 131, 243, 307, 312, 450, 502, 538, 556
Opinber mál 204, 224, 287, 385
Orlofsfé 285
Samningar. Skýring 396
Sératkvæði 66, 122, 131, 190, 312, 363, 455, 587
Skaðabætur. Sjá og bifreiðamál 190, 232, 356, 363, 418
Skattamál.
Skattar til bæjarsjóðs 111, 179, 336
Skattar til ríkissjóðs 587
Skjalafals 1, 181, 324
Skuldabréf 115
Skuldamál 339, 535
Svik. Vátryggingar- og fjársvik 1, 393
Veiðiréttur 170
Verðlagslöggjöf 106, 303
Vinnusamningur 455
Víxilmál 168
Þjófnaður 90, 94, 193, 215, 263, 315, 339, 409
Ölvun. Sjá áfengislagabrot, bifreiðamál.

HÆSTARÉTTARDÓMAR

ÚTGEFANDI
HÆSTIRÉTTUR

XIX. BINDI
1948

REYKJAVÍK
RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG
MCMLI

Reglulegir dómarar hæstaréttar 1948.

Jónatan Hallvarðsson. Forseti dómsins frá 1. janúar til 31. ágúst.
Árni Tryggvason. Forseti dómsins frá 1. september til 31. des.
Gizur Bergsteinsson.
Jón Ásbjörnsson.
Þórður Eyjólfsson.

Registur.

I. Málaskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Réttvísin gegn Snorra Jónssyni, Jóhannesi Sæmundi Pálssyni, Ástráði Proppé, Sigurði Jónssyni, Gísla Kristjánssyni, Þórði Halldórssyni, Baldri Þorgilssyni og Þorgils Hólmfreð Georgssyni. Brenna. Vátryggingar- og fjársvik. Skjalafals	2 1/1	1
2.	Ólafur Jónsson gegn Nikulási Steingrímssyni. Húsaleigumál. Útburðargerð	3 1/1	62
3.	Magnús Andrésson gegn Þórshamri h/f. Útivistardómur	1/2	65
4.	Júlíus Þórðarson gegn Halldóri Jónssyni. Vísun máls frá hæstarétti. Sératkvæði	1/2	66
5.	Valdstjórnin gegn Evald Hentze. Fiskveiðabrot	1/2	70
6.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Hjörleifi Jónssyni, f. h. ólögráða sonar hans, Harðar Ágústs, og gagnsök. Bifreiðamál. Skaðabótamál	1/2	72
7.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Höskuldi Guðmundssyni. Bifreiða- og umferðarlagabrot. Manndráp af gáleysi	1/2	77
8.	Réttvísin gegn Einari Bjarna Þórarinssyni, Lárusi Guðmundssyni og Hauki Þorsteinssyni. Um öflun skýrslna	1/2	87
9.	Valdstjórnin gegn Bjarna Sigurjóni Jónssyni. Brot á reglugerð um takmörkun á akstri bifreiða	1/2	88
10.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Elí Bæring Einarssyni. Þjófnaður. Áfengislagabrot	1 1/2	90
11.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Elí Bæring Einarssyni. Þjófnaður. Áfengislagabrot	1 1/2	94
12.	Einar Eiríksson gegn Önnu Friðriksson. Húsaleigumál	1 1/2	100
13.	Valdstjórnin gegn Max Karp. Fiskveiðabrot	1 1/2	103
14.	Valdstjórnin gegn Reinhard Lárussyni, Fanneyju Lilju Guðmundsdóttur og Guðmundi Svavari Guðmundssyni. Brot gegn gjaldeyris- og verðlagslöggjöf	1 1/2	106

		Dómur	Bls.
15.	Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs gegn Guðna Þórðarsyni. Útsvarsmál	2½	111
16.	Austurstræti 3 h/f gegn Ólafíu Torfason. Húsaleigumál	2⅔	113
17.	Bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. bæjarsjóðs og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Eggert Claessen f. h. N. C. Monberg A/S og gagnsök. Greiðsluskylda samkvæmt skuldabréfi	2⅔	115
18.	Guðjón H. Sæmundsson gegn Jóhönnu Pálmadóttur. Húsaleigumál. Sératkvæði	2½	122
19.	H/f Geir gegn Dráttarbraut Keflavíkur h/f. Útivistardómur	2⅔	131
20.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Kristjáni Kristjánssyni. Ómerking málsmeðferðar og úrskurðar. Sératkvæði	⅔	131
21.	Arinbjörn Jónsson gegn Jósef Eggertssyni og gagnsök. Bifreiðamál. Skaðabótamál	⅔	141
22.	Jón Ingimundarson f. h. ófjárráða sonar síns, Halldórs Ingimundar, gegn Ásbirni Magnússyni og gagnsök. Bifreiðamál. Skaðabótamál	⅔	145
23.	Kjartan Sveinsson gegn Borghildi Pétursdóttur. Skýring á 64. gr. laga nr. 3/1878	⅔	151
24.	Georg Magnússon gegn lögreglustjóranum í Árnessýslu. Um veitingu leyfis til rekstrar kvikmyndahúss	⅔	155
25.	Sveinn S. Jónsson gegn Rósu Halldóru Hansdóttur og Jóni Guðmundssyni. Staðfesting vitnisburðar. Kærumál	⅔	160
26.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Sigurbirni Eyjólfssyni. Bifreiða- og umferðarlagabrot. Manndráp af gáleysi	⅔	163
27.	Guðmundur Guðmundsson gegn Sigurði Helgasyni og gagnsök. Víxilmál	⅔	168
28.	Jóhann Guðjónsson, Ragnar Pálsson, Magnús Snorrason, Magnús Baldvinsson, Þiðrik Baldvinsson, Þorkell Teitsson og Erlendur Jónsson gegn Favoretta Walterina Kennard og Geir H. Zoëga. Skýring á samningi um afnot veiðiréttar	1⅔	170
29.	Réttvísin gegn Ingimundi Guðmundssyni. Líkamsárás	1⅓	175
30.	Bæjarstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs gegn h/f Shell á Íslandi. Endurgreiðsla útsvars	1⅔	179
31.	Réttvísin gegn Einari Bjarna Þórarinssyni, Lárusi Guðmundssyni og Hauki Þorsteinssyni. Skjalafals	1⅔	181

		Dómur	Bls.
32.	Kaupfélags Austfjarða gegn Bjarna Ö. Jónassyni. Skaðabætur vegna kostnaðar af vörusendingu. Sératkvæði	17/3	190
33.	Réttvísin gegn Ingibirni Eggertssyni. Þjófnaður. Áfengislagabrot	18/3	193
34.	Skipaútgerð ríkisins gegn Trolle & Rothe h/f f. h. eigenda og vátryggjenda e/s Rolf Jarl, skips og farms. Þóknun fyrir dráttaraðstoð	19/3	196
35.	Réttvísin gegn Ólafi Gunnari Grímssyni og Óskari Lúðvík Grímssyni. Nauðgun	6/4	199
36.	Valdstjórnin gegn Pétri Magnúsi Sigurðssyni. Galli á málshöfðun. Ómerking dóms	7/4	204
37.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Kristbirni Borgþóri Þórarinssyni. Brot á bifreiða- og umferðarlögum. Manndráp af gáleysi	8/4	207
38.	Réttvísin gegn Haraldi Kjartanssyni. Þjófnaður. Hegningarauki	9/4	215
39.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Kristjáni G. Gíslasyni, Arnbirni Óskarssyni og Lárusi Guðjóni Lúðvígssyni. Galli á málshöfðun. Ómerking dóms	9/4	224
40.	Jón P. Leví gegn hreppsnefnd Fremra-Torfustaðahrepps f. h. hreppsins og hreppsnefnd Ytra-Torfustaðahrepps f. h. hreppsins. Greiðsla fjallskilasjóðsgjalds	13/4	230
41.	Dráttarbraut Keflavíkur h/f gegn Ágústi Bjarnasyni og Júlíusi Ingibergssyni og gagnsök. Skaðabætur vegna galla á seldum bát	14/4	232
42.	Kristín Halldórsdóttir gegn Gesti Fanndal. Gallar á málsmeðferð. Ómerking máls	14/4	243
43.	Sesselja Sigmundsdóttir gegn Barnaverndarráði Íslands. Ógiltur úrskurður um sviptingu leyfis til forstöðu barnahælis	19/4	246
44.	Anna Líndal gegn Mjólkursamsölunni í Reykjavík. Húsaleigumál. Synjun útburðar	20/4	251
45.	Bogi Brynjólfsson gegn Einari Arnalds, borgardómara í Reykjavík, persónulega og f. h. ríkissjóðs. Ákvörðun ritlauna. Kærumál	21/4	255
46.	Helgi Thorlacius gegn Steindóri Einarssyni. Skaðabætur vegna bifreiðarslyss	23/4	258
47.	Réttvísin gegn Herði Lárusi Valdimarssyni, Magnúsi Aðalsteini Aðalsteinssyni, Hinriki Ragnarssyni og Þórarni Andréssyni Sigurðssyni. Þjófnaður	23/4	263
48.	Georg Magnússon gegn dánarbúi Garðars Þorsteinssonar og Árna Tryggvasyni. Vitnaskylda embættismanns. Kærumál	23/4	276

		Dómur	Bls.
49.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Jóni Finnboga Kjartanssyni. Vísun máls frá dómstólum	2⅘	278
50.	Vinnufatagerð Íslands h/f gegn Jóhönnu Sigurðardóttur. Ákvörðun orlofsfjár	3¼	285
51.	H/f Sæfell gegn hafnarsjóði Vestmannaeyja. Útivistardómur	3¼	287
52.	Réttvísin gegn Eiði Thorarensen. Galli á málshöfðun. Ómerking dóms	⅘	287
53.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Stefáni Gunnbirni Egilssyni. Brot á bifreiða- og umferðarlögum. Manndráp af gáleysi	⅘	289
54.	Valdstjórnin gegn Jóni Björnssyni Jónssyni. Brot á lögreglusamþykkt	⅘	296
55.	Jóhann Hákonarson gegn Hjálmari Þorsteinssyni. Kært málskostnaðar- og sektarákvæði héraðsdóms	⅘	299
56.	Valdstjórnin gegn Pétri Þórhalli Júlíusi Gunnarssyni. Brot á verðlagsákvæðum	1⅗	303
57.	Jóhann Garibaldason og Jörgen Holm gegn Kristjáni Björnssyni. Galli á málsmeðferð. Ómerking	1⅘	307
58.	Dánarbú Garðars Þorsteinssonar gegn Trans-Ocean, vöru- og skipamiðlun h/f. Málsástæða látin ódæmd. Ómerking dóms. Sératkvæði	1⅘	312
59.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Friðmar Sædal Markússyni og Aðalsteini Lárussyni. Þjófnaður og brot á 111. gr. hegningarlaga	1⅘	315
60.	Valdstjórnin gegn Eyjólfi Þórarinssyni. Brot á byggingarsamþykkt og reglugerð um fjárhagsráð	1⅘	322
61.	Réttvísin gegn Jóhanni Eyþórssyni. Skjalafals	1⅘	324
62.	Ólafur Jóhannesson gegn Jóhannesi Jóhannssyni. Húsaleigumál	2⅘	329
63.	Ís & Fiskur h/f gegn bæjarstjórn Akranesskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál	2⅕	336
64.	Guðmundur G. Norðdahl gegn Vilhjálmi Jónssyni. Skuld vegna byggingarvinnu	2⅘	339
65.	H/f Ræsir gegn Þórði Runólfssyni. Máli frestað sjálfkrafa í hæstarétti. Kærumál	2⅘	342
66.	Jónas Björnsson gegn Axel Guðmundssyni og Viglundi Guðmundssyni. Forkaupsréttur	2⅘	343
67.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Finnboga Guðmundssyni og Óskari Lárussyni. Þjófnaður. Áfengislagabrot	2⅘	339
68.	Friðrik Bertelsen & Co. h/f gegn Nic. Hyllestad. Riftun kaupa. Skaðabætur	2⅘	356

		Dómur	Bls.
69.	Valdstjórnin gegn Gunnari Gíslasyni. Ölvun við akstur	½	360
70.	Herluf Clausen gegn Óskari Ólafssyni. Vísun máls frá hæstarétti	½	362
71.	Kristín Guðjónsdóttir gegn Kaupfélagi verkamanna í Vestmannaeyjum og bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar f. h. bæjarsjóðs. Fébótamál vegna verðrýrnunar fasteignar í kaupstað. Sératkvæði	⅜	363
72.	Friðþjófur G. Johnsen, f. h. eigenda og vátryggjenda v/s Havfrugvin V.N. 220 gegn Hinriki Jónssyni f. h. eigenda og skipshafnar b/v King Sol G.Y. 338 og gagnsök. Bjarglaun	⅞	368
73.	Hannes Björnsson gegn Tryggva Jóhannessyni. Vísun máls frá hæstarétti	⅞	375
74.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Óskari Þóri Guðmundssyni. Líkamsárás. Hegningarauki	1⅛	379
75.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Friðriki Bertelsen, Bergljótu Bertelsen, Helga Jónasi Þórarinssyni, Baldvin Jónssyni og Hilmari Foss. Galli á málshöfðun. Ómerking dóms	1⅛	385
76.	Réttvísin gegn Guðjóni Guðmundssyni. Fjársvik	1⅛	393
77.	Sveinn Frímannsson og Egill Sigurðsson gegn Ármanni Jakobssyni. Ágreiningur um skilning á samningsákvæði	1⅛	396
78.	Valdstjórnin gegn John Charles Ashcroft. Fiskveiðabrot	1⅛	399
79.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Gunnari Guðjónssyni. Brot gegn bifreiða- og umferðarlögum. Manndráp af gáleysi	1⅛	402
80.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Kristjáni Jóni Magnússyni. Þjófnaður. Brot gegn áfengis- og bifreiðalögum	1⅛	409
81.	Valdstjórnin gegn Jóni Rafni Oddssyni og Guðmundi Bjarnasyni. Brot gegn áfengis-, bifreiða- og umferðarlögum	1⅛	412
82.	Ágúst Gizurarson gegn Stefáni Jakobssyni og Ásgeiri Guðmundssyni. Skaðabótamál	1⅝	418
83.	Bjarni Bjarnason, Gunnar Steindórsson og Grímur Gíslason gegn Byggingarfélaginu Smið h/f. Frávísunarkröfu hrundið. Kærumál	1⅝	421
84.	Bifreiðastjórafélagið Hreyfill, Félag blikksmiða í Reykjavík, Félag járniðnaðarmanna í Reykjavík, Félagið Skjaldborg, Iðja, félag verksmiðjufólks, Rakarasveinafélag Reykjavíkur, Starfsstúlknafélagið Sókn, Sveinafélag húsgagnasmiða í Reykjavík,		

		Dómur	Bls.
	Sveinafélag skipasmiða í Reykjavík, Verkamannafélagið Dagsbrún og Þvottakvennafélagið Freyja gegn Alþýðuhúsi Reykjavíkur h/f, Jóni Axel Péturssyni, Jónasi Guðmundssyni, Guðgeiri Jónssyni, dánarbúi Sigurðar Ólafssonar og Jónínu Guðjónsdóttur. Um öflun frekari gagna	2⅔	424
85.	Ólafur Blöndal gegn Kjartani Bergmann Guðjónssyni. Mál hafið. Ómaksbætur	2⅔	425
86.	Gunnar Jóhannesson gegn Ófeigi Helgasyni. Útivistardómur	2⅔	426
87.	Dieseltogarar h/f gegn h/f Hamri. Útivistardómur	2⅔	426
88.	Dieseltogarar h/f gegn Jóni Hjartarsyni & Co. Útivistardómur	2⅔	426
89.	Dieseltogarar h/f gegn Rúllu- og hleragerðinni h/f. Útivistardómur	2⅔	427
90.	Dieseltogarar h/f gegn h/f Segli. Útivistardómur	2⅔	427
91.	Stjórn byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur f. h. félagsins gegn Borghildi Pétursdóttur, Kjartani Sveinssyni og borgarfógetanum í Reykjavík og Kjartan Sveinsson gegn Borghildi Pétursdóttur, svo og Borghildur Pétursdóttir gegn stjórn byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur f. h. félagsins og Kjartani Sveinssyni. Um rétt til húseignar byggingarsamvinnufélags	2⅔	428
92.	Kristinn Indriðason gegn Oddi Jónssyni. Máli frestað sjálfkrafa í hæstarétti. Kærumál	2⅔	434
93.	Hannes Björnsson gegn Tryggva Jóhannessyni og húsaleigunefnd Reykjavíkur. Húsaleigumál. Leigunám	2⅔	434
94.	S/f Hvítanes og Gústaf A. Sveinsson gegn Pétri Ketilssyni og Valdimar Þorsteinssyni. Vitnaskylda lögmanns. Kærumál	2⅔	438
95.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Magnúsi Tómasi Jónassyni og valdstjórnin gegn Jóni Jóhannssyni. Brot gegn bifreiða- og umferðarlögum og 219. gr. hegningarlaga	15/10	440
96.	Þórður Þorgrímsson, Margrét Þorkelsdóttir og Þorsteinn Snædal f. h. Jóhönnu Lúðvíksdóttur gegn Þorsteini Brandssyni. Húsaleigumál. Synjun útburðar	18/10	446
97.	Evald Christensen gegn bæjarstjórn Neskaupstaðar f. h. kaupstaðarins. Gallar á málsmeðferð. Ómerking úrskurðar	20/10	450
98.	Magnús Andrésson gegn Kristjáni Kristjánssyni. Kaupkrafa skipstjóra. Sératkvæði	22/10	455

		Dómur	Bls.
99.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Valtý Stefáni Jónssyni. Ölvun við akstur. Brot gegn áfengis-, bifreiða- og umferðarlögum svo og 219. gr. hegningarlaga	25/10	460
100.	Ágúst Kr. Guðmundsson gegn Solveigu Matthíasdóttur, Rögnu Matthíasdóttur, Matthíasi Matthíassyni og Steingrími Matthíassyni. Húsaleigumál	25/10	474
101.	Jón Björnsson gegn Gunnari Jósepssyni. Kaup á bátum	27/10	477
102.	Aðalbjörg Sigbjörnsdóttir gegn Guðlaugi Guðmundssyni. Útivistardómur	29/10	480
103.	Þorbjörn Albert Guðmundur Þorbjörnsson gegn Guðrúnu Valdimarsdóttur. Barnsfaðernismál	1/11	481
104.	Jóhannes Kr. Jóhannesson gegn Erlendi Erlendssyni. Vísun máls frá hæstarétti	1/11	485
105.	Réttvísin gegn Arinbirni Sigurðssyni. Líkamsárás	5/11	485
106.	Valdstjórnin gegn George Reid. Fiskveiðabrot	5/11	488
107.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Sveinbirni Þórarni Tímóteussyni. Brot gegn bifreiða- og umferðarlögum. Manndráp af gáleysi	8/11	492
108.	H/f Grímur gegn Ólafi Sigurðssyni. Héraðsdómari átti að víkja sjálfkrafa sæti í máli. Ómerking	10/11	502
109.	Réttvísin gegn Jóni Gizurarsyni, Jóhannesi Ólafssyni og Snorra Laxdal Karlssyni. Lögreglumenn og fangavörður sekir við 131. gr. hegningarlaga. Sératkvæði	15/11	507
110.	Valdstjórnin gegn Alfred Samuel Evans. Fiskveiðabrot	19/11	527
111.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Sveinbirni Þórhallssyni. Brot gegn bifreiða- og umferðarlögum. Manndráp af gáleysi	19/11	530
112.	Fiskur & Ís h/f gegn Tómasi M. Guðjónssyni. Skuldamál	23/11	535
113.	Sigurjón Pétursson gegn Nielsi Guðmundssyni og gagnsök. Galli á sáttatilraun. Ómerking málsmeðferðar og dóms	26/11	538
114.	Steindór Jónsson gegn Útgerðarfélagi K. E. A. h/f. Bjarglaun	29/11	547
115.	Gísli Halldórsson gegn Eymundi Magnússyni. Húsaleigumál. Synjun útburðar	3/12	552
116.	Jón G. Guðmann gegn Þórði Gunnarssyni og gagnsök. Um öflun gagna	6/12	555
117.	Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar og Verkakvennafélagið Einingin gegn Kaupfélagi verkamanna, Akureyri, og gagnsök. Gallar á málsmeð-		

		Dómur	Bls.
	ferð. Ómerking dóms og vísun krafna frá héraðsdómi	8/12	556
118.	Valdstjórnin gegn Ólafi Péturssyni. Ölvun við akstur	10/12	562
119.	Valdstjórnin gegn Snæbirni Stefánssyni. Fiskveiðabrot	13/12	567
120.	Valdstjórnin gegn Guðmundi Vigfússyni. Fiskveiðabrot	15/12	570
121.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Kristni Danielssyni. Brot gegn bifreiða- og umferðarlögum. Manndráp af gáleysi	17/12	577
122.	Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs gegn Ingólfi Finnbjörnssyni og gagnsök. Undanþága frá greiðslu tekjuskatts. Sératkvæði	20/12	587
123.	Bæjarútgerð Hafnarfjarðar gegn Ólafi Björnssyni. Útivistardómur	20/12	593
124.	Dieseltogarar h/f gegn h/f Ólafi Einarssyni. Útivistardómur	20/12	593

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: **Hæstiréttur.**

XXIX. árgangur. **1948.**

Fimmtudaginn 29. janúar 1948.

Nr. 138/1946. **Réttvísin** (Hrl. Einar Arnórsson)
gegn
Snorra Jónssyni, (Hrl. Sigurður Ólason)
Jóhannesi Sæmundi Pálssyni,
(Hrl. Eggert Claessen)
Ástráði Proppé, (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
Sigurði Jónssyni, (Hrl. Theódór B. Líndal)
Gísla Kristjánssyni, (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
Þórði Halldórssyni, (Hrl. Sigurður Ólason)
Baldri Þorgilssyni (Hrl. Magnús Thorlacius)
og
Þorgils Hólmfreð Georgssyni
(Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Brenna. Vátryggingar- og fjársvik. Skjalafals.

Dómur hæstaréttar.

Rétt þykir að lýsa atvikum máls þessa í tímaröð, eftir því sem föng eru á, og verður því samhengis vegna ekki komizt hjá að endurtaka ýmis atriði, sem skilmerkilega eru rakin í héraðsdómi.

Ákæra fyrir íkveikju í v/b France R.E. 159.

Hinn 21. október 1943 fékk ákærði Snorri Jónsson afsal úr hendi Sigurðar Berndsens fyrir bátskrifli 9 smálesta, France R.E. 159, sem legið hafði frá því hinn 19. nóvember 1941 á skipasmíðastöð nokkurri hér í bæ. Var bátur þessi talinn af kunnáttumanni tæplega svo traustur og veigamikill, að það svaraði kostnaði að framkvæma viðgerð á

honum. Sigurður Berndsen kveðst hafa gefið kr. 14 000.00 fyrir hann, en verð það, sem ákærði Snorri gaf fyrir hann, er talið kr. 18 000.00, og voru kaupin þáttur í viðskiptabraski aðilja. Ákærði Snorri vátryggði bátinn fyrir kr. 75 000.00, og kveður hann þá vátryggingu miðaða við verðmæti bátsins, er viðgerð hefði farið fram á honum. Þrátt fyrir þetta lét ákærði Snorri bátinn eiga sig, opinn og óhirtan, á skipasmíðastöðinni og tilkynnti ekki eigendaskiptin, en vesalingar leituðu sér á stundum afdreps í bátnum. Aðfaranótt 13. febrúar 1944 heyrðu tveir menn, sem bjuggu hvor í sínu húsi í grennd við skipasmíðastöðina, að sprenging varð þar. Jafnframt sá annar þeirra, að eldur steig upp úr stýrishúsi báts þessa. Hinn maðurinn sá eldglampa stíga upp frá skipasmíðastöðinni, en hús byrgðu útsýni hans þangað. Kölluðu menn þessir þegar á brunaliðið. Hafði þá orðið svo öflug sprenging í France, að þilfarið allt var rifið upp frá byrðingnum. Ekki varð ráðið af verksummerkjum með vissu, hver hefðu verið upptök eldsins, og ekki bentu neinar líkur til, að vesalingur, sem þarna hafði verið á ferli nokkru áður, væri verksins valdur, en staðhættir eru þeir, að menn hefðu getað komizt að bátnum og komið þar fyrir eldfimum sprengiefnum, án þess að athygli annarra manna beindist að þeim. Verðmæti bátsins France svaraði engan veginn til þeirrar fjárhæðar, sem Snorri hafði vátryggt hann fyrir. Ef ákærða Snorra hefði tekizt að fá brunatrygginguna greidda, hefði hann af því hlotið stórhagnað. Nú hefur ákærði Snorri orðið síðar uppvís að því að láta kveikja í húsum og vörum og framkvæma í auðgunarskyni tilraunir til íkveikju í þess konar fémætum. Allt þetta ber mjög böndin að ákærða Snorra um íkveikju í France, en með því að hvorki Snorri né menn honum samsekir hafa játað þessa íkveikju og engir voru þar að verki staðnir, þá þykir varlugavert að telja fullsannað, að ákærði Snorri sé valdur þessarar eldsuppkomu, og verður honum því ekki dæmd refsing fyrir hana.

Fyrstu kynni ákærðu Jóhannesar Sæmundar Pálssonar og Snorra Jónssonar og upphaf félagsskapar þeirra um brennur.

Ákærði Jóhannes Sæmundur Pálsson er fæddur 25. júlí 1923. Fékkst hann við rafvirkjun og aðrar iðnir, en frá því um áramót 1945—1946 stundaði hann ýmiss konar kaupsýslustörf. Fyrstu kynni hans og Snorra urðu með þeim hætti, að Jóhannes og fleiri menn höfðu í huga að setja á stofn raftækjaverksmiðju og æsktu með auglýsingu hlutafjártilboða. Meðal þeirra, sem gátu sig fram, var ákærði Snorri. Ekkert varð úr stofnun fyrirtækis þessa, en samband þeirra Jóhannesar og Snorra hélzt, og á öndverðum vetri 1945—1946 setti Jóhannes upp vindrafstöð fyrir Snorra í Þykkvabæ austur. Þegar hann hinn 4. desember 1945 kom til Reykjavíkur úr þeirri ferð, samdist svo með þeim Snorra, að Jóhannes keypti af honum vöruslatta nokkra gegn útgáfu þriggja mánaða víxils. Hugðist Jóhannes að flytja vörur þessar til Stykkishólms og fleiri staða á Vesturlandi og selja þær með hagnaði. Jóhannesi tókst ekki að flytja vörurnar vestur, enda hömluðu honum veður, og ekki var honum unnt að selja vörurnar í Reykjavík og Hafnarfirði. Var Jóhannes nú orðinn illa staddur fjárhagslega og ráðþrota, hvernig hann skyldi með vörurnar fara. Varð það þá úrræði hans að leita á náðir Snorra. Segir Jóhannes, að Snorri hafi þá bent honum á þá leið að auka vörukaup sín að miklum mun, brunatryggja vörurnar og brenna þær síðan í því skyni að komast yfir brunabæturnar.

Virðist Jóhannes fljótt hafa fallizt á þessa hugmynd. Svo virðist sem þeir Jóhannes og Snorri hafi haft, þegar hér var komið, á prjónunum ráðagerðir um að flytja vörur vestur í Grafarnes, koma þeim þar fyrir í verzlunarbúð og kveikja þar í þeim. Jóhannes sýnist hafa keypt einhvern vöruslatta, vátryggt hann og sent hann vestur í Grafarnes, en ekki er uppvíst, að hann hafi gert nokkra tilraun til að kveikja í vörunum, og flutti hann þær síðar þaðan á brott. Við íkveikjuáform sín þar hætti hann af sjálfsdáðum, og að því er séð verður, án þess að hann væri tálmaður í fyrirætlunum

sínum. Verður hann því ekki sakfelldur fyrir þær, sbr. 21. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ekki er fullsannað gegn neitun Snorra, að hann hafi hvatt Jóhannes til íkveikju í Grafarnesi, svo að varða eigi Snorra refsingu, en samtök þeirra Jóhannesar og Snorra leiddu til þeirra atburða, sem nú verða raktir.

Brenna í húsinu nr. 5 við Miðstræti í Reykjavík.

1. Hinn 6. janúar 1945 keypti ákærði Snorri húsið nr. 5 við Miðstræti í Reykjavík og lét annað hús upp í kaupverðið að meira eða minna leyti. Á húsinu hvíldi þá 76000.00 króna skuld, og tók Snorri að sér greiðslu hennar. Húsið var að fasteignamati kr. 53100.00, en var brunatryggt krónum 252800.00 samkvæmt mati 8. janúar 1945 ásamt útiskúr, er síðar verður nánar getið, en skúrinn var sérstaklega virtur á kr. 2800.00. Húsið er stórt járnklætt timburhús, kjallari, þrjár hæðir og ris. Fólk bjó á öllum hæðum hússins, er glæpir þeir voru drýgðir, er nú verður lýst. Engir björgunarkaðlar né björgunartæki voru þá í húsinu. Öll næstu hús, að einu fráskildu, eru úr timbri, og hefðu þau verið í brýnni hættu, ef húsið nr. 5 hefði orðið alelda.

2. Sú fyrirætlun virðist hafa verið fastmótuð í hug ákærða Snorra seint á árinu 1945 að brenna hús þetta í því skyni að afla sér brunabótanna og reisa síðan nýtt hús á hússtæðinu. En á húsinu hvíldu á þessum tíma tæpar 140 000.00 krónur. Snorri vildi ekki framkvæma sjálfur íkveikjuna, heldur leitaði hann um framkvæmdina til manna þeirra, sem greindir verða í þessum kafla.

3. Ákærði Sigurður Jónsson skýrir svo frá, að ákærði Snorri hafi haustið 1945 hvað eftir annað beðið hann að kveikja í húsinu nr. 5 við Miðstræti og boðið honum fyrst kr. 10 000.00 og síðar kr. 15 000.00 fyrir verkið. Snorri játar, að hann hafi hvatt Sigurð til íkveikjunnar, en telur það ofmælt, að hann hafi gert það hvað eftir annað. Snorri neitar því hins vegar ekki, að hann hafi boðið Sigurði þessar fjárhæðir. Snorri segir, að Sigurður hafi verið þess albúinn að taka að sér að drýgja glæpinn, en þessu mótmælir Sigurður og kveðst hafa neitað harðlega að fremja slíkt „myrkraverk“, enda

hafi hann óttazt afdrif íbúa hússins. Er ekki sannað gegn neitun Sigurðar, að hann hafi aðhafzt til framkvæmdar þessari íkveikju neitt það, er varði hann refsingu fyrir tilraun til hennar. Þá verður og að telja, að hann hafi þegar á þessum tíma verið með þeim hætti flæktur með Snorra í íkveikjuáformum, m. a. um geymsluskúrinn í Miðstræti 5, að hann hafi mátt vera uggandi um sinn hag, ef þau yrðu uppvís, og að því séu ekki fyrir hendi skilyrði til að dæma honum sérstaklega refsingu samkvæmt 169. gr. laga nr. 19/1940 fyrir að reyna ekki að afstýra brennu í Miðstræti 5.

Hvatning Snorra til Sigurðar að framkvæma íkveikjuna varðar Snorra refsingu samkvæmt 164. gr. 2. mgr. og 248. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. og 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

4. Í desember 1945 og janúar 1946 fór ákærði Snorri fram á það við ákærða Jóhannes Sæmund Pálsson, að hann kveikti í framangreindu húsi, og telur Jóhannes, að Snorri hafi boðið honum fyrst kr. 10 000.00 og síðan kr. 20 000.00 og áframhaldandi fjárhagslega aðstoð fyrir framning verksins. Snorri játar, að hann hafi boðið Jóhannesi fé fyrir athæfið, en vill ekki fullyrða, að fastákveðin fjárhæð hafi verið nefnd. Tók Jóhannes að sér að drýgja glæpinn. Snorri vildi helzt láta kveikja í húsinu kl. 2 að degi, því að þá myndu mestur líkur til, að íbúar hússins björguðust, og auk þess myndi íkveikjan þá helzt takast, er vatnslítið var í bænum. Ræddu þeir Jóhannes og Snorri mjög rækilega, hverja aðferð skyldi hafa við íkveikjuna. Var m. a. um það talað að láta kvikna út frá raflögn, en ekki var Jóhannes fús á að fremja íkveikjuna með þeim hætti. Nefndi þá Snorri loks þá aðferð, að Jóhannes færi inn í kjallarann, þar sem var verkstöð húsgagnabólstrara, veitti þeim, sem þar voru, vín, unz þeir yrðu ofurölva, léti þá síðan fara út og kveikti síðan í viðarull þeirri og tréspónum, sem þar voru. Jóhannes velkti fyrir sér, hverja leið fara skyldi, en var ragur til framkvæmda. Snorri ýtti hins vegar undir hann. Tók nú Jóhannes það ráð, að bera þessar fyrirætlanir undir kunningja sinn, ákærða Gísla Kristjánsson, pilt tæpra 18 ára, er þá var sjómaður á vélbát hér í bæ. Fyrir fortölur Jóhannesar ákvað Gísli að gerast þátttakandi

í framning íkveikjunnar, enda bauð Jóhannes honum fyrst 5000 krónur og síðar 6000 krónur fyrir þá hluttöku. Fóru þeir saman inn á verkstöð bólstraranna í kjallara hússins nr. 5 við Miðstræti og athuguðu aðstæður, en brast þá kjark til að láta til skarar skríða. Leið nú nálægt hálfum mánuði, án þess að þeir réðust til atlögu, en laugardagskvöldið hinn 19. janúar voru þeir saman á dansleik í Sandgerði. Seinni hluta nætur komu þeir aftur til Reykjavíkur, og kveðast þeir þá hafa verið með áhrifum áfengis. Fékk Jóhannes eldspýtustokk hjá bílstjóra þeim, sem ók þeim til bæjarins. Er ákærðu höfðu stigið út úr bílnum, stakk Jóhannes upp á því, að þeir kveiktu nú í húsinu, og samþykkti Gísli það þegar. Fóru þeir síðan rakleitt þangað. Tók Jóhannes sér stöðu við útsuðurhorn hússins. Gísli, sem tekið hafði við eldspýtustokknum, gekk að opnum glugga á verkstöð bólstraranna, en gluggi þessi er á suðurgafli hússins, og kastaði logandi eldspýtu inn um hann. Sáu þeir, að þegar tók að loga, og hröðuðu sér því næst á brott.

Tveir húsgagnabólstrarar bjuggu í kjallara hússins. Þeir vöknuðu við eldsnark og fundu reykjarlykt úr vinnustofunni. Var þá eldur kominn þar upp undir loft. Um þetta leyti vöknuðu hjón, sem bjuggu á loftinu fyrir ofan, við það, að reykur gaus upp í stofu þeirra. Bólstrararnir fóru út um glugga á herbergi sínu og gerðu slökkviliðinu viðvart, en það slökkti eldinn mjög skjótt. Veður var þurrt, vindur var austlægur og hraði hans 3 stig, er atburðir þessir gerðust. Spjöll á húsinu af brunanum voru virt á kr. 2 450.00, og spjöll á verkstöðinni námu yfir kr. 20 000.00. Það er enginn vafi á því, að þeir Jóhannes og Gísli hafa séð og skilið fullvel, að þeir stofnuðu með stórglæp sínum lífi marga manna í mjög bráða hættu svo og að verk þeirra gat leitt til yfirgripsmikillar eignaeyðingar. Gísli krafði síðan Jóhannes launa þeirra, sem Jóhannes hafði heitið honum fyrir íkveikjuna, en án árangurs. Varðar glæpurinn þá refsingu samkvæmt 2. mgr. 164. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða Snorra Jónssyni gat alls ekki dulizt, að íkveikja í húsinu nr. 5 við Miðstræti myndi stofna íbúum hússins í hersýnilegan lífsháska og myndi valda hættu á eyðingu á

eignum annarra manna, jafnvel þótt kveikt væri í að degi eða að kveldi, eins og hann kveðst hafa ætlazt til. Hefur Snorri með því að hvetja Jóhannes til brennunar gerzt sekur við 2. mgr. 164. gr. og 248. gr., sbr. 22. gr. 1. mgr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærðu Snorri Jónsson og Þórður Halldórsson eru samsaga um það, að Snorri hafi beiðzt þess af Þórði, að hann kveikti í oftnefndu húsi. Verður ekki annað séð af skýrslum Snorra og Þórðar en að Snorri hafi hvatt Þórð til verksins, eftir að íkveikja þeirra Jóhannesar og Gísla hafði ekki borið þann árangur, sem Snorri æskti. Kveðst Snorri oft hafa nefnt þetta við Þórð og boðið honum fé til. Þórður hafi ekki tekið því illa, en ekkert hafi úr framkvæmdum orðið. Þórður segir, að Snorri hafi boðið honum 50 000.00 krónur fyrir íkveikjuna, en Snorri telur, að fémútan hafi ekki verið nándar nærri svo há. Þá lýsir Þórður því, að hann hafi harðneitað að framkvæma íkveikjuna, enda hafi honum verið ljóst, að hún gat leitt til manndrápa. Þessum umræðum þeirra lyktaði síðar með því, að Þórður tók að sér að selja húsið, og gerði hann það.

Það er ósannað með öllu, að Þórður hafi lofað eða reynt að kveikja í húsinu, og ber því að lýsa hann sýknan saka í þessu efni.

Hins vegar hefur Snorri með því að hvetja Þórð til íkveikjunnar og bjóða honum fémútu unnið til refsingar samkvæmt 2. mgr. 164. gr. og 248. gr., sbr. 20. gr. og 1. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940.

Brenna í geymsluskúr við Miðstræti 5.

Hinn 16. nóvember 1945 seldi ákærði Snorri Jónsson ákærða Sigurði Jónssyni vöruslatta í umboði Landsbanka Íslands. Voru vörur þessar taldar að heildsöluverði rúmlega kr. 90 000.00, en seldar á kr. 63.000.00, og samþykkti Sigurður víxla fyrir andvirði þeirra. Sigurður vátryggði vörurnar fyrir kr. 91 000.00, og voru þær geymdar í geymsluskúr við Miðstræti 5. Var þetta timburskúr járnklæddur, byggður að steinvegg að austan og sunnan. Í skúrnum geymdi ákærði Jóhannes líka vörur, er hann taldi 25 000

króna virði, en vátryggðar voru á kr. 33 000.00. Vörur í skúr þessum voru því brunatryggðar alls krónum 124 000.00, en skúrinn sjálfur var, eins og áður segir, brunatryggður fyrir kr. 2 800.00 og var eign Snorra Jónssonar. Vörur þær, sem í skúrnum voru, virðast að miklu leyti hafa verið lítt seljanlegar. Að kveldi dags hinn 4. febrúar 1946 fór Sigurður inn í skúrinn, hellti olíu í rusl á gólfinu og kveikti í því með eldspýtu. Fólk, er eldsins varð vart, kvaddi slökkviliðið þegar á vettvang. Tókst því að slökkva eldinn, en spjöll urðu mikil á vörunum. Tjón á vörum Sigurðar var metið á kr. 69 926.17, og tjón á vörum Jóhannesar á kr. 12 027.96. Greiddi viðkomandi vátryggingarfélag þessar fjárhæðir, og gat Sigurður því gert skil við Landsbankann.

Um aðdraganda þessa glæps gefur ákærði Sigurður þá skýrslu, að ákærði Snorri hafi í október 1945 farið fram á það við hann að kveikja í skúrnum, en Sigurður kveðst þá ekki hafa verið fús til þess. Snorri segir, að íkveikja í skúrnum hafi ekki borizt í tal þeirra fyrr en eftir kaup Sigurðar á vörunum. Sigurður sá fram á það, að hann gat ekki staðið í skilum með greiðslu á andvirði varanna, og virðist hafa leitað ráða hjá Snorra. Samtímis kvartaði hann við Snorra undan göllum á vörunum. Varð þetta til þess, að Snorri ráðlagði honum að flytja vörurnar í húsið og kveikja þar í þeim, en Sigurður féllst ekki á að gera það. Sá ásetningur var samt fastur í huga Sigurðar að kveikja í vörunum í skúrnum, og ræddi hann þessar fyrirætlanir sínar líka við Jóhannes, sem hvatti hann til framkvæmda og samþykkti og afhenti honum 2000 króna víxil, og átti sú fjárhæð að vera greiðsla að hálfu til manns, er Sigurður þóttist hafa fengið til að kveikja í skúrnum.

Dæma ber ákærða Sigurði refsingu fyrir glæp sinn samkvæmt 1. mgr. 164. gr. og 248. gr. laga nr. 19/1940. Þá er og sannað með játningu Sigurðar, að hann reyndi með fortölum og loforði um fémútu að koma nafngreindum manni til að kveikja í skúrnum. Þetta athæfi varðar Sigurð refsingu samkvæmt 1. mgr. 164. gr. og 248. gr., sbr. 20. og 1. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði Snorri hvatti Sigurð til íkveikjunnar og herti hug hans til verksins. Ber að leggja á Snorra refsingu fyrir þetta samkvæmt 1. mgr. 164. gr. og 248. gr., sbr. 20. og 1. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði Jóhannes, sem átti vörur í skúrnum, ýtti undir Sigurð að framkvæma brennuna eða láta framkvæma hana og studdi fyrirætlunina fjárhagslega, svo sem áður segir. Þessi hlutdeild Jóhannesar varðar hann refsingu samkvæmt 1. mgr. 164. gr. og 248. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940. Loks hefur ákærði Gísli Kristjánsson borið það, að Jóhannes hafi með fortölum og loforði um fémútu reynt að leiða hann til að kveikja í oftnefndum geymsluskúr. Hefur Jóhannes játað, að þetta sé rétt. Verður Jóhannes að sæta refsingu fyrir það samkvæmt 164. gr., 1. mgr., og 248. gr., sbr. 20. og 1 mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940.

Brenna í geymsluskúr í Vonarstræti 4.

Á baklóð hússins nr. 4 við Vonarstræti er geymsluskúr. H. A. Tulinius h/f geymdi þar vörubirgðir og brunatryggði þær ásamt húsgögnum á skrifstofu félagsins í Vonarstræti 4 fyrir kr. 170 000.00. Timburþak er á skúr þessum, múrhúðað að innan, en klætt bárujárni. Eldvarnarveggur er milli skúrsins og næsta húss fyrir norðan, en það er vörugeymsluhús. Voru vörur geymdar bæði á neðri hæð þess og þakhæð, sem er 1,5 metra upp yfir skúrinn. Telja verður, að geymsluskúrinn hafi verið svo í sveit settur, að eldur hefði getað læst sig frá honum yfir í vörugeymsluhúsið og því valdið almannahættu.

Ákærði Jóhannes kveikti bál í skúrnum aðfaranótt mánudagsins 18. febrúar 1946, Slökkviliðið var kvatt á vettvang kl. 3.40 árdegis, og tókst því skjótt að slökkva eldinn. Tjónið af eldinum var metið á kr. 420.94, og var það greitt af vátryggingarfélaginu. Þeir Jóhannes og Snorri eru samsaga um það, að Jóhannes hafi framkvæmt íkveikjuna samkvæmt hvatningu Snorra og vænzt umbunar fyrir, þótt Snorri hafi viljað draga íkveikjuna nokkuð, meðan hann athugaði, hvort hún hefði hagnað í för með sér. Verknaður

Jóhannesar varðar við 1. mgr. 164. gr. og 248. gr. laga nr. 19/1940. Hlutdeild Snorra varðar við sömu refsingarákvæði samanborin við 1. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940.

Fyrirætlanir um brennu á Baldursgötu 12.

Húsið nr. 12 við Baldursgötu var lítið einlyft timburhús. Þar bjó kona ásamt syni sínum, uppkomnum, og tveimur stúlkum, 17 ára og 10 ára. Ákærði Snorri keypti hús þetta 1945. Var það vátryggt fyrir kr. 12 700.00, með vísitölu kr. 14 700.00. Snorri vildi losna við húsið af grunninum, og hugðist hann reisa þar nýtt hús. Eru þeir ákærðu, Snorri, Jóhannes og Þórður, samsaga um það, að Snorri hafi á öndverðu ári 1946 leitazt við að fá þá Jóhannes og Þórð til að kveikja í húsinu og lofað þeim fémútu í því skyni. Matsmenn telja, að nágrannahúsum hafi ekki stafað hætta af brennu hússins, og segja þeir sennilegt, að íbúarnir hefðu bjargazt úr bruna hússins, en ávallt verður að telja mannhættu samfara brennu húss, sem búið er í, þótt hún verði ekki hér talin bersýnileg. Ber því að refsa Snorra fyrir þetta athæfi samkvæmt 1. mgr. 164. gr. og 248. gr., sbr. 20. og 1. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940. Ekki er nein sök sönnuð á hendur þeim Jóhannesi og Þórði í þessu efni.

Ákæra um viðbúnað við brennu sumarbústaða.

Ákærði Jóhannes kveðst eitt sinn hafa verið að lýsa ikveikjuhugmyndum sínum fyrir ákærða Þórði Halldórssyni. Hafi Þórður þá tjáð sig ganga með sams konar hugmyndir, enda hafi hann sagzt ætla að kaupa nokkru meira af vörum, fá sér sumarbústað, setja vörurnar í hann, vátryggja þær og kveikja síðan í öllu saman. Lét Jóhannes þá þess getið, að Snorri hefði vörur, er hann vildi selja. Jóhannes kveðst nú hafa skýrt Snorra samdægurs frá þessari viðræðu þeirra Þórðar. Ákærði Þórður hefur ekki játað þenna framburð Jóhannesar, en á öndverðu ári 1946 keypti Þórður vörur af Snorra fyrir kr. 45 000.00 og flutti þær í sumarbústað í Grafarholti, en þenna sumarbústað útvegaði Snorri honum. Þá segir Jóhannes, að svo hafi verið samið

milli hans og Þórðar, að spilltar vörur úr skúrbrunanum í Miðstræti skyldu fluttar í sumarbústaðinn til brennu, enda hafi Þórður samþykkt tvo víxla fyrir andvirði þeirra. Sumarbústaðurinn í Grafarholti var hólfaður í tvennt, og bjó fólk í öðrum endanum. Jóhannes telur þá Þórð og Sigurð hafa oft rætt brennuáform, en Þórður sé svo heiðarlegur maður, að hann vilji ekki brenna hús, sem búið er í. Hafi því komið upp ráðagerð um að kaupa annan sumarbústað, og hafi Þórður keypt sumarbústað við Seljalandsveg í Kringlumýri í maí 1946. Þórður hefur andæft öllum áburði um fyrirætlanir um brennu. Snorri neitar því ákveðið, að hann hafi hvatt Þórð til íkveikju í Grafarholti.

Ekki verður fullyrt, að játning Sigurðar um tilboð til íkveikju, er síðar greinir, taki til Grafarholtsbústaðarins. Verða ákærðu því ekki dæmdir fyrir tilraun til brennu þess sumarbústaðar.

Þórður afhenti Jóhannesi nokkuð af vörum þeim, sem í Grafarholti voru, til brennu á Akranesi. Aðrar vörur frá Grafarholti flutti Þórður hins vegar í hinn svonefnda sumarbústað í Kringlumýri, sem er óvandað skúrkríli, óhæft til geymslu á verðmætum vörum. Safnaði Þórður þarna saman vörum, sem hann metur yfir kr. 95 000.00, og má ætla að það mat hafi verið mikils til of hátt. Vörurnar vátryggði hann á kr. 180 000.00 yfir tímabilið 7. maí til 7. ágúst 1946, og er ljóst, að vörurnar hafa verið stórlega yfirtryggðar. Þórður lýsir því, að Snorri hafi hvatt hann til að brenna sumarbústað með vörum, vel vátryggðum, og Jóhannes segir Snorra hafa tjáð sér, að hann, Snorri, ætlaði að láta vörur í sumarbústaðinn til Þórðar, hafa þær vátryggðar á Þórðar nafni og brenna þær. Snorri vill ekki viðurkenna, að hann hafi hvatt Þórð til brennu í sumarbústað. Ákærði Sigurður staðhæfir, að á prjónunum hafi verið fyrirætlanir um að brenna sumarbústað Þórðar og kveðst Sigurður hafa lofað Þórði að fremja verknaðinn gegn 11 000 króna þóknun, en fyrirhugaður tími til íkveikjunnar hafi ekki verið kominn, þegar rannsókn máls þessa hófst. Þórður kveður það rétt vera, að þeir Sigurður hafi rætt um íkveikju í sumarbústað Þórðar og Sigurður boðizt til að kveikja í honum,

en það hafi aldrei verið ætlan sín að láta framkvæma brennuna, þótt hann hafi tekið því líklega við Sigurð.

Játning Sigurðar og Jóhannesar, skýrslur þeirra um þá Snorra og Þórð, svo og sakburður Þórðar á hendur Sigurði og Snorra, bera mjög böndin að ákærðu, Sigurði, Þórði, Jóhannesi og Snorra. Kaup Þórðar á vörunum, flutningur þeirra í mannlausan skúr úr sumarbústað, sem búið var í, benda og til viðbúnaðar við íkveikju. Í sömu átt bendir og yfirtrygging varanna. Allar þessar líkur eru svo sterkar gegn hinum nefndu fjórmenningum, að telja verður þá sanna að viðbúnaði við brennu á skúrnum í Kringlumýri ásamt þeim vörum, sem þar voru, í því skyni að svíkja viðkomandi vátryggingarfélag, og ber því að dæma þeim refsingu fyrir það samkvæmt 248. gr., sbr. 20. gr. og 1. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940.

Ætla verður, að almannahætta hefði ekki stafað af brennu skúrs þessa, og varðar tilraunin því ekki við 164. gr. laga nr. 19/1940.

Áform um brennu á Kvíabryggju í Grundarfirði.

Ákærðu Jóhannes og Snorri játa, að borizt hafi í tal þeirra 1946 að kaupa hús í Grundarfirði, sem Snorra stóð til boða, og kveikja í því. Þetta umtal þeirra virðist hafa verið lauslegar bollaleggingar, sem þeir gerðu ekkert til að framkvæma, og verður þeim ekki dæmd refsing fyrir þær.

Umtal um brennu á Alþýðuhúsinu Iðnó.

Ákærði Jóhannes gefur þá skýrslu, að ákærði Sigurður hafi seinni hluta febrúar 1946 beðið hann að aðstoða sig við að kveikja í Alþýðuhúsinu Iðnó hér í bæ. Hafi Sigurður tjáð honum, að ónafngreindur maður hafi hvatt hann, þ. e. Sigurð, til verksins og boðið honum 20 000 krónur fyrir, og mætti ætla, að maðurinn væri fáanlegur til að greiða 30 000 krónur. Jóhannes tjáist hafa verið fús á að fremja íkveikjuna, þótt hann fengi einungis helming þeirrar fjárhæðar, sem Sigurði hefði verið boðin. Jóhannes segist hafa komizt að því nokkru síðar, að fólk bjó í Alþýðuhúsinu Iðnó, og hafi hann þá sagt Sigurði, að hann væri sökum mannháskans

hættur við brennuna. Sigurður hafi þá svarað, að þessi fyrirætlun væri úr sögunni, því að aðili sá, sem æskt hefði brennunnar, vildi ekki greiða nógu vel fyrir framning hennar. Sigurður hefur játað, að hann hafi sagt Jóhannesi, að ónafngreindur maður hafi boðið honum 30 000 króna fémútu fyrir að kveikja í nefndu húsi, en Sigurður hafi krafizt 40 000 króna fyrir verkið. Svo háa fjárhæð hafi brennubeiðandi hins vegar ekki viljað greiða. Fyrir dómi hefur Sigurður staðhæft að það, sem hann tjáði Jóhannesi um brennubeiðni hins ónafngreinda manns, hafi verið fleipur eitt, „snakk og kjaftæði", eins og hann orðar það. Þá skýrir Sigurður enn svo frá, að Jóhannes hafi lýst sig reiðubúinn til að framkvæma íkveikjuna fyrir þá fjárhæð, sem Sigurður kvað til boða standa, og hafi Jóhannes verið öðru hverju að minnast á þetta við Sigurð, sem hafi alltaf eytt tali um þetta efni, og hafi því ekkert frekar verið aðhafzt. Ljóst virðist, að Jóhannes hafi ekkert gert til undirbúnings íkveikju í húsinu. Hefur Jóhannes því ekki unnið til refsingar, að því er þetta ákæruatriði varðar.

Varhugavert er að telja víst, að Sigurður hafi ætlazt til eða mátt miða við það, að Jóhannes tæki frásögn hans um brennubeiðni og fémútu hins ónefnda aðilja sem hvatningu, er farandi væri eftir, fyrr en Jóhannes hefði fengið nánari vitneskju um brennubeiðanda og að hann vildi standa við greiðslu fégjaldsins. Þykir því ekki alveg nægilegur grundvöllur til að dæma Sigurði refsingu fyrir hvatamennsku til íkveikju í Alþýðuhúsinu Iðnó.

Fyrirætlanir um að sökkva bát.

Af skýrslum hinna ákærðu, Jóhannesar, Snorra, Sigurðar og Þórðar, verður það ráðið, að stungið hafi verið upp á þeirri hugmynd í þeirra hóp og hún rædd, að kaupa eða taka á leigu vélbát, hlaða hann vörum, sem seljast skyldu umsýslusölu, vátryggja vörurnar ríflega, fara í söluferð á bátnum, selja það útgengilegasta af vörunum, sökkva síðan bátnum með afgangsvörunum og heimta vátryggingarféð.

Leið nú nokkur tími, án þess að reki væri gerður að framkvæmd hugmyndarinnar. Þá var það, að hafnir voru

fyrir atbeina Snorra samningar við Guðmund Guðmundsson kaupmann í Hafnarfirði um kaup á bát, sem hann átti og bar nafnið Teddy. Kom ákærði Þórður fram sem væntanlegur kaupandi báts þessa og gerði kaupsamning við Guðmund um hann. Skyldi kaupverðið vera kr. 75 000.00, en Guðmundur átti að framkvæma viðgerð á bátnum og afhenda hann síðan. Þessi samningur varð aldrei efndur. Segir Þórður, að því hafi valdið afhendingardráttur af hendi Guðmundar, en Guðmundur kennir um fjárþröng Þórðar. Er nú kaupin voru úr sögunni, hófust ráðagerðir um að taka Teddy á leigu, og var fyrirætlunin sú, sem áður var lýst, og fóru fram umræður við Guðmund um þetta. Var um það talað, að Sigurður og Þórður færu með bátnum sem sölumenn, og kveðst Sigðurður ekki hafa neitað að gera það, enda hafi Snorri heitið honum ríflegri umbun. Þórður segist ekki hafa lofað að fara förina með Teddy, þó að hann kunni að hafa talað líklega við þá hina um það, en Snorri hafi lagt að honum, þ. e. Þórði, að fara með bátnum og sökkva honum. Um þetta hefur Sigurður þá sögu að segja, að Þórði hafi litizt ágætlega á hugmyndina, viljað eiga vörur í bátnum og fara með honum sem sölumaður. Jóhannes kveðst hafa verið á umræðufundum um þessa fyrirætlan, og hafi hann ætlað að ganga í félagsskap hinna um framkvæmd þessarar hugmyndar. Guðmundur kveðst hafa dregið sig fljótt í hlé, þegar honum varð ljós fyrirætlan hinna, en nokkurn þátt tók hann í umræðum.

Sú ein ályktun verður dregin af framangreindum skýrslum, að hinir ákærðu, Snorri, Sigurður, Þórður og Jóhannes, hafi haft á prjónunum ráðagerðir og samtök um að útvega bát og sökkva honum með ríflega vátryggðum vörum og að þeir hafi haft nokkurn viðbúnað í þessu skyni, þótt sá viðbúnaður væri að vísu ekki langt á veg kominn. Ber að dæma þeim refsingu fyrir þetta samkvæmt 165. gr. og 248. gr., sbr. 20. og 1. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940.

Akranessbrenna.

Allur aðdragandi brennu þessarar eru mjög rækilega rakinn í héraðsdómi og má því stytta söguna hér. Var Jóhannes

upphafsmaður að hugmyndinni um að flytja vörur í hús á Akranesi, vátryggja þær hátt og kveikja síðan í öllu saman, og hreyfði Jóhannes hugmynd þessari, þegar hann var í marz eða apríl 1946 staddur á Akranesi, við ákærða Ástráð Proppé, sem þar er búsettur, en fundum þeirra bar saman í sambandi við vörur, er Jóhannes hafði selt Sigurði nokkrum Davíðssyni, ekki fengið greiddar, og geymdar voru hjá Ástráði. Féllst Ástráður þegar á hlutdeild í brennufyrirætlunum. Þegar Jóhannes kom til Reykjavíkur úr Akranessförinni, skýrði hann Snorra þegar frá þessari íkveikjuhugmynd, og er sagt, að Snorri hafi talið hana mjög skynsamlega. Bundust þeir Snorri, Jóhannes og Ástráður síðan á fundi í Reykjavík samtökum um að stofna til húsbruna á Akranesi og fengu bráðlega ákærða Sigurð í lið með sér. Viðbúnaði var hagað svo, að Ástráður fékk leyfi þess aðilja, sem umráð hafði um sláturhús Bjarna Ólafssonar & Co. á Akranesi, til að geyma þar vörur, en húsi þessu og umhverfi þess verður nánar lýst síðar. Flutti Ástráður síðan nokkuð af húsgögnum og vörum frá sér í húsið, og hinir samtakamanna söfnuðu saman og fluttu til Akraness á bifreiðum vörurusl ýmiss konar, t. d. fóru þangað vörur frá Sigurði, er bjargazt höfðu úr skúrbrunanum í Miðstræti 5. Vöruleifar þessar hafa verið taldar rúmar 11 400 krónur að verðmæti. Sigurður fékk og eitthvað af vörum frá Snorra til að setja í brunann. Mest af vörum þeim, sem Jóhannes lét í brennuna, telja samtakamenn óútgengilegt skran. Sömdu nú samtakamenn skrá um vörurnar og verðmæti þeirra. Vantar mikið á, að þeim Snorra og Jóhannesi hafi tekizt að gera grein fyrir, að þeir hafi átt svo mikið magn vara sem á skránum greinir, og ljóst er, að verðmæti varanna hefur hvergi nándar nærri verið svo mikið sem skrárnar greina, enda virðast vörurnar þar reiknaðar með uppsprengdu verði, en tölur samkvæmt þeim voru þessar:

1.	Vörur frá Snorra Jónssyni	kr. 372 390.66
2.	— — Jóhannesi Pálssyni	— 168 254.75
3.	— — H. A. Tulinus h/f, sem Snorri lét í brunann	— 20 179.00
4.	Vörur frá Ástráði Proppé	— 20 990.00

5. Vörur, sem þeir Jóhannes og Ástráður tóku frá Sigurði Davíðssyni ..... — 17 035.00

Á reikningum samtakamanna var ákærði Sigurður talinn eiga þarna vörur að verðmæti kr. 42 632.45, en Snorri var á skránum talinn eigandi þeirra vara. Þá hafði ákærði Þórður Halldórsson samkvæmt samkomulagi við Jóhannes lagt í brunann vörur að heildsöluverði kr. 25 000.00, en þær vörur voru á skrám, er sýndar skyldu, innifaldar í vörum Jóhannesar, þar sem Þórðar skyldi ekki opinberlega getið sem vörueiganda. Með sama hætti voru í vörueign Jóhannesar taldar vörur, sem ákærði Baldur Þorgilsson lét í samráði við Jóhannes í brunann, og áttu þeir Þórður og Baldur að vera hlutdeildarmenn í ágóðahluta Jóhannesar af væntanlegu vátryggingarfé, enda hafði Jóhannes lofað Baldri kr. 20 000.00 og Þórði kr. 25 000.00 af vátryggingarfénu, en þeir Baldur og Þórður áttu samskipti við Jóhannes einan um þátttöku í brunanum. Svo var ákveðið, að það skyldi vera hlutverk ákærða Ástráðs Proppé, að útvega húsið á Akranesi, svo sem áður segir, og að vátryggja vöruruslið. Keypti hann vátryggingu, að fjárhæð kr. 600 000.00, frá 6. maí til 6. nóvember 1946, á sínu nafni. Verður að telja fullvíst, að vörurnar hafi verið geysilega yfirtyggðar. Fyrir sína hlutdeild átti Ástráður að fá fyrst og fremst brunabætur fyrir sjálfs sín vörur. Svo átti hann og að fá 30% af brunabótum fyrir vörur Snorra og 20—30% af brunabótum þeim, sem í hlut Jóhannesar skyldu falla. Átti Ástráður að fá með þessum hætti a. m. k. mikið á annað hundrað þúsund krónur. Hins vegar átti Ástráður ekki að fá hundraðshluta af brunabótum þeim, sem Sigurði voru ætlaðar, og stóð það í sambandi við það, að Sigurði var af Snorra fengið hlutverk íkveikjumanns, en Snorri hafði forustuna um viðbúnað við brunann og samdi við Sigurð. Höfðu þeir Snorri og Sigurður farið hvor í sínu lagi upp á Akranes og athugað staðháttu. Snorri vildi láta þegar til skarar skríða, en þá kom það babb í bátinn, að Sigurður lagðist í drykkjuslark, og treysti Snorri honum ekki svo á sig komnum til stórræða. Leitaði Snorri þá til Jóhannesar um að hlaupa í skarðið, og varð það úr, að Jóhannes tókst íkveikjuna á hendur. Undir-

bjuggu þeir Snorri nú leiðangurinn, og útveguðu benzín til íkveikju. Snorri fól ákærða Þorgils Hólmfreð Georgssyni bifreiðarstjóra, sem virðist hafa verið Snorra nokkuð háður vegna skuldaskipta, að aka ákærða Jóhannesi til Akraness. Vissi Þorgils, í hvaða skyni förin var farin, en vildi ekki taka annan þátt í íkveikjunni en að aka Jóhannesi. Aðfaranótt 15. maí 1946 lögðu þeir Jóhannes og Þorgils leið sín til Akraness. Steig Jóhannes úr bifreiðinni nálægt sláturhúsinu, en lét Þorgils síðan aka nokkurn spöl á brott og bíða þar, og virðist Þorgils ekki hafa verið kunnugt, í hvaða húsi Jóhannes ætlaði að kveikja. Opnaði Jóhannes því næst sláturhúsið með lykli, sem Ástráður Proppé hafði á sínum tíma afhent samtakamönnum sínum. Fór Jóhannes nú inn í húsið, helti benzíni yfir vörur og kastaði logandi eldspýtu í það. Sá hann, að þegar tók að loga, og hraðaði sér á brott til Þorgils og lagði fyrir hann að aka sem skjótast brott úr kaupstaðnum. Fóru þeir félagar fyrst upp í Norðurárdal í Borgarfirði og síðan næsta dag til Reykjavíkur. Húsið og vörur þær, sem í því voru, brunnu, en slökkviliði Akraness tókst að verja næstu hús, enda var veður stillt og sjávarvatn varð nýtt við slökkvistarfið, þar sem sláturhúsið stóð nálægt sjó. Kom þetta sér vel, því að vatnsveita Akraness var í ólagi þessa nótt og kom ekki að gagni.

Veggir og gaflar sláturhúss þess, sem var brennt, voru úr holsteini, en þak, loft og stigi úr timbri. Var þakið klætt járni. Áfast við sláturhúsið var húsið nr. 3 við Suðurgötu, og var skilveggur úr steini milli þeirra. Var sláturhúsið vátryggt á kr. 62 900.00. Eldur komst í þakið á húsinu nr. 3, en varð bráðlega slökktur þar. Húsin nr. 5, 7 og 9 við Suðurgötu eru sambyggð timburhús og bilið milli þeirra og hússins nr. 3 við sömu götu, er áður var lýst, er 4,9 metrar við götu, en styttra að húsabaki. Var mikil hætta á því, að eldurinn hefði borizt í þau hús, ef húsið nr. 3 hefði orðið alelda. Vestan við sláturhúsið, sem brann, er stórt frystihús, eign Haralds Böðvarssonar & Co. Er frystihús þetta úr steinsteypu, en þak úr timbri, járnklætt. Bilið milli þessa húss og sláturhússins, sem brann, var 1,4 metrar. Slökkviliðsstjórinn á Akranesi segizt hafa óttazt um tíma, að eldurinn

breiddist yfir í þak frystihússins. Við athugun á staðháttum, húsaskipun og umhverfi þykir fullljóst, að bruni sláturhússins hafi haft í för með sér augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu eigna. Ber því að dæma hinum ákærðu Snorra, Jóhannesi, Ástráði Proppé, Sigurði, Þórði, Baldri og Þorgils Hólmfreð refsingu samkvæmt 248. gr. sbr. 20. gr. og 2. mgr. 164. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga, að því er varðar Snorra, Ástráð og Sigurð, og 2. mgr. 22. gr. laganna, að því er varðar hina ákærðu Þórð, Baldur og Þorgils, en þáttur Þórðar og Baldurs var sá einn, eins og áður er lýst, að þeir lögðu vörur í brunann á vegum Jóhannesar, eftir að íkveikja var ráðin, og Þorgils átti þann hlut einn í brennunni, að hann ók Jóhannesi og íkveikjuefni á vettvang gegn greiðslu venjulegs ökugjalds.

Ákærði Gísli hefur borið það, að Jóhannes hafi með fortölum og loforði um 8000 króna fémútu reynt að fá hann til að kveikja í oftnefndu sláturhúsi, en Gísli ekki sinnt því. Hefur Jóhannes játað, að sakburður þessi sé réttur. Varðar þetta athæfi hann refsingu samkvæmt 2. mgr. 164. gr. og 248. gr., sbr. 20. og 1. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940.

Fjársvik Jóhannesar Pálssonar.

1. Hinn 6. maí 1946 réð Jóhannes Óskar bifreiðarstjóra Franzson til þess að aka sér og vörum upp á Akranes. Þegar ferðinni var lokið, gat Jóhannes ekki greitt ökugjaldið, kr. 390.00, en ekki hafði hann tjáð Óskari, þegar hann réð Óskar, að hann brysti fé til greiðslu. Jóhannes lofaði Óskari nú að greiða litlu síðar, en ekki efndi hann það loforð. Snéri Óskar sér því til sakadómara hinn 13. maí og kærði þetta athæfi Jóhannesar. Þessi greiðslusvik, er nú var lýst, varða Jóhannes refsingu samkvæmt 248. gr. laga nr. 19/1940.

2. Þegar ákærði Baldur Þorgilsson afhenti Jóhannesi vörur, sem þeir mátu 20 000 króna virði, í Akranessbrunann, fór Baldur fram á það við Jóhannes, að hann setti nokkra tryggingu fyrir þeim 20 000 krónum, sem Baldur átti að fá af brunabótafénu. Taldi Baldur sér nauðsynlegt að hafa slíka tryggingu í höndum til að sýna konu sinni, sem var ókunnugt um hin raunverulegu samskipti þeirra Jóhannesar. Þetta

varð efni þess, að Jóhannes samþykkti hinn 7. maí 1946 20 000 króna víxil til Baldurs og veðsetti honum jafnframt bifreiðina R 1981 til tryggingar framangreindri fjárhæð. Jóhannes hafði enga heimild til að veðsetja bifreið þessa, með því að hann hafði þegar hinn 3. maí 1946 selt hana þriðja aðilja, en ekki vissi Baldur annað en Jóhannes ætti bifreiðina.

Það sést ekki, að Baldur hafi látið innrita veð sitt í bifreiðinni. Hinn 12. júlí 1946 kærði Baldur til sakadómara, að Jóhannes hefði beitt hann fjársvikum við veðsetningu bifreiðarinnar. Skýrði Jóhannes þá frá hlutdeild Baldurs í Akranessbrunanum, en áður hafði hann haldið hlífiskildi yfir Baldri. Bæði útgáfa víxilsins og veðbréfsins voru þáttur í glæpsamlegum athöfnum þeirra Baldurs og Jóhannesar og stofnuðu því ekki efnislegan rétt handa Baldri gagnvart Jóhannesi. Eru því ekki efni til að dæma Jóhannesi refsingu fyrir þetta atferli.

Skjalafals.

1. Skjalafals Jóhannesar Pálssonar.

Ákærði Snorri Jónsson og Hallgrímur Tulinius skýra svo frá, að Jóhannes hafi keypt vörur af firma þeirra fyrir kr. 30 000.00 og gefið út víxla fyrir andvirðinu, en víxlar þessir hafi ekki verið greiddir á gjalddaga. Hafi Jóhannes þá afhent þeim til tryggingar tvo víxla, sem þeir höfðu sjálfir útfyllt að nokkru. Jóhannes telur hins vegar, að þetta hafi verið greiðavíxlar til þeirra. Voru víxlar þessir útgefnir 12. febrúar 1946 og á þá ritað til samþykkis nafn Guðbrands Sveinssonar, Fossi, Staðarsveit. Var annar víxillinn að fjárhæð kr. 7500.00 með gjalddaga 12. maí 1946, en hinn að fjárhæð kr. 6000.00 með gjalddaga 12. júlí s. á. Við rannsókn málsins er uppvíst orðið, að Guðbrandur Sveinsson hefur ekki ritað nafn sitt til samþykkis á víxla þessa, og hann þvertekur fyrir, að hann hafi veitt nokkra heimild til ritunar á nafni sínu. Nafnritunina framkvæmdi Þórður Sveinsson, bróðir Guðbrands, að eggjan Jóhannesar. Sagði Jóhannes honum, að nafnritunin væri hættulaus með öllu, og skildist

Þórði Sveinssyni á Jóhannesi, að Guðbrandur væri þessu samþykkur. Með þessu atferli og notkun þessara víxla hefur Jóhannes orðið sekur við 1. mgr. 155. gr. laga nr. 19/1940.

2. Skjalafals Snorra Jónssonar.

Hinn 12. maí 1934 keyptu bræðurnir Snorri Jónsson, Jörgen Kristján Jónsson og Hjörleifur Jónsson húseignina nr. 8 við Nönnugötu hér í bæ og áttu þeir eignina að þriðja hluta hver. Snorri hafði fyrirsvar hússins út á við og stóð fyrir gerð viðbyggingar við húsið, að því er virðist á árunum 1942—43. Snorri hafði til þessa umboð Jörgens bróður síns og líklega einnig umboð Hjörleifs. Hafa þeir Jörgen og Hjörleifur kannazt við tvö lán, sem hvíldu á 1. og 2. veðrétti í húsinu annað upphaflega að fjárhæð kr. 30 900.00 og hitt upphaflega að fjárhæð kr. 80 000.00.

a. Þegar Jörgen, sem er sjómaður, kom af sjó hinn 1. júní 1946, fékk hann vitneskju um það hjá konu sinni, að framlengdur hafði verið í Búnaðarbankanum víxill, sem Snorri hafði selt þar, en Jörgen var talinn útgefandi og ábekingur á. Hafði kona Jörgens í grandleysi framlengt víxilinn fyrir hönd Jörgens. Fór Jörgen því að athuga í bönkum og veðbókum þau skuldbindingarskjöl, sem nafn hans var ritað á. Við nefnda athugun varð hann þess vís, að á húseigninni nr. 8 við Nönnugötu hvíldi 3. veðréttarskuld, að fjárhæð kr. 30 000.00, samkvæmt veðbréfi til Péturs Péturssonar kaupmanns. Er svo kveðið á í tryggingarbréfi þessu, sem dagsett er 16. júní 1945, að húseignin nr. 8 við Nönnugötu sé sett að veði með 3. veðrétti til tryggingar víxli, að fjárhæð kr. 30 000.00, útgefnum 16. júní 1945 af Jörgen Jónssyni, samþykktum af Snorra Jónssyni til greiðslu 11. maí 1948, og ábektum af Hjörleifi Jónssyni. Undir tryggingarbréfið eru og skráð nöfn þeirra Snorra, Jörgens og Hjörleifs. Þeir Jörgen og Hjörleifur hafa þvertekið fyrir, að þeir hafi skrifað nöfn sín á víxil þenna og tryggingarbréf. Svo neita þeir og, að þeir hafi veitt Snorra heimild til að rita nöfn sín á skjölin. Snorri hefur játað, að hann hafi skrifað nöfn þeirra í algeru heimildarleysi á skjöl þessi. Reyndi hann að líkja eftir rithöndum bræðra sinna til þess að blekkja Pétur kaup-

mann, sem víxilinn keypti og tryggingarbréfið fékk, en Pétur veðsetti skjöl þessi síðar Landsbankanum.

b. Við rannsókn máls þessa hefur komið upp, að Snorri hefur ritað nafn Jörgens bróður síns ýmist sem útgefenda á víxla þá, sem taldir verða upp, bæði frumvíxla og framlengingarvíxla, en víxla þessa samþykkti Snorri og seldi síðan Búnaðarbankanum. Snorri heldur því fram, að 27—28 þúsund krónur af víxilfjárhæðum þessum hafi gengið til endurbóta á húsinu nr. 8 við Nönnugötu og hafi hann haft umboð Jörgens til að rita nafn hans á víxla fyrir nefndri fjárhæð, en ekki hefur Snorri bent á neina ákveðna víxla, sem varða húsið. Snorri tjáir víxlana að öðru leyti óviðkomandi nefndu húsi, og segist hafa ritað nafn Jörgens á þá í algeru heimildarleysi og þá stælt rithönd Jörgens. Svo hafi og fé það, sem fékkst fyrir víxlana, ekki runnið til Jörgens eða komið honum til hagsbóta.

Verða nú víxlar þessir raktir:

1. Víxill, að fjárhæð kr. 12 000.00, er Búnaðarbankinn keypti 23. marz 1943. Snorri ritaði í heimildarleysi nafn Jörgens sem ábekings á þenna víxil og framlengdi hann alls 9 sinnum. Á víxilinn hefur Snorri ritað nafn ákærða Sigurðar Jónssonar sem útgefanda, en Sigurður hefur lýst því, að Snorri hafi gert það með fullri heimild sinni. Víxill þessi var að eftirstöðvum kr. 3500.00 við upphaf rannsóknar.

2. Víxill, upphaflega að fjárhæð kr. 30 000.00, útgefinn og keyptur af bankanum 17. janúar 1945. Snorri ritaði í heimildarleysi nafn Jörgens sem útgefanda og nafn Hjörleifs sem ábekings á þenna víxil. Víxilinn framlengdi Snorri 4 sinnum og falsaði nafn Jörgens á öllum framlengingarvíxlunum, en nafn Hjörleifs á einum framlengingarvíxlanna. Víxill þessi var að eftirstöðvum kr. 20 000.00, þegar rannsókn málsins hófst.

3. Víxill, upphaflega að fjárhæð kr. 20 000, útgefinn og keyptur af bankanum 4. september 1945. Þenna víxil framlengdi Snorri einu sinni. Snorri ritaði í heimildarleysi nafn Jörgens sem útgefanda og ábekings á víxilinn. Víxill þessi var að eftirstöðvum kr. 10 000 við upphaf rannsóknar.

4. Víxill, upphaflega að fjárhæð kr. 40 000.00, útgefinn

15. október 1945 og keyptur af bankanum 16. s. m. Víxil þetta framlengdi Snorri einu sinni og ritaði í heimildarleysi nafn Jörgens sem útgefanda og ábekings á víxilinn. Víxillinn var að eftirstöðvum kr. 20 000.00 við upphaf rannsóknar málsins.

5. Víxill, upphaflega að fjárhæð kr. 20 000.00, útgefinn 18. marz 1946 og keyptur af bankanum sama dag. Snorri ritaði í heimildarleysi nafn Jörgens sem útgefanda og ábekings á þenna víxil. Víxillinn var framlengdur án afborgunar 22. maí 1946, eftir að Snorri hafði verið hnepptur í gæzluvarðhald. Samþykkti Snorri framlengingarvíxilinn í gæzluvarðhaldinu. Var síðan farið með víxilinn til konu Jörgens, sem gaf hann út fyrir hönd manns síns, enda stóð hún í þeirri trú, að nafn mannsins hefði verið ófalsað á frumvíxlinum, svo sem að framan greinir.

6. Víxill, að fjárhæð kr. 20 000, útgefinn og keyptur af bankanum 30. marz 1946. Snorri ritaði í heimildarleysi nafn Jörgens sem útgefanda og ábekings á víxil þenna.

7. Víxill, að fjárhæð kr. 14 000.00, útgefinn 24. apríl 1946 og móttekinn af bankanum 26. s. m. Snorri ritaði í heimildarleysi nafn Jörgens sem útgefanda og ábekings á víxil þenna.

Með skírskotun til þess, sem segir í héraðsdómi, verður Snorri ekki talinn hafa falsað víxil, upphaflega að fjárhæð kr. 3300.00, útgefinn 8. nóvember 1945, en að eftirstöðvum kr. 1800.00, er rannsókn hófst.

Sannað er, að Snorri hefur fengið greiddar út á fölsuð skjöl kr. 186 000.00. En svo virðist, að fjárhæð þessi hafi endurgreiðzt að öllu leyti.

Falsanir Snorra varða hann refsingu samkvæmt 1. mgr. 155. gr. laga nr. 19/1940.

Hótanir.

Ákærði Þórður Halldórsson hefur borið það, að ákærði Sigurður hafi sagt við hann í sambandi við ráðabrugg um að brenna vörur, sem Snorri fékk upp í kaupverð hússins nr. 5 við Miðstræti: „Ef þú ekki heldur kjafti og þegir yfir þessu, skaltu verða myrtur.“ Hafi Sigurður endurtekið þessi

ummæli, en notað þá orðið „drepinn“ fyrir „myrtur“. Segist Þórður hafa talið þessi orð mælt af alvöru og tjáð Sigurði, að hann myndi gera ráðstafanir til, að lögreglan vissi, hvar morðingjans væri að leita, ef hann, Þórður, yrði drepinn. Kveðst Þórður síðan hafa sagt nafngreindum manni frá þessum heitingum Sigurðar, og hefur sá maður staðfest það. Sigurður hefur játað, að hann hafi viðhaft orðin, en engin fyrirætlun hafi legið á bak við þau.

Sigurður er ekki saksóttur fyrir þenna verknað samkvæmt 233. gr. laga nr. 19/1940, og verður honum því ekki dæmd refsing fyrir hann.

Refsingar.

Hæfilegt þykir með vísan til 72. og 77. gr. laga nr. 19/1940, að ákærði Snorri Jónsson og Jóhannes Sæmundur Pálsson sæti hvor fangelsi 8 ár.

Refsing ákærða Sigurðar Jónssonar ákveðst með hliðsjón af 77. gr. laga nr. 19/1940 fangelsi 3 ár og 6 mánuðir.

Refsing ákærða Gísla Kristjánssonar ákveðst með hliðsjón af 2. tölulið 74. greinar laga nr. 19/1940 fangelsi 3 ár.

Refsing ákærða Ástráðs Proppé ákveðst fangelsi 2 ár og 6 mánuðir.

Refsing ákærða Þórðar Halldórssonar ákveðst með hliðsjón af 77. gr. laga nr. 19/1940 1 ár og 9 mánuðir.

Refsing hvors hinna ákærðu Baldurs Þorgilssonar og Þorgils Hólmfreðs Georgssonar ákveðst fangelsi 1 ár.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um það, að sá gæzluvarðhaldstími hinna ákærðu, er þar greinir, komi til frádráttar refsingu þeirra. Svo ber og að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda.

Skaðabætur.

1. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um, að ákærðu, Snorri Jónsson, Jóhannes Sæmundur Pálsson og Gísli Kristjánsson, greiði in solidum Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f kr. 21936.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. janúar 1946 til greiðsludags og Almennum tryggingum h/f kr. 2600.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 13. febrúar 1946 til greiðsludags,

til endurgreiðslu á skaðabótum og kostnaði vegna íkveikju í húsinu nr. 5 við Miðstræti.

2. Dæma ber ákærðu, Sigurð Jónsson, Jóhannes Sæmund Pálsson og Snorra Jónsson, til að greiða in solidum Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f kr. 86954.13 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. apríl 1946 til greiðsludags, og er það endurgreiðsla á skaðabótum og kostnaði vegna brennu á vörum í geymsluskúr við húsið nr. 5 við Miðstræti.

3. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um, að ákærðu, Jóhannes Sæmundur Pálsson og Snorri Jónsson, greiði in solidum Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f kr. 470.94 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. júní 1946 til greiðsludags, og er það endurgreiðsla á skaðabótum og kostnaði vegna íkveikju í geymsluskúr í Vonarstræti 4.

4. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um, að ákærði Jóhannes Sæmundur Pálsson greiði Óskari Henry Franzsyni bifreiðarstjóra kr. 440.59, sem er ökugjald ásamt ómakskostnaði.

5. Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur ákærði Ástráður Proppé greitt Brunabótafélagi Íslands kr. 4700.00, og hefur félagið gefið honum fullnaðarkvittun fyrir skuld hans við það vegna brunatjóns á Akranesi. Lækkar því krafa Brunabótafélagsins á hendur þeim Snorra Jónssyni, Jóhannesi Sæmundi Pálssyni, Sigurði Jónssyni, Þórði Halldórssyni og Þorgils Hólmfreð Georgssyni úr kr. 47290.00 niður í kr. 42590.00, og ber þeim að greiða Brunabótafélagi Íslands þá fjárhæð in solidum.

Málskostnaður.

Staðfesta má ákvæði héraðsdóms um málsvarnarlaun í héraði. Annan sakarkostnað í héraði greiði allir hinir ákærðu in solidum að ⅕ hluta, en ákærðu, Snorri Jónsson, Jóhannes Sæmundur Pálsson, Sigurður Jónsson, Gísli Kristjánsson, Ástráður Proppé og Þórður Halldórsson, in solidum að ⅘ hlutum.

Hver hinna ákærðu greiði verjanda sínum í hæstarétti málsvarnarlaun, svo sem nú verður sagt:

Ákærði Snorri Jónsson kr. 5000.00, ákærði Jóhannes

Sæmundur Pálsson kr. 5000.00, ákærði Sigurður Jónsson kr. 4000.00, ákærði Gísli Kristjánsson kr. 2000.00, ákærði Ástráður Proppé kr. 3000.00, ákærði Þórður Halldórsson kr. 1500.00, ákærði Þorgils Hólmfreð Georgsson kr. 2000.00 og ákærði Baldur Þorgilsson kr. 2000.00.

Allan annar áfrýjunarkostnað, þar með talin málssóknarlaun fyrir hæstaréti, kr. 11 000.00, greiði allir hinir ákærðu in solidum að ⅕ hluta, en ákærðu, Snorri Jónsson, Jóhannes Sæmundur Pálsson, Sigurður Jónsson, Gísli Kristjánsson, Ástráður Proppé og Þórður Halldórsson, in solidum að ⅘ hlutum.

Dómsorð:

Ákærðu, Snorri Jónsson og Jóhannes Pálsson, sæti hvor fangelsi 8 ár.

Ákærði Sigurður Jónsson sæti fangelsi 3 ár og 6 mánuði.

Ákærði Gísli Kristjánsson sæti fangelsi 3 ár.

Ákærði Ástráður Proppé sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði.

Ákærði Þórður Halldórsson sæti fangelsi 1 ár og 9 mánuði.

Ákærðu, Baldur Þorgilsson og Þorgils Hólmfreð Georgsson, sæti hvor fangelsi 1 ár.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma og sviptingu réttinda.

Ákærðu, Sigurður Jónsson, Jóhannes Sæmundur Pálsson og Snorri Jónsson, greiði in solidum Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f kr. 86954.13 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. apríl 1946 til greiðsludags.

Ákærðu, Snorri Jónsson, Jóhannes Sæmundur Pálsson, Sigurður Jónsson, Þórður Halldórsson og Þorgils Hólmfreð Georgsson, greiði in solidum Brunabótafélagi Íslands kr. 42590.00.

Ákvæði héraðsdóms um aðrar skaðabætur staðfestast.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málsvarnarlauna staðfestist.

Hver hinna ákærðu greiði verjanda sínum þessi málsvarnarlaun í hæstarétti:

Ákærði Snorri Jónsson hæstaréttarlögmanni Sigurði Ólasyni kr. 5000.00, ákærði Jóhannes Sæmundur Pálsson hæstaréttarlögmanni Eggert Claessen kr. 5000.00, ákærði Sigurður Jónsson hæstaréttarlögmanni Theódór B. Líndal kr. 4000.00, ákærði Gísli Kristjánsson hæstaréttarlögmanni Sveinbirni Jónssyni kr. 2000.00, ákærði Ástráður Proppé hæstaréttarlögmanni Gústaf A. Sveinssyni kr. 3000.00, ákærði Þórður Halldórsson hæstaréttarlögmanni Sigurði Ólasyni kr. 1500.00, ákærði Baldur Þorgilsson hæstaréttarlögmanni Magnúsi Thorlacius kr. 2000.00, og ákærði Þorgils Hólmfreð Georgsson hæstaréttarlögmanni Einari B. Guðmundssyni kr. 2000.00.

Allan annað kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Einars Arnórssonar, kr. 11 000.00, greiði allir hinir ákærðu in solidum að ⅕ hluta, en hinir ákærðu, Snorri Jónsson, Jóhannes Sæmundur Pálsson, Sigurður Jónsson, Gísli Kristjánsson, Ástráður Proppé og Þórður Halldórsson, in solidum að ⅘ hlutum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Reykjavíkur 30. september 1946.

Ár 1946, mánudaginn 30. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2753—2760/1946: Réttvísin gegn Snorra Jónssyni, Jóhannesi Sæmundi Pálssyni, Ástráði Proppé, Sig-

urði Jónssyni, Gísla Kristjánssyni, Þórði Halldórssyni, Þorgils Hólmfreð Georgssyni og Baldri Þorgilssyni, sem tekið var til dóms hinn 29. ágúst sama ár.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn hinum ákærðu, Snorra Jónssyni stórkaupmanni, Nönnugötu 8 hér í bæ, og Jóhannesi Sæmundi Pálssyni rafvirkja, Furubrekku í Staðarsveit, fyrir brot gegn XVII., XVIII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, og gegn hinum ákærðu, Ástráði Proppé húsgagnasmíðameistara, Bárugötu 15 á Akranesi, Sigurði Jónssyni fyrrverandi fornsala, Þingholtsstræti 26 hér í bæ, Gísla Kristjánssyni sjómanni, Móabúð í Eyrarsveit, Þórði Halldórsssyni kaupfélagsdeildarstjóra, Dagverðará í Breiðuvíkurhreppi, Þorgils Hólmfreð Georgssyni bifreiðarstjóra, Hliði í Bessastaðahreppi og Baldri Þorgilssyni skrifstofumanni, Grundarstíg 15 B hér í bæ, fyrir brot gegn XVIII. og XXVI. kafla sömu laga.

Ákærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna.

Ákærði Snorri Jónsson er fæddur að Grund í Bolungarvík hinn 10. júlí 1911. Hinn 30. apríl 1946 hefur hann með réttarsátt verið sektaður um kr. 10.00 fyrir brot gegn lögum nr. 18 1901.

Ákærði Jóhannes Sæmundur Pálsson er fæddur að Furubrekku í Staðarsveit hinn 25. júlí 1923 og hefur eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Ákærði Ástráður Proppé er fæddur í Reykjavík hinn 16. ágúst 1916. Hinn 16. október 1929 hefur hann með réttarsátt verið sektaður um kr. 10.00 fyrir akstur á ljóslausu reiðhjóli.

Ákærði Sigurður Jónsson er fæddur í Reykjavík hinn 4. ágúst 1921 og hefur sætt þessum kærum og refsingum:

1937 ¾ Kærður fyrir töku á brotajárni. Látið falla niður.
1941 ¾ Áminning fyrir neyzlu áfengis í veitingahúsi.
1942 1⅘ Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot gegn reglum um einstefnuakstur.
1942 2⅖ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 ⅗ Sátt, 300 kr. sekt fyrir áfengissölu.
1942 3⅒ Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1943 1⅒ Dómur lögregluréttar, 10 daga varðhald og sviptur ökuskírteini í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur.
1944 ⅝ Kærður fyrir vanskil á ökugjaldi. Afgreitt með því að kærði greiddi kröfuna, kr. 60.00.
1945 1⅖ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærði Gísli Kristjánsson er fæddur að Móabúð í Eyrarsveit 21. janúar 1928 og hefur eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Ákærði Þórður Halldórsson er fæddur að Bjarnafosskoti í Staðarsveit hinn 25. nóvember 1905. Hinn 10. ágúst 1932 var hann

í aukarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu dæmdur í 3 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 259. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærði Þorgils Hólmfreð Georgsson er fæddur að Litla-Hálsi í Grafningi hinn 23. september 1923. Í marzmánuði 1937 var hann fjórum sinnum kærður fyrir þjófnað og hnupl og málum þeim vísað til barnaverndarnefndar. Hinn 17. janúar s. l. var hann í aukarétti Reykjavíkur dæmdur í þriggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir brot gegn 244. gr. og 254. gr. hegningarlaganna og 15. sbr. 33. gr. áfengislaganna og sviptur kosningarrétti og kjörgengi.

Ákærði Baldur Þorgilsson er fæddur 27. febrúar 1921 í Vestmannaeyjum. Hinn 18. desember 1940 hefur hann með réttarsátt sætt 5 króna sekt fyrir brot gegn lögum nr. 18 1901. Hinn 1. febrúar 1945 hefur hann verið kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik, en það mál hefur verið fellt niður. Að öðru leyti en því, sem nú hefur verið rakið, hafa ákærðu eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Málavextir:

Aðfaranótt hins 15. maí s. l. brann sláturhús Bjarna Ólafssonar & Co. á Akranesi, Suðurgata 1 þar í bæ. Bruninn þótti tortryggilegur á ýmsan hátt og við réttarrannsókn, er hafin var rétt eftir brunann, hefur fengizt vitneskja um, að hann var af manna völdum og eru allir hinir ákærðu, nema einn, við hann riðnir á einhvern hátt, svo sem lýst verður síðar. Var til brunans stofnað í því skyni að svíkja vátryggingarfé út fyrir ýmsar vörur, er í því skyni höfðu verið í húsið settar samkvæmt því, sem nánar segir síðar. Við fyrrgreinda rannsókn hefur fengizt vitneskja um fleiri íkveikjur, framdar í sama skyni. Þá hefur verið greint frá brennu- og svikaáformum, sem eigi hafa komizt í framkvæmd. Loks hefur fengizt vitneskja um skjalafals. Brot þessi hafa sannazt fyrir játningar hinna ákærðu og aðra framburði þeirra fyrir rétti, er alloft hafa verið samhljóða, en greinir á um sum atriði. Einnig hafa verið tekin allmörg vætti vitna. Hagkvæmt þykir að rekja fyrst málsatvik um fyrrgreindan sláturhúsbruna á Akranesi, þótt hann yrði síðastur glæpanna, því allir hinir ákærðu, nema einn, koma hér nokkuð við sögu. Síðar verða hin önnur sakaratriði rakin.

I.

Bruni sláturhúss Bjarna Ólafssonar & Co.

Á öndverðum síðastliðnum vetri komst ákærði Jóhannes í kynni við ákærða Snorra. Jóhannes hafði þá um nokkurra ára skeið unnið að rafvirkjun og í því sambandi keypt rafmagnsvörur, en var ókunnugur verzlun með aðrar vörur. Fyrstu viðskipti hans

og Snorra, en hann var forstjóri í heildsöluverzluninni H. A. Tulinius h/f í Reykjavík, voru þau, að Jóhannes setti upp fyrir hann vindrafstöð í Rimakoti í Þykkvabæ. Upp úr því keypti Jóhannes vörur af Snorra, er seldi þær f. h. firmans H. A. Tulinius h/f í því skyni að selja þær aftur, en illa gekk með sölu þeirra. Fyrstu vörurnar voru fyrir tæplega kr. 10000.00 gegn þriggja mánaða víxli. Eftir þessi fyrstu vörukaup Jóhannesar af Snorra, keypti hann nokkrum sinnum vörur af honum sem forstjóra í H. A. Tulinius h/f gegn víxlum. Vörur þessar gekk honum mjög illa að selja og reyndust þær að mestu óseljanlegar. Einnig keypti ákærði Jóhannes vörur af öðrum, svo sem rafmagnsvörur hjá Skermagerðinni Iðju, og reyndust þær einnig lítt seljanlegar. Af þessum ástæðum varð Jóhannes stórskuldugur, aðallega við H. A. Tulinius h/f. Jóhannes skýrir svo frá, að þegar honum hafi eigi tekizt að selja þær vörur, sem hann keypti fyrst af Snorra, hafi hann kvartað við hann yfir vörunum. Hafi þá Snorri boðið honum aðrar vörur til kaups, en Jóhannes þá látið í ljós, að kaup þessara vara yrðu einungis til þess að setja sig á höfuðið. Segir Jóhannes Snorra þá hafa stungið upp á því, að Jóhannes kæmi vörum þessum fyrir í búð vestur í Grafarnesi, þar sem Jóhannes var kunnugur, og kveikti þar í þeim í því skyni að fá greitt vátryggingarfé þeirra. Segir Jóhannes þetta hafa verið í fyrsta sinn sem hugsun um íkveikju hafi komið í huga sinn. Kveðst hann fyrst í stað hafa verið ragur við að koma þessari hugmynd í framkvæmd, en Snorri hafi stappað í sig stálinu, og varð þessi hugmynd hans að ásetningi um að fremja íkveikju, ef allt annað brygðist fyrir sér um að koma vörunum í peninga. Reyndin varð sú, að honum tókst ekki að selja vörurnar. Snorri viðurkennir að hafa rætt við Jóhannes um íkveikjuhugmynd þessa, en kveðst ekki muna, hvort þeirra átti frumkvæðið að henni. Eigi þykir þó ástæða til að efa frásögn Jóhannesar um þetta, því að Snorri virðist af fullu samvizkuleysi hafa talið íkveikjur og brennur æskilega aðferð til þess að koma vörum í peninga og losa sig við þau hús, er hann taldi sér hag í að losna við.

Eftir þetta áttu hinir ákærðu, Snorri, Jóhannes og Sigurður, ýmislegt saman að sælda hér í bænum um íkveikjur áður en kom að Akranesbrunanum, og verður það rakið síðar.

Mjög fljótlega eftir fyrstu vörukaupin af Snorra, virðist Jóhannes hafa ásett sér að koma vörum sínum í peninga með íkveikju, og skýrir hann svo frá, að fyrir og eftir s. l. jól hafi hann keypt vörur af Snorra einungis í því skyni að brenna þær og hafi þær mestmegnis verið óútgengilegt skran.

Á síðastliðnum vetri seldi Jóhannes Sigurði nokkrum Davíðssyni kaupmanni, Akranesi, vörur fyrir kr. 10 000.00 og einnig áttu þeir vöruskipti saman og þó að eigi sé fyllilega upplýst, hvernig

viðskipti þessi voru, m. a. vegna þess, að skýrsla hefur eigi verið tekin af Sigurði, sökum þess, að hann hefur legið sjúkur á berklahæli, verður eigi annað séð, en að þau hafi verið Jóhannesi mjög óhagstæð. Á áliðnum vetri fór hann til Akraness vegna þessara viðskipta og hitti þar að máli ákærða Ástráð, sem þá hafði í sínum vörzlum vörurnar, er Jóhannes hafði selt Sigurði. Skal þess þegar getið, að Ástráður var, þegar þessir atburðir gerðust, í slökkviliði Akraness og hafði verið skipaður til þess starfa. Eigi er vel ljóst, hvenær þetta gerðist. Ástráð minnir þetta hafa verið í marz, en Jóhannes að það hafi gerzt seint í apríl, en í raun og veru skiptir litlu hvort heldur var, eða hvort þetta gerðist einhvern tíma á milli nefndra tímamarka, sem vel má vera. Þegar fundum þeirra bar saman í þetta sinn, stóð þannig á fyrir Ástráði, að hann var mjög skuldugur vegna byggingar húss síns, Bárugötu 15 á Akranesi, og var hann hræddur um, að skuldir sínar myndu falla á ábyrgðarmennina, en það vildi hann í lengstu lög forðast. Segir hann þetta hafa verið aðalástæðuna til þátttöku sinnar í Akranessbrennunni, en af henni hafði hann mikla hagnaðarvon, sem síðar verður lýst. Eftir að brennan var fullráðin, tókst honum skyndilega að selja hús sitt, Bárugötu 15, og gat hann þá greitt áðurnefndar skuldir sínar.

Þegar þeir Jóhannes og Ástráður hittust, eins og að hefur verið vikið, barst í tal þeirra, að vörurnar, sem Ástráður hafði fengið frá Sigurði Davíðssyni, væru lítt seljanlegar, og lét Jóhannes orð falla um, að réttast væri að koma þeim í peninga með því að kveikja í þeim. Stakk Jóhannes upp á því, að þeir byndust samtökum við ákærða Snorra um að safna saman vörum í eitthvert hús á Akranesi og brenna þær þar í þeim tilgangi, að fá greitt vátryggingarfé fyrir þær. Ástráður féllst á þetta áform, en eigi var þetta þó í þetta sinn fastmælum bundið, né neinar sérstakar vörur eða sérstakt hús haft í huga. Þegar Jóhannes kom til Reykjavíkur úr þessari för, skýrði hann Snorra frá brennuáforminu og segir hann, að Snorra hafi þótt það mjög skynsamlegt. Segir Jóhannes Snorra strax hafa verið ákveðinn í að taka þátt í brennunni og hafi þetta þá verið fastmælum bundið þeirra á milli og skyldi brennan framin í þeim tilgangi að fá greitt vátryggingarfé þeirrar vöru, er ætlað var, að í húsinu brynni. Snorri skýrir svo frá, að Jóhannes hafi skýrt sér frá brennuáformi hans og Ástráðs og spurt sig, hvort hann vildi taka þátt í brennunni. Hann kveðst ekki hafa svarað því ákveðið strax, en eftir þetta samtal hafi hann og Jóhannes rætt um þetta öðru hvoru og hafi það smátt og smátt orðið ásetningur sinn að taka þátt í brennunni og hafi hann tjáð Jóhannesi þennan ásetning sinn í þessum viðtölum. Hinn 1. maí s. l. fór Snorri til Akraness til fundar við Ástráð um brennuáform þessi. Áður en það gerðist hafði Ástráður fengið leyfi til

að geyma vörur stuttan tíma á lofti sláturhúss Bjarna Ólafssonar & Co. á Akranesi, húsinu nr. 1 við Suðurgötu, en ætlun hans var að þetta hús skyldi notað til brennunnar, sem og varð. Þegar þeir Snorri og Ástráður hittust á Akranesi 1. maí s. l., ræddu þeir brennuáformin og bundu fastmælum að framkvæma þau. Þeir gengu að sláturhúsinu og sá Snorri það og umhverfi þess og Ástráður sagði honum hver ætti húsið. Ræddu þeir um að flytja í hús þetta vörur sínar og Jóhannesar, er brenna skyldi. Þeir Snorri og ákærði Sigurður virðast hafa verið nánir kunningjar og hafði Sigurður um skeið búið á heimili Snorra. Höfðu þeir og fyrir þennan tíma átt saman að sælda út af íkveikjuáformum. Snorri vildi fá Sigurð með sér til Akraness 1. maí, en ekki varð úr því, að Sigurður færi þá för. Kveðst Sigurður þá hafa vitað, að þessi för stóð í sambandi við fyrirhugaða brennu á Akranesi og hafi Snorri sagt sér, að hann færi förina til að gera ráðstafanir við Ástráð um brennuna. Mjög fljótlega eftir þessa för Snorra, segir Sigurður hann hafa sagt sér, að hann og Ástráður hefðu orðið sammála um að brenna vörur á Akranesi, en ekki segir hann það hafa komið til í þessu samtali, að hann tæki þátt í brennunni. Skömmu eftir för Snorra til Akraness hinn 1. maí, kom Ástráður til Reykjavíkur, og hittust þeir þá fjórir, hann, Snorri, Jóhannes og Sigurður, í skrifstofu Snorra, en þar virðast ákærðu yfirleitt hafa haft bækistöð sína í sambandi við glæpi þá, er mál þetta fjallar um. Á þessum fundi lögðu þeir nánar en áður ráðin á um brennuna. Fram að þessu hafði Sigurður eigi verið þátttakandi í áformunum, en í þetta sinn fór Snorri fram á það við hann, að hann yrði með í verknaði þessum, og verður að ætla að það hafi verið ætlunin, að Sigurður fremdi sjálfa íkveikjuna, enda hafði Ástráður aftekið að fremja hana sjálfur. Sigurður sagðist vilja vita hvað til stæði, og er hinir höfðu skýrt honum frá því, féllst hann á að vera með þeim um brennuna, ef hann fengi 40 þúsund krónur af vátryggingarfénu að brennunni afstaðinni. Þeir samþykktu það og var þátttaka Sigurðar þar með ákveðin og skyldu hann og Jóhannes annast sjálfa íkveikjuna, en eigi var ákveðið, hvenær hún skyldi framkvæmd. Vörurnar skyldu þeir flytja í sláturhúsið á Akranesi og Ástráður taka þar við þeim og hafa lyklaráð hússins og skyldi hann vátryggja allar vörurnar á sínu nafni hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f og greiða vátryggingariðgjaldið. Eftir þetta gerði Sigurður ágreining við Snorra út af því, hve lítið hann ætti að hafa upp úr brennunni samanborið við hina og varð þeim sundurorða um þetta, en endirinn varð sá, að Sigurður hélt áfram þátttöku sinni í brennunni gegn því, að Snorri lofaði að greiða honum allt að 10 þúsund krónum eftir brennuna til viðbótar þeim 40 þúsund krónum, sem Sigurður samkvæmt áðursögðu skyldi fá af vátryggingarfénu. Þeir Jóhannes og Sigurður fluttu til Akraness allar þær vörur sínar og

Snorra, er brenna skyldi, og tók Ástráður við þeim og fylgdu vörulistar sumum sendingunum, er greindu tegundir, magn og verð. Listar yfir sumt af vörum Snorra bárust eigi Ástráði fyrr en eftir brennuna. Í vörum þeim, sem voru á nafni Jóhannesar, voru vörur þeirra ákærðu, Þórðar og Baldurs, sem brátt verður að vikið. Þegar öllum vörunum hafið verið safnað saman á sláturhússloftinu, virðist Snorri hafa átt þar vörur fyrir sem næst kr. 330 000.00, Jóhannes á sínu nafni fyrir sem næst kr. 170 000.00, Sigurður sem næst kr. 40 000.00, H. A. Tulinius h/f um kr. 20 000.00, sem Snorri hafði látið frá félaginu án vitundar annarra félagsmanna, og loks Ástráður sem næst kr. 20 000.00. Allar vörurnar vátryggði Ástráður í sex mánuði hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f fyrir kr. 600 000.00 og greiddi iðgjaldið kr. 2400.00.

Svo var um samið, að þeir Snorri og Jóhannes skyldu, að brennunni afstaðinni og greiddu vátryggingarfénu, greiða Ástráði 30% af vátryggingarfé þeirra vöru og skyldi það vera þóknun til hans fyrir þátttökuna í brennunni og umsjón með vörunum og að hafa þær á sínu nafni. Vörur Snorra og þar á meðal vörur Sigurðar þóttist Ástráður hafa í umboðssölu, en Snorri hélt því fram, áður en hann játaði brot sitt, að þeir hefðu ætlað að stofna verzlun á Akranesi í félagi og hefði hann ætlað að leggja þessar vörur í verzlunina. Eftir brennuna skrifuðu Jóhannes og Ástráður „samning" með hjálp Snorra þess efnis, að Jóhannes hefði selt Ástráði vörurnar, sem voru á hans nafni, og var skjal þetta dagsett 1. maí, þ. e. a. s. löngu áður en það var ritað. Hafði þá rannsókn málsins verið hafin á Akranesi og voru ákærðu eigi óhræddir um sig. Allt var þetta gert til málamynda, í því skyni að slá ryki í augu yfirvaldanna.

Snorri skýrir svo frá, að vörur þær, er hann lét í brennuna, hafi verið þar með því magni, sem upp er gefið í vörulistanum, og sumt af þeim, svo sem vefnaðarvaran, hafi verið ágæt og útgengilega vara. Aftur á móti kveðst hann hafa hækkað verð þeirra á listunum um 20—30% frá heildsöluverði. Þó kveðst hann hafa talið vefnaðarvöruna á réttu heildsöluverði. Vörur þær, er Jóhannes telur sig hafa látið í brennuna samkvæmt vörulista sínum, voru meira og minna óseljanlegar. Hvorki magn þeirra né verð er rétt greint í listanum, heldur hvorttveggja hækkað mikið í mörgum tilfellum og á það við bæði um vörur Jóhannesar sjálfs og þær vörur, er hann tók af Þórði og Baldri í brennuna. Sömuleiðis er magn og verð vara Sigurðar töluvert hækkað á listanum yfir hans vörur og sumar tegundir, sem í listanum eru taldar, voru alls ekki í brennunni. Sumt þeirrar vöru, er Sigurður setti í brennuna, hafði verið í útiskúrnum við Miðstræti 5, sem Sigurður kveikti í hinn 4. febrúar s. l. og síðar verður að vikið, en hafði þó eigi eyðilagzt. Eina vörutegundina í vörulista Sigurðar, bláma,

hafði Snorri látið Sigurð fá til að fylla upp í þær 40 þúsundir króna, sem hann skyldi eiga vörur fyrir í brunanum. Vörurnar, sem Ástráður átti í brennunni, voru mestmegnis húsgögn.

Svo var um samið, að af þeim hluta vátryggingarfjárins, er Ástráður fengi, skyldi hann greiða Snorra víxilskuld nokkra, kr. 17 000.00, sem Sigurður Davíðsson var skuldari að, eftir því sem bezt verður séð, og auk þess átti hann að greiða Jóhannesi kr. 10 000.00, en þá upphæð átti Jóhannes hjá Sigurði Davíðssyni og skyldi þetta verða greiðsla hennar. Hafa þeir Snorri og Jóhannes þannig ætlað sér að fá lúkningu á skuldum Sigurðar Davíðssonar við þá með brennunni, en ákærðu eru sammála um, að Sigurður Davíðsson hafi engan þátt átt í brennunni.

Um margar þær tölur, sem nefndar hafa verið, skal þess getið, að þær eru eigi nákvæmar, enda virðist eigi hafa gætt mikillar nákvæmni hjá ákærðu um fjárhæðir í sambandi við brennuna.

Þeir Jóhannes og Þórður hafa lengi þekkzt, enda eru þeir úr sama byggðarlagi. Hefur Þórður undanfarið stundað verzlunarstörf hér í bæ og jafnframt lent út í nokkru braski. Hann vissi um, að ákveðin hafði verið vörubrenna á Akranesi og hafði þá vitneskju upphaflega annaðhvort frá Snorra eða Jóhannesi. Jóhannes ræddi áform þessi nánar við Þórð, sagði honum að brennan væri fastmælum bundin, yrði bráðlega framkvæmd og að vörurnar væru í skúr eða húsi, sem ekki væri búið í, svo að engin hætta væri á, að manntjón hlytist af brennunni. Skýrði Jóhannes Þórði svo frá, að hann væri orðinn svo skuldum vafinn við Snorra og fleiri, að hann yrði að losa sig úr þeim með brennunni. Þegar þeir áttu þetta tal saman, höfðu aðalmenn brennunnar ákveðið fyrir hversu háa upphæð Jóhannes mætti hafa vörur í brennunni. Jóhannes átti ekki vörur, sem nægðu í þá upphæð, og þess vegna sagði hann Þórði, að hann hefði gott tækifæri til að taka af honum vörur í brennuna og skyldi hann svo fá vátryggingarfé þeirra eftir brennuna. Þetta féllst Þórður á, og varð það að samkomulagi, að Jóhannes tæki af Þórði tiltekið vörumagn í brennuna, en teldist sjálfur eiga það, en greiddi síðan Þórði kr. 25 000.00 af vátryggingarfénu, eftir að það hefði verið greitt eftir brennuna. Þeir eru sammála um, að vörur þessar hafi raunverulega verið nálægt kr. 25 000.00 að heildsöluverði samkvæmt uppgjöf Þórðar, en samkvæmt skýrslu hans voru þær lítt seljanlegar, mest smávörur og fegrunarvörur. Engin skilríki lét Jóhannes Þórð fá fyrir vörum þessum, en fastmælum var bundið með þeim, að Jóhannes skýrði eigi frá þessu. Eigi vissi Þórður hvenær eða hvernig brennan skyldi framkvæmd og virðast afskipti hans af brennunni eigi hafa verið önnur en nú hafa verið rakin. Hann virðist ekki hafa vitað í hvaða húsi vörurnar átti að brenna og því eigi hafa vitað gerð þess né afstöðu til annarra húsa né þá eyðileggingarhættu, er stafaði

af bruna hússins. Þórður kveðst hafa leiðzt út í þátttöku í brennunni, aðallega af ótta við þá Snorra, Sigurð og Jóhannes, en varlega þykir þeirri skýrslu treystandi. Þórður afhenti Jóhannesi vörur sínar, en hann flutti þær til Akraness.

Þeir Jóhannes og Baldur voru fyrir um tveimur árum samstarfsmenn og þekkjast síðan. Í síðastliðnum janúarmánuði hætti Baldur verzlun, er hann hafði rekið í Keflavík, og átti þá vöruleifar, er að heildsöluverði voru sem næst 20 þúsund króna virði. Hann vildi selja vöruleifar þessar í einu lagi, en meiri hluti þeirra var eigi útgengilegur og tókst honum því eigi að selja þær. Hann bauð Jóhannesi vörurnar til kaups, en hann vildi eigi kaupa þær. Jóhannes reyndi að selja þær fyrir hann, en tókst ekki. Þegar Jóhannes sá, skömmu fyrir Akranesbrennuna, að hann hefði ekki vörur til að fylla upp í magn það, er hann mátti hafa í brennunni, datt honum Baldur í hug og vöruleifar hans. Hann fór því á fund Baldurs og skýrði honum frá brennuáforminu og bauðst til að taka af honum vöruleifarnar í brennuna og skyldi Baldur síðan, að brennunni lokinni og vátryggingarfénu greiddu, fá af því 20 þúsund krónur. Jóhannes sagði Baldri, að margir þátttakendur væru í brennu þessari og vörur Baldurs væru aðeins lítill hluti þeirrar vöru, er brenna ætti. Ekki skýrði hann frá, hverir aðrir þátttakendur væru eða hver ætti að fremja sjálfa íkveikjuna. Hins vegar sagði hann brennuna eiga að fara fram í verzlunarhúsi á Akranesi, sem enginn byggi í, en ekki nefndi hann hvort húsið væri nýtt eða gamalt, úr hvaða efni né hver afstaða þess væri til annarra húsa. Í fyrsta samtali þeirra um þessi efni féllst Baldur á uppástungu Jóhannesar. Kveðst hann þó hafa verið tregur til þess og látið það í ljós, en ekki minnist Jóhannes þess. Varð það úr, að Baldur afhenti Jóhannesi vörurnar í því skyni, að þær yrðu brenndar og hann fengi 20 þúsund krónur af vátryggingarfénu og flutti Jóhannes síðan vörurnar til Akraness á sínu nafni. Þegar þetta gerðist, skuldaði Baldur ýmsum mönnum um 12 þúsund krónur samtals, frá því hann rak verzlunina í Keflavík, en átti engar eignir, nema vöruleifar þessar og innanstokksmuni. Kveðst hann því hafa verið í miklum kröggum og úrræðalaus um fjármál sín og þess vegna hafa glæpzt til að taka tilboði Jóhannesar.

Þó að tilgangur Baldurs með afhendingu vörunnar væri sá, er nú hefur lýst verið, hafði hann sölu hennar í huga og heldur hann því fram, að það hafi í raun og veru verið nokkuð óljóst fyrir sér, hvað hann væri að gera við vöruna, hvort hann væri að ráðstafa henni, svo sem lýst hefur verið, eða selja hana. Kveðst hann þó eftir á sjá, að eigi hafi verið um sölu að ræða. Hann tjáði Jóhannesi, að vegna konu sinnar og skuldheimtumanna gæti hann ekki látið vöruna af hendi tryggingarlaust. Jóhannes sagði þá Baldri, að hann hefði umráðarétt yfir bifreiðinni R 1981 og leyfi

til að veðsetja hana. Varð það því úr, að Jóhannes samþykkti við móttöku vörunnar 20 000 króna víxil og veðsetti nefnda bifreið, sem hann í veðskjalinu kallar sína, „fyrir vörum, sem Baldur Þorgilsson, Grundarstíg 15 B, Reykjavík, hefur látið mig hafa," eins og það er orðað í veðskjalinu. Jóhannes gat þess ekki við Baldur, að sér væri eigi heimilt að veðsetja bifreiðina. Hins vegar leit Jóhannes á víxilinn og tryggingarbréfið sem málamyndarskjöl, sem Baldur vildi hafa í höndum, til þess að sýna konu sinni, en hann (Jóhannes) skyldi fá aftur, þegar hann greiddi Baldri vátryggingarféð. Kveðst Jóhannes hafa treyst því, að Baldur notfærði sér eigi skjöl þessi þó svo færi, að vátryggingarfé vörunnar yrði eigi greitt. Nú fór það svo, að varan brann og vátryggingarféð varð eigi greitt. Jóhannes, sem játaði þátttöku sína í Akranessbrunanum í upphafi rannsóknarinnar, skýrði eigi frá þætti Baldurs í honum fyrr en eftir að rannsókn var upphaflega lokið og Baldur hófst handa um að ganga að hinni veðsettu bifreið. Varð Baldur þess þá var, að eigi mundi allt með felldu með veðsetningarheimild Jóhannesar. Ritaði hann þá sakadómara og skýrði frá þessu og óskaði, að mál þetta yrði tekið til viðeigandi meðferðar. Þegar Jóhannesi varð þetta kunnugt, skýrði hann frá þætti Baldurs í brennunni, og játaði Baldur brot sitt fyrir réttinum eftir nokkra vafninga.

Veðsetningarskjal Jóhannesar fyrir nefndri bifreið er ódagsett, en samkvæmt framburðum Jóhannesar og Baldurs var það ritað einhvern fyrstu dagana í maí s. l. Bifreið þessa hafði Jóhannes keypt á s. l. vetri, en selt hana aftur 5. marz s. l. Olgeiri Þorsteinssyni, trésmið, Smálandsbraut 7 við Grafarholt. Jóhannes tilkynnti hvoruga eignaryfirfærsluna til bifreiðaskráningarinnar og þegar hann undirritaði veðskjalið, vissi hann ekki hvort viðsemjendur sínir hefðu gert það. Kveðst hann hafa haft ástæðu til að ætla, að Olgeir hefði ekki gert það og því hafa haldið, að bifreiðin væri á sínu nafni, þegar hann veðsetti hana. Svo var þó eigi, því hvorug eignayfirfærslan hafði verið tilkynnt bifreiðaskránni, og var bifreiðin því enn á nafni Hallgríms Tuliniusar stórkaupmanns, en frá honum eignaðist Jóhannes hana. Þar sem hér var í raun og veru eigi um veðsetningu að ræða, heldur málamyndagerning og enginn auðgunartilgangur var þessu samfara, þykir þetta atriði eigi vera refsivert. Hafa nú verið raktir eigendur þeirra vara, er fluttar voru í sláturhúsið til þess að brenna þær þar. Þegar vörunum hafði verið safnað saman í húsið og vátryggðar, lá næst fyrir ákærðu að kveikja í þeim, en áformað hafði verið, að þeir Jóhannes og Sigurður gerðu það. Um þetta leyti var Sigurður mjög óreglusamur og hurfu Snorri og Jóhannes frá því að láta hann annast íkveikjuna og tók Jóhannes það verk að sér einn. Snorri hafði áður en þetta gerðist selt ákærða Þorgils tvær bif-

reiðar og var Þorgils stórskuldugur bæði Snorra og öðrum vegna kaupa þessara. Annað hvort 13. eða 14. maí s. l. töluðust Snorri og Þorgils við í skrifstofu hins fyrr nefnda, og bað þá Snorri Þorgils að aka til Akraness kvöldið 14. maí. Þorgils grunaði, að eitthvað væri óhreint við þetta, en hafði þó eigi heyrt minnzt á hina fyrirhuguðu brennu. Vegna þessa hugboðs spurði hann Snorra í hvaða skyni þessa för ætti að fara og svaraði hann því, að hann ætti að fara til að kveikja í vörum í hagnaðarskyni. Ekki nefndi hann, hverir stæðu að þessari brennu. Hann spurði Þorgils, hvort hann vildi taka virkan þátt í íkveikjunni og fá borgun fyrir. Þessu neitaði Þorgils, en sagðist skyldu fara þessa för sem hver annar leigubifreiðarstjóri og fá greiðslu fyrir hana sem slíkur. Snorri féllst á þetta. Eigi bauð hann Þorgils nokkra tiltekna upphæð fyrir að taka virkan þátt í brennunni, en sagðist skyldu greiða vel fyrir það.

Hinn 14. maí viðuðu Snorri og Jóhannes að sér að skrifstofu Snorra benzíni því, sem nota átti til íkveikjunnar, og að kvöldi þess dags ók Þorgils með Jóhannes héðan áleiðis til Akraness til íkveikjunnar. Snorri hafði verið með þeim við að koma þeim af stað og setja benzínbirgðirnar í bifreiðina. Þeir komu til Akraness nálægt kl. 2 um nóttina og lét Jóhannes Þorgils nema staðar við sláturhúsið. Hafði Þorgils orðið þess áskynja á leiðinni, að Jóhannes hafði benzín meðferðis. Þorgils sá, að það voru stór, gömul, rauð timburhús, sem hann nam staðar við, en sökum ókunnugleika á Akranesi, veit hann ekki, hvaða hús þetta voru. Ekki sýndi Jóhannes honum húsið, sem hann ætlaði að kveikja í, heldur sagði honum að aka á brott og bíða sín á öðrum stað í bænum. Þangað ók Þorgils og beið Jóhannesar þar í ca. stundarfjórðung. Jóhannes fór að sláturhúsinu, sem var læst með hengilás, og opnaði það með lykli, sem hann hafði fengið hjá Ástráði, þegar hann flutti vörurnar til Akraness, fór inn í húsið og upp á loftið, þar sem vörurnar voru og skvetti þar úr benzínílátunum, sem hann hafði meðferðis, yfir vörurnar. Síðan gekk hann niður loftstigann, kveikti þar á eldspýtu og fleygði henni logandi upp á loftskörina, þar sem hann vissi að benzín var. Sá hann þá strax koma upp loga og hraðaði sér út úr húsinu og læsti á eftir sér. Fór hann þá jafnskjótt til Þorgils og sagðist hafa kveikt í og bað hann að aka í snatri burtu úr bænum. Þeir fór nú að Sanddalstungu í Norðurárdal, en þangað átti Þorgils erindi, en á leiðinni fleygðu þeir hinum tæmdu benzínílátum Jóhannesar í Hvítá. Það af benzíni því, er Jóhannes hafði meðferðis til íkveikjunnar, en notaði eigi til hennar, settu þeir á bifreið Þorgils. Til Reykjavíkur komu þeir aftur úr för þessari rétt fyrir miðnætti daginn eftir, hinn 15. maí. Daginn eftir greiddi Snorri Þorgils kr. 660.00 fyrir þessa för og aðra, sem hann hafði áður farið fyrir hann í löglegu skyni, og taldist Þor-

gils fá sem svaraði kr. 500.00 fyrir Akranessförina, sem mun láta nærri að vera venjulegt leigubifreiðargjald fyrir slíka ferð. Þorgils heldur því fram, að um sama leyti og þetta gerðist hafi Snorri spurt sig, hvort hann mundi vera fáanlegur til að kveikja í vörum, sem hann tilgreindi ekki nánar né hvar væru, og eigi bauð hann borgun fyrir. Þorgils kveðst ekkert hafa sagt við þessu og hafi þetta þá eigi tekið lengra. Snorri neitar þessu, kveðst ekki minnast þess, og er það því ósannað.

Eigi liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um stærð sláturhússins, sem kveikt var í, en af framlögðum afstöðuuppdrætti hússins má sjá flatarmál þess. Hús þetta var hólfað í tvennt með steinskilrúmi og brann alveg og hrundi stærri hlutinn, vesturhlutinn, en austurhlutinn brann minna. Veggir hússins voru úr holsteini, en loft, stigi og þak úr timbri og var þakið lagt bárujárni. Húsið var að brunabótamati kr. 17 000.00 og vátryggingarverð þess var því, þegar það brann, kr. 62 900.00 samkvæmt gildandi reglum um þau efni. Í næsta nágrenni hússins bæði að austan og vestan voru stór hús, og var húsið að austan úr timbri, en húsið að vestan bæði úr timbri og steini. Næstum því áföst því húsi eru mjög stór hús, bæði úr steini og timbri. Enginn bjó í húsinu né næstu húsum, sem ýmist eru vörugeymsluhús, verzlunarhús eða frystihús. Í húsum þessum hafa verið geymd mikil verðmæti, þó að vísu liggja eigi fyrir náin rannsókn um það, og í sláturhúsinu voru geymd nokkur verðmæti önnur en þær vörur, sem ákærðu átti þar.

Eldsins í sláturhúsinu varð vart skömmu eftir að Jóhannes kveikti í því, og kom þá slökkvilið Akraness á vettvang. Var húsið þá alelda og eldurinn byrjaður að læsa sig í næsta hús, Suðurgötu 3. Þessa nótt var ekkert vatn í vatnsleiðslum Akranessbæjar, sem stafaði af því, að verið var að hreinsa vatnsþrærnar uppi við Akrafjall. Þetta vissu þó eigi ákærðu. Slökkviliðið dældi því sjó í eldinn, en húsið stóð nálægt sjó. Tókst brátt að slökkva í Suðurgötu 3 og breiddist eldurinn þá eigi til fleira húsa og hafði hann verið slökktur um kl. 6 um morguninn. Samkvæmt vottorði Veðurstofunnar er Reykjavík næsta veðurathugunarstöð við Akranes. Að kvöldi 14. maí var vindur í Reykjavík vestan 3 stig, en kl. 2 um nóttina, einmitt á sama tíma og kveikt var í, var vindurinn SSW 2. Var því kyrrt veður um nóttina og hélzt það þar til slökkt hafði verið.

Slökkviliðsstjórinn og byggingarfulltrúinn á Akranesi, Jóhann Bergur Guðnason, og varaslökkviliðsstjórinn, Jón Guðmundsson, hafa látið í ljós álit sitt á hættu þeirri ,er stafaði af bruna hússins. Hvorugur telur nokkrum hafa verið lífshætta búin af brunanum, þar sem enginn bjó í húsinu né nærliggjandi húsum. Einn varðmaður var að vísu í nærliggjandi steinsteyptu frystihúsi, en eigi telst honum hafa verið hætta búin. Hins vegar álítur slökkvi-

liðsstjórinn, að hætta hafi verið á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum manna af eldsvoðanum. Til dæmis hafi frystihús Haralds Böðvarssonar, stórbygging úr steinsteypu, með þaki úr timbri og járni, verið í yfirvofandi hættu af eldinum, því að hlið þess, sem að eldinum snéri, hitnaði mjög mikið og um tíma óttaðist slökkviliðsstjórinn að kvikna mundi í þaki þess. Einnig telur hann þrjú sambyggð timburhús hafa verið í allverulegri hættu af eldinum. Loks telur hann Bárugötu 1, sem að mestu er járnvarið timburhús, en sumpart steinsteypt, hafa verið í yfirvofandi hættu, ef vindstaða hefði verið önnur en hún var, þegar eldurinn var uppi. Milli þessa húss, sem í voru geymdar síldarnætur og gotutunnur, og sláturhússins var ca. tveggja metra hár steinveggur.

Varaslökkviliðsstjórinn svarar þannig spurningunni, hvort hann telji, að hætta hafi verið á yfirgripsmikilli eyðingu vegna eldsvoðans, að ef stormur hefði verið þegar eldsvoðinn varð, hefði verið nokkur hætta á, að eldurinn hefði breiðst út til fleiri húsa í nágrenninu. Í þessu áliti varaslökkviliðsstjórans virðist gæta mikillar varfærni og telja verður með slökkviliðsstjóranum að mikil hætta hafi verið á útbreiðslu eldsins, eins og á stóð, hvað þá ef stormur hefði verið. En engum var þersýnilegur lífsháski búinn af eldsvoðanum. Vegna gerðar hússins og afstöðu þess til annarra nærliggjandi húsa, þar sem einungis mjó sund voru á milli þess og næstu húsa á tvo vegu, þykir það engum vafa bundið, að öllum hafi mátt vera það augljóst, að ef eldur yrði laus í húsi þessu, væri hætta á yfirgripsmikilli eyðingu á nærliggjandi eignum, sérstaklega ef í húsinu kviknaði á næturþeli og stormur væri á og jafnvel þó svo stæði ekki á. Jóhannes vissi að vísu, hvernig veður var, þegar hann kveikti í, en ekki gat hann gert sér fulla grein fyrir hvaða eyðingu eldurinn, sem hann hafði kveikt í benzínbleyttum vörunum, mundi hafa í för með sér né vitað hvort sama veður héldist þar til eldurinn hefði verið slökktur. Þeir Snorri, Ástráður og Sigurður höfðu allir séð húsið og afstöðu þess og átti þeim því að vera ljós hætta sú, er stafaði af að kveikja í því. Ekki vissu þeir Ástráður og Sigurður hvaða veður yrði valið til íkveikjunnar og þó að kyrrt væri veður, þegar Jóhannes lagði af stað úr Reykjavík til íkveikjunnar, vissi Snorri ekki hvernig veður mundi verða þegar hann væri kominn til Akraness. Af þessum ástæðum þykir þáttur hinna ákærðu, Snorra, Jóhannesar, Ástráðs og Sigurðar, sem telja ber aðalmenn brotsins, varða við 164. gr. 2. mgr. hegningarlaganna, auk þess að ásetningur þeirra um vátryggingarsvik varðar við 248. gr. sbr. 20. gr. sömu laga. Hafði Ástráður tilkynnt vátryggingarfélaginu brunann í símtali að kvöldi 16. maí, en ekki greiddi félagið vátryggingarféð, enda var rannsókn málsins strax hafin.

Þar sem ósannað er að Þórði, Baldri og Þorgils hafi verið

kunnugt um afstöðu hússins til annarra húsa og þeir verða að teljast hlutdeildarmenn í brotinu, ber að heimfæra brot þeirra undir 164. gr. 1. mgr., sbr. 22. gr. hegningarlaganna og 248., sbr. 20. gr. sömu laga. Vegna bruna þessa hafa komið fram þær skaðabótakröfur, sem nú verða raktar.

Skemmdir sláturhússins af brunanum voru metnar kr. 45 850.00 og skemmdir á frystihúsi Haralds Böðvarssonar & Co. af honum voru metnar kr. 1440.00 og greiddi Brunabótafélag Íslands þær bætur. Hefur félagið krafizt þess að ákærðu, Snorri, Jóhannes, Ástráður, Sigurður, Þórður og Þorgils, verði in solidum dæmdir til að greiða félaginu í skaðabætur þessar upphæðir, samtals kr. 47 290.00.

Kröfuupphæðin er eigi véfengd af ákærðu hálfu. Af hálfu Snorra, Jóhannesar og Ástráðs er greiðsluskyldunni eigi mótmælt. Af hálfu Þorgils hefur ekkert verið látið uppi um þetta. Af hálfu Sigurðar og Þórðar er því mótmælt, að þeir beri solidariska ábyrgð á þessu tjóni og eigi talið rétt, að þeir verði dæmdir til að greiða það, nema hlutfallslega við sök þeirra. Á þessar mótbárur er eigi unnt að fallast sökum hinnar refsiverðu þátttöku allra þessara manna í brennunni og þykir rétt að taka kröfuna til greina að öllu leyti. S/f Sigurfari á Akranesi hefur krafizt, að sömu menn verði in solidum dæmdir til að greiða sér kr. 9000.25 auk 5% ársvaxta frá 15. maí s. l. til greiðsludags fyrir eyðileggingu veiðarfæra, er voru geymd í sláturhúsinu og brunnu þar.

Árni B. Sigurðsson rakari, Suðurgötu 19 á Akranesi hefur krafizt þess, að sömu menn verði in solidum dæmdir til að greiða sér kr. 6785.70 auk 5% ársvaxta frá 15. maí s. l. til greiðsludags fyrir timbur, sem eyðilagzt hafi í brunanum, flutningskostnað og vinnutap sitt vegna eyðileggingar timbursins.

Niels Ryberg Finsen verzlunarmaður, Vesturgötu 40 á Akranesi, hefur krafizt þess, að sömu menn verði in solidum dæmdir til að greiða sér kr. 3000.00 auk 5% ársvaxta frá 15. maí s. l. til greiðsludags fyrir trétex, sem brunnið hafi í sláturhúsinu, og kostnað við það.

Sigurður Björnsson, Sigurhæð á Akranesi, hefur krafizt þess, að sömu menn verði in solidum dæmdir til að greiða sér kr. 1900.00 auk 5% ársvaxta frá 15. maí s. l. til greiðsludags fyrir vörur, sem hann hafi átt í sláturhúsinu og farizt í eldinum.

Fyrir aukaréttinum hefur komið fram bréfleg krafa Odds Hallbjarnarsonar á Akranesi um 3662.00 króna bætur fyrir kaðla, sem brunnið hafi í sláturhúsbrunanum, en eigi er tiltekið í bréfi hans á hendur hvaða einstaklingum sú krafa er gerð.

Bjarni Ólafsson & Co. á Akranesi hefur krafizt þess, að sömu ákærðu og áður voru nefndir, verði in solidum dæmdir til að greiða sér kr. 127 550.00 auk 5% ársvaxta frá 15. maí s. l. til

greiðsludags fyrir eyðileggingu sláturhússins og vara, sem félagið átti í því. Telur félagið húsið hafa verið 140 þúsund króna virði, miðað við umsamda leigu fram í tímann, og er því bótakrafa þess vegna hússins þessi upphæð að frádregnum brunabótunum kr. 45 700.00, (að sögn B. Ól. & Co.) eða kr. 94 300.00.

Af hálfu ákærðu er kröfum S/f Sigurfara, Árna B. Sigurðssonar, Niels Ryberg Finsen, Sigurðar Björnssonar, Odds Hallbjarnarsonar og Bjarna Ólafssonar & Co. mótmælt sem röngum og órökstuddum. Þar sem mótmæli þessi eru fram komin og sönnur hafa eigi verið færðar á kröfurnar, en gagnasöfnun og málflutningur um þær mundi tefja mjög refsimálið, þykir rétt að vísa þessum kröfum frá dómi.

Miðstræti 5.

Á síðastliðnum vetri átti ákærði Snorri hús nr. 5 við Miðstræti hér í bænum. Húsið er járnklætt timburhús, kjallari, þrjár hæðir og ris. Aðalinngangur í húsið er í norðurenda þess með stigum upp á þriðju hæð. Einnig er inngangur í austurhlið þess og stigi upp á þriðju hæð. Báðir þessir stigar liggja saman frá fyrstu hæð upp á þriðju hæð í norðausturhorni hússins og einfalt þil á milli þeirra. Úr innri forstofu á þriðju hæð liggur stigi upp á rishæðina. Úr austurhlið hússins er gengið niður í kjallarann, en í húsgagnabólstraravinnustofuna í kjallaranum er gengið frá suðurhlið. Svalir móti vestri eru á þremur hæðum hússins og eru dyr og gluggar út að þeim.

Aðfaranótt 20. janúar síðastliðinn kveiktu ákærðu og Gísli og Jóhannes í húsi þessu að undirlagi Snorra. Skemmdir urðu litlar á húsinu sökum þess að slökkviliðið vann fljótt bug á eldinum, en allmiklar skemmdir urðu í bólstraravinnustofunni í kjallaranum, en þar var kveikt í. Í janúarmánuði s. l. bjuggu 22 manneskjur í húsi þessu, 8 á fyrstu hæð, 3 á annarri og 9 á þriðju og tveir piltar uppi í rishæðinni. Af íbúum þriðju hæðar var ein kona 62 ára gömul. Í húsinu höfðu engar ráðstafanir verið gerðar til bjargar, ef eld bæri að höndum. Í því voru engin slökkvitæki né björgunarkaðlar, og hafði eigandi hússins og upphafsmaður íkveikjunnar, Snorri, ekkert látið sig um þessi efni hugað og skeytti eigi um það, hvort björgunarkaðlar væru í húsinu eða eigi.

Á síðastliðnum vetri var Snorra það mikið áhugamál, að Miðstræti 5 brynni. Áhugi hans stafaði af því, að hann langaði til þess að byggja nýbyggingu á lóðinni, er gamla húsið stendur á, og taldi hann sér hagkvæmara að rýma lóðina með brennu hússins, heldur en að leggja í að rífa það, enda gat hann ekki losnað við leigutakana samkvæmt ákvæðum húsaleigulaga.

Hann bauð þremur mönnum fé til að kveikja í húsi þessu, hinum ákærðu Jóhanesi, Sigurði og Þórði. Þórður skýrir svo frá, að

Snorri hafi boðið sér 50 þúsund krónur fyrir að kveikja í húsinu og stungið upp á, að hann flytti í húsið, til þess að auðveldara væri að koma íkveikjunni í verk. Kveðst Þórður hafa bent Snorra á, að stórhættulegt væri vegna íbúa hússins að kveikja í því, en Snorri hafi gert lítið úr því og talað mjög gálauslega um þetta atriði, svo sem sagt, að fólkið í húsinu gæti skriðið út. Snorri segir þessa frásögn Þórðar meira og minna ranga. Hann kveðst ekki hafa boðið 50 þúsund krónur fyrir að kveikja í húsinu, slíkt sé fjarstæða. Hann segir Þórð hafa stungið upp á því, að auðvaldara væri að koma íkveikjunni í framkvæmd, ef hann byggi í húsinu, en þessu neitar Þórður eindregið. Þórður kveðst hafa neitað að vinna þetta verk og Snorri segir hann aldrei hafa lofað að gera það, þó að hann tæki því ekki fjarri. Hins vegar eru þeir sammála um, að Þórður hafi selt húsið síðar fyrir Snorra. Þórður gerði aldrei neitt til að koma íkveikjunni í framkvæmd.

Snorri bað Sigurð nokkrum sinnum að kveikja í þessu húsi og bauð honum fé fyrir. Segir Sigurður hann hafa boðið sér fyrst 10 þúsund og síðan 15 þúsund krónur fyrir íkveikjuna. Snorri man ekki hvaða upphæðir hann bauð Sigurði fyrir þetta verk, en hefur eigi andmælt staðhæfingum Sigurðar um þær. Ber þeim saman um, að Snorri hafi helzt viljað láta kveikja í húsinu um kl. 2 síðdegis og vakti það þá fyrir honum, að bæði væru mestar líkur til, að íbúar hússins björguðust og að á þeim tíma væru íbúar efstu hæðarinnar ekki heima og svo hins vegar, að á þeim tíma dags mundi lítið eða ekkert vatn vera í brunum eða í grennd við húsið og þess vegna meiri líkur til, að það eyðilegðist í eldinum. Þannig stóð á um tíma í vetur, að Sigurður átti vörur í útiskúr við Miðstræti 5 og voru þær þar í óþökk eiganda skúrsins. Þetta vissi Snorri og stakk hann upp á því við Sigurð, að hann flytti vörurnar inn í húsið Miðstræti 5 og kveikti í þeim þar. Sigurður aftók að flytja vörurnar inn í húsið. Sigurður kveðst aldrei hafa viljað kveikja í húsinu og hafa neitað að gera það. Snorri heldur því fram, að Sigurður hafi ekki viljað kveikja í húsinu, vegna hættunnar fyrir íbúa þess, og að hann hafi aldrei lofað að kveikja í húsinu, en oft rætt þetta við sig. Sigurður gerði aldrei neitt til að framkvæma íkveikjuna. Eins og áður segir, setti Jóhannes upp vindrafstöð fyrir Snorra í Rimakoti í Þykkvabæ og hafði lokið því verki í byrjun síðastliðins desembermánaðar. Upp úr því fór Snorri að fara fram á það við Jóhannes, að hann kveikti fyrir sig í Miðstræti 5, og bauð honum peninga fyrir. Segir Jóhannes hann hafa lofað sér 10 þúsund krónum fyrir að vinna þetta verk, og síðar, þegar honum þótti dragast að koma þessu í framkvæmd, 20 þúsund krónur og áframhaldandi fjárhagslegan stuðning. Snorri kveðst aldrei hafa tiltekið neinar sérstakar upphæðir, sem hann hafi lofað Jóhannesi fyrir íkveikjuna,

en hitt megi vel vera, að Jóhannes hafi sett upp framangreindar upphæðir og Snorri samþykkt þær. Jóhannes segir Snorra hafa stungið upp á, að hann kveikti í húsinu út frá rafleiðslum í því og að hann dreyfði benzíni um háaloft þess og kjallara vegna hinnar fyrirhuguðu íkveikju. Þessu neitar Snorra hvorutveggja. Hann minnist þess ekki að hafa nefnt notkun benzíns við íkveikjuna, en hann segir Jóhannes hafa átt frumkvæðið að umræðum þeirra um að kveikja í húsinu út frá rafleiðslum. Snorri benti Jóhannesi á þann möguleika að kveikja í húsgagnabólstraraverkstæðinu í kjallara hússins og í sambandi við það töluðu þeir um, að Jóhannes gerði bólstrarana ölvaða, fengi þá út með sér og kveikti í verkstæðinu um leið og þeir færu út. Eins og af þessu sést, höfðu þeir uppi ýmsar ráðagerðir um íkveikjuna og ræddu hana oft og þykir eigi ástæða til að rekja þær umræður frekar að öðru leyti en því, að Snorri tók fram, að hann vildi að kveikt væri í húsinu að degi til eða kvöldi og að hann margtók fram við Jóhannes, að ekki mætti vegna íbúa hússins kveikja í því á næturþeli. Kveðst Snorri hafa verið viss um, að íbúar hússins myndu bjargast, ef kveikt væri í að degi eða kvöldi og Jóhannes kveðst einnig hafa haldið það.

Jóhannes var samt ragur við að fremja íkveikju þessa, en vegna eftirrekstrar Snorra og sakir launa þeirra, er í boði voru, lét hann þó verða af því að koma íkveikjunni í framkvæmd. Ekki gerði hann það þó beinlínis sjálfur, heldur fékk til þess kunningja sinn, ákærða Gísla Kristjánsson. Þeir þekktust um þetta leyti og var Gísli þá háseti á vélbát hér. Jóhannes bað Gísla að kveikja í Miðstræti 5 og töluðu þeir oft saman um þetta. Jóhannes bauð Gísla fyrst kr. 5000.00, en síðar kr. 6000.00 fyrir að gera þetta, og stóð hið síðara boð, þegar íkveikjan var framkvæmd. Þeir voru yfirleitt alltaf, þegar þeir ræddu um þetta, undir áfengisáhrifum og þegar Gísli var í því ástandi, lofaði hann Jóhannesi að vera með honum við íkveikjuna. Fyrsta kvöldið, sem þeir ræddu um íkveikjuna, fóru þeir saman heim í húsið Miðstræti 5 og inn í bólstraravinnustofuna og sá þar mikið af tréspónum, sagi og viðarull. Gísli var ódrukkinn í þetta sinn og vildi ekki taka þátt í íkveikjunni og sagði Jóhannesi, að þeir skyldu bíða með hana. Eftir þetta voru þeir kjarklitlir við íkveikjuna og á báðum áttum hvað gera skyldi, en langaði þó í launin, sem í boði voru fyrir hana. Kvöldið 19. janúar s. l. fóru þeir ásamt fleirum til Sandgerðis á dansleik. Þaðan komu þeir hingað til bæjarins næstu nótt, báðir drukknir. Þeir komu hingað í bifreið, og um leið og þeir fóru úr bifreiðinni, fékk Jóhannes eldspítustokk hjá bifreiðarstjóranum í þeim tilgangi að nota eldspíturnar til hinnar fyrirhuguðu íkveikju. Ekki hafði bifreiðarstjórinn þó hugmynd um þann tilgang. Þegar þeir voru komnir út úr bifreiðinni, sagði Jóhannes við Gísla, að nú skyldu

þeir koma íkveikjunni í verk, og samþykkti Gísli það þegar í stað. Þeir gengu að húsinu og stóð Jóhannes á gangstéttinni við húshornið meðan Gísli gekk að glugga bólstraraverkstæðisins, sem var opinn, og fleygði logandi eldspítu inn um hann. Ljós var í vinnustofunni og sá Gísli, að tréspænir voru um allt inni í verkstæðinu. Síðan hröðuðu þeir sér um borð í bát þann, sem Gísli vann á. Þar töfðu þeir skamma stund, en gengu síðan í land og í námunda við Miðstræti 5 og sáu þá, að slökkviliðið var komið á vettvang. Fóru þeir síðan að sofa. Þeir fengu enga þóknun hjá Snorra fyrir íkveikju þessa, og kveður Jóhannes Snorra hafa látið illa yfir því, að brennan skyldi mistakast. Jóhannes sagði Gísla ekki fyrr en síðar frá því, hver hefði beðið hann um íkveikjuna.

Þegar íkveikjan var framin, kveðst Jóhannes ekkert hafa hugsað út í afdrif íbúa hússins, ef það brynni. Áður segir hann sér aldrei hafa komið til hugar að kveikja í því á næturþeli.

Áður en íkveikjan var framin, segir Gísli Jóhannes hafa sagt hér, að hana ætti að fremja í hagnaðarskyni. Skildist Gísla að eigandi hússins hefði keypt það lágu verði, en það væri hátt vátryggt og myndi því eigandi hússins græða á bruna þess. Gísli var alókunnugur í húsinu, þegar hann kveikti í því. Hafði einungis einu sinni komið í það, í bólstraravinnustofuna, sem áður segir. Honum virtist þó á húsinu, að það væri íbúðarhús og eitt sinn fyrir íkveikjunóttina kveðst hann hafa spurt Jóhanens, hvort hann væri vitlaus að ætla að brenna allt fólkið í húsinu. Ekki man Gísli svar Jóhannesar við þessu, en segir meiningu þess hafa verið þá, að hann vildi ekkert um þetta tala, heldur eyða því. Gísli segir Jóhannes hafa sagt sér einhverntíma fyrir íkveikjuna, að fólk byggi í húsinu og minnir hann, að hann segði að það byggi einungis á neðstu hæðinni, en þetta man hann eigi vel.

Guðlaugur Bjarnason húsgagnabólstrari rak bólstraravinnustofu í Miðstræti 5, sem kveikt var í. Umrædda nótt sváfu þeir Guðlaugur og Júlíus Bjarnason prentari í herbergi inn af vinnustofunni. Um nóttina vöknuðu þeir og urðu eldsins í vinnustofunni varir. Þeir fóru þá út um glugga á herberginu, sem þeir sváfu í, og brutu næsta brunaboða og kölluðu þannig á slökkviliðið, sem kom í skyndi á brunastaðinn og slökkti eldinn. Hafði hann þá breiðzt út um vinnustofuna og upp í loft hennar og gaus reykur upp með útveggnum upp á neðstu hæðina.

Í vinnustofunni skemmdust vörur og efniviður og herbergið sjálft nokkuð.

Samkvæmt vottorði Veðurstofunnar var vindur kl. 5 aðfaranótt 20. janúar ESE 3, þ. e. a. s. fremur kyrrt veður. Undir rannsókn málsins var Jóni Sigurðssyni slökkviliðsstjóra og Sveini Sæmundssyni yfirlögregluþjóni falið að athuga hver hætta hefði getað stafað af íkveikju þessari. Álitsgerð þeirra, sem þeir hafa

staðfest, er á þessa leið: „Með tilliti til þess að íkveikjan á sér stað seinnihluta nætur (slökkviliðið kvatt út kl. 5.25) og flest fólk á þeim tíma í fasta svefni, enda aðfaranótt sunnudags, húsið stórt og gamalt timburhús, líklega með mjög þurrum viðum og gisið, með fjölda íbúa á 4 gólfum, þar af 9 á þriðju hæð og 2 á rishæðinni þar yfir, engin slökkvitæki eða björgunarkaðlar fyrir hendi í húsinu sjálfu, og þar sem kveikt er í kjallara hússins, í verkstæði með miklu af eldsmeti, svo sem hálmi og stoppi, þá teljum vér, að mönnum hafi getið verið lífshætta búin af íkveikjunni, ef eldsins hefði eigi orðið vart eins fljótt og raun varð á. Þá er óumflýjanlegt að álykta, að ef slökkvistarfið hefði gengið það illa, að eldur hefði náð að breiðast út um húsið, þá hefði innbú íbúa þess verið í yfirvofandi hættu. Hefði svo farið, að húsið hefði orðið alelda, þá má telja líklegt, að skemmdir hefðu getað orðið af hita á timburhúsum þeim er gegnt því standa við Miðstræti og nr. 7 við Miðstræti, þar sem tæpir 10 metrar eru að þeim húsum, enda þótt vindmagn hafi aðeins verið 3 stig á þeim tíma, er íkveikjan var framin."

Af því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst, að brot þeirra Jóhannesar og Gísla varða við 164. gr. 2. mgr. hegningarlaganna og 248. gr., sbr. 20. og 22. gr. sömu laga. Enda þótt Snorri ætlaðist eigi til þess, að kveikt yrði í húsinu að nóttu, ber að heimfæra brot hans undir 164. gr. 2. mgr. hegningarlaganna og auk þess undir 248. gr., sbr. 20. gr. sömu laga.

Eins og áður segir, bað Snorri þá Þórð og Sigurð að kveikja í Miðstræti 5. Varhugavert þykir að telja beiðnir þessar hafa verið þannig vaxnar, að refsiverðar tilraunir geti talizt. Verður Snorri því eigi sakfelldur fyrir þær.

Jóhannes fór eitt sinn fram á það við Gísla, að hann kveikti í sláturhúsinu á Akranesi og bauð honum 8 þúsund krónur fyrir það fyrirfram. Gísli vildi ekki sinna þessu og gerði ekkert til að framkvæma þetta. Þessi beiðni Jóhannesar þykir eigi hafa náð því stigi að verða talin refsiverð tilraun og verður því eigi metin honum til sakfellingar. Vegna íkveikjunnar í Miðstræti 5 hafa komið fram nokkrar skaðabótakröfur.

Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, sem hafði í tryggingu bólstraraverkstæði þeirra Guðlaugs Bjarnasonar húsgagnabólstrara, Miðstræti 5 og Agnars Ívars húsgagnabólstrara, Kjartansgötu 2, hefur krafizt þess, að þeir hinir ákærðu, Jóhannes, Gísli og Snorri, verði in solidum dæmdir til að greiða félaginu útlagðar brunabætur til nefndra bólstrara kr. 19 936.00 og matskostnað o. fl., samtals kr. 21 936.00, auk 6% ársvaxta frá 25. janúar s. l. (greiðsludegi bótanna) til greiðsludags. Þessari kröfu er eigi andmælt af Jóhannesar hálfu, en af hálfu hinna er henni andmælt. Þar sem félagið greiddi bætur þessar samkvæmt mati og eigi þykir ástæða

til að véfengja kostnaðarliðinn, þykir rétt að taka kröfuna til greina þrátt fyrir andmælin af hálfu Gísla og Snorra.

Af hálfu Guðlaugs Bjarnasonar mætti í máli þessu til skaðabótakröfugerðar Sigurður Arngrímsson skrifari, Bergstaðastræti 28 B, og hafði umboð til kröfugerðar á hendur Snorra Jónssyni. Gerði hann þá kröfu f. h. Guðlaugs, að Jóhannes, Gísli og Snorri verði in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 12 051.00, ásamt 5% ársvöxtum frá 20. janúar s. l. til greiðsludags í skaðabætur fyrir vinnutap vegna brunans og eyðileggingu ýmissa muna í brennunni.

Sami maður mætti af hálfu Agnars Ívars með sams konar umboði og gerði þá kröfu á hendur sömu mönnum, að þeir verði dæmdir in solidum til að greiða sér kr. 8704.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 20. janúar s. l. til greiðsludags vegna vinnutaps vegna brunans og eyðileggingar ýmissa muna í brennunni. Þar sem kröfum þessum er andmælt sem ósönnuðum og órökstuddum og umboðsmanninn skortir umboð til kröfugerðar á hendur Jóhannesi og Gísla, og þar sem gagnaöflun og málflutningur um kröfurnar mundi tefja mjög refsimálið, þykir rétt að vísa kröfum þessum frá dómi.

Við bruna þennan skemmdist húsið Miðstræti 5, og hlutu Almennar tryggingar h/f að greiða í bætur fyrir þær með kostnaði alls kr. 2600.00. Hefur félagið krafizt þess, að Snorri, Jóhannes og Gísli verði dæmdir in solidum til að greiða sér þessa upphæð í skaðabætur, ásamt 5% ársvöxtum frá 13. febrúar s. l. til greiðsludags. Þessi krafa er viðurkennd af hálfu Snorra og Jóhannesar, en andmælt af hálfu Gísla. Með tilvísun til málavaxta verður þessi krafa tekin til greina, þrátt fyrir framkomin andmæli af Gísla hálfu.

Útiskúr við Miðstræti 5.

Í suðausturhorni lóðarinnar Miðstræti 5 er járnklæddur timburskúr með þremur dyrum á norðurhlið. Lítill gluggi er ofarlega á vesturhlið hans. Skúrinn er byggður upp að steinvegg að austan og sunnan. Bilið milli hússins og skúrsins er 1,20 m og liggur einn meter af norðurenda skúrsins samhliða húsinu.

Að kvöldi 4. febrúar s. l. kveikti ákærði Sigurður í vörum, sem hann átti í skúr þessum, í þeim tilgangi að fá greitt vátryggingarfé þeirra og var slökkviliðið kvatt út vegna bruna þessa kl. 2.24. Skemmdir urðu töluverðar af brunanum.

Á síðastliðnu hausti hafði ákærði Snorri til sölu f. h. Landsbanka Íslands vörur, sem bankinn hafði að veði fyrir skuldum Hallgríms Tuliniusar stórkaupmanns við bankann. Vörur þessar voru geymdar í skúr þessum. Vörur þessar keypti Sigurður, en hann skýrir svo frá, að áður en til þess kæmi, hafi Snorri beðið

sig að kveikja í þeim og boðið sér 5 þúsund krónur fyrir, en hann kveðst ekki hafa haft kjark í sér til þess og neitað því. Snorri hefur eindregið neitað þessu og engin vitni voru að þessu, að sögn Sigurðar. Er þetta því ósannað. Hinn 16. nóvember kveðst Sigurður hafa keypt vörurnar af Snorra sem umboðsmanni bankans og telur Snorri vel mega vera, að sá tími sé réttur. Vörurnar voru að nafnverði kr. 90 383.55, en af þeim var gefinn 30% afsláttur, svo að Sigurður keypti þær fyrir kr. 63 000.00 og samþykkti víxla fyrir kaupverðinu og hélt bankinn þeim. Vörurnar voru vátryggðar í Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f fyrir kr. 91 000.00 og var tryggingartímabilið frá 20. nóvember 1945 til 20. febrúar 1946. Sigurður heldur því fram, að þegar Snorri bauð honum vörurnar til kaups, hafi hann í og með talað um, að hann gæti kveikt í þeim. Þessu neitar Snorri, en játar hins vegar, að þeir hafi þegar eftir kaupin rætt um þann möguleika, að Sigurður kveikti í vörunum, og báðir eru þeir á einu máli um það, að þeir hafi oft eftir kaupin rætt um þessa fyrirhuguðu íkveikju. Þegar Sigurður keypti vörurnar, var það ætlun hans að selja það af þeim, sem unnt væri, en jafnframt hafði hann í huga að brenna hitt og segir hann þá hugmynd hafa sprottið af uppástungu Snorra um þetta. Sigurði tókst ekki að selja nokkuð af vörunum, enda voru þær meira og minna ófýsilegar og skemmdust af leka, að sögn Sigurðar, eftir að hann keypti þær. Þeir Snorri telja að e. t. v. hefði verið unnt að selja til útlanda eina tegund varanna, gæruskó, og mun Snorri hafa hvatt Sigurð til að reyna það, en ekkert varð úr því. Jafnframt þessum vörum Sigurðar, átti ákærði Jóhannes vörur í skúrnum, sem voru illseljanlegar, en vátryggðar fyrir 33 þúsund krónur frá 25. janúar til 25. marz s. l. Þeir Sigurður og Jóhannes ræddu um það sín á milli að kveikja í skúrnum, til þess að fá vátryggingarféð, og voru sammála um að láta af því verða, en Jóhannes vildi þó ekki fremja íkveikjuna sjálfur. Eitt sinn meðan þeir höfðu þetta í huga, sagði Sigurður Jóhannesi, að hann hefði fengið mann til að kveikja í skúrnum, en þyrfti að greiða honum 4 þúsund krónur fyrir og vildi hann, að Jóhanes greiddi helming þess fjár. Jóhannes var samþykkur því og samþykkti 2 þúsund króna víxil í þessu skyni og afhenti Sigurði. Jafnframt samþykkti hann annan víxil, að upphæð 3 þúsund krónur, og afhenti Sigurði, en óljóst er, hvernig á því stóð. Eigi varð þá úr því, að Sigurður fengi annan til íkveikjunnar, heldur framdi hann hana sjálfur. Jóhannes reyndi eitt sinn árangurslaust að fá ákærða Gísla til þess að kveikja í skúrnum. Fór hann með Gísla að skúrnum og sýndi honum hvernig hentugast væri að kveikja í honum, benti honum á að reka hendina inn um gat á hurðinni og kveikja í og vildi hann helzt, að Gísli gerði þetta þá að kvöldi sama dags. Til þess að styggja ekki Jóhannes, tók Gísli

ekki ólíklega í þetta, en kveðst aldrei hafa ætlað sér að gera þetta, enda gerði hann ekkert til þess.

Að kvöldi hins 4. febrúar s. l., var Sigurður undir áhrifum áfengis. Var þá farinn að nálgast gjalddagi fyrsta víxilsins, sem hann hafði samþykkt fyrir kaupverði varanna. Hann fór þá einsamall í skúrinn, hellti olíu í rusl á gólfi hans og kveikti í því með eldspítu. Síðan læsti hann skúrnum og fór heim til Snorra, en þar var hann þá til húsa. Slökkviliðið kom brátt á vettvang og slökkti eldinn, án þess að hann breiddist til annarra húsa. Skemmdir urðu töluverðar á vörunum. Við mat, sem fram fór eftir brunann, reyndust vörur Sigurðar hafa verið að verðmæti kr. 81 721.56, en brunaleifar kr. 11 495.39. Skaðabætur, sem greiddar voru Sigurði, námu því kr. 69 926.17. Nokkurt þóf varð milli Sigurðar og Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f áður en samkomulag náðist um framangreindar tölur, og fylgdist Snorri mjög vel með þeim samningum. Greiðsla bótanna fór þannig fram, að Landsbanka Íslands voru greiddar kr. 64 271.28, þ. e. a. s. víxlar þeir, er Sigurður hafði samþykkt fyrir andvirði varanna ,en sjálfum voru Sigurði greiddar kr. 5654.89. Jóhanesi voru greiddar í skaðabætur fyrir brunatjón á sínum vörum kr. 12 027.96.

Sigurður kveðst ekki hafa álitið íbúðarhús vera í hættu þó að skúrinn brynni. Auk þess taldi hann, að slökkviliðið mundi á augabragði slökkva eldinn, en honum virðist hafa verið nokkuð sama um, hvort vörurnar eyðilegðust af eldi eða vatni.

Álit Jóns slökkviliðsstjóra Sigurðssonar og Sveins yfirlögregluþjóns Sæmundssonar á hættu þeirri, er stafaði af íkveikjunni í skúrnum, er þetta: „Með tilliti til þess, að hér er um lítinn skúr að ræða, með eldtraustum veggjum að skúrnum á lóðunum nr. 7 við Miðstræti og nr. 26 við Þingholtsstræti og þar sem hann er eigi áfastur við íbúðarhúsið nr. 5 við Miðstræti, og þar sem íkveikjan á sér stað um kl. 20.00 og næstum því algert logn á þeim tíma, þá teljum vér, að lífshætta hafi eigi stafað af þessari íkveikju eða yfirvofandi tjón á eignum annarra manna.“ Samkvæmt vottorði Veðurstofunnar var veður hér í bæ, þegar kveikt var í skúrnum, ENE 1 og rigning.

Þar sem ætíð hlýtur nokkur almannahætta að vera samfara íkveikju sem þeirri, er nú hefur verið lýst, þykir brot Sigurðar varða við 164. gr. 1. mgr. og 248. gr. hegningarlaganna. Með samráði sínu við ákærða Sigurð um fyrirhugaða íkveikju í skúrnum, svo og með því að greiða ákærða Sigurði 2 þúsund króna víxil í því skyni að láta brenna skúrinn, þykir ákærði Jóhannes, er átti einnig vörur í skúrnum og fékk vátryggingarfé greitt fyrir þær, hafa líka brotið ákvæði sömu hegningarlagagreina, svo og með því að reyna að fá ákærða Gísla til þess að kveikja í skúrnum, sbr. 20. gr. hegningarlaganna. Hins vegar þykja eftir atvikum

ekki vera sönnuð þau afskipti á ákærða Snorra af þessari brennu, að þau verði metin honum til refsingar út af fyrir sig.

Vegna þessa bruna hefur Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f krafizt þess, að ákærðu Sigurður, Jóhannes og Snorri verði in solidum dæmdir til að greiða sér í skaðabætur kr. 87 054.13 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. apríl s. l. (greiðsludegi bótanna) til greiðsludags. Bótakrafan sundurliðast þannig:

Greiddar bætur til Sigurðar samkvæmt mati	kr.	69 926.17
Matskostnaður	—	3 500.00
Samtals	kr.	73 426.17
Greiddar bætur til Jóhannesar samkvæmt mati ..	kr.	12 027.96
Matskostnaður	—	1 500.00
Samtals	kr.	13 527.96
Alls til beggja	kr.	87 054.13

Þessum kröfum er eigi andmælt af hálfu Jóhannesar. Af Sigurðar hálfu er talið, að hann beri ábyrgð á upphæðinni a. m. k. að sínum hluta, en vöxtum mótmælt frá fyrri tíma en stefnudegi og einnig sem of háum.

Af hálfu Snorra er kröfum þessum mótmælt sem honum óviðkomandi ,röngum og órökstuddum, enda verður hann ekki talinn skaðabótaskyldur fyrir þessa brennu frekar en refsiverður. Þar sem ástæðulaust er að efast um réttmæti matskostnaðarupphæðarinnar, teljast kröfuupphæðirnar réttar. Mótmælin gegn vaxtakröfunni þykja eigi á rökum reist, þar sem félagið gat eigi sett kröfu sína fram fyrr en raun varð á og upphæð vaxtakröfunnar er lögmæt. Þykir því krafan að öllu leyti réttmæt og verður tekin til greina gegn þeim ákærða Sigurði og ákærða Jóhannesi.

Íkveikja í Vonarstræti 4.

Kl. 3.40 aðfaranótt 18. febrúar s. l. var slökkviliðinu tilkynnt, að eldur hefði kviknað í skúr bak við húsið Vonarstræti 4 hér í bæ. Slökkviliðið fór á vettvang og slökkti og urðu mjög litlar skemmdir af eldinum. Skúr þessi var vörugeymsla H. A. Tulinius h/f og voru vörubirgðir þær, er í skúrnum voru, og vörubirgðir félagsins og skrifstofugögn inni í húsinu Vonarstræti 4 vátryggð í Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f fyrir kr. 170 000.00. Skúr þessi er steinsteyptur með timburþaki, múrhúðuðu að innan, en bárujárnklæddur að utan og er hann byggður sem bifreiðageymsla. Sambyggt skúrnum að norðan er járnklætt gamalt timburhús, 50 fermetrar að stærð, ein hæð og ris, sem notað er sem vörugeymsla Gottfred Bernhöft & Co. h/f. Eldvarnarveggur er á milli hússins og skúrsins upp að þaki hans. Við skúrþakið eru þrír smá glugg-

ar á húsinu, alveg niðri við þakklæðningu skúrsins, og járnklædd hlið hússins er um 1.5 m á hæð fyrir ofan skúrinn.

Ákærði Jóhannes hefur játað að hafa kveikt í skúrnum að beiðni ákærða Snorra og hefur Snorri játað það rétt vera. Þeir eru sammála um, að Snorri hafi beðið Jóhannes að gera þetta og boðið honum fríðindi fyrir og að þetta hafi verið gert í þeim tilgangi að svíkja út vátryggingarfé vörubirgðanna í skúrnum. Jóhannes féllst á að gera þetta. Snorri skýrir svo frá, að það hafi verið ákveðið, að Jóhannes fremdi íkveikjuna eftir nánari ákvörðun sinni. Ekki kveðst hann þó hafa nefnt við Jóhannes, að hann biði með íkveikjuna, því að Jóhannes hafi verið farinn frá sér, þegar hann (Snorri) athugaði, hvort hagur mundi vera að því að kveikja í skúrnum. Við þá athugun kveðst hann hafa séð, að tjón mundi vera að því, en þá var Jóhannes farinn og hann náði ekki í hann. Hafi svo Jóhannes kveikt í skúrnum næstu nótt og hurð skúrsins þá verið ólæst vegna þess, að læsing hennar hafði þá verið biluð í nokkra daga, en ekki vegna þess, að Snorri skildi hana eftir ólæsta vegna hinnar fyrirhuguðu íkveikju.

Hafi hurðinni að vísu verið tyllt aftur með þremur nöglum. Jóhannes skýrir svo frá, að þeir hafi átt tvö samtöl um þessa íkveikju og hafi hið síðara verið daginn fyrir íkveikjuna og hafi þeir þá ákveðið, að hún skyldi framin næstu nótt og hafi Snorri ætlað að skilja skúrinn eftir ólæstan um kvöldið, svo að Jóhannes kæmist inn í hann um nóttina. Kveðst Jóhannes ekkert hafa átt að fá fyrir íkveikjuna, nema allar vörurnar í skúrnum eyðilegðust. Jóhannes fór á dansleik um kvöldið og drakk sig ölvaðan. Eftir dansleikinn fór hann inn í skúrinn, rakti þar umbúðapappír niður af rúllu, setti hann í eitt horn skúrsins og kveikti í með eldspítu. Síðan fór hann á brott. Ekkert greiddi Snorri Jóhannesi fyrir verk þetta, og segir Jóhannes hann hafa ávítað sig fyrir að láta íkveikjuna mistakast. Skemmdir á skúrnum urðu engar við eld þennan, en í bætur fyrir skemmdar vörur af eldinum greiddi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f kr. 420.94, og tók Snorri við þeim bótum f. h. H. A. Tulinius h/f.

Undir rannsókn málsins var Jóni Sigurðssyni slökviliðsstjóra og Sveini Sæmundssyni yfirlögregluþjóni falið að athuga, hver hætta hefði getað stafað af íkveikju þessari. Um þetta hafa þeir látið uppi og staðfest álit þetta: „Með tilliti til þess að íkveikjan átti sér stað um nótt, slökkviliðið kvatt til starfa kl. 3.40, og ef að eldsins hefði eigi orðið vart eins fljótt og raun varð á, þá teljum vér nokkra hættu á, að eldurinn mundi hafa getað náð því, að brjótast upp í gegnum hið múrhúðaða þak, inn um fyrrnefndan glugga og hlið á geymsluhúsinu og þannig teflt í hættu töluverðum verðmætum annarra, geymsluhúsi og vörulager. Með tilliti til þess, að lygnt veður var, er íkveikjan átti sér stað (2—4 vindstig),

teljum vér eigi hættu á að útbreiðsla eldsins mundi hafa getað náð til fleiri húsa en fyrrnefnds geymsluhúss á lóð Kirkjuhvols." Vitað er samkvæmt vottorði Veðurstofunnar, að vindur var S 2 kl. 2 þessa nótt, en SSE 4 kl. 5 sömu nótt. Með tilliti til þessarar álitsgerðar, þykir framangreint brot ákærðu varða við 164. gr. 1. mgr. og 248. gr. hegningarlaganna.

Af hálfu Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f er þess krafizt, að ákærðu Snorri og Jóhannes verði dæmdir in solidum til að greiða félaginu hinar útlögðu skaðabætur, kr. 420.94, auk matskostnaðar o. fl. kr. 50.00, alls kr. 470.94, ásamt 6% ársvöxtum frá 28. júní s. l. til greiðsludags. Krafa þessi er samþykkt af hálfu ákærðu og verður tekin til greina.

Baldursgata 12.

Snorri Jónsson hefur í um tvö ár átt húsið nr. 12 við Baldursgötu hér í bænum. Það er skúrbyggt, lítið timburhús, járnklætt, ein hæð, frekar lág. Núverandi brunabótaverð hússins er kr. 12 700.00. Á síðastliðnum vetri bjó í húsinu ekkja með syni sínum, uppkomnum, unglingsstúlku og 10 ára telpu. Hús þetta keypti Snorri í þeim tilgangi að byggja á lóð þess. Á síðastliðnum vetri datt honum í hug að brenna húsið, ekki vátryggingarfjárins vegna, heldur til þess að losna við það af lóðinni. Eitt sinn í vetur komu þeir Snorri, Jóhannes og Þórður saman að húsi þessu, sem er í grennd við heimili Snorra. Snorri stakk þá upp á því við hina, að þeir kveiktu í húsi þessu fyrir sig, og bauð þeim kr. 5000.00 alls fyrir. Þeir gengu í húsportið og benti Snorri hinum þar á glugga, sem hann stakk upp á að þeir opnuðu og kveiktu þar í. Jóhannes heldur því fram, að Snorri hafi beðið þá að kveikja í húsinu á næturþeli og ráðlagt þeim að nota benzín við íkveikjuna. Hvorugs þessa minnist Snorri.

Snorri kveðst hafa talað um við Jóhannes og Þórð í þetta sinn að gæta þess, að enginn væri í húsinu, þegar þeir kveiktu í því. Jóhannes og Þórður eru sammála um, að þeir hafi neitað þessari beiðni Snorra. Segir Jóhannes þá hafa neitað þessu vegna þess að ekkjan svæfi í húsinu og aðstaðan til íkveikjunnar væri afleit. Þórður kveðst hafa spurt Snorra, hvort hann ætlaði að brenna fólkið inni, en Snorri hafi svarað því svo, að það gæti forðað sér.

Snorri segir Jóhannes hafa tekið fremur illa í beiðni sína um að kveikja í húsi þessu, en Þórð skár, án þess þó að lofa nokkru. Eftir þetta ræddu Snorri og Jóhannes alloft um íkveikju í þessu húsi, en þeir telja þau viðtöl ekki hafa verið alvarlega meint. Sigurður Jónsson ber, að Snorri hafi nokkrum sinnum á síðastliðnu hausti og vetri beðið sig að kveikja í Baldursgötu 12. Kveðst hann ekkert hafa gefið út á þá beiðni og aldrei hafa lofað að framkvæma hana né gert nokkuð til þess. Ekki kveðst Snorri

minnast þess að hafa beðið Sigurð að kveikja í þessu húsi, en eigi vill hann þó neita, að svo hafi verið. Hvorki Jóhannes né Þórður gerðu nokkuð til þess að kveikja í húsinu. Kveðst Þórður mjög hafa áminnt Jóhannes um að láta Snorra ekki ginna sig til þessa né annarra óhæfuverka. Snorri kveðst eitt sinn hafa sagt Jóhannesi, að hann væri hættur við að brenna húsið. Ekki kveðst hann hafa sagt Þórði þetta. Hafa talið það ástæðulaust.

Undir rannsókn málsins var Jóni Sigurðssyni slökkviliðsstjóra og Sveini Sæmundssyni yfirlögregluþjóni falið að athuga, hver hætta hefði getað stafað af íkveikju í húsi þessu, ef hún hefði verið framkvæmd. Um þetta hafa þeir látið uppi og staðfest það álit, að þó að eldur kæmi upp í Baldursgötu 12, stafaði nágrannahúsum þess eigi hætta af því og möguleikar á bjargun íbúa hússins, ef í því kviknaði, væru mjög miklir, jafnvel þó að eldurinn kæmi upp að nóttu til. Af framanskráðu er ljóst, að Jóhannes, Þórður og Sigurður hafa ekkert aðhafzt í sambandi við hús þetta, er refsingu varði og beiðni Snorra, að Sigurður kveikti í húsinu þykir ekki þannig vaxin að refsiverð tilraun sé. Aftur á móti er beiðni hans um, að Jóhannes og Þórður kveiktu í húsinu og athafnir hans í sambandi við þá beiðni þannig að refsiverð tilraun verður að teljast, og þar sem ætíð hlýtur að vera nokkur almennahætta því samfara að kveikja í íbúðartimburhúsi inn í húsaþyrpingu, enda þótt nokkur spölur sé til næstu húsa, þykir brot Snorra varða við 164. gr. 1. mgr. og 248. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaganna.

Sumarbústaður við Grafarholt.

Á síðastliðnum vetri keypti ákærði Þórður vörur fyrir 45 þúsund krónur af ákærða Snorra og útvegaði Snorri honum geymslu fyrir vörur þessar í sumarbústað nálægt Grafarholti í Mosfellssveit, en í nokkrum hluta bústaðarins var búið. Þórður skýrir svo frá, að skömmu eftir að hann flutti vörurnar í bústaðinn hafi Snorri stungið upp á því við sig að hann (Þórður) fengi meira af vörum frá sér og ákærða Sigurði í bústaðinn, vátryggði þær hátt og brenndi síðan bústaðinn með þeim í. Þessu kveðst Þórður hafa neitað og af ótta við, að Snorri léti kveikja í bústaðnum, kveðst hann ekki hafa vátryggt vörurnar í honum. Snorri neitar að hafa minnzt á íkveikju í þessum sumarbústað við Þórð og við samprófun náðist ekkert samræmi um þetta. Jóhannes heldur því fram, að Þórður hafi ætlað að kveikja í sumarbústað þessum, en hafi síðan hætt við það sökum þess, að fólk bjó í honum. Þar sem svo óljóst er, hvernig þessum hugleiðingum var háttað og þær leiddu eigi til neinna framkvæmda, verða ákærðu eigi sakfelldir fyrir þetta atriði.

Sumarbústaður í Kringlumýri.

Ákærði Sigurður Jónsson skýrir svo frá, að meðan uppi voru ráðagerðirnar um Akranessbrennuna, hafi komið til orða milli sín og Þórðar að útvega sumarbústað, sem Þórður setti vátryggðar vörur í, og kveikja síðan í honum. Út frá þessum hugleiðingum hafi Þórður eftir sinni ábendingu keypt sumarbústað einn í Kringlumýri hér við bæinn og flutt í hann vörur, þar á meðal vörur úr Grafarholtsbústaðnum. Hafi Sigurður síðan að beiðni Þórðar tekið að sér að kveikja í bústaðnum og átt að fá fyrir það 11 þúsund krónur frá Þórði. Einnig hafi komið til tals, að Sigurður hefði í þessari brennu fatnaðarvöru fyrir 4—5000 krónur. Vörur þessar voru þó aldrei fluttar í sumarbústaðinn. Segir hann tímann til þessarar íkveikju eigi hafa verið kominn, þegar rannsókn málsins hófst, og víst er, að eigi var kveikt í bústað þessum.

Þórður segir það rétt vera, að hann hafi eftir ábendingu Sigurðar keypt sumarbústað þennan og í því skyni að geyma í honum vörur, er hann hafði undir höndum, og hafði bæði í umboðssölu fyrir ýms fyrirtæki og átti sjálfur. Vörur í bústaðnum vátryggði hann hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f fyrir 180 þúsund krónur yfir tímabilið 17. maí til 7. ágúst s. l. Vörurnar, sem hann geymdi í Grafarholtsbústaðnum, flutti hann í þennan bústað. Segir hann Snorra hafa stungið upp á því við sig að brenna þennan bústað og hafi hann viljað fá að hafa vörur í honum, sem þar skyldi svo brenna. Þessu neitar Snorri og segir aldrei hafa verið á þetta minnzt þeirra á milli, og við samprófun héldu þeir hvor við sína staðhæfingu um þetta. Þórður kveðst engar vörur hafa viljað taka af Snorra í bústaðinn og ekkert hafa rætt við hann þá uppástungu hans að brenna bústaðinn. Um Sigurð í sambandi við brennu bústaðar þessa heldur Þórður því fram, að hann hafi drukkinn boðizt til að kveikja í honum fyrir 11 þúsund krónur, en Þórður hafi eytt þessu og sagt Sigurði að hætta að hugsa um þetta. Við samprófun skýrði Þórður svo frá, að hann hafi talað líklega við Sigurð um þessi efni, þannig að Sigurður hafi mátt halda, að hann vildi að kveikt yrði í bústaðnum, en þó hafi þetta aldrei verið ætlun sín í alvöru. Jóhannes hefur borið, að hann hafi heyrt Þórð og Sigurð, hvorn í sínu lagi, tala um þessi brennuáform og enn fremur heldur hann því fram, að Snorri hafi eftir Akranessbrunann sagt sér, að hann ætlaði að láta eitthvað af vörum í sumarbústað Þórðar og láta þær brenna þar og hafa þær á nafni hans (Þórðar), svo að sitt nafn kæmi þar hvergi nærri opinberlega. Í þessum sumarbústað var aldrei kveikt og eigi er vitað að nokkuð hafi verið unnið að því að fremja þar íkveikju.

Það sem að framan er rakið um þessar íkveikjuhugleiðingar, þykir eigi þannig vaxið, að ákærðu verði sakfelldir fyrir það.

Hús á Kviabryggju í Grundarfirði.

Í vetur og vor stóðu Snorra til boða til kaups eignir á Kviabryggju í Grundarfirði og átti hann viðræður við annan eiganda eignanna um þessi kaup, án þess að nokkuð yrði úr þeim. Snorri og Jóhannes ræddu eitt sinn saman um þessi væntanlegu kaup og ræddu þeir þá um þann möguleika að hafa á eignum þessum sumargistihús í sumar og láta síðan húsið brenna í haust. Snorri fullyrðir, að Jóhannes hafi borið þetta í tal, en Jóhannes man ekki hvor hóf máls á því. Hins vegar segist Snorri hafa tekið þessari hugmynd alllíklega. Eins og áður segir, varð ekki af kaupum þessum, og ákærðu gerðu ekkert til að koma íkveikjuhugmyndinni í framkvæmd og hafa þeir því eigi bakað sér refsiábyrgð með þessum hugleiðingum.

Samkomuhúsið Iðnó.

Ákærði Jóhannes skýrir svo frá, að um mót febrúar og marz s. l. hafi Sigurður sagt sér, að hann hefði verið beðinn að kveikja í samkomuhúsinu Iðnó hér í bæ og sér verið boðnar 20 þúsund krónur fyrir verkið, en hann hafi viljað fá 30 þúsund krónur fyrir það og búast við að geta fengið það og skyldi Jóhannes fá helming launanna, ef hann aðstoðaði sig við íkveikjuna. Jóhannes kveðst hafa tekið þessu líklega, en ekki lofað því. Síðar kveðst hann hafa komizt að því, að búið væri á háalofti hússins og þá hafi hann sagt Sigurði, að af þeim sökum vildi hann ekki aðstoða hann við íkveikjuna, en þá hafi Sigurður sagt, að þetta áform myndi vera úr sögunni, því að sá, sem hefði beðið sig um að kveikja í húsinu, sem Jóhannesi skildist helzt vera skrifstofustjóri samkomuhússtjórnarinnar, vildi ekki greiða sér nógu mikið fyrir það. Sigurður segir það rétt vera, að hann hafi fyrir nokkru sagt Jóhannesi, að farið hefði verið fram á við sig að kveikja í samkomuhúsinu Iðnó og að maðurinn, sem hefði farið fram á þetta við sig, vildi greiða 30 þúsund krónur fyrir verkið, en það þætti sér alltof lág upphæð og væri þetta ekki vinnandi fyrir minna en 40 þúsund krónur, en svo háa upphæð væri maðurinn ófáanlegur til að greiða. Segir hann Jóhannes hafa verið fúsan til að vinna verkið fyrir þá upphæð, sem stóð til boða, og hafi hann við og við verið að minnast á þetta við sig, sem ætíð eyddi umtali um það. Hafi þetta umtal síðan dáið útaf.

Sigurður heldur því eindregið fram, að það hafi verið tilhæfulaus uppspuni sinn, að hann hafi verið beðinn að kveikja í sam-

komuhúsinu og að þetta fleipur sitt hafi spunnizt út af einhverju „snakki og kjaftæði".

Forstjóri samkomuhússins Iðnó hefur eindregið neitað fyrir rétti, að hann vitni nokkra hæfu í því, að Sigurður hafi verið beðinn að kveikja í húsinu.

Ákærðu gerðu ekkert til að koma íkveikju þessari í framkvæmd, og verða hugleiðingar þeirra og umtal um hana eigi metnar þeim til sakfellingar.

Vélbáturinn Teddy.

Á síðastliðnum vetri gerðu ákærði Þórður og Guðmundur Guðmundsson kaupmaður, Vesturgötu 20 í Hafnarfirði, samninga um, að Guðmundur seldi Þórði vélbátinn Teddy, 20 smálesta bát, og var Snorri milligöngumaður um þessa samninga. Guðmundur gat eigi afhent bátinn í umsömdu ástandi á umsömdum tíma, og riftaði þá Þórður kaupunum.

Í sambandi við þennan bát gengu Snorri, Sigurður, Þórður og Jóhannes um skeið með þær hugmyndir að taka bátinn á leigu og senda hann hlaðinn vátryggðum vörum í söluferð með ströndum fram, eða fá eiganda bátsins til að leggja bátinn til í þessa ferð og eiga einnig í honum vátryggðar vörur og sökkva síðan bátnum í því skyni að fá vátryggingarverð farmsins. Um þetta ræddu þessir menn fram og aftur og voru með ýmsar bollaleggingar um þetta, sem allar virðast þó hafa verið meira og minna í lausu lofti. Virðist vilji þeirra til þessa verks hafa verið missterkur, en sérstaklega hefur Snorri haft forustuna í umræðum um þetta. Þetta var talfært við eiganda bátsins og stungið upp á því við hann, að vera með í þessu fyrirtæki, en annað virðast ákærðu ekki hafa gert til að koma þessu í framkvæmd. Verður eigi litið svo á, að þetta atriði sé refsivert ákærðu, og þykir eigi ástæða til að fara nánar út í atvikalýsingu þess.

Vélbáturinn France.

Aðfaranótt 13. febrúar 1944 kviknaði í v/b France, RE 159, gömlu 9 smálesta bátskrifli, sem stóð uppi í skipasmíðastöð Péturs Ottasonar hér í bænum. Jafnframt varð sprenging í bátnum og við hana losnaði þilfarið frá byrðingnum frá stefni og aftur að stýrishúsi og lyftist að framan, allt að því einn meter. Bát þennan átti ákærði Snorri á þessum tíma. Hafði keypt hann haustið áður af Sigurði Berndsen, Grettisgötu 71 hér í bæ. Afsalið er dagsett 21. október 1943 og afsalsverð talið 18 þúsund krónur. Eignayfirfærsla á bátnum stóð þá í sambandi við önnur viðskipti, og telur Sigurður sennilegt, að Snorri hafi talið sér bátinn 40—50 þúsund króna virði. Hinn 30. október 1943 vátryggði hann bátinn hjá umboðsmanni Fireman's Insurance Company hér í bæ fyrir 75

þúsund krónum. Grunur lék á, að bruni þessi og sprenging væri af völdum Snorra, og fór fram rannsókn um mál þetta, en ekkert sannaðist um upptök eldsins eða sprengingarinnar. Í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir, hefur Snorri verið mjög um það spurður, hvort hann hafi ekki verið þessa valdur eða vitað um, hver framdi þetta, en hann hefur staðfastlega synjað fyrir það, og er ósannað, að hann hafi átt þátt í þessu.

Kæra Óskars Henry Franzsonar.

Þegar ákærði Jóhannes var að flytja vörur sínar til Akraness í brennuna, fékk hann Óskar Henry Franzson bifreiðarstjóra, Vífilsgötu 2 hér í bæ, til þess að fara þangað með vörur eina ferð og var Jóhannes með honum í þeirri ferð. Ekki nefndi Jóhannes áður en ferðin var farin, að nokkur vandkvæði yrðu á að greiða gjaldið fyrir hana. Að lokinni ferðinni krafði Óskar hann um ökugjaldið kr. 390.59, en þá gat Jóhannes eigi greitt það, sagðist vera peningalaus, en lofaði að greiða það síðar. Úr því varð þó ekki. Þetta athæfi Jóhannesar varðar hann refsingu samkvæmt 248. gr. hegningarlaganna. Óskar hefur krafizt þess, að Jóhannes verði dæmdur til að greiða sér ökugjaldið, kr. 390.59, og auk þess kr. 50.00 fyrir snúninga og vinnutap vegna sviksemi hans, alls kr. 440.59. Þessa kröfu hefur Jóhannes samþykkt og verður hún tekin til greina.

Skjalafals Jóhannesar Pálssonar.

Hinn 10. og 12. febrúar s. l. fékk Jóhannes Þórð Sveinsson, bifreiðarstjóra til heimilis á Fossi í Staðarsveit, kunningja sinn, til að samþykkja fyrir sig í greiðaskyni tvo víxla, annan að upphæð kr. 7200.00, en hinn að upphæð kr. 7300.00 og til þess að rita nafn bróður Þórðar, Guðbrands Sveinssonar rafmagnsmanns, til heimilis á Fossi í Staðarsveit, sem samþykkjanda á tvo aðra víxla, annan að upphæð kr. 7500.00, en hinn að upphæð kr. 6000.00.

Jóhannes skýrir svo frá tildrögum til þess, að hann fékk Þórð til að skrifa á víxlana, að þeir Snorri Jónsson og Hallgrímur Tulinius stórkaupmaður, stjórnendur H. A. Tulinius h/f, hafi beðið sig að fá einhverja menn til þess að samþykkja víxla, sem þeir (Snorri og Hallgrímur) gætu selt í banka. Hafi þeir sagzt mundu greiða víxlana á gjalddögum og yrðu þeir því ekki samþykkjendunum til baga. Hins vegar yrði þetta þeim til góðs, því að skilvísleg greiðsla víxlanna í bankanum vekti traust bankans á samþykkjendum. Segir Jóhannes sér hafa skilizt á Hallgrími og Snorra, að ef einhver fengist til að samþykkja fyrir þá víxla í greiðaskyni, mundu þeir ef til vill láta greiða koma á móti. Jóhannes kveðst hafa lofað þeim að reyna þetta. Þeir Hallgrímur og Snorri neita

þessari skýrslu Jóhannesar. Þeir halda því fram, að víxlar þessir séu af því sprottnir, að Jóhannes hafi í vetur keypt allmikið af vörum af H. A. Tulinius h/f fyrir kr. 30 000.00 að sögn Hallgríms og greitt þær með víxlum, samþykktum af honum sjálfum. Hafi firmað síðan gefið þá út og selt Landsbankanum. Víxlar þessir áttu að sögn Hallgríms að falla í marz og apríl s. l. Þeir Hallgrímur og Snorri segjast oft hafa farið fram á það við Jóhannes, að hann tryggði greiðslu þessara víxla, t. d. með vöruvíxlum eða víxlum, sem hann útvegaði, og hafi víxlarnir, sem Þórður ritaði á, verið til komnir á þennan hátt. Við samprófun um þetta ágreiningsatriði Jóhannesar annars vegar og Snorra og Hallgríms hins vegar hefur ekkert samræmi náðst. Þeir Hallgrímur og Snorri fylltu út víxileyðublöðin að tölum til áður, en að sumu öðru leyti eftir að Þórður ritaði á þau. Eftir að Þórður hafði ritað á þá, afhenti Jóhannes Hallgrími og Snorra þá. Hallgrímur telur, að firmað hafi ekki reynt að selja þessa víxla, en Snorri telur, að Landsbankanum hafi verið boðnir þeir, en hann ekki viljað kaupa þá. Víxlar þessir voru í vörzlum firmans og í sumar hófst það handa um að innheimta þá hjá samþykkjendum. Kannaðist Guðbrandur þá eigi við að hafa ritað samþykki sitt á þá og óskaði rannsóknar um málið.

Jóhannes skýrir svo frá, að eftir að hann hafi tekið að sér að útvega víxlasamþykkjendurna, hafi hann eitt sinn verið að drekka kaffi í veitingastofu einni hér í bænum með Guðbrandi Sveinssyni og þá hafa slegið upp á því við hann, hvort hann vildi samþykkja eða skrifa upp á víxla fyrir sig. Kveðst hann hafa sagt Guðbrandi, að öruggt væri, að víxlarnir yrðu greiddir, en heldur að hann hafi ekki sagt nokkuð nánar um þetta og man, að hann nefndi hvorki hve marga víxla væri um að ræða né upphæðir þeirra. Segir hann Guðbrand hafa svarað þessu með orðunum: „Jú, ætli það ekki“, og hafi þeir ekki rætt þetta nánar og Guðbrandur engin loforð gefið um þetta. Jóhannes kveðst hafa verið með víxlana á sér og hafa beðið Guðbrand að skrifa á þá þarna í veitingastofunni, en hann hafi verið að flýta sér og ekki sagzt mega vera að því og segir Jóhannes vel mega vera, að Guðbrandur hafi sagzt ekki mega vera að því þá að athuga þetta málefni. Vegna þess asa, sem á Guðbrandi var, kveðst Jóhannes hafa spurt hann, hvort hann mætti ekki láta Þórð, bróður hans, skrifa upp á víxlana fyrir hann. Þessu heldur hann, að Guðbrandur hafi engu svarað, heldur farið út í þeim svifum. Eftir þetta talaði Jóhannes aldrei við Guðbrand um þetta. Guðbrandur minnist ekki þessa samtals í veitingastofunni né að Jóhannes hafi beðið sig að skrifa upp á víxla fyrir sig eða aðra og hann neitar að hafa nokkru sinni samþykkt, að Þórður ritaði á nokkra víxla fyrir sig. Við samprófun Jóhannesar og Guðbrands náðist ekkert samræmi um

þau atriði, er þá greinir á um. Jóhannes skýrir nú svo frá, að eftir að hann skildi við Guðbrand í veitingastofunni, hafi hann farið rakleitt í símastöðina hér í bænum og hitt Þórð Sveinsson þar af tilviljun. Virðist svo sem Þórður hafi skömmu áður ritað samþykki sitt á áðurnefnda tvo víxla í greiðaskyni við Jóhannes, eftir að Jóhannes hafði sagt honum, að þetta væri sér hagkvæmt og yrði Þórði ekki til neinna útgjalda. Þegar Jóhannes hitti Þórð í símastöðinni, eins og áður segir, tók hann víxileyðublöðin upp og bað Þórð að rita nafn Guðbrands sem samþykkjanda á þau. Það vildi Þórður ekki gera, en þá sagðist Jóhannes hafa hitt Guðbrand og beðið hann að skrifa upp á víxlana, en hann hefði ekki mátt vera að því og væri Þórði óhætt að rita á þá, enda yrðu þeir aldrei Guðbrandi til útgjalda. Þórði skildist á þessu, að Guðbrandur væri því samþykkur að vera á víxlunum og þess vegna ritaði hann nafn hans sem samþykkjanda á þá.

Sá verknaður Jóhannesar, sem nú hefur verið lýst, varðar við 155., sbr. 22. gr. hegningarlaganna. Mál Þórðar Sveinssonar er afgreitt sérstaklega.

Skjalafals Snorra Jónssonar.

Með bréfi, dagsettu 7. júní s. l., fór bróðir ákærða Snorra, Kristján Jörgen Jensen Jónsson sjómaður, Nönnugötu 8 hér í bæ, þess á leit, að rannsökuð yrði fölsun nafns síns á átta víxla, að upphæð samtals kr. 109 300.00, sem allir voru í Búnaðarbanka Íslands, og fölsun nafns síns og bróður síns, Hafliða Jónssonar sjómanns, Nönnugötu 8, á 30 þúsund króna víxil og tryggingarbréf í húseigninni Nönnugötu 8 fyrir þeim víxli, sem Pétur Pétursson stórkaupmaður, Sólvallagötu 66, ætti. Rannsókn hefur farið fram um þetta efni og hefur Snorri viðurkennt að hafa ritað nafn Jörgens og Hafliða í heimildarleysi á 30 þúsund króna víxilinn og tryggingarbréfið og nafn Jörgens í heimildarleysi á flesta víxlana og raunar ekki með leyfi hans, nema á einn þeirra.

Árið 1934 eignuðust þeir bræður Snorri, Jörgen og Hafliði húseignina Nönnugötu 8 og hafa átt han í sameign síðan. Framangreindur 30 þúsund króna víxill og tryggingarbréfið, er honum fylgir, eru dagsett 16. júní 1945, og er gjalddagi víxilsins 11. maí 1948. Þennan dag, 16. júní 1945, eða um sama leyti, keypti Pétur Pétursson stórkaupmaður víxil þennan og tryggingarbréf af Snorra, en með tryggingarbréfinu er Nönnugata 8 veðsett með þriðja veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir áhvílandi veðskuldum, Pétri Péturssyni eða þeim, sem hann framselur víxilinn. Á víxlinum er nafn Snorra sem samþykkjanda, Jörgens útgefanda og Hafliða ábekings, en nöfn þeirra allra standa undir tryggingarbréfinu. Bæði Jörgen og Hafliði hafa synjað fyrir að hafa ritað nöfn sín á þessi skjöl og Snorri hefur játað að hafa ritað þau í algeru

heimildarleysi. Hann minntist aldrei á þetta efni við Hafliða. Hins vegar skýrir hann svo frá, að hann hafi einhvern tíma minnzt á við Jörgen, að sig vantaði peninga í bili og mundi þurfa að veðsetja húsið til að fá þá. Þessu segir hann Jörgen hafa svarað á þá leið, að það gæti komið til athugunar síðar, en ekki varð af því, að Snorri nefndi þetta við hann aftur. Þessa samtals minnist Jörgen ekki. Þegar Snorri ritaði nöfn þeirra Jörgens og Hafliða á skjöl þessi, reyndi hann að líkja eftir rithöndum þeirra. Pétur Pétursson á skjöl þessi enn, en hefur veðsett þau Landsbanka Íslands. Hinir víxlarnir, sem hér koma til álita, eru þessir:

1. Kr. 10 000.00, útgefinn 4. des. 1945, gjalddagi 4. júní 1946. Samþykkjandi Snorri Jónsson, útgefandi Jörgen Kr. Jónsson.
2. Kr. 20 000.00, útgefinn 18. marz 1946, gjalddagi 20. maí s. á. Samþykkjandi og útgefandi hinir sömu.
3. Kr. 3500.00, útgefinn 23. marz 1946, gjalddagi 24. maí s. á. Samþykkjandi Snorri Jónsson, útgefandi ákærði Sigurður Jónsson, ábekingur Jörgen Kr. Jónsson.
4. Kr. 20 000.00, útgefinn 30. marz 1946, gjalddagi 30. júní s. á. Samþykkjandi Snorri Jónsson, útgefandi Jörgen Kr. Jónsson.
5. Kr. 20 000.00, útgefinn 15. apríl 1946, gjalddagi 12. júní s. á. Samþykkjandi og útgefandi hinir sömu.
6. Kr. 14 000.00, útgefinn 24. apríl 1946, gjalddagi 24. maí s. á. Samþykkjandi og útgefandi hinir sömu.
7. Kr. 1800.00, útgefinn 8. maí eða marz (illlæsilegt hvort heldur er) 1946, gjalddagi 8. ágúst s. á. Samþykkjandi Jörgen Kr. Jónsson, útgefandi Snorri Jónsson.
8. Kr. 20 000.00, útgefinn 13. maí 1946, gjalddagi 13. nóvember s. á. Samþykkjandi Snorri Jónsson, útgefandi Jörgen Kr. Jónsson.
9. Kr. 20 000.00, útgefinn 22. maí 1946, gjalddagi 20. júlí s. á. Samþykkjandi Snorri Jónsson, útgefandi Viktoría Guðmundsdóttir f. h. manns síns, Jörgens Kr. Jónssonar.

Um nafnaáritanir á víxla þessa er þannig farið, að Snorri hefur ritað sitt nafn á þá og nöfn Jörgens og Sigurðar og reyndi hann að líkja eftir rithöndum þeirra við áritanir nafna þeirra, en eiginkona Jörgens, Viktoría Guðmundsdóttir, ritaði sem útgefandi f. h. Jörgens á síðasttalda víxilinn. Víxlana nr. 1—8 seldi Snorri Búnaðarbanka Íslands, en víxill nr. 9 var seldur bankanum fyrir Snorra hönd eftir handtöku hans og með honum greiddur víxill nr. 2. Snorri og Sigurður eru sammála um, að víxill nr. 3 sé framlengingarvíxill eldri víxils, sem Sigurður telur upphaflega hafa verið kr. 12 000.00, en Snorri telur hafa verið allháan, en man ekki upphæð á. Var Sigurður upphaflega útgefandi þess víxils og

hafði leyft Snorra að rita nafn sitt á framlengingarvíxla hans, ef hann næði ekki í sig, þegar framlengja þyrfti. Þessarar heimildar neytti Snorri, þegar hann ritaði nafn Sigurðar á víxilinn og vegna hennar. Þykir hann eigi hafa unnið til refsingar með nafnaritun þessari.

Víxillinn nr. 7 er framlenging eldri víxils, sem upphaflega nam kr. 3300.00, eða kr. 3500.00. Þann víxil samþykkti Jörgen og Snorri gaf hann út. Jörgen er togarasjómaður og því oft fjarverandi heimili sínu. Hann og Snorri eru sammála um, að Jörgen hafi átt og eigi að greiða þennan víxil og að Jörgen hafi falið Snorra að „sjá um víxilinn" í fjarveru sinni og fengið honum fé til afborgunar af honum. Snorri greiddi af víxlinum og framlengdi eftirstöðvarnar með víxli nr. 7. Verður að líta svo á, að hann hafi haft heimild Jörgens til þess að rita nafn hans á víxil þennan og því eigi hafa unnið til refsingar með nafnritun þessari.

Víxillinn nr. 9 er ritaður eftir að Snorri var hnepptur í gæzluvarðhald. Eiginkona hans og fangavörður voru milligöngumenn um að fá samþykki hans á víxilinn og virðist hann hafa ætlazt til, að Jörgen gæfi hann út, enda þótt víxill þessi væri til framlengingar víxli, sem hann hafði falsað nafn Jörgens á. Hann átti eigi þátt í því að fá konu Jörgens til að gefa út víxilinn fyrir Jörgens hönd, og verður hann sýknaður af refsiábyrgð á þessum víxli.

Á aðra víxla en víxlana nr. 7 og 9 ritaði Snorri nafn Jörgens í heimildarleysi. Þó ber þess að geta, að Snorri hefur frá upphafi haft með höndum fjárreiður þeirra bræðra varðandi húseign þeirra, Nönnugötu 8. Vegna húskaupanna voru þeir saman á víxlum og heldur Snorri því fram, að hann hafi haft leyfi Jörgens til að rita nafn hans á framlengingarvíxla þessara húsvíxla. Þess minnist Jörgen ekki. Telur Snorri að um 27—28 þúsund af upphæðum þeirra víxla, sem hér um ræðir, eigi rót sína að rekja til þessara gömlu húsvíxla, en sé orðið flækt inn í síðari víxlaviðskipti, svo að illt sé úr því að greiða. Lögð hafa verið fram af Snorra hálfu tvö skjöl undirrituð af Jörgen. Í hinu fyrra, dagsettu 20. nóvember 1941, veitir hann Snorra leyfi til að undirrita fyrir sína hönd skuldabréf eða aðrar skuldbindingar viðvíkjandi láni því, sem taka eigi vegna nýbyggingar á Nönnugötu 8. Í hinu, sem dagsett er 18. apríl 1942, veitir Jörgen Snorra fullt og ótakmarkað umboð til þess fyrir sína hönd að taka lán út á húseignina og undirrita fyrir sína hönd öll skjöl þar að lútandi. Segir svo, að umboð þetta nái til að breyta áhvílandi lánum á eigninni og taka lán hjá hvaða lánstofnun sem sé eða einstökum mönnum. Þessi umboð ná einungis til ráðstafana varðandi húseignina og geta þau ekki réttlætt misnotkun Snorra á nafni Jörgens á víxlunum, sem eigi stóðu í neinu beinu sambandi við húseignina og eigi óbeinu heldur, að sögn Snorra, nema að fremur litlu leyti. Notkun Snorra á framan-

nefndum skjölum, víxlum og tryggingarbréfi, er hann hafði í heimildarleysi ritað nöfn Jörgens og Hafliða á, verðar við 155. gr. 1. mgr. hegningarlaganna.

Niðurlag.

Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna þykja refsingar hinna ákærðu fyrir brot þau, er nú hafa verið rakin, eftir atvikum hæfilega ákveðnar þannig, að Snorri og Jóhannes sæti hvor fangelsi í 6 ár, Ástráður og Sigurður í 3 ár og 6 mánuði hvor, Gísli í 2 ár, Þórður í 18 mánuði, Baldur í 15 mánuði og Þorgils í 1 ár.

Snorri hefur setið í gæzluvarðhaldi frá 21. maí s. l. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna þykir rétt að ákveða, að gæzluvarðhaldið frá 22. maí skuli koma með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Jóhannes hefur setið í gæzluvarðhaldi frá 20. maí s. l. Samkvæmt nefndri hegningarlagagrein þykir rétt að ákveða, að gæzluvarðhald hans skuli koma með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Ástráður sat í gæzluvarðaldi frá 18. til 31. maí s. l. og samkvæmt nefndri hegningarlagagrein þykir rétt að ákveða, að gæzluvarðhald hans skuli frá 20. maí koma með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Sigurður hefur setið í gæzluvarðhaldi frá 22. maí s. l. og samkvæmt nefndri hegningarlagagrein þykir rétt að ákveða, að gæzluvarðhald hans frá 29. maí skuli með fullri dagatölu koma til frádráttar refsingunni.

Þórður sat í gæzluvarðhaldi frá 24. maí til 6. júní s. l. og samkvæmt nefndri hegningarlagagrein þykir rétt að ákveða, að gæzluvarðhald hans frá 1. júní skuli með fullri dagatölu koma til frádráttar refsingunni.

Baldur sat í gæzluvarðhaldi dagana 12.—15. júlí s. l. og samkvæmt nefndri hegningarlagagrein þykir rétt að ákveða, að gæzluvarðhaldið komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta hina ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Um skaðabótakröfurnar vísast til þess, sem áður er sagt.

Hina ákærðu ber að dæma til þess að greiða skipuðum verjendum sínum málsvarnarlaun þannig: Snorri hrl. Sigurði Ólasyni kr. 2000.00, Jóhannes hrl. Eggert Claessen kr. 2000.00, Ástráður hrl. Gústaf A. Sveinssyni kr. 2000.00, Sigurður hrl. Theódór B. Líndal kr. 1500.00, Gísli hrl. Sveinbirni Jónssyni kr. 500.00, Þórður hrl. Sigurði Ólasyni kr. 800.00, Þorgils hrl. Einari B. Guðmundssyni kr. 500.00 og Baldur hrl. Magnúsi Thorlacius kr. 500.00. Hinir ákærðu, er setið hafa í gæzluvarðhaldi, greiði hver kostnað við

gæzluvarðhald sitt. Allan annan kostnað sakarinnar greiði allir hinir ákærðu in soldium að ⅕ hluta, en ⅘ hluta greiði Snorri, Jóhannes, Ástráður og Sigurður in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærðu, Snorri Jónsson og Jóhannes Sæmundur Pálsson, sæti hvor fangelsi í 6 ár.

Ákærðu, Ástráður Proppé og Sigurður Jónsson, sæti hvor fangelsi í 3 ár og 6 mánuði.

Ákærði Gísli Kristjánsson sæti fangelsi í 2 ár, ákærði ÞórðurHalldórsson í 18 mánuði, ákærði Baldur Þorgilsson í 15 mánuði og ákærði Þorgils Hólmfreð Georgsson í eitt ár.

Gæzluvarðhald ákærðu, Snorra Jónssonar, Jóhannesar Sæmundar Pálssonar, Ástráðs Proppé, Sigurðar Jónssonar, Þórðar Halldórssonar og Baldurs Þorgilssonar komi til frádráttar refsingu þeirra, svo sem ákveðið er í forsendum dómsins.

Ákærðu skulu frá birtingu dómsins sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Jóhannes Sæmundur Pálsson greiði Óskari Henry Franzsyni kr. 440.59.

Ákærðu, Snorri Jónsson og Jóhannes Sæmundur Pálsson, greiði in solidum Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f kr. 470.94 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. júní 1946 til greiðsludags.

Ákærðu, Sigurður Jónsson og Jóhannes Sæmundur Pálsson, greiði in solidum Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f kr. 87 054.13 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. apríl 1946 til greiðsludags.

Ákærðu, Snorri Jónsson, Jóhannes Sæmundur Pálsson og Gísli Kristjánsson, greiði in solidum Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f kr. 21 936.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. janúar 1946 til greiðsludags og Almennum tryggingum h/f kr. 2600.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 13. febrúar 1946 til greiðsludags.

Ákærðu, Snorri Jónsson, Jóhannes Sæmundur Pálsson, Ástráður Proppé, Sigurður Jónsson, Þórður Halldórsson og Þorgils Hólmfreð Georgsson greiði in solidum Brunabótafélagi Íslands kr. 47 290.00. Skaðabætur þessar skulu greiddar innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Skaðabótakröfum s/f Sigurfara, Árna B. Sigurðssonar, Niels Ryberg Finsen, Sigurðar Björnssonar, Odds Hallbjarnarsonar, Bjarna Ólafssonar & Co., Guðlaugs Bjarnasonar og Agnars Ívars vísast frá dómi.

Hver hinna ákærðu greiði skipuðum verjanda sínum málsvarnarlaun þannig:

Ákærði Snorri Jónsson hrl. Sigurði Ólasyni kr. 2000.00, ákærði Jóhannes Sæmundur Pálsson hrl. Eggert Claessen kr. 2000.00, ákærði Ástráður Proppé hrl. Gústaf A. Sveinssyni kr. 2000.00, ákærði Sigurður Jónsson hrl. Theódór B. Líndal kr. 1500.00, ákærði Gísli Kristjánsson hrl. Sveinbirni Jónssyni kr. 500.00, ákærði Þórður Halldórsson hrl. Sigurði Ólasyni kr. 800.00, ákærði Þorgils Hólmfreð Georgsson hrl. Einari B. Guðmundssyni kr. 500.00 og ákærði Baldur Þorgilsson hrl. Magnúsi Thorlacius kr. 500.00. Ákærðu, er setið hafa í gæzluvarðhaldi, greiði hver kostnað við gæzluvarðhald sitt. Annan sakarkostnað greiði allir hinir ákærðu in solidum að ⅕, en ⅘ hluta greiði ákærðu Snorri Jónsson, Jóhannes Sæmundur Pálsson, Ástráður Proppé og Sigurður Jónsson in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. janúar 1948.

Nr. 100/1947. **Ólafur Jónsson** (Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn
Nikulási Steingrímssyni. (Enginn)

Húsaleigumál. Útburðargerð.

Dómur hæstaréttar.

Fulltrúi borgarfógeta, Þorsteinn S. Thorarensen, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Þegar mál þetta var þingfest í hæstarétti, kom enginn fyrir dóm af hálfu stefnda, þótt honum hafi verið löglega stefnt, og hefur málið þess vegna verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 16. sept. 1947 og krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburðargerð þá, sem krafizt er. Einnig krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Með vætti þriggja vitna verður að telja sannað, að stefndi hafi í óleyfi ráðizt inn í íbúð áfrýjanda aðfangadagskvöld

jóla 1946 og veitzt þar að nafngreindum manni, sem þar var gestkomandi, með meinyrðum og hótunum. Einnig er sannað með vætti þriggja annarra vitna, að stefndi var með slík drykkjulæti og háreysti í íbúð sinni að kvöldi þess 3. janúar 1947 og langt fram eftir næstu nótt, að svefnfriður var ekki í húsinu, og tvisvar sinnum kom hann þá óboðinn inn í íbúð áfrýjanda og hagaði sér þar illa. Með þessu þykir stefndi hafa gert svo á hluta áfrýjanda, að honum sé verulega óþægilegt að hafa stefnda í húsinu, sbr. 2. gr. laga nr. 39/1943. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi að þessu leyti og leggja fyrir fógeta að framkvæma útburðargerðina. Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Fógeta ber að framkvæma útburðargerð þá, sem krafizt er.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 31. júlí 1947.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 5. þ. m., hefur gerðarbeiðandi Ólafur Jónsson Bergstaðastræti 53, krafizt þess, að gerðarþoli Nikulás Steingrímsson verði borinn út úr húsnæði því, sem hann hefur undanfarið haft á leigu í húsinu nr. 53 við Bergstaðastræti.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Húsið nr. 53 við Bergstaðastræti er eign gerðarbeiðanda Ólafs Jónssonar frá því 15. sept. 1945, og býr gerðarbeiðandi á efri hæð hússins og hefur þar til afnota 2 herbergi og eldhús. Á sömu hæð býr enn fremur gerðarþoli Nikulás Steingrímsson og hefur einnig 2 herbergi og eldhús.

Hinn 19. marz s. l. ritar gerðarbeiðandi fógetaréttinum og krefst útburðar á gerðarþola vegna óþolandi ónæðis, er stafi af drykkjuskap hans og standi öðrum íbúum hússins fyrir næði og svefni. — Gerðarbeiðandi hafði áður lagt atriði þetta undir húsaleigunefnd, en hún gaf þann úrskurð, að gerðarþoli skyldi ekki talinn hafa fyrirgert leigurétti sínum fyrir ofangreindar sakir.

Gerðarbeiðandi hefur skýrt svo frá, að þegar hann flutti í húsið í september 1945 hafi töluvert borið á drykkjuskap gerðarþola, allt fram undir áramót 1945—46, en þá hafi gerðarþoli gengið í stúku, og hafi þá orðið nokkurra mánaða hlé á ólátum af hans völdum. Síðan hafi þau hafizt af nýju og átt sér stað oft í mánuði og oft staðið fram eftir nóttu. Til dæmis hafi drykkjulæti stafað frá gerðarþola hinn 19. og 27. desember 1946 og hinn 4. jan. 1947. Hafi þá orðið hlé þar til kvöldið 17. apríl og aðfaranótt hins 18., en þá hafi kveðið mikið að hávaða frá íbúð gerðarþola. Enn fremur hinn 11. maí s. l.

Gerðarþoli mótmælir algerlega útburðarástæðu þeirri, sem fram er færð af hendi gerðarbeiðanda. Kveðst hann aldrei neyta áfengis í heimahúsum, en fyrir komi að hann komi heim undir áhrifum áfengis, þó aldrei í fylgd með ölvuðum mönnum. Hann kveðst aldrei hafa í frammi hávaða undir þessum kringumstæðum.

Gerðarbeiðandi hefur leitt nokkur vitni málstað sínum til sönnunar. Vitnið Sigurður Magnússon skýrir svo frá, að mikill hávaði og ónæði hafi stafað af ölæði gerðarþola kvöldið 3. jan. og aðfaranótt 4. jan. s. l. Þá hafi gerðarþoli komið tvisvar óboðinn inn í íbúð gerðarbeiðanda og hegðað sér þar ósiðlega. Vitnið Elín Kristjánsdóttir kveðst hafa fengið að sofa í íbúð gerðarbeiðanda frá 8. til 23. desember 1946 og hafi tvisvar á þeim tíma komið fyrir, að gerðarþoli hafi verið ölvaður heima hjá sér, og hafi haft í frammi slíkan hávaða, að ekki hafi verið svefnfriður fyrr en langt var liðið nætur. Þá kveðst vitnið hafa verið stödd í íbúð gerðarbeiðanda kvöldið 24. desember 1946, og hafi þá gerðarþoli komið þar inn, nokkuð ölvaður. Hafi hann veitzt að Magnúsi Sigurðssyni, eiganda og íbúa neðri hæðar hússins, sem þar hafi verið staddur, með ýmiss konar svívirðingum og hótunum. Nefndur Magnús Sigurðsson hefur einnig mætt sem vitni, og hefur hann skýrt svo frá, að mikið kveði að ölæðishávaða af völdum gerðarþola, t. d. aðfaranótt 4. janúar s. l. Telur vitnið hegðun gerðarþola óviðunandi að þessu leyti. Vitnið Magnús G. Guðmundsson kveðst um s. l. áramót hafa verið statt í íbúð gerðarbeiðanda að kveldlagi. Hafi þá gerðarþoli komið þar inn óboðinn og öldrukkinn, og veizt að Magnúsi Sigurðssyni, sem þar var staddur, með ókvæðisorðum. Kveðst vitnið oft síðan hafa komið á heimili gerðarbeiðanda að kveldlagi, en aldrei hafa orðið vart neins ónæðis af völdum gerðarþola. Vitnið Sigmar S. Jónsson, sem kveðst hafa verið daglegur gestur á heimili gerðarbeiðanda s. l. ár, skýrir svo frá, að komið hafi fyrir, að gerðarþoli hafi verið undir áhrifum áfengis, en að sínu áliti hafi þó ekki stafað af því neitt ónæði. Vitnið Guðrún Sigurjónsdóttir kveðst hafa verið tíður gestur hjá gerðarbeiðanda, eftir að hann flutti í hús þetta, og hafi hún þá oft orðið vör við drykkjulæti í íbúð gerðarþola, stundum kvöld eftir

kvöld, og hafi það staðið íbúum hússins fyrir svefni lengi nætur. Reyndar kveðst hún ekki hafa orðið vör við hávaða af völdum gerðarþola á s. l. vetri.

Gerðarþoli hefur einnig leitt nokkur vitni, og bera þau öll á þann veg, að þau telji hegðun gerðarþola sem íbúa hússins óaðfinnanlega með öllu. Ekkert vitna þessara býr í húsinu, en kveðast koma oftlega á heimili gerðarþola. Gerðarþoli mótmælir því að gerðarbeiðandi hafi nokkru sinni fundið að hegðun sinni við sig, áður en mál þetta var höfðað fyrir húsaleigunefnd.

Það verður að telja nokkurn veginn sannað, að gerðarþoli hafi aðfaranótt hins 4. janúar s. l. haft í frammi yfirgang við gerðarbeiðanda og fólk á hans vegum. Hins vegar verður ekki talið sannað, gegn mótmælum gerðarþola, að hann hafi gert íbúum hússins ónæði með framferði sínu eftir þann tíma, né heldur að gerðarbeiðandi hafi kvartað við gerðarþola vegna illar hegðunar hans, áður en útburðarmál þetta var höfðað.

Verður samkvæmt framansögðu ekki talið, að gerðarþoli hafi brotið af sér leigurétt sinn af þeim ástæðum, sem gerðarbeiðandi hefur gefið honum að sök. Ber því að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Samning úrskurðar þessa hefur dregizt vegna veikinda fógeta.

Því úrskurðast:

Gerð þessi skal ekki fram fara.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 2. febrúar 1948.

Nr. 57/1946. **Magnús Andrésson**

gegn

Þórshamri h/f.

Dómur hæstaréttar.

Í þinghaldi 30. f. m. var þess krafizt af hálfu áfrýjanda, að mál þetta yrði hafið.

Af hálfu stefnda var sótt þing og krafizt ómaksbóta.

Málið er hafið og greiði áfrýjandi Magnús Andrésson stefnda Þórshamri h/f 300 krónur í ómaksbætur að viðlagði aðför að lögum.

Þriðjudaginn 3. febrúar 1948.

Nr. 44/1947. **Júlíus Þórðarson.** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Halldóri Jónssyni (Enginn).

Vísun máls frá hæstarétti. Sératkvæði.

Dómur hæstaréttar.

Af hendi stefnda hefur enginn komið fyrir hæstarétt í máli þessu, enda þótt löglega hafi verið stefnt, og hefur málið því verið skriflega flutt samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. maí 1947, krefst aðallega frávísunar frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda í máli þessu. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefur lagt fram í hæstarétti yfirlýsingu stefnda, dags. 21. marz 1947. Lýsir hann þar yfir því, að málið hafi verið höfðað í héraði af nafngreindum hæstaréttarlögmanni án heimildar frá sér, enda hafi áfrýjandi „ekki komið nærri samningi þeim, sem krafa mín (þ. e. stefnda) er byggð á, að öðru leyti en því að skrifa undir hann sem vitundarvottur."

Ekki er fullsannað, að umgetinn hæstaréttarlögmann hafi skort umboð til höfðunar málsins, þar sem hann hefur ekki átt þess kost að koma fram athugasemdum af sinni hálfu. En með því að framangreind yfirlýsing stefnda verður ekki skilin á annan veg en þann, að hann telji sig ekki eiga þá kröfu, sem sótt var á hendur áfrýjanda í héraði, og að hann ætli ekki að neyta dómsins til heimtu hennar, þá verður ekki séð, að áfrýjandi hafi nein efni til áfrýjunar þessarar. Ber því að vísa málinu frá hæstarétti.

Samkvæmt þessari niðurstöðu á málskostnaður fyrir hæstarétti að falla niður.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hrd.

Ég get ekki fallizt á framangreint atkvæði.

Í máli þessu hefur áfrýjandi lagt fram vottorð frá stefnda þess efnis, að málið hafi verið höfðað í héraði án umboðs frá honum og að óvilja hans. Liggur ekkert fyrir, sem rýri gildi vottorðs þessa. Með skírskotun til framan ritaðs tel ég að ómerkja beri hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi, svo sem áfrýjandi hefur krafizt.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti þykir mér eiga að falla niður.

Dómsorð mitt mundi því vera á þessa leið:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. marz 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., hefur Halldór Jónsson útgerðarmaður, Akranesi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 24. júní 1946 gegn Júlíusi Þórðarsyni framkvæmdarstjóra, Vesturgötu 43 Akranesi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 3180.23 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda, en til vara, að honum verði aðeins gert að greiða kr. 300.00. Þá hefur stefndi í báðum tilvikum krafizt málskostnaðar að mati dómarans. nesi félag, er hét Olíufélag (sic) Akraness. Skyldi félag þetta vera samvinnufélag. Þann 21. janúar s. á. var félag þetta tilkynnt til samvinnufélag. Þann 21. janúar s. á. var félag þetta tilkynnt til samvinnufélagaskrár Akraness. Er tilkynningin dagsett sama dag. Þá um leið var greitt skrásetningargjald, gjald fyrir prókúrutilkynningu og upp í kostnað við auglýsingu í Lögbirtingarblaðinu. Stefndi var í stjórn félags þessa. Auglýsing um stofnun og skrásetningu félags þessa birtist þó ekki fyrr en í Lögbirtingablaði, er út kom 14. nóvember 1946. Þann 28. janúar 1944 gerði formaður stjórnar

félagsins, sem einnig var prókúruhafi þess, fyrir hönd félagsins samning við stefnanda um flutning á benzíni. Var stefndi vottur að samningsgerð þessari. Olíusamlagið stóð eigi í skilum með greiðslur vegna samnings þessa, og höfðaði stefnandi því mál á hendur því til heimtu inneignarinnar. Með dómi uppkveðnum á bæjarþingi Akraneskaupstaðar 20. september 1945 var Olíusamlag Akraness dæmt til að greiða stefnanda kr. 2425.00 með 5% ársvöxtum frá 3. júlí 1945 til greiðsludags og kr. 631.00 í málskostnað. Olíusamlagið hefur ekki goldið dómskuld þessa, enda mun það vera eignalaust.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að honum hafi verið algerlega ókunnugt um, að Olíusamlagið var samvinnufélag, fyrr en undir rekstri máls þessa. Hafi hann alltaf talið, að félagsmenn bæru ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Telur stefnandi, að þótt tilkynning um að Olíusamlagið væri samvinnufélag hafi borizt lögreglustjóra Akraness innan lögmælts tíma, þá leiði það af ákvæðum 17. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 46 frá 1937, að skrásetning þessi hafi ekki gildi gagnvart sér. Af þessum orsökum beri að líta á félagið sem óskrásett á þeim tíma, sem viðskipti þessi áttu sér stað, en samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 9. gr. samvinnufélagalaganna beri stjórnendur og félagsmenn persónulega ábyrgð á skuldbindingum slíkra félaga. Nú hafi stefndi verið og sé í stjórn félagsins og beri hann því persónulega ábyrgð á skuldbindingum þess. Fjárhæð stefnukröfunnar er aðalfjárhæð dómkröfunnar á hendur Olíusamlagi Akraness, málskostnaður og vextir til 24. júní 1946.

Í hinum munnlega málflutningi byggði stefndi sýknukröfu sína á því, að verði litið á Olíusamlag Akraness sem óskrásett samvinnufélag samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga um samvinnufélög, þá leiði það af ákvæðum 2. mgr. 9. gr. sömu laga, að hann beri ekki persónulega ábyrgð á skuld þessari, því í nefndri lagagrein segi, að stjórnendur eða félagsmenn í félagi, sem ekki er skrásett, beri aðeins ábyrgð á skuldbindingum, er þeir hafi gert fyrir félagsins hönd. Samning þann milli Olíusamlags Akraness og stefnanda, sem krafan er risin af, hafi prókúruhafi félagsins gert fyrir þess hönd. Stefnandi geti því ekki krafið sig, enda skipti engu máli í þessu sambandi, þótt hann hafi verið vottur við samningsgerðina. *Varakröfu* sína byggir stefndi á því, að Olíusamlag Akraness hafi frá upphafi verið samvinnufélag og ábyrgð félagsmanna á skuldbindingu félagsins því takmörkuð. Félagið hafi verið tilkynnt til samvinnufélagsskrárinnar innan lögmælts tíma og skrásetningar- og birtingargjald greitt um leið. Dráttur sá, er á birtingu tilkynningarinnar varð í Lögbirtingarblaðinu, hafi verið skrásetningarvaldsmanninum einum um að kenna og geti ekki orðið félagmönnum til óhagræðis. Þá hljóti stefnanda að hafa verið um það kunn-

ugt eða mátt vera það, að hér var um samvinnufélag að ræða. Samkvæmt ákvæðum 3. gr. samþykktar Olíusamlags Akraness beri félagsmenn aðeins ábyrgð á fjárreiðum félagsins með stofnsjóðsinnstæðu sinni og kr. 300.00 að auki. Sá þetta í samræmi við ákvæði 8. tl. 5. gr. laganna um samvinnufélög. Inngangseyrir í félagið hafi verið kr. 10.00 og tillag í stofnsjóð kr. 300.00 (í tilkynningu talið kr. 100.00), en hvorttveggja hafi hann þegar greitt. Af þessu leiði, að sér beri ekki að greiða meira en kr. 300.00 af skuldum félagsins.

Það er fram komið, að Olíusamlag Akraness var tilkynnt til samvinnufélagaskrár Akraness innan lögmælts tíma samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 46 frá 1937. Þá voru einnig greidd venjuleg skrásetningargjöld. Eins og að framan greinir, varð hins vegar ekki af birtingu tilkynningar fyrr en 17. nóvember f. á. Í 17. gr. nefndra laga segir svo: „Nú hefur lögskipuð birting eigi fram farið, og hefur skrásetning þá eigi þýðingu gagnvart öðrum en þeim, er sannanlega höfðu vitneskju um hana.“ Gegn eindregnum mótmælum stefnanda er ósannað, að honum hafi verið kunnugt um skrásetningu þessa fyrr en eftir að til skuldar þessarar var stofnað. Verður því skrásetningin eigi talin hafa þýðingu gagnvart stefnanda, að því er þau skipti varðar, er hér um ræðir. Í 2. mgr. 9. gr. sömu laga segir svo: „Í félagi, sem ekki er skrásett, bera stjórnendur þess eða félagsmenn sem eintaklingar ábyrgð á þeim skuldbindingum, er þeir gera fyrir félagsins hönd.“ Samningur á milli stefnda og Olíusamlags Akraness, er hér um ræðir, er af hálfu Olíusamlagsins undirritaður þannig: „pr. pr. Olíusamlag Akraness. Gunnl. Jónsson“, en maður sá var formaður stjórnar félagsins og prókúruhafi. Stefndi var hins vegar vottur að samningsgerðinni og ritaði undir hana sem slíkur. Af þessu er ljóst, að stefnda var kunnugt um samningsgerð þessa. Þar sem nefndur Gunnlaugur Jónsson undirritaði samninginn sem prókúruhafi, verður hann talinn hafa gera það á ábyrgð og í umboði félagsstjórnarinnar. Með vísan til alls þessa verður að telja, að afstaða stefnda við nefnda samningsgerð hafi verið slík, að fullnægt sé skilyrðum þeim til persónulegrar ábyrgðar stjórnenda, sem sett eru í 2. mgr. 9. gr. nefndra laga.

Samkvæmt þessu verður hvorki aðalkrafa né varakrafa stefnda til greina tekin og hann talinn bera persónulega ábyrgð á greiðslu framangreindrar kröfu.

Fjárhæð kröfu stefnanda hér fyrir dómi hefur ekki sætt neinum rökstuddum andmælum og verður hún því tekin til greina óbreytt með vöxtum svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi Júlíus Þórðarson greiði stefnanda Halldóri Jónssyni kr. 3180.23 með 6% ársvöxtum frá 24. júní 1946 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 3. febrúar 1948.

Nr. 116/1947. **Valdstjórnin** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Evald Hentze (Hrl. Lárus Fjeldsted).

Fiskveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Hjálmar Vilhjálmsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Skólastjóri Stýrimannaskólans hefur samkvæmt mælingum skipherra varðskipsins markað á sjóuppdrátt staðinn, þar sem kærði var að dragnótaveiðum hinn 30. september f. á. Reyndist staður þessi 1 sjómílu innan landhelgilínu.

Samkvæmt þessu og að því athuguðu, að gullgildi krónunnar hefur haldizt óbreytt frá uppsögu héraðsdóms, þykir mega staðfesta héraðsdóminn, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði Evald Hentze greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna

Gunnars Þorsteinssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Seyðisfjarðarkaupstaðar 1. október 1947.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Evald Hentze, skipstjóra á færeyska vélskipinu „Álvur" S.A. 98 frá Skopen í Færeyjum, fyrir ætlað brot á 1. gr. laga nr. 33 frá 19. júní 1922, sbr. lög nr. 45 frá 13. júní 1937 og lög nr. 26 frá 12. febrúar 1940, svo og til greiðslu málskostnaðar.

Kærði, sem náð hefur lögaldri sakamanna, er fæddur 30. marz 1909, hefur ekki, svo vitað sé, áður sætt ákæru né refsingu fyrir fiskiveiðalagabrot hér á landi.

Um hádegi í gærdag var varðskipið Ægir á eftirlitsferð suður af Glettinganesi. Sást þá færeyska vélskipið „Álvur" S.A. 98, sem kærði er skipstjóri á, að dragnótaveiðum út af Loðmundarfirði. Skömmu síðar nam varðskipið staðar við hlið v.s. „Álvur", þar sem það lá við dufl og var að draga inn dragnót sína.

Kl. 13.05 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun í varðskipinu Ægi við hliðina á v.s. „Álvur":

Brimnestá
> 44° 22'
Skælingur
> 59° 05' Dýpi 93 metrar, er gefur
Glettinganesviti

staðinn 0,9 sjómílur innan landhelgislínu samkvæmt því, sem segir í skýrslu skipherrans á varðskipinu Ægi.

Kærði, skipstjórinn á v.s. „Álvur", var nú sóttur og honum sýnt á kortinu, hvar hann var að veiðum, og einnig sýndar hornamælingar, og viðurkenndi hann framangreinda staðarákvörðun rétta.

Kærði hefur játað, að hann hafi verið á v.s. „Álvur" innan landhelgislínu að dragnótaveiðum, en hann kvaðst hafa haldið, að hann væri utan landhelgislínu. Byggði hann þetta á athugunum sínum, en viðurkennir, að þær hafi verið ónákvæmar og rangar, sér muni hafa skjátlazt, en staðarákvörðun varðskipsins sé rétt.

Með skýrslu skipherrans á varðskipinu Ægi og eigin játningu kærða er sannað, að hann hafi verið að fiskveiðum í landhelgi með dragnót.

Með því að skip kærða er aðeins 28.71 smál. brúttó að stærð, verður brot hans ekki heimfært undir lög nr. 45 frá 13. júní 1937 um bann við dragnótaveiðum í landhelgi, sbr. lög nr. 26 frá 12. febr. 1940. Hins vegar hefur kærði með fiskveiðum sínum í landhelgi gerzt brotlegur við ákvæði laga nr. 33 frá 19. júní 1922 um rétt

til fiskveiða í landhelgi, 1. gr. og varðar það hann refsingu samkvæmt 13. gr. sömu laga, sbr. enn fremur lög nr. 4 frá 11. apríl 1924.

Refsing kærða þykir, með hliðsjón af gullgengi íslenzkrar krónu í dag, 33.90 miðað við 100, hæfilega ákveðin 7300 króna sekt til ríkissjóðs Íslands, og komi 60 daga varðhald í stað hennar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Enn fremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir svo og afli innanborðs í v/s „Álfur" S. A. 98, vera upptækt og eign ríkissjóðs.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma kærða til þess að greiða allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði Evald Hentze greiði 7300 króna sekt til ríkissjóðs Íslands, og komi 60 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og öll veiðarfæri, sem eru í v/s „Álvur", S. A. 98, þar með taldir dragstrengir, sé upptækt og eign ríkissjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. febrúar 1948.

Nr. 105/1945. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Hrl. Kristján Guðlaugsson)
gegn
Hjörleifi Jónssyni f. h. ólögráða sonar hans, Harðar Ágústs, og gagnsök
(Hrl. Magnús Thorlacius).

Bifreiðamál. Skaðabótamál.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 25. ágúst 1945, gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði algerlega sýknaður, en til vara, að fébætur verði lækkaðar. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, hvor krafan sem tekin verði til greina.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu af sinni hálfu til

hæstaréttar með stefnu 5. október 1945, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. sama mánaðar. Gerir hann þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 6325.40 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. marz 1942 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir undirrétti og hæstarétti eftir mati hæstaréttar.

Ökumanni herbifreiðarinnar var kunnugt eða átti a. m. k. að vera kunnugt, að smábörn væru í nánd við bifreið hans, er hann ók aftur á bak upp Klapparstíg og inn í Sölvhólsgötu í umrætt skipti. Bar honum því að gæta ýtrustu varkárni við aksturinn. Á þessu virðist hafa verið misbrestur og er því sá, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, fébótaskyldur vegna slyssins, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941. Eigi þykja ástæður til skiptingar tjónsins samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941, þar eð um tæplega 5 ára gamalt barn var að ræða. Samkvæmt lögum nr. 99/1943 á því gagnáfrýjandi rétt á að krefjast fullra fébóta úr hendi aðaláfrýjanda.

Bætur fyrir þjáningar þykja hæfilega ákveðnar kr. 2500.00. Að því er aðra kröfuliði snertir, á héraðsdómurinn að vera óraskaður. Ber því aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda samtals kr. 3625.40 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. marz 1942 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað bæði í undirrétti og hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 1200.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Hjörleifi Jónssyni f. h. ólögráða sonar hans, Harðar Ágústs, kr. 3625.40 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. marz 1942 til greiðsludags og samtals 1200 krónur í málskostnað fyrir báðum dómum, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. maí 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. þ. m. hefur Hjörleifur Jónsson bifreiðarstjóri, hér í bæ, f. h. ófjárráða sonar síns Harðar Ágústs,

höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 16. nóv. s. l. gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 6325.40 með 6% ársvöxtum frá 10. marz 1942 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans, en *til vara*, að sök á síðargreindu slysi verði skipt og kröfur stefnanda lækkaðar, en málskostnaðar látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að þann 10. marz 1942 varð sonur stefnanda, Hörður Ágúst, sem þá var 4 ára að aldri, undir ameríska herbifreið og hlaut nokkur meiðsl af.

Sjónarvottur að slysi þessu hefur skýrt svo frá, að dag þenna, um kl. 14, hafi ameríska herbifreið verið ekið aftur á bak upp Klapparstíg og síðan sveigt til vinstri inn í Sölvhólsgötu. Segir maður þessi, að hægri hlið bifreiðarinnar hafi snúið að sér, en á stigþrepi bifreiðarinnar þeim megin hafi setið tveir litlir drengir. Er drengirnir hafi séð sig, hafi þeir stokkið niður af þrepinu. Hafi þá annar drengurinn dottið og orðið með vinstri fót fyrir hægra framhjóli bifreiðarinnar. Kveðst maður þessi þá hafa kallað til bifreiðarstjórans að stanza, sem hann hafi og þegar gert, enda bifreiðin á mjög hægri ferð, en meiðslum á drengnum hafi þó ekki orðið afstýrt, þar sem hann hafi fallið með fótinn alveg við hjólið. Sæti bifreiðarstjórans kveður maður þessi hafa verið vinstra megin á bifreiðinni og hafi bifreiðarstjórinn horft út um hliðargluggann þeim megin. Hinn slasaði drengur, sem reyndist vera Hörður Ágúst, var síðan fluttur á sjúkrahús og gert að meiðslum hans og lá hann á sjúkrahúsi til 31. marz s. á.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að bifreiðarstjóri hinnar amerísku bifreiðar eigi alla sök á nefndu slysi. Honum hafi borið að líta vel í kringum sig, þegar hann ók aftur á bak upp götu og beygði inn í aðra götu, en ekki hafi verið nægilegt að líta aðeins til vinstri handar. Hafi hann því sýnt gáleysi og aðgæzluleysi við aksturinn.

Með lögum nr. 99 frá 1943 hafi ríkissjóður tekið á sig bótaábyrgð á öllu tjóni, er íslenzkir ríkisborgarar biði af aðgerðum hernaðaryfirvalda Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi eða af völdum manna úr herliði þeirra. Stefnda ber því að bæta allt það tjón, er orðið hafi af slysi þessu.

Stefndi, sem hefur ekki mótmælt því, að áðurgreind lög komi hér til, byggir sýknukröfu sína á því, að drengurinn Hörður Ágúst eigi sjálfur alla sök á hvernig fór, en bifreiðarstjóranum verði á engan hátt um það kennt. Drengirnir hafi setzt á stigþrep bifreiðarinnar án vitundar bifreiðarstjórans og honum hafi eigi verið gerlegt að sjá þá þar, eða vara sig á veru þeirra þar, en það sé eðlilegt, að hann hafi horft út um vinstri gluggann, þar sem

stýri bifreiðarinnar sé þeim megin og hann hafi ekið aftur á bak til vinstri inn í Sölvhólsgötuna.

Skýrslu bifreiðarstjórans um atburð þennan hefur eigi verið unnt að afla, þar sem hann er erlendur hermaður, og áðurgreindur sjónarvottur er sá einasti, er um það hefur borið, en aðiljar eru sammála um, að skýrslu þá skuli leggja til grundvallar um slysið.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 skal sá, er ábyrgð ber á bifreið, bæta það tjón, er hlýtzt af notkun bifreiðar, nema leitt sé í ljós, að slysi eða tjóni hefði ekki orðið afstýrt, þótt bifreið hefði verið í lagi og ökumaður hefði sýnt fulla aðgæzlu og varkárni.

Það verður að vísu að telja fram komið í máli þessu, að bifreiðarstjórinn ók hægt í umrætt sinn, en ekki er leitt í ljós, hvort bifreiðin hafði lengri viðdvöl en þá, sem nauðsynleg var, til að beita henni aftur á bak, áður en henni var ekið upp Klapparstíg og inn í Sölvhólsgötu. Þá er og ekkert upp komið um það, hvenær drengirnir settust á stigþrep bifreiðarinnar, né hvort bireiðarstjórinn hafði orðið þeirra var. Aðstæður geta því hafa verið þannig, að bifreiðarstjórinn hafi einnig átt að líta út hægra megin í aðgæzluskyni, áður en hann ók bifreiðinni aftur á bak. Ef hann hefði gert það, verður að gera ráð fyrir, að hann hefði komið auga á drengina á stigþrepinu og slysinu þá orðið afstýrt. Er því eigi sýnt fram á, að slysið hefði hlotið að vilja til, þrátt fyrir alla aðgæzlu af hálfu bifreiðarstjórans, og verður því sýknukrafa stefnda eigi tekin til greina.

Hins vegar verður að telja, að með því að setjast á stigþrep bifreiðarinnar, hafi drengurinn Hörður Ágúst hagað sér svo óvarlega (sbr. 5. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur), að rétt þykir, með skírskotun til ákvæða 3. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna, að skipta ábyrgð á tjóninu milli aðilja þannig, að stefndi beri bótaábyrgð að hálfu á tjóni því, er drengurinn Hörður Ágúst hlaut við slys þetta.

Skaðabótakröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Húshjálp	kr.	600.00
2.	Lyf og umbúðir	—	130.00
3.	Bifreiðakostnaður	—	29.50
4.	Fataskemmdir	—	44.90
5.	Sjúkrahússreikningur ..	—	176.00
6.	Læknishjálp	—	300.00
7.	Röntgenskoðun	—	25.00
8.	Læknisskoðun	—	20.00
9.	Þjáningabætur	—	5000.00
		Alls kr.	6325.40

Um 1. Stefnandi hefur skýrt svo frá, að vegna meiðsla drengsins hafi verið nauðsynlegt að fá stúlku til aðstoðar á heimilið, en

þar séu í heimili 5 ung börn, en móðirin heilsuveil. Stúlka þessi hafi komið þann 10. marz 1942 og verið til 17. júní 1942 og hafi fengið goldið í kaup kr. 600.00.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum og málinu óviðkomandi.

Svo sem að framan getur, var Hörður Ágúst á sjúkrahúsi frá 1⅔—3⅓ 1942 og verður ekki talið, að ástæða hafi verið til að fá aukna húshjálp þann tíma. Hins vegar er fram komið í málinu, að eftir að hann kom heim af sjúkrahúsinu, þurfti hann allmikillar hjúkrunar, og þykir því eðlilegt, að fengin væri stúlka á heimilið til aðstoðar. Með tilliti til þessa þykir stefnandi eiga rétt á bótum samkvæmt þessum lið og teljast þær hæfilega ákveðnar kr. 400.00.

Um 2—8. Liðir þessir eru viðurkenndir og verða því teknir til greina að öllu leyti.

Um 9. Meiðsli þau, er Hörður Ágúst hlaut í umrætt sinn, voru þau, að á innanvert vinstra hné kom 16—18 cm langur skurður, S-laga, nokkuð tættur og mjög óhreinn. Húðsepi, lófastór, var laus og holt upp undir hnéskel, en sárið náði þó ekki inn í hnéliðinn. Gert var að sárunum þegar í stað, og lá hann á sjúkrashúsi til 31. marz s. á., en fór þá heim. Var þó áfram undir læknishendi, þar sem gróf í sárinu og það greri illa. Læknir virðist hafa stundað drenginn til 11. marz 1943 (sic), en eftir það virðist hjúkrun í heimahúsum hafa verið látin nægja.

Þann 25. október 1944 var Hörður Ágúst skoðaður af Jóhanni Sæmundssyni tryggingayfirlækni. Segir svo í vottorði hans: „Örið innan á vinstra hné liggur upp og niður, er allt að 15 cm langt, 3 cm breitt mest, fullgróið, laust við vefina undir hörundinu. Kipringur er í því, en ekki svo það hindri neitt hreyfingar á hnélið.“ Telur læknirinn, að varanleg örorka af þessum sökum sé ekki mælanleg.

Með skírskotun til alls þessa, svo og annars þess, sem fram er komið í málinu um þessi atriði, þá þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 1500.00.

Samkvæmt framanrituðu telst tjón stefnanda í þessu sambandi kr. 2625.40 (kr. 400.00 + kr. 130.00 + kr. 29.50 + kr. 44.90 + kr. 176.00 + kr. 300.00 + kr. 25.00 + 20.00 + kr. 1500.00), og ber stefnanda að bæta honum helming þess eða kr. 1312.70 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi.

Þá þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 350.00 í málskostnað.

Einar Arnalds, settur borgardómari, kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Hjörleifi Jónssyni f. h. ófjárráða sonar hans, Harðar Ágústs,

kr. 1312.70 með 6% ársvöxtum frá 16. nóvember 1944 til greiðsludags og kr. 350.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. febrúar 1948.

Nr. 56/1947. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Höskuldi Guðmundssyni
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Bifreiða- og umferðarlagabrot. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, settur bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Eftir að mál þetta var dæmt í héraði, hefur Aðalsteinn Ingimundarson, sem var farþegi í bifreið ákærða til Hofsóss, komið fyrir dóm, en eigi bar hann um sakaratriði neitt það, er máli skipti.

Atvik málsins eru rétt rakin í héraðsdómi. Farþegaskýli það, er ákærði hafði á bifreið sinni, var eigi gert með þeim hætti né svo fest á pall bifreiðarinnar, sem lög mæla. Farþegar ákærða voru flestir mjög ölvaðir og sumir svo ofsafengnir, að til hörku áfloga kom milli þeirra í bifreiðinni, áður en lagt var upp frá Hofsósi. Það var því mjög óvarlegt af ákærða að hefja ferð, er svo stóð á. Skammt frá Hofsósi ók ákærði fram á bifreiðina K 37, er mun hafa verið á um 30 kílómetra hraða, miðað við klukkustund. Er svo var ástatt um farþega og bifreið ákærða, sem að framan er lýst, bar ákærða að gæta ýtrustu varkárni og aka mjög hægt, alls ekki hraðar en bifreið sú, er á undan honum var. Þrátt fyrir þetta ók ákærði út af veginum til vinstri og fram úr K 37. Er hann var að fara yfir ræsi það, sem lýst er í héraðsdómi, og inn á veginn, kastaðist bifreiðin svo til, að einn farþeganna, Sigurbergur Steinsson, féll út úr farþegaskýlinu til jarðar, og leiddi það fall til dauða hans skömmu síðar. Þessi akstur ákærða, sem mannsbani hlauzt af, var stórkostlega

gálaus, og sýndi ákærði með honum fullkomið ábyrgðarleysi sem bifreiðarstjóri. Eigi verður talið sannað, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum við stjórn bifreiðarinnar. Menn komu hinum slasaða farþega þegar til hjálpar og var hann fluttur án tafar áleiðis til læknis. Verður ákærði því eigi talinn hafa unnið til refsingar með aðgerðaleysi í því sambandi.

Samkvæmt framangreindu varðar hegðun ákærða við 5. tölulið 7. gr. sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 72/1937, 26., 27. og 28. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. og 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 215. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 5 mánuði.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna og 68. gr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða rétti til bifreiðarstjórnar ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Rannsókn málsins er áfátt að því leyti, að vitni, sem ekki voru samsaga um, hvort ákærði hafi neytt áfengis eða verið með áfengisáhrifum, voru eigi samprófuð né eiðfest. Þá hefur orðið óhæfilegur dráttur á rannsókninni af hendi dómarans í Skagafjarðarsýslu.

Dómsorð:

Ákærði Höskuldur Guðmundsson sæti varðhaldi 5 mánuði. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 20. nóvember 1946.

Mál þetta er höfðað gegn ákærða Höskuldi Guðmundssyni bifreiðarstjóra, til heimilis Aðalstræti nr. 12 á Akureyri, samkvæmt fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins með stefnu útgefinni 15. febrúar 1945 af réttvísinnar hálfu fyrir brot á XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febr. 1940 og af valdstjórnarinnar hálfu fyrir brot á bifreiðalögum nr. 23 frá 16. júní 1941, umferðalögum nr. 24, sama dag, og áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Háhamri í Eyjafirði 7. apríl 1914. Hann hefur ekki sætt kæru né þolað dóm fyrir neitt afbrot, svo vitað sé. Málavextir eru þessir:

Snemma að morgni hins 10. september 1944 var ákærði í máli þessu að aka vörubifreiðinni A-161 frá Hofsósi til Haganessvíkur í Skagafjarðarsýslu. Í skýli, sem var á palli bifreiðarinnar, voru nokkrir farþegar, og meðal þeirra Sigurbergur Steinsson. Nokkru eftir að bifreiðin fór frá Hofsós, féll Sigurbergur út úr skýlinu og beið bana af sama dag.

Aðdragandi og atvik að slysinu voru sem hér segir:

Ákærði vann þetta sumar með bifreiðina A-161, eign Guðmundar Jónassonar á Akureyri, við Skeiðfossvirkjunina í Fljótum í Skagafirði. Laugardagskvöldið 9. september átti að vera dansleikur í Hofsósi og réði Helgi nokkur Helgason ákærða til að flytja fólk frá Haganessvík á dansleikinn. Fékk ákærði lánað skýli fyrir fólk hjá Júlíusi Geirssyni bifreiðarstjóra í Haganesvík, til að setja á bifreiðina. Var lagt á stað um kl. 10 um kvöldið og komið til Hofsóss um klukkustund síðar. Farþegar voru þessir: Hjá bifreiðarstjóri sátu áðurnefndur Helgi Helgason og unnusta ákærða, Indiana Ásgrímsdóttir, en í skýlinu voru Sigurbergur Steinsson, Guðjón Högni Pálsson, Knud Herdner Georgsson, Pétur Joensen, Karl Jóhannsson, Skarphéðinn Veturliðason, Magnús Guðlaugsson og maður að nafni Aðalsteinn. Var fólk þetta allt að því er virðist á dansleiknum á Hofsósi næstu nótt. Snemma á sunnudagsmorguninn var aftur farið frá Hofsós og stýrði ákærði bifreiðinni, og voru allir farþegar þeir sömu og um kvöldið, nema Aðalsteinn, sem mun hafa farið með öðrum bíl, og var sama fólkið í framsæti. Telur ákærði, að klukkan hafi þá verið 4, en 2 vitni hafa borið að klukkan hafi verið um 5. Skýlið, sem sumir farþeganna voru í, virðist hafa verið venjulegt timburskýli með þremur bekkjum og hurð fyrir hverjum bekk.

Sátu farþegarnir þannig í skýlinu: Á fremsta bekk til vinstri Sigurbergur Steinsson, þá Guðjón Pálsson og Knud Herdner Georgsson yzt til hægri. Á miðbekk Pétur Joensen til vinstri og Karl Jóhannsson til hægri, og í aftasta bekk Skarphéðinn Veturliðason til vinstri og Magnús Guðlaugsson til hægri.

Karlmennirnir, sem voru farþegar í bílnum, voru allir meira eða minna ölvaðir, nema Magnús Guðlaugsson, sem ekki segist hafa fundið á sér nein áhrif áfengis, og er upplýst með eigin játningu Helga Helgasonar, að hann var svo mikið ölvaður, að hann mundi ekkert, sem gerðist á leiðinni milli Hofsóss og Haganesvíkur þennan morgun; Knuds Herdner, að hann hafi verið svo mikið ölvaður, að hann mundi ekkert, hvað gerðist í bílnum frá því lagt var af stað frá Hofsós, þar til skömmu eftir slysið, að hann rankaði dálítið við sér, og Guðjóns Pálssonar, að hann hafi verið borinn út í bifreiðina sökum ölvunar.

Einnig telja vitni, sem í bílnum voru, að Sigurbergur heitinn hafi verið mikið ölvaður. Upplýst er að ryksingar urðu nokkrar í bifreiðaskýlinu skömmu áður en lagt var af stað og einnig eitthvað eftir það. Þegar ákærði ók norður þjóðveginn var vörubifreiðinni K-27 ekið rétt á eftir. Þegar bifreiðin var stödd dálítið fyrir innan Mýrakot á Höfðaströnd, varð bifreiðin K-37 fyrir á veginum og ók í sömu átt. Er dálítil beygja þarna á veginum, sem ekkert er upphleyptur á þessu svæði, og melur á vinstri hönd, en móar á þá hægri. Ók ákærði bifreið sinni þarna út af veginum, til vinstri, til að komast fram úr K-37 og ók í dálitlum boga eftir melnum og svo upp á veginn aftur. Segist bifreiðarstjórinn á K-37, Guðbjartur Júlíus Geirsson, hafa stöðvað bifreið sína, þegar A-161 fór fram hjá henni. Rétt um það bil sem A-161 fór upp á veginn aftur, var dálítið ræsi á vegi hennar, sem liggur frá veginum út í melinn, en rétt í sama mund og farið var yfir ræsi þetta, virðist Sigurbergur heitinn hafa fallið út úr bifreiðarskýlinu, því hann lá þar örskammt frá vinstra megin við veginn, miðað við A-161, þegar að var komið. Var Sigurbergur þá meðvitundarlaus. Var hann síðan settur í bifreiðina K-27, sem kom að rétt á eftir og fluttur til læknis í Hofsós. Þar dó maðurinn eftir um 2 klst., og hafði hann aldrei komið til sjálfs sín eftir slysið. Ákærði fór ekki með hinum slasaða manni til Hofsóss, en hélt ferðinni áfram til Haganessvíkur.

Tvö vitni, Sveinn Stefánsson og Árni Jónsson, sem sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu tilnefndi skömmu eftir slysið, til að skoða skýlið, sem var á A-161, hafa lýst því þannig:

Þeim megin, sem hurðir eru á skýlinu, er hliðin brotin úr því, allir bekkirnir, sem í skýlinu hafa verið, eru einnig brotnir, 2 brotnir alveg niður og sá þriðji einnig mikið skekktur og brotinn.

Auðsætt er að um ný brot er að ræða, enda hefði ekki verið lagt upp með að nota skýlið til mannflutninga eins og það er nú. Árni Jónsson hefur bætt því við, að einn aflstuðull í hinni brotnu hlið skýlisins hafi verið heill. Þeir segjast ekki geta gert sér aðra grein fyrir orsökum ofangreindra skemmda, en að áflog hafi átt sér stað í skýlinu, þar sem bifreiðin hafi ekki oltið.

Skýlinu var fest þannig á bílinn, að það var bundið með kaðli, sem á tveimur stöðum var dreginn yfir þak þess og festur í króka á hliðum pallsins og einnig með bandi, sem fest var framan í pallinn og brugðið aftur fyrir þak skýlisins og fest niður aftan á pallinum. Hurðirnar vinstra megin á skýlinu voru festar með venjulegum, litlum lömum og var þeim læst með venjulegum járnlokum, sem rennt var fyrir.

Skoðaði ákærði skýlið strax eftir slysið og telur, að það hafi ekkert skaddazt síðan. Auk þess er að framan greinir, sem að mestu er samkvæmt framburði ákærða eða í samræmi við hann, hefur hann borið þetta:

Spurningu um, hvort ölvun hafi verið í bílnum á leiðinni til Hofsóss um kvöldið, hefur hann svarað þannig: „ekki svo stafaði nein hætta af", og ekki segist hann vita til að þá hafi verið neinar ryskingar í skýlinu. Þegar lagt var af stað frá Hofsós, telur hann að 6 af farþegunum hafi verið mjög ölvaðir og minnti hann í fyrsta réttarhaldi, að þeir hefðu ekki verið fleiri, en leiðrétti það síðar. Þá segir hann, „að undireins og lagt var af stað frá Hofsósi hafi ryskingar og hörkuáflog hafizt í skýlinu á bifreiðinni, jafnvel áður en lagt var af stað, byrjuðu þeir að fljúgast á í skýlinu." Þó neitar hann því, að hann hafi orðið var við áflog í skýlinu eftir að bifreiðin var komin „á ferð út eftir". Ekki sá hann neina „áverka" á skýlinu, þegar hann lagði af stað frá Hofsós.

Hann viðurkennir að hafa farið út af veginum vinstra megin, svo sem áður var lýst, til þess að fara fram úr K-37, og þegar hann var kominn fram úr henni, stefndi hann aftur upp á veginn. Þegar bifreiðin var rétt að koma á veginn aftur, fór hún yfir „skurð eða gröf" og hentist bifreiðin nokkuð til, þegar hún fór yfir þessa ójöfnu, rétt áður en hún náði aftur veginum.

Eigi segist hann skilja, að kastið á bifreiðinni hafi verið svo mikið, að öll brotin á skýlinu stafi af því. Þó viðurkennir hann, að honum hafi sýnzt skurðurinn minni eða grynnri en hann reyndist vera. Hann viðurkennir þá athugun sýslumanns rétta, að samkvæmt förunum hafi bifreiðin farið yfir skurðinn, rétt áður en hún komst aftur upp á veginn, og þar af leiðandi þá tekið kast til vinstri hliðar. Hann varð var við slysið með þeim hætti, að einhver, sem í skýlinu var, bankaði í glugga stýrishússins, og stöðvaði hann bifreiðina þá þegar.

Lá hinn slasaði maður þá flatur á bakinu vinstra megin við bifreiðina, 2—3 billengdum sunnar. Hann telur, að ekki hafi verið hægt að aka manninum til læknis á A-161, eins og skýlið var á sig komið. Ekkert veit hann um, hvernig það atvikaðist, að maðurinn féll út úr bifreiðinni, en hann segir, að farþegarnir hafi sagt sér, að þeir hafi ekkert vitað fyrr en Sigurbergur féll út úr bifreiðinni.

Hann neitar ákveðið, að hann hafi neytt neins áfengis í þessari ferð. Hann telur bifreiðina hafa verið í góðu lagi.

Vitnið Alfreð Jónsson, bifreiðarstjóri á K-27, hefur borið, að bifreiðarnar hafi lagt af stað kl. 5 á sunnudagsmorguninn, og hafi bifreiðin A-161 þá staðið rétt aftan við sína bifreið. Heyrði hann þá áflog og brothljóð inni í skýlinu á A-161. Hann sá ákærða 2—3 klst. áður en lagt var af stað og sá þá enga ölvun á honum, og eigi hafi hann komizt að því, að ákærði hafi neytt áfengis þessa nótt. Hann ók nokkurn spöl á eftir A-161. Allt í einu sá hann, að 2 af hurðunum fuku alveg frá skýlinu á A-161 og um leið sá hann mann hanga utan á skýlinu vinstra megin og komast svo aftur upp í það, en jafnframt kom hann auga á mann, sem lá á veginum, og stöðvaði hann þá skyndilega bifreið sína. Fór hann þegar út og tók manninn upp af götunni, með aðstoð manns, sem með honum var í bílnum, og lögðu þeir hann á þúfu. Einnig hefur hann borið, að hann hafi eigi séð það glöggt, að bifreiðin tók kast á vinstri hlið um leið og hún fór yfir skurðinn, rétt í því að hún komst aftur upp á veginn, kastaðist svo út á hægri hlið. Hann telur, að vegurinn þarna sé íhvolfur og hafi virzt, sem hinn slasaði maður væri að síga niður af vinstri vegarbrúninni, þegar að var komið.

A-161 var stöðvuð rétt eftir að maðurinn féll út og K-37 bar þarna einnig brátt að. Hann hefur og borið, að Jón Jóhannsson lögregluþjónn, sem var í K-37, hafi beðið sig að flytja hinn slasaða mann til læknis og gerði hann það.

Hann sá engan mann úr A-161 á slysstaðnum, nema Karl Jóhannson, og eigi átti hann tal við neinn úr þeirri bifreið. Hann leit á hraðamælinn hjá sér rétt áður en A-161 fór fram úr K-37, og sýndi hann þá 30 km hraða á klukkustund, og hafi bilið haldizt jafnt á milli A-161 og K-37 og muni A-161 því hafa verið með þeim hraða, er slysið varð. Telur hann, að ójafna hafi verið þarna á veginum, og hafi bifreiðin A-161 verið komin svo sem billengd frá henni, er slysið varð. Hann segist ekki muna betur en að A-161 hafi eigi farið af slysstaðnum fyrr en hann fór með slasaða manninn, og að ákærði hafi gengið í veg fyrir sig á Ketilhálsi, þegar hann kom aftur frá Hofsósi og spurt um líðan hins slasaða manns og hvað læknirinn hefði sagt um hann.

Vitnið Karl Jóhannsson hefur greint skilmerkilega frá ástandinu í skýlinu.

Ryskingar hófust þegar áður en lagt var af stað og voru alltaf öðru hvoru fram undir það, er slysið skeði, en nokkrum mínútum fyrir slysið varð hlé á þeim. Var það Knud Herdner, sem olli ófriði þessum, og brotnaði við það rúða hægra megin í skýlinu, en eigi varð hann var við að meira brotnaði.

Þegar slysið bar að, telur hann að engar ryskingar hafi verið. Orsök slyssins telur hann þá, að bifreiðin hafi farið yfir ójöfnu á leiðinni, og henzt allmikið til, og hafi hann henzt tvisvar upp í loft á þaki bifreiðarskýlisins. Féll hurðin fyrir fremsta bekk þá frá, og féll Sigurbergur heitinn þá út. Hann segir, að Sigurbergur hafi ekki orðið fyrir neinni árás, og eigi hafi orðið vart neins ágreinings milli hans og Herdners. Hann telur skýlið aðallega hafa brotnað við rykkinn, sem orsakaði slysið, en fortekur þó eigi, að eitthvað kunni að hafa brotnað við ryskingarnar. Hann telur, að mennirnir hafi allir farið út úr bifreiðinni eftir slysið. Sigurbergur lá upp í loft, meðvitundarlaus á þúfu, þegar vitnið kom að. Hann sá ákærða aldrei neyta áfengis í förinni, og ekki sá hann á honum ölvun, en tekur fram, að dimmt hafi verið, svo það sé eigi að marka.

Vitnið Guðjón H. Pálsson segist ekki geta gert sér grein fyrir orsökum þess, að Sigurbergur þeyttist út úr skýlinu og hann sjálfur að nokkru leyti, en hann náði í kaðal og gat komizt inn aftur. En hann heldur, að orsökin hafi verið sú, að kast kom á bifreiðina. Hann telur líklegt, að bekkurinn hafi fallið niður og endi hans numið við hurðina og þeytt henni frá. Hann gerði bifreiðarstjóranum þannig aðvart, að hann teygði sig út fyrir skýlið, að rúðu á hlið stýrishússins, og var bifreiðin þá undir eins stöðvuð. Hann telur engar erjur hafa verið í bílnum, er slysið varð.

Vitnið Peter Joensen, Færeyingur, segist hafa verið dálitið kenndur, en varð ekki var við, að ákærði væri undir áhrifum áfengis eða að hann neytti áfengis. Bar honum saman við 2 síðastgreind vitni.

Vitnið Skarphéðinn Veturliðason segist hafa verið nokkuð drukkinn, en segist fullyrða, að hrindingar af manna völdum hafi eigi valdið slysinu. Hann segir, að kast eða snögg hreyfing hafi komið á bifreiðina. Eigi segist hann hafa komizt að því, að ákærði væri neitt ölvaður eða hefði neytt áfengis í ferðinni.

Vitnið Magnús Stefán Guðlaugsson segist ekki hafa fundið á sér nein áhrif áfengis. Framburður hans er samhljóða framburði Skarphéðins Veturliðasonar hér að framan.

Vitnið Knud Herdner Georgsson segist hafa verið svo drukkinn, þegar lagt var af stað frá Hofsós, að hann muni ekkert eftir sér frá því og þar til skömmu eftir að slysið varð. Eigi sá hann ákærða neyta áfengis og eigi sá hann á honum ölvun, en hann þekkti manninn ekki neitt. Hann sá Helga Helgason með áfengisflösku í stýrishúsinu hjá ákærða. Helgi Helgason var svo ölvaður, að hann vissi ekkert hvað gerðist á leiðinni milli Hofsós og Haganessvíkur.

Vitnið Indíana Ásgrímsdóttir, unnusta ákærða, harðneitar því,

að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis í ferð þessari og ekki segist hún hafa séð hann neyta neins áfengis í ferðinni eða kvöldið áður, og hafi hún verið með honum allan þennan tíma.

Hefur hér verið skýrt frá framburðum þeirra, sem voru í bílnum með ákærða. Vitnið Friðbjörn Þórhallsson, sem segist hafa haft á hendi forstöðu dansskemmtunarinnar á Hofsósi ásamt Halldóri Jónssyni, hefur borið, að hann hafi litið svo á, að ákærði hafi verið ölvaður eða undir áhrifum áfengis, og ályktar það af því, að hann hafi verið með pat og látbragð drukkinna manna, þegar hann var að drekka kaffi, en hann hafi virzt minna ölvaður, þegar hann fór frá Hofsósi, en þegar hann kom. Eigi sá hann ákærða neyta áfengis.

Vitnið Guðbjartur Júlíus Gestsson, bifreiðarstjóri á K-37, hefur borið eftirfarandi: Áður en hann hægði ferðina og stöðvaði, þegar A-161 nálgaðist, ók hann á um það bil 30 kílómetra hraða, en hann segist ekki hafa litið á hraðamælinn. Hann sá, að hliðarslingur kom á A-161, þegar hann fór yfir vatnsrásina. Þegar búið var að taka slasaða manninn upp og farið af stað með hann, hélt vitnið áfram ferð sinni og var þá nokkurt bil á milli hans og A-161. Hann hefur borið, að sér hafi ekki virzt ákærði vera áberandi drukkinn, og ekki veit hann til, að ákærði hafi neytt áfengis, hvorki á Haganesvík um kvöldið eða á Hofsósi um nóttina.

Hann segist hafa séð, að ákærði var rólegur eftir að slysið varð.

Vitnið Halldór Jónsson, sem var einn af þeim, sem stóðu fyrir skemmtuninni, segist hafa veitt ákærða eftirtekt, þegar hann var að drekka kaffi á Hofsós, og segist hann ekki geta sagt, að ákærði væri áberandi drukkinn, en hann sá, að hann hafði vín um hönd, og sá hann súpa á flösku, sem hann var með.

Vitnið Jón Jóhannsson, lögregluþjónn frá Reykjavík, sem var farþegi í K-37, hefur borið þannig: K-37 fór frekar hægt þegar A-161 nálgaðist hann, þar sem A-161 ók út af veginum til að komast fram fyrir K-37. Vegurinn er þar á mel, og telur hann, að hægt hefði verið að aka beggja megin við veginn. Hann telur, að A-161 hafi lent á steinum, er hún ætlaði að beygja upp á veginn aftur. Hann telur, að slingur hafi komið á bifreiðina við það, að beygt var til vinstri eftir að beygt hafði verið inn á veginn, og hafi maðurinn þá fallið út. Fór vitnið strax að manninum, og var hann þá meðvitundarlaus. Bað hann ákærða að fara með hinn slasaða mann til læknis, en ákærði kvaðst ekki geta það, og fékk vitnið þá bifreiðarstjórann á K-27 til að gera það. Hann telur ákærða ekki hafa gefið hljóðmerki, er hann fór fram úr K-37, og að hann hafi ekið hraðar en K-37 og ógætilega, og hafi hann aukið hraðann, er hann var kominn fram úr K-37. Hann segir, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann talaði við hann eftir slysið, en tekur fram, að hann hafi eigi getað athugað vel ástand

hans. Hann segir, að þegar búið var að koma manninum af slysstaðnum, hafi ákærði verið farinn.

Í réttarhaldi síðar, eftir að ákærða höfðu verið kynntir framangreindir framburðir, hefur hann borið eftirfarandi:

Hann segist hafa ekið með 30 kílómetra hraða og gefið hljóðmerki, þegar hann fór fram úr K-37. Ekki telur hann að hægt hefði verið að fara hægra megin fram hjá bifreiðinni. Hann telur að illmögulegt hafi verið fyrir sig að flytja slasaða manninn, vegna þess hve illa hefði farið um hann, og segist hann ekki hafa farið af slysstaðnum, fyrr en farið var með slasaða manninn til Hofsóss, og segist hann hafa beðið bifreiðarstjórann á K-27 að gera það, og sá framburður Jóns Jóhannssonar um flutninginn á manninum rangur, og eigi segist hann hafa farið af stað aftur, fyrr en farið var af stað með slasaða manninn.

Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu kom á slysstaðinn, þegar hann var að rannsaka málið í Fljótum, en dimmt var þá af nóttu, svo hann virðist lítið hafa getað athugað staðinn. Hann fékk síðar Steinþór Ásgeirsson, lögregluþjón frá Reykjavík, til að athuga slysstaðinn, og gerði hann uppdrátt þann, sem lagður hefur verið fram í málinu.

Enn fremur hefur hreppstjórinn í Hofsóshreppi og héraðslæknirinn á Hofsósi athugað og mælt vatnsrásina, sem A-161 fór yfir þegar slysið varð, samkvæmt fyrirlagi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu.

Héraðslæknirinn á Hofsósi, sem Sigurbergur heitinn var fluttur til, hefur lýst honum á þá leið, að hann hafi verið ósjálfbjarga og meðvitundarlaus. Hann talaði tómt rugl og sterka vínlykt lagði af honum og föt hans voru gauðrifin. Áverki var aftarlega á hvirfli, bogadreginn skurður (flibi) ca. 3—4 cm á lengd og hafði blætt úr, en ekki var finnanlegt, að bein væri þar skaddað. Nokkru fyrir neðan miðju á vinstri framhandlegg, utan megin, var blár og bólginn blettur, kringlóttur, lítið eitt stærri en tveggja krónu peningur; ölnar-beinið virtist óbrotið. Við hreyfingar kviðar kveinkaði sjúklingurinn sér, en engan áverka var þar að sjá eða annars staðar. Hann andaðist klukkan 8, eða tæpum 2 klukkustundum eftir að hann var færður lækni.

Af kliniskum einkennum má helzt ráða, að hauskúpan hafi klofnað og blætt inn í heilann. Sjúklingurinn fékk aldrei ráð eða rænu.

Ástandi skýlisins á bifreiðinni A-161 eftir slysið hefur áður verið lýst með framburði skoðunarmannanna. Bendir það, sem upplýst er í málinu, til þess, að það hafi verið lélegt. Bifreiðin sjálf var ekki skoðuð fyrr en 21. september 1944, eftir að hún var komin til Akureyar, og var hún þá í góðu lagi að öðru leyti en því, að afturljós logaði ekki. Einnig var hún í góðu lagi við aðalskoðun 19. maí 1944.

Upplýst er að ákærði fékk meira-prófs-skírteini á Akureyri 18. júní 1940.

Ekki verður talið sannað með framburðum hinna þriggja vitna, sem tilgreind eru að framan, að ákærði hafi verið ölvaður þegar slysið bar að eða neytt áfengis þá um nóttina. Og þar sem ákærði hefur stöðugt neitað því að hafa bragðað áfengi á þessum tíma, og mörg vitni hafa borið, að þau hafi ekki orðið þess vör, að hann væri ölvaður, eða hefði neytt áfengis, þá verður að sýkna ákærða af þeim lið ákærunnar.

Samkvæmt framanskráðu má þetta teljast sannað: Eigi verður annað séð en að skýlið, sem á bifreiðinni var, hafi verið mjög lélegt, og því er ekki fest lögum samkvæmt á bifreiðina, heldur er það bundið með kaðli, farþegarnir eru allir ölvaðir, að tveimur undanskildum.

Tveir farþegar eru í stýrishúsi, annar þeirra dauðadrukkinn. Í skýlinu eru að minnsta kosti þrír mannanna út úr drukknir, og voru þar áflog og illindi, þegar leggja átti af stað. Verður að telja, að með því að leggja þannig upp í ferðina, hafi eigi verið sýnd nægileg aðgæzla.

Þá er upplýst, að ákærði ekur út af veginum, sem að vísu virðist vera þarna á nokkurn veginn sléttum mel, til að komast fram hjá öðrum bíl, en á því virðist honum ekki nein nauðsyn. Hann virðist ókunnugur veginum; ekur á að minnsta kosti 30 kílómetra hraða, miðað við klukkustund, og fer með þeim hraða yfir ræsi, 1 meters breitt og 25—30 cm djúpt og inn yfir vegkantinn, en þar virðist vegurinn hafa verið nokkru lægri en kanturinn. Verður að telja að þetta framferði ákærða, einkum þegar tekið er tillit til ástands farþega og skýlisins, sé mjög gálauslegt, og hafi hann með því ekki sýnt þá varkárni, sem honum var skylt að sýna sem bifreiðarstjóra.

Þar sem upplýst er að Sigurbergur heitinn fellur út úr bifreiðinni við það að ekið er yfir framangreint ræsi, og skýlið laskast mjög mikið við það, verður að telja framanskráð atferli ákærða orsaka dauðaslysið. Við ákvörðun ábyrgðar er þó rétt að taka tillit til þess, að Sigurbergur heitinn er mikið ölvaður, en ekki verður séð, að það ráði úrslitum um slysið. Eigi verður séð, að ákærði veiti hinum slasaða manni neina aðstoð, eftir því sem upplýst er.

Með þessu hefur ákærði brotið 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalög nr. 23 16. júní 1941 7. og 14. gr., 3. mgr., 26., 27., 28. gr. 3. mgr., 29. gr., sbr. 38. gr., umferðalög nr. 24 16. júní 1941, 2. gr., 4. gr. 3. mgr. og 9. gr. 2. mgr.

Einnig hefur hann brotið reglugerð nr. 72 24. júní 1937, 7. grein, 5. lið.

Þykir refsingin hæfilega ákveðin 30 daga varðhald.

Svipta ber ákærða leyfi til að aka bifreið í 1 ár frá birtingu hins

fyrra dóms í máli þessu, 27. júní 1945, sbr. 39. gr. bifreiðarlaga og 68. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 350.00 til talsmanns síns, Friðriks Magnússonar hdl.

Nokkur dráttur varð á framhaldsrannsókn málsins, sökum þess að það varð að senda það aftur til Skagafjarðar.

Annars hefur málið verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Höskuldur Guðmundsson sæti varðhaldi í 30 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í eitt ár frá 27. júní 1945 að telja. Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 350.00 til skipaðs talsmanns síns, héraðsdómslögmanns Friðriks Magnússonar. Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 9. febrúar 1948.

Nr. 45/1947. **Réttvísin**

gegn

Einari Bjarna Þórarinssyni,

Lárusi Guðmundssyni

og

Hauki Þorsteinssyni.

Um öflun skýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en mál þetta verður dæmt í hæstarétti, þykir rétt með skírskotun til 1. og 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 14/1942 að æskja álits læknaráðs um vottorð dr. med. Helga Tómassonar yfirlæknis um andlega heilsu ákærða Lárusar Guðmundssonar, og felist þar í umsögn um það, hvort talið verði, að refsing geti borið árangur gagnvart ákærða Lárusi, þannig, að hún geti skapað með honum hvatir til að forðast refsiverða hegðun, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 19/1940.

Ályktarorð:

Læknaráð láti í té umsögn um framangreind atriði.

Mánudaginn 9. febrúar 1948.

Nr. 6/1948. **Valdstjórnin** (Hrl. Theódór B. Lindal)
gegn
Bjarna Sigurjóni Jónssyni
(Hrl. Ragnar Ólafsson).

Brot á reglugerð um takmörkun á akstri bifreiða.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt 5. tl. 12. gr. laga nr. 70/1947 er það eitt af hlutverkum innflutnings- og gjaldeyrisdeildar að fara með vöruskömmtun, eftir því sem ákveðið verður. Með þessu ákvæði felur löggjafinn handhafa framkvæmdarvalds að setja reglugerð um það, hvernig skömmtunin skuli framkvæmd. Ekki verður talið, að stjórnvaldið fari út fyrir lagamörk eða beiti valdi sínu á ómálefnislegan hátt, þótt það setji bílstjórum þeim, sem benzín fá til mannflutninga fyrir borgun, þau skilyrði, að þeir neyti hins skammtaða benzíns til aksturs á þeim tíma sólarhrings, er ætla má, að akstur þeirra komi að sem mestum notum frá þjóðfélagslegu sjónarmiði, en þetta skilyrði felst einmitt í 6. gr. reglugerðar nr. 131/1947, þótt eigi sé þar skýrlega að orði komizt. Það er því ekki efni til að telja, að nefnt reglugerðarákvæði sé án stoðar í lögum að þessu leyti, og verður samkvæmt þessu að dæma kærða refsingu fyrir brot gegn reglugerðinni, og þykir hún samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947 og 15. gr. reglugerðar nr. 131/1947 hæfilega ákveðin kr. 600.00 sekt til ríkissjóðs, er afplánist 10 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði Bjarni Sigurjón Jónsson sæti 600 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 10 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað af sökinni bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Theódórs B. Líndals og Ragnars Ólafssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 8. janúar 1948.

Ár 1948, fimmtudaginn 8. janúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Halldóri Þorbjörnssyni fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 83/1948: Valdstjórnin gegn Bjarna Sigurjóni Jónssyni, sem dómtekið var 7. s. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærða fyrir brot gegn reglugerð nr. 131, 23. september 1947 um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða.

Kærður er Bjarni Sigurjón Jónsson bifreiðarstjóri, Grettisgötu 36 hér í bæ. Hann er fæddur 28. marz 1913 að Melum á Kjalarnesi. Hann hefur áður sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1935 $^{30}/_{1}$ Dómur lögregluréttar Hafnarfjarðar, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 6. gr. sbr. 30. gr. laga nr. 64/1930.

1947 $^{1}/_{12}$ Reykjavík. Sátt, 60 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.

Málavextir eru sem hér segir:

Með 6. gr. reglugerðar nr. 131/1947, sem sett er af viðskiptamálaráðuneytinu með heimild í lögum nr. 70 5. júní 1947, nr. 37 12. júní 1939 og nr. 59 7. maí 1940, er bann lagt við ónauðsynlegum akstri leigubifreiða til mannflutninga milli kl. 23 og 7, nema fyrir tiltekna tölu bifreiða og þá með sérstöku leyfi. Með kærum, dags. 29. nóvember og 1., 2., og 3. desember f. á., hefur lögreglan í Reykjavík kært kærða í máli þessu, sem er bifreiðarstjóri að atvinnu, fyrir að hafa brotið reglur þessar. Kærði hefur greiðlega játað, að hann hafi alloft síðan framangreindar reglur voru settar, ekið bifreið sinni fyrir gjald að næturlagi, án tilskilis leyfis. Kveðst hann einkum hafa gert það um helgar, og hafa þá venjulega ekið 2—3 tíma fram yfir kl. 23 í hvert skipti. Kveður hann ástæðuna vera þá, að hann hafi eigi nægar tekjur af akstri þeim, er benzínskammtur hans leyfi, nema hann noti skammtinn nokkuð til næturaksturs.

Af hálfu kærða er því haldið fram í máli þessu, að framangreint reglugerðarákvæði hafi eigi nægilega stoð í lögum til að geta talizt gild réttarregla. Er þá að athuga varnarástæðu þessa. Telja verður í fyrsta lagi, að lög nr. 37/1939, sbr. lög nr. 59/1940, hafi engin ákvæði að geyma, er talin verði slík stoð, þar sem ríkis-

stjórninni er í þeim lögum einungis heimilað að setja fyrirmæli um sölu og úthlutun á nauðsynjavörum, en fyrirmæli 6. gr. reglugerðar nr. 131/1947 verða með engu móti talin varða slíkar ráðstafanir.

Af sömu ástæðu geta nefnd fyrirmæli eigi talizt hafa stoð í 5. tl. 12. gr. laga nr. 70/1947, en til skýringar því ákvæði virðist reglugerð nr. 131/1937 vera sett að öðru leyti. Ekki virðast heldur vera nein önnur ákvæði í síðastnefndum lögum, sem veitt geti 6. gr. reglugerðarinnar nægan grundvöll, og eru þá einkum höfð í huga hinar almennu reglur um hlutverk fjárhagsráðs í 2. gr. laganna. Rétturinn lítur svo á, að fyrirmæli, sem hafa slíkar takmarkanir á atvinnufrelsi í för með sér og margnefnt reglugerðarákvæði, verði að hafa skýra og ótvíræða stoð í lögum, til þess að verða gild metin. Þykir samkvæmt framansögðu refsing eigi verða dæmd fyrir háttsemi, sem fer í bága við ákvæði í 6. gr. reglugerðar nr. 131/1947, og ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna kærða af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að ákveða, að allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns kærða, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, er þykja hæfilega ákveðin 350 krónur.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði Bjarni Sigurjón Jónsson skal vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns kærða, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 350 krónur.

Fimmtudaginn 12. febrúar 1948.

Nr. 93/1947. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Elí Bæring Einarssyni
(Hrl. Theódór B. Líndal).

Þjófnaður. Áfengislagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Elí Bæring Einarsson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Theódórs B. Líndals, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 11. marz 1947.

Ár 1947, þriðjudaginn 11. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var af sakadómara Bergi Jónssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 900/1947: Réttvísin gegn Elí Bæring Einarssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Elí Bæring Einarssyni verkamanni, Bergstaðastræti 11 hér í bæ, fyrir brot gegn 26. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, til refsingar, sviptingar borgararéttinda, greiðslu skaðabóta og málskostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 23. júní 1927 í Reykjavík og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

1937 $^{2}/_{3}$ Kærður fyrir þjófnað á peningum
1937 febr. Kærður fyrir hnupl á ýmsu dóti
1937 $^{3}/_{11}$ Kærður fyrir að hrekkja telpu, áminntur.
1938 $^{2}/_{9}$ Kærður fyrir að hnupla kassa með ljósaperum, ásamt öðrum dreng.
1938 $^{14}/_{10}$ Kærður fyrir strok að heiman; tekinn af lögreglunni eftir 2ja sólarhringa burtveru og fluttur á barnaheimili.
1938 $^{2}/_{10}$ Kærður fyrir óknytti.
1938 $^{21}/_{11}$ Áminning fyrir sams konar brot.
1938 $^{19}/_{12}$ Kærður fyrir þjófnað.
1939 $^{5}/_{1}$ Kærður fyrir óknytti.
1939 $^{7}/_{1}$ Kærður fyrir að strjúka frá Engey og þjófnað.
1939 $^{19}/_{1}$ Kærður fyrir þjófnað á tveimur úrum.
1939 $^{9}/_{1}$ Kærður fyrir að hvolfa báti.
1939 $^{18}/_{1}$ Kærður fyrir hnupl á mjólkurflöskum og að fara til Hafnarfjarðar.

1939 $^{2}/_{5}$ Áminning fyrir boltaleik á götu.
1939 $^{1}/_{5}$ Uppvís að tilraun til þjófnaðar.
1942 $^{1}/_{5}$ Kærður fyrir þjófnað á 80 krónum. Áminntur; skaðabætur greiddar.
1943 $^{2}/_{1}$ Kærður fyrir þjófnað á reiðhjóli.
1943 $^{2}/_{4}$ Kærður fyrir þátttöku í að stela bifreið R 691.
1943 $^{2}/_{4}$ Kærður fyrir þátttöku í að stela bifreið R 1799.
1943 $^{2}/_{4}$ Kærður fyrir þátttöku í að stela bifreið R 1637.
1943 $^{2}/_{4}$ Kærður fyrir þátttöku í að stela bifreið R 116.
1943 $^{3}/_{5}$ Kærður fyrir þátttöku í að stela bifreið R 1970.
1943 $^{3}/_{5}$ Kærður fyrir innbrot og þjófnað á peningum o. fl.
1943 $^{4}/_{5}$ Kærður fyrir þátttöku í stuldi á bifreið R 2477.
1943 $^{2}/_{3}$ Kærður fyrir þátttöku í stuldi á bifreið R 2128.
1943 $^{2}/_{4}$ Kærður fyrir stuld á bifreið.
1943 $^{4}/_{5}$ Tekinn ölvaður á götu.
1943 $^{7}/_{8}$ Kærður fyrir stuld á bifreið.
1943 $^{7}/_{8}$ Kærður fyrir þjófnað á 1000 krónum.
1943 $^{7}/_{8}$ Kærður fyrir innbrot og þjófnað á peningum.
1943 í maí. Kærður fyrir þjófnað o. fl. Dómsmálaráðuneytið ákvað með bréfi, dags. $^{1}/_{4}$ 1944, að saksókn skyldi falla niður, en ákærði skuli háður eftirliti sakadómara í eitt ár frá $^{1}/_{4}$ 1944—$^{1}/_{4}$ 1945 og málið skuli tekið upp af nýju, ef ákærði gerist sekur um nýtt brot á eftirlitstímanum eða óhlýðnast settum fyrirmælum eftirlitsmanns.
1944 $^{2}/_{5}$ Reykjavík. Dómur aukaréttar, 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, fyrir þjófnað, svik og brot á bifreiðalögum og áfengislögum, sviptur kosningarrétti og kjörgengi og rétti til þess að öðlast ökuskírteini í eitt ár, frá því hann fær aldur til þess að öðlast það.
1944. $^{21}/_{12}$ Reykjavík. Dómur aukaréttar, 3ja mánaða fengelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað.

Samkvæmt eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við það, sem á annan hátt hefur upplýstst í málinu, hefur hann gerzt sekur um háttsemi þá, er nú skal greina:

I.

Aðfaranótt 24. júlí s. l. kom ákærði kenndur að Laugavegi 43 hér í bænum og ætlaði að hitta kunningja sinn, Yngva Ólafsson. Fór hann inn í herbergi Yngva í húsinu, og var herbergið ólæst svo og útidyrahurðin. Yngvi svaf í rúmi í herberginu, en menn að nafni Magnús Ólafsson og Jóhann Hans Jónsson, Kambshóli í Svínadal í Borgarfjarðarsýslu, sváfu í öðru rúmi. Buxur Jóhanns lágu á stól í herberginu og sá ákærði, að peningaveskið stóð upp úr vasa á buxunum. Tók hann peningaveskið og tók úr því 155 kr., að því er Jóhann Jónsson hefur borið í málinu, en kærði minnist þess ekki að hafa tekið meira en kr. 100 úr veskinu. Ákærði

hélt síðan út úr húsinu með peningana og eyddi þeim síðan í eigin þarfir.

II.

Í júlímánuði s. l. fór ákærði inn í herbergi Bergmanns Runólfssonar á Bergstaðastræti 11 hér í bæ, og opnaði hann herbergið á þann hátt, að hann tók hurðarhún að herbergishurðinni ofan af skáp í forstofunni. Hann hafði skinnfóðraðan (vetrar-)jakka á brott með sér úr herberginu og seldi síðan á 100 kr.

Tveim dögum síðar fór ákærði aftur inn í herbergið og hafði þá bláröndóttan jakka á brott með sér.

Nokkru síðar fór ákærði enn inn í herbergið og tók þaðan útvarpstæki, sem hann seldi síðan Magnúsi Jónssyni, Laugavegi 34 hér í bæ, á 200 kr. Fyrir nokkuð af andvirðinu keypti hann flösku af brennivíni, sem hann drakk á dansleik í Alþýðuhúsinu hér í bæ.

Bergmann Runólfsson, er átti greinda muni, hefur fengið aftur útvarpstækið og bláröndótta jakkann í hendur.

III.

Seinni hluta júnímánaðar s. l. komu þeir Kristinn Malmquist Gunnarsson, Ljósvallagötu 32 hér í bæ, Eyþór Björgvinsson, Hringbraut 39 Akranesi, og Kristbjörn Jónsson, Strandgötu 39 Akureyri, til ákærða, er hann lá veikur í herbergi því, sem hann bjó þá í á Brautarholti 26 hér í bæ. Þeir voru með fullt fangið af peysum, sem þeir lögðu á gólfið í herberginu, og sögðu þeir honum frá því, að þeir hefðu stolið þeim, sem satt var. Ákærði sagði þeim að fara með peysurnar aftur þangað, sem þeir tóku þær. Það gerðu þeir ekki ,en fleygðu þeim inn í súðarskáp í herberginu. Daginn eftir fór Kristbjörn Jónsson á burt með flestar peysurnar. Tveimur eða þremur dögum síðar fóru ákærði og Kristinn Malmquist Gunnarsson með þrjár peysur hvor niður í bæ og ætluðu að selja þær. Ákærði seldi þó ekki neina af peysunum, en gaf eina manni nokkrum. Eina peysu notaði ákærði sjálfur. Hann hefur nú skilað tveimur af hinum þrem peysum.

IV.

Ákærði hefur með töku peninganna, útvarpstækisins og jakkanna gerzt brotlegur gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Með því að neyta áfengis á veitingastað hefur hann brotið gegn 1. mgr. 17. gr. sbr. 1. mgr. 37. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935. Ráðstöfun og notkun ákærða á peysunum, þó að hann vissi, að þær væru stolnar, varðar við 254 gr. hegningarlaganna.

Þykir refsing ákærða, með hliðsjón af 77. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19 frá $^{12}/_{2}$ 1940, hæfilega ákveðin, með tilliti til sakaferils hans, fangelsi í 9 mánuði.

Jóhann Hans Jónsson hefur gert 155 kr. skaðabótakröfu á hend-

ur ákærða fyrir töku hans á peningunum. Bergmann Runólfsson 350 kr. skaðabótakröfu á hendur honum fyrir missi skinnfóðraða (vetrar-)jakkans og hreinsun og viðgerð bláröndótta jakkans og Magnús Jónsson 200 kr. skaðabótakröfu á hendur honum fyrir missi útvarpstækisins.

Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfur þessar og verða þær því teknar til greina.

Samkvæmt 38. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Háttsemi Kristins Malmquist Gunnarssonar, Eyþórs Björgvinssonar og Kristbjörns Jónssonar er afgreidd í öðru máli.

Dómsorð:

Ákærði Elí Bæring Einarsson sæti fangelsi í 9 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Jóhanni Hans Jónssyni, Kambshóli í Svinadal í Borgarfjarðarsýslu, kr. 155.00, Bergmanni Runólfssyni, Bergstaðastræti 11 hér í bæ, kr. 350.00 og Magnúsi Jónssyni Laugavegi 34 hér í bæ, kr. 200.00 innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 12. febrúar 1948.

Nr. 108/1947. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Elí Bæring Einarssyni
(Hrl. Lárus Jóhannesson).

Þjófnaður. Áfengislagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Brot ákærða, sem er lýst í III. kafla héraðsdómsins og var í því fólgið, að ákærði fór að næturþeli inn um opinn glugga til þjófnaðar í íbúð, þar sem fólk var í svefni, varðar við 2. mgr. 244. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Önnur brot

ákærða, sem rakin eru í forsendum héraðsdómsins, varða við refsiákvæði þau, er þar greinir. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af 72. og 255. gr. hegningarlaganna, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 15 mánuði. Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóminn með skírskotun til forsendna hans.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði Elí Bæring Einarsson sæti fangelsi 15 mánuði. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 24. júní 1947.

Ár 1947, þriðjudaginn 24. júní, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2113/1947: Réttvísin og valdstjórnin gegn Elí Bæring Einarssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Elí Bæring Einarssyni verkamanni, Bergstaðastræti 11 hér í bæ, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, talinn fæddur 23. júní 1927 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1937 $^{2}/_{3}$ Kærður fyrir þjófnað á peningum.
1937 febr. Kærður fyrir hnupl á ýmsu dóti.
1937 $^{3}/_{11}$ Kærður fyrir að hrekkja telpu; áminntur.
1938 $^{2}/_{9}$ Kærður fyrir að hnupla kassa með ljósaperum, ásamt öðrum dreng.

1938 $^{1}/_{10}$ Kærður fyrir strok að heiman; tekinn af lögreglunni eftir 2ja sólarhringa burtveru, og fluttur á barnaheimili.
1938 $^{2}/_{10}$ Kærður fyrir óknytti.
1938 $^{21}/_{11}$ Áminning fyrir sams konar brot.
1938 $^{19}/_{12}$ Kærður fyrir þjófnað.
1939 $^{5}/_{1}$ Kærður fyrir óknytti.
1939 $^{7}/_{1}$ Kærður fyrir að strjúka úr Engey og þjófnað.
1939 $^{19}/_{1}$ Kærður fyrir þjófnað á tveimur úrum.
1939 $^{9}/_{1}$ Kærður fyrir að hvolfa báti.
1939 $^{18}/_{1}$ Kærður fyrir hnupl mjólkurflöskum og að fara til Hafnarfjarðar.
1939 $^{29}/_{5}$ Áminning fyrir boltaleik á götu.
1939 $^{16}/_{6}$ Uppvís að tilraun til þjófnaðar.
1942 $^{1}/_{9}$ Kærður fyrir þjófnað á 80 krónum. Áminntur, skaðabætur greiddar.
1943 $^{28}/_{4}$ Kærður fyrir þjófnað á reiðhjóli.
1943 $^{26}/_{4}$ Kærður fyrir þátttöku í að stela bifreið R 691.
1943 $^{27}/_{4}$ Kærður fyrir þátttöku í að stela bifreið R 1799.
1943 $^{27}/_{4}$ Kærður fyrir þátttöku í að stela bifreið R 1637.
1943 $^{27}/_{4}$ Kærður fyrir þátttöku í að stela bifreið R 116.
1943 $^{3}/_{5}$ Kærður fyrir þátttöku í að stela bifreið R 1970.
1943 $^{3}/_{5}$ Kærður fyrir innbrot og þjófnað á peningum o. fl.
1943 $^{4}/_{5}$ Kærður fyrir þátttöku í stuldi á bifreið R 2477.
1943 $^{21}/_{5}$ Kærður fyrir þátttöku í stuldi á bifreið R 2128.
1943 $^{24}/_{4}$ Kærður fyrir stuld á bifreið.
1943 $^{4}/_{5}$ Tekinn ölvaður á götu.
1943 $^{7}/_{6}$ Kærður fyrir stuld á bifreið.
1943 $^{7}/_{6}$ Kærður fyrir þjófnað á 1000 kr.
1943 $^{7}/_{6}$ Kærður fyrir innbrot og þjófnað á peningum.
1943 í maí. Kærður fyrir þjófnað o. fl. Dómsmálaráðuneytið ákvað með bréfi, dags. $^{18}/_{4}$ '44, að saksókn skyldi falla niður, en ákærði skuli háður eftirliti sakadómara í eitt ár frá $^{18}/_{4}$ '44—$^{18}/_{4}$ 1945, og málið skuli tekið upp af nýju, ef ákærði gerist sekur um nýtt brot á eftirlitsstímanum, eða óhlýðnast settum fyrirmælum eftirlitsmanns.
1944 $^{28}/_{6}$ Reykjavík. Dómur aukaréttar, 4 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 5 ár, fyrir þjófnað, svik og brot á bifreiðalögum og áfengislögum, sviptur kosningarrétti og kjörgengi og rétti til þess að öðlast ökuskirteini í eitt ár, frá því hann fær aldur til þess að öðlast það.
1944 $^{21}/_{12}$ Reykjavík. Dómur aukaréttar, 3ja mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað.
1947 $^{11}/_{3}$ Dómur sama réttar, 9 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. og 254. gr. hegningarlaganna og 17. gr. 1. mgr. áfengislaganna.

Samkvæmt eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu, hefur hann gerzt sekur um eftirtalda háttsemi:

I.

14. marz s. l. hitti ákærði Hilmar Sigurjón Reyni Karlsson verkamann, Laugarnescamp 31 A hér í bæ, á knattborðsstofunni á Laugavegi 11 hér í bæ. Kvaðst sá síðarnefndi eiga þrjár flöskur af sterku víni, og spurði hann ákærða að því, hvort hann vildi drekka úr þeim með honum. Þáði ákærði það. Náði Hilmar Sigurjón Reynir síðan í flöskurnar, en sagði ákærða frá því áður en þeir byrjuðu að drekka úr þeim, að hann hefði stolið þeim úr bifreið í austurbænum. Þrátt fyrir það drakk ákærði með honum úr flöskunum.

II.

Laust eftir miðnætti aðfaranótt 15. marz s. l. voru ákærði og Hilmar Sigurjón Reynir Karlsson á gangi inn Hverfisgötu hér í bæ, ákveðnir í að leita að víni í bifreiðum, sem þeir sæju mannlausar. Þeir sáu bifreiðina R 1066 fyrir framan Þjóðleikhúsið og gengu að henni. Hilmar Sigurjón Reynir opnaði hana með þeim hætti að seilast til hurðarhúns að innanverðu, en ein framrúða bifreiðarinnar var lítillega opin. Þeir leituðu að víni í bifreiðinni, en fundu það ekki. Þeir sáu stormblússu í aftursætinu, og höfðu hana, ásamt veski, sem var í henni, á brott með sér. Í veskinu var tékkhefti og ökuskírteini, en engir peningar. Þeir fleygðu fyrst veskinu hjá bifreiðinni, en ákærði tók það síðan upp og stakk því í vasa sinn. Samkomulag varð um það milli þeirra, að ákærði skyldi fá stormblússuna, en léti Hilmar Reyni fá rauða ameríska skyrtu í staðinn. Blússunni hefur ákærði nú skilað aftur, að vísu nokkuð skemmdri ,en ekki veskinu og innihaldi þess, sem hann kveðst hafa brennt.

III.

Um kl. 2 að nóttu um miðjan marz s. l. voru ákærði og Hilmar Sigurjón Reynir staddir vestur í bæ, þar sem þeir ætluðu að hitta stúlkur, en þær voru þá ekki heima. Þeir fóru niður fyrir húsið nr. 7 við Hávallagötu til að kasta af sér vatni, að því er þá minnir. Þeir sáu þá, að gluggi var opinn á krók í kjallara hússins að sunnanverðu, og ákváðu þá að athuga, hvort þeir gætu ekki slegið eign sinni á einhver verðmæti í kjallaranum. Þeir losuðu síðan gluggann af króknum, og hélt Hilmar Sigurjón Reynir honum galopnum á meðan ákærði skreið inn um hann. Ákærði sá á borði í herbergi því, er hann kom inn í, bæði peningabuddu og lindarpenna, og stakk hvorutveggja í vasa sinn. Herbergið var mannlaust, en hurð var opin yfir í annað herbergi, þar sem fólk svaf. Ákærði hélt síðan út um gluggann aftur til Hilmars Sigurjóns Reynis, sem beið fyrir utan. Skýrði ákærði honum frá töku lindarpennans, en

minntist ekki á budduna við hann. Þeir komu sér saman um, að ákærði skyldi geyma pennann, þar til þeir seldu hann í sameiningu síðar. Síðan skildu þeir. Opnaði ákærði þá peningabudduna, og voru um 7 krónur í henni. Hann fleygði buddunni, en stakk peningunum í vasa sinn og eyddi þeir í eigin þarfir. Daginn eftir seldi ákærði lindarpennann á 10 krónur, og eyddi með Hilmari Sigurjóni Reyni andvirðinu í kaffi og vindlinga.

Húsráðandinn á Hávallagötu 7 hefur ekki saknað lindarpenna úr íbúð sinni ,en hefur hins vegar saknað á sama tíma stórrar kristalsskálar og lítils bláleits öskubakka úr gleri, með silfurbryddum börmum, samtals að verðmæti allt að tveim hundruðum króna. Gegn eindregnum mótmælum ákærða og framburði Hilmars Sigurjóns Reynis um að hann viti ekki til, að ákærði tæki kristalsskál eða öskubakka úr íbúðinni, þykir varhugavert að telja lögfulla sönnun framkomna fyrir því, að ákærði hafi haft nefnda muni á brott með sér úr íbúðinni.

IV.

Um kl. 16, 11. apríl s. l. voru ákærði og Hilmar Sigurjón Reynir Karlsson staddir nálægt Miklubraut hér í bæ. Langaði þá til að kaupa sér flösku af brennivíni, en skorti fé til þess. Stakk ákærði þá upp á því, að þeir færu inn í húsið nr. 1 við Miklubraut, og athuguðu hvort þeir gætu ekki tekið þar peninga. Ákærði þekkti herbergjaskipun hússins og vissi, að lyklar að herbergjum þar voru geymdir í spjaldi í kjallaranum, og að sama númer var á hverjum lykli og á herbergi því, sem hann gekk að. Ef lykill var á spjaldinu, þýddi það sama og leigjandi herbergisins, þess, sem lykillinn gekk að, var ekki heima. Þeir sáu nokkra lykla á spjaldinu, og tóku einn þeirra. Síðan héldu þeir að herbergi því, sem sá lykill gekk að, opnuðu það með honum og fóru inn í það. Þeir leituðu þar árangurslaust að peningum. Hilmar Sigurjón Reynir fann eitt „carton" af vindlingum í ólæstri tösku undir dívan í herberginu, og höfðu þeir þá á brott með sér úr herberginu ásamt verðlausu hermannamerki. Vindlingana seldu þeir síðan á 40 krónur, sem þeir eyddu í brennivín.

V.

Nótt eina seinni hluta aprílmánaðar s. l. fóru ákærði og Magnús Karl Þorsteinsson sjómaður, Laufásvegi 27 hér í bæ, upp á loft í húsinu nr. 18 við Hafnarstræti hér í bæ, til að komast þar á salerni, en húsið var ólæst. Þeir fóru í sitt hvort salernið á sama gangi. Þegar ákærði kom aftur út í ganginn, var Magnús Karl þar með kvenveski, sem hafði legið ofan á taui á borði í ganginum, og hélt á peningum í hendinni, sem hann hafði tekið upp úr veskinu. Ákærði vildi fá sinn hluta af peningunum í veskinu, og skiptu þeir þeim jafnt á milli sín. Nam hluti hvors 25 krónum, og keyptu þeir flösku af brennivíni fyrir peningana. Vínsins neyttu þeir á veit-

ingastofunni „Gullfoss“ hé í bæ, ásamt þriðja manni, sem fór með vínið inn á veitingastofuna.

VI.

Á síðastliðnum vetri svaf ákærði oft í herbergi Svanhildar Pálsdóttur, vinstúlku sinnar á Öldugötu 25 hér í bæ, þar sem hún var í vist hjá Guðmundi Arnlaugssyni kennara. Í herberginu var ólæstur fataskápur, þar sem föt Guðmundar voru í. Morgun einn, seinast í apríl s. l., er ákærði hafði sofið í herberginu um nóttina, hafði hann á brott með sér ein jakkaföt Guðmundar úr nefndum fataskáp, í þeim tilgangi að fá fé fyrir þau. Hann fékk 100 krónur fyrir fötin á fornsölu, og eyddi hann peningunum í brennivín. Daginn eftir var ákærði staddur hjá Svanhildi, og var þá jakki hans rifinn. Skildi hann jakkann eftir hjá Svanhildi, þar sem hún ætlaði að gera við hann síðar um daginn, og fór í staðinn í jakka, sem var í fataskápnum í herbergi Svanhildar. Er ákærði kom síðar um daginn til Svanhildar til að vitja jakka síns, skýrði hún honum frá því, að saknað væri fata og jakka úr klæðaskápnum. Ákærði skilaði þá jakkanum, sem hann var í og hafði tekið úr skápnum, og fór í jakka sinn, sem búið var að gera við. Jafnframt ákvað hann að reyna að ná aftur í fötin, sem hann hafði selt á fornsölunni, en er hann kom þangað, var búið að selja þau.

VII.

Háttsemi ákærða, sem lýst var í I hér að framan, varðar við 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, en háttsemi hans, sem lýst er í II—IV og VI. hér að framan, við 244. gr. sömu laga. Háttsemi hans, er lýst er í V. hér að framan, varðar við 244. gr. hegningarlaganna og 1. mgr. 17. gr. sbr. 1. mgr. 37. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935. Þykir refsing ákærða, með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna, og með tilliti til fyrri brota hans, hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Hann sat í gæzluvarðhaldi frá 16.—22. f. m., og ber samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna að ákveða, að gæzluvarðhaldsvistin komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Jakob Sveinbjörnsson bifreiðarstjóri, Öldugötu 54, hér í bæ, eigandi blússunnar og veskisins, sem fjallað er um í II. hér að framan, hefur krafizt þess, að ákærði greiði honum 200 krónur í skaðabætur. Þá hefur Guðmundur Arnlaugsson kennari, Öldugötu 25 hér í bæ, krafizt þess, að ákærði greiði honum 400 krónur í skaðabætur fyrir föt þau, er ákærði tók, og um ræðir í VI. hér að framan. Ákærði hefur samþykkt bótakröfur þessar, og verða þær því teknar til greina að öllu leyti.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar.
Rekstur málsins hefur verið vítalaus.
Atferli Hilmars Sigurjóns Reynis Karlssonar og Magnúsar Karls Þorsteinssonar eru afgreidd sérstaklega.

Dómsorð:

Ákærði Elí Bæring Einarsson sæti fangelsi í 6 mánuði, en gæzluvarðhaldsvist hans frá 16.—22. maí 1947 skal með fullri dagatölu koma til frádráttar refsingunni.

Ákærði er frá birtingu dómsins sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Jakob Sveinbjörnssyni 200 krónur og Guðmundi Arnlaugssyni 400 krónur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 13. febrúar 1948.

Nr. 144/1946. **Einar Eiríksson** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Önnu Friðriksson (Hrl. Magnús Thorlacius).

Húsaleigumál.

Dómur hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógeta, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 30. okt. 1946, krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburð þann, sem krafizt er. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það er upp komið í málinu, að stefndi hefur um árabil greitt áfrýjanda húsaleigu fyrir marga mánuði í einu eftir á, án þess að séð verði, að áfrýjandi hafi gert fyrirvara vegna þessa greiðsluháttar. Nú er ekki sannað, að áfrýjandi hafi skorað á stefnda að breyta þessum greiðsluhætti, fyrr en

hann krafðist útburðar í fógetarétti. Að svo vöxnu máli þykir stefndi því ekki hafa fyrirgert leigurétti sínum vegna vanskila á greiðslu húsaleigu. Með vísan til raka hins áfrýjaða úrskurðar verður stefndi ekki talinn hafa brotið leigumálann með öðrum hætti, og ber því að staðfesta úskurðinn að niðurstöðu til.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 600 krónur í málskostnað í hæstarétti.

Það athugast, að þrátt fyrir það, að fógeti hafði ákveðið að mál þetta skyldi flytja munnlega, lögðu umboðsmenn aðilja þó einungis fram skriflegar bókanir, og var málið að svo búnu tekið til úrskurðar.

Dómsorð:

Hin áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi Einar Eiríksson greiði stefnda Önnu Friðriksson 600 kr. í málskostnað í hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 17. október 1946.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 15. okt. þ. á., hefur gerðarbeiðandi, Einar Eiríksson, Marargötu 2 hér í bæ, krafizt þess, að gerðarþoli Anna Friðriksson verði borin út úr íbúð þeirri, sem hún hefur á leigu í ofangreindu húsi gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu útburðargerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Gerðarbeiðandi hefur krafizt málskostnaðar.

Undanfarið hefur gerðarþoli Anna Friðriksson haft á leigu 5 herbergi og eldhús í húsi gerðarbeiðanda, nr. 2 við Marargötu. Skriflegur samningur hefur ekki verið gerður um þetta leiguréttarsamband aðiljanna.

Aðiljum ber saman um, að leiga hefi átt að vera kr. 200.00 á mánuði. Gerðarbeiðandi kveður, að leigu hafi átt að greiða mánaðarlega fyrirfram, en gerðarþoli kveður, að ekkert hafi verið um það samið, og hafi reyndin verið sú, að leigan hafi verið greidd mjög óreglulega.

Gerðarbeiðandi kveður, að í maí 1945 hafi gerðarþoli verið komin í mjög mikil vanskil með leigugreið,slur sínar, en þá hafi hún verið krafin um 4 mánaða leigu. Hafi hún þá einungis greitt fyrir 2 mánuði, en neitað að greiða afganginn, þar sem hún hefði á

sinn kostnað látið gera við miðstöðvarketil þar í húsinu, en gerðarbeiðanda bæri að láta inna slík verk af hendi. — Eftir þetta hafi hún enga leigu greitt, þar til 1. marz s. l., en þá hafi hún greitt skuldina upp með tékk á sparisjóð Landsbankans. Kveðst gerðarbeiðandi hafa tekið á móti þeirri greiðslu á pósthúsinu, en tékkur þessi var sendur í pósti, og kvittað á móttökuviðurkenninguna með fyrirvara. — Frá 1. marz s. l. og til 20. júní s. l., en þá ritar gerðarbeiðandi útburðarbeiðni sína, kveður gerðarbeiðandi að gerðarþoli hafi enga leigu greitt sér. Þá heldur gerðarbeiðandi því fram, að á s. l. vetri hafi gerðarþoli, án síns leyfis, tekið Elsu Sigfúss söngkonu og barn hennar inn í íbúð sína, og hafi Elsa dvalið þar langan tíma.

Vegna hvorttveggja þessa, leiguvanskilanna og óheimillar framleigu, ritaði gerðarbeiðandi fógetarétti Reykjavíkur hinn 20. júní s. l. og krafðist útburðar á gerðarþola.

Þess skal sérstaklega getið, að samkvæmt skýrslu gerðarbeiðanda hér fyrir réttinum, hefur húsaleigunefnd ekki metið leigu fyrir hið umdeilda húsnæði. Hins vegar skýrir gerðarbeiðandi svo frá, að vísitöluuppbót hafi verið tekin á leiguna frá því fyrst var gert ráð fyrir slíkum greiðslum í lögum.

Gerðarþoli mótmælir báðum framangreindum útburðarástæðum. Kveður hún, að sú hafi verið orðin venja, að leigan væri greidd mjög óreglulega, stundum hafi verið greitt fyrir marga mánuði í einu. — Kveðst hún t. d. hafa sent gerðarbeiðanda húsaleigu í einu fyrir tímabilið 1. júní 1944 til 28. febrúar 1945, og hafi gerðarbeiðandi enga athugasemd gert við þann greiðslumáta. Sjá og rskj. 7 og 8. Þá kveðst hún hafa greitt gerðarbeiðanda 12 mánaða leigu hinn 26. febrúar 1946, sjá rskj. 5, en gerðarbeiðandi hafi enga athugasemd gert við sig út af þeirri greiðslu, hvorki munnlega eða bréflega.

Er mál þetta kom fyrst fyrir fógetaréttinn, greiddi umboðsmaður gerðarþola áfallna leigu fyrir marz—júní s. l. incl. og var þeirri greiðslu veitt viðtaka með fyrirvara. Síðan var boðin fram leiga fyrir júlí og september, en leiga fyrir ágúst og október var send í pósti, sjá rskj. 9 og 13. Engri þessara síðastnefndu greiðslna var veitt viðtaka. Allar greiðslurnar voru greiddar eða boðnar fram með uppbót samkvæmt húsaleiguvísitölu.

Þar sem leigumat á hinni umdeildu íbúð hefur ekki farið fram, verður að telja, með tilvísun til 6. gr. laga nr. 39/1943, að gerðarþola hafi ekki borið að greiða annað eða meira en þær kr. 200.00, sem aðiljum ber saman um að upprunalega hafi verið um samið. Engu að síður hefur gerðarbeiðandi játað að hafa tekið vísitöluuppbót á leigugreiðslur gerðarþola, allt frá því lög gerðu ráð fyrir slíkum aukagreiðslum.

Með greiðslum sínum og leigufram boðum undir rekstri málsins hefur gerðarþoli sýnt, að hana skortir hvorki vilja né getu til að standa í skilum með húsaleigugreiðslur sínar.

Án þess farið sé nánar út í greiðslur þessar, er þó sýnt, samkvæmt upplýsingum gerðarbeiðanda sjálfs um vísitöluuppbótartökur þær, sem að framan greinir, að því fer víðs fjarri, að gerðarþoli skuldi gerðarbeiðanda nokkra húsaleigu, og verður útburður á gerðarþola engan veginn byggður á þessu atriði.

Hvað hinu atriðinu viðvíkur, að gerðarþoli hafi á ólögmætan hátt tekið Elsu Sigfúss inn í íbúð sína, þá hefur gerðarþoli haldið því fram, að greind Elsa hafi eingöngu dvalið hjá sér sem gestur og enga leigu greitt sér, og hafi gerðarbeiðandi aldrei fundið að þessu atriði fyrr en nú undir rekstri málsins. Gegn þessum mótmælum hefur gerðarbeiðanda ekki tekizt að sanna, að vera Elsu Sigfúss hafi verið slík, að ólögmætt megi teljast gagnvart sér.

Verður niðurstaða málsins sú samkvæmt framansögðu, að gerð þessari verður synjað framgangs og málskostnaðarkrafa gerðarbeiðanda ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Gerð þessi skal ekki fram fara.

Málskostnaðarkrafa gerðarbeiðanda verður eigi tekin til greina.

Mánudaginn 16. febrúar 1948.

Nr. 134/1947. **Valdstjórnin** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Max Karp (Hrl. Theódór B. Lindal).

Fiskveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Forstöðumaður Sjómannaskólans í Reykjavík hefur markað á sjóuppdrátt stað þann, er stjórnendur varðskipsins mældu við dufl það, sem sett var í kjölfar togara kærða kl. 15.03 hinn 2. desember f. á., og reyndist staður þessi 1.1 sjómílu innan landhelgislínu. Gullgengi krónunnar hefur haldizt óbreytt frá uppsögu héraðsdóms. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði Max Karp greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Theódórs B. Líndals, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 3. desember 1947.

Ár 1947, miðvikudaginn 3. desember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5262/1947: Valdstjórnin gegn Max Karp, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Max Karp, skipstjóra á þýzka togaranum Preussen P.G. 219 Wesermünde, til heimilis í Süder-Wirden 15 í Wesermünde, fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum nr. 5 18. maí 1920, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, kveðst vera fæddur 9. maí 1903, og hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu hér á landi.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Ægi, sem kærði hefur viðurkennt rétta, eru málavextir þeir, er nú skal greina.

Í gær var varðskipið á eftirlitsferð við Reykjanes, kom austan frá. Kl. 14.42 sást frá því togarinn Preussen, að sjá undan Hafnarbergi. Kl. 14.46 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Reykjanesviti $\neq$ Karlskletti $\triangle$ Hafnarbergstá 67° 42′ og Hafnarbergstá $\triangle$ Togari 25° 30′. Hélt þá togarinn út frá landi, en varðskipið hélt til hans á fullri ferð. Kl. 14.50 var gefið stöðvunarmerki frá varðskipinu. Kl. 14.58 var skotið lausu skoti, og nam þá togarinn staðar rétt á eftir. Kl. 15.03 var dufl sett út í kjölvatni togarans, og stöðvaðist varðskipið samtímis. Var þá gerð þessi staðarákvörðun:

Þórðarfell
$> 54° 40'$
Reykjanesviti
$> 81° 07'$
Eldey

Dýpi 107 metrar. Sýna mælingar þessar stað 1.0 sjómílu innan landhelgi.

Togarinn var að botnvörpuveiðum, þegar hann var stöðvaður. Kærði og stýrimaður á togaranum kynntu sér mælingu skipherrans á vettvangi. Að loknum athugunum þar var haldið til Reykjavíkur og komið þangað kl. 21.00.

Enda þótt kærði viðurkenni, svo sem sagt hefur verið, að hafa verið að botnvörpuveiðum í landhelgi, hefur hann haldið því fram, að það hafi eigi verið ásetningur sinn að fremja brot þetta.

Hann skýrir svo frá, að nokkru fyrir töku togarans hafi hann togað norður með landi, og talið sig þá vera um 4 sjómílur frá ströndinni. Síðan hafi hann vegna botnfestu snúið við til lands og suður, og muni skipið þá hafa farið inn fyrir landhelgislínuna. Kompásmiðanir, sem hann gerði, hafi þó eigi sýnt stöðu skipsins innan landhelgi, en mælitæki sín hafi verið svo ófullkomin, að þeim sé eigi að treysta.

Samkvæmt framansögðu hefur kærði gerzt brotlegur við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5 1920, sbr. lög nr. 4 1924.

Með tilliti til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing kærða hæfilega ákveðin kr. 29500.00 í sekt til landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Preussen P. G. 219, skulu upptæk ger til sama sjóðs.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin þóknun til talsmanns síns, hrl. Theódórs B. Líndals, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði Max Karp greiði kr. 29500.00 í sekt til landhelgissjóðs Íslands, og komi í stað sektarinnar 7 mánaða varðhald, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Preussen P.G. 219, skulu upptæk vera handa sama sjóði.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin þóknun talsmanns síns, hrl. Theódórs B. Líndals, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. febrúar 1948.

Nr. 94/1947. **Valdstjórnin** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Reinhard Lárussyni, Fanneyju Lilju Guðmundsdóttur og Guðmundi Svavari Guðmundssyni (Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Brot gegn gjaldeyris- og verðlagslögjöf.

Dómur hæstaréttar.

Pantanir á bifreiðum þeim, sem ólöglega voru fluttar til landsins, annaðist kærði Reinhard Lárusson einn, og er ekki sannað, að kærðu Fanneyju Lilju og Guðmundi Svavari hafi verið um þær kunnugt. Og þar sem ekki er fram komið, að þau Fanney og Guðmundur hafi átt færi á því að vita um þær tvær pantanir, sem hér er um að tefla, og þar með átt þess kost að skerast í leikinn og hindra innflutninginn, þá ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms, að því er þau varðar.

Kærði Reinhard Lárusson hefur tvisvar áður verið dæmdur til refsingar fyrir brot á verðlags- og gjaldeyrislöggjöfinni. Með tilliti til þess og samkvæmt sakaratriðum máls þessa, sem rakin eru í héraðsdómi, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 35000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 4 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hér fyrir dómi hefur ákæruvaldið horfið frá kröfu um upptöku eigna.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber kærða Reinhard Lárussyni að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Það athugast, að málshöfðunartilkynning í héraði er ekki svo skýrt mörkuð sem skyldi.

Dómsorð:

Kærðu, Fanney Lilja Guðmundsdóttir og Guðmundur Svavar Guðmundsson, eiga að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Kærði Reinhard Lárusson greiði kr. 35000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi 4 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo greiði hann og allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Einars B. Guðmundssonar, kr. 700.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 18. apríl 1947.

Ár 1947, föstudaginn 18. apríl var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni, settum sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1096—98/1947: Valdstjórnin gegn Reinhard Lárussyni, Guðmundi Svavari Guðmundssyni og Fanneyju Lilju Guðmundsdóttur, sem dómtekið var hinn 17. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Reinhard Lárussyni framkvæmdastjóra, Guðmundi Svavari Guðmundssyni trésmið, og Fanneyju Lilju Guðmundsdóttur frú, öllum til heimilis á Auðarstræti 9 hér í bæ, fyrir brot gegn innflutnings- og gjaldeyrislöggjöfinni.

Hin kærðu eru komin yfir lögaldur sakamanna, og hefur Fanney Lilja eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Kærði Reinhard hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1942 $^{24}/_{8}$ Sátt, 30 kr. sekt fyrir að hafa of marga farþega í framsæti bifreiðar.

1944 $^{18}/_{9}$ Sátt, 250 kr. sekt og 400 kr. skaðabætur fyrir brot gegn 3. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1945 $^{7}/_{9}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 2500 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 1 1943 og 1. gr., sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 77 1943.

1946 $^{8}/_{1}$ Áminning fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Hafnarfjarðar.

1947 $^{27}/_{1}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 15. kafla hegningarlaganna, 7000 kr. sekt fyrir brot gegn verðlags- og gjaldeyrislöggjöfinni. Greiði in solidum, f. h. h/f Columbus, til ríkissjóðs upptækan ólöglegan ágóða, kr. 20 590.14.

1947 $^{13}/_{2}$ Sátt, 20 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Ákærði, Guðmundur Svavar, hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1932 $^{2}/_{3}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir að hjóla ljóslaus og að sýna mótþróa.

1932 $^{2}/_{5}$ Áminning fyrir rúðubrot. Lofaði skaðabótum.

1934 $^{8}/_{1}$ Kærður fyrir árás. Afgreitt með skaðabótum.

1936 $^{2}/_{1}$ Kærður fyrir hnupl. Látið falla niður, með því að þýfið var undir 30 kr. virði og málssóknar ekki krafizt af hlutaðeiganda.

1938 $^{1}/_{7}$ Áminning fyrir að klifra yfir sundlaugagirðingu og fara í laugina án heimildar að næturlagi.

1940 $^{4}/_{11}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir akstur á ljóslausu reiðhjóli.

1941 $^{2}8/_{11}$ Sátt 5 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. e- og c-lið lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1947 $^{2}7/_{1}$ Dómur, sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 15. kafla hegningarlaganna, verðlagslöggjöfinni og gjaldeyrislöggjöfinni. Dæmdur til in solidum að greiða vegna h/f Columbus til ríkissjóðs upptækan ólöglegan ágóða, kr. 20590.14.

Hin kærðu eru og hafa á þeim tíma, er þeir atburðir gerðust, sem mál þetta er af risið, verið í stjórn hlutafélagsins Columbus, sem rekið hefur heildverzlun hér í bæ. Er kærði Reinhard og hefur verið formaður félagsstjórnarinnar og framkvæmdastjóri félagsins. Kærða Fanney Lilja er eiginkona hans og kærði Guðmundur Svavar bróðir hennar.

Með bréfi, dagsettu 3. f. m., kærði Viðskiptaráð yfir því, að með e/s Lublin, sem kom til Reykjavíkur 14. febrúar s. l. og með e/s Grabbestrom, sem kom til Reykjavíkur 23. febrúar s. l. hefðu komið 195 bifreiðar til Columbus h/f frá Renault bifreiðasmiðjunum í Frakklandi og að þær væri flest allar eða jafnvel allar að áliti ráðsins fluttar til landsins án innflutnings- og gjaldeyrisleyfis.

Við rannsókn málsins hefur kærði Reinhard gefið skýrslu af félagsins hálfu um málavexti, enda er hann sá hinna kærðu, er um bifreiðainnflutning þennan fjallaði.

Félagið hefur frá öndverðu síðastliðnu ári verið einkaumboðsmaður hér á landi fyrir Renault bifreiðasmiðjurnar og á því ári fékk það innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir 147 bifreiðum frá bifreiðasmiðjunum. Þegar gildistími leyfa þessara rann út á síðastliðnum áramótum, átti félagið ónotað leyfi fyrir 53 fólksbifreiðum og 25 sendiferðabifreiðum eða samtals 78 bifreiðum. Hinn 24. janúar s. l. endurnýjaði Viðskiptaráð leyfin fyrir fólksbifreiðunum, 53 að tölu, enda hafði félagið þá fyrir nokkru fengið hingað 50 slíkar bifreiðar, sem biðu tollafgreiðslu eftir framlengingu leyfanna. Hafði félagið því leyfi fyrir þremur fólksbifreiðum, þegar bifreiðar þær, sem mál þetta snýst um, komu til landsins. Auk þess hefur það leyfi fyrir einni fólksbifreið, útgefið til handa Stórstúku Íslands. Eru þannig til innflutnings- og gjaldeyrisleyfi

fyrir 4 bifreiðanna. Leyfin fyrir sendiferðabifreiðunum, sem féllu úr gildi á áramótum, hafa eigi verið endurnýjuð. Hefur félagið því eigi fengið innflutnings- eða gjaldeyrisleyfi fyrir 191 þeirra bifreiða, sem kært er yfir að það hafi flutt til landsins.

Kærði Reinhard skýrir svo frá, að mikil eftirspurn hafi verið hér eftir Renault bifreiðum og að sökum þess, að treg hafi verið afgreiðsla á bifreiðum þessum frá verksmiðjunni, hafi hann í þau þrjú skipti, sem hann hefur komið í verksmiðjurnar, farið fram á að fá hjá þeim eins mikið af bifreiðum og þeim væri unnt að láta, og hið sama hafi hann farið fram á bæði í skeytum og bréfum.

Síðast í s. l. janúar barst félaginu skeyti frá verksmiðjunum þess efnis, að þær væru að senda því 100 fólksbifreiðar, 15 sendiferðabifreiðar og 10 flutningsbifreiðar, alls 125 bifreiðar. Kærði Reinhard samþykkti þetta um hæl í svarskeyti. Nokkru síðar barst félaginu annað skeyti frá verksmiðjunum þess efnis, að þær sendu félaginu 50 fólksbifreiðar og 20 sendiferðabifreiðar, alls 70 bifreiðar, og var þessu skeyti einnig svarað samþykkjandi. Kærði Reinhard heldur því fram, að sér hafi þótt fyrri talan, 125 bifreiðar, svo há, að ótrúleg væri, og þess vegna hafi hann álitið, þegar hann fékk síðara skeytið, að verksmiðjurnar ætluðu einungis að senda félaginu 65 bifreiðar, en þá tölu fékk hann í huga vegna misskilnings á hinu franska símskeyti. Hitt segir hann sér eigi hafa komið til hugar að senda ætti félaginu bifreiðarnar, sem síðara skeytið var um, til viðbótar þeim, sem fyrra skeytið var um.

Þegar kærði Reinhard samþykkti nefnd skeyti, var honum ljóst, að félagið hafði eigi nema að hverfandi leyti innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir bifreiðunum, en hann kveðst hafa samþykkt skeytin í því skyni að tryggja félaginu bifreiðarnar upp á væntanleg innflutnings- og gjaldeyrisleyfi á þessu ári, eða þá a. m. k., að kaupendurnir hér fengju sjálfir leyfin. Áleit hann, að félagið mundi fá sinn skerf af bifreiðainnflutningi þessa árs eins og hins liðna. Enn fremur kveðst hann hafa álitið, að sending bifreiðanna hingað mundi taka svo langan tíma að unnt yrði að stöðva hana, er leyfin fengjust ekki.

Kærðu önnuðust ekki útvegun skiprúms fyrir bifreiðarnar hingað, en þegar kærði Reinhard fékk vitneskju um það hjá afgreiðslum áðurnefndra skipa hér, hversu mikið af bifreiðum væri væntanlegt frá verksmiðjunum, sendi hann verksmiðjunum skeyti um að stöðva allar bifreiðasendingar til félagsins vegna vöntunar innflutningsleyfa. Þegar verksmiðjunum barst þetta skeyti, voru skipin farin af stað með bifreiðarnar, og var því eigi kleift að stöðva flutning þeirra hingað, en hætt var við að senda félaginu 105 bifreiðar, sem verksmiðjurnar höfðu ætlað því til viðbótar hinum.

Félaginu hefur verið synjað innflutnings- og gjaldeyrisleyfis fyrir áðurnefndri 191 bifreið og hefur því eigi greitt andvirði þeirra. Farmgjöld bifreiðanna hefur félagið verið krafið um, og eru

bifreiðarnar geymdar á vegum skipaafgreiðslanna. Með afskiptum sínum af innflutningi bifreiðanna hefur kærði Reinhard gerzt brotlegur við 1. gr. 1. mgr. sbr. 17. gr. 1. mgr. reglugerðar nr. 7 16. janúar 1946, sbr. 2. gr. 2. tölulið sbr. 7. gr. laga nr. 91 30. nóvember 1945. Bæði hann og meðstjórnendur hans í félaginu, kærðu Guðmundur Svavar og Fanney Lilja, eru á einu máli um, að hann hafi einn ráðstafað innflutningi bifreiðanna fyrir félagsins hönd, og að meðstjórnendurnar hafi þar engu um ráðið og að innflutningur þessi hafi eigi verið ræddur á stjórnarfundi. Kveðst kærða Fanney aldrei hafa setið stjórnarfund í félaginu og kærði Guðmundur Svavar eigi síðan í apríl 1946. Hinn 18. desember s. l. fór kærði Guðmundur Svavar utan og var í þeirri för til 19. febrúar s. l. Var hann því erlendis, þegar skeytin um bifreiðainnflutninginn fóru milli félagsins og verksmiðjanna. Þykir meðstjórnendunum eigi verða gefin sök á innflutningi bifreiðanna, og ber því að sýkna þá af kærum valdstjórnarinnar í málinu.

Refsing kærða Reinhards samkvæmt framansögðu þykir hæfilega ákveðin 20 þúsund króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhaldi í 3 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eigi þykir rétt, eins og máli þessu er háttað, að beita eignaupptöku samkvæmt 69. gr. hegningarlaganna. Þar sem vörn skipaðs verjanda hinna kærðu, hrl. Einars B. Guðmundssonar, fjallar nær eingöngu um mál þetta almennt og þátt kærða Reinhards í því, en málsvarnarlauna er eigi krafizt, að því er vörn fyrir hann snertir, verða engin málsvarnarlaun tildæmd.

Kærða Reinhard ber að dæma til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærð, Guðmundur Svavar Guðmundsson og Fanney Lilja Guðmundsdóttir, skulu vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Kærði Reinhard Lárusson greiði kr. 20000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 3 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði Reinhard Lárusson greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. febrúar 1948.

Nr. 68/1947. **Bæjarstjóri Akureyrarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Guðna Þórðarsyni (Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Eggerz, fulltrúi bæjarfógeta á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 25. júní 1947 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 30. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtakið. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi reisir heimild sína til útsvarsálagningar á stefnda eingöngu á því, að lögheimili hans hafi verið á Akureyri árið 1944, en dvöl hans á Dagverðareyri hafi aðeins staðið í sambandi við atvinnu hans þar. Í málinu er það hins vegar komið fram, að stefndi hefur árum saman, þar á meðal allt árið 1944, verið fastráðinn starfsmaður síldarverksmiðju á Dagverðareyri og haft þar fæði og herbergi til umráða. Hefur áfrýjandi ekki sannað, að heimilt hafi verið að leggja á stefnda á Akureyri útsvar það, sem hann er krafinn um í máli þessu. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 600.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarstjóri Akureyrarkaupstaðar fyrir

hönd bæjarsjóðs, greiði stefnda Guðna Þórðarsyni málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 600.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 21. nóv. 1946.

Undir gerð þessari krefst gerðarbeiðandi, bæjarsjóður Akureyrar, að lögtak verði gert í eignum gerðarþola Guðna Þórðarsonar, Dagverðareyri, fyrir útsvari, er lagt var á hann á Akureyri 1945 að upphæð kr. 475.20 auk dráttarvaxta. Þá krefst og gerðarbeiðandi málskostnaðar.

Gerðarþoli mótmælir því, að lögtakið nái fram að ganga, þar sem heimili hans sé á Dagverðareyri, Glæsibæjarhreppi, þar sem hann hafi allar sínar atvinnutekjur.

Að öðru leyti eru málsatvik þessi:

Gerðarþoli á húseignina Hamarsstígur 1 á Akureyri, en í húsinu eru 4 herbergi og eldhús. Kona gerðarþola hefur 2 herbergi og eldhús, en í leigu af herbergi því, er gerðarþoli leigir út, hefur hann um kr. 40.00 á mánuði. Kona gerðarþola hélt árið 1944 að mestu leyti til í Hamarsstíg 1, en heimsótti þó oft bónda sinn á Dagverðareyri.

Um gerðarþola sjálfan er þetta að segja: Hann hefur undanfarin ár haft fasta atvinnu við síldarverksmiðjuna á Dagverðareyri í Glæsibæjarhreppi, en aldrei haft atvinnu á Akureyri. Gerðarþoli hefur eitt herbergi á leigu á Dagverðareyri og matast þar í matarfélagi, er hefur ráðskonu. Gerðarþoli kom öll þessi ár, einnig árið 1944, aðeins um helgar til konu sinnar og það aðeins að vetrinum.

Tekjur gerðarþola voru árið 1944 að Dagverðareyri um kr. 23 000.00 og útsvar greiddi hann 1945 í Glæsibæjarhreppi um kr. 1600.00. Húsmuni á gerðarþoli bæði á Hamarsstíg 1 og á Dagverðareyri.

Gerðarbeiðandi hefur máli sínu til stuðnings lagt fram í réttinum manntal í Akureyrarkaupstað í október 1944, en gerðarþoli heldur fram, að skýrsla þessi sé þannig til komin — á henni stendur bæði gerðarþoli og kona hans — að maður sá, er tók manntalið, hafi sagt honum, að úr því að hann væri staddur á Hamarsstíg 1, bæri honum að standa á manntalsskýrslu bæjarins. Í athugasemd á skýrslunni er þess getið, að lögheimili gerðarþola sé á Dagverðareyri.

Rétturinn lítur svo á, að samkvæmt framanskráðu megi líta svo á, að gerðarþoli eigi í raun og veru tvö heimili, og ber þá samkvæmt lögum um útsvör nr. 106/1936 8. gr. d. að fella hann af útsvarsskrá á öðrum þeim stað, er útsvar var lagt á hann 1945,

og þar eð hann nú hafði allar sínar tekjur árið 1944, um kr. 23 000.00, á Dagverðareyri, þykir rétt að fella hann af útsvarskrá Akureyrarbæjar, og fer því hin umbeðna lögtaksgerð ekki fram.

Eftir þessum úrslitum ber að sýkna gerðarþola fyrir málskostnaðarkröfum gerðarbeiðanda.

Mál þetta var tekið til úrskurðar þann 18. þ. m.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak fer ekki fram. Gerðarþoli Guðni Þórðarson á að vera sýkn fyrir málskostnaðarkröfum gerðarbeiðanda, bæjarsjóðs Akureyrar.

Mánudaginn 23. febrúar 1948.

Nr. 101/1947. **Austurstræti 3 h/f** (Hrl. Kristján Guðlaugsson)
gegn
Ólafíu Torfason (Hrl. Sigurður Ólason).

Húsaleigumál.

Dómur hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. september 1947, gerir þær dómkröfur, að úrskurður fógetaréttarins verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógetann að framkvæma útburðargerð þá, sem krafizt er. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati hæstaréttar.

Hvorki undantekningarákvæði 1. gr. laga nr. 39/1943 né önnur ákvæði í lögum veita hlutafélögum rétt til að segja leigutaka upp íbúð í húsi hlutafélagsins til afnota handa einstökum hluthafa í félaginu. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 1000 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi Austurstræti 3 h/f greiði stefnda Ólafíu

Torfason 1000 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 21. ágúst 1947.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 18. f. m., hefur gerðarbeiðandi, Austurstræti 3 h/f, krafizt þess, að gerðarþoli, Ólafía Torfason, verði borin út úr húsnæði því, sem hún hefur undanfarið haft á leigu í húsinu nr. 3 við Austurstræti.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Gerðarbeiðandi eignaðist húsið nr. 3 við Austurstræti árið 1938, en samkvæmt rskj. 5 og 6 er félagið stofnað hinn 26. september 1938, til þess að eiga og reka nefnda húseign. Í stjórn félagsins eru Magnús Brynjólfsson, Reynimel 29, formaður, Karl Kristinsson, Víðimel 67, framkvæmdarstjóri og Brynjólfur J. Brynjólfsson, Austurstræti 3. Félagið kaupir húseignina af Jóni Brynjólfssyni kaupmanni, sem nú er látinn, en hann er faðir þeirra Magnúsar og Brynjólfs ofannefndra og tengdafaðir Karls Kristinssonar.

Gerðarþoli Ólafía Torfason hefur undanfarið haft á leigu tvö herbergi og eldhús á annarri hæð hússins Austurstræti 3.

Gerðarbeiðandi segir gerðarþola upp húsnæði hennar miðað við 14. maí 1947. Byggist uppsögnin á því, að Brynjólfur J. Brynjólfsson þurfi á húsnæðinu að halda vegna væntanlegs hjúskapar og heimilisstofnunar, en hann býr nú í einu herbergi í húsinu Austurstræti 3, án aðgangs að eldunarplássi.

Uppsögn þessi var lögð fyrir húsaleigunefnd, og gekk úrskurður nefndarinnar um hana hinn 5. maí s. l. þess efnis, að uppsögnin teldist gild.

Þar sem gerðarþoli hafði úrskurð húsaleigunefndar að engu, ritar gerðarbeiðandi fógetarétti Reykjavíkur hinn 16. maí s. l. og krefst útburðar á gerðarþola, og byggist útburðarkrafan á sömu ástæðu og á sínum tíma lá fyrir húsaleigunefnd, húsnæðisþörf Brynjólfs J. Brynjólfssonar.

Gerðarþoli mótmælir framgangi gerðarinnar. Telur hún, að gerðarbeiðandi Austurstræti 3 h/f sé sjálfstæð persóna að lögum, samkvæmt lögum um hlutafélög, og sé þannig ekki um nein skyldleikatengsl að ræða milli félagsins sem slíks og Brynjólfs J. Brynjólfssonar, sem gætu heimilað gerðarbeiðanda að segja upp húsnæði fyrir hann samkvæmt 1. gr. núgildandi húsaleigulaga. Brynjólfur sé einungis leigjandi hjá gerðarbeiðanda. Að öðru leyti mótmælir gerðarbeiðandi því einnig, að Brynjólfur hafi nokkra þörf fyrir aukið húsnæði.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því hins vegar haldið fram, að Jón heitinn Brynjólfsson hafi, er hann seldi húseignina, lagt á það sér-

staka áherzlu, að húseignin gengi ekki úr ættinni. Hafa tvö vottorð verið lögð fram þeirri staðhæfingu til styrktar, sjá rskj. 8 og 9. Þannig megi líta svo á, að hlutafélagið Austurstræti 3 h/f sé í raun réttri sameignarfélag, þar sem hluthafar allir séu annað tveggja, börn eða tengdabörn Jóns heitins Brynjólfssonar, og ætti félagið sem slíkt að hafa allar sömu aðildir eins og hér væri um einfalda sameign að ræða.

Ekki skal það út af fyrir sig dregið í efa, að Jón heitinn Brynjólfsson hafi lagt á það áherzlu, að húseignin Austurstræti 3 gengi ekki úr ættinni, en hins vegar verður ekki séð, að reynt hafi verið að búa þannig um hnútana í reglum félagsins, að hluthafar væri á nokkurn hátt bundnir við að eiga hlutabréfin. Í stofnsamningi er einmitt tekið fram, að hlutabréf hljóði á handhafa.

Verður m. a. af þessari ástæðu ekki talið, að um sé að ræða neitt slíkt samband milli Austurstrætis 3 h/f og Brynjólfs J. Brynjólfssonar, að félagið geti sagt upp íbúð gerðarþola Brynjólfi til handa.

Verður því að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar, og þykir rétt, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 150.00 í málskostnað.

Samning úrskurðar þessa hefur dregizt vegna veikinda fógeta.

Því úrskurðast:

Gerð þessi skal ekki fram fara.

Gerðarbeiðandi, Austurstræti 3 h/f, greiði gerðarþola, Ólafíu Torfason, Austurstræti 3, kr. 150.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 24. febrúar 1948.

Nr. 11/1947. **Bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. bæjarsjóðs og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs** (Hrl. Einar B. Guðmundsson)

gegn

Eggert Claessen f. h. N. C. Monberg A/S og gagnsök (Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Greiðsluskylda samkvæmt skuldabréfi.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1947. Gera þeir þessar kröfur:

Aðalkrafa: Að þeir verði algerlega sýknaðir og gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

1. *varakrafa:* Að þeim verði dæmt einungis að greiða gagnáfrýjanda d. kr. 18 801.43 og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

2. *varakrafa:* Að þeim verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda d. kr. 43 504.61 ásamt 5% ársvöxtum frá 3. september 1947 til greiðsludags, en málskostnaður verði látinn falla niður bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 29. janúar 1947, krefst þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum d. kr. 55 878.28 ásamt 5% ársvöxtum frá 3. september 1946 til greiðsludags svo og innheimtulaun ísl. kr. 13 342.76, og málskostnað í héraði, ísl. kr. 20 732.11, svo og málskostnað fyrir hæstarétti.

Styrjöldin olli því að vísu, að aðaláfrýjendur urðu þess ómegnugir að flytja fé til Danmerkur til greiðslu afborgana og vaxta af skuldabréfinu, sem í gjalddaga féllu eftir hernám landa þeirra, sem hér eiga í hlut. En þar sem skuldarlúkning og vaxta skyldi fara fram í Kaupmannahöfn í dönskum krónum, þá þykir eðlilegast að líta svo á, að ófæra sú til efnda, sem hlauzt af styrjöldinni, hafi einungis frestað greiðsluefndum og framlengt vaxtaákvæðin, en hafi engin áhrif haft á það ákvæði skuldabréfsins, að innstæða skuldarinnar svo og vextir skyldu lúkast ákveðinni fjárhæð dansks gjaldeyris án tillits til gengis íslenzks gjaldeyris. Ber því aðaláfrýjendum að greiða eftirstöðvar á innstæðu skuldabréfsins þeirri fjárhæð danskra króna, sem þar greinir, svo og 5% ársvaxta af eftirstöðvum þessum, unz þær verða reiddar af hendi. Hins vegar er ekki efni til að dæma aðaláfrýjendur til greiðslu vaxtavaxta, þegar vegna orsaka þeirra, sem ollu truflun á skiptum aðilja.

Niðurstaðan er því sú, að dæma ber aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda d. kr. 43 504.61 ásamt 5% ársvöxtum frá 3. september 1946 til greiðsludags. Svo ber og að dæma gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Þykir hann hæfilega ákveðinn samtals isl. kr. 14 000.00, og er við ákvörðun hans tekið tillit til kostnaðar gagnáfrýjanda af innheimtu.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. bæjarsjóðs og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Eggert Claessen f. h. N. O. Monberg A/S, d. kr. 43 504.61 ásamt 5% ársvöxtum frá 3. september 1946 til greiðsludags og samtals isl. kr. 14 000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. október 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., hefur N. C. Monberg A/S í Kaupmannahöfn höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 4. maí 1946 gegn bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs Ísafjarðar og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu in solidum á d. kr. 211 895.85 ásamt 5% ársvöxtum og vaxtavöxtum af þeirri fjárhæð frá 22. ágúst 1939 til greiðsludags, innheimtulaunum samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands af allri dómkröfuupphæðinni og loks málskostnaðar að skaðlausu. Í framhaldsstefnu útgefinni 7. júní 1946 krafðist stefnandi þess, að stefndu yrðu enn fremur dæmdir til að greiða dráttarvexti, 1% p. a. af d. kr. 222 490.64 frá 22. ágúst 1940 til greiðsludags, auk 6% ársvaxtavaxta af dráttarvaxtafjárhæðinni. Loks krafðist stefnandi málskostnaðar í framhaldssök að mati dómara. Við munnlegan flutning málsins orðaði stefnandi dómkröfur sínar á þá leið, að stefndu yrðu dæmdir in solidum til að greiða

a) eftirstöðvar síðargreinds skuldabréfs, d. kr. 211 895.85,
b) vexti og vaxtavexti ásamt dráttarvöxtum of þeim eftirstöðvum frá 22. ágúst 1939 til stefnudags, 4. maí 1946, d. kr. 97 855.76,
c) 5% ársvexti auk 1% dráttarvaxta eða 6% ársvexti af samtölu a) og b) frá 4. maí 1946 til greiðsludags,
d) innheimtulaun, kr. 13 342.76,
e) málskostnað að skaðlausu, kr. 20 732.11,

allt að frádregnum d. kr. 242 878.55 með 6% ársvöxtum frá 2. september 1946.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, til vara, að þeir verði einungis dæmdir til að greiða d. kr. 18 801.43 án vaxta, og til þrautavara, að þeim verði gert að greiða d. kr.

43 180.83 með 5% ársvöxtum frá 3. sept. 1946 og málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að með skuldabréfi, dagsettu 15. janúar 1936, viðurkenndi bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. hafnarsjóðs að skulda stefnanda d. kr. 363 250.00 vegna byggingar bátahafnar á Ísafirði. Skyldi skuldin bera 5% ársvexti, er taldir væru frá lokum verksins, 22. apríl 1934, en greiðast á 12 árum með jöfnum greiðslum, d. kr. 30 270.83 á ári hverju, og var gjalddagi afborgana og vaxta ákveðinn 22. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 1935. Greiðslur skyldu fara fram í skrifstofu stefnanda í Kaupmannahöfn, og væri eigi staðið í skilum á réttum tíma um greiðslu afborgana eða vaxta, skyldi öll skuldin, auk vaxta, áfallinna og áfallandi, fallin í gjalddaga, ef skuldareigandi krefðist árangurslaust í símskeyti eða ábyrgðarbréfi greiðslu innan tveggja vikna. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð til tryggingar greiðslu þessarar auk vaxta og innheimtukostnaðar að skaðlausu, þar í talin málskostnaður og þóknun til málflutningsmanns. Fimm fyrstu greiðslurnar voru inntar af hendi og þegnar án athugasemda frá hálfu stefnanda, að því er séð verði. Hinn 10. apríl 1940 var Danmörk hernumin og kveðast stefndu árangurslaust hafa gert ítrekaðar tilraunir til þess að koma greiðslu þeirri, er í gjalddaga féll 22. ágúst það ár, til stefnanda. Hinn 15. febrúar 1941 var greiðslan, eða öllu heldur jafnvirði hennar í íslenzkum krónum miðað við gengi 125.78, lögð inn í sparisjóðsbók nr. 9507 við útibú Landsbanka Íslands á Ísafirði. Var bók þessi merkt „Bátahöfn" og geymd hjá hafnargjaldkera Ísafjarðar. Var ráðstöfun þessi gerð samkvæmt samþykkt hafnarnefndar Ísafjarðar hinn 6. febrúar 1941, svo hljóðandi: „III. Bæjarstjóri skýrði frá, að hann hefði talað við skrifstofustjórann í fjármálaráðuneytinu út af greiðslum vegna bátahafnarinnar til firmans Monberg í Kaupmannahöfn. Hefði skrifstofustjórinn talið, að greiða skyldi fé þ inn á sérstaka kontó í banka. Nefndin samþykkir að leggja inn á sparisjóðsbók við Landsbankann merkt „Bátahöfn" upphæð, er svarar afborgun og vöxtum f. 1940 kr. 51 400.77 aurar reiknað á gengi 125.78, enda gangi upphæð þessi til greiðslu á afborgun og vöxtum á skuldabréfi N. C. Monberg með gengi því, er gildi, þegar yfirfærsla verður framkvæmanleg, þó ekki hærra en gengi frá 9. apríl 1940." Hinn 8. marz 1941 var umboðsmanni stefnanda, Eggert hrl. Claessen, tilkynnt þessi ráðstöfun í símskeyti, en svar hans, 11. s. m., var á þá leið, að hann hefði ekki umboð stefnanda til að taka greiðslur gildar öðruvísi en samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins og mótmælti hann því jafnframt, að fyrrgreind ráðstöfun hefði nokkurt gildi gagnvart stefnanda. Stefndi héldu áfram með sama móti að leggja greiðslur sínar í sparisjóðsbókina fyrir 1941—1945, að báðum meðtöldum, þar eð þeir töldu ókleift sem áður að koma þeim í danskri mynt í hendur stefnanda á meðan hernámi Danmerkur var

eigi af létt. Hinn 4. marz s. l. ritaði umboðsmaður stefnanda hinni stefndu bæjarstjórn og óskaði greiðslu á ógreiddum afborgunum samtals d. kr. 181 624.98 og ógreiddum vöxtum og vaxtavöxtum frá 22. ágúst 1939 til 22. ágúst 1945 d. kr. 72 064.86 eða samtals d. kr. 253 689.84. Kvaðst hann ekki mundu krefjast innheimtulauna, ef fjárhæð þessi yrði þegar goldin, en áskildi sér ella rétt til að gera kröfu til þeirra. Jafnframt taldi hann í bréfi þessu, að eftirstöðvar skuldarinnar yrðu þá d. kr. 30 270.87 með 5% ársvöxtum af þeirri fjárhæð og af fyrrgreindum d. kr. 253 689.84 frá 22. ágúst 1945 til greiðsludags. Bréf þetta var lagt fyrir hafnarnefnd Ísafjarðar á fundi hennar 29. marz s. l., og var gerð um það svo hljóðandi ályktun: „Nefndin leggur til að bréfinu sé svarað í samræmi við fengnar upplýsingar frá fjármálaráðuneytinu og ráðstafanir séu gerðar til að innstæða sú, sem færð hefur verið á nafn N. C. Monberg A/S, verði yfirfærð á reikning skuldareiganda nr. 4940 í Köbenhavns Handelsbank í Kaupmannahöfn. Upplýsingar fjármálaráðuneytis eru þær, að slík lán greiðist með gengi 135,57, vaxtavextir ekki greiddir, ekki vextir af afborgunum né heldur dráttavextir. Hafnarnefnd felur hafnarstjóra (þ. e. bæjarstjóra) að annast framkvæmdir í þessu sambandi." Ályktun þessi var síðan samþykkt á fundi bæjarstjórnarinnar hinn 3. apríl s. l., en ekki mun bréfinu þó hafa verið svarað á neinn hátt. Hinn 5. apríl sendi fyrrgreindur umboðsmaður stefnanda hinni stefndu bæjarstjórn svo hljóðandi skeyti: „Með því að þér hafið ekki svarað bréfi mínu 4. f. m. viðvíkjandi skuldabréfskröfu Monbergs og ekkert greitt, krefst ég tafarlausrar greiðslu höfuðstóls og vaxta svo sem segir í bréfinu og innheimtulauna til mín samkvæmt lágmarkstaxta lögmannafélags Íslands stop Fari full greiðsla ekki fram innan tveggja vikna frá því þér takið við skeyti þessu, krefst ég f. h. skuldareiganda greiðslu allra eftirstöðva höfuðstóls vaxta og innheimtulauna." Með bréfi, dagsettu 13. s. m., tilkynnti hann fjármálaráðuneytinu, hversu komið var málum, og fylgdu bréfinu afrit framangreindra orðsendinga. Svör virðast engin hafa borizt umboðsmanninum fyrr en bæjarstjóri Ísafjarðar kom til Reykjavíkur, líklega 26. apríl s. l. Áttu þeir tal saman og síðast 3. maí, en að því loknu ritaði bæjarstjórinn umboðsmanninum og bauð fram greiðslu á d. kr. 254 274.98 auk vaxta þeirra, er bankinn hafði greitt fyrir innstæðufé í framangreindri sparisjóðsbók. Fjárhæð þessi var miðuð við gengi 135.57, en eigi gert ráð fyrir vaxtavöxtum né kostnaði, en hins vegar var í henni falin síðasta greiðslan, er samkvæmt skuldabréfinu skyldi falla í gjalddaga 22. ágúst 1946. Stefna í málinu var gefin út 4 maí sem fyrr segir, fám dögum fyrr en bréf bæjarstjórans kom í hendur umboðsmanninum, sem virðist ekki hafa talið, að þar væri um lögmælt greiðsluboð að ræða, en kveðst ekki sjá neitt athugavert við það, að stefndu greiddu beint til skuldareiganda hverja þá fjárhæð, er þeir teldu sér skylt að

greiða, en taldi, að slíkri greiðslu yrði ekki veitt viðtaka, nema með fyrirvara um viðbótargreiðslu samkvæmt væntanlegum dómi í málinu. Fyrir milligöngu Landsbanka Íslands var Den Danske Landmandsbank hinn 11. maí beðinn að greiða í reikning stefnanda fyrrgreindar d. kr. 254 274.98, og var sú fjárhæð greind í afborganir kr. 211 895.85 og vextir kr. 42 379.13. Auk þess skyldi greiða d. kr. 7 405.00, er var talið jafnvirði vaxta þeirra, sem áður greinir að Landsbankinn hafði goldið. Fé þetta skyldi greitt stefnanda gegn fullnaðarkvittun á skuldabréfið. Stefnandi neitaði að taka við fénu með þessu skilorði. Hinn 3. september s. l. voru stefnanda síðan greiddar d. kr. 242 878.55 gegn venjulegri viðurkenningu, en kr. 18 801.43 skyldu standa eftir og ekki greiddar stefnanda nema með fyrrgreindu skilorði.

Stefndu hafa byggt sýknukröfu sína á því, að alger ómöguleiki hafi valdið því, að greiðslum varð ekki komið til stefnanda á tilteknum gjalddögum, en hins vegar hafi engin tregða verið af þeirra hálfu um greiðslur. Allar greiðslurnar hafi verið greiddar í framangreindan sparisjóðsreikning á réttum gjalddögum, er undan sé skilin fyrsta greiðslan (1940), og sé það bæði afsakanlegt og skiljanlegt, að nokkurn tíma hafi tekið að reyna fyrir sér um yfirfærslu og að komast niður á fyrirkomulag það, sem upp var tekið í staðinn. Telja þeir, að eins og á stóð, hafi greiðslurnar verið inntar af hendi á lögmætan hátt með því að „deponera" fénu, eins og gert var. Gengi danskrar krónu var skráð hér á landi kr. 125.78 síðast áður en Danmörk var hernumin, og telja þeir því rétt að miða greiðslur sínar við það gengi, er ekki breyttist hér á landi fyrr en 10. september 1945. Þess vegna telja þeir sig hafa átt að standa stefnanda skil á hinu „deponeraða" fé, er jafngilti d. kr. 203 689.18, afborgun (eftirstöðvum) er féll í gjalddaga 22. ágúst 1946, d. kr. 30 270.83, vöxtum af henni d. kr. 1 513.54 og fyrrgreindum d. kr. 7405.00, eða samtals þeirri fjárhæð, er stefnandi hefur þegar veitt viðtöku.

Varakrafa stefndu styðst við öll hin sömu rök, þó aðallega, að þar eð afborganir hafi verið goldnar á réttum gjalddögum í sparisjóðsbókina, beri stefndu ekki að svara vöxtum af hverri afborgun lengur en til gjalddaga hennar. Fjárhæð varakröfunnar er miðuð við það, að bætt sé við hið „deponeraða" fé svo miklu, að nægi til þess að reikna með gengi 135.57, sem nú er skráð gengi danskrar krónu hér á landi, og er það í samræmi við boð bæjarstjóra, sem getið var hér að framan.

Þrautavarakrafan byggist á því, að stefnandi verði talinn eiga kröfu til höfuðstóls skuldarinnar (kr. 211 895.85) með 5% ársvöxtum frá 22. ágúst 1939 til greiðsludags (3. sept. s. l.), samtals d. kr. 286 059.38, að frádreginni þeirri fjárhæð, sem áður getur og greidd var 3. september.

Stefndu hafa eindregið mótmælt kröfu stefnanda um vaxtavexti

sem heimildarlausri. Kröfu stefnanda um dráttarvexti hafa þeir einnig mótmælt og á þeim grundvelli, að óheimilt sé að draga hana inn í málið samkvæmt 2. mgr. 70. gr. einkamálalaganna. Þá hafa stefndu og haldið því fram, að óheimilt sé að krefjast hvorttveggja í senn, innheimtulauna og málflutningslauna af sömu kröfu, og heldur ekki heimilt samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að miða slíkar þóknanir við höfuðstól skuldar að viðbættum vöxtum.

Ljóst er af framanrituðu, að hin stefnda bæjarstjórn hafði eftir sem áður óskoraðan umráðarétt yfir fé því, er hún taldi sig hafa „deponerað", enda má ráða það af framangreindri samþykkt hafnarnefndar frá 6. febrúar 1941, að stefnanda skyldi ekki greitt allt fé, þegar yfirfærsla yrði framkvæmanleg, ef gengi danskrar krónu yrði þá lægra en það var 9. apríl 1940. Verður því eigi talið, að stefndu hafi að þessu leyti fullnægt skyldum sínum samkvæmt skuldabréfinu með greindri ráðstöfun. Verður því eigi séð, að stefndu hafi leitt rök að heimild sinni til að miða greiðslur sínar öðrum þræði við gengi danskrar krónu hér á landi eins og það var árið 1940. Er því eigi unnt að taka sýknukröfu þeirra til greina.

Varakröfu stefnda er og eigi unnt að taka til greina, þar eð ljóst er af framanrituðu, að afborganir hafa eigi verið greiddar á réttum gjalddögum.

Samkvæmt framanrituðu ber stefndu því að greiða stefnanda eftirstöðvar skuldabréfsins, d. kr. 211 895.85 með 5% ársvöxtum frá 22. ágúst 1939 til greiðsludags, að frádregnum d. kr. 242 878.55, sem eins og áður segir voru greiddar 3. september 1946. Samkvæmt óvéfengndum reikningi stefndu nemur mismunurinn d. kr. 43 180.83, og verða þeir því dæmdir in solidum til greiðslu þeirrar fjárhæðar með 5% ársvöxtum, er teljast frá þeim degi. Hins vegar verður krafa stefnanda um vaxtavexti ekki til greina tekin, þar eð eigi verður séð, að hún eigi stoð í skuldabréfinu eða verði byggð á öðrum heimildum. Þá þykir og verða að fallast á mótmæli stefndu gegn kröfum stefnanda í framhaldssök, enda verður eigi annað séð en að stefnandi hafi mátt hafa hana uppi þegar í öndverðu. Verður þeim því vísað frá dómi, en rétt þykir, að málskostnaður í framhaldssök falli niður. Samkvæmt framanrituðu hafa stefndu ekki innt af höndum neinar greiðslur áður en mál þetta var höfðað, þótt unnt hafi verið að yfirfæra fé til Danmerkur frá og með 10. september 1945 og ekki verður séð, að stefndu hafi gert nokkra tilraun til þess eða að semja við stefnanda fyrr en í apríllok 1946, þrátt fyrir áskoranir umboðsmanns hans 4. marz og 5. apríl s. l. Þykir því rétt að dæma stefndu til greiðslu málskostnaðar, sem ákveðinn verður með hliðsjón af fjárhæð eftirstöðva höfuðstóls skuldabréfsins á stefnudegi. Kröfur stefnanda um innheimtulaun er hins vegar eigi unnt að taka til greina gegn mótmælum stefndu, enda er það ljóst af ákvæðum lágmarksgjaldskrár Lögmannafélags

Íslands, að sé skuld innheimt með málssókn, koma málflutningslaun í stað innheimtulauna.

Þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 10 000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna, en dráttur á uppsögn hans stafar af embættisönnum.

Dómsorð:

Framangreindum kröfum í framhaldssök er vísað frá dómi, en málskostnaður falli niður í henni.

Stefndi, bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði in solidum stefnanda N. C. Monberg A/S danskar krónur 43 180.83 með 5% ársvöxtum frá 3. september 1946 til greiðsludags og íslenzkar krónur 10 000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 26. febrúar 1948.

Nr. 52/1947. **Guðjón H. Sæmundsson**
(Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Jóhönnu Pálmadóttur
(Hrl. Guttormur Erlendsson).

Húsaleigumál. Sératkvæði.

Dómur hæstaréttar

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúa borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. maí f. á. Gerir hann þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburð þann, sem krafizt er. Svo krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Fyrir húsaleigunefnd og fógetadómi byggði áfrýjandi kröfu sína um, að stefndi viki úr íbúð þeirri, er hún hefur í húsi áfrýjanda, á þeim atvikum, er nú verða rakin í höfuðatriðum.

1) Hinn 17. maí 1946 var fyrir húsaleigunefnd mál áfrýjanda gegn stefnda, þar sem áfrýjandi krafðist þess, að stefndi yrði á brott úr íbúð sinni vegna framkomu hennar gagnvart öðrum leigjendum, einkum hjónunum Guðlaugi Ketilssyni og Jóhönnu Sigríði Hinriksdóttur. Í skjali, er stefndi þá lagði fram sér til varnar, bar hún það m. a. á áfrýjanda, að hann reyndi með „aðkeyptu liði (Guðlaugs Ketilssonar og konu hans svo og Ragnars Björnssonar)“ að flæma hana úr íbúðinni. Í meiðyrðamáli áfrýjanda gegn stefnda var henni með bæjarþingsdómi 2. nóvember 1946 gert að greiða 100 króna sekt og meinyrðin ómerkt. Ummæli stefnda voru að vísu óviðurkvæmileg, en þegar litið er til þess, að þau eru sett fram í sambandi við það, að stefndi var borin fyrrgreindum sökum, þykir hún eigi með þeim, eins og á stóð, hafa unnið til útburðar. Þá hafði stefndi í sama skjali meiðandi ummæli um konu Guðlaugs Ketilssonar, sambýliskonu sína. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 19. marz 1947 var stefnda dæmt að greiða 100 króna sekt vegna þeirra meinyrða og þau ómerkt. Þar sem útburðarkrafan á hendur stefnda virðist hafa byggzt á kæru þeirra hjóna, Guðlaugs Ketilssonar og konu hans, verður ekki talið, að stefndi hafi, eins og ástatt var, fyrirgert leigurétti sínum með þessum meinyrðum.

2) Þá er krafizt útburðar stefnda vegna framkomu hennar og manns hennar, Jóns verkfræðings Ísleifssonar, gagnvart leigutökunum Guðlaugi Ketilssyni og konu hans 20. og 26. desember 1946 og 17. janúar 1947.

Að kvöldi dags hinn 20. desember 1946 var stefndi og sambýliskona hennar staddar í hinu sameiginlega eldhúsi þeirra. Urðu þær þá ósáttar. Kom þar þá að maður stefnda, Jón Ísleifsson, er var að kom í heimsókn. Telja þau hjónin Jóhanna Sigríður Hinriksdóttir og Guðlaugur Ketilsson, að Jón hafi barið Jóhönnu Sigríði Hinriksdóttur tvö eða þrjú högg á vinstri öxl og að lokum danglað í andlit henni, svo sem nánar er lýst í úrskurði fógeta. Erla Sigurðardóttir, unglingsstúlka, er var á vegum Guðlaugs Ketilssonar og konu hans, hefur staðfest framburð þeirra hjóna í megin atriðum, en viðurkennir þó að hafa sagt lögreglumönnum, er stefndi

kvaddi á vettvang út af útburðum þessum, að Jón hefði stjakað eða ýtt við Jóhönnu Sigríði. Jón Ísleifsson skýrir hins vegar svo frá, að hann hafi einungis lagt hönd á öxl Jóhönnu Sigríðar og beðið hana að vera rólega. Stefndi og dóttir þeirra Jóns, Sigrún, hafa staðfest þessa skýrslu hans. Þar sem framburði Guðlaugs og konu hans hefur verið mótmælt sem röngum og óstaðfestum og skýrslur sjónarvotta eru svo andstæðar, sem nú var lýst, verður ekki talið sannað, að nein þau atvik hafi gerzt þessu sinni, er varða skuli stefnda útburði.

Þá er Jón Ísleifsson sakaður um það, að hann hafi hinn 17. janúar 1947 hrint hurð á Jóhönnu Sigríði og hún hlotið af því m. a. mar og eymsli í handlegg. Eigi hafa verið færðar sönnur á sakburð þenna gegn eindregnum mótmælum Jóns.

Enn er Jón Ísleifsson borinn þeim sökum, að hann hafi hinn 26. desember 1946, er hann var staddur í anddyri íbúðar stefnda, veizt þar að Jóhönnu Sigríði Hinriksdóttur með skammaryrðum. Eigi þykja atvik að þessum skiptum þeirra Jóns og Jóhönnu Sigríðar svo í ljós leidd, að varðað geti stefnda ábyrgð.

Loks hafa verið lögð fram nokkur vottorð um hávaða og óviðurkvæmilega hegðun stefnda, einkum söng í íbúð sinni. Sum þessara vottorða eru um atvik, er eiga að hafa gerzt, eftir að úrskurður í málinu gekk í héraði, og geta þau því ekki komið til álita hér. Þá þykir útburður eigi heldur verða reistur á vætti Ragnars Björnssonar og unnustu hans, en þau telja sig, hvort í sínu lagi, hafa orðið vör lítilsvirðingar af hálfu stefnda í þeirra garð og sambýlishjónanna Guðlaugs Ketilssonar og konu hans á árunum 1943—1945. Ragnar bjó í einu herbergi umræddrar íbúðar. En á því herbergi átti stefndi raunverulegan rétt, og hlauzt af því óvild milli hennar og Ragnars.

Af hendi stefnda hafa verið lögð fram nokkur vottorð. Eru sum þeirra frá sambýlisfólki hennar, þar sem hún hefur búið áður, svo og frá sambýlisfólki hennar í húsi áfrýjanda. Er stefnda í vottorðum þessum borið hið bezta orð um góða framkomu.

Áfrýjandi og kona hans, sem búa í sama húsi og stefndi,

hafa fyrir dómi borið, að þau hafi ekki orðið fyrir ónæði vegna hávaða af völdum stefnda. Hins vegar hafi þau haft óþægindi af klögumálum út af ósamkomulagi stefnda og sambýlisfólks hennar.

Samkvæmt því, er nú hefur verið rakið, og að öðru leyti með vísan til forsendna fógetaúrskurðarins, þykir ekki verða staðhæft, að stefndi hafi unnið til útburðar. Ber því að staðfesta synjun fógeta um framkvæmd útburðar þess, sem krafizt er.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir fógetarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. maí 1947, gerir þær dómkröfur, að úrskurður fógetaréttarins verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburðargerð þá, sem krafizt er. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og hæstarétti eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir að máli þessu var áfrýjað til hæstaréttar, hefur ýmissa gagna verið aflað af báðum aðiljum og nýjar vitnaleiðslur farið fram.

Eins og í hinum áfrýjaða úrskurði greinir, var stefndi þann 2. nóv. 1946 dæmdur á bæjarþingi Reykjavíkur til refsingar samkvæmt 235. gr. hegningarlaganna fyrir illmæli um áfrýjanda í skjali, er stefndi hafði lagt fram í ágreiningsmáli aðilja, sem rekið var fyrir húsaleigunefnd. Var þar m. a. borið á áfrýjanda, að hann hefði reynt „með aðkeyptu liði“

að flæma stefnda úr íbúð hans, og að hann „hundelti“ stefnda „með málaferlum og allra handa álygum“. Voru ummæli þessi ekki réttlætt á nokkurn hátt. Þykir áfrýjandi ekki hafa glatað rétti til að bera þetta fyrir sig, þótt nokkur tími væri liðinn frá því að illmæli þessi komu fram, er máli því, sem hér liggur fyrir, var hrundið af stað.

Þá er það leitt í ljós, að ósamlyndi er orðið svo magnað á milli stefnda og samleigjanda hans, Guðlaugar Ketilssonar og konu hans, að til mikilla óþæginda er fyrir áfrýjanda. Hníga gögn málsins mjög í þá átt, að stefndi eigi meginsök á þeim illdeilum. Er þess fyrst að geta, að í skjali því, er áður greinir, hafði stefndi m. a. borið það á konu samleigjanda síns, að hún væri „ótrúlega ósvífin“, að hún hefði notað „svívirðileg orð, sem stöppuðu nærri ógnunum“, að hún mundi fá „einhverslags borgun“ fyrir að reyna að flæma stefnda úr íbúðinni og að „þetta fólk“, sem hún einnig kallar hið „leigða fólk“, þ. e. konan og maður hennar, sé „ginnt á glapstigu heimskunnar í kröfum sínum“. Var stefndi á bæjarþingi Reykjavíkur þann 19. marz 1947 dæmdur til refsingar samkvæmt fyrrgreindri hegningarlagagrein fyrir þessi og ýmis fleiri illmæli um sambýliskonu sína, þar eð stefnda tókst ekki að réttlæta hin átöldu ummæli.

Þann 20. desember 1946 lenti í sennu milli stefnda og fyrrgreindrar sambýliskonu hennar. Meðan á sennu þessari stóð, kom eiginmaður stefnda þar að. Þau hjónin hafa slitið samvistir, en þó er maðurinn tíður gestur á heimili konu sinnar og hafði, a. m. k. á þessu tímabili, lykil að íbúðinni. Hlutaðist hann til um deilurnar, og verður að telja nægjanlega sannað, sérstaklega með eiðfestum framburði vitnisins Erlu Sigurðardóttur og viðurkenningu mannsins fyrir lögregluþjónum, sem þau hjónin kvöddu sjálf á vettvang, að hann hafi þá blakað hendi við sambýliskonu stefnda, þótt ekki hlytust meiðsl af. Þykir stefndi verða að bera ábyrgð á þessu, þar eð hún hafði heimilað manni sínum frjálsan aðgang að íbúð sinni og gerði a. m. k. ekkert til að hindra framangreinda móðgun hans í garð sambýliskonu hennar.

Þá hefur kona áfrýjanda borið fyrir rétti og áfrýjandi staðfest það í aðiljaskýrslu sinni, að á annan dag jóla 1946

hafi sami maður viðurkennt fyrir þeim, að hafa þá kallað sambýlisfólk stefnda „leiguþý". Verður ekki séð, að stefndi né maður hennar hafi mótmælt þessari skýrslu.

Loks virðist mega ráða það af framburði nokkurra vitna, að stefndi hafi oft að kvöldlagi sungið ýmsa tvíræða kviðlinga í íbúð sinni, sem sambýlisfólk hennar mátti ætla, að beint væri að því. Óglöggt er, hvenær flest af þessu hefur gerzt, og þykir því ekki öruggt að byggja dóm í máli því, er hér liggur fyrir, á þessu atriði.

En þegar litið er til annars þess, sem að framan er rakið, verður að telja, að stefndi hafi hagað sér þannig, að áfrýjanda sé verulega óþægilegt að hafa hana í húsi sínu, og hefur hún þess vegna fyrirgert leigurétti sínum, sbr. 2. gr. laga nr. 39/1943. Verður því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma útburðargerð þá, sem krafizt er.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda 1200 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur og ber fógeta að framkvæma útburð þann, sem krafizt er.

Stefndi Jóhanna Pálmadóttir greiði áfrýjanda Guðjóni H. Sæmundssyni samtals 1200 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 28. maí 1947.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 14. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Guðjón Sæmundsson, Tjarnargötu 10 C, krafizt þess, að gerðarþoli Jóhanna Pálmadóttir verði borin út úr húsnæði því, sem hún hefur undanfarið haft á leigu í húsi hans, nr. 10 C við Tjarnargötu hér í bæ.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Á 3. hæð hússins nr. 10 C við Tjarnargötu hefur gerðarþoli Jóhanna Pálmadóttir á leigu 2 herbergi og eldhúsafnot að hálfu móti

Guðlaugi Ketilssyni, sem býr á sömu hæð. — Á 2. hæð hússins býr gerðarbeiðandi Guðjón Sæmundsson.

Með bréfi til fógetaréttar Reykjavíkur, dags. 19. marz s. l., krefst gerðarbeiðandi útburðar á gerðarþola, og byggist útburðarkrafan á ótilhlýðilegri framkomu, er gerðarbeiðandi kveður gerðarþola hafa sýnt bæði sér og fólki á sínum vegum. — Gerðarbeiðandi hafði lagt atriði þessi undir úrskurð húsaleigunefndar, svo sem lög gera ráð fyrir, og úrskurður nefndarinnar féll hinn 15. marz s. l. á þá leið, að gerðarþola bæri að rýma húsnæði sitt.

Málsástæður og atvikalýsing af hálfu gerðarbeiðanda eru á þessa leið:

Fyrir liggur dómur bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 2. nóv.1946, þar sem gerðarþoli er dæmd í 100 kr. sekt í ríkissjóð, en til vara í 4 daga varðhald, fyrir illmæli um gerðarbeiðanda, sem fram höfðu komið í skjali, er lagt var fram í húsaleigunefnd hinn 17. maí 1946. Voru illmælin auk þess ómerkt og gerðarþola gert að greiða kr. 150.00 í málskostnað. Málskostnaður þessi var greiddur hinn 21. desember 1946. Auk þess liggur fyrir sams konar dómur bæjarþingsins, þar sem gerðarþoli hlýtur sömu viðurlög og sama málskostnað að greiða vegna ummæla um Jóhönnu Sigríði Hinriksdóttur, konu áðurnefnds Guðlaugs Ketilssonar, sem fram komu í sama húsaleigunefndarmáli hinn 17. maí 1946. Sjá um þessa dóma rskj. 5 og 7.

Á grundvelli dóma þessara krefst gerðarbeiðandi, að gerðarþoli verið borin út úr húsnæði sínu, þar sem bæði sér og leigjanda sínum, Guðlaugi Ketilssyni, séu veruleg óþægindi að veru gerðarþola í húsinu, sbr. 2. gr. húsaleigulaga.

Þá skýrir gerðarbeiðandi svo frá, og er frásögn hans eingöngu byggð á skýrslu Guðlaugs Ketilssonar og konu hans, að kvöldið 20. desember 1946 hafi gerðarþoli gerzt næsta heimarík í eldhúsinu, sem hún og áðurnefnd Jóhanna Sigríður hafa sameiginleg afnot af. Hafi gerðarþoli rutt þar til ýmsum búshlutum, er Jóhanna Sigríður hafi lagt þar á eldhúsborð, og að auk ráðizt að Jóhönnu Sigríði með skömmum. Litlu síðar hafi maður gerðarþola, Jón Ísleifsson, komið inn í eldhúsið og ráðizt að Jóhönnu Sigríði með hinu illskulegasta orðbragði og slegið hana 3 allmikil högg á vinstri öxl, svo hún hrasaði við. Guðlaugur Ketilsson hafi verið þarna staddur, svo og Erla nokkur Sigurðardóttir, og er Jóhanna Sigríður hafi nefnt þau votta að þessum aðförum Jóns Ísleifssonar, hafi Jón ráðizt að Guðlaugi og slegið hann flötum lófa á öxlina. Að lokum hafi Jón svo slegið til þeirra hjónanna á víxl og hafi eitt höggið hitt Jóhönnu Sigríði í andlitið. Hafi þá Jóhanna Sigríður farið niður og hitt þar konu húseiganda og kvartað yfir framkomu Jóns við sig, en farið svo upp aftur, en þá hafi Jón rekið hana út úr eldhúsinu og hrint á hana hurðinni, svo hún meiddist á úlnlið hægri handar.

Vitnið Erla Sigurðardóttir skýrir frá atburðum mjög á sama hátt og að framan er lýst og hefur hún unnið eið að framburði sínum.

Þá hnígur framburður Guðlaugs Ketilssonar einnig í sömu átt. Kveður hann, að Jón Ísleifsson hafi slegið Jóhönnu Sigríði þungt högg á öxlina með hálfkrepptum hnefa og annað högg með flötum lófa á sama stað. Eftir þetta hafi Jón danglað eða fálmað utan í hana, bæði í öxlina og andlit. Þá hafi Jón einnig slegið sig tvisvar á öxlina með flötum lófa. Guðlaugur kveðst einnig hafa séð, er Jón skellti eldhúshurðinni á Jóhönnu Sigríði.

Þá skýrir Jóhanna Sigríður Hinriksdóttir svo frá, að hún hafi verið stödd í eldhúsinu eftir hádegi hinn 17. janúar s. l., og unnið þar að uppþvotti. Gerðarþoli hafi einnig verið í eldhúsinu. Hafi Jón Ísleifsson þá komið skyndilega í gættina og hrundið hurðinni upp. Kveðst Jóhanna Sigríður hafa orðið fyrir hurðinni og meiðst á hægri handlegg. Hefur verið lagt fram um meiðsli þessi vottorð Þórarins Sveinssonar læknis, sjá rskj. 5.

Vegna framanritaðs atferlis gerðarþola og fólks á hennar vegum við Guðlaug Ketilsson og konu hans, krefst gerðarbeiðandi þess, að gerðarþoli verði borin út úr húsnæði hennar.

Gerðarþoli skýrir mjög á annan veg frá málavöxtum og kveður frásögn Guðlaugs Ketilssonar og konu hans og Erlu Sigurðardóttur alranga að flestu leyti. Gerðarþoli kveðst hafa verið stödd í eldhúsi kl. 8 að kveldi hins 20. desember 1946, og hafi þá Jóhanna Sigríður Hinriksdóttir komið inn og tekið handtösku gerðarþola, er lá á eldhúsborði, og fleygt henni út í horn. Gerðarþoli kveðst hafa tekið töskuna upp og látið hana aftur á borðið, en þá hafi Jóhanna Sigríður hrópað á mann sinn, Guðlaug, og Erlu Sigurðardóttur, og beðið þau að kalla á húseiganda. Í því hafi maður gerðarþola, Jón Ísleifsson, komið inn í eldhúsið og beðið Jóhönnu Sigríði að vera rólega og lagt hönd lauslega á öxl henni. Hafi þá Jóhanna Sigríður hrópað upp, að Jón legði hönd á sig, og hlaupið niður í íbúð húseiganda, en bráðlega komið upp aftur og farið þá inn í eldhúsið. Hafi Jón Ísleifsson, sem stóð á ganginum utan við eldhúsið, látið eldhúsdyrnar aftur, en þá hafi Jóhanna Sigríður æpt upp yfir sig og sagt, að Jón hafi snúið upp á hendina á sér. Hafi hún svo stokkið niður í annað sinn.

Meðan Jóhanna Sigríður var nú niðri hjá húseiganda, afréð gerðarþoli að kalla á lögregluna og lækni, til að hafa áreiðanleg vitni, þar sem Jóhann Sigríður taldi sig meidda. Þegar læknir var kominn, neitaði Jóhann Sigríður samt sem áður að láta hann skoða sig. Gerðarþoli kveðst þá hafa spurt greinda Erlu Sigurðardóttur, hvort hún hefði séð Jón Ísleifsson berja Jóhönnu Sigríði, en Erla hafi svarað, að hann hefði stjakað við henni.

Þá skýrir gerðarþoli svo frá, að Jón Ísleifsson hafi lagt höndina á öxl Guðlaugi Ketilssyni á sama hátt og á öxl konu hans, og spurt

Guðlaug, hvort hann kallaði þetta að berja. Hafi Guðlaugur svarað, að hann teldi það ekki beinlínis.

Jón Ísleifsson skýrir frá málavöxtum mjög á sama hátt og gerðarþoli. Hann neitar því auk þess algerlega, að hafa nokkru sinni hrundið hurð á Jóhönnu Sigríði. — Þess skal getið, að þau Jón og gerðarþoli hafa slitið samvistum, en eru ei skilin að lögum. Hins vegar hefur Jón undanfarið komið mjög oft að kvöldlagi til að heimsækja konu sína og dóttur þeirra, sem þar býr einnig.

Framburður Sigrúnar Jónsdóttur, dóttur gerðarþola, hnígur í sömu átt og framburður gerðarþola og Jóns Ísleifssonar.

Hannes Guðmundsson læknir, sem samkvæmt ósk gerðarþola kom á vettvang hinn 20. desember s. l., hefur gefið vottorð um það, að Jóhanna Sigríður Hinriksdóttir hafi sagt sér, að hún væri ekki meidd, og færðist undan læknisskoðun. Lögregluþjónarnir Sigurður Þorsteinsson og Sigurbjörn Björnsson, sem staddir voru í íbúð gerðarþola um leið og læknirinn, staðfesta frásögn hans. Þá skýra þeir einnig svo frá, að gerðarþoli hafi spurt stúlku, sem þarna var stödd, og mun þar átt við framangreinda Erlu Sigurðardóttur, hvort hún hefði séð Jón Ísleifsson berja Jóhönnu Sigríði Hinriksdóttur, en stúlkan hafi þá sagt, að Jón hafi stjakað við henni.

Það er nú á ýmsan hátt sýnilegt af því, sem liggur fyrir í málinu, að mikið ósamkomulag hefur verið ríkjandi milli Guðlaugs Ketilssonar og þó sérstaklega konu hans og gerðarþola. Er ekki upplýst um orsakir að því ósamlyndi.

Svo langt leið milli þess, að skjal það, er hafði inni að halda hin meiðandi ummæli um gerðarbeiðanda, var lagt fram í húsaleigunefnd, og þar til útburðarmál var höfðað á grundvelli þess, að ekki virðist unnt að byggja útburðarúrskurð á hendur gerðarþola á þeim ummælum.

Um atburði þá, er áttu sér stað hinn 20. desember 1946, er þess að geta, að ekki verður sagt neitt ákveðið um það, hvernig þær róstur hófust, né hvers eðlis þær voru, því skýrslur aðilja og annarra viðstaddra stangast mjög um það atriði. Þykir því ekki unnt að byggja útburð á gerðarþola á því atriði.

Gegn ákveðnum mótmælum Jóns Ísleifssonar þykir ei sannað, að hann hafi hrundið hurð á Jóhönnu Sigríði Hinriksdóttur hinn 17. janúar s. l. Verður útburður því ekki byggður á því atriði.

Verður því að synja um hina umbeðnu útburðargerð, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Samning og uppsaga úrskurðar þessa hefur dregizt vegna mikils annríkis fógeta.

Því úrskurðast:

Gerð þessi skal ekki fram fara.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 27. febrúar 1948.

Nr. 152/1946. **H/f Geir**
gegn
Dráttarbraut Keflavíkur h/f

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi h/f Geir, sem ekki sótti þing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda Dráttarbraut Keflavíkur h/f, sem sótt hefur þing og krafizt ómaksbóta, 250 krónur í ómaksbætur að viðlagði aðför að lögum.

Þriðjudaginn 2. marz 1948.

Nr. 5/1948. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Hrl. Kristján Guðlaugsson)
gegn
Kristjáni Kristjánssyni
(Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Ómerking málsmeðferðar og úrskurðar. Sératkvæði.

Dómur hæstaréttar.

Benedikt Bjarklind, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Í máli þessu er af hálfu ríkissjóðs krafizt lögtaks til tryggingar greiðslu á skattgjaldi Kristjáns Kristjánssonar forstjóra, Brekkugötu 4 á Akureyri. Málið var fyrst tekið fyrir í fógetadómi Akureyrar hinn 23. ágúst 1946, en þá var ákveðið, að lögtaksgerðinni skyldi frestað. Hinn 26. ágúst 1946 ritar bæjarfógetinn á Akureyri borgarfógeta Reykjavíkur bréf og biður hann að halda lögtakinu áfram í Reykjavík. Málið var næst tekið fyrir í fógetadómi Reykjavíkur hinn 17. desember 1946, og var flutningur málsins þangað sam-

þykktur af hálfu málsaðilja. Eftir þetta var málið rekið í Reykjavík, unz úrskurður var kveðinn upp í því hinn 4. marz 1947, en þeim úrskurði hefur nú verið áfrýjað til hæstaréttar.

Samkvæmt lögbundinni dómaskipan landsins og þar sem 81. gr. laga nr. 85/1936 tekur ekki til lögtaksgerða, sbr. 223. gr. sömu laga, þá þykir ekki hafa verið heimild til að flytja málið með framangreindum hætti frá fógeta þeim, sem með það átti að fara að lögum, til annars fógeta, hvorki að því er varðaði málið í heild né til sérstaks úrskurðar um það, hvort hinn reglulegi fógeti, sem málið heyrir undir, skuli framkvæma lögtakið. Var borgarfógeti Reykjavíkur þess vegna ekki bær til að fara með mál þetta og kveða upp úrskurð í því. Þykir því verða að ómerkja ex officio hinn áfrýjaða úrskurð svo og alla meðferð málsins fyrir fógetadómi Reykjavíkur og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði fyrir fógetadómi og hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður svo og meðferð málsins fyrir fógetadómi Reykjavíkur á að vera ómerk.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Lögtaksmál þetta hófst fyrir fógetadómi Akureyrar hinn 22. júlí 1946 með almennum úrskurði, og var því haldið þar áfram hinn 23. ágúst s. á. Síðar var málið flutt til fógetadóms Reykjavíkur samkvæmt ósk aðilja og tilmælum fógeta Akureyrar. Gekk úrskurður í málinu í fógetadómi Reykjavíkur hinn 4. marz 1947. Flutningur málsins til Reykjavíkur með samþykki beggja aðilja var heimill samkvæmt lögjöfnun frá 81. gr. laga nr. 85/1936, enda er sú meðferð hallkvæm og eðli málsins samkvæm.

Áður en dómur verður lagður á mál þetta í hæstarétti þykir verða samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að skjóta því til aðilja að afla þeirra skýrslna, sem nú verða nefndar.

Rétt er að kveðja fyrir dóm Ólaf framkvæmdarstjóra Jónsson, Ólaf Tr. Einarsson framkvæmdarstjóra, Kristján framkvæmdarstjóra Einarsson svo og aðra, sem stóðu að kaupum á verksmiðjunni á Dagverðareyri. Skulu þeir látnir gera rækilega grein fyrir aðdraganda að þessum kaupum. Spurðir skulu þeir um það, hver hafi ætlað að kaupa verksmiðjuna á Dagverðareyri, áður en til tals kom, að þeir tækju við hlutabréfum í Dagverðareyri h/f, hvort fyrirhugaður kaupandi hafi verið Alliance h/f og hvernig standi á því, að h/f Djúpavík gerist síðar aðili að kaupunum. Enn skulu þeir spurðir, hver hafi átt uppástunguna að því, að rekstur verksmiðjunnar á Dagverðareyri skyldi rekinn áfram í mynd sérstaks hlutafélags, hvort það hafi verið seljendur, og hvenær sú uppástunga hafi komið fram og verið samþykkt svo og uppástunga að því, að nokkru af eignum Dagverðareyrar h/f var haldið utan við kaupin. Þá skulu þeir rækilega krafðir sagna um það, hvers vegna andvirði allra hlutabréfanna eða verksmiðjunnar var greitt úr sjóði h/f Djúpuvíkur og hlutabréfin síðan talin eign þess hlutafélags í bókum þess og á skattaframtali, en bréfin ekki talin fram af þeim mönnum, sem bréfin voru skráð á nöfn þeirra, fyrr en farið var að gera reka að máli þessu, hvort þetta verði skýrt á annan hátt en þann, að h/f Djúpavík hafi verið einkaeigandi verksmiðjunnar á Dagverðareyri. Ef þeir vilja staðhæfa, að Dagverðareyri h/f hafi haldizt áfram eftir kaupin á verksmiðjunni, ber að afla ýtarlega vættis þeirra um það, hvort þeir hafi við kaupin á hlutabréfunum, ef um slík kaup var að tefla, tekið tillit til þess, að svo kynni að fara, að hinir nýju hluthafar yrðu við félagsslit á sínum tíma að greiða tekjuskatt af meginhluta þeirrar fjárhæðar, sem þeir gáfu fyrir hlutabréfin.

Svo skulu þeir og eftir því inntir, hvernig þeir hafi á undanförnum árum hagað rekstri verksmiðjunnar á Dagverðareyri, hvort tekjur af verksmiðjunni hafi verið

skattlagðar sérstaklega eða sem hluti af tekjum h/f Djúpuvíkur.

Rétt er að prófa nánar þá frásögn stefnda, að hluthafar í Dagverðareyri h/f hafi verið í ábyrgð fyrir skuldum hlutafélagsins. Skal athugun gerð á því, hverjir hluthafar báru slíka ábyrgð og fyrir hvaða fjárhæðum.

Æskilegt er, að frekari athugun sé gerð af kunnáttumönnum á þeim skilum, er gerð voru á nokkrum hluta af eignum Dagverðareyrar h/f, og skulu lagðar fram þær bækur, sem skilagrein þeirra Jakobs Frímannssonar og J. J. Indbjörs er reist á. Skal gefin skýrsla um vörumagn það, sem haldið var eftir, þegar eigendaskipti urðu að verksmiðjunni. Þá skulu seljendur verksmiðjunnar spurðir rækilega um það, hvað hafi valdið því, að þeir hættu við að selja h/f Alliance verksmiðjuna á Dagverðareyri samkvæmt tilboðinu frá 30. janúar 1941.

Lögð skulu fram öll bréfaskipti milli Alliance h/f og seljenda verksmiðjunnar, þar á meðal kauptilboð frá h/f Alliance. Bréfaskipti milli seljenda og h/f Djúpuvíkur skulu og lögð fram.

Lagðar skulu fram bækur Dagverðareyrar h/f, frá því að sala verksmiðjunnar kom til umræðu og áfram. Athugað skal, hvernig seljendur töldu fram andvirði það, sem þeir fengu úr höndum kaupenda verksmiðjunnar.

Svo ber og að leiða allt það í ljós, sem framhaldsrannsóknin gefur tilefni til.

Ályktarorð:

Heimilt var að leggja mál þetta undir fógetadóm Reykjavíkur.

Aðiljum veitist færi á að afla ofangreindra gagna og skýrslna.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 4. marz 1947.

Með úrskurði ríkisskattanefndar, uppkveðnum hinn 14. desember 1945, var úrskurðað, að félagsslit hefðu orðið í Síldarbræðslustöðinni á Dagverðareyri h/f við framsal þáverandi hluthafa í nefndu félagi á hlutabréfum og öðrum tilteknum eignum félagsins

til Djúpavík h/f o. fl. hinn 9. apríl 1941. Því beri að taka upp og áætla að nýju skatt viðkomandi aðilja, eftir að þeim hafi verið tilkynnt það og gefinn frestur til andsvara. Í framhaldi af því gerðist svo það hinn 8. apríl 1946, að ríkisskattanefnd tilkynnir gerðarþola í máli þessu, Kristjáni Kristjánssyni, en hann var einn af fyrrverandi hluthöfum í Síldarbræðslustöðinni Dagverðareyri h/f, að nefndin hafi úrskurðað, að tekjur hans til skatts fyrir skattárið 1941 skyldu vegna sölu hans á nefndum hlutabréfum hækka um kr. 62 418.90, sem er upphæð sú, er hann fékk greidda umfram nafnverð 10 hlutabréfa, er hann var eigandi að við „félagsslitin". Tekjur hans til skatts fyrir skattárið 1941 yrðu þannig alls að upphæð kr. 142 418.00. Persónufrádráttur sé kr. 3 600.00. Skattskyldar tekjur verði þá kr. 138 800.00. Tekjuskattur 1942 verði samkvæmt því kr. 27 486.00 í stað kr. 12 823.60, og stríðsgróðaskattur verði kr. 12 990.00 í stað kr. 1 490.00. Eignaskattur verði óbreyttur, kr. 1 440.00, en lífeyrissjóðsgjald hækki um kr. 624.00.

Hinn 23. ágúst 1946 var af bæjarfógetanum á Akureyri tekið fyrir að gera lögtak hjá gerðarþola fyrir skattahækkunum þessum, sem nema:

Tekjuskattur	kr.	14 662.40
Lífeyrissjóðsgjald	—	624.00
Stríðsgróðaskattur	—	11 500.00
Samtals	kr.	26 786.40

Almennur lögtaksúrskurður fyrir þessum skattahækkunum gerðarþola o. fl. hafði verið kveðinn upp hinn 22. júlí 1946 og auglýstur í blöðum á Akureyri. Gerðarþoli mætti sjálfur fyrir fógetarétti Akureyrar við fyrirtekt gerðarinnar og mótmælti framgangi hennar. Jafnframt óskaði hann þess, að gerðinni yrði haldið áfram fyrir fógetarétti Reykjavíkur, þar eð hann hefði fengið Einar B. Guðmundsson hrl. í Reykjavík til þess að halda uppi fyrir sig vörnum í málinu. Var þá gerðinni frestað um óákveðinn tíma, en með bréfi, dags. hinn 23. ágúst s. l., fór bæjarfógetinn á Akureyri þess á leit við borgarfógetann í Reykjavík, að málinu yrði haldið áfram fyrir fógetarétti Reykjavíkur. Vegna mikilla anna hér við embættið var eigi tími til að taka málið fyrir fyrr en hinn 17. des. s. l., og hefur það síðan verið sótt og varið hér fyrir réttinum og var tekið til úrskurðar hinn 12. f. m.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda krefst þess, að hin umbeðna lögtaksgerð nái fram að ganga fyrir áðurnefndum gjöldum auk dráttarvaxta. Enn fremur krefst hann þess, að umbjóðanda sínum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður, þar í innifalin málflutningslaun hans eftir framlögðum reikningi, eða til vara eftir mati réttarins. Umboðsmaður gerðarþola krefst hins vegar þess, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og að umbjóðanda sínum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 9. apríl 1941 seldu allir þáverandi hluthafar í Síldarbræðslustöðinni Dagverðareyri h/f öll hlutabréf sín í nefndu félagi Djúpavík h/f o. fl., og voru bréfin 75 að tölu framseld á eftirfarandi nöfn:

Djúpavík h/f	69	hlutabréf
Ólafur H. Jónsson, Reykjavík	1	—
Ólafur Tr. Einarsson, Hafnarfirði	1	—
Jón Sigurðsson, Reykjavík	1	—
Kristján Einarsson, Reykjavík	1	—
Þorgils G. Einarsson, Hafnarfirði	1	—
Ottar Ellingsen, Reykjavík	1	—

Hlutabréf þessi, sem hvert um sig var kr. 2000.00 að nafnverði, voru seld á kr. 8000.00 hvert bréf. Arður af hlutabréfunum fyrir árið 1940 var undanskilinn í samningnum um kaupin, og skyldu seljendur njóta hans og bera jafnframt allan kostnað af rekstri félagsins á árinu 1940. Allar skuldir, er á félaginu hvíldu frá rekstrartíma seljanda, skyldu þeir og greiða. Kaupendur fengu og ásamt hlutabréfunum eignir félagsins, aðrar en þær, sem sérstaklega voru undanskildar samkvæmt samningnum, sem kallaður er „— um sölu á hlutabréfum í Síldarbræðslustöðin Dagverðareyri, h/f — og um afhendingu á þeim og öðrum eignum félagsins til kaupenda.“ Samkvæmt samningnum fengu kaupendur þannig umráð yfir:

1. Verksmiðjunni á Dagverðareyri.
2. Vélum, tækjum, varahlutum og útbúnaði samkvæmt lista.
3. Rétt til að kaupa tóma poka, kol og salt fyrir gangverð á Akureyri, svo sem það er við undirskrift samnings.
4. Ganga inn í gerða samninga um kaup á vélum og umbúðum.

Seljandi afsalar sér þannig ekki:

1. Tómum pokum, kolum og salti.
2. Lýsisbirgðum og síldarmjöli.
3. Sjóði.
4. Útistandandi skuldum.
5. Verðbréfum, öðrum en hlutabréfum.

Seljandi tekur að sér að greiða:

1. Víxilreikning að upphæð kr. 700 000.00.
2. Inneign viðskiptamanna kr. 195 000.00.

Kaupendur tóku við forráðum félagsins frá og með 10. apríl 1941 og höfðu alla áhættu og arð af framleiðslunni 1941 og kostuðu það að öllu leyti. Eftir að kaup þessi höfðu farið fram og samningur um þau var undirritaður, var aðalfundi félagsins frestað eftir beiðni hinna nýju hluthafa. Var framhaldsaðalfundur síðan haldinn í Reykjavík hinn 15. apríl 1941, og voru þar kosnir stjórnendur og aðrir starfsmenn félagsins. Síðan kaup þessu fóru fram, hefur Síldarbræðslustöðin Dagverðareyri h/f starfað áfram og starfar enn.

Aðalfundir félagsins hafa verið haldnir árlega, en aðrar fundargerðir eru ekki bókaðar í gerðabók félagsins. Samkvæmt hluthafaskrá félagsins frá 31. des. 1941 eru hluthafar þar taldir hinir sömu og þeir, er framsal fengu fyrir hlutabréfunum við undirritun kaupsamningsins. En samkvæmt skýrslu endurskoðanda ríkisskattanefndar, rskj. nr. 4, hefur þó komið í ljós, að samkvæmt dagbók Djúpavík h/f fyrir árið 1941 eru öll hlutabréfin, kr. 150 000.00 að nafnverði og kr. 600 000.00 að kaupverði, talin keypt af því félagi og andvirði þeirra greitt úr sjóði þess í apríl það ár. Mun það hafa staðið þannig í bókum félagsins fram á síðari hluta ársins 1945, er framkvæmdarstjóri félagsins tilkynnir ríkisskattanefnd, að réttir eigendur hlutabréfanna hafi þá fyrir nokkru greitt að fullu andvirði bréfanna, sem á sínum tíma hafi verið lagt út fyrir þá. Eignir félagsins, þær er seljendur undanskildu við söluna, voru seldar á árinu 1941, skuldir gerðar upp, og afganginum af söluverðinu skipt upp á milli eldri hluthafanna eftir hlutafjáreign þeirra. Viðskiptum í því sambandi mun þó ekki hafa verið lokið fyrr en á árinu 1943, er lokaskilagrein til seljenda hlutabréfanna er lögð fyrir þá.

Forsaga þess, er hér hefur verið rakið, er nokkur, og er hún í stuttu máli þessi: Í ársbyrjun 1941 mun þáverandi framkvæmdastjóri Síldarbræðslustöðvarinnar Dagverðareyri h/f hafa fengið umboð stjórnar og hluthafa félagsins til þess að selja eignir félagsins. Ræddi hann málið við stjórn Ríkisbræðslanna, en hún mun ekki hafa viljað sinna því. Þá sneri hann sér til framkvæmdastjóra Alliance h/f og tók hann málinu líklega. Í framhaldi af því er svo samþykkt á stjórnarfundi í Síldarbræðslustöðinni Dagverðareyri h/f hinn 27. jan. 1941 að gera Alliance h/f tilboð um kaup á sömu eignum Síldarbræðslustöðvarinnar Dagverðareyri h/f og síðar eru seldar Djúpavík h/f o. fl. ásamt hlutabréfunum, en um sölu hlutabréfanna er þó ekki talað í samþykkt þessari. Stjórn Síldarbræðslustöðvarinnar Dagverðareyri h/f ritar svo framkvæmdastjóra Alliance h/f bréf hinn 30. jan. s. á., þar sem tilboðinu er komið á framfæri ásamt lista yfir eignirnar og lýsingar á þeim. Tilboð þetta skyldi gilda til 20. febr. s. á. og vera endanlegt af hálfu tilboðsgjafa. Hinn 1. marz s. á. berst svar frá Alliance h/f, þar sem félagið samþykkir að kaupa og óskar eftir staðfestingu. Á stjórnarfundi í Síldarbræðslustöðin Dagverðareyri h/f, sem haldinn var samdægurs, var þá ákveðið að boða til aukahluthafafundar í félaginu og senda staðfestingu að honum loknum. Hluthafafundur sá, sem haldinn var á tilsettum tíma og skyldi taka endanlega ákvörðun um tilboð það, sem borizt hafði frá Alliance h/f, samþykkti svo einróma, eftir að málin höfðu verið skýrð fyrir fundarmönnum, eftirfarandi tillögu: „Á lögmætum hluthafafundi í Síldarbræðslustöðinni Dagverðareyri h/f, sem haldinn var að Hótel Gullfoss, Akureyri, fimmtudaginn 6. marz 1941, samþykkja hluthafar

einum rómi að selja hlutabréf sín í félaginu fyrir kr. 8000.00 hvert 2000.00 króna bréf. Er stjórn og framkvæmdastjóra falið að annast um, að allir hluthafar riti framsal á bréf sín til kaupenda og veita móttöku greiðslu. Afurðir ársins 1940, ásamt kola- og saltbirgðum og tómum pokum seljast ekki með bréfunum og ekki heldur neitt af þeim arði, sem kann að vera af rekstri verksmiðjunnar 1940." Allir hluthafar eða umboðsmenn þeirra undirrituðu fundargerð þessa fundar. Í framhaldi af þessu fer svo margumrædd sala fram hinn 9. apríl 1941, eins og áður hefur verið rakið.

Gerðarbeiðandi byggir kröfur sínar á því, að félagsslit hafi orðið í Síldarbræðslustöðin Dagverðareyri h/f hinn 10. apríl 1941. Telur hann það sannað af eftirtöldum ástæðum: Að samkvæmt fundargerð, dags. 27. jan. 1941, hafi stjórnarnefnd Ríkisbræðslanna verið boðin Dagverðareyrarverksmiðjan og aðrar eignir félagsins til kaups, og að ef af þeim kaupum hefði orðið, hefðu orðið ótvíræð félagsslit fyrir henni, sbr. hrd. nr. 91/1945, sbr. og hrd. nr. 94/1945. Í framhaldi af þessu söluboði hafi svo framkvæmdastjóri Síldarbræðslustöðvarinnar Dagverðareyri h/f gert sölutilboð f. h. allra hluthafanna til Alliance h/f, sem samþykkti síðan kaupin. Þá sé kaupverðið greitt með einni og óskiptri greiðslu til stjórnenda Síldarbræðslustöðvarinnar Dagverðareyri h/f í aprílmánuði 1941 og skipti þeir þá væntanlega greiðslunni milli hluthafanna. Þá hafi hagnaði félagsins á tímabilinu frá 1. jan. til 10. apríl 1941 verið skipt að nokkru leyti milli hluthafanna. Loks telur gerðarbeiðandi upplýst ,að frá því að kaupin hafi farið fram hinn 9. apríl 1941 og fram til 17. nóv. 1945, hafi ekki verið fullnægt ákvæðum 4. gr. 2. mgr. laga nr. 77/1921, sbr. 38. gr. sömu laga. Sölu eignanna af hálfu fyrri hluthafa telur hann sambærilega við sölu Ísafoldar h/f til Eimskipafélags Íslands h/f, en í því máli liggi fyrir hæstaréttardómur, sem gefi leiðbeiningar um hvað telja beri félagsslit, sbr. hrd. nr. 42/1943 og hvað þá beri að telja skattskyldar tekjur, sbr. 42. gr. l. nr. 77/1921 og 2. gr. l. nr. 20/1942, sbr. d-lið 7. gr. l. nr. 6/1935. Af öllu þessu telur hann sannað mál, að hér hafi verið um að ræða arðsúthlutun við félagsslit og beri því að skattleggja gerðarþola fyrir hagnað hans af sölu hlutabréfa hans.

Gerðarþoli byggir sínar kröfur á eftirfarandi: Að skattayfirvöld landsins hafi með athafnaleysi sínu og tómlæti fyrirgert rétti hins opinbera til að leggja umrædda viðbótarskatta á og að skattakrafan sé fyrnd. 10. gr. l. nr. 20/1942, um að heimilt sé að reikna skatta gjaldenda allt að 5 árum aftur í tímann, telur hann ekki geta komið til greina hér, þar eð gerðarþoli hafi talið fram allar tekjur sínar og eignir, og að skattayfirvöldin hafi því á sínum tíma fengið fulla vitneskju um sölu hlutabréfanna, en þrátt fyrir það hafi þau ekkert aðhafzt fyrr en seint á árinu 1945. Drátt þennan telur hann óhæfilegan og hafi hann í för með sér, að réttur ríkissjóðs til viðbótarskattaálagningar sé fallinn niður fyrir vangeymslu eða fyrningu.

Þá geti og nefnt lagaákvæði ekki komið til greina í máli þessu, þar sem það sé viðurkennd regla, að skattalög geti ekki verkað aftur fyrir sig. Þá mótmælir gerðarþoli því, að Síldarbræðslustöðinni Dagverðareyri h/f hafi nokkru sinni verið slitið, enda sé það vitanleg staðreynd, að félagið starfi enn. Það geti ekki skipt máli, þótt greiðslan fyrir hlutabréfin hafi verið ein og óskipt. Hluthafar í Síldarbræðslustöðinni Dagverðareyri h/f hafi selt hlutabréf sín 7 aðiljum, 6 einstaklingum og 1 fyrirtæki. Verðið hafi að vísu verið fjórfalt við nafnverð, en gerðarþoli hafi verið búinn að eiga sín bréf lengur en 3 ár og teljist því söluverð þeirra umfram nafnverð ekki tekjur, heldur eignaaukning. Það sé að vísu rétt, að fráfarandi stjórn félagsins hafi ráðstafað hagnaði af rekstri félagsins fyrir tímabilið frá 1. jan. til 10. apríl 1941 og að vissar eignir hafi verið undanskildar við söluna. Ástæðuna til þess telur hann eðlilega, þar eð hin fyrri stjórn og hluthafar hafi staðið í persónulegri ábyrgð fyrir víxilskuld fyrir félagið að upphæð kr. 700 000.00. Þessa skuld hafi þeir ekki viljað ábyrgjast áfram og því kosið að sjá um greiðslu á henni sjálfir, en það hefðu þeir ekki getað gert nema halda eftir einhverjum eignum. Þá mótmælir hann því, að ákvæðum 4. gr. 2. mgr. l. nr. 77/1921, sbr. 38. gr. sömu laga, hafi ekki verið fullnægt. Hlutabréfin hafi verið framseld 1 fyrirtæki og 6 einstaklingum, sem fullnægt hafi skilyrðum hlutafélagalaganna um stofnendur hlutafélaga og hafi því ekki komið til mála að slíta bæri félaginu. Þá staðhæfir hann, að seljendur hafi ekki vitað betur en að kaupendur bréfanna hafi greitt þau sjálfir. Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur mótmælt þeirri varnarástæðu gerðarþola, að skattkrafan sé fallin niður fyrir vangeymslu eða fyrningu og bendir í því sambandi á 15. gr. l. nr. 20/1942, sbr. 10. gr. sömu laga. Hljóti það tímamark, sem þar er sett, að miðast við það ár, sem skattur sé á lagður, en ekki næsta ár á undan, er teknanna er aflað, en rannsókn þessa máls hafi verið fyrirskipuð innan 3 ára frá því er skattálagning fór fram, skattgreiðendum hafi verið veittir eðlilegir og nægilegir frestir og endanlegur úrskurður ríkisskattanefndar verið kveðinn upp hinn 14. desember 1945. Þá mótmælir hann einnig þeirri varnarástæðu gerðarþola, að félaginu hafi ekki verið slitið og bendir á, að sala hafi aðeins farið fram á nafni félagsins, verksmiðjuhúsi og vélum, en öllum öðrum eignum félagsins hafi verið skipt upp á milli hluthafanna, eldra félagið gert upp endanlega, en nýtt tekið til starfa.

Í 10. gr. laga nr. 20/1942 segir: „Komi síðar í ljós, að áætlun hefur verið of lág eða skattþegni hefur ekki verið gert að greiða skatt af öllum tekjum sínum og eignum, er heimilt að reikna skatt gjaldenda að nýju, þó ekki lengra aftur í tímann en 5 ár.“ Af greinargerðinni fyrir frumvarpinu til laga þessara er augljóst, að með grein þessari er veitt skýlaus heimild til þess að reikna skatt gjaldþegns að nýju innan þeirra tímatakmarka, sem sett eru, ef honum

hefur ekki verið gert að greiða skatt af öllum tekjum sínum, og skiptir ekki máli í því sambandi, hvort skatturinn hefur verið ákveðinn eftir eigin framtali gjaldanda eða ekki. Grein þessi, sbr. 15. gr. sömu laga, þykir að áliti réttarins eiga við í máli þessu og fá ekki staðist þær varnarástæður gerðarþola, að skattkrafan sé fallin niður fyrir vangeymslu eða fyrningu, þar sem hinum tilskildu tímaákvæðum hefur verið fullnægt, og leiða þær varnarástæður því ekki til þess, að neita beri um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Liggur þá næst fyrir að taka afstöðu til málsástæðna gerðarbeiðanda. Ekki þykir fært að taka til greina þær málsástæður gerðarbeiðanda, að fyrri aðgerðir og tilboð um sölu á eignum félagsins sé hinn endanlegi og bindandi grundvöllur undir sölunni til h/f Djúpavík o. fl. Tilboð það, sem Síldarbræðslustöðvum ríkisins var gefið á sínum tíma, ber að skoða sem algerlega sjálfstætt tilboð, sem engin lagaleg áhrif hafi á sölu hlutabréfanna síðar. Sama máli gegnir um tilboðið til Alliance h/f; það tilboð gilti aðeins til 20. febr. 1941, en svar við því barst fyrst hinn 1. marz s. á. og var þá óskað eftir staðfestingu á því. Í 4. gr. 1. mgr. samningslaganna nr. 7/1936 segir: „Komi samþykki of seint fram, skal skoða það sem nýtt tilboð." Er af því ljóst, að um nýtt tilboð var að ræða af hálfu Alliance h/f, sem hluthafar í Síldarbræðslustöðinni Dagverðareyri h/f höfðu frjálsar hendur um að taka eða hafna. Því tilboði var aldrei tekið af þeirra hálfu, eftir þeim gögnum að dæma, sem fram hafa komið undir rekstri máls þessa, en samþykkt var á hluthafafundi að selja hlutabréfin og tilteknar eignir, og verður ekki ráðið af þeirri samþykkt, að fyrir þá, er falið var að ganga frá sölu á þeim grundvelli, hafi verið lagt að selja Alliance h/f fremur en öðrum. Í framhaldi af því er svo h/f Djúpavík o. fl. seld umrædd hlutabréf og eignir hinn 9. apríl 1941.

Ákvæði laga nr. 77/1921 um það, hvenær slita beri hlutafélagi, er að finna í 38. gr. laganna. Þar segir að slita beri hlutafélagi, er hluthafar verði færri en 5. Við sölu marg umræddra hlutabréfa hinn 9. apríl 1941 eru þau framseld 6 einstaklingum og 1 fyrirtæki, og verður því ekki talið, að það framsal hafi brotið í bága við 38. gr. nefndra laga. Í 4. gr. sömu laga segir um það, hve margir stofnendur hlutafélaga skuli vera fæstir, þ. e. 5, og hverjum kostum þeir skuli vera búnir, og hefur því ekki verið mótmælt, að hinir núverandi eigendur hlutabréfanna uppfylli þau skilyrði, er þar eru sett. Þær málsástæður gerðarbeiðanda, að ákvæðum 4. og 38. gr. l. nr. 77/1921 hafi ekki verið fullnægt og að um félagsslit hafi því verið að ræða af þeim ástæðum, fá því ekki staðizt og verða því ekki heldur teknar til greina. Þá verður ekki heldur séð, að sú ráðstöfun fyrrverandi hluthafa um að halda eftir nokkru af eignum félagsins til þess að geta lokið skuldum þess, er þeir báru persónulega ábyrgð á, hafi það í för með sér, að um sé að ræða ráð-

stöfun eigna og arðsúthlutun við félagsslit, og fær því eigi heldur staðizt sú málsástæða gerðarbeiðanda, þar eð lög nr. 77/1921 virðast engin bein ákvæði hafa að geyma, er réttlæti þá skoðun, en ákvæði 2. gr. laga nr. 20/1942, sbr. d-lið 7. gr. laga nr. 6/1935 geta því aðeins átt við, að um félagsslit sé að ræða samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/1921. Ekki verður heldur talið, að það hafi nokkra úrslitaþýðingu í máli þessu, að einn aðili, Djúpavík h/f, greiðir kaupverðið í einu lagi til fyrrverandi stjórnar Síldarbræðslustöðvarinnar Dagverðareyri h/f, sem síðar skipti henni milli hluthafanna eða það, að samkvæmt dagbók h/f Djúpavík fyrir árið 1941 og síðar eru öll bréfin talin keypt af því félagi og andvirði þeirra greitt úr sjóði þess, og að 6 af hinum nýju hluthöfum hafa ekki talið hlutabréfin til eignar á skattframtölum sínum. Ábyrgðin á því verður ekki lögð á hina fyrri hluthafa, sem eindregið hafa neitað því að hafa vitað um það, eins og fram kemur í umsögnum þeirra hdl. Friðriks Magnússonar á rskj nr. 16 og Svanbjörns Frímannssonar á rskj. nr. 9. Tilvik þau, er hinir tilvitnuðu hæstaréttardómar fjalla um, þykja ekki að áliti réttarins svo hliðstæð þessu máli, að þau veiti rökum gerðarbeiðanda þann stuðning, er tillit verði tekið til, þar sem í þeim tilfellum var um ótvíræð félagsslit að ræða. Þá er það loks staðreynd, að Síldarbræðslustöðin Dagverðareyri h/f hefur starfað óslitið frá því er eigendaskipti urðu að hlutabréfunum hinn 9. apríl 1941 og er starfandi enn að sams konar atvinnurekstri og áður.

Niðurstaða réttarins verður því sú, að synja beri um hina umbeðnu lögtaksgerð. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal ekki ná fram að ganga. Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 2. marz 1948.

Nr. 14/1947. **Arinbjörn Jónsson**
(Hrl. Theódór B. Lindal)
gegn
Jósef Eggertssyni og gagnsök
(Hrl. Gunnar J. Möller).

Bifreiðamál. Skaðabótamál.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. febrúar 1947. Krefst hann þess aðallega að hann

verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en til vara, að lækkaðar verði fébætur til handa gagnáfrýjanda. Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu til hæstaréttar með stefnu 27. febrúar 1947, krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 2855.58 með 5% ársvöxtum frá 22. marz 1946 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 600.00 í málskostnað í hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Aðaláfrýjandi Arinbjörn Jónsson greiði gagnáfrýjanda Jósef Eggertssyni kr. 600.00 í málskostnað í hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. desember 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. f. m., hefur Jósef Eggertsson, Sogabletti 5 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 22. marz s. l. gegn Arinbirni Jónssyni, Grenimel 21 hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 2955.58 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Í hinum munnlega flutningi málsins lækkaði stefnandi kröfu sína í kr. 2855.58 með vöxtum og málskostnaði, eins og áður greinir.

Þá hefur Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en síðargreind bifreið stefnda R 2957, er tryggð hjá því félagi.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. *Til vara* hefur stefndi krafizt þess, að hann verði aðeins talinn bera ábyrgð á hluta af nefndu tjóni og að málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Málsatvik eru þau, að hinn 19. janúar s. l. um kl. 23.50 var fólksflutningabifreiðinni R 2666, sem er eign stefnanda, ekið yfir Tjarnarbrúna austur Skothúsveg. Um sama leyti var „jeep"-bifreiðinni R 2957, eign stefnda, ekið suður Fríkirkjuveg. Á gatnamótum Skothúsvegar, Fríkirkjuvegar og Sóleyjargötu varð árekstur milli bif-

reiðanna og skemmdust þær báðar nokkuð, en R 2666 þó mun meira.

Ökumaðurinn á bifreið stefnanda hefur skýrt svo frá, að hann hafi í umrætt sinn ekið austur Skothúsveg. Er hann hafi verið að aka niður af Tjarnarbrúnni að austanverðu, hafi hann séð bifreiðina R 2957, er þá hafi verið á Fríkirkjuveginum á móts við Íshúsið Herðubreið. Kveðst ökumaðurinn hafa haldið hiklaust áfram, þar sem hann hafi talið, að bifreið hans yrði alllöngu á undan R 2957 yfir gatnamótin. Þegar hann hafi um það bil verið kominn yfir gatnamótin, hafi hann orðið var við að R 2957 var ekið upp í Skothúsveginn með miklum hraða. Kveðst bifreiðarstjórinn þá hafa hægt hraðann og sveigt til hægri til að forðast árekstur. Það hafi þó ekki tekizt, og hafi R 2957 rekizt á vinstri hlið R 2666 á dyrastafinn milli hurðanna. Telur bifreiðarstjórinn, að á árekstrarstundinni hafi afturhjól bifreiðar hans verið nálægt eða rétt ofan við samskeyti á steyptum og malbikuðum vegi, sem þarna sé. Við áreksturinn hafi R 2666 kastazt til og stöðvazt þannig ,að afturhjólin voru uppi á gangstéttinni að sunnan, en framhjólin á ská út á götuna. Hafi efra afturhjólið verið nálægt neðri brún steyptrar brautar að húsi því, er stendur þar á horninu. Þá hafi R 2957 einnig kastazt til við áreksturinn og hafi hún staðnæmzt við syðri vegarbrúnina rétt fyrir neðan R 2666, og hafi hún þá snúið til vesturs.

Farþegi, sem var í bifreiðinni R 2666 og sat við hlið bifreiðarstjórans, hefur borið fyrir dómi, að þegar R 2666 var á Tjarnarbrúnni, hafi hann séð R 2957 á móts við Íshúsið Herðubreið, en ekki veitt henni frekari athygli fyrr en áreksturinn varð. Vitni þetta veitti því ekki athygli, hvar áreksturinn varð, en hefur talið, að bifreiðin hafi staðnæmzt á sama stað og bifreiðarstjórinn á R 2666 heldur fram. Vitni þetta telur, að R 2666 hafi verið ekið með um 20 km hraða miðað við klukkustund, en hraðamælir bifreiðarinnar var í ólagi. Annar farþegi, sem í bifreiðinni var, hefur einnig komið fyrir dóm. Veitti hann ekki R 2957 eftirtekt fyrr en áreksturinn varð, en telur, að afstaða bifreiðanna eftir að þær stöðvuðust hafi verið sú, er bifreiðarstjórinn á R 2666 hefur talið.

Telur stefnandi, að af framangreindum skýrslum sé ljóst, að R 2666 hafi komið fyrr að gatnamótunum en R 2957. Hafi ökumanni R 2666 því verið heimilt að halda áfram óhikað. Bifreiðarstjórinn á R 2957 eigi einn sök á árekstrinum, hann hafi ekið mjög hratt og auk þess sveigt til vinstri upp í Skothúsveginn, en það hafi valdið því, að árekstri varð ekki forðað.

Bifreiðarstjórinn á R 2957 hefur skýrt svo frá, að í umrætt sinn hafi hann ekið suður Fríkirkjuveg og ætlað suður Sóleyjargötu. Hafi hann ekið með venjulegum hraða innanbæjar, en hraðamælir bifreiðarinnar var í ólagi. Bifreiðarstjórinn kveðst ekkert hafa orðið var við R 2666, fyrr en á gatnamótum Fríkirkjuvegar og Skothúsvegar, rétt áður en áreksturinn varð. Hafi hann þá sveigt til vinstri,

til að forða árekstri og ætlað að hemla, en fóturinn hafi runnið út af hemlinum og hafi bifreiðarnar rekizt á með nokkrum hraða. Telur bifreiðarstjórinn, að áreksturinn hafi orðið um 4 metrum fyrir neðan efra horn steypta hluta vegarins og við hliðarbrún steypta hlutans. Báðar bifreiðarnar hafi kastazt til við áreksturinn. Hafi R 2666 stöðvazt 1—2 metrum fyrir ofan umferðamerki, er þarna sé á syðri vegarbrún. Afturhjólin hafi verið við gangstéttarbrúnina eða aðeins upp á henni, en framhjólin á götunni og hafi bifreiðin vísað skáhalt upp götuna. R 2957 hafi stöðvazt á miðjum veginum á móts við nefnt merki, en hún hafi þá snúið til vesturs. Eru þessi staðarmörk um 3 til 4 metrum neðar en bifreiðarstjórinn á R 2666 hefur talið að bifreiðarnar hafi stöðvazt á.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að R 2957 hafi átt umferðarréttinn á gatnamótunum. Bifreiðarstjóranum á R 2666 hafi borið að stöðva sína bifreið og hleypa R 2957 fram hjá. Þessa hafi hann ekki gætt og eigi hann því einn sök á árekstrinum.

Það er komið fram í málinu, að umrætt kvöld var rigningarsuddi og götur blautar. Ökumaður R 2957 átti umferðarrétt á nefndum gatnamótum í umrætt sinn samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 7. gr. umferðalaganna nr. 24 frá 1941. Hins vegar bar honum að sýna fyllstu varúð við aksturinn. Með framburði hinna tveggja farþega í R 2666, sem áður er rakinn, verður að telja sannað, að bifreiðarnar hafi eftir áreksturinn stöðvazt þar sem ökumaður R 2666 heldur fram. Þegar þess er gætt, hve langt sá staður er fyrir ofan gatnamótin, þá bendir það til þess, að R 2666 hafi komið fyrr að gatnamótunum en R 2957, enda styður það framburður ökumanns og farþega R 2666 um stöðu R 2957, þegar fyrrgreind bifreið var stödd á Tjarnarbrúnni. Með skírskoun til þessa, og þar sem ökumaður R 2957 veitti eigi R 2666 athygli fyrr en rétt fyrir áreksturinn og mistókst þá að hemla, sbr. ákvæði 5. mgr. 26. gr. bifreiðalaganna, þá verður að telja, að hann eigi megin sök á nefndum árekstri. Verður því sýknukrafa stefnda eigi tekin til greina.

Það er upp komið, að ökumaður R 2666 veitti R 2957 athygli nokkru áður en komið var að gatnamótunum, en gætti hennar síðan eigi fyrr en rétt áður en áreksturinn varð. Ökumaður R 2666 hafði R 2957 sér á vinstri hönd og bar honum því samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 7. gr. umferðalaganna að víkja fyrir henni. Bar honum að veita R 2957 sérstaka athygli, enda þótt hann teldi sig öruggan með að komast yfir gatnamótin á undan henni. Þessa gætti ökumaður R 2666 ekki, og verður því að telja, að hann eigi einnig sök á árekstrinum.

Með vísun til þess, svo og annars þess, sem fram er komið í málinu, þykir rétt að telja ökumann R 2957 eiga að ⅔ hlutum sök á árekstrinum, en ökumann R 2666 að ⅓ hluta. Tjón það, er af árekstrinum varð, skiptist því á milli aðilja í þeim hlutföllum.

Tjón sitt af skemmdum þeim, sem urðu á bifreiðinni R 2666 í

umrætt sinn, telur stefnandi nema kr. 2855.58. Hefur stefndi engum andmælum hreyft gegn fjárhæð þeirri, og verður hún því lögð til grundvallar í málinu.

Samkvæmt framangreindu ber stefnda að bæta stefnanda ⅔ hluta þeirrar fjárhæðar eða kr. 1903.72, sem hann verður dæmdur til að greiða með vöxtum, svo sem krafizt er.

Þá þykir rétt, að stefndi greiði málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi Arinbjörn Jónsson greiði stefnanda Jósef Eggertssyni kr. 1903.72 með 5% ársvöxtum frá 22. marz 1946 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað innan 15 daga frá löglbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. marz 1948.

Nr. 110/1947. **Jón Ingimundarson f. h. ófjárráða sonar síns, Halldórs Ingimundar**
(Hrl. Ragnar Jónsson)
gegn
Ásbirni Magnússyni og gagnsök
(Hrl. Theódór B. Lindal).

Bifreiðamál. Skaðabótamál.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 13. október 1947, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 13 458.25 með 6% ársvöxtum frá 13. október 1946 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur af sinni hálfu áfrýjað málinu með stefnu 25. október 1947, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Krefst hann aðallega algerrar sýknu af kröfum aðaláfrýjanda, en til vara lækkunar á hinni dæmdu fjárhæð. Svo krefst hann þess og, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður, en honum dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Eins og í héraðsdómi greinir, bar gagnáfrýjanda að gæta sérstaklega mikillar varkárni, er hann ók fram með opnum dyrum sláturhússins og fram hjá bifreið, er stóð þar kyrr milli dyra. Þessarar skyldu sinnar gætti hann ekki nægilega. Þá braut hann og ákvæði 2. mgr. 9. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 með því að skýra ekki lögreglu frá slysinu. Leiddi það til þess, að rannsókn málsins varð mjög ófullkomin, en gagnáfrýjandi verður að bíða halla af skorti á gögnum af þeim sökum, sbr. einnig 1. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941. Hins vegar má rekja orsök slyssins að nokkru leyti til hegðunar drengsins Halldórs Ingimundar. Samkvæmt þessu þykir hæfilegt, að gagnáfrýjandi bæti tjón af slysinu að ⅔ hlutum.

Koma þá til athugunar einstakir kröfuliðir aðaláfrýjanda.

1. og 2. kröfuliðir eru viðurkenndir og verða því teknir til greina að fullu.

3. og 4. kröfuliðir þykja hæfilega ákveðnir kr. 1500.00 og kr. 4000.00, eins og gert er í héraðsdómi.

Rétt þykir að taka til greina bætur samkvæmt 5. kröfulið og meta þær kr. 450.00.

Hæfilegt þykir að ákveða bætur samkvæmt 6. kröfulið kr. 1200.00.

Samkvæmt framansögðu ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda kr. 4444.95 með 5% ársvöxtum frá 13. okt. 1946 til greiðsludags.

Þá ber og að dæma gagnáfrýjanda til að greiða málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 2420.00. Þar af greiðast kr. 120.00 til ríkissjóðs og kr. 800.00 til skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda í héraði, en kr. 1500.00 til aðaláfrýjanda.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi Ásbjörn Magnússon greiði aðaláfrýjanda, Jóni Ingimundarsyni f. h. ófjárráða sonar hans, Halldórs Ingimundar, kr. 4444.95 með 5% ársvöxtum frá 13. okt. 1946 til greiðsludags. Svo greiði hann og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 2420.00, þar af kr. 120.00 til ríkissjóðs, kr. 800.00 til

skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda í héraði, Björns Halldórssonar héraðsdómslögmanns, og kr. 1500.00 til aðaláfrýjanda.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 2. maí 1947.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 29. f. m., hefur stefnandi, Jón Ingimundarson verkamaður, Gránufélagsgötu 57 Akureyri, f. h. ólögráða sonar síns, Halldórs Ingimundar Jónssonar, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, með stefnu útgefinni 6. des. f. á. og birtri 7. s. m. á hendur stefnda Ásbirni Magnússyni bifreiðarstjóra, Akureyri, og gerir þær kröfur fyrir dómi, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum bætur fyrir tjón af völdum bifreiðarslyss, kr. 13 458.25 auk 6% ársvaxta frá 13. okt. s. l. til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Stefnandi fékk gjafsókn í málinu 18. des. f. á. og hefur krafizt þess, að málskostnaður verði tildæmdur, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans. Til vara er kröfum stefnanda mótmælt sem ósönnuðum og allt of háum og krafizt lækkunar skaðabóta miðað við sök drengsins sjálfs á slysinu.

Slys þetta vildi til framan við suðurhlið sláturhúss Kaupfélags Eyfirðinga á Oddeyri 26. sept. 1945 um kl. 5 síðdegis. Stefndi ók bifreið sinni A 55, sem er leigubifreið til mannflutninga, austur með suðurhlið nefnds sláturhúss með þrjá farþega á leið niður að bryggju þar í grennd. Suðurhlið hússins er 25 m að lengd og eru fernar dyr á hliðinni. Engin gangstétt er meðfram húsinu. Um leið og stefndi ók fram hjá húsinu, hljóp drengur út um þriðju dyr hússins, talið vestan frá, lenti á bifreiðinni og fótbrotnaði. Drengur þessi reyndist vera Halldór Ingimundur Jónsson, 9 ára gamall, fæddur 9. sept. 1936.

Stefndi ók drengnum á sjúkrahús og var fótur hans röntgenmyndaður, settur í gibsumbúðir og drengurinn síðan fluttur heim til sín. Hafði drengurinn fengið þverbrot á báðum pípum vinstra fótleggs, 4 cm fyrir ofan ökla. Drengurinn hafði miklar kvalir og að kvöldi næsta dags var hann fluttur í sjúkrahús á ný og önnur röntgenmynd tekin. Sýndi myndin enga styttingu á fótlegg og góða afstöðu beinendanna. Var drengurinn síðan fluttur heim á ný og lá í gibsumbúðum í heimahúsum um 7 vikna skeið. Að þeim tíma liðnum voru umbúðirnar teknar, og lá drengurinn nokkra daga umbúðalaus í rúminu. Þrjár næstu vikur var hann innanhúss, án þess að ganga stiga. Þá fór hann að fara út, gekk við staf og var mikið

haltur. Um miðjan janúar fór hann að ganga í skóla, en batnaði ekki.

15. marz var tekin mynd af brotstaðnum og kom þá í ljós, að sköflungsbrotið var ekki fullgróið sökum ófullnægjandi kölkunar. Var drengurinn þá aftur settur í gibsumbúðir og lá í þeim um 10 vikna skeið í heimahúsum eða til 1. júní. Var brotið þá rannsakað á ný og virtist fullgróið. Batnaði honum síðan smátt og smátt, en stefnandi telur hann enn ekki lausan við helti 13. okt. 1946, er sáttakæra var rituð.

Tjón það, er stefnandi telur sig hafa orðið fyrir vegna slyssins nemur upphæð þeirri, sem stefnt er fyrir. Telur hann stefnda eiga sök á slysinu og byggir kröfu sína á hendur honum á því.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að slysið hafi borið að með þeim hætti, að hann hafi enga sök á því átt og því hefði ekki orðið afstýrt, þrátt fyrir það að bifreið hans var í fullu lagi og hann sýndi fulla aðgæzlu og varkárni við aksturinn. Orsök slyssins hafi einvörðungu stafað af óvarkárni drengsins. Hann hljóp út úr húsinu og lenti á hlið bifreiðarinnar, sem var að aka fram hjá á mjög hægri ferð, og bifreiðin ók ekki á hann.

Varakröfu sína byggir stefndi á því, að drengurinn hafi a. m. k. átt meginsök á slysinu og auk þess séu kröfuliðirnir 3—6 ýmist á engum rökum byggðir eða of háir.

Um atvik slyssins hefur þetta að öðru leyti komið fram: Stefndi hefur skýrt svo frá við lögreglurannsókn, sem fór fram um slysið, að framan við sláturhúsið, sem hann ók fram hjá, hafi staðið bifreið upp við húsið. Ók hann rétt hjá bifreiðinni á fyrsta hraðastigi með tæplega meir en 5 km hraða miðað við klst. Þegar stefndi kom fyrir bifreið þessa, sá hann að tveir drengir komu á harða hlaupum út um dyr á húsinu og hljóp annar drengjanna, sá, sem á undan var, á bifreið stefnda og féll við á götuna. Stefndi stöðvaði bifreiðina þegar og var framhluti bifreiðar hans þá kominn austur fyrir dyrnar, en drengurinn lá vinstra megin við hana aftarlega. Álítur stefndi, að drengurinn hafi lent á hlið bifreiðarinnar milli hjólanna. Ekki gat stefndi um það sagt, hvort afturhjól bifreiðarinnar hafi farið yfir drenginn, en telur það ólíklegt. Þurrt var um og sáust því ekki för. Stefndi gaf ekki hljóðmerki um leið og hann fór fram hjá bifreiðinni. Hann kvaðst ekki hafa haft ráðrúm til að beygja til hægri, vegna þess hve brátt drenginn bar að.

Vitnið Ragnar Jónsson, sem var farþegi í bifreiðinni og sat í aftursæti hægra megin, telur, að bifreiðin hafi ekið mjög hægt og heldur, að drengurinn hafi lent á henni móts við vinstra framhjól eða nálægt því og hafi eftir slysið legið móts við afturhurðina. Vitni þetta álítur, að hjól bifreiðarinnar hafi ekki farið yfir drenginn. Vitnið segir, að bifreiðinni hafi verið hemlað snögglega og numið staðar svo að segja um leið, en telur þó að hún hafi runnið 2—3 m eftir að þeir urðu drengsins varir, en ekki hafi hún farið

það allt á hemluðum hjólum. Bifreiðin var á móts við dyrnar, sem drengurinn fór út um, þegar hún hafi numið staðar.

Vitnið Pálmi Sigmundsson var einnig farþegi í bifreiðinni, en mundi óljóst eftir atvikum slyssins. Hann telur þó, að bifreiðin hafi strax numið staðar, þegar henni var hemlað og varð ekki var við, að hún færi yfir drenginn. Vitni þetta taldi, að bifreiðin hefði verið með venjulegum hraða, en fylgdist þó lítt með því. Einnig minnti þetta vitni, að drengurinn hefði legið móts við afturhurð bifreiðarinnar eftir slysið.

Vitnið Ríkarður Jónsson gaf skýrslu um málið fyrir bæjarþingi. Hann var einnig farþegi í bifreiðinni og sat í aftursæti. Hann sá drenginn fyrst í sömu andrá og hann lenti á bifreiðinni. Hann álítur, að drengurinn hafi hlaupið út á götuna fyrir framan bifreið, sem bar á milli sláturhússins og bifreiðarinnar, sem vitnið sat í og lenti á miðri bifreiðinni. Vitni þetta telur, að bifreiðinni hafi verið ekið mjög hægt. Hann segir, að þeir þrír farþegar, sem voru í bifreiðinni, hafi verið undir áhrifum áfengis, en ekki mikið, og sjálfur kveðst vitnið hafa haft fulla dómgreind.

Vitnið Ingólfur Árnason kveðst hafa staðið við dyr þær, sem drengurinn kom um, þegar slysið varð. Hann skýrir svo frá, að bifreið stefnda hafi ekið nálægt kyrrstæðu bifreiðinni og með venjulegum hraða, þ. e. þeim hraða, sem venjulega er ekið um götur bæjarins. Hann segir, að drengurinn hafi orðið hræddur við drukkinn mann og hlaupið út úr húsinu og lent á framhjóli bifreiðarinnar, en sá ekki hvort hjólið fór yfir hann. Drengurinn var móts við afturhurð bifreiðarinnar, þegar hann var tekinn upp, og var þá bifreiðin numin staðar. Vitni þetta telur, að bifreið stefnda hafi verið komin fram hjá kyrrstæðu bifreiðinni, þegar drengurinn hljóp út úr dyrunum.

Framburður stefnda og tveggja vitnanna ,sem í bifreiðinni voru, eru ósamhljóða framburði síðastgreinds vitnis um hraða bifreiðarinnar, en vitni þetta virtist hafa haft góða aðstöðu til að fylgjast með því sem gerðist. Stefndi ók nærri húsinu og fram hjá kyrrstæðri bifreið og var því sérstök ástæða til varfærni af hans hendi vegna umgangs um dyr hússins, þar sem engin gangstétt var meðfram því. Ekki þykir full sönnun fyrir því, að stefndi hafi ekið mjög hægt, sem honum bar að gera á þessum stað og að slysinu hefði ekki orðið afstýrt, ef stefndi hefði ekið mjög hægt og í nokkuð meiri fjarlægð frá húsinu, sem full ástæða virðist hafa verið til. Hins vegar verður þó að telja, að aðalorsök slyssins megi rekja til ógætni drengsins, sem slasaðist, er hann hljóp gálauslega út á götuna. Með vísun til 1. mgr. 34. gr. bifreiðarlaganna nr. 23 1941 verður samkvæmt þessu ekki unnt að taka til greina sýknukröfu stefnda. Samkvæmt 3. mgr. tilvitnaðrar lagagreinar og með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, þykir rétt að skipta sök þannig, að stefndi beri ⅓ hluta hennar og bótaábyrgð eftir því,

en stefnandi beri ⅔ hluta sakar og beri tjón sitt sjálfur að því leyti.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfu sína þannig:

1.	Lækniskostnaður og ferðir	kr.	211.25
2.	Fataskemmdir	—	47.00
3.	Aukin heimilisvinna í sambandi við veikindi drengsins, vökur, snúningar, ómak, kr. 300.00 í 8 mánuði	—	2 400.00
4.	Þjáningabætur til handa drengnum	—	5 000.00
5.	Bætur fyrir missta sumarvinnu drengsins, sem gert er ráð fyrir, að unnið hefði fyrir sér í sveit	—	800.00
6.	Bætur fyrir það, að drengurinn missti af barnaskólavist heilt skólaár. Bæturnar miðaðar við árslaun 14—15 ára unglinga	—	5 000.00
		Samtals kr.	13 458.25

Kröfuliðunum 1. og 2. er ekki mótmælt, og verða þeir því teknir til greina óbreyttir.

3. kröfulið er mótmælt sem alltof háum. Stefnandi og kona hans urðu ekki fyrir atvinnutjóni af völdum slyssins. Hins vegar fer ekki hjá því, að þau hafa orðið fyrir verulegum óþægindum og mjög aukinni heimilisvinnu vegna þessa, einkum móður drengsins, sem hafði sjö manna heimili um að sjá. Þykir eftir öllum atvikum rétt að taka lið þennan til greina með kr. 1 500.00.

4. kröfulið er mótmælt sem allt of háum og krafizt lækkunar á honum. Eins og að framan er rakið, leið drengurinn miklar þjáningar og batnaði seint. Þykja því bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr. 4 000.00.

5. lið er algerlega mótmælt og krafizt sýknu af honum. Þar sem hvorki er vitað með vissu, hvort drengurinn hefði farið í sveit, né þótt svo hefði verið, hvort hann hefði unnið fyrir sér, þykja mótmæli gegn kröfu þessari á rökum byggð og verður hún ekki tekin til greina.

6. kröfulið er mótmælt sem röngum og ósönnuðum og á það bent, að unnt hefði verið að kenna drengnum í heimahúsum meðan hann lá. Upplýst er, að drengurinn tafðist um einn vetur við barnaskólanámið vegna slyssins og húsakynni á heimili hans voru mjög litilfjörleg, miðað við fjölskyldustærð, þannig að miklum erfiðleikum hefði verið bundið að kenna honum heima. Hins vegar þykir líklegt, að hann geti unnið upp skólamissinn þau ár, sem hann enn þá er skólaskyldur, með því að honum sé aflað aukakennslu umfram barnaskóla og þurfi hann því ekki að tefjast heilan vetur við skyldunám af þessum sökum. Þykir hæfilegt að áætla kostnað við það kr. 1500.00.

Samkvæmt framanrituðu hefur tjón stefnanda vegna slyssins

numið kr. 211.25, kr. 47.00, kr. 1500.00, kr. 4000.00 og kr. 1500.00, eða samtals 7258.25 og ber stefnda að greiða ⅓ hluta þess eða kr. 2419.42, ásamt 5% ársvöxtum, svo sem krafizt er í sáttakæru, frá sáttakærudegi, 13. okt. 1946, til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu þykir hæfilegt að stefndi greiði kr. 620.00 í málskostnað, þar af til ríkissjóðs kr. 120.00 og til skipaðs talsmanns stefnanda, Björns Halldórssonar hdl., kr. 500.00. Málflutningslaun nefnds talsmanns stefnanda að öðru leyti, kr. 700.00, greiðist úr ríkissjóði.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi Ásbjörn Magnússon greiði stefnanda Jóni Ingimundarsyni f. h. Halldórs I. Jónssonar kr. 2419.42 ásamt 5% ársvöxtum frá 13. okt. 1946 til greiðsludags.

Stefndi greiði kr. 620.00 í málskostnað, þar af til ríkissjóðs kr. 120.00 og til skipaðs talsmanns stefnanda, Björns Halldórssonar hdl., kr. 500.00, en máflutningslaun talsmanns stefnanda að öðru leyti, kr. 700.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 4. marz 1948.

Nr. 107/1947. **Kjartan Sveinsson** (Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn
Borghildi Pétursdóttur
(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Skýring á 64. gr. laga nr. 3/1878.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. október 1947 gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að húseign búsins verði lögð honum út eftir yfirmati því, sem fram hefur farið á eigninni. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Telja verður, að réttur þess hjóna, sem flutt hefur hlut inn í búið, til að heimta hann lagðan sér út eftir virðingu samkvæmt 64. gr. laga nr. 3/1878, sé takmarkaður við það, að verðmæti hlutarins fari ekki fram úr eignarhluta þess í búinu, sbr. upphaf greinarinnar. Lög nr. 20/1923 gera enga breytingu á þessu efni, og verður því að staðfesta hinn áfrýjaða skiptaréttarúrskurð með skírskotun til forsendna hans.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði skiptaréttarúrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 4. október 1947.

Við opinber skipti á félagsbúi Kjartans Sveinssonar, Ásvallagötu 69 hér í bæ, og fyrrverandi konu hans, Borghildar Pétursdóttur, kom fram ágreiningur í sambandi við húseignina nr. 69 við Ásvallagötu hér í bænum. Var fyrst um það deilt, hvort búið ætti alla fasteignina eða hluta hennar. Var um þann ágreining kveðinn upp úrskurður hér í skiptaréttinum 15. október 1946 á þá leið, að öll fasteignin teldist eign búsins. Á dómþingi 29. júlí 1947 gerði frú Borghildur Pétursdóttir kröfu um það með tilvísun til úrskurðarins, að öll fasteignin yrði seld á opinberu uppboði. Kjartan Sveinsson lýsti því þá þegar yfir, að áðurgreindum úrskurði yrði áfrýjað til hæstaréttar til breytingar, þar sem Axel bróðir sinn ætti hluta úr þessari eign. Jafnframt því gerði Kjartan kröfu um það, að hann fengi lagðan út hluta búsins í húseigninni eftir mati.

Á dómþingi 29. ágúst sama ár hvarf Borghildur Pétursdóttir frá kröfu sinni um sölu á allri húseigninni, en krafðist þess hins vegar, að seld yrði á opinberu uppboði hálf húseignin, þ. e. öll efri hæð gamla hússins, 4 íbúðarherbergi, bað og salerni og á neðri hæð forstofa, eldhús, búr og ein stofa, auk þess ein stofa í nýbyggingu, eitt geymsluherbergi í kjallara og þvottahús að hálfu og lóðarréttindi að hálfu, og að sannreynt verði með opinberu uppboði, hvert sé raunverulegt markaðsverð á eign þessari, og verði krafa Kjartans um útlagningu tekin til greina, þá sé verð eignarinnar miðað við hæsta boð á hinu opinbera uppboði, ef það verður hærra en matsverð.

Kjartan Sveinsson hefur aftur á móti mótmælt því, að opinbert uppboð fari fram á húseigninni, en krafizt þess að fá hluta búsins í henni útlagðan eftir mati.

Eftir að gagnasöfnun í máli þessu var lokið, var það flutt munnlega 27. f. m. og að því loknu tekið undir úrskurð sama dag.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Samkvæmt beiðni Kjartans Sveinssonar fór fram mat á þeim hluta húseignarinnar nr. 69 við Ásvallagötu hér í bæ, sem nú er samkomulag um, að sé eign búsins, og var mat þetta framkvæmt þann 11. apríl 1946. Nam matsfjárhæðin kr. 110 000.00. Borghildur Pétursdóttir vildi ekki una þessu mati og fékk yfirmat. Nam matsfjárhæð yfirmatsins kr. 127 000.00. Nú hefur Borghildur Pétursdóttir talið mat þetta allt of lágt. Hefur hún boðizt til að kaupa þessa eign búsins í húsinu fyrir kr. 180 000.00, og telur hún óverjandi að leggja til grundvallar við skipti á búinu fyrrgreint mat, án þess að sannreyna fyrst með opinberu uppboði, hvert verð kunni að fást fyrir eignina, og byggir hún kröfu sína í máli þessu á þessu atriði.

Kjartan Sveinsson hefur hins vegar mótmælt því, að opinbert uppboð verði haldið á eigninni, og telur hann rétt sinn til útlagningar eftir mati tvímælalausan samkvæmt ákvæðum skiptalaganna nr. 3 frá 12 apríl 1878, 63. og 64. gr. og laga um réttindi og skyldur hjóna nr. 20 frá 20. júní 1923, 47. gr. 2. lið. Húseign þessa hafi hann sjálfur flutt í búið. Að vísu hafi hann, eftir að þau Borghildur gengu í hjónaband, fengið af viðbyggingu við húsið eitt herbergi, en látið í skiptum fyrir það 2 herbergi af gamla húsinu, og hafi þessi skipti farið fram með vitund og vilja þáverandi konu sinnar, Borghildar Pétursdóttur. Þá bendir hann og á, að í heimili sínu sé móðir sín og barn þeirra hjóna, auk ráðskonu, er hann hafi orðið að taka, eftir að konan hafi farið af heimilinu.

Borghildur Pétursdóttir hefur neitað því, að Kjartan hafi lagt alla þessa eign í búið. Að vísu hafi nokkur hluti hennar verið byggður áður en þau gengu í hjónaband, en nokkur hluti hennar sé þó byggður í búskap þeirra, og hefur hún mótmælt því, að nokkur skipti hafi átt sér stað á herbergi því, er þau fengu í viðbyggingunni, og þessum 2 herbergjum í gamla húsinu, og njóti Kjartan því einkis réttar fram yfir sig að fá eign þessa útlagða eins og hún er nú. En verði húshluti þessi lagður út, telur hún, að öruggasti grundvöllur fyrir réttum skiptum fáist með því að bjóða eignarhlutann upp á opinberu uppboði.

Um búskipti þessi fer eftir lögum nr. 20 frá 20. júní 1923, þar sem hjónin stofnuðu hjúskap eftir gildistöku þeirra laga og kom því hér til greina 7. kafli þeirra laga svo og 6. kafli skiptalaganna nr. 3 frá 12 apríl 1878.

Samkvæmt 64. gr. skiptalaganna geta málsaðiljar heimtað sinn hluta úr búinu útlagðan eftir virðingu. Verður að telja, að þessi útlagning eftir virðingu til annars aðilja takmarkist við það, að aðrar eignir búsins, sem til skipta koma, væri jafnmiklar að matsverði, því eigi verður talið, að annað hjóna geti krafizt útlagningar á meiri verðmætum en sínum hluta í búinu, þótt boðin væri fram fjár-

greiðsla í staðinn. Nú hefur Kjartan Sveinsson krafizt þess, að fá úr búinu útlagða eftir virðingarverði eign búsins í Ásvallagötu 69 hér í bæ, sem metin er yfirmati á kr. 127 000.00, en aðrar eignir búsins námu við uppskrift og mat samtals kr. 25 391.67, en af þeim eignum hefur hann og undir skiptum í búi þessu krafizt útlagningar sér til handa 5/12 hluta í Stakkavík, sem metnar eru á kr. 4166.67.

Uppskrift á búi hjónanna hófst þann 30. marz 1946, en við framhaldsuppskrift í því þann 8. október sama ár var lögð fram við uppskriftina skrá Kjartans Sveinssonar frá 16. marz 1946 um skuldir búsins, og námu þær samkvæmt henni kr. 60 308.29, en á hinni umræddu eign hvíla samkvæmt veðbókarvottorði frá 3. maí 1946 2 skuldir á 1. og 2. veðrétti, sem nema samkvæmt áðurumgetinni skrá kr. 44 326.50.

Af því, sem nú hefur verið lýst, má sjá, að Kjartan Sveinsson fengi meira en sinn hluta úr búinu lagðan sér út eftir virðingu, ef krafa hans um útlagningu á fasteign búsins á Ásvallagötu 69 hér í bæ væri tekin til greina, og verður eigi séð, að 64. gr. skiptalaganna heimili svo víðtæka reglu fyrir málsaðilja. Hins vegar telur skiptaráðandi, eftir að hafa skoðað fasteign búsins á Ásvallagötu 69, að Kjartan Sveinsson hafi fært þá eign í búið, þar sem hið umrædda herbergi í viðbyggingunni er í föstum tengslum við gamla húsið og telja verður, að það komi í stað þeirra 2 herbergja í gamla húsinu, sem þegar eru einangruð í því.

Með vísun til þessara röksemda þykir verða að taka kröfu Borghildar Pétursdóttur til greina um það, að sannreynt verði með opinberu uppboði á hluta búsins í Ásvallagötu 69 hér í bæ, hvert sé raunverulegt markaðsverð á þeirri eign búsins, enda verður krafa Kjartans Sveinssonar um útlagningu ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Sannreynt skal með opinberu uppboði, hvert sé raunverulegt markaðsverð á hluta Kjartans Sveinssonar og Borghildar Pétursdóttur í húseigninni nr. 69 við Ásvallagötu hér í bænum. Krafa Kjartans Sveinssonar um útlagningu verður eigi tekin til greina.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 5. marz 1948.

Nr. 122/1945. **Georg Magnússon** (Sjálfur)
gegn
Lögreglustjóranum í Árnessýslu
(Hrl. Egill Sigurgeirsson).

Um veitingu leyfis til rekstrar kvikmyndahúss.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. september 1945, krefst þess, að dæmt verði gilt, að stefndi hafi hinn 20. september 1943 veitt áfrýjanda einkaleyfi til kvikmyndahússrekstrar á Selfossi um 10 ára skeið. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti.

Stefnda brast lagaheimild til að veita áfrýjanda leyfi það, sem hann gerir kröfu til í máli þessu. Ber þegar af þessari ástæðu að taka kröfu stefnda um sýknu í málinu til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, lögreglustjórinn í Árnessýslu, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda Georgs Magnússonar í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. júlí 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., hefur Georg Magnússon, hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 12. september 1944 gegn lögreglustjóranum í Árnessýslu til viðurkenningar á því, að stefnandi hafi fengið einkaleyfi til kvikmyndahússreksturs á Selfossi með leyfi stefnda útgefnu hinn 20. september 1943, svo og til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir samkvæmt skýrslum stefnanda:

Á árunum 1939 og 1940 ferðaðist stefnandi um landið og hélt

uppi kvikmyndasýningum. Meðal annarra staða, er sýningar þessar fóru fram á, var Selfoss. Var stefnandi kunnugur stefnda og bauð honum sem áhorfanda. Taldi stefndi hag að slíkum sýningum og hvatti stefnanda til að koma upp föstum kvikmyndasýningum á Selfossi, en stefnandi hafði þá eigi fjárráð til húsbyggingar þar, en nauðsyn þeirrar ráðstöfunar var ljós báðum aðiljum. Í ársbyrjun 1943 var aðstaða stefnanda slík, að hann gat farið að undirbúa þessar framkvæmdir frekar. Hins vegar var honum ljóst, að til tryggingar slíkum atvinnurekstri var honum nauðsyn einkaleyfis til þeirrar starfrækslu, enda hafði hann haldið uppi föstum sýningum á Seyðisfirði í leiguhúsnæði, þar til hlutafélagi nokkru þar í kaupstaðnum var veitt einkaleyfi til kvikmyndasýninga þar. Vildi hann ekki eiga á hættu, að sama kæmi fyrir hann á Selfossi, eftir að hann lagði fé í byggingu kvikmyndahúss þar, sem gæti orðið honum verðlaust. Um mánaðarmótin marz—apríl 1943 fól hann því kunningja sínum, búsettum á Selfossi, að sækja fyrir sína hönd um einkaleyfi til kvikmyndahússreksturs á Selfossi um næstu 10 ár. Fór samtal þeirra fram hér í bænum, en stefnandi var þá að búast til ferðar til Reyðarfjarðar. Áður en stefnandi lagði af stað í ferð sína, sagði umboðsmaður hans honum, að leyfi væri fengið. Í ágúst sama ár kom stefnandi frá Reyðarfirði og fór brátt að Selfossi til þess að hefjast handa um byggingu kvikmyndahúss. Er hann vitjaði „leyfisins“ hjá umboðsmanni sínum, kom í ljós, að hann hafði, að undirlagi stefnanda, skrifað oddvita Sandvíkurhrepps svo hljóðandi bréf, dagsett 4. apríl 1943: „Með tilliti til þess að Georg Magnússon, Reyðarfirði, hefur í hyggju að reisa kvikmyndahús hér á staðnum, þá vil ég hér með fyrir hans hönd leyfa hér að fara fram á að nefndum Georg Magnússyni verði veitt einkaleyfi til kvikmyndareksturs hér á Selfossi næstu 10 ár. Vænti ég svars heiðraðrar hreppsnefndar Sandvíkurhrepps hið fyrsta.“ Á bréfi þessu var svo hljóðandi áritun: „Hreppsnefnd Sandvíkurhrepps mælir með því að lögreglustjórinn í Árnessýslu veiti leyfi til kvikmyndareksturs, samkvæmt framanskráðu. Selfossi ¼ 1943, Björn Sigurbjarnarson, oddviti Sandvíkurhrepps.“ Varð stefnanda þegar ljóst, að þetta skjal var ekki leyfi til kvikmyndahússreksturs, og snéri hann sér því til sýsluskrifstofunnar þegar í stað, en hinn reglulegi lögreglustjóri var þá fjarverandi og óskaði hinn setti lögreglustjóri þess, að málið biði heimkomu stefnda. Ritaði stefnandi þá svo hljóðandi umsókn: „Hr. lögreglustjóri. Skv. meðfylgjandi bréfi vildi ég hér með æskja leyfis þess, er hreppsnefnd Sandvíkurhrepps hefur mælt með að lögreglustjóri Árnessýslu veiti mér. Skjölin óskast geymd fyrst um sinn unz þeirra verður vitjað. Reykjavík, ⅝ '43,“ og lét framangreint bréf með áritun oddvita fylgja henni. Fór stefnandi síðan aftur til Reyðarfjarðar. Nokkru eftir að hann var kominn þangað, barst honum svo hljóðandi bréf stefnda, dagsett 16. ágúst

1943: „Í tilefni af bréfi yðar frá 9. þ. m. með umsókn um leyfi til kvikmyndasýninga hér á Selfossi, vil ég ekki láta hjá líða að tjá yður, að tveir aðiljar aðrir hafa áður rætt við mig um sams konar leyfi. Hvaða ákvarðanir, sem kunna að verða teknar um leyfisbeiðnir þessar, tel ég næsta ólíklegt að nokkrum verði veitt einkaleyfi nema, ef ske kynni, að með því móti fengist vandaðra samkomuhús fyrir þorpið en annars mætti vænta. Væri því æskilegt, að hér lægju fyrir upplýsingar um fyrirhugaðan sýningarstað yðar.“ Bréf þetta barst stefnanda frá fyrrgreindum umboðsmanni hans, sem tjáði honum jafnframt, að hann hefði sótt uppdrátt og lýsingu á fyrirhuguðu húsi stefnanda til hreppsnefndarmanna og sýnt þau stefnda.

Hinn 18. september 1943 kom stefnandi á Selfoss og hitti stefnda að máli. Vék stefndi að því, að tveir menn aðrir hefðu komið til greina þá um sumarið, er byggja vildu kvikmynda- og samkomuhús á Selfossi, en kvaðst halda, að annar þeirra væri hættur að hugsa um slíkt, en óvíst væri um hinn. Stefnandi rak þá eftir afgreiðslu umsóknar sinnar, þar eð brátt yrði of áliðið sumars til byggingaframkvæmda. Sagði stefndi honum þá að koma til sín að morgni 20. s. m. og skyldi málið þá vera afgreitt. Stefndi dvaldist á Selfossi þessa daga og svipaðist nú um eftir byggingarlóð. Fyrrgreindur oddviti hreppsnefndarinnar annaðist úthlutun hreppslóða, og snéri stefnandi sér því til hans og fann hann að máli síðari hluta 18. september. Hafði oddvitinn þá orð á umleitunum sömu manna, sem stefndi hafði nefnt. Kvaðst oddvitinn fylgja öðrum þeirra að málum og gaf í skyn að hann myndi vinna gegn því, að stefnanda yrði veitt byggingarleyfi og byggingarlóð hafði hann enga lausa handa stefnanda, nema í útjaðri þorpsins. Að morgni hins 19. september sótti stefnandi um byggingarleyfi og hljóðaði umsóknin svo: „Hér með leyfi ég mér að fara þess á leit við háttvirta byggingarnefnd á Selfossi, að hún gefi mér samþykki sitt til að reisa hús, skv. meðfylgjandi teikningu, hér á staðnum. Áformað er að húsið standi við aðalgötu og sé byggt úr vikursteini að mestu. Eftir atvikum tel ég æskilegt fyrir mig að eiga hús sem þetta hér á staðnum, án þess að notkun þess sé einskorðuð við nokkurn sérstakan tilgang.“ Síðdegis sama dag tjáði oddviti stefnanda, að byggingarnefnd hafi synjað umsókn hans, þar eð sýnilegt væri, að húsið sé ætlað til kvikmyndasýninga. Eftir nokkur orðaskipti varð það úr, að oddviti ákvað að halda annan fund með nefndinni að kvöldi sama dags og bauð stefnanda að sitja þann fund. Á þeim fundi var engin ákvörðun tekin, en ákveðið að halda sameiginlegan fund næsta kvöld með hreppsnefnd og byggingarnefnd og stefnanda boðið að sitja þann fund. Að morgni hins 20. s. m. hittust aðiljar samkvæmt því, er fyrr greinir. Kvaðst stefndi hafa verið boðaður á hinn fyrirhugaða kvöldfund og telja eðlilegt að fresta frekari aðgerðum þar til málið hafi verið rætt þar. Laust eftir hádegi kom stefndi að máli við stefnanda, þar sem hann stóð

úti við bifreið sína, og sagði honum, að hinn fyrirhugaði fundur yrði ekki haldinn. Jafnframt tjáði hann stefnanda, að byggingarleyfi hefði verið veitt honum og sýningarleyfisins mætti hann vitja í sýsluskrifstofuna um kl. 4 þann dag. Er stefnandi kom samkvæmt þessu í skrifstofuna, gekk skrifari stefnda út, en leyfið lá tilbúið, undirritað af skrifaranum, og afhenti stefndi stefnanda það og tók við gjaldinu, en leyfisbréfið hljóðar svo: „Lögreglustjórinn í Árnessýslu gerir kunnugt: Mér hefur tjáð herra Georg Magnússon, til heimilis í Tjarnargötu 47, Reykjavík, að hann hafi í hyggju að hefja rekstur kvikmyndahúss hér á Selfossi, og hefur hann í því skyni beðið um leyfisbréf. Með því að ekki er vitað um neitt til tálmunar leyfisveitingunni, er umsækjanda veitt hér með hið umbeðna leyfi, að því tilskildu, að hann fullnægi jafnan fyrirmælum þeim, sem sett eru, eða sett kunna að verða af lögregluvaldinu varðandi rekstur fyrirtækisins. Leyfi þetta er ekki framseljanlegt og fellur úr gildi, ef það er ekki notað innan 2 ára frá veitingu þess. Skrifstofu Árnessýslu 20. september 1943. F. h. s. Ólafur Kristmundsson.“ Stefnandi fór þegar í stað til oddvitans og fékk hjá honum byggingarleyfið, svo hljóðandi: „Að fengnum upplýsingum hjá sýslumanni um kvikmynda- og samkomuhússmál þorpsins og leyfisveitingu af hans hálfu yður til handa um kvikmyndarekstur hér í þorpinu, hefur byggingarnefndin fallizt á að veita yður byggingarleyfi fyrir hús, að stærð 611.5 m² samkv. framlagðri teikningu, að því áskildu, að lóðin, sem ekki er fengin, hæfi húsinu. Þetta tilkynnist hér með. Virðingarfyllst, Björn Sigurbjarnarson.“ Taldi stefnandi sig nú hafa fengið einkaleyfi til kvikmyndasýninga á Selfossi og á þeim grundvelli tókst honum að afla sér byggingarláns og hófst handa um byggingu kvikmyndahússins. Eftir að unnið hafði verið 2—3 vikur að byggingunni, var farið að grafa fyrir stórhýsi á Selfossi, og heyrði stefnandi sagt, að þar ætti að vera annað kvikmyndahús. Snéri stefnandi sér síðar til skrifara stefnda, og spurðist fyrir um þetta, og fékk þau svör, að í hinu fyrirhugaða húsi ætti meðal annars að sýna kvikmyndir, en ekki væri enn veitt sýningarleyfi. Eftir að stofnun h/f Selfossbíó var tilkynnt í Lögbirtingablaðinu hinn 3. desember 1943, snéri stefnandi sér til þess félags, en fékk þau svör, að félagið teldi sig hafa leyfi til sýninga, án nokkurra sérstakra takmarkana. Hefur stefnandi því nú höfðað mál þetta, sem fyrr segir, til þess að fá viðurkenningu þess, að hann hafi hinn 20. september 1943 öðlazt einkaleyfi, eins og áður segir. Byggir hann, eins og ljóst er af framanskráðu, kröfur sínar á því, að hann hafi aldrei sótt um annars konar leyfi en einkaleyfi og samkvæmt orðalagi leyfisbréfsins hafi „hið umbeðna“ leyfi verið veitt. Hann hafi því, í réttmætu trausti til einkaleyfisaðstöðu sinnar, hafizt handa um húsbyggingu þá, er að framan greinir og telur það hafa valdið sér verulegu tjóni, ef það traust reynist ekki á rökum reist

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína með því, að stefnanda hafi

ávallt mátt vera ljóst, a. m. k. eftir viðtöku fyrrgreinds bréfs stefnda, 16. ágúst 1943, að ekki kæmi til þess, að honum yrði veitt einkaleyfi. Stefndi heldur því og fram, að í samtölum aðilja, þeim, er fyrr greinir að fram hafi farið 18. og 20. september 1943, hafi ljóslega komið fram, að stefnandi gat ekki vænzt einkaleyfis, og hafi hann þá sótt fast, að fá „almennt" leyfi til sýninga á Selfossi, þótt hann vissi, að aðrir höfðu fengið loforð stefnda um slíkt leyfi. Sérstaklega kveður stefndi þessa afstöðu hafa komið fram í síðasta samtali aðiljanna, sem fram fór við bifreið stefnanda, en stefndi kveðst að því loknu hafa farið fyrst heim til sín og þaðan í skrifstofu sína, hafa þar gefið skrifara sínum fyrirmæli um útgáfu leyfisbréfsins á þann hátt að fá honum eftirrit eldra leyfisbréfs, annarrar tegundar, og segja honum að bæta við athugasemdinni um bann við framsali og frest til upphafs notkunar þess. Kveðst hann síðan hafa farið út úr skrifstofunni frá skrifaranum og stefnanda, áður en bréfið var fullgert, og sé því röng frásögn stefnanda um afhendingu þess. Í annan stað heldur stefndi því fram, að sér sé óheimilt að lögum að veita einkaleyfi til atvinnureksturs, enda fari veiting slíkra réttinda fram með sérstakri lagasetningu hverju sinni. Kveðst hann, hvarvetna þar sem hann nefni „einkaleyfi", hafa átt við að samið yrði við stefnanda um það, að aðrir fengi ekki leyfi til kvikmyndasýninga vissan tíma, en slíka samninga kveðst hann aldrei myndu hafa gert, án fulls samþykkis hreppsnefndarinnar og þá að sjálfsögðu í þeim tilgangi að tryggja þorpinu með því vandaðra samkomuhús, eins og marg nefnt bréf hans frá 16. ágúst 1943 gefi fyllilega í skyn.

Byggingarnefndarmenn þeir, er sátu fyrr greindan fund að kvöldi 19. september 1943 með stefnanda, hafa allir komið fyrir dóm í máli þessu. Er vætti þeirra samhljóða að því leyti, að þeim hafi öllum verið það ljóst, að fleiri en stefnandi áttu von á að fá sýningarleyfi á Selfossi, og tveir þeirra hafa borið það, að þetta hafi komið fram við stefnanda á fundi þessum, og allir kváðust þeir hafa varað hann við því að ráðast í byggingu kvikmyndahúss þar í þorpinu. Þá hefur skrifari stefnda og komið fyrir dóm í málinu. Kvaðst hann sjálfur hafa vélritað og undirritað leyfisbréfið handa stefnanda, afhent það stefnanda og veitt gjaldinu viðtöku. Þá kvað hann stefnanda um leið hafa spurt sig, hvort nokkur annar væri búinn að fá sams konar leyfi, en kvaðst hafa svarað, að svo myndi ekki vera enn þá, en getið þess jafnframt, að Theódór nokkur Jónsson eða félag það, sem hann var að undirbúa stofnun á, myndi hafa loforð stefnda um slíkt leyfi og bent stefnanda á, að félag þetta hefði þá þegar hafið undirbúning húsbyggingar. Kvað vitnið þetta hið eina samtal sitt og stefnanda um þessi efni.

Vætti framantalinna vitna, skýrslur stefnda og oftnefnt bréf hans frá 16. ágúst 1943, svo og orðalag fyrrgreinds byggingarleyfis, þykja gefa í skyn, að skipti stefnanda við stefnda og vitnin hafi verið á

þann veg, að eigi sé unnt að telja stefnanda hafa getað öðlazt réttmætt traust til þess, að fyrrgreint leyfisbréf frá 20. september 1943 hafi veitt honum einkaleyfi.

Verður því, þrátt fyrir orðalag leyfisbréfsins skoðað í ljósi bréfa stefnanda 4. apríl og 9. ágúst 1943, að taka sýknukröfu stefnda til greina þegar af þessari ástæðu.

Eftir öllum málavöxtum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, lögreglustjórinn í Árnessýslu, skal vera sýkn af kröfum stefnanda Georgs Magnússonar í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 5. marz 1948.

Kærumálið nr. 1/1948. **Sveinn S. Jónsson**

gegn

Rósu Halldóru Hansdóttur

og

Jóni Guðmundssyni.

Staðfesting vitnisburðar.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 18. febrúar 1948, er hingað barst 25. s. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði fógetadóms Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 12. s. m., þar sem varnaraðilja Rósu Halldóru Hansdóttur var sem vitni heimilað að staðfesta framburð sinn. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og synjað verði um, að nefnt vitni staðfesti framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti. Svo krefst hann og, að sér verði dæmdur kærumálskostnaður að skaðlausu úr hendi varnaraðilja Jóns Guðmundssonar.

Varnaraðili Rósa Halldóra Hansdóttir hefur hvorki sent hæstarétti kröfur né greinargerð í málinu.

Frá varnaraðilja Jóni Guðmundssyni hefur borizt grein-

argerð. Hann krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja Jóni Guðmundssyni kærumálskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 200 krónur. Að öðru leyti fellur kærumálskostnaður niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili Sveinn S. Jónsson greiði varnaraðilja Jóni Guðmundssyni 200 krónur í kærumálskostnað. Að öðru leyti fellur kærumálskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 12. febrúar 1948.

Í máli þessu hefur gerðarbeiðandi Jón Guðmundsson, Frakkastíg 19 hér í bænum, krafizt þess, að Sveinn S. Jónsson s. st., verði með beinni fógetagerð borinn út úr húsnæði því, sem hann hefur dvalið í að undanförnu í húsinu nr. 19 við Frakkastíg hér í bænum.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar. Hvor um sig hafa aðiljar krafizt málskostnaðar.

Gerðarbeiðandi heldur því fram, að hann hafi leyft nefndum Sveini í ágústmánuði 1946 að flytja inn í íbúð sína og hafast þar við um vikutíma, á meðan hann væri að útvega sér íbúð. Hins vegar mótmælir hann því, að barnsmóðir Sveins hafi farið inn í íbúðina með sínu leyfi. Hann kveðst þó hafa látið þetta afskiptalaust, þar til áðurgreindur tími var liðinn, en þar sem þau sýndu þá ekkert fararsnið á sér, kveðst hann hafa krafizt þess, að þau rýmdu íbúðina þegar í stað.

Gerðarbeiðandi skýrir enn fremur svo frá, að gerðarþoli hafi lagt á sig hendur og hann hafi af þeim sökum hrökklazt úr íbúðinni.

Gerðarbeiðandi kveður gerðarþola ekki hafa flutt með sér nein húsgögn í íbúðina, heldur noti hann húsgögn sín svo sem hann eigi þau sjálfur.

Gerðarþoli kveðst hins vegar hafa fengið húsnæði það, sem hann nú dvelur í, í skiptum fyrir annað, er hann hafi haft á leigu

í kjallara hússins nr. 19 við Frakkastíg. Segist hann margsinnis hafa boðið gerðarbeiðanda leigu eftir það, en án árangurs. Þá heldur hann því fram, að gerðarbeiðanda skorti aðild að málinu, með því að hann eigi ekki einn húsið, heldur sé það í óskiptri sameign gerðarbeiðanda og barna hans allra. Sjálfur kveðst hann eiga $^{3}/_{10}$ hluta þess. Þá mótmælir hann því algerlega að hafa lagt hendur á gerðarbeiðanda að fyrra bragði.

Í þinghaldi 19. desember s. l. mætti sem vitni í málinu Rósa Halldóra Hansdóttir, Frakkastíg 19 hér í bænum. Lýsti hún rétt vottorð, er hún hafði gefið, og lagt hefur verið fram í málinu á rskj. nr. 13.

Gerðarþoli mótmælti framburði vitnisins sem óstaðfestum og því einnig, að því yrði leyft að staðfesta framburðinn. Byggði hann þessi mótmæli á því, að vitnið, sem væri ólæst og óskrifandi, mundi vera svo andlega vanþroska, að það bæri ekki skyn á helgi og þýðingu eiðs eða drengskaparheits. Atriði þetta var ekki tekið til úrskurðar fyrr en 24. f. m. Úrskurður féll 30. s. m., og var synjað um staðfestingu að svo stöddu, með því að ekki þótti nægilega upplýst um andlegan þroska vitnisins. Gerðarbeiðandi lagði fram í þinghaldi 5. þ. m. vottorð Alfreðs Gíslasonar læknis, sem mun vera sérfræðingur í geðsjúkdómum, og lögðu aðiljar atriðið af nýju undir úrskurð sama dag.

Samkvæmt nefndu vottorði stafar fákunnátta vitnisins ekki af vitsmunaskorti þess. Læknirinn telur hana að vísu vitgranna, en álítur vitnisburð hennar um atvik, sem hún sér og heyrir, jafngilda meðallagi, hvað áreiðanleik snertir.

Með hliðsjón af þessu vottorði svo og öðru því, sem fram hefur komið í málinu um þetta atriði, þykir ekki ástæða til að ætla, að vitninu sé svo vitsmuna vant, að það beri ekki skyn á helgi og þýðingu staðfestingar, og verða því mótmæli gerðarþola gegn því að vitnið staðfesti framburð sinn ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Vitninu Rósu Halldóru Hansdóttur heimilast að staðfesta framburð sinn.

Mánudaginn 8. marz 1948.

Nr. 115/1947. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Guttormur Erlendsson)
gegn
Sigurbirni Eyjólfssyni (Hrl. Ragnar Jónsson).

Bifreiða- og umferðarlagabrot. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Ákærði varð með stórkostlegu gáleysi valdur að dauða drengsins Gunnars Reynis Kristinssonar, og varðar brot ákærða við refsiákvæði þau, er í héraðsdómi greinir.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald 5 mánuði. Þá er rétt að svipta hann ökuleyfi ævilangt.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði Sigurbjörn Eyjólfsson sæti varðhaldi 5 mánuði. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Ragnars Jónssonar, kr. 700.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 23. ágúst 1947.

Ár 1947, laugardaginn 23. ágúst, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Þórði Björnssyni, settum sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 3114/1947: Réttvísin og valdstjórnin gegn Sigurbirni Eyjólfssyni, sem tekið var til dóms hinn 30. f. m.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað

gegn Sigurbirni Eyjólfssyni útgerðarmanni, Túngötu 15 í Keflavík, til refsingar, sviptingar bifreiðarstjóraréttinda og greiðslu sakarkostnaðar fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðalögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 8. september 1896 að Kirkjubóli á Miðnesi, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1918 $^{2}/_{10}$ Sátt í Reykjavík, 20 kr. sekt fyrir lögreglusamþykktarbrot.
1920 $^{23}/_{12}$ Sátt í Reykjavík, 20 kr. sekt fyrir sams konar brot.
1922 $^{17}/_{3}$ Sátt í Hafnarfirði, 50 kr. sekt fyrir brot gegn sóttvarnarlögum.
1923 $^{1}/_{3}$ Sátt í Reykjavík, 80 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1938 $^{1}/_{6}$ Sektaður á Siglufirði (líklega dómur) 5500 kr. sekt fyrir brot gegn lögum um dragnótaveiðar.
1939 $^{9}/_{3}$ Sátt í Keflavík, 25 kr. sekt fyrir brot gegn fiskveiðasamþykkt Keflavíkur.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Mánudaginn 19. maí s. l. um klukkan 17 ók ákærði, sem var að öllu leyti vel fyrir kallaður, bifreið sinni G 953 austur Skúlagötu. Í framsæti bifreiðarinnar, við hægri hlið hans, sat Albert Bjarnason útgerðarmaður, Túngötu 21 í Keflavík, en stýrið er vinstra megin í bifreiðinni, og voru ekki aðrir í henni. Við gatnamót Vatnsstígs og Skúlagötu varð þriggja ára gamall drengur, Gunnar Reynir Kristinsson, Lindargötu 62, fyrir bifreiðinni og beið þegar bana af. Nokkru eftir að slysið varð, komu rannsóknarlögreglumennirnir Lárus Axel Helgason, Kristmundur Jóhannes Sigurðsson og Ingólfur Þorsteinsson yfirvarðstjóri, auk lögregluþjóna frá götulögreglunni. Lárus Axel gerði uppdrátt af slysstaðnum, rskj. nr. 3, og sést þar, að bifreiðin hefur staðið rúman meter frá nyrðri gangstéttarbrún eftir að hún var stöðvuð, þegar slysið varð. Einnig tók hann myndir þar af slysstaðnum, sem lagðar hafa verið fram. Bifreiðaeftirlitsmennirnir Hjörleifur Jónsson, Lindargötu 11, og Haukur Hrómundsson, Túngötu 18, skoðuðu bifreiðina G 953 sama daginn og slysið varð. Hafa þeir gefið vottorð þess efnis og borið það hér fyrir réttinum, að hún hafi að öllu leyti verið í góðu lagi, bæði fót- og handhemlar hafi virkað jafnt og vel. Brestur var í framrúðu bifreiðarinnar fyrir framan sæti ökumanns, en glerið er óbrjótanlegt og kveða þeir hana engin áhrif hafa haft á útsýni úr bifreiðinni, og óbrjótanlegt gler ófáanlegt, og því hafi þetta verið látið óátalið. Á slysstaðnum var vegurinn góður, en lítið eitt rakur, enda munu hafa verið smá rigningarskúrir þenna dag.

Ákærði skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi ekið vel vinstra megin austur Skúlagötu, mjög hægt, eða á um 15 km hraða miðað við klukkustund. Ekki kveðst hann þó hafa litið á hraðamæli bif-

reiðar sinnar, en kveður einhvern mann, sem ók rétt á eftir sér, hafa sagt sér, að hann hefði ekið á þessum hraða, enda aki hann alltaf hægt og gætilega, sérstaklega hér í bænum. Hann kveðst ekki hafa séð drenginn né önnur börn fyrr en hann kom skyndilega auga á hann rétt fyrir framan bifreiðina aðeins til hægri við miðju vélarhússins (hooddsins). Kveðst hann þá hafa hemlað strax, og bifreiðin stansað þegar í stað. Ákærði kveðst ekki hafa orðið var við, að drengurinn yrði undir hjólum bifreiðarinnar, en hann varð var við að bifreiðin skall á drenginn. Þegar hann kom út úr bifreiðinni, lá drengurinn undir henni, og rétt fyrir aftan vinstra framhjól hennar, og var þegar örendur, eins og áður greinir. Ákærði segir mikla umferð hafa verið um Skúlagötu, þegar slysið varð, en hvort hann hafi þá verið að mæta bifreið eða rétt lokið við það, hefur hann ekki getað gert sér grein fyrir. Hann getur heldur ekki gert sér grein fyrir því, hvort drengurinn hafi verið á hlaupum, er hann kom auga á hann, en telur þó líkindi til þess. Ákærði kveður ekkert hafa dregið athygli sína frá umferðinni og hann hafi ekki átt í samræðum við farþega sinn. Kveðst hann hafa séð stutt hemlaför eftir afturhjól bifreiðarinnar um eitt til tvö fet á lengd, en ekki aðgætti hann, hvort hemlaför hefðu sézt eftir framhjól hennar. Hið sama hefur vitnið Albert Bjarnason borið, hvað hemlaför snertir. Kveður það bifreiðinni G 953 hafa verið ekið þráðbeint vinstra megin eftir akbrautinni austur Skúlagötu á um 15 til 20 km hraða miðað við klukkustund, er slysið varð. Segir vitnið ákærða vera mjög gætinn bifreiðarstjóra, og það hafi oft ekið með honum. Það veit ekki til þess, að nokkuð hafi dregið athygli hans frá akstrinum, og segir þá ekki hafa verið í samræðum, er slysið varð. Ekki veit vitnið, hvernig slysið atvikaðist, og sá ekki barnið fyrr en slysið var orðið, en það fann eitthvað koma einhvers staðar við bifreiðina um leið og hún var hemluð, og segir, að hún hafi stöðvazt mjög snöggt. Ekki hefur vitnið getað gert sér grein fyrir, hvort mikil umferð hafi verið í námunda við slysstaðinn, og eigi kveður það bifreiðar hafa staðið þar nærri.

Vitnið Michael Sigfinnsson bifreiðarstjóri, Stórholti 45, skýrir svo frá, að það hafi ekið bifreið sinni austur Skúlagötu á eftir bifreiðinni G 953, þegar slysið varð, en þó hafi verið ein bifreið á milli bifreiðar þess og bifreiðarinnar G 953, en ekki hefur tekizt að hafa upp á, hver ók þeirri bifreið eða hvert númer hennar er. Kveðst vitnið hafa haft bifreið sína í öðru ganghraðastigi, enda hafi bifreiðinni G 953 verið ekið hægt, varla yfir 15 km hraða miðað við klukkustund, jafnt og þráðbeint eftir akbrautinni. Ekki sá vitnið til ferða nokkurra barna yfir Skúlagötu í þá mund, er slysið varð. Það sá ekki hvernig barnið varð fyrir bifreiðinni, og teppi hafði verið breitt yfir það, er vitnið kom að slysstaðnum. Það segist hafa séð stutt hemlaför eftir öll hjól bifreiðarinnar G 953, varla yfir hálfan meter á lengd.

Vitnið Sigurður Bárðarson bifreiðarstjóri, Lindargötu 40, sem statt var í dyrum, er snúa að Skúlagötu, í undirgangi Kveldúlfshússins, skýrir svo frá, að ákærði hafi ekið þráðbeint austur eftir Skúlagötu, vel vinstra megin eftir akbrautinni, hægt, eftir því sem venjulega er ekið þarna, en nánar treystir það sér ekki til að ákveða hraðann. Kveður það nokkur börn hafa komið hlaupandi, litlu áður en slysið varð, af Vatnsstígnum, norður yfir Skúlagötu, og niður á Kveldúlfsbryggju. Tveir litlir drengir hafi verið lítið eitt á eftir börnunum, og munu þeir hafa verið á miðri Skúlagötu, er hin börnin voru komin yfir hana. Þeir hafi hlaupið þráðbeint og rakleitt yfir götuna, og ekki virzt taka eftir bifreiðinni G 953, en engin önnur umferð hafi verið á götunni, og engar bifreiðar staðið í námunda við slysstaðinn. Kveður það annan drenginn, sem minni var, hafa verið lítið á eftir hinum. Gizkar það á, að minni drengurinn, sem fyrir slysinu varð, hafi verið tvo metra frá gangstéttarbrún, er framvari bifreiðarinnar, vinstra megin, rakst á hann. Segir það hann hafa fallið í götuna og vinstra framhjól bifreiðarinnar farið yfir hann. Kveðst það hafa heyrt greinilegan skell, er bifreiðin lenti á drengnum, en hann muni ekkert hafa kastazt frá henni, heldur fallið undir hana og dregizt með henni, enda hafi bifreiðarstjórinn ekki virzt taka eftir neinu fyrr en barnið lenti á framvaranum, því að þá fyrst hafi verið dregið úr hraða bifreiðarinnar og hún hemluð. Fór vitnið strax að bifreiðinni ,og segir drenginn þá hafa legið rétt aftan við vinstra framhjól hennar, og því hafi þegar verið ljóst, að hann mundi hafa dáið samstundis, því að höfuðið hafi sjáanlega verið mikið brotið, enda var blóð og heilaslettur bæði á götunni og vinstra framhjóli bifreiðarinnar, sbr. myndir þær, sem lagðar hafa verið fram í máli þessu. Vitnið og Gunnar Daníelsson verkamaður, Brúarenda við Þormóðsstaði, tóku líkið undan bifreiðinni, en ekki sá hann, hvernig slysið varð, og breiddu þeir yfir það teppi, og síðan var hringt á lögreglustöðina og tilkynnt hvað komið hefði fyrir. Kveðst vitnið hafa séð hemlafar eftir hægra afturhjól bifreiðarinnar, og hafi það verið nokkuð langt, en ekki hefur það treyst sér til að ákveða lengd þess nánar. Ekki kveðst Gunnar Daníelsson hafa séð nokkur hemlaför á slysstaðnum, enda hafi hann farið strax til að kalla á lögregluaðstoð.

Lögregluþjónarnir Ingólfur Sveinsson og Lárus Axel Helgason segjast engin hemlaför hafa séð á slysstaðnum. Ingólfur Þorsteinsson yfirvarðstjóri rannsóknarlögreglunnar kveður engin hemlaför hafa sézt á slysstaðnum, en þó hafi eins og mátt greina á hjólförum bifreiðarinnar, að henni hafi verið hemlað að einhverju leyti, þó ekki svo, að hemlar hafi haldið nokkru hjólinu föstu, er hún stöðvaðist. Kristmundur Jóhann Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður kveðst engin hemlaför hafa séð á slysstaðn-

um, en förin eftir bifreiðina hafi virzt bera það með sér, að eitthvað hafi verið þyngt á hjólum hennar.

Í ályktun krufningarskýrslu Þórarins Sveinssonar læknis segir, að við líkskoðun hafi komið í ljós, að höfuðbein, sérstaklega kinnbein og andlitsbein, séu mjög brotin, auk þess sem kúpubotn og höfuðbein hafi meira og minna brotnað líka, og heilinn allur tætzt í sundur af þessum beinstrjúg. Sé því útlit fyrir að mikill þungi hafi komið yfir neðri hluta andlits og sprengt kúpubotninn með þessum afleiðingum. Auk þess sjáist upphandleggsbrot á hægri handlegg og viðbeinsbrot sömu megin. Ljóst sé af þessum áverkum, að barnið hafi látizt samstundis.

Eins og atvikum er lýst hér að framan, er upplýst, að barn það, er fyrir slysinu varð, hafi komið frá Vatnsstíg og farið norður yfir Skúlagötu, og þá orðið undir vinstra framhjóli bifreiðarinnar G 953, sem ákærði ók, án þess að hann hafi orðið var við barnið fyrr en það var rétt fyrir framan bifreið hans, enda þótt hann hafi ekið mjög hægt eða á um 15 til 20 km hraða miðað við klukkustund. Þykir ákærði með aðgæzluskorti vera samvaldur að dauðaslysi barnsins, þar eð hann sýndi ekki þá athygli og varkárni, sem krefjast verður af bifreiðastjórum, sem aka hér um bæinn, þar sem alltaf má búast við börnum á ferli.

Með framangreindu hátterni hefur ákærði gerzt brotlegur við 215 gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941, og 2. gr. sbr. 14. gr. umferðalaga nr. 24 16. júní 1941. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna þykir bera að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér við réttinn, hrl. Ragnars Jónssonar, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði Sigurbjörn Eyjólfsson sæti varðhaldi í 60 daga.

Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur bifreiðarstjóraréttindum í 3 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér við réttinn, hrl. Ragnars Jónssonar, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 9. marz 1948.

Nr. 131/1947. **Guðmundur Guðmundsson**
(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Sigurði Helgasyni og gagnsök
(Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

Víxilmál.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 2. des. 1947, krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Til vara krefst hann þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, hvor krafa hans, sem tekin verði til greina.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu til hæstaréttar með stefnu 15. des. 1947, krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í hæstarétti.

Með því að fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að aðaláfrýjandi geti ekki komið að öðrum vörnum í máli þessu en þeim, er greinir í 208. gr. laga nr. 85/1936, verður ómerkingarkrafa hans ekki tekin til greina. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda kr. 1200.00 í málskostnað í hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi Guðmundur Guðmundsson greiði gagnáfrýjanda Sigurði Helgasyni kr. 1200.00 í málskostnað í hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. október 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., hefur Sigurður stórkaupmaður Helgason, Bankastræti 7 hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 7. febrúar s. l. og birtri sama

dag gegn Guðmundi kaupmanni Guðmundssyni, Vesturgötu 20 Hafnarfirði, til greiðslu víxils að fjárhæð kr. 40 000.00, nú að eftirstöðvum kr. 21648.00, útgefins 16. apríl 1945 af stefnanda og samþykkts að stefnda til greiðslu í Búnaðarbankanum hér í bæ 16. október 1945.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum eftirstöðvar víxilsins, kr. 21 648.00, með 6% ársvöxtum frá 16. október 1945 til greiðsludags, ⅔% víxilfjárhæðarinnar í þóknun og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnandi byggir kröfur sínar á víxli þeim, er að framan getur, sem hann hefur leyst til sín. Til frádráttar víxilfjárhæðinni lætur stefnandi koma kr. 18 352.00 vegna viðskipta aðiljanna, sem eigi eru nánar rakin í máli þessu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi á sínum tíma afhent stefnanda tvo víxla, hvorn að fjárhæð kr. 20 000.00, til framlengingar á hinum umstefnda víxli. Kveður hann stefnanda hafa veitt víxlum þessum viðtöku til greiðslu á víxli þeim, sem mál þetta er af risið, án þess að láta hann af hendi. Í máli, sem nú er rekið fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar, sækir stefnandi stefnda um greiðslu á öðrum hinna fyrrgreindu víxla, en hinn mun hann hafa selt eða látið af hendi. Samkvæmt framangreindu telur stefndi, að stefnandi eigi ekki kröfu á hendur honum til greiðslu hins umstefnda víxils. Stefndi hefur haldið því fram, að með greinargerð sinni hafi stefnandi tekið til andsvara í máli þessu á þann hátt, að það beri að meta sem samþykki hans á því, að varnir stefnda megi hafa uppi í málinu, þótt þeim ella yrði ekki komið að í víxilmáli.

Samkvæmt stefnu er mál þetta höfðað sem víxilmál, og eiga því ákvæði XVII. kafla laga nr. 85 frá 1936 við um rekstur þess. Andsvör stefnanda í greinargerð verða ekki metin sem samþykki hans á, að öðrum vörnum verði komið að í málinu en þeim, sem hafðar verða uppi í víxilmálum almennt, enda var því eindregið mótmælt af hans hálfu við munnlegan flutning málsins, að slíkar varnarástæður yrðu teknar til greina. Varnir stefnda eru ekki þess efnis, að þær verði hafðar uppi í víxilmáli, án samþykkis gagnaðilja, sbr. 208. gr. einkamálalaganna. Þar eð stefnandi hefur lagt fram sönnur þess, að hann hefur leyst til sín víxilinn með greiðslu hans, ber stefnda að greiða honum eftirstöðvar víxilsins, kr. 21 648.00, með vöxtum eins og krafizt er í stefnu. Því er ekki mótmælt, að stefnandi hafi greitt víxilhafa ⅓% víxilfjárhæðarinnar í þóknun, er hann leysti til sín víxilinn. Ber því samkvæmt ákvæðum 1. sbr. 4. mgr. 49. gr. víxillaga nr. 93 frá 1933 að taka til greina kröfu hans um þóknun, er nemi ⅔% víxilfjárhæðarinnar. Málskostnaður til handa stefnanda telst hæfilega metinn kr. 2000.00.

Í greinargerð hefur umboðsmaður stefnda, Sigurgeir Sigurjónsson hrl., viðhaft eftirfarandi móðgandi ummæli um stefnanda: „Er

af þessu ljóst ... að stefnandi er óheimildarmaður að víxlinum. Er hér að sjálfsögðu um stórlega vítavert og refsivert athæfi að ræða hjá stefnanda ...“ Að kröfu stefnanda ber að ómerkja ummæli þessi og víta þau.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerkt og ber að víta þau.

Stefndi Guðmundur Guðmundsson greiði stefnanda Sigurði Helgasyni kr. 21 648.00 með 6% ársvöxtum frá 16. okt. 1945 til greiðsludags, ⅔% framangreindrar víxilfjárhæðar í þóknun og kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. marz 1948.

Nr. 35/1947. **Jóhann Guðjónsson, Ragnar Pálsson, Magnús Snorrason, Magnús Baldvinsson, Þiðrik Baldvinsson, Þorkell Teitsson og Erlendur Jónsson** (Hrl. Egill Sigurgeirsson)

gegn

Favoretta Walterina Kennard og Geir H. Zoëga (Hrl. Lárus Fjeldsted)

Skýring á samningi um afnot veiðiréttar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. apríl 1947 og gert þessar kröfur.

I. *Aðalkrafa:*

1. Að framsal stefndu F. W. Kennard á réttindum sínum samkvæmt samningi dags. 4. ágúst 1937 til stefnda Geirs H. Zoëga með samningi dags. 17. ágúst og 7. okt. 1944 verði dæmt ógilt gagnvart áfrýjendum, aðallega frá upphafi, en til vara frá 1. janúar 1948, svo og að ákveðið verði, að réttur stefnda F. W. Kennard samkvæmt samningnum frá 4. ágúst 1937 sé niður fallinn.

2. Að dæmt verði, að ráðstöfun áfrýjanda samkvæmt 1. lið samningsins frá 4. ágúst 1937 á veiðiréttindum í Langá, tímabilið frá 1. janúar 1948 til 1. janúar 1958, sé ólögmæt og skuldbindi ekki áfrýjendur.

II. *Varakrafa:*

1. Að ákveðið verði, að veiðiréttindi stefnda F. W. Kennard samkvæmt samningnum frá 4. ágúst 1937 séu persónuleg fyrir hana sjálfa og börn hennar, enda sé henni og börnum hennar óheimilt að leigja eða leyfa öðrum að nota veiðiréttinn á tímabilinu frá 1. janúar 1948 til 1. janúar 1958.

2. Að stefnda F. W. Kennard og börnum hennar verði einungis talið heimilt að leigja eða leyfa öðrum afnot veiðiréttarins, meðan þau nota réttinn sjálf.

3. Að ákveðið verði, að áfrýjendur hafi rétt til að fá lax keyptan af þeim, sem veiðiréttinn hefur, til heimilisþarfa sinna, eftir því sem þeir óska, fyrir kr. 0.60 hvert kg.

Loks krefjast áfrýjendur þess, að stefndu verði dæmd in solidum eða hvort í sínu lagi til þess að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu hafa krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjenda eftir mati dómsins.

Stefndi F. W. Kennard átti veiðirétt í Langá fyrir jörðum áfrýjenda, en afsalaði sér með samningnum frá 4. ágúst 1937 réttinum til þáverandi eigenda jarðanna án endurgjalds. Áskildi hún sér jafnframt að halda veiðiréttinum um 20 ára skeið, þó svo, að hún undirgekkst að greiða gjald fyrir veiðiréttinn síðari áratuginn. Samninginn ber að skýra með hliðsjón af þessum aðdraganda, og þykir þá ákvæði 2. gr. hans heimila henni að framleigja veiðiréttinn með þeim hætti, sem hún hefur gert, enda þótt hún beri áfram ábyrgð gagnvart áfrýjendum á efndum samningsins, svo sem leigugreiðslum og því, að veiðin sé hóflega nýtt. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. janúar 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., hafa þeir Jóhann Guðjónsson, eigandi Leirulækjar, Ragnar Pálsson og Magnús Snorrason, eigendur Hvítsstaða, Magnús Baldvinsson og Þiðrik Baldvinsson, eigendur Grenja, Þorkell Teitsson, eigandi Litla-Fjalls og Erlendur Jónsson, eigandi Jarðlangsstaða, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 3. maí 1946 gegn þeim Favoretta Walterina Kennard, Westbrook House, Hampton, Englandi og Geir H. Zoëga stórkaupmanni hér í bænum. Gera stefnendur þessar dómkröfur: 1. Að viðurkennt verði með dómi, að stefndi Kennard hafi brotið svo af sér ákvæði síðargreinds samnings frá 4. ágúst 1937, að hún hafi fyrirgert öllum rétti samkvæmt honum og að stefnendur séu lausir allra mála. 2. Að afhending stefnda Kennard á réttindum sínum samkvæmt nefndum samningi til stefnda Zoëga verði dæmd ógild gagnvart stefnendum. 3. Að viðurkennt verði með dómi að stefndi Kennard hafi aðeins persónulegan og óframseljanlegan veiðirétt í Langá. 4. Að veiðiréttindi stefnda verði aðeins talin ná til hennar sjálfrar og erfingja hennar. 5. Að stefnda verði talið óheimilt að selja veiðirétt sinn öðruvísi en á leigu, meðan hún sjálf notar réttinn. Til vara krefjast stefnendur þess, að viðurkennt verði með dómi, að þeir hafi rétt til að kaupa til heimilisþarfa af laxi þeim, sem stefndu veiði í Langá, fyrir kr. 0.60 pr. kg, og að ráðstöfun stefnenda samkvæmt 1. lið samningsins frá 4. ágúst 1937 á veiðiréttindum í Langá yfir tímabilið 1. janúar 1948 til 1. janúar 1958, verði metin ógild og óskuldbindandi fyrir þá, svo og lögum andstæð. Loks krefjast stefnendur þess, að stefndu verði in solidum eða hvort í sínu lagi dæmd til greiðslu máls-kostnaðar að skaðlausu eftir mati dómara.

Stefndu hafa krafizt þess aðallega að verða sýknuð af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra in solidum eða hvers í sínu lagi, en til vara hefur stefndi Kennard krafizt þess, verði framleiga hennar til stefnda Zoëga talin óheimil, að viðurkennt verði með dómi, að hún og erfingjar hennar haldi óskertum öllum réttindum sínum samkvæmt margnefndum samningi, þ. e. veiðirétti til 1. janúar 1958 og forgangsrétti til leigu eftir þann tíma. Þá krefst hún og málskostnaðar sem fyrr greinir.

Málavextir eru þessir:

Er veiðilögin nr. 61 frá 1932 gengu í gildi, átti stefndi Kennard veiðiréttindin í Langá, en nokkru síðar fengu landeigendur heimild til innlausnar réttindanna, stofnuðu veiðifélag og voru matsmenn dómkvaddir. Áður en yrði af matsgerð og innlausn samkvæmt lögunum, komust landeigendur að samningum við stefnda, en þrír þeirra höfðu áður gert sérsamninga við hana. Samningurinn milli stefnda og þáverandi eigenda jarða þeirra, sem nú eru í eigu stefnenda, var gerður í Borgarnesi hinn 4. ágúst 1937 og eru

ákvæði hans, er helzt varða mál þetta, svo hljóðandi: „1. Frú F. W. Kennard gefur okkur afsal fyrir veiðirétti í Langá fyrir jörðum okkar, gegn því að hún fái að nota veiðiréttinn endurgjaldslaust í 10 ár eða frá 1. janúar 1938 til 1. janúar 1948 og að hún og hennar erfingjar fái veiðirétt þenna leigðan í næstu 10 ár þar á eftir eða frá 1. janúar 1948 til 1. janúar 1958 gegn því hún greiði þau árin £ 60—0—— sextíu pund sterling í leigu á ári samtals, en eftir þann tíma hefur hún forgangsrétt að leigunni, ef hún vill og veiðirétturinn verður leigður, og þá með þeim skilyrðum, er umsemst þá. 2. Frú Kennard hefur leyfi til, meðan hún notar veiðiréttinn samkvæmt framantöldu, að leigja eða leyfa öðrum að nota hann um lengri eða skemmri tíma, með sama rétti og hún hefur."

Með samningi, dagsettum 17. ágúst og 7. okt. 1944, seldi stefndi Kennard stefnda Zoëga veiðiréttindi í Langá, þau, sem hún átti óskorað, svo og veiðiskála við ána og báta o. fl., en yfirfærði og framleigði stefnda Zoëga allan veiðirétt sinn samkvæmt fyrrgreindum samningi frá 1937, svo og samkvæmt síðari samningum við eigendur tveggja jarða, sem ekki taka þátt í málshöfðun þessari. Af hálfu allra stefnenda voru borin fram mótmæli gegn ráðstöfun þessari, er samningi stefndu var lýst á manntalsþingi, og hafa þeir síðan höfðað mál þetta til riftunar beggja samninga, svo sem fyrr hefur verið lýst.

Stefnendur rökstyðja kröfur sínar með því, að samkvæmt fyrrgreindum samningi frá 1937 hafi stefndi Kennard aðeins öðlazt persónulegan veiðirétt í Langá í 10 ár gegn afsali veiðiréttinda sinna. Leigan til næstu 10 ára hafi aðeins náð til stefnda og erfingja hennar. Telja þeir sérstaklega fram til stuðnings þessum skilningi á samningsákvæðunum það, að orðunum „og hennar erfingjar" var bætt í samninginn með bleki, en meginmál hans er vélritað; svo og að forgangsréttur stefnda, að liðnum 10 ára leigusamningi, sé bundinn við nafn hennar einnar. Enn fremur telja þeir, að stefnda sé því aðeins heimilt að leigja eða leyfa öðrum veiðina, að hún sjálf noti réttinn, þ. e. sé sjálf við ána á sumri hverju, en leigði eða leyfði öðrum afnotin þann tíma sumars, sem hún notaði hann ekki sjálf, enda hafi þessi tilhögun verið flest sumur, eftir að hún eignaðist réttindin. Nú hafi hún selt öll hús sín og alla aðstöðu við ána og fái ekki lengur talizt notandi veiðiréttarins. Loks kveðast stefnendur hafa treyst stefnda til að gæta þess, að ánni yrði ekki ofboðið með of mikilli veiði og að ekki kæmi til mála, að hún leigði eða leyfði öðrum veiðiréttinn, nema þeim, sem hún treysti til að fara vel með veiðina. Kveðast þeir aldrei hefðu gengið inn á að þessi veiðiréttur gengi kaupum og sölum, enda gæti þá svo farið, að áin væri orðin lítils virði, þegar veiðin félli aftur undir jarðirnar að 20 árum liðnum frá samningagerðinni. Telja stefnendur stefnda hafa, með framsali sínu til stefnda Zoëga gerzt seka um svo stórfelld samningsrof, að riftun samningsins frá 1937 varði.

Stefndu styðja kröfur sínar með því, að samkvæmt ákvæðum samningsins frá 1937 hafi stefndi Kennard óbundnar hendur um framsal eða framleigu veiðiréttarins, enda hafi hún framleigt hann gegn endurgjaldi ýmist heil sumur eða hluta af sumri öll þau ár, sem samningurinn hefur verið í gildi, án athugasemda af hálfu stefnenda fyrr en nú var sagt, og hafi þeim þó verið kunnugt um allar ráðstafanir hennar að þessu leyti.

Samkvæmt 1. gr. samningsins frá 1937 verður ekki annað séð, en að skilyrði þau, sem stefndi setur fyrir afsali réttinda sinna í hendur landeigenda, séu þau, að hún haldi veiðirétti í Langá um 20 ára tímabil gegn £ 60—0—0 árlegu afgjaldi síðari 10 árin. Samkvæmt 2. gr. er henni heimilað framsal þessara réttinda, og þykir ekki unnt að telja stefnendur hafa fært á það sönnur í máli þessu, að aðrar og óskráðar takmarkanir hafi verið meðal samningsákvæða aðilja, né heldur, að orðalag 2. gr. geri nauðsynlega návist stefnda við ána, til þess að heimildinni þar megi beita. Ber því að sýkna bæði stefndu af aðalkröfu stefnenda.

Fyrri varakröfuna rökstyðja stefnendur með því, að stefndi Kennard hafi boðizt til að selja landeigendum af veiði sinni með þessum skilmálum, þegar samningar voru gerðir í Borgarnesi, svo og að sjá um, að þeir, sem kynnu að nota veiðirétt hennar, gerðu hið sama. Halda þeir því fram, að þetta boð stefnda hafi ráðið úrslitum um samningagerðina af hálfu landeigenda, þótt þeir hafi ekki sótt það fast, að ákvæði um það yrði sett í samninginn.

Gegn ákveðnum andmælum af hálfu stefnda, hefur stefnendum ekki tekizt að sanna staðhæfingar sínar að þessu leyti, enda þykja andmæli stefnda hafa nokkra stoð í því að ekki verður séð, að landeigendur hafi krafizt þess að fá lax keyptan við þessi kjör fyrr en í máli þessu. Verður þessi varakrafa stefnanda því eigi til greina tekin.

Síðari varakrafa stefnanda er byggð á ákvæðum 4. töluliðs 2. gr. laga nr. 112 frá 1941, en þau ákvæði voru samhljóða í lögum nr. 61 frá 1932, sem í gildi voru við samningagerðina 1937. Er þar lagt bann við því, að réttur til stangarveiði sé skilinn við landareign um lengri tímabil en 10 ár, nema leyfi ráðherra komi til. Telja stefnendur samning sinn við stefnda ganga í berhögg við ákvæði þetta, og sé hann því ógildur og eigi bindandi fyrir þá.

Stefndi hefur andmælt þessum skilningi og talið, að með samningnum hafi veiðiréttur ekki verið skilinn við lönd þeirra, heldur sameinaður þeim.

Af greinargerð stefnenda í stefnu máls þessa er ljóst, að veiðiréttur í Langá var seldur undan jörðunum um síðustu aldamót og var í eigu erlendra manna síðan. Með vatnalögum nr. 15 frá 1923, 121. gr., var lögleitt bann það við skilnaði veiðiréttar og jarðar, sem að framan greinir og endurtekið var í veiðilögum frá 1936 og 1941. Þykir ljóst, að ákvæði þetta fái ekki tekið til veiðiréttinda,

sem þegar höfðu verið skilin við landareign á löglegan hátt, og ber því að sýkna stefnda einnig af þessari varakröfu stefnenda.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndu verða sýknuð af öllum kröfum stefnenda, en rétt þykir þó, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Favoretta Walterina Kennard og Geir H. Zoëga, skulu vera sýkn af kröfum stefnenda, Jóhanns Guðjónssonar, Ragnars Pálssonar, Magnúsar Snorrasonar, Magnúsar Baldvinssonar, Þiðriks Baldvinssonar, Þorkels Teitssonar og Erlends Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 11. marz 1948.

Nr. 90/1947. **Réttvísin** (Hrl. Guttormur Erlendsson)
gegn
Ingimundi Guðmundssyni
(Hrl. Egill Sigurgeirsson).

Líkamsárás.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að þar eð ákærði, sem ekki hefur verið refsað áður, átti að gæta reglu á samkomunni og framkoma Harðar Sigurjónssonar var ekki vítalaus, þykir rétt að refsing ákærða sé skilorðsbundin samkvæmt VI. kafla laga nr. 19/1940, og falli hún niður að liðnum 5 árum frá uppsögu dóms þessa, ef skilyrði nefnds kafla laganna verða haldin.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 500 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði Ingimundur Guðmundsson sæti varðhaldi 20 daga. En fullnustu refsingar hans skal fresta og niður skal hún falla að liðnum 5 árum frá uppsögn dóms

þessa, ef skilyrði VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og málskostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Egils Sigurgeirssonar, 500 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 28. maí 1946.

Ár 1946, þriðjudaginn 28. mai, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2070/1946: Réttvísin gegn Ingimundi Guðmundssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. apríl s. l., er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn ákærða, Ingimundi Guðmundssyni verkamanni, Flókagötu 1 hér í bæ, til refsingar og greiðslu skaðabóta og málskostnaðar, fyrir brot á XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 24. marz 1911. Hann hefur aldrei sætt kæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Málavextir eru sem hér segir:

Hinn 4. nóvember var ákærði umsjónarmaður á dansleik, er haldinn var í Iðnó þá um kvöldið. Á dansleik þessum voru Hörður Sigurjónsson járnsmíðanemi, Hverfisgötu 82, og félagi hans, Sverrir Jónatansson, Hólsvegi 15. Um kl. 1 um nóttina varð ákærði þess var, að nefndur Sverrir var kominn úr jakkanum inni í danssalnum, og sat þar á bekk ásamt Herði. Samkvæmt frásögn ákærða fór hann til Sverris og bað hann að fara í jakkann, en er Sverrir færðist undan því, tók ákærði í handlegg hans og ýtti honum á undan sér út úr húsinu. Bæði Hörður og Sverrir hafa við rannsókn málsins haldið því fram, að ákærði hafi, án þess að segja eitt orð, gengið að Sverri og tekið handlegg hans aftur fyrir bak og leitt hann þannig að útidyrunum og hrundið honum út.

Er ákærði hafði látið Sverri út, var Hörður Sigurjónsson einnig kominn að aðaldyrunum. Samkvæmt frásögn hans, hóf hann máls á því við ákærða, að félagi hans fengi að koma inn aftur, og hafði á orði að honum fyndist Sverrir sæta ómaklegri meðferð, en ákærði brást þá illa við og sagði „þú vilt þá fara sömu leiðina", eða eitthvað á þá leið, og hóf ákærði Hörð því næst á loft og varpaði hon-

um út úr dyrunum, og féll Hörður við og hlaut við það meiðsli, svo sem síðar greinir. Ákærði hefur hins vegar sagt nokkuð öðruvísi frá. Segir hann, að Hörður hafi komið að og beðið um skýringu á því, að Sverri var kastað út, og er ákærði hafði sagt Herði að fást ekki um það, hafi Hörður haft í frammi verstu fúkyrði og kallað sig helvítis asna eða því um líkt. Kveðst ákærði því ekki hafa séð annað fært en að láta hann út. Segir ákærði, að Hörður hafi veitt sér mótspyrnu með því að taka í jakkahorn sitt, og er ákærði hafi í dyragættinni ætlað að losa það tak, hafi Hörður spyrnt í hurðina, og hafi ákærði því mist tökin á Herði og hann fallið til jarðar.

Eina vitnið sem náðst hefur til og borið getur um viðureign þeirra ákærða og Harðar við dyrnar, er Benedikt Jón Benediktsson, sem var dyravörður í Iðnó á téðum dansleik. Kveðst hann hafa séð fyrst, er ákærði gekk til Sverris og fór með hann út, en hann kveðst ekki geta um það sagt, hvort nokkur orðaskipti urðu milli þeirra áður, þar eð hann stóð í nokkurri fjarlægð. Hann segir, að ákærði hafi ekki tekið handlegg Sverris aftur fyrir bak, heldur tekið í handlegg hans og leitt hann út, enda hafi Sverrir enga mótspyrnu veitt. Þá sá Benedikt Jón þegar ákærði lét Hörð út. Segir hann, að Hörður hafi fyrst haft orð á því ákærða, að Sverrir fengi að koma inn aftur, en ákærði hafi sagt honum að skipta sér ekki af því, og hafi hann sagt: „Hvers konar manntegund ert þú, að megi ekki tala við þig," eða eitthvað á þá lund, og hafi ákærði þá umsvifalaust hafið Hörð á loft og kastað honum út, og hafi Hörður þá fallið, en staðið rétt strax upp aftur. Hefur vitnið skýrt svo frá, að sér hafi virzt aðfarir ákærða nokkuð harkalegar.

Bæði Sverrir og Hröður hafa haldið því fram, að þeir hafi ekki verið undir áhrifum víns í umrætt skipti, en hafi hins vegar bragðað lítils háttar áfengi, enda hafa ákærði og vitnið Benedikt Jón skýrt svo frá, að þeir hafi ekki séð vín á þeim, og vitnið Benedikt Jón tekið fram, að þeir hafi báðir verið stilltir og prúðir í framkomu.

Eins og áður segir, féll Hörður til jarðar, er ákærði kastaði honum út úr dyrunum. Að því er Hörður sjálfur segir, misti hann þá snöggvast meðvitund, en reis þó fljótlega upp aftur og reikaði út að veggnum, en hné þar niður. Þá fór Sverrir og náði í lögregluaðstoð, en þá var Hörður kominn til meðvitundar aftur, og fór þegar til næturlæknis. Við athugun kom í ljós, að vinstri upphandleggur Harðar var brotinn upp við axlarlið. Vegna meiðsla þessara varð Hörður algerlega óvinnufær fram í miðjan desember.

Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi talið sér fullheimilt að fjarlægja Hörð úr húsinu vegna tilefnislausra afskipta af starfi sínu og ókurteislegra ummæla hans við sig. Hann hefur og skýrt svo frá, að Hörður hafi veitt sér mótspyrnu með því að taka í jakkahorn sitt, og er hann hafi ætlað að losa takið, hafi Hörður

spyrnt í hurðina, og hafi hann við það misst tök þau, er hann hafði á Herði, og hafi Hörður fallið út úr dyrunum vegna þess. Hörður hefur neitað því, að hann hafi veitt nokkra mótspyrnu að öðru leyti en því, að hann kunni að hafa tekið eitthvað í jakka ákærða.

Það verður ekki á það fallizt, að ákærði hafi haft heimild til að henda Herði út úr húsinu í umrætt skipti, þar eð hann hafi ekki haft í frammi þá hegðun, er réttlæti slíkt. Þá verður og að telja sannað, að aðfarir ákærða við verknað þenna hafi verið mjög ruddalegar, og meiðsli þau, er Hörður varð fyrir, verði að telja ákærða til sakar. Ber að heimfæra brot ákærða undir 218. grein almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga.

Hörður Sigurjónsson hefur gert þá kröfu, að ákærði verði í máli þessu dæmdur til að greiða sér kr. 2500.00 í skaðabætur, og sundurliðar hann kröfu sína á þessa leið:

1. Fyrir læknishjálp ..... kr. 150.00
2. Fyrir vinnutap ..... — 250.00
3. Fyrir þjáningar og óþægindi ..... — 2100.00

Á kröfu þessa hefur ákærði ekki viljað fallast, með því að hann sé ekki skaðabótaskyldur í umræddu tilfelli, og þótt svo verði talið, hefur hann mótmælt kröfum þessum sem of háum.

Með tilliti til þess, er að framan greinir um refsiábyrgð ákærða, verður talið, að hann beri einnig að dæma til að greiða Herði Sigurjónssyni skaðabætur, og er þá að athuga um upphæð þeirra.

Um lið 1) er það að segja, að hann hefur ekki verið rökstuddur, og verður hann því eigi tekinn til greina.

Varðandi lið 2) hefur Hörður lagt fram vottorð frá vélsmiðjunni Héðni, þar sem hann vinnur sem lærlingur, um það að stöðvaðar hafi verið kaupgreiðslur til hans í 2 vikur. Kaup hans er þar talið 119.63 á viku. Ber samkvæmt því að dæma ákærða til að greiða Herði kr. 239.26 í bætur fyrir vinnutap.

Bætur fyrir þau atriði, er undir lið 3) eru talin, þykja eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 1500.00.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma ákærða til að greiða Herði Sigurjónssyni kr. 1739.26 í skaðabætur.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl., kr. 350.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði Ingimundur Guðmundsson sæti varðhaldi í 20 daga.

Ákærði greiði Herði Sigurjónssyni, Hverfisgötu 82, kr. 1739.26 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-

varnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl., kr. 350.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. marz 1948.

Nr. 3/1947. **Bæjarstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs** (Hrl. Lárus Jóhannesson)

gegn

H/f Shell á Íslandi

(Hrl. Gunnar Þorsteinsson).

Endurgreiðsla útsvars.

Dómur hæstaréttar.

Hjálmar Vilhjálmsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 9. janúar f. á., krefst þess aðallega, að hann verði algerlega sýknaður og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, en til vara, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti verði látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í hæstarétti.

Tilgreint ákvæði 24. gr. útsvarslaganna er verklagsregla, sem sett er ríkisskattanefnd. Brot þessarar reglu veldur ekki ónýti úrskurðar þess, sem ríkisskattanefnd kveður upp. En ef skattanefndarmenn skeyta ekki reglunni, án þess að gildar ástæður réttlæti hátterni þeirra, getur það varðað þá viðurlögum sem brot í stjórnsýslu. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 800.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar f. h.

bæjarsjóðs, greiði stefnda, h/f Shell á Íslandi, kr. 800.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Seyðisfjarðar 11. október 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., hefur Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, f. h. H/f Shell á Íslandi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 26. f. m. gegn Erlendi Björnssyni, bæjarstjóra á Seyðisfirði, f. h. Seyðisfjarðarkaupstaðar, til endurgreiðslu á kr. 650.00, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað eftir reikningi eða mati dómara.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar. Til vara krefst stefndi, að vextir verði ekki tildæmdir og til þrautavara, að vextir verði ekki ákveðnir hærri en 3%.

Málavextir eru þeir, að árið 1945 lagði niðurjöfnunarnefnd Seyðisfjarðarkaupstaðar kr. 3650.00 útsvar á starfrækslu h/f Shell á Íslandi á Seyðisfirði, en félagið vildi ekki una þessu og kærði útsvar þetta til lækkunar. Niðurjöfnunarnefndin og yfirskattanefnd Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaðar úrskurðuðu báðar á þá leið, að útsvarið skyldi standa óbreytt. Loks var útsvarið kært fyrir ríkisskattanefnd hinn 8. sept. 1945. Hinn 16. janúar 1946 kvað ríkisskattanefnd upp úrskurð um kæruna og ákvað að útsvarið skyldi lækka um kr. 650.00. Áður en úrskurður ríkisskattanefndar varð kunnur, hafði h/f Shell greitt útsvar sitt ,eins og það var upphaflega ákveðið og krafðist síðan endurgreiðslu. Stefndi fékkst hins vegar eigi til að verða við þeirri kröfu. Höfðaði því stefnandi mál þetta og styður kröfur sínar aðallega við 27. gr. laga nr. 66 frá 12. apríl 1945, sbr. einnig 27. gr. laga nr. 106 frá 1936.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að ríkisskattanefnd hafi kveðið upp úrskurð sinn að liðnum fresti þeim, sem henni er til þess veittur samkvæmt 24. grein laga nr. 66 frá 1945 um útsvör. Úrskurður ríkisskattanefndar sé því fullkomin markleysa.

Samkvæmt vottorði ríkisskattanefndar, rskj. nr. 17, var ástæðan til þess, að það dróst fram yfir lögákveðinn tíma að úrskurða téða úrsvarskæru, annríki nefndarinnar.

Í 24. gr. útsvarslaganna segir, að ríkisskattanefnd skuli hafa lokið úrskurði eigi síðan en 2 mánuðum eftir að kæra kemur til nefndarinnar. Hvergi er kveðið á um það, hver áhrif það hafi á gildi úrskurðar, ef hann er síðar upp kveðinn en áskilið er í téðri lagagrein.

Lagaákvæðið virðist miða að því að veita nefndinni aðhald um það að úrskurða kærur innan hæfilegs tíma. Verði misbrestur á því, að kærur séu úrskurðaðar innan ákveðins tíma og ekki er því

til að dreifa, að fresta verði úrskurði, t. d. vegna vantandi upplýsinga, vegna veikinda eða annríkis eða af öðrum gildum ástæðum, sýnast nefndarmenn geta bakað sér ábyrgð fyrir vanrækslu í starfi sínu, sbr. XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940. Umrætt lagaákvæði hefur því gagnlegan tilgang, þótt ekki verði í það lagður sá skilningur, sem stefndi heldur fram, að úrskurðir, sem kveðnir eru upp eftir lok frestsins, séu af þeim sökum einum, markleysa. Virðist þessi skilningur stefnda næsta fráleitur og með öllu andstæður hlutarins eðli. Sýnu fráleitari er þessi röksemd stefnda, ef telja má upplýst, að orsök dráttarins sé annríki nefndarinnar. Leiðir af þessu, að sýknukröfu stefnda verður ekki sinnt.

Varakrafa stefnda og þrautavarakrafa virðast ekki hafa við rök að styðjast, en vextir verða hins vegar, venju samkvæmt, eigi tildæmdir hærri en fimm af hundraði.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 287.00.

Dómsorð:

Stefndi, Erlendur Björnsson bæjarstjóri, f. h. Seyðisfjarðarkaupstaðar, greiði stefnanda, Hallgrími Fr. Hallgrímssyni, f. h. h/f Shell á Íslandi, kr. 650.00, ásamt 5% ársvöxtum frá 26. september 1946 til greiðsludags og kr. 287.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 16. marz 1948.

Nr. 45/1947. **Réttvísin** (Hrl. Eggert Claessen)
gegn
Einari Bjarna Þórarinssyni,
(Hrl. Einar B. Guðmundsson)
Lárusi Guðmundssyni (Hrl. Sigurður Ólason)
og
Hauki Þorsteinssyni
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Skjalafals.

Dómur hæstaréttar.

Ávísanaeyðublöð þau, er ákærðu Einar Bjarni og Lárus tóku úr vörzlu Árna Björnssonar, höfðu þá eigi verið fyllt út að öðru leyti en því, að á flest þeirra hafði verið stimpl-

að: „pr. pr. verzlunarfélagið Borg h/f". Þessi verknaður ákærðu út af fyrir sig þykir því eigi varða við ákvæði 26. kafla laga nr. 19/1940.

Með fölsun og notkun þeirra fjögurra tékkávísana, er í héraðsdómi greinir, hefur ákærði Einar Bjarni brotið gegn 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma hans.

Svo sem lýst er í héraðsdómi, hefur ákærði Lárus brotið gegn 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna með þátttöku sinni í fölsun og ráðstöfun þriggja ávísana, að fjárhæð kr. 1500.00, kr. 2000.00 og kr. 3700.00. Ávísanaeyðublað það, er ákærði Einar Bjarni notaði til fölsunar ávísunar, að fjárhæð kr. 2400.00, sem í héraðsdómi greinir, var eitt þeirra eyðublaða, sem þeir Einar Bjarni og Lárus höfðu í sameiningu tekið frá Árna Björnssyni í því skyni að nota þau til falsana. Er ákærði Lárus því einnig sekur um hlutdeild í fölsun og notkun þessarar ávísunar, er varðar hann refsingu samkvæmt 1. mgr. 155. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. hegningarlaganna.

Með úrskurði hæstaréttar 9. f. m. var ákveðið að leita álits læknaráðs um sakhæfi ákærða Lárusar, en í héraði var um þetta efni lögð fram skýrsla Helga yfirlæknis Tómassonar, sem rakin er í hinum áfrýjaða dómi. Læknaráð kveðst ekkert finna í skjölum málsins, er hnekki niðurstöðu yfirlæknisins, en hann telur, að refsing sé sennilega þýðingarlaus, að því er ákærða varðar, enda sé hann andlega vanþroska einfeldningur, þó eigi sé hann geðveikur. Hins vegar treystir læknaráð sér ekki til að taka afstöðu til þess, hvert gildi refsing kunni að hafa fyrir sakborninginn, honum til siðferðisbetrunar. Þegar athugaðir eru framburðir ákærða fyrir dómi og þau gögn, sem fyrir liggja um störf hans og æviferil, þykir þó eftir atvikum mega ætla, að refsing á hendur ákærða geti borið árangur. Ber því að dæma honum refsingu, sem er hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði. En eftir öllum málavöxtum ákveðst, að refsingin skuli vera skilorðsbundin samkvæmt VI. kafla hegningarlaganna, og sé reynslutími ákærða 5 ár frá uppsögu dóms þessa. Er rannsókn málsins fór fram í héraði, var ákærði hafður í gæzlu-

varðhaldi frá 26. október til 1. nóvember 1946. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber að ákveða, að gæzluvarðhaldsvist þessi skuli með fullri dagatölu dregin frá refsingu ákærða, ef hún kemur til framkvæmda.

Rétt er að staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða Hauks, þó svo, að reynslutími hans sé 5 ár frá uppsögu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda, skaðabætur og málskostnað ber að staðfesta.

Hver hinna ákærðu greiði verjanda sínum fyrir hæstarétti málsvarnarlaun, kr. 600.00. Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, kr. 1000.00, greiði allir hinir ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Einar Bjarni Þórarinsson sæti fangelsi 8 mánuði. Gæzluvarðhaldsvist hans skal koma til frádráttar refsingunni.

Ákærði Lárus Guðmundsson sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákærði Haukur Þorsteinsson sæti fangelsi 4 mánuði.

Fullnustu refsinga ákærðu Lárusar og Hauks skal fresta, og niður skulu þær falla eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin. Komi refsing ákærða Lárusar til framkvæmda, skal frá henni dreginn gæzluvarðhaldstími hans.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Hver hinna ákærðu greiði verjanda sínum í hæstarétti þessi málsvarnarlaun: Ákærði Einar Bjarni Þórarinsson hæstaréttarlögmanni Einari B. Guðmundssyni kr. 600.00, ákærði Lárus Guðmundsson hæstaréttarlögmanni Sigurði Ólasyni kr. 600.00 og ákærði Haukur Þorsteinsson hæstaréttarlögmanni Sveinbirni Jónssyni kr. 600.00. Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin laun sækjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Eggerts Claessens, kr. 1000.00 greiði allir ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 2. desember 1946.

Ár 1946, mánudaginn 2. desember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni, settum sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 3589—3591: Réttvísin gegn Einari Bjarna Þórarinssyni, Lárusi Guðmundssyni og Hauki Þorsteinssyni, sem tekið var til dóms hinn 25. nóvember sama ár.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Einari Bjarna Þórarinssyni sjómanni, húsnæðislausum, en teljandi sig til lögheimilis hér í bæ og Lárusi Guðmundssyni kyndara, Baugsvegi 7, fyrir brot gegn XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og gegn Hauki Þorsteinssyni vélvirkjanema, Hverfisgötu 62 fyrir brot gegn XVII. kafla sömu laga.

Ákærði Einar Bjarni er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. desember 1922 að Kollsvík í Rauðasandshreppi. Hinn 20. desember 1941 var hann sektaður um kr. 100.00 fyrir ólöglegan tóbaksinnflutning, en að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Ákærði Lárus er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. ágúst 1919 að Kljá í Helgafellsveit. Hinn 6. nóvember 1940 sætti hann áminningu fyrir brot gegn umferðarreglum, en að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Ákærði Haukur er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 14. desember 1921. Hinn 12. apríl 1935 var hann kærður fyrir reiðhjólsþjófnað og var það mál afgreitt til barnaverndarnefndar. Að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Á síðastliðnu sumri var ákærði Einar Bjarni á vélbátnum Haraldi frá Akranesi, en kom hingað til bæjarins af bátnum 11. eða 12. september s. l. Sökum þess, að hann var þá húsnæðislaus, fékk hann leigt herbergi á hótel Winston og þar bjó hann í viku. Samtímis honum var gestur í gistihúsinu Árni Björnsson verzlunarstjóri í Borgarnesi. Dvaldi hann í gistihúsinu frá 13. til 19. september s. l. Ákærði Lárus er kyndari gistihússins.

Meðan Árni dvaldi í gistihúsinu, neytti hann áfengis úr hófi fram og ákærði Einar Bjarni með honum. Voru þeir að sögn ákærða Einars Bjarna saman í drykkjuskap í þrjá daga, ýmist í herbergi Árna eða ákærða. Ákærði Lárus komst í kynni við þá og neytti áfengis með þeim. Eitt sinn, er þeir voru allir saman að

kvöldi til, kom í ljós, að Árni hafði týnt veski sinu, en við leit fannst það í ferðatösku Árna í herbergi hans. Í ferðatöskunni geymdi Árni tvö tékkhefti, annað á Sparisjóð Mýrasýslu, en hitt á Útvegsbanka Íslands h/f, og hafði hann stimplað sum eyðublöðin „pr. pr. verzlunarfélagið Borg h/f", en hann er forstjóri þess fyrirtækis. Hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi verið vanur að stimpla tékkeyðublöðin þannig fyrirfram, allmörg í einu.

Ákærði Einar Bjarni heldur því fram, að þegar veski Árna fannst í ferðatöskunni, hafi bæði hann og ákærði Lárus verið að leita þess þar og þá báðir séð tékkheftin. Hins vegar heldur ákærði Lárus því fram, að ákærði Einar hafi séð heftin í þetta sinn og síðan sagt sér frá því og að þau væru stimpluð, eins og áður er lýst og að unnt væri að taka peninga út á „þetta", og hafi hann viljað fá sig til þátttöku í þessu með sér. Kveðst ákærði Lárus hafa látið leiðast til þessa. Ákærði Einar Bjarni heldur því fram, að eftir að þeir hafi séð tékkheftin í töskunni, hafi þeir rætt um sín á milli að taka úr þeim eyðublöð, en þó eigi bundið það fastmælum.

Ákærði Einar Bjarni og Lárus eru sammála um, að daginn eftir að veskið fannst í töskunni, hafi þeir báðir farið saman inn í herbergi Árna og tekið þar í heimildarleysi nokkur eyðublöð úr tékkheftum hans. Ákærði Einar Bjarni reif eyðublöðin úr tékkheftunum og stakk á sig, en ákærði Lárus stóð hjá og hafði einnig hönd a. m. k. á öðru heftinu.

Ákærði Lárus heldur því fram, að Árni hafi eigi verið í herberginu, þegar þetta gerðist, en ákærði Einar Bjarni heldur því hins vegar fram, að Árni hafi þá legið dauðadrukkinn í rúminu. Hann hafi þó vaknað, þegar ákærðu voru komnir inn til hans og leyft þeim að drekka úr flösku, sem var inni hjá honum, og síðan beðið þá að finna fyrir sig sokka. Hafi ákærðu þá farið í ferðatöskuna og fundið þar sokkana, en jafnframt tekið eyðublöðin. Minnir hann, að þeir tækju tvö eyðublöð úr öðru heftinu, en sex úr hinu. Þegar hinar fölsuðu tékkávísanir, sem mál þetta er af risið, tóku að koma fram í Sparisjóði Mýrasýslu, athugaði Árni tékkheftin og kom þá í ljós, að tvö eyðublöð voru horfin úr heftinu á bankann, en fimm úr hinu. Af þessum fimm eyðublöðum, sem Árni saknaði úr hinu síðarnefnda hefti, hefur eitt komið fram, sem Árni hafði notað sjálfur, án þess að hann myndi það, og hafa því eigi horfið úr því hefti af völdum ákærðu, nema í mesta lagi fjögur eyðublöð. Fjögur þeirra tékkeyðublaða, sem ákærðu tóku, eru komin fram í máli þessu með fölsuðum nöfnum. Hin eyðublöðin, sem þeir tóku, segja þeir ákærða Einar Bjarna hafa eyðilagt. Um skýrslur ákærðu um fölsun tékkanna skal þess getið, að skýrslur ákærða Einars Bjarna eru að mun skýrari og fyllri, enda virðist hann hafa haft alla forgöngu í broti þeirra. Er ákærði Lárus, eins og síðar mun nánar rakið, mjög andlega miður sín

og mun litið skynbragð hafa borið á skjöl þau, er þeir félagar höfðu handa á milli eða þýðingu þeirra.

Ákærði Einar Bjarni skýrir svo frá, að fyrsti tékkinn, sem þeir fölsuðu, sé rskj. nr. 1 í lögreglurétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, þar sem kr. 1500.00 er ávísað á hlaupareikning nr. 90 í Sparisjóði Mýrasýslu. Er viðurkennt og óumdeilt að ákærði Einar Bjarni hafi í samráði við ákærða Lárus ritað í heimildarleysi nafn útgefanda og framseljanda á tékkann. Sem útgefanda ritaði hann nafn Árna Björnssonar, en nafnið Hlífar Guðmundsson sem framseljanda. Í tékkanum er Hlífari ávísað upphæð tékkans. Nafn þetta á ekki við neinn sérstakan mann. Kveðst ákærði Lárus hafa stungið upp á að rita nafnið Ívar á blaðið, en ákærða Einar Bjarna heyrðist hann segja Hlífar og ritaði því það nafn á tékkann. Ákærði Einar Bjarni telur sig hafa selt tékka þennan í Áfengisverzlun ríkisins og að þeir hafi neytt sameiginlega þess áfengis, er hann keypti fyrir hann, og hann minnir, að hann hafi látið ákærða Lárus fá kr. 300.00 af fé því, er hann fékk fyrir tékkann. Ákærði Lárus neitar að hafa fengið neina peninga fyrir þennan tékka, og hefur ekki náðst samræmi um þetta, og vitni eru engin um þetta atriði. Næst falsaði ákærði Einar Bjarni, að ákærða Lárusi viðstöddum og vitandi, tékkann, rskj. nr. 4 í lögreglurétti Reykjavíkur. Ritaði hann nafn Árna Björnssonar sem útgefanda, og er Jóhanni Magnússyni ávísað kr. 2000.00 af hlaupareikningi nr. 90 í Sparisjóði Mýrasýslu. Nafnið Jóhann Magnússon hafði ákærði Einar Bjarni séð á stofnum í tékkhefti Árna og notaði þess vegna þetta nafn á tékkann. Ákærði Lárus fór síðan með tékka þennan í vínsöluna á Hverfisgötu 108 og fór þess á leit, að tékkinn yrði keyptur þar. Vantaði þá á hann framsalið, og sagði afgreiðslumaðurinn ákærða Lárusi það. Ákærði Lárus ritaði þá aftan á tékkann orðin Björn Guðm., sem átti að vera Björn Guðmundsson. Afgreiðslumaðurinn sagði þessa áritun ekki vera fullnægjandi. Ákærði Lárus fór þá með tékkann til ákærða Einars Bjarna, sem beið úti fyrir búðinni, og viskaði hann út það, sem ákærði Lárus hafði ritað á tékkann og ritaði í staðinn nafn Jóhanns Magnússonar. Ákærði Lárus fór þá aftur með tékkann í vínbúðina og fékk þá greiddar kr. 2000.00 fyrir hann. Af peningum þessum fékk ákærði Lárus að eigin sögn kr. 750.00, en kr. 800.00 að sögn ákærða Einars Bjarna.

Ákærði Einar Bjarni skýrir svo frá, að samtímis því sem hann ritaði þennan tékka, hafi hann ritað tékkann, lögregluréttarskjal nr. 6, með sömu nöfnum og að upphæð kr. 2400.00. Er þeirri upphæð þar ávísað af hlaupareikningi nr. 90 í Útvegsbanka Íslands h/f. Ákærði Lárus hefur neitað að hafa vitað um ritun þessa tékka, og er ósannað, að svo hafi verið. Ágreiningslaust er að hann naut einskis af því, sem fyrir tékkann fékkst. Ákærði Einar Bjarni fékk annan mann, sem var ókunnugt um fölsunina, til að selja tékkann í vínsölunni á Hverfisgötu 108, og andvirði tékkans eyddi ákærði

Einar Bjarni í drykkjuskap. Upplýstist í því sambandi ólögleg sala áfengis, og var sá, er sekur reyndist, sektaður fyrir hana með sáttargerð undir rannsókn málsins.

Fjórði falsaði tékkinn, sem hér liggur fyrir, rskj. nr. 8 í lögreglurétti Reykjavíkur, er að upphæð kr. 3700.00. Samkvæmt honum ávísar Árni Björnsson pr. pr. verzlunarfélagið Borg h/f Magnúsi Sölmundssyni nefndri upphæð af hlaupareikningi nr. 203 í Útvegsbanka Íslands h/f. Sem framseljandi er ritaður Magnús Sölmundsson. Ákærði Einar Bjarni hefur skýrt svo frá ritun þessa tékka, að hann og ákærði Lárus hafi báðir ritað hann á sunnudegi eftir hádegið og hafi þeir þá verið timbraðir og eiginlega hálfdrukknir eftir ölvun á dansleik um nóttina. Kveðst ákærði Einar Bjarni hafa ritað töluna 3700.00, en hitt hafi ákærði Lárus ritað með hjálp sinni og kveðst ákærði Einar Bjarni hafa stafað fyrir hann orðin og sagt honum, hvernig hann ætti að skrifa. Þegar ákærði Lárus hafi ritað á tékkann, kveðst ákærði Einar hafa farið ofan í meiri hlutann af því, sem hann hafði skrifað, til þess að laga stafagerðina. Ákærði Lárus hefur haldið því fram, að hann hafi ekki ritað tékka þenna, en frásögn hans um tékkann er mjög óljós, það svo, að tæpast er unnt að fá neinn botn í hana. Tékkinn sjálfur ber það með sér, að farið hefur verið ofan í stafina og staðfestir það frásögn ákærða Einars Bjarna um ritun hans, og eftir öllum atvikum málsins þykir það eigi vafa bundið, að skýrsla ákærða Einars Bjarna um þetta sé rétt. Tékki þessi var lengi í vörzlu ákærða Einars Bjarna án þess að þeir hefðu ákveðið, hvernig honum skyldi ráðstafað, og óumdeilt er að ákærði Lárus réði engu um ráðstöfun hans og naut einskis af því, sem fyrir hann fékkst.

Hinn 22. október s. l. fór ákærði Einar Bjarni með tékka þennan til ákærða Hauks í vélaverkstæðið Stilli, þar sem ákærði Haukur vinnur, en þeir eru kunningjar. Ákærði Einar Bjarni sýndi honum þá tékkann, og kom þeim saman um að koma honum í peninga, og tók ákærði Haukur það að sér. Þeir ákváðu að reyna fyrst að koma tékkanum í peninga í vínbúðinni á Hverfisgötu 108, en ef það tækist ekki, skyldu þeir fara með hann vestur á Vesturgötu og kaupa þar gólfteppi, sem ákærði Einar Bjarni vissi um, fyrir kr. 2000.00. Síðan ætluðu þeir að kaupa fjórar vínflöskur. Ákærði Haukur reyndi að kaupa áfengi fyrir tékkann í vínbúðinni, en var þá tjáð, að verzlunin tæki ekki við tékkum. Þá fóru ákærðu vestur á Vesturgötu og fór ákærði Haukur þar inn í verzlun Halla Þórarins á Vesturgötu 17 og keypti þar gólfteppi fyrir kr. 2000.00, sem hann greiddi með tékkanum, og fékk kr. 1700.00 til baka. Gólfteppið fluttu ákærðu í geymslu til föður Hauks. Ákærði Bjarni lét ákærða Hauk fá kr. 600.00 af þeim peningum, sem þeir fengu til baka. Ákærði Einar Bjarni heldur því fram, að hann hafi sagt ákærða Hauk um leið og hann sýndi honum tékkann í Stilli, að

hann hefði sjálfur falsað hann. Ákærði Haukur segir ákærða Einar Bjarna hafa sagt sér þetta áður en hann keypti gólfteppið fyrir tékkann, en hann minnir, að hann segði sér þetta ekki fyrr en hann (ákærði Haukur) hafði reynt að koma tékkanum út í vinnubúðinni. Við samprófun um þetta hefur ákærði Einar Bjarni haldið því mjög eindregið fram, að hann hafi skýrt ákærða Hauk frá fölsuninni um leið og hann sýndi honum tékkann, og vildi þá ákærði Haukur eigi fullyrða, að frásögn sín um þetta atriði væri rétt. Virðast og allar líkur benda til, að skýrsla ákærða Einars Bjarna um þetta sé rétt.

Þetta brot upplýstist daginn eftir að það var framið og var verzluninni þá afhent gólfteppið og kr. 1385.00, sem ákærðu Einar Bjarni og Haukur áttu eftir af fénu. Átti sá fyrrnefndi óeyddar kr. 800.00, en sá síðarnefndi kr. 585.00. Undir rekstri málsins hefur ákærði Haukur greitt verzluninni þær kr. 315.00, sem á vantaði, að hún fengi fullar bætur.

Ákærðu Einar Bjarni og Lárus hafa eytt öllu því, er þeir fengu fyrir hina þrjá fyrrnefndu tékka. Við ritun þeirra reyndi ákærði Einar Bjarni ekki að breyta rithönd sinni. Honum var ókunnugt um reikningsnúmer Árna Björnssonar, og eru því reikningsnúmer þau, er hann ritaði á tékkana, ágizkun ein.

Með töku eyðublaðanna þykja ákærðu Einar Bjarni og Lárus hafa gerzt brotlegir við 244. gr. hegningarlaganna. Með notkun hinna fölsuðu tékka hafa allir hinir ákærðu gerzt brotlegir við 155. gr. 1. mgr. sömu laga.

Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing ákærða Einars Bjarna hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði. Refsing ákærða Hauks þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði, en ákveða þykir mega, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og hún niður falla að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla hegningarlaganna haldin. Undir rannsókn málsins rannsakaði dr. med. Helgi Tómasson yfirlæknir andlegt ástand ákærða Lárusar, og er álit hans á því á þá leið, að ákærði sé ekki geðveikur, en andlega vanþroska einfeldningur og að það ástand hans verði enn meira áberandi vegna magnaðrar heyrnardeyfu. Telur hann vitsmunalegan þroska svara til 9—11 ára aldurs og eigi telur hann ákærðan hneigðan til óreglu eða sviksemi. Segir síðan í álitsgerð yfirlæknisins, að hafi ákærði gerzt sekur um lögbrot, sé refsing sennilega þýðingarlaus. Vegna þessa verður ákærða Lárusi samkvæmt 16. gr. 1. mgr. hegningarlaganna eigi ákveðin refsing fyrir framangreind brot sín. Eigi þykir ástæða til vegna réttaröryggis að gera neinar ráðstafanir samkvæmt 62. gr. hegningarlaganna gagnvart honum.

Ákærði Einar Bjarni var í gæzluvarðhaldi vegna máls þessa frá 24. október til 1. nóvember s. l. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber að ákveða, að gæzluvarðhaldið skuli koma með fullri

dagatölu til frádráttar refsingu hans. Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta hina ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa. Vínsalan Hverfisgötu 108, sem keypti tékkana, lögregluréttarskjöl nr. 4 og 6, hefur krafizt þess, að ákærðu Einar Bjarni og Lárus verði in solidum dæmdir til að greiða sér upphæðir tékkanna, samtals kr. 4400.00, ásamt 5% ársvöxtum af kr. 2000.000 frá 17. september s. l. til greiðsludags og af kr. 2400.00 frá 20. september s. l. til greiðsludags.

Þessar kröfur hafa ákærðu Einar Bjarni og Lárus samþykkt, og verða þær teknar til greina. Skaðabótakrafa hefur eigi verið gerð í þessu máli vegna 1500 króna tékkans, rskj. nr. 1 í lögreglurétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Björn Jónsson kaupmaður, Vesturgötu 17, gerði þá kröfu í máli þessu, að ákærðu Einar Bjarni og Haukur yrðu in solidum dæmdir til að greiða sér kr. 300.00 í skaðabætur vegna viðskipta þeirra við sig, sem áður er lýst, auk 5% ársvaxta frá 22. október s. l. til greiðsludags. Fyrir dómtöku málsins greiddi ákærði Haukur, eins og áður segir, kröfu þessa, og hefur Björn Jónsson því afturkallað kröfuna.

Ákærða Einar Bjarna ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Einars B. Guðmundsssonar, kr. 300.00.

Ákærða Lárus Guðmundsson ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Sigurðar Ólasonar, kr. 300.00.

Ákærða Hauk Þorsteinsson ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Steindórs Gunnlaugssonar lögfræðings, kr. 300.00.

Allan annan sakarkostnað ber að dæma hina ákærðu til að greiða in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði Einar Bjarni Þórarinsson sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærða Lárusi Guðmundssyni verður eigi gerð refsing fyrir framangreind brot sín.

Ákærði Haukur Þorsteinsson sæti fangelsi í 4 mánuði, en fullnustu refsingar hans skal fresta og niður skal hún falla að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 haldin.

Gæzluvarðhald ákærða Einars Bjarna komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðu Einar Bjarni Þórarinsson og Lárus Guðmundsson greiði vinsölunni Hverfisgötu 108 kr. 4400.00 ásamt 5% ársvöxtum af kr. 2000.00 frá 17. september 1946 og af kr. 2400.00 frá 20. september 1946 til greiðsludags.

Ákærði Einar Bjarni Þórarinsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Einars B. Guðmundssonar, kr. 300.00.

Ákærði Lárus Guðmundsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Sigurðar Ólasonar, kr. 300.00.

Ákærði Haukur Þorsteinsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Steindórs Gunnlaugssonar lögfræðings, kr. 300.00.

Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. marz 1948.

Nr. 89/1947. **Kaupfélag Austfjarða**
(Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn
Bjarna Ö. Jónassyni
(Hrl. Egill Sigurgeirsson).

Skaðabætur vegna kostnaðar af vörusendingu. Sératkvæði.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1947, krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í málinu og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í tilboði stefnda til áfrýjanda frá 21. júní 1943 kveðst hann eiga „von á sendingu af tilbúnum skíðum frá Ameríku, og vona, að hún komi með haustinu". Í svarbréfi áfrýjanda frá 11. júlí s. á. segist hann biðja stefnda að senda skíðin, þegar hann fái þau. Þegar þetta er virt, verður að telja, að afhendingartími varanna hafi verið svo óákveðinn, að ekki geti talizt, að um afhendingardrátt hafi verið að ræða, þótt vörurnar kæmu ekki fyrr en raun varð á. Þykir áfrýjanda

því ekki hafa verið heimil riftun kaupanna af þessum sökum. Ber þess vegna að taka til greina kröfu stefnda um bætur, þó þannig, að ómaksbætur stefnda þykja eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 300.00.

Úrslit málsins verða því þau, að áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda kr. 648.60 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið. Þá þykir og rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 600.00 krónur samtals í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Áfrýjandi Kaupfélag Austfjarða greiði stefnda Bjarna Ö. Jónassyni kr. 648.60 með 6% ársvöxtum frá 1. marz 1944 til greiðsludags og samtals kr. 600.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Í tilboði sínu til áfrýjanda kveðst stefndi eiga „von á sendingu af tilbúnum skíðum frá Ameríku og vona, að hún komi með haustinu". Segist stefndi vilja gefa áfrýjanda kost á „vegna fyrri ágætra viðskipta að tryggja yður eitthvað af því, sem ólofað er, ef þér skylduð hafa áhuga fyrir því". Þessu tilboði svaraði áfrýjandi með bréfi hinn 11. júlí s. á. og biður stefnda „að senda oss, þegar þér fáið skíðin, tilgreinda tölu skíða". Stefndi fékk skíðin í desember frá hinum erlenda seljanda og sendi áfrýjanda þau með e/s Esju hinn 18. desember. Komu þau til áfrýjanda um áramótin, en hann neitaði þeim viðtöku með bréfi 6. janúar 1944 og bar fyrir sig afhendingardrátt af hendi stefnda.

Aðiljar fastskorðuðu ekki afhendingartíma skíðanna í samningi sínum, þeim er í greindum bréfum fólst, sökum þess að þau voru ekki komin til landsins. Eðlilegasti skilningur í samningi aðilja er, að stefnda hafi verið ætlað nokkurt svigrúm til afhendingar, án þess að aðiljar semdu um takmörk þess svigrúms. Áfrýjandi mátti því, er haustið 1943 leið og honum bárust ekki skíðin, setja stefnda hóf-

legan frest til að afhenda skíðin, og hefði áfrýjandi mátt rifta samninginn, ef stefndi efndi hann ekki innan þess frests. Áfrýjandi fór ekki fram með þessum hætti. Var hann því enn bundinn við samninginn, þegar honum bárust skíðin.

Samkvæmt ofanrituðum rökum er ég samþykkur niðurstöðu hæstaréttardómsins.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 30. maí 1947.

Ár 1947, 30. maí var í bæjarþingi Hafnarfjarðar, er haldið var á skrifstofu embættisins af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, upp kveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 16. þ. m.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 21. júní 1943, býður stefnandinn, Bjarni Ö. Jónasson umboðs- og heildsali, hér í bæ, Kaupfélagi Austfjarða, Seyðisfirði, til sölu skíði, sem hann segist vona að fá með haustinu frá Ameríku. Þessu tilboði svarar Kaupfélagið með bréfi, dags. 11. júlí sama ár, og biður stefnda að senda sér tiltekinn fjölda af skíðum og skíðabindingum, „þegar þér fáið skíðin", eins og komizt er að orði.

Skíðin komu ekki til landsins fyrr en í desember, og virðast hafa verið send til Seyðisfjarðar með ferð Esju úr Reykjavík 18. desember sama ár.

Með bréfi, dags. 6. janúar 1944, tilkynnir kaupfélagið stefnanda, að það endursendi skíðin, þar sem þau hafi ekki komið á tilskildum tíma, og var svo gert. Í bréfi, dags. 17. janúar, tilkynnir lögfræðingur stefnanda, að hann geri gildandi gagnvart stefnda kröfu út af öllum kostnaði og tjóni vegna þessara samningsrofa, svo sem vegna flutningskostnaðar og annars kostnaðar, og með bréfi 4. marz sundurliðar hann nánar kröfurnar yfir flutningskostnaðinn o. fl. samtals kr. 780.01, sem er stefnukrafa máls þessa, auk 6% ársvaxta af þessari upphæð frá 1. marz 1944 til greiðsludags og greiðslu málskostnaðar.

Stefndi hefur neitað öllum kröfum stefnandans og krafizt algerrar sýknu og tildæmdan málskostnað.

Sýknukröfu sína byggir stefndi fyrst og fremst á því, að verulegur dráttur hafi orðið á sendingu vörunnar og honum því heimilt að rifta kaupunum. Skíðin hefðu átt að koma með haustinu, í stað þess að þau komu ekki fyrr en um áramót. Þar sem skíði séu árstíðarvara, hafi það skipt stefnda miklu máli, að þau yrðu afhent í byrjun árstíðarinnar, auk þess séu þau oft notuð sem tækifærisgjafir og því einnig mikilvægt atriði að hafa þau á boðstólum fyrir jól. Þegar stefndi var orðinn úrkula vonar um að skíðin kæmu fyrir jól, eða á tilsettum tíma, hefði hann gert pöntun annars

staðar, án þess að hann teldi ástæðu til að tilkynna stefnanda, að hann rifti kaupunum. Það hefði ekki borið að tilkynna slíkt, fyrr en tilefni gafst til þess, og það hefði því verið gert strax og skíðin komu. Til stuðnings þessu vísar stefndi til 26. gr. laga nr. 39 frá 1922, og samkvæmt þeim hefði stefnanda borið að gera fyrirspurn til stefnda, hvort hann, þrátt fyrir dráttinn, vildi kaupa skíðin.

Gegn þessu heldur stefnandi því fram, að þegar kaup þessi fóru fram, hafi verið óvenjulegir tímar vegna styrjaldarástands og fyrir það hefðu vörupantanir að jafnaði tafizt mjög. Það hefði því alls ekki verið óeðlilegur dráttur á vörusendingu frá Ameríku, þó tæki hálft ár að koma henni til kaupanda, heldur jafnvel mátt teljast greið afgreiðsla eftir þeirri venju, sem þá gilti.

Stefndi hefði því alls ekki haft réttmæta ástæðu til þess að treysta á, að varan kæmi fyrr, enda hefði hann ekki á neinn hátt látið í ljós, að hann legði áherzlu á, að varan kæmi fyrir vissan tíma, eða það skipti verulegu, en til þess hefði verið full ástæða af hans hálfu, ef hann hefði talið það sérstaklega mikilvægt.

Rétturinn verður að telja, að sá dráttur, sem var á afgreiðslu vörunnar, geti ekki talizt verulegur á slíkum styrjaldartímum, að því viðbættu, að stefndi í pöntuninni gefur ekki til kynna, að hann áskilji sér rétt að fá vöruna fyrir ákveðinn tíma, sbr. orðalagið „þegar skíðin komi". Að þessu athuguðu verður rétturinn að fallast á kröfu stefnanda að öllu leyti og einnig greiðslu málskostnaðar, er þykir hæfilega metinn 300 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Kaupfélag Austfjarða, Seyðisfirði, greiði stefnanda, Bjarna Ö. Jónassyni, kr. 780.01 með 6% ársvöxtum frá 1. marz 1944 til greiðsludags og málskostnaðar með 300 krónum, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. marz 1948.

Nr. 9/1948. **Réttvísin** (Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Ingibirni Eggertssyni
(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Þjófnaður. Áfengislagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Þjófnaðarbrot ákærða varðar við 244. gr. sbr. 255. gr. laga nr. 19/1940. Með þessari athugasemd og að öðru leyti

með skírskotun til forsendna héraðsdómsins ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstirétti, kr. 350.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Ingibjörn Eggertsson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 350.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 18. nóvember 1947.

Ár 1947, þriðjudaginn 18. nóvember, var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara upp kveðinn dómur í málinu nr. 4714/1947: Réttvísin og valdstjórnin gegn Ingibirni Eggertssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ingibirni Eggertssyni sjómanni, til heimilis að Máfahlíð 19 hér í bæ, til refsingar og málskostnaðargreiðslu fyrir brot gegn 26. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 11. júlí 1925 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1942 $^{4}/_{11}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1943 $^{6}/_{5}$ Sátt, 300 kr. sekt og 200 kr. skaðabætur fyrir árás.
1943 $^{30}/_{12}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir hjólreiðar án ljóss og bjöllu.
1944 $^{30}/_{6}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.
1945 $^{1}/_{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 $^{21}/_{3}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 $^{2}/_{5}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.
1945 $^{31}/_{5}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 $^{8}/_{8}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 $^{13}/_{11}$ Sátt, 200 kr. sekt og 245 kr. skaðabætur fyrir ölvun á alamannafæri, óspektir og rúðubrot.

1945 5/10 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 1/1 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 6/6 Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1946 27/7 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1947 4/5 Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1947 23/5 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1947 24/6 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 4 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 3 ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244 gr. hegningarlaga og 17. gr. 1. mgr. sbr. 37. gr. 1. mgr. áfengislaga. (Mál nr. 1881, 1947.)
1947 30/9 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Samkvæmt eigin frásögn ákærða og því, sem á annan hátt er upplýst í máli þessu, eru málavextir þeir, er nú skal greina:

Föstudaginn 7. þ. m. sat ákærði að drykkju inni í veitingastofunni Hvoll hér í bæ. Gerðist hann svo ofurölvi, að hann man lítið sem ekkert eftir sér. Um klukkan sex síðdegis fór hann í Aðalstræti 9, en þar er veitingastofan Gildaskálinn. Kveðst hann hafa farið þangað til að hitta stúlku, sem Ása heitir, en nánari deili á henni eru ekki kunn. Úr klæðaskáp í Aðalstræti 9 tók ákærði loðkápu, eign Finnrósar Karólínu Guðmundsdóttur, er þar býr, og hafði á brott með sér, en skildi eftir ljósan karlmannsrykfrakka, sem hann hefur enga grein getað gert fyrir, hvar hann hafi fengið, og verður því ekki talið sannað, að ákærði hafi tekið hann að ófrjálsu. Með loðkápuna fór hann inn í port hjá Mjóstræti 10, en þaðan var hringt á lögreglustöðina og sagt til ákærða. Lögregluþjónar fóru nú á vettvang og handtóku ákærða efst í Bröttugötu, þar sem hann var mjög áberandi ölvaður. Var ákærði færður í fangageymslu lögreglustöðvarinnar, en loðkápan tekin af honum og afhent eigandanum.

Með framangreindum þjófnaði hefur ákærði gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Með því að neyta áfengis inni á veitingastofu og vera áberandi ölvaður á almannafæri hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. mgr. 17. gr. sbr. 1. mgr. 37. gr. og 18. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 7. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Samkvæmt 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði Ingibjörn Eggertsson sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og

kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.
Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. marz 1948.

Nr. 46/1946. **Skipaútgerð ríkisins**
(Hrl. Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Trolle & Rothe h/f f. h. eigenda og vátryggjenda e/s Rolf Jarl, skips og farms
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Þóknun fyrir dráttaraðstoð.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. apríl 1946 að fengnu áfrýjunarleyfi 22. marz s. á. Krefst hann þess aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 739 868.98, en til vara, að dæmd fjárhæð verði hækkuð eftir mati dómsins. Svo krefst hann og 6% ársvaxta af dæmdri fjárhæð frá 14. maí 1943 til greiðsludags og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir bera að staðfesta hann, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 16. nóvember 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., hefur Pálmi Loftsson f. h. Skipaútgerðar ríkisins höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með

stefnu útgefinni 14. janúar 1944, gegn Carl Finsen f. h. Trolle & Rothe h/f vegna eigenda og vátryggjenda e/s Rolf Jarl, skips og farms, til greiðslu bjarglauna að fjárhæð kr. 739 868.98 með 6% ársvöxtum frá 14. maí 1943 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefnanda borin fram *varakrafa* um aðra lægri fjárhæð að mati dómsins með vöxtum og málskostnaði, sem fyrr var sagt.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara* að stefnakrafan verði lækkuð að miklum mun og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 30. marz 1943 kl. 1.50 e. h. létti e/s Súðin, eign stefnanda, akkerum og sigldi út með Hrísey að vestanverðu, en sökum þess, að dimmur hríðarbylur skall á, var snúið við og lagst innan Hríseyjar kl. 3.25 e. h. Sama dag kl. 2.40 e. h. tilkynnti loftskeytamaður skipsins, að skip með kallmerkinu BLRX, sem síðar reyndist vera Rolf Jarl, skip stefndu, sendi út neyðarskeyti, þar sem það væri með brotið stýri og hætta væri á, að það ræki upp í Hrólfssker. Kl. 5.40 sama dag rofaði nokkuð til, og lagði Súðin þá af stað til þess að leita að hinu nauðstadda skipi og sást það kl. 6.18 e. h., er komið var skammt frá Hrísey. Var Súðinni siglt að skipinu og skipverjar spurðir, hvort þeir vildu fá hjálp, og var því svarað játandi. Var þá farið að reyna að koma dráttartaugum um borð í skipið, og var því verki lokið kl. 7.30 e. h. Af hálfu stefnanda er skýrt svo frá, að þá hafi verið haldið af stað, en kl. 7.48 hafi dráttartaugin slitnað. Þá hafi farið fram viðbúnaður til að koma annarri taug um borð í skipið og að því loknu hafi verið farið þétt að skipinu og skipverjar spurðir að því, hvort þeir vildu meiri hjálp, en þeir hafi hafnað henni, enda hafi v/b Narfi þá verið kominn í samband við hið nauðstadda skip, þ. e. verið búinn að taka við dráttartaug frá því. Hvarf Súðin síðan frá við svo búið.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að með því að hefja drátt hins skipsins og að halda honum áfram í 18 mínútur, hafi Súðin breytt stefnu þess svo, að því stafaði síður hætta af því, hversu komið var um stýrisbúnað þess. Hefur stefnandi og bent í þessu sambandi á það, að samkvæmt óvéfengdu mati dómkvaddra manna námu verðmæti þau, er í hættu voru, samtals kr. 3 711.711.90. Stefndu hafa hins vegar haldið því fram og styðjast þar við samhljóða framburð skipverja á Rolf Jarl, að dráttartaugin hafi slitnað, þegar er átak kom á hana, og að stefna skipsins hafi ekki breytzt að neinu leyti. Sannað er í málinu, að Rolf Jarl var í háska statt, en gegn framangreindum málsskýringum stefndu hefur stefnandi hins vegar ekki fært sönnur á staðhæfingu sína um gagnsemi tilraunarinnar, og er því ekki unnt að líta svo á, að hér hafi verið um að tefla björgun í merkingu siglingalaganna. Enn fremur hefur stefnandi rökstutt kröfur sínar með því, að á hafi verið kominn

lögmætur björgunarsamningur í þessu tilviki og hafi stjórnendur Rolf Jarl rofið hann með ólögmætum hætti, er þeir neituðu að þiggja frekari hjálp Súðarinnar. Af stefndu hálfu hefur því eindregið verið mótmælt, að skipverjar á Rolf Jarl hafi rofið þann samning, sem stefnandi greinir, og rökstutt mótmælin með því, að enginn um borð í Rolf Jarl hafi orðið var fyrirspurna skipverja á Súðinni um það, hvort óskað væri frekari aðstoðar, eða a. m. k. hafi henni aldrei verið hafnað. Af málavöxtum sé hins vegar ljóst, að allir skipverjar á Rolf Jarl hafi verið önnum kafnir við að tengja skipið við fyrrgreindan vélbát og hafi því verið eðlilegt og sjálfsagt, að notuð væri tæki þau (línubyssa), er Súðin hafði til umráða, til þess að endurnýja samband skipanna í stað orðaskipta.

Nokkrir skipverjar á Súðinni, þ. á. m. skipstjórinn, svo og tveir farþegar hafa komið fyrir dóm í máli þessu og í sjóferðaprófum vegna atviks þessa. Með vottorði þeirra verður eigi talið sannað, gegn eindregnum andmælum af hálfu stefndu, að slík orð hafi farið milli skipverja skipanna tveggja, að gefið hafi skipverjum Súðarinnar réttmæta ástæðu til þess að líta svo á, án frekari eftirgrennslana, að hjálp skips þeirra væri hafnað. Verður því ekki talið sannað, að samningur sá um björgunartilraun, sem á var komin, hafi verið rofin með háttsemi skipverja á Rolf Jarl, og verður *aðalkrafa* stefnanda því ekki tekin til greina.

Varakrafa stefnanda hefur nær eingöngu verið byggð á hinum sömu rökum sem aðalkrafa hans, en hins vegar þykir rétt að taka afstöðu til hennar á þann hátt, að metinn verði réttur hans til bóta fyrir þann kostnað, er hann hefur haft af tilraunum skips hans til hjálpar skipi stefnda.

Súðin kom fyrst á vettvang þeirra skipa, sem heyrði neyðarkall Rolf Jarl, og kom um borð dráttartaugum sem fyrr segir. Þótt ekki yrði af því, að Súðin bjargaði Rolf Jarl, eins og áður hefur verið lýst, þykir samkvæmt eðli málsins rétt, að stefndu bæti það tjón, sem Súðin varð fyrir í för sinni til hjálpar skipi þeirra. Með hliðsjón af því, sem upp er komið í málinu um verðmæti dráttartauga þeirra, sem ónýttust við björgunartilraunina, svo og annan kostnað af þessari ferð skipsins, þykja þær bætur hæfilega ákveðnar kr. 4 000.00.

Verða úrslit málsins því þau, að stefndu verða dæmdir til að greiða stefnanda kr. 4 000.00 með vöxtum, eins og krafizt var, enda er þar miðað við útgáfudag stefnu í fyrra máli um sama efni, en það mál var hafið sakir formgalla.

Að því er málskostnað varðar, skal þetta tekið fram: Hinn 13. apríl 1943 var lagt löghald á e/s Rolf Jarl til tryggingar dómkröfum stefnanda í máli þessu, og nam kostnaður af þeirri fógetagerð kr. 3 388.80, er stefnandi hefur greitt. Er önnur trygging var sett í stað skipsins, fór fram löghaldslausn, og höfðu stefndu af báðum þessum fógetagerðum kostnað, sem nam kr. 3 543.20. Með hliðsjón

af þessum atriðum, svo og öllum málavöxtum, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Í dóminum áttu sæti Einar Arnalds borgardómari, Þorsteinn hagstofustjóri Þorsteinsson og Jón Axel Pétursson hafnsögumaður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, eigendur og vátryggjendur e/s Rolf Jarl, skips og farms, greiði stefnanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 4 000.00 með 6% ársvöxtum frá 14. maí 1943 til greiðsludags, en málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 6. apríl 1948.

Nr. 109/1947. **Réttvísin** (Hrl. Theódór B. Lindal)
gegn
Ólafi Gunnari Grímssyni
og
Óskari Lúðvík Grímssyni
(Hrl. Magnús Thorlacius).

Nauðgun.

Dómur hæstaréttar.

Brot ákærðu, sem er réttilega lýst í héraðsdómi, varðar við hegningarlagagreinar þær, sem þar eru taldar, svo og, að því er Ólaf Gunnar Grímsson varðar, við 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og að því er Óskar Lúðvík Grímsson varðar við 1. mgr. sömu lagagreinar. Til þyngingar refsingar ákærðu ber að taka til greina, að þeir, sem eru atvinnubílstjórar og stúlkan A. B-dóttir hafði trúað fyrir því að aka sér heim til sín, fluttu hana á afvikinn stað utan við bæinn til þess að fremja þar glæpinn og vörnuðu henni með valdi að komast út úr bifreiðinni á leiðinni, sem hún gerði ítekaðar tilraunir til. Skildu þeir hana þar síðan eftir úti á víðavangi að afbrotinu frömdu, illa til reika. Með skírskotun til þessa, og þar sem telja verður, að ákærðu hafi komið sér saman um að vinna glæpinn, þykir refsing þeirra hvors um sig með hliðsjón af 3. tölulið og niðurlagsákvæði 70. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda, skaðabætur og málskostnað þykir bera að staðfesta.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærðu, Ólafur Gunnar Grímsson og Óskar Lúðvík Grímsson, sæti hvor um sig fangelsi 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda, skaðabætur og greiðslu málskostnaðar staðfestast.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Theódórs B. Líndals og Magnúsar Thorlacius, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 19. júlí 1947.

Ár 1947, laugardaginn 19. júlí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2526—27/1947: Réttvísin gegn Ólafi Gunnari Grímssyni og Óskari Lúðvík Grímssyni, sem tekið var til dóms 2. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn þeim Ólafi Gunnari Grímssyni bifreiðarstjóra, Laugavegi 27 og Óskari Lúðvík Grímssyni bifreiðarstjóra, skála nr. 3 við Þóroddsstaði, báðum hér í bæ, fyrir brot gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, til refsingar, sviptingar borgararéttinda og greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar.

Ákærðu, sem eru bræður, eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Ólafur Gunnar Grímsson er fæddur 22. desember 1921 í Reykjavík og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1937 $^{9}/_{12}$ Kærður fyrir að tilbúa og nota falska peninga við sjálfsala. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

1941 $^{9}/_{9}$ Áminning fyrir brot gegn 15. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1941 $^{28}/_{10}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot gegn C-lið 50 gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1942 $^{13}/_{11}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1943 $^{13}/_{7}$ Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn reglum um aðalgötur og hliðargötur.
1944 $^{2}/_{3}$ Áminning fyrir brot gegn 1. mgr. 70. gr. lögreglusamþykktar.
1944 $^{13}/_{7}$ Áminning fyrir ógætilegan akstur.
1945 $^{14}/_{11}$ Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn 4. mgr. 26. gr. laga nr. 23 1941.
1946 $^{18}/_{1}$ Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
1946 $^{23}/_{12}$ Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarbrot, ölvun og óspektir.

Ákærði Óskar Lúðvík Grímsson er fæddur 28. desember 1922 í Reykjavík og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1939 $^{2}/_{4}$ Kærður fyrir rúðubrot. Afgreitt með skaðabótum.
1940 $^{2}/_{5}$ Áminning fyrir boltaleik á götu.
1940 $^{15}/_{5}$ Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.
1941 $^{5}/_{11}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1944 $^{3}/_{8}$ Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
1945 $^{1}/_{3}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot gegn 48. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, 28. gr. 2. mgr. bifreiðalaganna o. fl.
1946 $^{20}/_{3}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir, 200 kr. skaðabætur í sama máli.
1946 $^{27}/_{4}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1946 $^{23}/_{8}$ Áminning fyrir brot gegn 27. gr. bifreiðalaganna.

Samkvæmt eigin játningu ákærðu, sem er í samræmi við það, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

Ákærðu eru báðir leigubifreiðarstjórar að atvinnu og hafa undanfarið starfað á bifreiðarstöðinni „Hreyfill", hér í bæ. Alla aðfaranótt 2. maí s. l. óku þeir með farþega víðs vegar um bæinn. Laust fyrir kl. 8 um morguninn 2. maí hittust þeir með bifreiðar sínar á bifreiðastæðinu hjá „Hreyfli" og ætluðu þeir þá að hætta akstri vegna þess hve framorðið var. Á bifreiðastæðinu var einnig bifreið, sem tveir karlmenn, þeir Árni Sigurður Ágústsson verkamaður, Bergstaðastræti 7 hér í bæ, og Guðmundur Guðmundsson kaupmaður, Vesturgötu 20, Hafnarfirði og ein stúlka A. B-dóttir, G-stig 40 hér í bæ, voru í, öll ölvuð. Árni Sigurður skuldaði ákærðu peninga fyrir akstur, og fóru þeir til hans til að fá greiðslu hjá honum. Allt í einu fór A. B-dóttir út úr bifreiðinni, og bera ákærðu að tilefni þess hafi verið það, að ákærði Óskar Lúðvík hafi sagt við Árna Sigurð, að skuldin við hann stafaði frá því að hann hefði ekið með hann og tvær nafngreindar stúlkur í bifreið sinni nokkru áður, en A. B-dóttir, Árni Sigurður og

Guðmundur muna ekki tilefnið. A. B-dóttir reikaði síðan á milli bifreiða á bifreiðastæðinu.

Ákærðu, sem þekktu A. B-dóttur ekki neitt, buðu henni upp í bifreið ákærða Óskars Lúðvíks, R 3705, sem er 6 manna Dodge-bifreið af gerð ársins 1940. A. B-dóttir þáði það og settist í aftursæti bifreiðarinnar. Ákærði Ólafur Gunnar settist við hægri hlið hennar, en ákærði Óskar Lúðvík settist við stýrið og ók bifreiðinni af stað inn Hverfisgötu. A. B-dóttir kveðst hafa beðið þá um að aka henni heim, og minnir ákærða Ólaf Gunnar, að hún hafi sagzt eiga heima á Klapparstíg, en ákærði Óskar Lúðvík minnist þess ekki, að hún bæði um að henni yrði ekið heim.

Ákærði Ólafur Gunnar hefur borið það, að er bifreiðin var farin af stað, hafi ákærðu dottið í hug að komast yfir A. B-dóttur, en engin orðaskipti áttu sér stað á milli ákærðu um það. A. B-dóttir fór að ókyrrast, er bifreiðin var komin inn fyrir Klapparstíg og kvaðst vilja fara beint heim til sín. Ákærðu sinntu því ekki. Gerði hún margar tilraunir til að hlaupa út úr bifreiðinni á ferð, en ákærði Ólafur Gunnar kom í veg fyrir, að það tækist. Ákærðu töluðu ekki saman um, hvert aka skyldi í bifreiðinni, en ákærði Óskar Lúðvík ók henni upp fyrir Vatnsgeymi, inn á Kringlumýrarveg, og stöðvaði bifreiðina þar. Þar fór hann út úr henni og sagði um leið við Ólaf Gunnar: „Það er bezt að ég eigi við hana", og átti þá við A. B-dóttur.

Ákærði Óskar Lúðvík settist síðan við hægri hlið A. B-dóttur í aftursæti bifreiðarinnar, en ákærði Ólafur Gunnar tók við akstri bifreiðarinnar og ók henni í átt til Vatnsendahæðar. Ákærða Óskari Lúðvík datt nú í hug að reyna að komast yfir A. B-dóttur, hvað sem hún segði. Byrjaði hann að láta vel að henni og reyndi að kyssa hana. Smám saman gerðist hann frekari, fletti kjól hennar og kápu hennar upp um hana og reyndi að ná buxunum niður um hana, en það tókst ekki. Hann opnaði buxnaklauf sína, lagðist að nokkru leyti ofan á hana og reyndi að hafa samræði við hana. Mótspyrna hennar var þó það mikil, að honum tókst það ekki, og er ekki upplýst, að hann hafi tekið út getnaðarlim sinn.

Meðan á þessu stóð, hafði ákærði Ólafur Gunnar ekið bifreiðinni inn Sogamýri og Breiðholtsveg og síðan inn á afleggjara, sem er vestan í Vatnsendahæð. Þar stöðvaði hann bifreiðina, því að honum fannst þar vera afskekktur staður. Hann fór út úr bifreiðinni og opnaði hægri afturhurð hennar. Hætti ákærði Óskar Lúðvík þá stympingunum við A. B-dóttur og fór út úr bifreiðinni. Um leið féll hún á gólf bifreiðarinnar fyrir framan aftursætið. Ákærði Ólafur Gunnar var nú ákveðinn í að hafa samræði við A. B-dóttur, hvort sem hún samþykkti það eða hann yrði að taka hana nauðuga. Hann réðist nú á hana, tók út getnaðarlim sinn, lagðist ofan á hana, þar sem hún lá á gólfinu, kom lim sínum

inn í kynfæri hennar og hreyfði hann þar stutta stund, án þess að upplýst sé, að honum hafi orðið sáðfall. Hann kveðst ekki hafa fært hana úr buxunum með höndunum, en heldur, að buxur hennar hafi mjakazt niður um hana í stympingum þeirra, því að allt í einu hafi hann fundið, að buxurnar hafi ekki verið hindrun fyrir samræði þeirra. Hún brauzt mikið um og í því kom hann við afturhurð þá, sem höfuð hennar var við, svo að hurðin opnaðist. Tókst A. B-dóttur að komast að nokkru út úr bifreiðinni, og sá ákærði Ólafur Gunnar þá, að A. B-dóttir hafði tíðir. Kveðst hann þá hafa misst löngun til frekari samræðis við hana og hindraði ekki, að hún færi alveg út úr bifreiðinni.

Féll A. B-dóttir í moldarflag, enda var hún orðin þreytt og andlega trufluð eftir viðureignina við ákærðu. Hún reis á fætur og bað ákærðu um að aka henni heim til bæjarins, en þeir sinntu því ekki. Lagði hún þá af stað gangandi yfir vegleysu í átt til útvarpsstöðvarinnar á Vatnsendahæð, sem hún sá í nokkurri fjarlægð. Var hún þá á sokkaleistunum, því að hún hafði tapað skónum. Skammt frá útvarpsstöðinni hitti hún menn, sem náðu í lögreglubifreið, sem flutti hana til bæjarins.

Ákærði Ólafur Gunnar hefur með atferli sínu gerzt brotlegur gegn 194. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 1 ár.

Ákærði Óskar Lúðvík hefur með atferli sínu gerzt brotlegur gegn 194. gr. 1. mgr., sbr. 20. gr. 1 mgr. hegningarlaganna og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá þykja ákærðu hafa sýnt með háttsemi sinni, að þeir séu ekki verðir til þess að hafa leyfi til að stýra bifreið, og ber samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna að svipta þá því leyfi ævilangt.

A. B-dóttir hefur borið það, að hún hafi verið illa haldin og lerkuð eftir atferli ákærðu, þó að þeir hafi ekki veitt henni beinan áverka. Hefur hún krafizt þess, að þeir verði dæmdir in solidum til að greiða henni kr. 10 000.00 fyrir óþægindi, veikindi og fyrirhöfn vegna atferlis þeirra og kr. 265.00 fyrir skemmdir og tap á fötum eða samtals kr. 10 265.00. Ákærðu hafa fallizt á seinni lið bótakröfunnar, kr. 265.00, en mótmælt fyrri liðnum sem of háum. Bótakröfur A. B-dóttur, sem er 32 ára að aldri og hafði áður haft holdleg mök við karlmenn, þykja þó, eins og atferli ákærðu gagnvart henni hefur verið lýst hér að framan, eðlilegar og verða þær teknar til greina.

Ákærðu ber að dæma til að greiða in solidum allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 400.00 til skipaðs verjanda síns í málinu, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Dómsorð:

Ákærði Ólafur Gunnar Grímsson sæti fangelsi í 1 ár.

Ákærði Óskar Lúðvík Grímsson sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðu eru ævilangt sviptir leyfi til að stýra bifreið.

Ákærðu greiði A. B-dóttur kr. 10 265.00 in soldium innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinanr, þar á á meðal kr. 400.00 til skipaðs verjanda síns í málinu, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. apríl 1948.

Nr. 65/1947. **Valdstjórnin** (Hrl. Einar Arnórsson)
gegn
Pétri Magnúsi Sigurðssyni
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Galli á málshöfðun. Ómerking dóms.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi 16. janúar 1947 endursendi dómsmálaráðuneytið sakadómaranum í Reykjavík 3 endurrit réttarrannsóknar, er hann hafði haldið vegna ætlaðrar ófullnægjandi gerilsneyðingar á mjólk í Mjólkurstöðinni í Reykjavík, og lagði fyrir hann að halda áfram rannsókn málsins „og koma síðan fram ábyrgð gegn Pétri Magnúsi Sigurðssyni mjólkurbússtjóra fyrir brot gegn mjólkurlöggjöfinni með réttarsátt eða dómi."

Hinn 30. s. m. var kærði kvaddur fyrir lögregludóm Reykjavíkur. Voru honum þar sýnd skjöl málsins og tilkynnt, að rannsókn málsins væri lokið „og mál væri af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn honum fyrir brot gegn mjólkurlöggjöfinni."

Hvorki er í skipan dómsmálaráðuneytisins né í tilkynningu dómara um málshöfðun vitnað til tiltekinna og ákveð-

inna lagaákvæða, sem kærði sé saksóttur eftir. Þetta er slíkur megingalli á málsmeðferðinni, að ekki þykir verða hjá því komizt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma allan sakarkostnað á hendur ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, kr. 300.00, og laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur.

Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, Sveinbjarnar hæstaréttarlögmanns Jónssonar, kr. 300.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Arnórssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, kr. 700.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 27. maí 1947.

Ár 1947, þriðjudaginn 27. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 1561/1947: Valdstjórnin gegn Pétri Magnúsi Sigurðssyni, sem tekið var til dóms hinn 20. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Pétri Magnúsi Sigurðssyni mjólkurbússtjóra Mjólkurstöðvarinnar í Reykjavík, til heimilis á Laugavegi 162, fyrir brot gegn mjólkurlöggjöfinni.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna. Hinn 14. júlí 1938 sætti hann 5 króna sekt fyrir brot gegn lögum nr. 18 1901, og hinn 13. desember 1939 sömu refsingu fyrir sams konar brot. Að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Á undanförnum árum hefur megnið af þeirri mjólk, sem seld hefur verið í bænum, farið í gegn um Mjólkurstöðina hér, og hefur stöðinni, samkvæmt 28. gr. reglugerðar nr. 22 15. marz 1935, borið skylda til að gerilsneyða alla sölumjólk. Kærði hefur á þeim tíma, er hér skiptir máli, verið mjólkurbússtjóri í stöðinni, og hefur honum því borið að sjá um, að hin lögboðna gerilsneyðing færi fram.

Á sama tíma hefur Sigurður H. Pétursson gerlafræðingur verið

eftirlitsmaður af hálfu hins opinbera með því, að Mjólkurstöðin fullnægði skyldum sínum um meðferð sölumjólkur. Samkvæmt skýrslum eftirlitsmannsins um rannsóknir hans á gerilsneyddri mjólk úr Mjólkurstöðinni, kemur fram, að á tímabilinu 1. nóvember 1944 til 28. febrúar 1945 hafi 7 sýnishorn eigi verið nægilega hituð af 151 sýnishorni, sem tekið var. Á tímabilinu 1. nóvember 1945 til 28. febrúar 1946 hafi 2 sýnishorn af 349 eigi verið nægilega hituð og að af 170 sýnishornum í marz og apríl 1946 hafi 7 eigi verið nægilega hituð. Voru sum þessara sýnishorna tekin í Mjólkurstöðinni, en sum í mjólkurbúðum. Að mjólkin var eigi nægilega hituð, merkir það, að gerilsneyðingarskyldunni hefur eigi verið fullnægt.

Kærði kveðst ekki vita betur, en að öll mjólk stöðvarinnar hafi verið nægilega hituð og gerilsneydd og hefur haldið því fram, að rannsóknaraðferð eftirlitsmannsins sé eigi svo örugg, að á henni sé byggjandi. Eftirlitsmaðurinn heldur því aftur á móti fram, að eigi leiki minnsti vafi á því samkvæmt rannsóknum sínum, að þau sýnishorn, sem samkvæmt framansögðu voru eigi nægilega hituð, hafi í raun og veru verið þannig og að hann hafi eigi kært yfir þeim tilfellum, sem nokkrum vafa gátu verið bundin.

Borið hefur verið undir dr. Jón Vestdal efnafræðing gildi þeirrar rannsóknaraðferðar, er eftirlitsmaðurinn hefur notað, og er það álit hans, að sú aðferð sé örugg í þeim tilfellum, er hún sýnir greinilega úrlausn, eins og eftirlitsmaðurinn heldur fram að gerzt hafi í þeim tilfellum, sem hann hefur kært yfir.

Af kærða hálfu er aftur á móti lögð fram skýrsla Stefáns Jónssonar mjólkurfræðings, sem dregur í efa gildi rannsóknaraðferðar eftirlitsmannsins.

Án þess að fara út í hinar efnafræðilegu útlistanir, sem fram eru komnar í máli þessu, þykir eigi vafi á því leika, að skýrslur eftirlitsmannsins um misbrest á gerilsneyðingu í Mjólkurstöðinni hafi við rök að styðjast.

Hins vegar er eigi ástæða til að ætla, að hér sé um ásetningsbrot kærða að ræða, heldur skort á nægilegu og stöðugu eftirliti með að gerilsneyðingin væri á fullnægjandi hátt af hendi leyst. Með þessu hefur kærði gerzt brotlegur við 28. gr. 1. mgr. sbr. 79. gr. 1. mgr. reglugerðar nr. 22 15. marz 1935, sbr. 15. gr. 1. mgr. laga nr. 1 7. janúar 1935. Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til verðjöfnunarsjóðs og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Sveinbjörns Jónssonar, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði Pétur Magnús Sigurðsson greiði kr. 1000.00 í sekt til verðjöfnunarsjóðs og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Sveinbjörns Jónssonar, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. apríl 1948.

Nr. 132/1947. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
Kristbirni Borgþóri Þórarinssyni
(Hrl. Magnús Thorlacius).

Brot á bifreiða- og umferðarlögum. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Er ákærði blindaðist af sólskini, bar honum að stöðva bifreið sína þegar í stað. Þetta gerði ákærði ekki, heldur ók hann áfram nokkurn spöl án þess að geta fylgzt með umferðinni. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms hefur ákærði brotið refsiákvæði þau, er í héraðsdómi greinir, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 60 daga. Samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 þykir rétt að svipta ákærða ökuleyfi 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði Kristbjörn Borgþór Þórarinsson sæti varðhaldi 60 daga. Hann er sviptur ökuleyfi 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar,

þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 450.00 til hvors. Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 23. ágúst 1947.

Ár 1947, laugardaginn 23. ágúst var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Þórði Björnssyni, settum sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 3163/1947: Réttvísin og valdstjórnin gegn Kristbirni Borgþóri Þórarinssyni, sem tekið var til dóms þann 24. fyrra mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn ákærða Kristbirni Borgþóri Þórarinssyni bifreiðarstjóra, Hverfisgötu 98 A hér í bæ, fyrir brot á XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 13. desember 1923 í Reykjavík og hefur hann ekki, svo kunnugt sé, sætt annarri ákæru né refsingu en þeirri, að þann 25. júní 1947 var hann sektaður um 150 krónur fyrir brot gegn 6. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Að morgni fimmtudagsins 13. marz s. l., um kl. 8.10, ók ákærði bifreiðinni R 2875 inn Hverfisgötu hér í bæ. Bifreið þessa á Landssími Íslands og er hún 10 hjóla vöruflutningabifreið af gerðinni G. M. C. Við rannsókn málsins hefur ákærði borið, að hann hafi verið vel fyrirkallaður þennan morgun, hvorki þreyttur né svefnþurfi, enda hafi hann sofið vel undanfarandi nótt og verið vaknaður fyrir um 3 stundarfjórðungum á áðurnefndum tíma nefnds morguns. Hann kveðst vera bindindismaður á áfengi og tóbak. Ákærði tók bifreiðarstjórapróf haustið 1942 og segist hann að mestu hafa ekið bifreið að staðaldri síðan, og bifreiðinni R 2875 tók hann að aka í þjónustu Landssímans í aprílmánuði 1946. Bifreið þessa segir hann hafa verið í góðu lagi á tíma þeim, sem hér um ræðir, að öðru leyti en því, að hraðamælir hennar hafi verið óvirkur og hafi hann verið það frá því ákærði tók að aka bifreiðinni. Ákærði hefur tekið sérstaklega fram, að hemlar (vökvahemlar) hennar hafi verið traustir á öllum hjólum. Þá hefur hann látið þess getið, að hann hefði óvenju góða sjón á vinstra auga, en ekki alveg fulla sjón á hægra auga. Veður var þurrt og bjart þennan morgun og skein sólin björt í heiði á austurloftinu. Götur voru snjólausar, en hrím mun hafa fallið á þær um nóttina og var það ekki að fullu bráðnað, er hér var komið sögu. Ekki hafði bifreiðin R 2875 snjókeðjur, enda telur ákærði það hafa verið þýðingarlaust, þar eð ekki

hafi verið snjór á jörðu, heldur aðeins hrímskeljungur, eins og fyrr segir.

Á leið sinni austur Hverfisgötu kveðst ákærði hafa ekið með jöfnum hraða og hafi hreyfill bifreiðarinnar verið tengdur í 4. ganghraðastig, en 5 ganghraðastig áfram séu á bifreiðinni. Gizkar hann á, að hraði bifreiðarinnar hafi verið um 20 km miðað við klukkustundarakstur. Er ákærði nálgaðist gatnamót Rauðarárstígs, kveðst hann heldur hafa hægt á ferð bifreiðarinnar og er að gatnamótum kom, hafi hann litið til vinstri, norður Rauðarárstíg, en enga umferð gangandi manna eða farartækja séð nálgast þaðan, en hann kveðst hafa séð vörubifreiðar standa kyrrar við vörubílastöðina „Þrótt", sem hefur aðsetur við Rauðarárstíg, skammt norðan við Hverfisgötu, og hafi sumar þeirra staðið allt út að miðri götu. Er ákærði sá enga umferð nálgast af Rauðarárstíg, hélt hann út á gatnamótin og telur, að þá hafi hraði bifreiðarinnar verið um 15 km miðað við klukkustundarakstur. Jafnframt sveigði hann bifreiðinni nokkuð til hægri, þannig, að hún tók stefnu á torgið, sem stendur við gatnamótin sunnan Hverfisgötu, en austan Rauðarárstígs, en þar hugðist ákærði stöðva bifreiðina til að taka farþega í hana. Kveðst ákærði hafa hætt að gefa benzín til hreyfilsins, er hann ók út á gatnamótin, en hugðist að láta bifreiðina renna skáhalt upp að torginu hinum megin þeirra.

Er ákærði var kominn á að gizka yfir mið gatnamótin, segir hann svo bjartan sólargeisla hafa fallið á augu sér, að hann hafi blindazt eitt augnablik og telur hann, að bifreiðin hafi runnið um 3—4 metra meðan hann var þannig blindaður af sólinni og unz hann hafði jafnað sig eftir ofbirtuna og sá vel í kringum sig aftur. Segist hann á meðan á þessu stóð hafa tyllt fætinum á fóthemilinn, enda hafi hann hvort sem var þurft að fara að hemla, til þess að fá stöðvað bifreiðina við torgið, en það var ætlun hans, eins og fyrr segir. Það næsta, sem ákærði sá vegna sólarinnar, var maður á reiðhjóli fast við framenda bifreiðarinnar og stefndi hún á hlið hjólsins þvera. Er þetta gerðist, telur ákærði, að framendi bifreiðarinnar hafi verið nákvæmlega kominn yfir gatnamót Rauðarárstígs. Snögghemlaði nú ákærði bifreiðinni og kveðst hafa beitt hemlum eins fast og hann gat og segir hann þá hafa verkað vel, en bifreiðin hafi runnið um 6 metra með hjól í hemlum, þar eð ising hafi verið nokkur á götunum. Rakst nú framvari bifreiðarinnar R 2875 á hjólreiðamanninn, og vissi ákærði nú ekki um stund, hvernig manninum og hjóli hans reiddi af, því hvorttveggja hvarf fyrir vélarþak bifreiðarinnar. Ekki telur hann þó, að nokkurt af hjólum bifreiðarinnar hafi runnið yfir hjólreiðarmanninn. Ákærði hefur látið þess getið við rannsókn málsins, að hann hafi séð manninn á reiðhjólinu líta við eða hika um leið og bifreiðin rakst á hann og hjólið. Er ákærði kom út úr bifreið sinni, að árekstrinum afstöðnum, stóð vinstra framhjól bifreiðarinnar ofan

á afturhjóli reiðhjólsins, en maðurinn lá þannig, að fætur hans voru inni undir framhluta bifreiðarinnar, en efri hluti líkama hans lá beint undir framvara hennar og samhliða honum. Reyndi maðurinn að hreyfa sig og standa upp, en lagðist brátt út af aftur.

Maður sá, er fyrir bifreið ákærða varð, hét Rútur Magnússon frá Steinum í AusturEyjafjallahreppi, fæddur 22. september 1921. Hann var fluttur á Landsspítalann þegar eftir slysið, en hafði hlotið slík lemstur við áreksturinn, að hann andaðist þar kl. 6.30 að kvöldi hins sama dags og slysið varð. Framkvæmdi Þórarinn Sveinsson læknir krufningu á líki hans daginn eftir að hann lézt, og hefur hann lýst áverkum á því þannig, að höfuðkúpa og kúpubotninn hafi verið brotinn og mjög mikið mar og blæðing hafi verið framanvert hægra megin í heilahelminginn. Enn fremur hafi verið marblæðing vinstra megin aftan til á litla heila. Telur læknirinn ljóst, að áverkar þessir hafi leitt til dauða með skjótum hætti.

Vitað er um nokkra sjónarvotta að slysi þessu. Verða nú framburðir þeirra raktir, svo sem ástæða þykir til, svo og annarra, sem einhverjar upplýsingar hafa getað gefið varðandi slys þetta.

Vitnið Einar Jónsson verkstjóri, Laugavegi 145 hér í bæ, 54 ára að aldri, stóð við húsið nr. 119 við Hverfisgötu, er slysið varð, og var það þar að bíða komu bifreiðarinnar R 2875, sem það ætlaði að fara þar upp í. Fylgdist það því með ferðum hennar löngu áður en hún kom að gatnamótum Rauðarárstígs á leið sinni austur Hverfisgötu. Segir vitnið, að bifreiðin hafi ekið fremur hægt, meðan það sá til hennar, en ekki treystir það sér til að gizka nánar á um hraða hennar, enda er það ekki bifreiðarstjóri. Vitnið veitti því athygli, að bifreiðin sveigði að syðri gangstétt Hverfisgötu, áður en hún kom að gatnamótum Rauðarárstígs, enda hafi verið ætlunin hjá ákærða að stöðva bifreiðina við torgið sunnan Hverfisgötu, en austan Rauðarárstígs, eins og fyrr er getið. Hafi nú bifreiðin ekið þannig út á gatnamótin með óbreyttum hraða. Ekki sá vitnið manninn á reiðhjólinu fyrr en alveg um leið og slysið varð, en það telur það hafa viljað til með þeim hætti, að vinstri framendi bifreiðar ákærða rakst á hlið reiðhjólsins, og telur vitnið líkindi til, eftir því hvernig áreksturinn bar að, að hjólreiðamaðurinn hafi ekið af vinstri vegarhelmingi Rauðarárstígs norðan megin Hverfisgötu og stefnt á vinstri vegarhelming Rauðarárstígs, sunnan hennar, og verið kominn rúmlega yfir miðja götuna (Hverfisgötuna), er áreksturinn varð. Alveg á sama augnabliki og áreksturinn varð, sá vitnið, að bifreiðinni var hemlað, og þann spöl, sem hún rann eftir það, þar til hún staðnæmdist, fullyrðir það, að afturhjól hennar hafi verið fasthemluð og ekki bifazt, en um framhjólin getur vitnið ekki borið. Við áreksturinn sá vitnið, að hjólreiðamaðurinn féll á götuna með hjóli sínu, og ýtti bifreiðin honum og hjólinu á undan sér eftir götunni þar til hún

stöðvaðast. Vitnið telur með öllu útilokað, að nokkurt hjól bifreiðar ákærða hafi runnið yfir manninn, eftir að hann féll á götuna. Það lýsir því á sama hátt og ákærði, hvernig hinn slasaði maður lá við bifreiðina eftir slysið.

Vitnið Steingrímur Magnússon verkamaður, Laugarnesvegi 79 hér í bæ, 24 ára að aldri, var statt við húsið nr. 119 við Hverfisgötu, er slysið varð, og var það að bíða þar komu bifreiðar ákærða, ásamt vitninu Einari Jónssyni. Er framburður þessa vitnis í fullu samræmi við framburð vitnisins Einars varðandi aðdraganda slyssins og það með hvaða hætti það vildi til. Álit þessa vitnis um hraða bifreiðar ákærða á leið hennar austur Hverfisgötu, áður en slysið varð, er þó ákveðnara en álit vitnisins Einars. Telur vitnið Steingrímur, að hraðinn hafi verið um 15 km miðað við klukkustund meðan það sá til ferða bifreiðarinnar.

Bæði hafa þessi vitni borið, að ekkert hafi verið athugavert við framkomu ákærða eftir að slysið varð, og einnig ber þeim saman um, að sterkt sólskin hafi fallið beint í augu þeirra, sem héldu austur Hverfisgötu á þessum tíma.

Vitnið Páll Long Ingibergsson pípulagninganemi, Bústaðavegi 7 hér í bæ, 30 ára að aldri, var statt við biðstöð strætisvagna við húsið nr. 115 við Hverfisgötu, er slys það, sem hér um ræðir, varð. Veitti það bifreið ákærða eftirtekt nokkru áður en hún kom að gatnamótum Rauðarárstígs á leið sinni austur Hverfisgötu. Virtist því bifreiðinni ekki vera ekið hart og telur, að hraði hennar hafi verið fyrir neðan löglegan innanbæjarhraða. Einnig segir vitnið, að bifreiðin hafi ekið eftir miðri götunni, áður en að fyrrnefndum gatnamótum kom, en því virtist hún beygja heldur til hægri, miðað við stefnu í austur, um leið og hún ók út á gatnamót Rauðarárstígs og vera stödd heldur á hægra vegarhelmingi, er slysið varð. Vitnið segir, að er bifreiðin nálgaðist mjög gatnamótin, hafi Rútur heitinn stigið á bak reiðhjóli sínu norðan megin við gatnamótin við eystri gangstétt Rauðarstígs og hafi hann síðan ekið óstöðugur út á gatnamótin, þannig að hann stefndi á vinstri vegarhelming Rauðarárstígs sunnan gatnamótanna. Kveðst vitnið hafa undrazt, að hjólreiðamaðurinn skyldi hætta sér út á gatnamótin, er bifreiðin R 2875 var svo nálægt þeim. Virtist því sem hann veitti henni ekki athygli fyrr en augnabliki áður en áreksturinn varð, en þá hafi hann reynt að sveigja frá bifreiðinni, en það hafi þá verið um seinan. Vitninu heyrðist sem benzíngjöf bifreiðarinnar hafi verið aukin rétt um leið og hún ók út á gatnamótin, og hafi hún þá virzt kippast til, en alveg um leið og það gerðist, hafi bifreiðina borið að hjólreiðamanninum, þar sem hann var úti á nærri miðjum gatnamótunum og stefndi hún á hjólið þvert. Er það var þannig fyrir framan bifreiðina, segir vitnið, að henni hafi verið snöggheimlað, en um leið rakst hún á hjólreiðamanninn. Rann nú bifreiðin nokkurn spöl áfram á ísingunni á götunni, en ekki kveðst

vitnið vita, hvernig maðurinn og hjólið kunni að hafa oltið eða brunað áfram fyrir framan bifreiðina eftir árekstur inn. Vitnið sá hemlaför á götunni eftir bifreiðina, en ekki veit það, hvort þau hafa markazt eftir fram- eða afturhjól hennar eða hvorttveggja. Það er álit vitnisins, að ákærði hafi ekki veitt hjólreiðamanninum athygli, fyrr en rétt áður en árekstur inn varð, og einnig er það álit þess, að ekki hefði komið til þessa áreksturs, ef hjólreiðamaðurinn hefði verið stöðugri og ferðmeiri í akstrinum yfir gatnamótin.

Vitnið sá ákærða á slysstaðnum eftir að slysið varð. Virtist því ekkert athugavert við framkomu hans og sérstaklega ekki neitt í fari hans, sem benti til þess, að hann hefði neytt áfengis.

Vitnið Jón Sveinbjörnsson vélstjóri, Laugavegi 159 hér í bæ, 47 ára að aldri, ók bifreið vestur Skúlagötu og suður Rauðarárstíg stuttu áður en slysið varð. Kveðst það fyrst hafa veitt Núti heitnum Magnússyni athygli, er hann ók reiðhjóli sínu vestur Skúlagötu og nálgaðist gatnamót Rauðarárstígs, og ók hann þá á undan vitninu. Beygði síðan hjólreiðamaðurinn suður Rauðarárstíg og vitnið á eftir honum, og ók það síðan í humátt á eftir honum suður fyrrnefnda götu í áttina að Hverfisgötu. Segist það heldur hafa nálgazt hjólreiðamanninn, eftir því sem það ók lengra og gizkar það á, að það hafi ekið með 15—20 km hraða miðað við klukkustund. Ekki man vitnið eftir neinni annarri bifreið, sem verið hafi á ferli á Rauðarárstíg norðan Hverfisgötu um þessar mundir, og telur fullvíst, að önnur farartæki hafi ekki verið þar á umræddum tíma en bifreið hans og reiðhjól Núts heitins. Er vitnið átti 5—10 metra ófarna að gatnamótum Hverfisgötu, kveðst það hafa litið af hjólreiðamanninum og litið niður Hverfisgötu, þar eð það bjóst við, að bifreiða væri von, sem ækju austur Hverfisgötu í þessum svifum, enda hafi það komið á daginn, að bifreiðin R 2875 var þar á ferð. Sá vitnið, er hún ók austur yfir gatnamót Rauðarárstígs, og gizkar það á, að hraði hennar hafi þá verið 20—25 km miðað við klst. Ekki sá þetta vitni, er bifreiðin rakst á hjólreiðamanninn, þar eð það leit af honum, áður en hann hélt út á gatnamótin, en er það ók yfir þau, eftir að bifreiðin R 2875 var farin fram hjá, sá það, að hún hafði staðnæmzt skammt fyrir austan Rauðarárstíg, og er það gætti betur að, sá það að maður lá fyrir framan bifreiðina og ákærði stóð þar yfir honum.

Vitnið hefur látið þess getið, að meðan það sá til hjólreiðamannsins, hafi hann haldið hjóli sínu stöðugu á vinstri götuhelmingi og hafi ekkert virzt athugavert við akstur hans. Vitnið segir enn fremur, að veður hafi verið bjart, er slys þetta varð, og glaða sólskin, en ekki veitti það athygli óþægilegri birtu vegna sólarinnar, enda hafi það ekki ekið beint á móti sólinni.

Lögregluþjónarnir Ársæll Kristinn Einarsson og Sigurður Móses Þorsteinsson komu á slysstaðinn stuttu eftir að slysið varð. Var þá

verið að setja hinn slasaða mann inn í sjúkrabifreið og fór Ársæll Kristinn í henni á Landsspítalann, en þangað var hinn slasaði maður fluttur, eins og fyrr segir, en Sigurður Móses gerði mælingar á staðnum og athugaði þar aðstæður, svo sem venja er hjá lögreglumönnum, er slys verður. Sigurður Móses Þorsteinsson hefur getið þess sem vitni við rannsókn málsins, að það hafi veitt því athygli, er það var á leiðinni austur Hverfisgötu á slysstaðinn, að bjart sólskin skein beint í augu þess og var þess valdandi, að útsýn varð verri úr bifreið þess bæði til hliðar og þó sérstaklega fram undan. Það segir, að hrímskeljungur hafi verið á götunni þennan morgun, en ekki telur það, að ástæða hafi verið fyrir bifreiðar að aka með snjókeðjur, því að götur hafi verið snjólausar. Ekki athugaði vitnið hemla bifreiðarinnar R 2875 á slysstaðnum, en því virtist bifreiðin traust að sjá og ekkert sérstakt sýnilega í ólagi á henni. Það hafði tal af ákærða á staðnum og sá það ekki neitt athugavert við hann. Ingólfur Þorsteinsson yfirvarðstjóri í rannsóknarlögreglunni lét reyna hemla bifreiðarinnar R 2875 2 dögum eftir að slysið varð. Var það gert með þeim hætti, að ákærði ók bifreiðinni á mismunandi hraða á Fríkirkjuvegi og Sóleyjargötu og snarhemlaði síðan, og kveðst yfirvarðstjórinn hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að 6 metra hemlaför bifreiðarinnar svöruðu til þess, að henni væri ekið með 15 og alls ekki meira en 20 km hraða miðað við klukkustund, er tekið er tillit hálku þeirrar, sem var á slysstaðanum, er slysið varð, og dálítils halla, sem þar er. Er hemlarnir voru reyndir, voru götur auðar en rakar, og rann bifreiðin fulla 6 metra, er henni var fast og snögglega hemlað, er henni var ekið með 20 km hraða miðað við klukkustund. Þess skal getið, að hemlaför bifreiðarinnar R 2875 mældust vera 6 metrar á slysstaðnum. Ingólfur Þorsteinsson kom á slysstaðinn um 20 mínútum eftir að margnefnt slys varð. Veitti hann því athygli, að birta var mjög óhagstæð, er ekið var í bifreið austur Hverfisgötu, þar eð bjart sólskin hafi skinið beint í gegnum framrúðu hennar og í augu ökumanns.

Þess skal að lokum getið, að kvaddir hafa verið sem vitni við rannsókn málsins þeir Ólafur Jóhannsson rennismíðanemi, Barmahlíð 16 hér í bæ, 24 ára að aldri, en hann er unnusti uppeldissystur Rúts heitins Magnússonar og var nákunnugur honum frá barnæsku, enda uppalinn í sömu sveit, og Óskar Magnússon bifreiðarstjóri, Mánagötu 22 hér í bæ, 31 árs að aldri, en hann var albróðir Rúts heitins.

Voru vitni þessu að því spurð, hvort Rútur heitinn hafi haft mikla æfingu í að aka reiðhjóli, og hafa þau bæði borið, að svo hafi verið ,enda hafi hann tekið að aka reiðhjóli þegar er hann var barn, búsettur á Steinum í Austur-Eyjafjallahreppi, og haldið því áfram síðan til dauðadags. Einnig telja þau hann hafa verið búinn að fá æfingu í að aka hjóli hér í bænum, því að hann hafi

ekið því í og úr vinnu sinni frá því hann tók að starfa hér í bænum í septembermánuði 1946 og þar til hann lézt 13. marz s. l.

Hefur nú málavöxtum verið lýst, eftir því sem ástæða þykir til, og ber þá að athuga, hvort ákærði telst hafa brotið þau ákvæði laga, sem mál þetta hefur verið höfðað gegn honum fyrir brot á.

Það er upplýst í málinu, að Rútur Magnússon var á leið suður Rauðarárstíg á reiðhjóli og kominn mjög nálægt mótum Rauðarárstígs og Hverfisgötu, er ákærði kom að þeim. En eigi að síður ók Rútur á hjóli sínu út í Hverfisgötu, þó að hún væri aðalgata, en Rauðarárstígur hliðargata.

Á hinn bóginn hefur ákærði viðurkennt, að hann hafi ekki veitt Rúti athygli, fyrr en Rútur var kominn fast að framenda bifreiðarinnar. Kveðst ákærði þó hafa litið norður Rauðurárstíg, er hann kom að gatnamótunum, og var hann þá ekki orðinn blindaður af sólinni, og heldur er ekki vitað um, að neitt hafi skyggt á umferð norðan Rauðarárstígs frá honum séð. Enn fremur er upplýst, að bifreið ákærða rann 6 metra eftir að hann tók að hemla henni, og bar honum þó að aka henni ekki hraðar yfir gatnamótin, sem eru fjölfarin, en svo, að hann gæti stöðvað hana þegar í stað. Loks átti sólskinið og ísingin á götunni, en ákærða hlaut að vera kunnugt um hvorttveggja, að verða til þess, að hann sýndi enn meiri aðgæzlu og varkárni við akstur bifreiðarinnar en ella. Samkvæmt því, sem nú hefur verið greint, þykir ákærði með akstri sínum hafa orðið meðvaldur að dauða Rúts svo saknæmt sé og gerzt brotlegur gegn 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, 1. mgr. 27. gr. og 5. mgr. 26. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941 og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941. Þá hefur ákærði með því að aka bifreið án virks hraðamælis brotið gegn 9. gr. bifreiðalaganna. Þykir refsing ákærða, samkvæmt 215. gr. hegningarlaganna, 38. gr. bifreiðalaganna og 14. gr. umferðarlaganna og með tilliti til 77. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Þá þykir rétt samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaganna að svipta ákærða leyfi til að stýra bifreið í 2 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns í máli þessu, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 350.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði Kristbjörn Borgþór Þórarinsson sæti varðhaldi í 30 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að stýra bifreið í 2 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnar-

laun til skipaðs verjanda síns í máli þessu, Magnúsar Thorlacius hrl., 350.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 9. apríl 1948.

Nr. 7/1948. **Réttvísin** (Hrl. Gunnar Möller)
gegn
Haraldi Kjartanssyni
(Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

Þjófnaður. Hegningarauki.

Dómur hæstaréttar.

Fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að ákærði hafi framið þjófnað þann, er í málinu greinir. Með dómi aukaréttar Reykjavíkur 16. júlí 1947 var ákærði dæmdur til að sæta 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. og 1. málsgr. 247. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940. Fyrir það afbrot ákærða, er mál þetta fjallar um og framið var fyrir 16. júlí 1947, verður honum því aðeins dæmdur hegningarauki samkvæmt 78. gr. hegningarlaganna. Þykir hann hæfilega ákveðinn fangelsi 2 mánuði. Að öðru leyti þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 600 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði Haraldur Kjartansson sæti fangelsi 2 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og sviptingu réttinda skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Gústafs A. Sveinssonar, 600 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. nóvember 1947.

Ár 1947, miðvikudaginn 12. nóvember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4681/1947: Réttvísin gegn Haraldi Kjartanssyni, sem tekið var til dóms 20. fyrra mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Haraldi Kjartanssyni járnsmið, Melshúsi við Einarsstaði hér í bæ, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 til refsingar, sviptingar borgararéttinda og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 10. september 1906 að Prestshúsum í Hvammshreppi, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1934 $^{18}/_{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, fyrir brot gegn 6. sbr. 8. gr. laga nr. 51 1928. Náðaður $^{18}/_{4}$ 1937.

1936 $^{2}/_{3}$ Dómur sama réttar, 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51 1928 og 50 kr. skaðabætur. Náðaður $^{18}/_{4}$ 1937.

1938 $^{5}/_{5}$ Dómur sama réttar, 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.

1938 $^{7}/_{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 8 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot gegn 8. gr. sbr. 6. og 7. gr. laga nr. 51 1928.

1939 $^{31}/_{10}$ Dómur sama réttar, 8 mánaða betrunarhússvinna fyrir þjófnað.

1944 $^{19}/_{1}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 10 daga varðhald og sviptur ökuréttindum í 3 mánuði fyrir brot gegn áfengislögum, bifreiðalögunum, umferðalögunum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

1946 $^{12}/_{2}$ Kærður fyrir tékksvik. Fellt niður, með því að kærði innleysti kröfuna með 100 krónum.

1946 $^{17}/_{9}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 10 daga varðhald og sviptur ökuskírteini ævilangt fyrir ölvun við bifreiðarakstur.

1946 $^{13}/_{9}$ Reykjavík, sátt, 50 kr. sekt fyrir ógætilegan bifreiðaakstur.

1946 $^{29}/_{10}$ Reykjavík, sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1947 $^{28}/_{4}$ Reykjavík. Kærður fyrir ölvun í bifreið og vanskil á ökugjaldi. Lokið með því að kærði greiddi kröfuna.

1947 $^{16}/_{7}$ Reykjavík. Dómur aukaréttar, 4 mánaða fengelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. og 247. gr. 1. mgr. hegningarlaganna.

1927 $^{2}/_{9}$ Dómur aukaréttar Ísafjarðar, 3 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 230 gr. hegningarlaganna.

Málavextir eru þessir:

29. ágúst s. l. tilkynnti Ingimar Þorsteinsson járnsmiður, Kaplaskjólsvegi 11 hér í bæ, rannsóknarlögreglunni, að nokkra undanfarna mánuði hefðu ýms verkfæri horfið úr járnsmiðju hans á Nýlendugötu 14 hér í bæ. Um mánaðamótin apríl—maí s. l. hefði rafmagnsborvél horfið þaðan, snemma í ágúst bíltjakkur og pumpa, seinustu vikurnar alls konar skrúflyklar og skífumál og um næstu helgi á undan rafmagnsslípivél, allt að 1000 króna virði.

Hafi Kristján Hafsteinn Ólafsson járnsmiður, Brekkustíg 4 hér í bæ, átt rafmagnsborvélina, og hefur hann borið það, að hann hafi keypt hana í sölubúð Slippfélagsins á Mýrargötu 2 hér í bæ s. l. vetur, ekki síðar en í marz, en hann man ekki, hvort það var fyrir eða eftir áramót. Minnir hann, að maður að nafni Sigurgeir Kristjánsson hafi afgreitt hann, en man ekki til þess að aðrir væru þá viðstaddir. Verð vélarinnar hafi verið 304 krónur, og hafi hann haft orð á því við afgreiðslumanninn, hvers vegna hann hefði það ekki 5. Kaupverðið hafi hann greitt þegar í stað og ekki fengið neina sölunótu. Hann hafi notað vélina lítið sem ekkert og haft hana fyrstu 3—4 mánuðina heima hjá sér, en þá fékk hann að geyma hana í lítilli ólæstri skrifstofukompu í járnsmiðju Ingimars Þorsteinssonar á Nýlendugötu 14, og var kompan aðeins afþiljaður hluti af járnsmiðjunni. Var því greiður gangur fyrir starfsmennina í járnsmiðjunni inn í kompuna. Karl Kristján Hafsteinn kveður, að vélin hafi þá verið lykilslaus, og hafi hann sjálfur geymt lykilinn. Þá hafi hann verið búinn að taka hina amerísku kló, sem hafi verið á snúru vélarinnar, og setja í staðinn kló, sem hann hafi átt í fórum sínum frá gamalli tíð. Hann og Ingimar Þorsteinsson hafa báðir borið það, að nokkrum dögum eftir að vélin hafi verið lögð í kompuna, hafi sá fyrrnefndi ætlað að vitja hennar þar, en þá hafi hún verið horfin. Hafi þetta verið um mánaðamót apríl og maí, en þó máske nokkru fyrir eða eftir þau.

Laust fyrir mánaðamót ágúst—september s. l. frétti Ingimar, að einn af starfsmönnum hans, ákærði Haraldur Kjartansson, hefði sett rafmagnsborvél að handveði í Söluskálann við Lindargötu hér í bæ, og sagði hann Karli Kristjáni Hafsteini frá þessu. Komust þeir að raun um, að það var rétt, að ákærði hafði sett þar rafmagnsborvél að handveði. Skoðuðu þeir Ingimar og Karl Kristján Hafsteinn vélina, og taldi sá síðarnefndi að þetta væri vél sín, er hann hafði fengið að geyma hjá hinum fyrrnefnda. Leiddi þetta til þess, að málið var tilkynnt til rannsóknarlögreglunnar, sem tók vélina í vörzlur sínar.

Karl Kristján Hafsteinn hefur borið það, að hann sjái ekki betur en að vél sú, sem ákærði veðsetti í Söluskálanum, sé eins og vélin, sem hann geymdi í kompunni á Nýlendugötu 14, og sé á henni kló sú, sem hann hafi sett á sína vél. Hefur hann lagt fram amerísku kló, sem hann kveðst hafa tekið af rafmagnssnúru vélarinnar, og aðra kló, sem hann telur sömu tegundar og sams konar

og kló sú, sem nú sé á rafmagnssnúrunni, og loks lykilinn að vélinni.

Ingimar Þorsteinsson kveðst aldrei hafa séð borvélina, sem Karl Kristján Hafsteinn fékk að geyma hjá honum, og geti hann því ekki borið um, hvort það sé vél sú, sem ákærði setti að handveði í Söluskálanum.

Karl Kristján Hafsteinn hefur borið það, að tveimur eða þremur dögum eftir að hann gaf rannsóknarlögreglunni skýrslu um mál þetta, hafi ákærði komið til hans á vinnustað hans í Hamri hér í bæ. Þar hafi þeir vegna hávaða í vél farið afsíðis inn á salerni til að geta talazt við og hafi engir vottar verið við. Í samtali þessu hafi ákærði sagt þessa setningu: „Nú ertu búinn að finna helvítis vélina þína." Hafi ákærði lagt fast að honum að breyta framburði sínum í málinu, þannig, að hann segði, að við nánari athugun sæi hann, að þetta væri ekki borvél hans. Hafi ákærði lýst því átakanlega, hvað það væri voðalegt fyrir hann að lenda í máli þessu. Í lok samtalsins hafi ákærði sagt: „Þú getur þó alltaf sagt, að þú hefðir lánað mér hana (þ. e. borvélina) í fylliríi."

Karl Kristján Hafsteinn hefur unnið eið að framburði sínum.

Ákærði hefur unnið í járnsmiðju Ingimars Þorsteinssonar við og við í 15—16 ár og að staðaldri s. l. 3 ár, þar á meðal á þeim tíma, þegar borvél Karls Kristjáns Hafsteins hvarf þaðan. Ákærði kveðst hafa vitað af því, að hann átti borvél geymda um þetta leyti í ólæstri skrifstofukompu í smiðjunni, en hefur eindregið neitað því að vera valdur að hvarfi hennar eða að hann hafi tekið nokkra muni að ófrjálsu úr járnsmiðju Ingimars. Ákærði skýrir frá því, að hann hafi oft komið í sölubúð Slippfélagsins á Mýrargötu 2, einkum í erindum fyrir Ingimar til að kaupa bolta og skrúfur, en einnig einstöku sinnum í eigin erindum. Hann hafi, að hann minnir, í ágúst eða eitthvað fyrr um sumarið 1946 keypt rafmagnsborvél fyrir sjálfan sig í nefndri sölubúð fyrir 260—270 krónur. Hafi hann greitt kaupverðið út í hönd og enga sölunótu fengið, en hann muni ekki hver afgreiddi hann eða hvort nokkrir aðrir hafi þá verið viðstaddir. Hann hafi notað vélina litils háttar heima hjá sér, en hvergi annars staðar. Nokkru eftir kaup vélarinnar hafi hann sett hana Sigurði Berndsen kaupmanni, Grettisgötu 71 hér í bæ, að handveði fyrir 100 króna láni, sem hann hafi fengið hjá honum. Hafði hann þá ekki skipt um lit á vélinni eða breytt henni á nokkurn hátt, að því undanteknu, að hann hafi verið búinn að setja sjálfur nýja kló á rafmagnssnúruna við hana, því að klóin, sem upphaflega hafi fylgt henni, hafi verið fyrir ameriska stungu, svo og af því, að hann hafi viljað fá lengri snúru, sem þó varð ekki úr. Hann kveðst ekki muna hvar eða hvenær hann fékk hina nýju kló, en hann hafi verið búinn að eiga hana í nokkurn tíma. Vélin hafi verið hjá Sigurði þangað til snemma s. l. vor, og nokkrum dögum eftir, eða rétt strax á eftir að hann skilaði ákærða henni,

hafi ákærði sett hana ásamt skrúfstykki að handveði hjá Hjálmtý Guðvarðarsyni í Söluskálanum á Klapparstíg hér í bæ fyrir 200 krónum, að því ákærða hefur minnt. Hjálmtýr Guðvarðarson og Einar Björn Sigvaldason, starfsmaður hans, hafa hins vegar borið, að samkvæmt bókum Söluskálans hafi 150 krónur verið greiddar 15. apríl s. l. fyrir „þor og fl.“, og hafi peningar ekki í annað skipti verið greiddir út á borvél. Hljóti því hér að vera átt við borvél ákærða, og hefur ákærði ekki viljað véfengja þessa frásögn þeirra.

Nokkru síðar kom ákærði aftur til Hjálmtýs og var þá með hnakk meðferðis, sem hann afhenti honum gegn 100 króna greiðslu, en borvélina leysti hann ekki út. Fjallar seinasti refsidómur ákærða frá 16. júlí s. l. einmitt um hnakk þenna, sem ákærði átti ekki og veðsetti án heimildar.

Ákærði kveður, að 1. september s. l. hafi Ingimar Þorsteinsson skýrt honum frá því, að Karl Kristján Hafsteinn teldi sig vera búinn að finna borvél þá, sem hann hefði saknað í nokkurn tíma, og væri það vélin, sem ákærði hefði sett að veði í Söluskálanum. Ákærði kveðst þá hafa farið í vélsmiðjuna Hamar hér í bæ, þar sem Karl Kristján Hafsteinn vann, og spurt hann að því, hvort hann teldi sig vera búinn að finna borvél sína. Hafi hann kveðið svo vera. Ákærði neitar því að hafa viðhaft þau orð, sem Karl Kristján Hafsteinn hefur eftir honum við þetta tækifæri og að ákærði hafi lagt að honum, að hann bjargaði honum út úr málinu, svo og að hann hafi lagt fast að honum að henn breytti framburði sínum í málinu. En ákærði viðurkennir að hafa sagt honum, að það kæmi sér illa fyrir hann (ákærða) að lenda í yfirheyrslum, og að hann muni ekki svo nákvæmlega, hvernig orð hans féllu í viðtalinu, að hann treysti sér til að tilfæra þau orðrétt.

Sigurður Berndsen hefur borið það, að fyrst á árinu 1946 og alls ekki síðar en í febrúar, hafi hann lánað ákærða 100 krónur og fengið rafmagnsborvél að handveði til tryggingar láninu. Hann hafi ekki tekið eftir því, að lykill fylgdi með vélinni, sem hafi verið eins og bronsuð að utan með sérstöku bronsi, og því hrjúf að utan. Ákærði hafi leyst vélina út seinni hluta sumars sama ár, en Sigurður kveðst þá ekki hafa fundið vélina, og hafi hann ekki afhent honum hana fyrr en í apríl eða maí s. l. Hann kveðst hvergi hafa ritað niður, hvenær hann tók við vélinni og skilaði henni aftur. Hefur Sigurði verið sýnd borvélin, sem ákærði veðsetti í Söluskálanum, og hefur hann, að lokinni athugun á henni, borið það, að það sé ekki sama borvél og hann fékk að handveði hjá ákærða, því að sú fyrrnefnda sé slétt að utan og óbronsuð, svo og, að því er hann minni ,ekki eins stór. Ákærði kveður hins vegar, að lykill hafi fylgt vél þeirri, sem hann veðsetti Sigurði, og hafi lykillinn verið bundinn við snúruna hjá klónni. Þá neitar hann því, að hann hafi bronsað þá vél eða að hún hafi verið bronsuð.

Rétturinn hefur tilnefnt þá Guðjón Guðmundsson starfsmann

hjá rafmagnseftirliti ríkisins og Eirík Ormsson rafvirkjameistara til að skoða þær tvær klær og lykil, sem Karl Kristján Hafsteinn Ólafsson hefur lagt fram í málinu, og bera saman við rafmagnsborvél þá, sem ákærði veðsetti í Söluskálanum. Hafa þeir skilað skriflegu áliti, sem þeir hafa staðfest fyri rréttinum, og hljóðar þannig:

„Reykjavík, 26. sept. 1947. Við undirritaðir, tilnefndir af yður hinn 19. þ. m., vegna réttarrannsóknar yfir Haraldi Kjartanssyni, höfum gert athuganir á eftirtöldum gögnum, sem við tókum við hjá yður:

1) Rafmagnsborvél, merkt: 220 volts U.S. — Current A.C. or D.C. Type 14 A.R.S. — Capacity 1/4 — R. M. P. 2500 — Amps 9 — Serial no 306186 — The United States Electrical Tool Co. Cincinnati, 0. U.S.A.
2) Hluta af kvísl — aðeins einangrunin, en ekki tindar — merkt: Belden Cicago pat. Appld. For.
3) Kvísl, merkt D 6 A 250 v.
4) Lausan lykil fyrir bor „patronu"

Niðurstaðan af athugunum okkar eru þessi:

I. a) Þrátt fyrir ítrekaðar eftirgrennslanir hefur okkur ekki tekizt að fá óvéfengjanlegar upplýsingar um nákvæma tegund þeirra upphaflegu kvísla, sem voru á aðtaugum þessara borvéla frá verksmiðjunni, og þær væntanlega hafa verið seldar með hér.

b) Kvísl sú, er var á aðtaug tækisins, þegar við tókum við því, merkt 6 A, 250 V.K., er með sívölum tindum og einangrun úr svörtu „bakalite", algengur evrópiskur „standard", þegar er kvísl af gamalli gerð, sem okkur er ekki kunnugt um að flutzt hafi til landsins árum saman. Kvíslin virðist enn fremur bera þess merki að hafa alloft verið tengd á taugar. Það eru engar líkur fyrir, að þessi kvísl hafi verið á tækinu, þegar það var keypt.

c) Á aðtaug þessa tækis hefur í upphafi án efa verið kvísl af „ameriskri" gerð, kvísl með flötum tindum. Aðtaugin ber þess merki að hafa verið tin-kveikt við kvíslartindana.

d) „Belden" kvíslin er af ameriskri gerð fyrir flata tinda, en eins og að framan getur, fylgdu tindarnir ekki með henni, en allar líkur benda til þess að þeir hafi verið gerðir fyrir kveikingu aðtaugar, en ekki gert ráð fyrir skrúfufestingu. Einnig er þessi kvísl gerð með gegntaksgati fyrir grunntengingartaug og má ætla, að slík kvísl hafi verið á tækinu. Teljum við mjög sennilegt, að á aðtaug tækisins, þegar það var keypt, hafi verið kvísl af slíkri gerð og „Belden" kvíslin. Hins vegar eru þetta all algengar kvíslar, sem flutzt hafa inn með ameriskum handverkfærum.

Hinar kvíslarnar báðar, eru eins og fyrr segir, af gamalli

gerð, en voru mjög algengar hér á landi fyrir 8—12 árum síðan, og er vafalaust allmikið í gangi af þeim enn þá. Þær eru hins vegar ekki báðar af nákvæmlega sömu tegund.

II. Lykill sá að „patrónu" vélarinnar, sem við fengum í hendur, virðist ganga greiðlega að henni og er merktur sama firma — Jakobs — og sömu tölu, 7. Það eru því allar líkur fyrir, að hann sé frá vél með sams konar „Patrónu" og þessi er."

Starfsmenn þeir, sem hafa verið sölubúð Slippfélagsins á Mýrargötu 2 síðan í marz 1946, þeir Magnús Jónsson verzlunarstjóri og Sigurgeir Kristjánsson, Jóhann Ingvarsson og Guðbrandur Þorsteinsson verzlunarmenn hafa borið vitni í málinu. Magnús Jónsson hefur upplýst það, að vélar af sömu stærð og gerð og sú borvél er, sem ákærði veðsetti í Söluskálanum frá United States Electrical Tool Company, hafi verið til sölu í verzluninni árin 1946 og 1947, eins og hér segir:

24. janúar 1946 8 stk. og útsöluverð vélar ..... kr. 304.30
29. október 1946 10 stk. og útsöluverð vélar ..... — 293.40
8. febrúar 1947 6 stk. og útsöluverð vélar ..... — 302.20

Séu vélar þessar af minnstu gerð, óbronsaðar og með ameriskri kló, eins og klóin, sem Karl Kristján Hafsteinn hefur lagt fram í málinu.

Verzlunarmennirnir þrír kannast allir vel við ákærða, því að hann hafi mjög oft komið í verzlunina til að kaupa bolta og skrúfur fyrir Ingimar Þorsteinsson, sem hefur verkstæði þarna skammt frá, og fullyrða þeir allir hver í sínu lagi, að þeir hafi ekki selt ákærða rafmagnsborvél eða vitað til þess, að hann keypti slíka vél í verzluninni. Verzlunarstjórinn Magnús kannast ekki við ákærða og getur því ekki sagt, um hvort hann muni hafa keypt rafmagnsborvél í verzluninni, en hann man ekki til þess að svo hafi verið.

Verzlunarstjórinn og verzlunarmennirnir allir þrír kannast hins vegar vel við Karl Kristján Hafstein Ólafsson. Kveðst verzlunarstjórinn muna það alveg greinilega að hann hafi fastlega verið að ráðgera seint á árinu 1946 eða allra fyrst á árinu 1947 að kaupa um 300 króna rafmagnsborvél, þ. e. vél frá United States Electrical Tool Company í verzluninni, og muni Sigurgeir Kristjánsson hafa afgreitt hann með vélina. Heldur verzlunarstjórinn, að vél sú, sem Karl Kristján Hafsteinn muni hafa keypt, hafi verið úr sendingu þeirri, sem kom í verzlunina 7. febrúar s. l., og tekur fram, að þar á undan hafi vélarnar ekki fengizt í tæpa tvo mánuði. Þá sé engan veginn útilokað, að vélin hafi verið seld honum á 304 krónur sakir misminnis manns þess, sem afgreiddi hann, um verð vélarinnar, enda margs konar verð á vörum í verzluninni, og verðið ekki skrifað við hvern hlut.

Sigurgeir Kristjánsson hefur borið það, að Karl Kristján Hafsteinn hafi seinni hluta s. l. árs verið fastlega að ráðgera að kaupa eins rafmagnsborvél og þá, sem ákærði veðsetti í Söluskálanum.

Minnir hann, að úr þessum kaupum hafi orðið eftir s. l. áramót, þó að hann geti ekki beinlínis fullyrt um það, vegna þess hve langt sé um liðið síðan. Slíkar vélar hafi þá kostnað rúmlega 302 krónur, en vera megi, að sakir misminnis hafi einhverjum verið seld vél á 304 krónur.

Guðbrand Þorsteinsson minnir, að Karl Kristján Hafsteinn hafi einhvern tíma verið að hugsa um að kaupa rafmagnsborvél í verzluninni, en veit ekki fyrir víst, hvort nokkuð hafi orðið úr því. Jóhann Ingvarsson veit ekki til þess, að Karl Kristján Hafsteinn hafi keypt rafmagnsborvél í verzluninni.

Verður nú athugað, hvort ákærði hefur brotið gegn þeim lagaákvæðum, sem mál þetta hefur verið höfðað gegn honum fyrir brot á.

Eins og áður hefur verið drepið á, kveðst ákærði hafa keypt rafmagnsborvél þá, sem hann veðsetti í Söluskálanum, í sölubúð Slippfélagsins á Mýrargötu 2, að hann minnir í ágúst eða eitthvað fyrr um samarið 1946 og hafi verð vélarinnar verið 260—270 krónur. Upplýst er þó, að engar borvélar voru seldar í verzluninni á þeim tíma með því verði, og samkvæmt því, sem allir starfsmenn verzlunarinnar fullyrða, hafa þeir ekki selt honum slíka vél. Þá kveðst ákærði hafa veðsett Sigurði Berndsen vélina nokkru eftir að hann hafi keypt hana og hafi hann þá ekki verið búinn að breyta henni á nokkurn hátt, nema setja nýja kló á snúru hennar. Sigurður staðhæfir hins vegar, að það hafi alls ekki verið síðar en í febrúar 1946, sem ákærði hafi veðsett honum rafmagnsborvél, og hafi það ekki verið sú vél, sem ákærði veðsetti í Söluskálanum, því að hin fyrrnefnda hafi verið bronsuð að utan með sérstöku bronsi og því hrjúf að utan, en hin síðarnefnda er slétt að utan og óbronsuð, auk þess sem hann minni, að sú hafi ekki verið eins stór og hin fyrrnefnda. Loks kveðst Sigurður ekki hafa tekið eftir því, að lykill hafi fylgt vélinni, en ákærði hefur haldið því fram, að svo hafi verið.

Á hinn bóginn telur Karl Kristján Hafsteinn Ólafsson, að vél sú, sem ákærði veðsetti í Söluskálanum, sé eins vél og vél sín, sem hann geymdi í kompunni hjá Ingimar Þorsteinssyni, og kveðst hann hafa keypt vélina fyrir 304 krónur í sölubúð Slippfélagsins á Mýrargötu 2 s. l. vetur, ekki síðar en í marz, og minnir hann, að Sigurgeir Kristjánsson hafi afgreitt hann. Styrkja framburðir starfsmanna verzlunarinnar mjög framburð hans um kaup vélarinnar, því að bæði verzlunarstjórann og Sigurgeir minnir, að hann hafi keypt vél í verzluninni eftir s. l. áramót, þegar verð þeirra var kr. 302.20, en vera megi, að honum hafi verið gert að greiða 304 krónur vegna misminnis um verðið. Þá hefur Karl Kristján Hafsteinn lagt fram lykil, sem hann kveður vera að umræddri vél, kló, sem hann hafi tekið af snúru vélarinnar, svo og aðra kló, sem hann telur að sé sömu gerðar og kló sú, sem sé á snúru vélarinnar.

Samkvæmt álitsgerð hinna dómkvöddu manna, þeirra Guðjóns Guðmundssonar og Eiríks Ormssonar, hefur ákærði að vísu ekki lagt fram kló af nákvæmlega sömu tegund og sú er, sem nú er á snúrunni, og ekki er heldur sannað svo að óyggjandi sé, að hann hafi lagt fram lykil vélarinnar og kló þá, sem upphaflega var á snúru hennar, en þó er ekki aðeins vel mögulegt, heldur einnig eftir atvikum ekki ósennilegt, að svo sé. Loks hefur ákærði mótmælt því að hafa viðhaft orð þau, sem Karl Kristján Hafsteinn hefur eftir honum í samtali þeirra í Hamri, og að hafa þá kannazt við að hafa tekið borvélina úr kompunni, en hefur þó viðurkennt, að hann muni ekki svo nákvæmlega, hvernig orð hans féllu í samtalinu, að hann treysti sér til að tilfæra þau orðrétt.

Þau atriði, sem nú hafa verið greind og borin saman úr framburðum þeirra, sem yfirheyrðir hafa verið, og öðru því, sem komið hefur fram í málinu, þykja sýna ekki einungis það, að framburður ákærða um það, hvernig og hvenær hann hafi fengið borvél þá, sem hann veðsetti í Söluskálanum, sé rangur, heldur einnig það, að sú vél sé einmitt borvél Karls Kristjáns Hafsteins, sem hvarf úr kompunni í járnsmiðju Ingimars Þorsteinssonar. Þegar svo hér við bætist það, að ákærði hefur sjö sinnum sætt refsingu fyrir þjófnað, vann í járnsmiðjunni á þeim tíma, er vélin hvarf þaðan, og hann vissi af vélinni í kompunni, sem var ólæst, svo og að hann hafði lykil að járnsmiðjunni og gat því komizt inn í hana hvort heldur að nóttu eða degi og þá þar með einnig inn í kompuna, verður að telja, að nægileg sönnun sé fram komin fyrir því, að ákærði hafi tekið vélina þar, og þá í þeim tilgangi að slá eign sinni á hana. Varðar sú háttsemi hans við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, og þykir refsing hans, með hliðsjón af fyrri afbrotaferli hans, hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði var í gæzluvarðhaldi vegna máls þess frá 3. september s. l. til 7. þ. m., en eigi þykja skilyrði vera fyrir því að gæzluvarðhaldið komi til frádráttar refsingunni samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði Haraldur Kjartansson sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 9. apríl 1948.

Nr. 147/1946. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Kristjáni G. Gíslasyni, Arnbirni Óskarssyni og Lárusi Guðjóni Lúðvígssyni
(Hrl. Egill Sigurgeirsson).

Galli á málshöfðun. Ómerking dóms.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi 6. apríl 1946 endursendi dómsmálaráðuneytið sakadómaranum í Reykjavík endurrit réttarrannsóknar, er hann hafði haldið út af ætluðu verðlagsbroti heildverzlunarinnar Kristjáns Gíslasonar & Co. h/f. Jafnframt lagði ráðuneytið fyrir sakadómara að halda áfram rannsókn málsins og höfða síðan mál gegn þeir Kristján G. Gíslasyni, Laufásvegi 64, Lárusi G. Lúðvígssyni, Hringbraut 191, og Arnbirni Óskarssyni, Víðimel 48, fyrir brot gegn „verðlagslöggjöfinni, gjaldeyrislöggjöfinni og XV. kafla hegningarlaganna.“ Hinn 9. apríl 1946 komu ákærðu fyrir lögregludóm Reykjavíkur. Þar var þeim birt bréf ráðuneytisins og tilkynnt, að mál væri höfðað gegn þeim fyrir brot gegn „XV. kafla hegningarlaganna nr. 19 12. febrúar 1940, verðlagslöggjöfinni og gjaldeyrislöggjöfinni.“ Sama dag var aukaréttarstefna gefin út og birt hinum ákærðu. Í stefnunni er því lýst, að mál sé höfðað fyrir brot gegn „verðlagslöggjöfinni og gjaldeyrislöggjöfinni“ auk nefnds kafla hegningarlaganna.

Í skipan dómsmálaráðuneytisins, tilkynningu dómara um málshöfðun og stefnu er eigi vitnað til tiltekinna og ákveðinna lagaákvæða, er ákærðu séu sóttir eftir, að því er ætlað brot þeirra gegn verðlags- og gjaldeyrislöggjöf varðar. Þetta

er slíkur megingalli á meðferð málsins, að ekki þykir verða hjá því komizt að ómerkja héraðsdóminn.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, á hendur ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, kr. 1800.00 og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur.

Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda í héraði, Egils hæstaréttarlögmanns Sigurgeirssonar, kr. 1800.00, og laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 2000.00 til hvors.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 24. september 1946.

Ár 1946, þriðjudaginn 24. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 1204—1206/1946: Réttvísin og valdstjórnin gegn Kristjáni G. Gíslasyni. Arnbirni Óskarssyni og Lárusi Guðjóni Lúðvígssyni, sem tekið var til dóms 30. ágúst sama ár.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Kristján G. Gíslasyni stórkaupmanni, Laufásvegi 64, Arnbirni Óskarssyni framkvæmdarstjóra, Víðimel 48, og Lárusi Guðjóni Lúðvígssyni framkvæmdarstjóra, Hringbraut 191, fyrir brot gegn XV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, verðlagslöggjöfinni og gjaldeyrislöggjöfinni.

Ákærði Kristján G. Gíslason er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 6. marz 1909. Hinn 9. desember 1931 og 24. september 1937 hefur hann sætt áminningu fyrir brot gegn samþykkt um bifreiðarstæði, en að öðru leyti hefur hann eigi sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Ákærði Arnbjörn Óskarsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 30. nóvember 1914. Hinn 31. júlí 1937 sætti hann 15 króna sekt fyrir brot gegn umferðarreglum. Hinn 6. janúar 1941 sætti hann 30 króna sekt fyrir brot gegn umferðarreglum og ljósleysi á bifreið. Hinn 28. apríl 1941 var hann dæmdur í 200 króna sekt og sviptur bifreiðarstjóraréttindum í 6 mánuði fyrir brot

gegn 21. gr. sbr. 39. gr. laga nr. 33 9. janúar 1935 og 5. gr. 3. mgr, 9. gr. 2. mgr. og 15. gr. sbr. 14. gr. laga nr. 70 8. september 1931. Að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Ákærði Lárus Guðjón Lúðvigsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 30. marz 1914. Hinn 13. apríl 1942 sætti hann 50 króna sekt fyrir brot gegn 4. gr. reglugerðar nr. 43 7. marz 1939, en að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Hinn 7. janúar 1942 var hlutafélagið Kristján G. Gíslason & Co h/f skráð í hlutafélagaskrá Reykjavíkur, og var stjórn félagsins þá skipuð ákærðu og hefur svo verið síðan. Hefur ákærði Kristján frá upphafi verið formaður félagsstjórnarinnar og framkvæmdarstjóri félagsins, en ákærðu Arnbjörn og Lárus meðstjórnendur. Hver ákærðu hefur frá stofnun félagsins átt 16 þúsund króna hlutafé í félaginu, eða samtals 48 þúsund krónur, en allt hlutafé hefur numið 51 þúsundi króna. Félagið hefur frá stofnun sinni rekið heildsöluverzlun hér í bænum.

Í verðlagningarreglum, útgefnum 11. marz 1943, segir svo í 2. tölulið: „Hafi verzlun umboðsmann eða útibú erlendis til þess að annast þar vörukaup fyrir sig, má verzlunin bæta allt að 5% af innkaupsverði vörunnar við verð hennar eftir að álagningu hefur verið bætt við kostnaðarverð, ef skilríki eru sýnd fyrir því, að umboðsmaðurinn eða útibúið hafi annazt innkaup vörunnar.“ Verðlagningarreglur þessar voru úr gildi felldar hinn 6. október 1943 og þá gefnar út nýjar verðlagningarreglur, og er 2. töluliður þeirra svo hljóðandi: „Hafi verzlun umboðsmann eða útibú erlendis til að annast þar vörukaup fyrir sig, má verzlunin bæta allt að 5% af innkaupsverði vörunnar við verð hennar, eftir að hún hefur verið verðlögð samkvæmt því, sem segir undir 1.“ Í 1. tölulið þessara reglna eru taldir þeir kostnaðarliðir, sem innflytjendum er, auk innkaupsverðs, heimilt að miða álagningu við. Hinn 31. marz 1944 var gefinn út svo hljóðandi viðauki við þessar reglur: „Verðlagningin skal jafnan byggð á vörureikningi frá erlendum seljanda.“ Áður en þessi regla kom til framkvæmda, hafði tíðkazt, að umboðsmenn íslenzkra fyrirtækja, þeir er vestanhafs voru, sendu vörur hingað til lands með vörureikningum, sem þeir gáfu út sjálfir. Til að ganga úr skugga um, hvort áðurnefndum verðlagningarreglum hefði verið hlýtt og þá hve mikil brögð hefðu verið að brotum gegn þeim, voru hlutaðeigandi fyrirtækjum gefin fyrirmæli í apríl 1944 um að skila verðlagsstjóra frumvörureikningum um þær vörusendingar, sem sendar höfðu verið hingað með vörureikningum íslenzkra borgara í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Í kæru á hendur Kristjáni G. Gíslasyni & Co. h/f, dagsettri 18. janúar 1945, skýrði verðlagsstjóri svo frá, að sér hafi borizt frá félaginu frumvörureikningar fyrir 98 vörusendingum, samtals að

innkaupsverði kr. 768 012.50, og að við samanburð á þessum reikningum og reikningum þeim, sem útibú félagsins í New York hafi sent með vörunum hingað til lands, en verðlagning varanna var byggð á þeim, hafi komið í ljós, að álagning útibúsins hafi verið hærri en heimilað hafi verið og nemi mismunur þessi kr. 5 703.15 á áðurnefndum 98 vörusendingum. Hins vegar vanti frumvörureikninga um 99 vörusendingar, að innkaupsverði samtals kr. 543 269.60. Hinn 19. janúar 1945 var úrskurðuð rannsókn á skjölum og bókum félagsins, og við rannsókn þessa tók rétturinn í sínar vörzlur allmörg skjöl, er vera kynnu til upplýsingar máli þessu. Hinn 27. janúar 1945 var hrl. Ragnari Ólafssyni, löggiltum endurskoðanda, falin endurskoðun hjá félaginu til upplýsingar máli þessu. Í lokaskýrslu sinni um mál þetta, dagsettri 22. nóvember 1945, skýrir endurskoðandinn svo frá, að athuguð hafi verið álagning félagsins á vörur, sem það hafi flutt inn frá Ameríku og tollaðar hafi verið og verðlagning þeirra samþykkt af verðlagsstjóra á tímabilinu frá 11. marz 1943 fram í ársbyrjun 1945. Með lokaskýrslu þessari fylgdi sundurliðuð skrá yfir þessar vörur og sýndi skráin ólöglega álagningu kr. 9.520.44 á þær vörusendingar, sem frumvörureikningum hafði verið skilað fyrir, og er þá gengið út frá, að fyrirtækið Kristján G. Gíslason & Co. í New York hafi verið útibú félagsins. Innflutningur félagsins á áðurnefndu tímabili nam 247 593.75 dollurum, en frumvörureikningum hafði félagið eigi skilað verðlagsstjóra fyrir vörum, er voru að innkaupsverði 95 039.22 dollarar, og nemur það rúmum 38% af innflutningi félagsins á tímabilinu. Ákærði Kristján hefur fyrir félagsins hönd farið yfir áðurnefnda skrá endurskoðandans, þar sem fram kemur upphæð ólöglegs hagnaðar, kr. 9 520.44, og hefur viðurkennt skrána tölulega rétta, en hins vegar hefur hann mótmælt því, að upphæð þessi sé ólöglegur hagnaður. Þau mótmæli reisir hann fyrst og fremst á þeim rökum, að fyrirtækið Kristján G. Gíslason & Co í New York, sem verðlagsstjóri og endurskoðandinn ganga út frá, að hafi verið útibú félagsins, sé það ekki og hafi aldrei verið, heldur sjálfstæð útflutningsverzlun í New York, er lúti þarlendum lögum og sé óháð íslenzkum verðlagsákvæðum. Þar sem yfirgnæfandi meiri hluti þeirra vara, er félagið hefur fengið frá Ameríku á áðurnefndu tímabili, er frá fyrirtæki þessu, skiptir það megin máli, hvort fyrirtækið hefur verið útibú félagsins eða ekki, og skal nú vikið að því atriði. Samkvæmt skýrslu ákærða Kristjáns hafði félagið mjög óveruleg viðskipti við Ameríku fyrir 1942, en á því ári fór hann til New York til að greiða fyrir framtíðarviðskiptum við Ameríku. Í því skyni stofnaði hann þar í borg fyrirtækið Kristján G. Gíslason & Co., sem á þeim tíma, er hér skiptir máli, var einkaeign hans, og var það skrásett sem slíkt þar í borg. Liggur fyrir bandarískt embættisvottorð um þetta og skrásetning hafi farið fram í marzbyrjun 1942. Enn fremur liggur fyrir vottorð frá The

National City Bank of New York um, að fyrirtækið hafi stofnað reikning í aðaldeild bankans 9. desember 1942, þegar hann (reikningurinn) fluttist frá útibúi bankans, og hafi ákærði Kristján þá tilkynnt bankanum, að fyrirtæki þetta starfaði sem eins manns eign og væri skráð á nafn ákærða hjá fylkisritara. Ákærði heldur því fram, að fyrirtæki þetta greiði skatta og skyldur í New York. Fyrirtæki þessu hefur frá upphafi veitt forstöðu sami maðurinn, Guðmundur Árnason, er ákærði Kristján réði til þess starfa. Fyrirtæki þetta hefur sérstakt bókhald og er talið meðal viðskiptamanna í bókum félagsins og auk þess sem það hefur útvegað félaginu vörur, hefur það selt ýmsum öðrum verzlunum hér í bæ vörur. Ákærði Arnbjörn og Lárus halda því fram, að félagið eigi ekki fyrirtæki þetta og að þeir hafi aldrei verið kvaddir til ráða um það og telja þeir, að ákærði Kristján eigi það einn.

Gagnstætt því, sem nú hefur verið rakið, hafa verðlagsstjóri og viðskiptaráð litið svo á, að fyrirtækið væri eign félagsins og í bréfi til félagsins, dagsettu 20. maí 1944, heldur verðlagsstjóri þessu fram. Í þessu bréfi reisir hann þessa skoðun sína á þeim rökum, að í bréfhaus félagsins sé margnefnt fyrirtæki talið útibú þess og að á bréfhaus fyrirtækisins standi: Head Office, Reykjavík, Iceland. Þetta er rétt, og í bréfaskiptum þessara aðilja er orðum margoft svo hagað, að eigi verður annað séð en fyrirtækið vestra hafi útibúsafstöðu gagnvart félaginu. Ákærði Kristján segir sér vera ljóst, að í bréfaskiptum hafi eigi verið gerður svo glöggur munur sem skyldi á fyrirtækjunum og að Guðmundur Árnason hafi ætíð stílað verzlunarbréf sín til félagsins, en ekki ákærða Kristjáns sjálfs, en þetta telur hann stafa af því, að Guðmundur hafi vitað, að ákærði vann hjá félaginu og annaðist þar allar bréfaskriftir. Af hálfu ákærðu er á það bent, að eigi geti það ráðið um eignarrétt að fyrirtækinu, hvað prentað sé á bréfahausana. Er það að vísu rétt, en samt geta þessi atriði veitt mikilsverðar bendingar um hið rétta í þessum efnum.

Af framanskráðu getur rétturinn eigi annað séð en að álitamál sé, hvort Kristján G. Gíslason & Co. í New York sé eða hafi verið útibú frá Kristjáni G. Gíslason & Co. h/f hér eða sérstakt fyrirtæki. Bæði verðlagsstjóri og Viðskiptaráð annars vegar og ákærðu hins vegar hafa nokkuð til síns máls. Það er ljóst, að Kristján G. Gíslason & Co. er formlega sjálfstætt fyrirtæki, eign ákærða Kristjáns eins, en ekki félagsins og skrásett sem slíkt í Bandaríkjunum. Af þessum ástæðum og gegn eindreginni neitun ákærðu þykir réttinum varhugavert að telja fyrirtækið útibú félagsins, eins og verðlagsstjóri og Viðskiptaráð telja það vera, og verður því gengið út frá því, að Kristján G. Gíslason & Co sé ekki og hafi ekki verið útibú frá Kristján G. Gíslason & Co. h/f. Hins vegar er ljóst, að fyrirtæki þetta hefur verið umboðsmaður félagsins vestanhafs, og

var félaginu því heimil 5% álagning vegna umboðsins á þær vörur, er fyrirtækið útvegaði því.

Áðurnefndri upphæð, kr. 9 520.44, sem endurskoðandinn taldi vera ólöglegan hagnað félagsins, má skipta í þrennt.

1. Kr. 6 596.10, sem talin er ofálagning á vörur, sem voru undir ákvæðum um hámarksálagningu.
2. Kr. 2 424.98, sem talin er ofálagning á vörur, sem ekki voru undir sérstökum hámarksákvæðum.
3. Kr. 499.36, commission.

Nú er það svo um alla þessa liði, að þeir eru af endurskoðanda talir ólöglegur ágóði félagsins á þeim grundvelli, að Kristján G. Gíslason & Co. hafi verið útibú félagsins hér. Þessar upphæðir hafa allar runnið til Kristjáns G. Gíslasonar & Co. og tveir fyrri liðirnir eru álagning þess fyrirætkis, en ekki álagning hér innanlands. Gengið er út frá því samkvæmt framansögðu, að Kristján G. Gíslason & Co. hafi verið sjálfstætt fyrirtæki, og verður þá hinu kærða félagi eigi gefin sök á álagningu þess. Þegar af þessari ástæðu ber að sýkna hina ákærðu af ákærunni um brot gegn verðlagslöggjöfinni. Eigi eru sannanir fram komnar fyrir því, að ákærðu hafi gerzt brotlegir við gjaldeyrislöggjöfina né heldur XV. kafla hegningarlaganna og ber því að sýkna þá einnig af þeim ákærum. Samkvæmt þessu skal allur kostnaður sakarinnar greiðast úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, hrl. Egils Sigurgeirssonar, kr. 1800.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærðu, Kristján G. Gíslason, Arnbjörn Óskarsson og Lárus Guðjón Lúðvígsson ,skulu vera sýknir af ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hinna ákærðu, hrl. Egils Sigurgeirssonar, kr. 1800.00.

Mánudaginn 12. apríl 1948.

Nr. 85/1947. **Jón P. Leví** (Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn
Hreppsnefnd Fremra-Torfustaðahrepps f. h. hreppsins og hreppsnefnd Ytra-Torfustaðahrepps f. h. hreppsins.
(Hrl. Theódór B. Lindal).

Greiðsla fjallskilasjóðsgjalds.

Dómur hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur með stefnu 18. ágúst 1947 skotið máli þessu til hæstaréttar og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað verði um framkvæmd lögtaksins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu, sem fengið hafa gjafvörn fyrir hæstarétti, krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Samkvæmt 15. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 12/1927 skulu hreppsnefndir sjá um notkun afrétta hreppsins og um fjallskil, eftir því sem reglugerðir um fjallskil ákveða. Eftir 41. gr. sömu laga semja sýslunefndir fjallskilareglugerðir, er síðan skulu staðfestar af ráðherra. Í 13. gr. reglugerðar fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl. nr. 121/1940 er svo mælt, að allt sauðfé sé fjallskilaskylt, hvort sem það er á fjalli eða ekki. Þessi regla er á því reist, að sveitarstjórnum er skylt að annast smölun afrétta, án tillits til þess, hvort fleira eða færra fé er þangað rekið. Fer reglan ekki í bág við lög né grundvallarreglur laga, og ekki verður talið, að það leysi áfrýjanda undan fjallskilaskyldu gagnvart sveitarstjórn, þó að honum sé meinað af ríkisvaldinu að nota afrétt vegna ráðstafana til að koma í veg fyrir útbreiðslu sauðfjársjúkdóma. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir hæstarétti, en að laun skipaðs talsmanns stefnda, kr. 600.00, greiðist úr ríkissjóði.

Fógeti hefur, andstætt ákvæðum 3. mgr. 185. gr. laga nr. 85/1936, látið ódæmdar málskostnaðarkröfur aðilja. Verður að víta þetta.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fellur niður bæði í héraði og fyrir hæstarétti, en málflutningslaun skipaðs talsmanns stefndu, Theódórs B. Líndals hæstaréttarlögmanns, kr. 600.00 greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður fógetadóms Húnavatnssýslu 18. júlí 1947.

Friðrik Arnbjarnarson hreppstjóri og oddviti, Stóra-Ósi, hefur, f. h. Fjallskilasjóðs Torfustaðahreppa, krafizt lögtaks hjá Jóni P. Levi bónda að Heggsstöðum í Ytri-Torfustaðahreppi til tryggingar og lúkningar ógreiddum fjallskilasjóðsgjöldum hans frá árinu 1945, að upphæð kr. 573.00, auk 6% vaxta frá 1. janúar 1946 að telja og málskostnaði að skaðlausu.

Gerðarþoli og umboðsmaður hans hafa mótmælt því að gerðarþola beri skylda til að greiða hið umkrafða gjald og neita að greiða það og mótmæla því jafnframt, að gerðin verði látin fara fram. Byggja þeir neitun sína á þeim rökum, að gerðarþoli hafi hvorki mátt reka né rekið nokkurt sauðfé á afréttir Torfustaðahreppa árið 1945. Sé því fjarstæða að krefja hann um fjallskil af fé, sem hann varð að hafa í heimahögum.

Samkvæmt reglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl. frá 24. júlí 1940, 13. gr., sbr. 9. gr., er allt sauðfé á svæði því, er umrædd fjallskilareglugerð nær til, fjallskilaskylt, án tillits til þess, hvort það er rekið á fjall eða ekki. Fjáreigandi, sem ekki rekur fé sitt á afrétt, er eftir sem áður skyldur til að greiða full fjallskil af því. Og þar sem slíkt athæfi, að hafa fé í heimahögum, er brot á ákvæðum 9. gr. reglugerðarinnar, varðar það hann sektum samkvæmt 60. gr. sömu reglugerðar, ef kært er yfir verknaði hans. Þau rök gerðarþola, að honum hafi af tilgreindum ástæðum verið óheimilt að reka féð til afréttar, geta eftir atvikum gert hann vítalausan af sektarákvæðum 60. gr. fjallskilareglugerðarinnar, en leysa hann á engan hátt undan þeirri skilyrðislausu kvöð að inna fjallskil af höndum í hlutfalli við fjártölu sína. En sú kvöð byggist meðal annars á því, að jafnvel þó að allir fjáreigendur hefðu fé

sitt í heimahögum, yrði að leita afréttir fjallskilasvæðisins eftir sem áður með sama eða nálega engu minni tilkostnaði. Öllum býlum á fjallskilasvæði Torfustaðahreppa fylgir réttur til að reka ótakmarkaða tölu sauðfjár og hrossa á afréttir hreppanna, en á móti kemur sú kvöð að leita afréttirnar, sem sameign hreppsbúa, og inna önnur fjallskil af höndum. Hingað til hefur þátttaka búenda og annarra fjáreigenda verið miðuð við sauðfjár- og hrossaeign eingöngu, en síðustu árin hefur vegna fjárfæðar og fjárauðnar komið mikið til tals að miða fjárskilin einnig við annan búpening, svo og matsverð jarða að nokkru. En þar sem menn gera sér von um, að fjárskipti fari fram á næstunni og eðlilegur fjárbúskapur hefjist þá að nýju, hafa menn hikað við að breyta verulega aldagömlu skipulagi fjallskilamálanna, aðeins til þess að mæta erfiðleikum líðandi stundar, sem vonir standa til að hverfi úr sögunni mjög bráðlega.

Fógetarétturinn lítur því svo á, miðað við ákvæði 9. og 13. gr. fjallskilareglugerðar Vestur-Húnavatnssýslu, að gerðarþoli geti ekki krafizt undanþágu frá því að inna fjallskil af höndum af fé sínu, þótt það hafi ekki verið rekið á afrétt. Verður samkvæmt því að telja rétt, að lögtaksgerðin nái fram að ganga.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á að njóta framgangs.

Miðvikudaginn 14. apríl 1948.

Nr. 12/1947. **Dráttarbraut Keflavíkur h/f** (Hrl. Magnús Thorlacius) gegn **Ágústi Bjarnasyni og Júlíusi Ingibergssyni og gagnsök** (Hrl. Gunnar J. Möller).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Skaðabætur vegna galla á seldum bát.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. febrúar f. á., krefst þess, að hann verði sýknaður og honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjendur, sem áfrýjað hafa héraðsdómi með stefnu 10. febrúar 1947, krefjast þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim kr. 62370.77 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. apríl 1943 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Hinn 18. marz 1942 framkvæmdu þeir Matthías Finnbogason og Runólfur Jóhannsson, skipaskoðunarmenn í Vestmannaeyjum, sérstaka skoðun á bátnum Vestra VE 16, eftir að kvartað var undan því, að skemmdir hefðu komið fram í bátnum, sem leynzt hefðu við fyrri skoðanir á honum. Skýra skipaskoðunarmenn þessir svo frá, að teknir hafi verið úr bátnum 3 plankar beggja megin úr kinnungunum og miðsíðu, og þá komið í ljós, „að böndin eru meira og minna grautfúin bæði undir gamla byrðingnum og því, sem nýtt hafði verið látið. Einnig hefur lúkarinn verið klæddur innan á grautfúna innsúð, bönd og bjálkasúð." Skipasmiðirnir Gunnar Marel Jónsson, Unnsteinn Sigurðsson og Gísli Gíslason framkvæmdu viðgerð á bátnum í Vestmannaeyjum. Í álitsgerð, dags. 29. okt. 1943, lýsa þeir skemmdum á bátnum svo:

„1) Lifbönd, sem sett höfðu verið í bátinn, voru fest á maukfúin bönd. Það er því óhugsandi, að fúi sá, sem þar var undir, hafi ekki sézt, þegar innsúð var rifin burt. Þar að auki voru lifböndin ekki boltuð gegnum bönd bátsins sjálfs, heldur boltuð í smábúta, sem stungið var inn milli bandanna, sem að vísu voru ófúnir, en mjög maðksmognir. Það er því ekki útlit fyrir annað en að smiðirnir í Dráttarbraut Keflavíkur hafi ekki treyst hinum raunverulegu böndum bátsins og gripið til þessara ráða, sem telja má sérstakt fyrirbrigði í skipasmíði.

2) Hásetaklefi og lest voru klædd innan með „panel". Þegar panelklæðningin var rifin innan úr bátnum, kom í ljós, að ganeringin undir henni var maukfúin, svo að víða voru á hana dottin göt. Það er augljóst mál, að panellinn hefur verið settur til að hylja fúann, því enginn maður setur panelklæðningar í bát til styrktar.

3) Nýr byrðingur var settur á fúin bönd, og hlutu því smiðir þeir, er að því unnu, að veita fúanum athygli.

4) Þegar rifið var innan úr bátnum, kom í ljós, að allvíða var seymt með 6″ nöglum, sem voru beygðir í endann, eins og til þess að þeir hefðu betra hald. Höfum við ekki komizt í kynni við slíka aðferð í skipasmíði.

Samkvæmt þessu er það álit okkar ,að báturinn hafi verið fúinn, þegar hann var seldur frá Keflavík árið 1941, og viðgerðin meira og minna svikin."

Þessa álitsgerð hafa þeir staðfest með vætti í máli þessu. Var þeim þá gert kunnugt bréf Sigurðar Helga Péturssonar gerlafræðings, dags. 2. október 1943, þar sem hann setur fram fræðikenningar um fúa, svonefndan hússvepp og maurfúa, sem getur unnið á viði á skömmum tíma. Kváðu vitni þessi, að engin merki hefðu sézt, er bentu til þess, að skemmdirnar í viðum Vestra VE 16 hefðu stafað af hússveppi eða maurfúa, en töldu hins vegar, að fúinn í bátnum ætti rót sína að rekja til „elli og vætu".

Þegar annars vegar er litið til vættis ofannefndra manna svo og skýrslu þeirrar, sem þeir Brynjólfur Einarsson og Gunnar Marel Jónsson gáfu um skoðun á bátnum 24. febrúar 1942 og rakin er í héraðdómi, og þess hins vegar gætt, að aðaláfrýjandi hafði ekki, þrátt fyrir viðvörun gagnáfrýjanda í símskeyti 24. febr. 1942, fyrirsvarsmenn við athugun bátsins og viðgerð í Vestmannaeyjum, þá verður að telja sannað, að hinir leyndu gallar, sem skipasmiðirnir og skipaskoðunarmennirnir lýsa, hafi verið á bátnum, þegar aðaláfrýjandi seldi gagnáfrýjendum hann.

Það er viðurkennt í málinu, að báturinn átti við söluna til gagnáfrýjenda að vera haffær og fullnægja í því efni ákvæðum laga um öryggi skipa. Pétur Ottason skipaskoðunarmaður, sem gaf bátnum haffærisvottorð við söluna, hefur lýst því, að honum „hefði aldrei komið til hugar að gefa bátnum haffærisvottorð", ef hann „hefði vitað hið sanna um ástand hans". Þá segja og skipaskoðunarmennirnir Matthías Finnbogason og Runólfur Jóhannsson, sem skoðað höfðu bátinn, eftir að hann kom til Vestmannaeyja, og gefið höfðu honum haffærisvottorð, „að ekki hefði komið til mála að gefa því, þ. e. skipinu, haffærisvottorð, hefði maður vitað hið raunverulega ástand þess."

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að telja aðaláfrýjanda skaðabótaskyldan gagnvart gagnáfrýjendum, og kemur þá fjárhæð fébóta til athugunar.

Með hliðsjón af kostnaðarreikningum um viðgerðina í Vestmannaeyjum þykir hæfilegt að dæma gagnáfrýjendum kr. 17 000.00 í viðgerðarkostnað.

Þegar athuguð eru gögn, sem fram hafa komið, um afkomu sambærilegra báta í Vestmannaeyjum á vetrarvertíð 1942 og þess gætt, að viðgerð á Vestra VE 16 dróst óþarflega lengi, þá þykja bætur til handa gagnáfrýjendum vegna aflamissis hæfilega ákveðnar kr. 20 000.00.

Kröfu Júlíusar Ingibergssonar til fébáta vegna missis á formannshlut verður að vísa frá héraðsdómi, þar sem málið er vanreifað, að því er tekur til þessarar kröfu.

Niðurstaðan verður því sú, að dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum kr. 37 000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. apríl 1943, er stefna var upphaflega gefin út, til greiðsludags. Svo ber og að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 5000.00.

Héraðsdómendur hafa vítt málflutningsmenn þá, sem fluttu málið í héraði, án þess að tilgreina nægilega ummæli þau, sem þeir hafa viðhaft, að fráteknum orðunum „óprúttinn málflutning". Ber því sjálfkrafa að fella víturnar niður, að öðru en vítur fyrir tilgreind orð.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um fébætur vegna missis á formannskaupi Júlíusar Ingibergssonar eiga að vera ómerk, og er þeirri kröfu vísað frá héraðsdómi.

Aðaláfrýjandi, Dráttarbraut Keflavíkur h/f, greiði gagnáfrýjendum, Ágústi Bjarnasyni og Júlíusi Ingibergssyni, kr. 37 000.00 með 6% ársvöxtum frá 7. apríl 1943 til greiðsludags svo og samtals kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó og verzlunardóms Hafnarfjarðar 26. nóvember 1946.

Ár 1946, þriðjudaginn 26. nóvember, var í sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var í réttarsal embættisins Suðurgötu 8, af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, sem sjódómsformanni í forföllum hins reglulega dómara, og sjó- og verzlunardómsmönnum Birni Helgasyni skipstjóra og Sigurði Guðnasyni skipstjóra, sem meðdómsmönnum, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli.

Upphaflega var mál þetta höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með utanréttarstefnu dags. 18. des. 1943 af þeim Ágústi Bjarnasyni bæjargjaldkera og Júlíusi Ingibergssyni formanni, báðum til heimilis í Vestmannaeyjum, gegn stjórn h/f Dráttarbrautar Keflavíkur, þeim Birni Ólafs skipstjóra, Mýrarhúsum Seltjarnarnesi, Elíasi Þorsteinssyni framkvæmdarstjóra og Valdimar Björnssyni útgerðarmanni, báðum í Keflavík, f. h. hlutafélagsins, til greiðslu á kr. 63 481.27 með 6% ársvöxtum frá 7. apríl 1943 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins. Stefndu hafa mótmælt kröfum stefnendanna, krafizt algerrar sýknu og að stefnendunum verði gert að greiða málskostnað eftir mati réttarins. Enn fremur eru af þeirra hendi þær varakröfur gerðar í greinargerð, að bótakröfur yrðu lækkaðar að verulegu leyti eftir mati réttarins og stefnda tildæmdur málskostnaður, en við munnlegan flutning voru þessar varakröfur eigi hafðar uppi.

Mál þetta, sem rekið hefur verið með samkomulagi aðilja fyrir sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar, var dæmt þar 9. júní 1944. Síðan var málinu áfrýjað til hæstaréttar og dæmt þar 18. júní 1945 með þeim úrslitum, að dómurinn var ómerktur og málinu vísað heim í héað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Eftir að gagnasöfnun um þau atriði, er hæstaréttardómurinn til greinir að betur þurfi að upplýsa, var látinn fara fram að nýju munnlegur málflutningur og málið að því búnu dómtekið 19. nóvember síðastliðinn.

Málavextir eru þessir:

Haustið 1941 auglýsti h/f Dráttarbraut Keflavíkur í útvarpinu, að vélbátur, „Vestri" G. K. 16, væri til sölu. Annar stefnandinn, Ágúst Bjarnason bæjargjaldkeri í Vestmannaeyjum snéri sér til Jóns Guðmundssonar endurskoðanda, Nýjabæ á Seltjarnarnesi, og bað hann að afla fyrir sig upplýsinga um bát þenna. Leitaði Jón þá til Björns Ólafs, stjórnarformanns hins stefnda hlutafélags, sem hafði sölu bátsins með höndum.

Skýrir Jón svo frá, að Björn hefði tjáð honum, að báturinn hafi þá undanfarið staðið uppi í dráttarbraut til viðgerðar og væri allur ný-yfirfarinn og seymdur og tekinn úr honum allur fúi, sem fundizt

hefði. Kvað hann þó ekki hægt að ábyrgjast, að ekki væri einhvers staðar fúapollur. Að fengnum þessum upplýsingum, báðu stefnendur Jón að festa kaup á bátnum fyrir sig, og gerði hann það.

Nokkru síðar komu stefnendurnir til Reykjavíkur, og annar þeirra, Júlíus Ingibergsson, fór til Keflavíkur og skoðaði bátinn með væntanleg kaup fyrir augum. En þá segir hann viðgerðinni að fullu lokið og búið hafi verið að mála bátinn að utan og innan. Var síðan að fullu gengið frá kaupunum, og er afsal fyrir bátnum til stefnendanna dagsett í Reykjavík 2. október 1941 og var umsamið kaupverð kr. 30 000.00.

Ekki er tekið fram í afsalinu, hvort báturinn sé seldur í því ástandi, sem hann þá var, eða hvort hann skuli vera í haffæru standi.

Í málflutningnum hefur mikill ágreiningur ríkt um þetta atriði, með því að umboðsmaður stefnendanna hefur jafnan haldið fram, að báturinn hafi verið seldur í ríkisskoðunarstandi, en þessu hefur verið mótmælt af hálfu stefnda, þar til nú við munnlegan flutning málsins, að það er viðurkennt og yfirlýst. Ekki er upplýst um aðra en stefnendur, sem hafi gefið sig fram og viljað kaupa bátinn, þegar hann var auglýstur.

Báturinn var síðan settur á flot, og sigldi Júlíus honum ásamt vélstjóra sínum til Reykjavíkur og var hann „tekinn út". Þá voru kaupendum einnig afhentir nokkrir hlutir, sem seljandi lagði til og fylgja átti útbúnaði bátsins. Var það gert samkvæmt ákvörðun skipaskoðunarmannsins Péturs Ottasonar skipasmiðs í Reykjavík, sem gaf bátnum skipaskoðunarvottorð, sem dagsett er 8. okt. 1941.

Því næst var bátnum siglt til Vestmannaeyja, og þar gáfu skipaskoðunarmennirnir Matthías Finnbogason og Runólfur Jóhannsson bátnum nýtt skipaskoðunarvottorð, dags. 23. jan. 1942. Byggja þeir þar á greinargerð um skoðun þá, sem fram fór 8. okt. 1941 og upplýsingum formanns um að báturinn hafi reynzt þéttur, þó verði nokkuð bráðlega að endurbæta plankadekk og stýrishúsið.

Eftir að báturinn kom til Vestmannaeyja voru stundaðir á honum róðrar þar til um miðjan febrúar 1942, að skipstjórinn tók eftir því eitt sinn, er hann var nýkominn úr róðri, að fúablettur var í byrðing bátsins. Þetta var nánar athugað og síðan tekinn úr planki, en við það kom í ljós, að böndin voru einnig fúin.

Þá var báturinn tekinn upp í Dráttarbraut Vestmannaeyja til nákvæmrar athugunar. Er farið var að rannsaka bol bátsins, kom í ljós mikill fúi í böndum og byrðingi hans. Seljendunum var tilkynnt um galla þessa í símskeyti 24. febr. s. á. og jafnframt, að kaupendurnir áskildu sér rétt til riftingar og fullra bóta. En með símskeyti 12. marz s. á. tilkynnir umboðsmaður stefnenda, að þeir hefðu ákveðið að rifta ekki kaupunum, en krefjast bóta fyrir viðgerðarkostnað og aflatjón. Jafnframt voru stefndu spurðir, hvort þeir vildu sjá um viðgerðina, sem eigi að byrja næstu daga, og hvort

þeir óski að fylgjast með verkinu. Með bréfi 17. marz s. á. neita stefndu öllum kröfum kaupenda um bætur fyrir galla sem þeim algerlega óviðkomandi. Báturinn hefði verið seldur í því ástandi, sem hann var þá, og kaupendur verið sjálfir við afhendingu og engu leyndir um ástand bátsins. Á bátnum hafði farið fram skoðun og matsgerð, dags. 24. febr. 1942, og var þar talið, að viðgerðarkostnaður myndi nema, vinna kr. 7041.60 og efni kr. 7372.59, eða samtals kr. 14414.19, en slippgjald ekki meðtalið. Áætlað, að verkið tæki fjóra smiði tvo mánuði.

Telja matsmennirnir, að við þurfi, til að setja bátinn í haffært ástand, að umbyggja ca. einn þriðja hluta af lengd hans, nema hvað nýtilegt kunni að reynast í útsúð.

Stefndu hafði verið sent afrit af matsgerð þessari áður en viðgerðin hófst.

Umræddur bátur, v/b Vestri, talinn 17 smálestir brúttó, var smíðaður úr furu í Noregi 1917, en 18. nóv. 1938 var hann tekinn í slipp í Keflavík, og var hann þá lekur og vélin í ólagi. Lá hann þar í reiðileysi, þar til þann 13. júlí 1940, að h/f Dráttarbraut Keflavíkur eignaðist hann á uppboði upp í ógreidda slippleigu, sem var kr. 4050.00. Því næst lét dráttarbrautin gera bátinn upp og reiknar, að sú viðgerð hafi kostað kr. 25 289.73, að viðbættri slippleigu og uppboðskostnaði samtals kr. 29 010.28.

Verkstjórinn Sigurður H. Guðmundsson skipasmiður, sem sá um viðgerð þessa, segir, að lúkar hafi verið innréttaður að nýju, þó ekkert hreyft við innsúð, nema þar sem langböndin voru sett. Þá hafi verið rifin efsta umferð byrðingsins alveg fram úr og aftur úr, sama verið og um næsta borð við kjalsíur. Auk þess hafi báturinn verið seymdur og hampþéttur. Alls staðar, sem fúa varð vart, hafi verið gert við hann.

Hefur verkstjórinn mætt í réttinum og staðfest þetta. Jafnframt hefur hann upplýst, að hann muni eftir að hafa í tveimur tilfellum sett stubba inn milli banda til að bolta í, þar sem ekki hafi verið hald í böndunum, en mundi ekki, hvort böndin voru haldlaus af fúa eða af því að þau voru rifin.

Viðgerðin virðist hafa staðið yfir mjög lengi á árunum 1940 og 1941.

Því er haldið fram af hálfu stefndu, að fúagallar hafi ekki verið í bátnum, er salan fór fram, og skipaskoðunarvottorð þau, sem gefin voru 8. okt. 1941 og 23. jan. 1942, séu óræk sönnunargögn um það. Þau séu gefin af opinberum starfsmönnum og þeim hafi ekki verið hnekkt og verði ekki véfengd. Fúagallar þeir, er síðar komu í ljós, hafi myndazt eftir þetta af völdum hússvepps, sem komizt hafi í skipið.

Eftir að kunnugt hafði orðið um galla þá, er fram komu á bátnum um miðjan febrúar 1942, skrifaði Pétur Ottason skipaskoðunarmaður umboðsmanni stefnendanna og gerði grein fyrir ástæðum að skipaskoðunarvottorði því, er hann hafði gefið 8. okt. 1941.

Segir hann þar, að haustið 1941 hafi Sigurður H. Guðmundsson skipasmiður og skipaeftirlitsmaður í Keflavík tjáð sér, að dráttarbrautin ætlaði að selja umræddan bát, en hann kynni ekki við að gefa bátnum skoðunarvottorð sjálfur, þar sem hann hefði gert við bátinn og húsbændur hans væru seljendur. Hafi Sigurður jafnframt tekið fram, að báturinn væri nýyfirfarinn og Pétur mætti treysta því, að hann vissi ekki um nokkra galla, sem ekki hefði verið gert við. Kveðst Pétur því hafa treyst umsögn Sigurðar, sem hann þekkti sem áreiðanlegan mann og vandvirkan, og enn fremur hefði hann sjálfur litið á bátinn einum til tveimur klukkustundum áður en báturinn var settur á flot. Þá tekur Pétur Ottason fram, að honum hefði aldrei komið til hugar að gefa bátnum haffærisvottorð, ef hann hefði vitað hið sanna um ástand bátsins. Hefur hann mætt sem vitni og staðfest bréf sitt, en jafnframt upplýst, að hann hefði ekki skoðað bátinn eftir að hann fór til Vestmannaeyja, og hafi því af lýsingu annarra það, sem hann segi um ástand hans eftir það.

Skipaskoðunarmennirnir í Vestmannaeyjum, þeir Matthías Finnbogason og Runólfur Jóhannsson, framkvæmdu 18. marz 1942 sérstaka skoðun vegna skemmda, sem komið höfðu í ljós í bátnum. Upplýstu þeir þar, að ástæður til að þeir fyrst gáfu bátnum meðmæli sín, hafi verið reist á skoðunargerð og vottorði skoðunarmannsins í Reykjavík og því, að báturinn hefði verið ný-yfirfarinn og mikið látið af byrðing og saum í bátinn, og samkvæmt greinargerð skoðunarmanns treyst því, að við bátinn væri ekkert athugavert. Hins vegar hafi það síðar komið í ljós, eftir að athugun á bátnum fór fram, þegar fúans varð vart, að böndin hefðu verið meira og minna grautfúin, bæði undir gamla byrðingnum og því, sem nýtt hefði verið látið. Einnig hefði lúkarinn verið klæddur innan á grautfúna innsúð, bönd og bjálkasúð. Skipið þá í því ástandi, að ekki hefði komið til mála að gefa því haffærisvottorð, hefðu þeir vitað um hið raunverulega ástand þess.

Það er augljóst af því, sem hér hefur verið tilfært, að skipaskoðunarvottorðin frá 8. okt. 1941 og 23. jan. 1942 eru hvorug byggð á eigin athugun eða rannsókn á bátnum og þannig til komin, að þau sanna ekkert um, hvort fúaskemmdir voru þá í bátnum eða ekki. Enda liggja fyrir eindregin álit þessara sömu skoðunarmanna um, að þeir síðar hafi sannfært sig um, að fúagallarnir hafi verið í bátnum, þegar þeir gáfu umrætt vottorð.

Skal þá vikið nánar að fúaskemmdunum og orsökum þeirra.

Í málinu hefur verið lögð fram álitsgerð sérfræðings, Sigurðar Péturssonar gerlafræðings, um fúann, eins og hann hefur lýst sér í v/b Vestra. Telur sérfræðingurinn óhugsanlegt, að fúaskemmdirnar hefðu að öllu leyti orðið á fjórum mánuðum, nema þær hefðu stafað af „Fyr“ (Merulius lacrymas), sem á íslenzku er nefndur hússveppur.

Aftur á móti telur hann það ósennilegt, að sveppur þessi hafi lifað í viðnum allan tímann frá því að skipið var byggt 1917 og þar til hausið 1941, án þess að við hann hafi orðið vart, en þá allt í einu komið í ljós og eyðilagt viðinn á fjórum mánuðum.

Hugsanlegt væri auðvitað, að sveppurinn hefði borizt í skipið með nýjum viði, sem í það hefði verið settur, en þá hefðu skemmdirnar átt að vera mest áberandi í þeim nýja viði, en ekki í þeim gamla. Telur hann því mjög litlar líkur til þess, að umræddar fúaskemmdir hafi stafað af hússveppi.

Þá skýrir sérfræðingurinn frá því, hvernig hússveppur lýsir sér og hvernig þekkja megi fúa, sem hann hefur valdið. Þessi lýsing hefur verið borin undir þrjá af smiðum þeim, sem unnu að viðgerð bátsins, og annan skoðunarmanninn, sem framkvæmdi fyrrgreinda skoðunar- og matsgerð 1942. Þessir menn hafa allir borið samhljóða, að þeir hefðu ekki séð í bátnum nein þeirra einkenna, sem sérfræðingurinn talar um að bendi til hússvepps og láta það álit í ljós, að þeir telji óhugsandi, að fúaskemmdirnar hafi orsakazt af hússvepp. Ekki hefur verið upplýst í málinu um nein sambærileg tilfelli í Vestmannaeyjum eða annars staðar, þar sem hússveppur hefur valdið slíkum fúaskemmdum í skipum.

Rétturinn verður því að telja, að þær upplýsingar, sem í málinu eru fyrir hendi um fúaskemmdirnar og orsök þeirra, bendi ótvírætt til, að ekki hafi verið um að ræða fúa af völdum hússvepps.

Þá skal að því vikið, er ráða má um fúagallana, er salan fór fram. Þrír skipasmiðir, er einnig unnu að viðgerð bátsins í Vestmannaeyjum, hafa gefið nákvæma lýsingu á fúaskemmdunum, eins og þær þá reyndust. Jafnframt hafa þeir látið í ljós rökstutt álit á þá leið, að þeir telji óhugsandi annað en menn þeir, er unnu að viðgerð bátsins í Dráttarbraut Keflavíkur áður en hann var seldur, hafi orðið varir við fúaskemmdir í bátnum, sem ekki voru teknar.

Er álit þetta mjög ýtarlega rökstutt með staðreyndum og staðfest fyrir rétti.

Niðurstaða þeirra er sú, að báturinn hefði verið fúinn, þegar hann var seldur frá Keflavík árið 1941 og viðgerðin meira og minna svikin.

Niðurstaða réttarins verður því sú, að það verður að teljast útilokað, að umræddar fúaskemmdir hafi getað myndazt að verulegu leyti frá því að salan fór fram 2. okt. 1941, þar til gallarnir komu í ljós um miðjan febrúar 1942.

Það má teljast upplýst, að þannig hafi verið gengið frá viðgerð bátsins í Keflavík, að dulizt hafi verulegir fúagallar, og frágangur viðgerðarinnar að þessu leyti framkvæmdur þannig, að blekkt var um raunverulegt ástand bátsins. Þar sem báturinn var mjög gamall og hafði legið lengi í reiðileysi áður en viðgerðin hófst og þá aug-

sýnilega talinn sáralítils virði, var sérstaklega rík ástæða til að viðgerðin yrði framkvæmd af alúð og vandvirkni, en all-mjög virðist hafa brostið á í því efni.

Með skírskotun til framanritaðs verður rétturinn að láta í ljós það álit, að viðgerð sú, er fram fór á v/b Vestra í Dráttarbraut Keflavíkur, áður en salan fór fram, hafi verið með þeim hætti, að seljendurnir séu skaðabótaskyldir vegna galla þeirra, er síðar komu fram, og mál þetta er af risið.

Þá koma til álita bótakröfur stefnendanna, og skulu þær nú raktar hver fyrir sig.

I. Kostnaður við að gera bátinn haffæran, kr. 20 481.27. Eru lagðir fram sundurliðaðir reikningar yfir þennan kostnað.

Umboðsmaður stefndu hefur almennt mótmælt upphæðinni sem allt of hárri og talið, að matsupphæðin, kr. 14 414.19, sé sá hæsti hugsanlegi viðgerðarkostnaður, sem um geti verið að ræða.

Við munnlega flutning málsins nú hefur hinn nýi umboðsmaður stefndu borið fram mótmæli og athugasemdir við einstaka liði kostnaðarreikningsins og mótmælt matsgerðinni sem markleysu vegna þess, að matsmennirnir séu útnefndir utan réttar og stefndu ekki gefizt kostur á að mæta við gerðina og gæta þar hagsmuna sinna.

Rétturinn verður að fallast á, að í kostnaðarreikningi þessum séu liðir, sem þar eigi ekki að vera, svo sem ferðir til Reykjavíkur, kr. 700.00, matskostnaður kr. 400.00 og nokkrar minni upphæðir, sem ekki verður séð að standi í sambandi við fúagallana, eða ekki nægileg grein færð fyrir þeim.

Að þessu athuguðu og þegar á það er litið, að viðgerðin á bátnum er svo stórfelld, að um er að ræða að nokkru leyti endurbyggingu, sem ætti að hækka verðmæti bátsins almennt, þykir ekki rétt að leggja reikninga þessa til grundvallar, þó hins vegar megi hafa hliðsjón af þeim við ákvörðun bótaupphæðarinnar.

Rétturinn getur ekki fallizt á, að matsgerð sú, sem fram fór 24. jan., sé markleysa fyrir það, að útnefningin fór fram utan réttar, með því að sú aðferð er algengust við tilnefningu matsmanna og almennt tekin gild.

Það er upplýst, að stefnda hefur verið sent afrit af matsgerðinni áður en viðgerðin hófst og þeir engar ráðstafanir gert til að hnekkja matinu eða láta nýtt mat fara fram og síðar í greinargerð miðað við það í varakröfum.

Þar sem matsgerðin virðist eftir atvikum sæmilega rökstudd og láta nærri réttu lagi, þá telur rétturinn að leggja beri matsupphæðina til grundvallar ákvörðun bóta fyrir viðgerðarkostnaðinum, að viðbættri slippleigu, kr. 415.80, og verður þá bótaupphæð þessi kr. 14 829.99.

II. Aflatjón, bótakrafa kr. 37 500.00. Stefnendur hafa miðað kröfur sínar um bætur fyrir aflatjón við meðaltal tekjuafgangs fjögra

vélbáta, sem gengu á veiðar í Vestmannaeyjum á þeim tíma, er viðgerð v/b Vestra fór fram.

Enn fremur hefur við flutning málsins nú verið lagður fram rekstursreikningur eins af bátum þessum, endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda, svo og yfirlit yfir afla tíu dragnótabáta, sem gengu á veiðar þar allt tímabilið, sem umrædd viðgerð fór fram.

Umboðsmaður stefnda mótmælti þessum kröfulið sem hreinni fjarstæðu og hefur einnig mótmælt reikningum þeim, sem stefnendur styðja kröfur sínar við.

Þær nýju upplýsingar, sem lagðar eru fram, sýna lítið eitt lægri hagnað en krafa stefnendanna hefur verið miðuð við.

Rétturinn felst á, að stefnendunum beri bætur fyrir aflatjón, miðað við tímann, sem telja má hæfilegan til viðgerðarinnar.

Í áðurgreindri matsgerð er reiknað með, að vinnan við viðgerðina taki fjóra smiði tvo mánuði og vinnulaun metin kr. 7041.60, og telur rétturinn þetta eftir atvikum nærri sanni.

Það er upplýst, að við bátinn unnu fleiri smiðir en matsgerðin reiknar með og langur tími líður áður en byrjað er á viðgerðinni. Í málinu er ekki gerð fullnægjandi grein fyrir þeim drætti, sem á þessu er, eða þeim alltof langa tíma, sem fer til viðgerðarinnar.

Rétturinn verður að telja, að fullnægjandi upplýsingar liggi nú fyrir í málinu um afla sambærilegra báta í Vestmannaeyjum á viðgerðartímanum og aðrar nauðsynlegar reksturs-upplýsingar, svo unnt sé að meta aflatjónið. Að öllu því athuguðu og með skírskotun til þess, sem fram hefur verið tekið um tíma þann, er telja má hæfilegan til að ljúka viðgerðinni, þá álítur rétturinn bætur fyrir aflatjónið réttilega metnar kr. 16 000.00.

III. Tap Júlíusar Ingibergssonar á formannshlut, kr. 5500.00. Kröfu þessa miðar hann við að hafa misst formannshlut (aukahlut formanns) af ca. 75 000 kr. afla.

Umboðsmaður stefndu hefur mótmælt þessum lið sem órökstuddum og algerlega óviðkomandi umbjóðanda sínum.

Það er upplýst, að Júlíus Ingibergsson hefur ráðizt sem stýrimaður á v/b Gísla J. Johnsen 5. marz, en sá bátur er hér um bil helmingi stærri en v/b Vestri. Enn fremur hefur Júlíus unnið mikið að útgerð v/b Vestra í umræddum tíma.

Að þessu athuguðu og með skírskotun til þess, sem áður hefur verið fram tekið undir II. lið um bætur fyrir aflatjón, þykir ekki ástæða til að dæma Júlíusi bætur fyrir missi formannshlutar.

Þá ber að lokum að dæma stefndu til að greiða stefnandanum málskostnað, sem þykir hæfilega metinn kr. 2500.00.

Þá skulu stefndu og greiða vexti af hinni tildæmdu fjárhæð, sem ákveðast 6% frá stefnudegi 18. des. 1943 til greiðsludags.

Rétturinn telur ástæðu til að benda á og átelja, að þeir tveir lögfræðingar, sem flutt hafa málið af hálfu stefndu, hafa í máls-

vörn sinni borið um mikilsvarðandi atriði andstæðar málsástæður, svo að ekki samrýmist vönduðum málflutningi.

Enn fremur hefur Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður í munnlegum flutningi málsins sýnt réttinum og hæstaréttarlögmanni þeim, sem flutti málið á móti honum, ókurteisi með að gefa í skyn, að dómurinn sé hlutdrægur og málafærslumaðurinn hefði í frammi óprúttinn málflutning, og ber að víta slíkt.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi h/f Dráttarbraut Keflavíkur greiði stefnendunum, Ágústi Bjarnasyni og Júlíusi Ingibergssyni, kr. 30 829.99 með 6% ársvöxtum frá 18. des. 1943 til greiðsludags og málskostnað með kr. 2500.00.

Dóminum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. apríl 1948.

Nr. 57/1947. **Kristín Halldórsdóttir**
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Gesti Fanndal (Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Gallar á málsmeðferð. Ómerking máls.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Meðferð máls þessa í héraði er mjög ábótavant og andstæð reglum laga nr. 85/1936. Eftir að áfrýjandi hafði á dómþingi 21. apríl 1947 lagt fram beiðni um útburð með fylgiskjölum leggur stefndi fram skriflega vörn í málinu. Á sama dómþingi lagði áfrýjandi síðan fram greinargerð og mótmæli af sinni hálfu, án þess að skriflegur málflutningur hefði verið ákveðinn samkvæmt 109. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936. Málflutningnum er síðan haldið áfram skriflega og lýkur honum með bókunum aðilja, eins og tíðkaðist, áður en framangreind lög komu í gildi. Þá hefur fógeti ekki leiðbeint stefnda, sem var ólöglærður maður,

en ástæða virðist hafa verið til þess, einkum um kröfugerð. Þetta var fógeta þó skylt samkvæmt 114. sbr. 223. gr. nefndra laga.

Þá er úrskurði fógetaréttarins einnig ábótavant. Eigi er greint þar nafn stefnda og atvikalýsingu og greinargerð um kröfur aðilja mjög áfátt.

Vegna framangreindra galla þykir ex officio verða að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og alla meðferð málsins fyrir fógetaréttinum.

Hvorugur málsaðilja hefur krafizt málskostnaðar fyrir dómi og fellur hann því niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður svo og meðferð málsins fyrir fógetaréttinum eiga að vera ómerk.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Siglufjarðar 22. apríl 1947.

Gerðarbeiðandi telur ástæður fyrir því, að hann fyrir hönd dóttur sinnar, Kristínar Halldórsdóttur, húseiganda að húsinu Aðalgata 15 Siglufirði, eigi rétt til að gerðarþoli verði borinn út úr húsnæðinu, þessar:

1. Að gerðarþoli hafi ekki staðið í skilum með greiðslu leigunnar.
2. Að eftir leigusamningnum um húsnæðið frá 19. desember 1941 sé leigutíminn á enda 14. maí 1946, nema hafi forgangsrétt til leigu áfram eftir samkomulagi við húseiganda eða umboðsmann hans, en slíks samkomulags hafi gerðarþoli alls ekki leitað, en vilji sitja áfram í sömu leigu, en húseigandi geti fengið mikið hærri leigu.

Um I.

Samkvæmt málflutningi aðilja ber núverandi húseiganda, Kristínu Halldórsdóttur, leiga af húsnæðinu frá 1. janúar 1946, er Kristín verður eigandi hússins. Gerðarþoli sendir líka umræddum húseiganda húsaleiguna frá 1. janúar 1946 til 14. maí s. á. eða kr. 1019.94 í póstávísun. Þessa upphæð sendir hann 16. maí 1946, en 18. október 1946 sendir hann húseiganda kr. 2050.00 í bankaávísun. Gerðarbeiðandi telur þetta vanskil af því, að gerðarþoli hafi ekki greitt sér upphæðir þessar, heldur sent þær til Reykjavíkur á nafn húseiganda, umbjóðanda gerðarbeiðanda, enda þótt hann vissi, að

húseigandi væri í Ameríku og án þess að láta sig vita um sendinguna, en gerðarþoli hafi vitað, að gerðarbeiðandi hafi haft umboð til þess að taka á móti húsaleigunni, en þessu mótmælir gerðarþoli. Af áritun Þóris Halldórssonar á bréf 5. febrúar 1946, sem gerðarþoli virðist eftir málflutningnum hafa fengið, virðist gerðarþoli hafa átt að geta séð, að hann mætti senda peningana fyrir húsaleiguna Þóri Halldórssyni, bróður húseiganda, og þar sem hann vissi, að þessi maður taldi sig 5/2 1946 hafa umboð til þess að segja gerðarþola upp húsnæðinu, myndi sami maður geta a. m. k. sagt honum, hver tæki á móti húsaleigunni. Að vísu segir gerðarþoli, að hann hafi spurt Þóri um, hverjum ætti að afhenda húsaleiguna, en því neitar gerðarbeiðandi, og verður ekkert talið sannað, en ef þetta er rétt hjá gerðarþola, hefði hann átt að leggja húsaleiguna inn í banka í Siglufirði og tilkynna Þóri það.

En þótt telja megi það óeðlilegt, að gerðarþoli hafi ekki, — svo sönnun liggi fyrir, — boðið Þóri greiðslu húsaleigunnar né látið hann vita um greiðslu húsaleigunnar, verður eigi talið, að gerðarþola hafi verið óleyfilegt að senda greiðsluna til Reykjavíkur á nafn húseigenda og að hann geri slíkt geti ekki skoðast vanskil, alveg eins og að hann ekkert hefði greitt og það því síður sem starfsmaður húseiganda í Reykjavík hefur tekið við áminnstum húsaleigugreiðslum. Hitt er aftur á móti auðsætt, að kostnaðinn við þessa óeðlilegu aðferð, við að senda greiðsluna eins og gerðarþoli gerði, en ekki leggja hana inn í banka hér á nafn húseigenda, beri gerðarþola að bera. Að vísu vantar 6 aura upp á að maígreiðslan sé fyllilega innt af höndum eftir leigusamningnum og 5 krónur upp á að októbergreiðslan sé innt af hendi að fullu, en þótt gerðarþoli vilji tína til burðareyri sér til varnar til að draga frá vangreiðslunni, kemur það ekki til álita, því að hann gat lagt greiðsluna inn í banka á nafn húseiganda án nokkurs kostnaðar, ef Þórir eða gerðarbeiðandi hefði ekki viljað taka við greiðslunni, sem ósannað er og vægast sagt ólíklegt. Líka er það athugavert, að gerðarþoli greiðir októbergreiðsluna ekki fyrr en 18. október, en átti eftir leigusamningnum að greiða 1. október. En þótt þannig nokkru sé áfátt um greiðsluna af hálfu gerðarþola, um kr. 5.06 af húsaleigunni og 17 daga drátt á októbergreiðslunni, verða slíkt eigi talin svo mikil vanskil, að valdi slitum leigusamnings og útburði.

Um II.

Eftir ákvæðum leigusamningsins er leigutíminn á enda 14. maí 1946 og þetta atriði samningsins undirstrikar Þórir með uppsögn á samningnum með áritun sinni á bréf Adolfs Einarssonar frá 15/2 1946, sem telja verður eftir málflutningnum, að gerðarþoli hafi fengið. En í samningi þessum er þó gerðarþola áskilinn forgangsréttur til leigingar umrædds pláss „eftir samkomulagi", en svo virð-

ist sem aðiljum semji alls ekki um áframhaldandi leigingu, og kemur þá til athugunar, hvort og að hve miklu leyti ákvæði húsaleigulaganna, einkum fyrsta málsgrein 6. gr., eigi við. Ef eingöngu á að fara eftir leigusamningnum, er réttur húseigandans til hærri leigu eftir 14. maí 1946 auðsær og réttur þar með til útburðar á leigutaka, sem vill ekki borga þá leigu, en af 1. málsgr. 1. gr. húsaleigulaganna leiðir, að leigusala er óheimilt að segja upp nema gegn skilyrðum þeim, er þar greinir, en þeirra gætir ekki í umræddri útburðargerð og af 1. málsgr. 6. gr. sömu laga leiðir, að húsaleiguna má ekki hækka nema sem svarar því, er húsaleiguvísitalan hækkar. Verður því leigusala talið óheimilt að segja leigutaka upp húsnæðinu, þrátt fyrir ákvæði leigusamningsins. Getur útburður á leigutaka úr húsnæðinu því eigi farið fram. Þá hefur gerðarbeiðandi krafizt, að gerðarþoli verði úrskurðaður til þess að borga kostnað við gerðina, án þess að geta hver sé. Líka hefur gerðarþoli krafizt, að gerðarbeiðandi greiði kostnað við gerðina og greiði sér 10 000.00 kr. í hneisubætur.

Krafa gerðarþola um hneisubætur kemur eigi til álita, þar sem krafa um útburð úr húsnæði veldur leigutakanum eigi hneisu.

Þykir því rétt, að kostnaður við gerðina falli niður.

Fyrir því úrskurðast:

Umbeðin útburðargerð skal eigi fram fara. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 19. apríl 1948.

Nr. 160/1946. **Sesselja Sigmundsdóttir**
(Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Barnaverndarráði Íslands
(Hrl. Ragnar Ólafsson).

Ógiltur úrskurður um sviptingu leyfis til forstöðu barnahælis.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur málinu til hæstaréttar með stefnu 13. des. 1946, krefst þess, að úrskurður barnaverndarráðs Íslands frá 4. júní 1945 verði dæmdur ógildur og stefnda f. h. ríkissjóðs dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-

kostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Frá því á síðara hluta árs 1944 hafði stefndi átt viðræður og bréfaskipti við áfrýjanda út af rekstri barnaheimilis þess, er hún hefur rekið að Sólheimum í Grímsnesi. Hafði rannsókn farið fram á starfsemi heimilisins í nóvember og desember 1944, og var talið, að hún hefði leitt í ljós nokkrar misfellur á rekstrinum. Á öndverðu ári 1945 var málum þessum svo komið, að stefndi vildi setja áfrýjanda tiltekin skilyrði um rekstur barnaheimilisins. Í bréfi til áfrýjanda 24. marz 1945 taldi stefndi, að áfrýjandi hefði gengið að skilyrðum, sem þar voru tilgreind, og óskaði eftir skriflegri staðfestingu hennar á þessu. Í svarbréfi áfrýjanda 13. apríl s. á. taldi hún, að stefndi hefði sett fram ný skilyrði í bréfinu frá 15. marz, og kvaðst ekki mundu ganga að þeim. Síðan virðast viðræður hafa farið fram milli stefnda og áfrýjanda um þessi mál, en einn barnaverndarráðsmanna tilkynnti áfrýjanda bréflega þann 14. maí 1945, að ákveðið hefði verið að fresta úrskurði í málinu til 26. s. m., og hefði ekkert svar borizt frá áfrýjanda fyrir þann tíma, yrði litið svo á, að hún vildi ekki fallast á hin settu skilyrði, og úrskurður þá felldur í málinu. Hinn 25. maí s. á. ritaði áfrýjandi stefnda bréf, þar sem hún féllst á nefnd skilyrði í flestum greinum. Ekki verður séð, að stefndi hafi átt neinar viðræður eða bréfaskipti um málið við áfrýjanda eftir þetta og þá ekki heldur tilkynnt henni, að þrátt fyrir þetta bréf hennar, yrði kveðinn upp úrskurður um það, hvort hún hefði rétt til að reka umrætt barnaheimili áfram, en þann úrskurð kvað stefndi upp 4. júní 1945 með þeim úrslitum, að áfrýjandi var svipt leyfi til forstöðu heimilisins. Er úrskurðurinn byggður á því, að áfrýjandi hafi ekki fallizt á umrædd skilyrði fyrir rekstri barnaheimilisins, en ekki er þar vikið að bréfi hennar frá 25. maí 1945.

Verður að telja, að áfrýjandi hafi ekki, eins og á stóð og að framan er lýst, fengið fullnægjandi aðstöðu til að skýra mál sitt og gæta réttar síns, áður en úrskurður þessi var felldur, enda var úrskurðurinn ekki nægilega rökstuddur, þar sem ekki er tekin afstaða til framangreinds bréfs

áfrýjanda. Þykir því, þegar af þessum ástæðum, bera að meta úrskurðinn ógildan.

Eftir þessum málalokum telst rétt að dæma stefnda f. h. ríkissjóðs til að greiða áfrýjanda samtals kr. 1000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Úrskurður barnaverndarráðs Íslands 4. júní 1945 er ógildur.

Stefndi, barnaverndarráð Íslands f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda Sesselju Sigmundsdóttur kr. 1000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. desember 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., hefur Sesselja Sigmundsdóttir forstöðukona, Sólheimum, Grímsneshreppi, Árnessýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan, með stefnu útgefinni 19. marz s. l. gegn Arngrími Kristjánssyni skólastjóra, Hringbraut 139, Jakobi Jónssyni presti, Leifsgötu 16 og Ingimar Jóhannssyni, Reykjavíkurvegi 29, öllum hér í bæ f .h. barnaverndarráðs. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að felldur verði úr gildi úrskurður stefnda varðandi stefnandi, upp kveðinn 4. júní 1945, og að stefnda verði dæmt til að greiða málskostnað að mati dómarans.

Stefnda hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Að ósk aðilja og með samþykki dómarans samkvæmt heimild í 5. mgr. 71. gr. einkamálalaganna hefur málflutningur að þessu sinni aðeins snúizt um þær sóknarástæður stefnanda, að nefndur úrskurður stefnda sé ómerkur vegna formlausrar og rangrar meðferðar stefnda í máli þessu.

Málsatvik eru þessi:

Árið 1930 stofnaði stefnandi barnaheimili að Sólheimum í Grímsnesi. Naut hún til þess fjárstyrks frá Barnaheimilissjóði þjóðkirkjunnar og Reykjavíkurbæ. Hefur stefnandi verið forstöðukona þess síðan. Tilgangur heimilisins var í upphafi að sjá um uppeldi heilvita barna, sem voru munaðarlaus eða vangæf. Á árinu 1932 voru þó teknir fávitar á hælið og árið 1933 var reist sérstakt hús að Sólheimum fyrir þá. Með skipulagsskrá, dags. 2. nóv. 1933 og staðfestri 12. janúar 1934, var barnaheimilið gert að sjálfseignarstofnun undir stjórn barnaheimilisnefndar þjóðkirkjunnar og

stefnandi, er skyldi fara með stjórn heimilisins, meðan hún héldi heilsu og kröftum. Hefur stefnandi starfrækt heimili þetta síðan og notið til þess styrks frá ríkissjóði, Reykjavíkurbæ og ýmsum einstaklingum. Fávitar voru allir fluttir brott af hælinu í septembermánuði 1944. Með lögum nr. 43 frá 1932 var stofnað barnaverndarráð, sem meðal annars skyldi hafa eftirlit með öllum barnahælum á landinu. Tók brátt að brydda á ágreiningi milli ráðsins og stefnanda um rekstur heimilisins og fór slíkt vaxandi, er tímar liðu. Þann 2. október 1944 barst stefnda kæra á hendur stefnanda vegna reksturs heimilisins og aðbúð barna þar. Varð þetta til þess, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið skipaði tveggja manna nefnd til að rannsaka starfsemi barnaheimilisins. Nefnd þessi tók til starfa 20. nóv. 1944 og skilaði skýrslu um störf sín 6. des. s. á.

Urðu nú allmiklar bréfaskriftir og samtöl milli aðilja máls þessa um rekstur hælisins, en ekki náðist samkomulag. Þann 22. febrúar 1945 ritaði stefnandi skólanefnd Grímsnesskólahéraðs bréf út af máli þessu og fylgdi bréfi þessu afrit nefndrar rannsóknar. Bréfi þessu svaraði skólanefndin með bréfi dags. 15. mars s. á. og fór þess á leit, að hún fengi að vera laus við öll afskipti af máli þessu, enda taldi hún barnaheimilið sér óviðkomandi. Nokkrar frekari bréfaskriftir urðu enn milli aðilja vegna máls þessa. Þann 4. júní 1945 kvað stefnda síðan upp úrskurð á þá lund, að stefnandi væri svipt réttindum til að veita forstöðu barnaheimilinu að Sólheimum.

Dómkröfur sínar í þessum hluta málsins byggir stefnandi *í fyrsta lagi á því*, að samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga um barnavernd nr. 43 frá 1932 hafi barnaverndarnefndir, og utan kaupstaða skólanefndir sbr. 1. gr. laganna, heimild til að svipta menn rétti til að taka vandalaus börn til uppeldis. En báðir aðiljar geti skotið slíkum úrskurðum til barnaverndarráðs, er úrskurði síðan um málið að nýju, sbr. 4. til 21. gr. laganna. Í þessu máli hafi þessa ekki verið gætt. Stefnda hafi kveðið upp úrskurð sinn, án þess að fyrir lægi úrskurður skólanefndar Grímsneshrepps, og sé því úrskurðurinn markleysa ein.

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að auk þess sem barnaverndarráð eigi úrskurð um þau atriði, sem til þess er skotið eftir að barnaverndarnefndir eða skólanefndir hafa úrskurðað um þau, þá hafi ráðið samkvæmt 3. tl. 21. gr. barnaverndarlaganna sérstaka eftirlitsskyldu með barnaheimilum, og hljóti þar í að felast, að það geti svipt mann rétti til að veita slíku heimili forstöðu, án þess að bera það undir barnaverndar- eða skólanefnd, enda séu efnisástæður fyrir hendi til þessara aðgerða. Í 4. tl. 21. gr. sé enda sagt, að ráðið úrskurði um þau atriði, er undir það séu borin, en ekki tekið fram, að annar aðilji verði áður að hafa úrskurðað um þau. Þá hefur stefnda talið, að með bréfinu til skólanefndar Grímsnesshéraðs þann 22. febrúar 1945, svo og svarbréfi skólanefndarinnar frá 13. marz s. á., hafi því skilyrði verið fullnægt, að

skólanefndin fengi tækifæri til að taka afstöðu til málsins, áður en úrskurður gengi í ráðinu.

Með ákvæðum 12. gr. laga um barnavernd nr. 43 frá 1932 er barnaverndar- og skólanefndum fengið vald til að svipta einstaklinga og stofnanir rétti til að taka börn í fóstur. Aðiljum er þó veitt heimild til að skjóta slíkum úrskurði til barnaverndarráðs og er í því sambandi vísað til 21. gr. laganna. Í 4. tl. 21. gr. laganna segir, að ráðið leggi úrskurð á þau mál, sem undir það séu borin og er þar m. a. vísað til 12. greinar. Af þessum ákvæðum laganna verður ekki annað ráðið, en að mál þau, sem hér um ræðir, skuli ætíð borin undir barnaverndar- eða skólanefnd, áður en barnaverndarráð úrskurðar um þau.

Svo sem áður getur, ritaði stefnda skólanefnd Grímsnesshéraðs, en Sólheimar eru í því héraði, bréf dags. 22. janúar 1945. Bréfi þessu fylgdi meðal annars skýrsla um rannsókn þá, er fram fór árið 1944 á starfsemi barnaheimilisins. Í bréfi þessu segir svo: „Barnaverndarráð Íslands vill leyfa sér að æskja sem fyrst álits háttvirtrar skólanefndar um málið í heild og hvað gera skuli.“ Bréfi þessu svaraði skólanefndin með bréfi dags. 15. marz s. á. og óskar þess að vera laus við öll afskipti af barnaheimilinu, enda telja sér það óviðkomandi. Með því að leggja málið fyrir hlutaðeigandi skólanefnd á framangreindan hátt verður stefnda talið hafa fullnægt skilyrðum barnaverndarlaganna að þessu leyti. Verða því dómkröfur stefnandi ekki á þessu byggðar.

Í öðru lagi hefur stefnandi byggt dómkröfur sínar á því, að henni hafi ekki verið gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna í málinu, áður en stefnda felldi úrskurð sinn í því, og hljóti það að varða því, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að stefnandi hafi fullkomlega verið gefinn kostur á að skýra málið af sinni hálfu, meðan stefnda fjallaði um það áður en úrskurður þess féll. Meðal gagna þeirra, sem lögð hafa verið fram í málinu, eru bréf, er farið hafa á milli málsaðilja út af máli þessu. Af bréfum þessum, einkum niðurlagi dómsskjals nr. 14, er ljóst, að stefnandi hefur haft næga aðstöðu til að gæta hagsmuna sinna í sambandi við mál þetta, enda skýrt sín sjónarmið fyrir stefnda áður en úrskurður gekk.

Verða því dómkröfur stefnanda heldur ekki á þessu atriði byggðar.

Málalok í þessum hluta málsins verða því þau, að dómkröfur stefnanda verða ekki teknar til greina á þeim grundvelli, að formgallar hafi verið á meðferð máls þessa af hendi stefnda.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður að því er varðar þennan þátt málsins.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Dómkröfur stefnanda Sesselju Sigmundsdóttur á hendur stefnda, Arngrími Kristjánssyni, Jakob Jónssyni og Ingimar Jóhannessyni, f. h. barnaverndarráðs, verða ekki teknar til greina á grundvelli framangreindra sóknarástæðna.

Málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Þriðjudaginn 20. apríl 1948.

Nr. 120/1947. **Anna Líndal** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Mjólkursamsölunni í Reykjavík
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Húsaleigumál. Synjun útburðar.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 3. nóv. s. l., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburðargerð þá, sem beðið er um. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjanda úrskurðar ber að staðfesta hann, að því er synjun útburðar varðar, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður að því er varðar synjun útburðar.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 29. september 1947.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 13. þ. mán., hefur gerðarbeiðandi, Anna Lindal, Óðinsgötu 32, krafizt þess, að gerðarþoli, Mjólkursamsalan í Reykjavík, verði með beinni útburðargerð svipt afnotum af sölubúð, er gerðarþoli hefur haft á leigu í húsinu nr. 32 við Óðinsgötu.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Gerðarþoli, Mjólkursamsalan í Reykjavík, hefur undanfarið haft á leigu sölubúð í húsinu nr. 32 við Óðinsgötu hér í bæ. Gerðarbeiðandi, Anna Lindal, kaupir hinn 1. október 1946 hálfa húseignina Óðinsgötu 32 af Magnúsi nokkrum Guðmundssyni, og hefur gerðarbeiðandi síðan átt húspart þenna í sameign við Jón Sigurðsson. Hafa þau skipt húseigninni til afnota þannig, að í hlut gerðarbeiðanda Önnu fellur m. a. umrædd mjólkurbúð. Eignarheimild gerðarbeiðanda að húshelmingnum er þinglýst hinn 18. desember 1946, sjá rskj. 7, veðbókarvottorð.

Gerðarbeiðandi hefur með bréfi til fógetaréttarins, dags. 19. maí s. l., krafizt útburðar á gerðarþola úr nefndri sölubúð, fyrst og fremst vegna verulegra leiguvanskila og í öðru lagi vegna illrar umgengni um hið leigða.

Gerðarbeiðandi kveðst hafa tilkynnt Mjólkursamsölunni eigendaskipti sölubúðarinnar fljótlega eftir 1. október 1946. Engu að síður hafi þó leiga fyrir október og nóvember 1946 verið greidd fyrri húseiganda, Magnúsi Guðmundssyni, sem allt fram í desember bjó í einu herbergi í húsinu, og hafi Magnús framselt sér póstávísanir þær, sem voru fyrir leigunni. Eftir að Magnús hafði rýmt herbergi sitt, kveðst gerðarbeiðandi hafa hringt til Mjólkursamsölunnar, og tjáð gjaldkera, að Magnús væri fluttur og gæti hún því ekki tekið gildar leiguávísanir stílaðar á hann framvegis, heldur bæri að senda sér leiguna. Þrátt fyrir þetta hafi leigan fyrir desember 1946 ekki verið send sér fyrri en 26. apríl 1947, janúarleigan 1947 s. d. og febrúarleigan hinn 18. marz s. l. Kveðst gerðarbeiðandi hafa kvittað með fyrirvara fyrir öllum þessum greiðslum og svo æ síðan.

Hinn 22. marz s. l. ritar gerðarbeiðandi Mjólkursamsölunni og kvartar yfir því, að hún hafi enn ekki fengið leigu fyrir desember 1946, né janúar og febrúar né það, sem af væri marz þ. á. Ítrekar hún einnig í bréfi þessu, að hún hafi tilkynnt samsölunni um eigendaskipti að sölubúðinni, og kveður eignarheimild sinni hafa verið þinglýst í desembermánuði 1946. Sjá hér rskj. 3.

Enn ritar gerðarbeiðandi samsölunni hinn 18. apríl, sjá rskj. 4, og kvartar yfir vanskilum þeim, er orðin voru á leigugreiðslum, og kveðst ekki veita viðtöku greiðslu þeirri, er sér hafi borizt á pósthúsið frá því er bréfið á rskj. 3 var skrifað, vegna vanskilanna. Krefst gerðarbeiðandi þess enn fremur, að Mjólkursamsalan rými sölubúðina í síðasta lagi 14. maí s. l. Eftir sendingu þess bréfs, kveður gerðarbeiðandi, að leiga fyrir desember 1946 og janúar 1947 hafi borizt sér, sbr. hér að framan.

Af hálfu gerðarþola er þannig frá skýrt, að fyrri húseigendur hafi reynt að fá hina umdeildu sölubúð rýmda, og hafi neitað að taka á móti leigu, og hafi leigan því verið send í póstávísun. Vegna þessa hafi ráðamenn samsölunnar haft ástæðu til að fara varlega í sakirnar, og þannig ekki sent gerðarbeiðanda Önnu leiguna fyrri en hún tilkynnti um þinglestur eignarheimildar sinnar fyrir hinni umdeildu mjólkurbúð. Það er að vísu játað, að gerðarbeiðandi hafi þegar í októbermánuði 1946 ritað samsölunni um eigendaskiptin, en er farið var að rannsaka það mál, með því að kynna sér afsals- og veðmálabækur, hafi komið í ljós, að eigninni hafi ekki verið þinglýst á nafn gerðarbeiðanda. Þá hafi einnig komið í ljós, með símtali við gerðarbeiðanda í nóvember 1946, að þinglestur þessi hafði þá ekki átt sér stað.

Því er haldið fram, að gerðarbeiðanda hafi verið tjáð það af gjaldkera samsölunnar, að henni yrði ekki greidd leigan fyrr en hún hefði látið þinglesa eignarheimild sína. Hafi henni því borið að tilkynna Mjólkursamsölunni, þegar sá þinglestur hefði fram farið. Þetta hafi hún þó ekki gert fyrr en með bréfi dagsettu 22. marz 1947.

Þá er einnig svo frá skýrt af hálfu gerðarþola, að 20. marz 1947 hafi póstávísun, sem send hafi verið fyrri húseigendum sem greiðsla fyrir febrúarmánuð, verði endursend samsölunni. Um líkt leyti hafi gerðarbeiðandi tilkynnt um þinglýsingu á eignarheimild sinni og hún verið staðreynd með athugun afsals- og veðmálabóka. Þá hafi og fyrri eigandi sölubúðarinnar, Magnús Guðmundsson, aðspurður gefið gjaldkera samsölunnar þær upplýsingar, að hann hefði framselt gerðarbeiðanda póstávísanirnar fyrir októberleigunni og nóvemberleigunni 1946, en endursent pósthúsinu síðari ávísanir. Er spurt var eftir þeim ávísunum á pósthúsinu, fengust þær upplýsingar, að ef ávísanir væru endursendar þangað, yrði þær að vörmu spori framseldar greiðanda, en hins vegar væri oft ekki hægt að sjá, hvort þær hefðu verið innheimtar fyrri en 2—3 mánuðum eftir á, vegna endurskoðunar á pósthúsinu. Hafi nú verið beðið með að senda gerðarbeiðanda póstávísanir sem leigu fyrir desember 1946 og janúar 1947 enn um hríð, þar til séð yrði, hvort áður sendar ávísanir fyrir þennan tíma kæmu ekki fram, en þegar svo loks upplýst varð, að þær höfðu ekki verið innheimtar, hafi leigan fyrir nefnda mánuði verið send gerðarbeiðanda hinn 26. apríl s. l.

Þannig er því haldið fram, að ráðamenn Mjólkursamsölunnar hafi verið í góðri trú gagnvart því atriði, að um vangreiðslu eða vanskil gæti verið að ræða af sinni hálfu, og er framgangi útburðargerðarinnar mótmælt á þeim grundvelli.

Gerðarbeiðandi mótmælir því atriði, að sér hafi verið gert það vitanlegt, að Mjólkursamsalan myndi ekki greiða sér leiguna fyrri en hún hefði tilkynnt um þinglestur eignarheimildar sinnar að sölubúðinni.

Það er viðurkennt af hálfu Mjólkursamsölunnar, að gerðarbeiðandi hafi tilkynnt bréflega um eignarhald sitt á hinni umdeildu sölubúð þegar í októbermánaðarbyrjun 1946. Hins vegar verður eigi séð, að gerðarbeiðandi hafi á nokkurn hátt gert tilraun til að sanna fyrir gerðarþola, að hún ætti rétt á leigugreiðslum fyrir nefnda búð fyrr en með bréfi dags. 22. marz þ. á., að hún vísar til skráningar eignarinnar í afsals- og veðmálabækur Reykjavíkur, en til þess tíma hafði gerðarþoli sent fyrri húseigendum húsaleiguna í póstávísunum. Fram er komið í málinu, að fyrri eigandi framseldi gerðarbeiðanda póstávísanir fyrir október og nóvemberleigunni 1946, en greiðsluávísanir fyrir desember 1946 og janúar 1947 munu eigi hafa verið innheimtar, en ávísunin fyrir febrúargreiðsluna 1947 endursend af fyrri eiganda. Eins og hinar framlögðu afklippur sýna, sjá rskj. 8, svo og annað, sem fram er komið í málinu, þar á meðal yfirlýsing gerðarbeiðanda um leigugreiðslur frá og með marzmánuði s. l., verður ekki séð, að gerðarþola hafi skort vilja eða getu til að greiða leigu á réttum tíma.

Samkvæmt þessu verður að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar, og þykir rétt, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 200.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal ekki fram fara.

Gerðarbeiðandi, Anna Lindal, Óðinsgötu 32, greiði gerðarþola, Mjólkursamsölunni í Reykjavík, kr. 200.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þess að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. apríl 1948.

Kærumálið nr. 2/1948. **Bogi Brynjólfsson**
gegn
Einari Arnalds, borgardómara í Reykjavík, persónulega og f. h. ríkissjóðs.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Ákvörðun ritlauna.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 22. marz þ. á., er hæstarétti barst 31. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt analogíu 186. gr. laga nr. 85/1936 kært ákvörðun varnaraðilja um ritlaun fyrir dómsgerðir í máli sóknaraðilja gegn Árna Sigfússyni, er rekið var fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og dæmt þar 2. júlí 1947. Svo kærir sóknaraðili og samkvæmt 4. mgr. 34. gr. sömu laga varnaraðilja til greiðslu fésektar fyrir drátt á afgreiðslu greindra dómsgerða. Gerir sóknaraðili þær kröfur, *að* varnaraðilja verði annaðhvort f. h. ríkissjóðs eða persónulega dæmt að endurgreiða honum ofgreidd ritlaun eftir mati hæstaréttar, *að* varnaraðilja verði dæmt að greiða sekt og *að* varnaraðilja verði annaðhvort f. h. ríkissjóðs eða persónulega dæmt að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað eftir mati hæstaréttar.

Varnaraðili hefur sent hæstarétti greinargerð um málið og andmælt framangreindum kröfum sóknaraðilja.

Dómsgerðir þær, er kæran varðar, eru samtals 171 bls. Hefur sóknaraðili goldið fyrir þær kr. 207.00 í ritlaun með fyrirvara um endurgreiðslu. Dómsgerðirnar hefjast á endurriti úr bæjarþingsbók Rykjavíkur af því, sem þar hefur verið bókað í ofangreindu máli, alls 15 bls. Þá er á bls. 16—20 endurrit úr dómabók Reykjavíkur af dómi í málinu. Næst er á bls. 21—164 endurrit dómskjala, sem heft eru í dómsgerðirnar. Eru endurrit þessi ekki rituð af starfsfólki borgardómaraskrifstofunnar, heldur hafa sóknaraðili og gagnaðili hans í héraði lagt þau til. Loks eru á bls. 165—171 2

dómskjöl í frumriti, heft með dómsgerðunum. Kveður sóknaraði sér aðeins hafa borið að greiða ritlaun fyrir framangreint endurrit úr bæjarþingsbókinni, sem hann telur vera 14½ bls. Hins vegar telur hann sér hafa verið óskylt að greiða ritlaun fyrir endurrit þau af dómskjölum, sem hann og gagnaðili hans í héraði höfðu afhent borgardómaraembættinu. Krefst hann endurgreiðslu samkvæmt ákvörðun hæstaréttar á þeim hluta ritlaunanna, sem tekin hafi verið fyrir endurrit þessi.

Varnaraðili hefur gert eftirfarandi grein fyrir ákvörðun ritlaunanna. Hann kveður upphaf dómsgerðanna, 20. bls., vélritað af starfsfólki borgardómaraskrifstofunnar. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 2/1894 og 10. gr. laga nr. 85/1938 beri að taka kr. 1.50 fyrir hverja 4 blaðsíðna örk, ef leturmergð sé sú, er getur í 3 mgr. 3. gr. laga nr. 2/1894. En nú sé leturmergð á hverri vélritaðri bls. dómsgerðanna tvöfalt meiri en í nefndu lagaboði greinir, og hafi hann því samkvæmt venju reiknað ritlaunin kr. 3.00 fyrir hverja vélritaða örk. Þegar við sé bætt verðlagsuppbót samkvæmt 2. gr. laga nr. 75/1947, verði ritlaun fyrir hverja örk kr. 9.00, og þá alls kr. 45.00 fyrir nefndar 20 bls. Þá kveður varnaraðili ekkert gjald vera tekið fyrir þau frumrit dómskjala, alls 7 bls., sem heft séu með dómsgerðunum. Loks séu 144 bls., eða 36 arkir, sem málsaðiljar í héraði hafi lagt til. Endurrit þessi verði starfsmenn borgardómaraembættisins að lesa saman við frumrit, áður en þau eru heft inn í dómsgerðirnar. Fyrir það starf kveðst varnaraðili hafa í samráði við dómsmálaráðuneytið reiknað hálf ritlaun, eða kr. 4.50 fyrir hverja örk, og þá alls fyrir nefndar 36 arkir kr. 162.00.

Þeirri skýrslu varnaraðilja, að fyrstu 5 arkir dómsgerðanna séu vélritaðar af starfsfólki borgardómaraskrifstofunnar, hefur ekki verið hnekkt. Eru ritlaun fyrir þær rétt reiknuð af varnaraðilja, kr. 45.00. Fyrir að lesa eftirrit dómskjala saman við frumrit var varnaraðilja heimilt að taka gjald samkvæmt ákvæðum 48. gr. laga nr. 27/1921 og 1. gr. laga nr. 121/1947. Það gjald nemur kr. 4.00 fyrir hverja vélritaða örk. Eftir því hefur sóknaraðilja verið gert að greiða um of kr. 0.50 fyrir samlestur hverrar arkar end-

urritanna, eða alls kr. 18.00 fyrir áðurgreindar 36 arkir. Ber varnaraðilja f. h. ríkisjóðs að endurgreiða sóknaraðilja þá fjárhæð.

Sóknaraðili bað um ofangreindar dómsgerðir í bréfi til varnaraðilja, dags. 18. ágúst f. á., en afgreiddar eru þær frá borgardómaraembættinu hinn 17. marz þ. á. Telur sóknaraðili þenna drátt á afgreiðslu dómsgerðanna brot á ákvæðum 44. gr. laga nr. 85/1936, er sektum eigi að varða samkvæmt 34. gr. sömu laga.

Varnaraðili telur ókleift hafa verið, með þeim mannafla, sem að vélritun vinnur við borgardómaraembættið, að afgreiða dómsgerðirnar fyrr en raun var á. Þeirri reglu sé fylgt, að beiðnir um endurrit séu afgreiddar í sömu röð og þær berast, en þó svo, að endurrit dóma, sjóferðaprófa og vitnaskýrslna verði að ganga fyrir dómsgerðum. Kveður hann sér hafa verið ljóst, að núverandi starfslið embættisins, sem að vélritun vinnur, gæti ekki annað afgreiðslu dómsgerða innan þess frests, sem lög ákveða. Hafi hann því reynt að afla sér heimildar dómsmálaráðuneytisins til þess að ráða vélritunarstúlku til viðbótar því starfsliði, sem fyrir er, en ráðuneytið hafi ekki á það fallizt, og ekki hafi það heldur veitt leyfi til þess að greiða kaup fyrir eftirvinnu. Þegar þessar aðstæður varnaraðilja við embætti hans eru virtar, verður framangreindur dráttur á afgreiðslu dómsgerðanna ekki metinn honum til sakar. Krafa sóknaraðilja um að varnaraðilja verði dæmt að greiða sekt, verður því ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Varnaraðili, Einar Arnalds borgardómari, greiði f. h. ríkissjóðs sóknaraðilja, Boga Brynjólfssyni, kr. 18.00.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 23. apríl 1948.

Nr. 106/1946. **Helgi Thorlacius** (Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn
Steindóri Einarssyni (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Skaðabætur vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 14. ágúst 1946. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 60 767.92 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. júlí 1943 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Svo krefst hann þess og, að honum verði ákveðinn lögveðréttur í bifreiðinni R 1483 fyrir dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Hæfilegt telst að ákveða áfrýjanda bætur samkvæmt 5. og 6. kröfulið samtals kr. 3200.00. Að öðru leyti þykir rétt að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um bætur áfrýjanda til handa með skírskotun til forsendna dómsins, en rétt þykir að taka til greina kröfu áfrýjanda um upphafstíma vaxta.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 1500.00.

Ákveða ber áfrýjanda samkvæmt kröfu hans lögveðrétt í bifreiðinni R 1483 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Stefndi Steindór Einarsson greiði áfrýjanda Helga Thorlacius kr. 4042.12 með 6% ársvöxtum frá 4. júlí 1943 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti samtals kr. 1500.00. Á áfrýjandi lögveðrétt í bifreiðinni R 1483 fyrir fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. maí 1946.

Mál þetta, er dómtekið var 20. þ. m., hefur Helgi Thorlacius verzlunarmaður hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 9. júní 1944, gegn Steindóri bifreiðareiganda Einarssyni, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 13 180.12 með 6% ársvöxtum frá 4. júlí 1943 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Með framhaldsstefnu, útgefinni 12. júní 1945, hefur hann hækkað kröfur sínar í kr. 60 767.92 með 6% ársvöxtum frá 4. júlí 1943 og jafnframt krafizt málskostnaðar að skaðlausu. Loks hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkenndur verði lögveðréttur honum til handa fyrir fyrrgreindum kröfum í bifreiðinni R 1483.

Stefndi hefur krafizt lækkunar á kröfum stefnanda að mati dómarans og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Trolle & Rothe h/f, sem nefnd bifreið var tryggð hjá, hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en engar kröfur hafa verið gerðar á hendur því né hefir það haft uppi dómkröfur.

Málavextir eru þessir:

Hinn 4. júlí 1943 tók stefnandi máls þessa sér far með áætlunarbifreiðinni R 1483 frá Þingvöllum til Reykjavíkur. Bifreið þessi, sem er farþegabifreið og rúmar 21 farþega, er eign stefnda. Bifreiðinni, sem var fullskipuð farþegum, var ekið sem leið liggur frá Þingvöllum áleiðis til Reykjavíkur. Um kl. 20 var bifreiðin stödd á veginum nálægt Kárastöðum í Þingvallasveit. Vildi þá það óhapp til, að hægra framhjól bifreiðarinnar datt undan henni og rann í burtu. Við það féll bifreiðin niður á „bremsuskálina" og rann áfram, en bifreiðarstjórinn missti stjórnar á henni. Er hún hafði runnið áfram eftir veginum um 35 metra, fór hún út af honum vinstra megin og lagðist á hægri hliðina. Við þetta hlutu allmargir farþegar meiðsl og þar á meðal stefnandi.

Telur stefnandi, að slys þetta hafi orðið með þeim hætti, að stefndi beri bótaábyrgð á öllu tjóni, er af hafi hlotizt, samkvæmt 1. mgr. 34. gr. sbr. 1. mgr. 35. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941

Stefndi hefur viðurkennt bótaábyrgð sína vegna slyss þessa, og kemur því aðeins til athugunar fjárhæð bótakröfu stefnanda.

Bótakröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Greitt fyrir umbúðir og aðstoð á læknavarðstofunni	kr.	22.12
2.	Bætur fyrir fataskemmdir	—	1 158.00
3.	Örorka	—	44 080.80
4.	Greitt fyrir læknishjálp	—	507.00
5.	Bætur fyrir varanleg lýti	—	10 000.00
6.	Bætur fyrir þjáningar	—	5 000.00
	Samtals	kr.	60 767.92

Um 1. Stefndi hefur viðurkennt lið þenna, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um 2. Stefnandi telur, að eftirtalin föt sín hafi eyðilagzt við að atast í blóði og óhreinindum, er umrætt slys varð: Hattur, frakki, alklæðnaður, 2 vasaklútar, skór og auk þess sólgleraugu.

Stefndi hefur mótmælt lið þessum sem of háum.

Ljóst er af framburði stefnanda og vottorðum lækna, er gerðu að sárum hans, að föt stefnanda hafa skemmzt nokkuð af blóði. Hins vegar er ekki leitt í ljós, að þau hafi rifnað eða orðið fyrir öðrum skemmdum en þeim, sem ráða megi að mestu bót á með hreinsun. Að þessu athuguðu þykja bætur til stefnanda samkvæmt lið þessum hæfilega ákveðnar kr. 800.00.

Um 3. Skýrir stefnandi svo frá, að er bifreiðin valt á hliðina, hafi hann kastazt úr sæti sínu út í hægri hlið bifreiðarinnar og lent þar á ljósastæði, sem hafi verið upp undir þaki hennar, en fallið þaðan niður með hliðinni milli bekkja bifreiðarinnar. Við þetta hafi hann fengið allmikið sár á höfuðið. Stefnandi var strax eftir slysið fluttur á læknavarðstofuna í Reykjavík, og var þar gert að meiðslum hans. Í vottorði læknis varðstofunnar segir m. a. svo um meiðsli stefnanda: „Á enni hans var mjög mikið gapandi vinkilmyndað sár, 9—10 cm langt, frá hársverði og niður fyrir mitt enni, ca. í miðlínu. Auk þess sáust smá húðskrámur á nefi og höndum. Sárið saumað saman með tveim silkiþráðum og 3 klemmum. Umbúðir.“ Daginn eftir slysið fór stefnandi í skoðun til Bjarna læknis Bjarnasonar. Í vottorði hans til Tryggingarstofnunar ríkisins, dags. 7. s. m., segir svo um meiðsli stefnanda: „Stórt sár á enni — glóðarauga á báðum augum — mar og bólga aftan á hálsi.

Contusiones & vulnera cap. var. locor.“

Læknir þessi stundaði síðan stefnanda þar til 20. s. m., en þann dag brottskráði hann stefnanda sem vinnufæran. Um 4—6 mánuðum eftir slysið kveðst stefnandi hafa orðið var við, að vinstri axlarliður var stirður og að hann hafi átt erfitt með að hreyfa hendina aftur fyrir bakið. Leitaði hann þá á ný til Bjarna Bjarnasonar læknis, er vísaði honum í nuddaðgerðir til Kristjáns Hannessonar læknis. Í vottorði þess læknis segir, að stefnandi hafi: „periarthroitis humero-scapularins sin post. traumat.“ Var stefnandi til lækninga hjá honum frá 29. september 1944 til 10. nóvember s. á., en fékk eigi bata.

Tryggingarlæknir ríkisins, Jóhann Sæmundsson, hefur metið örorku stefnanda vegna sjúkdóms þessa í öxlinni, er hann telur varanlega, um 15%.

Stefnandi, sem hefur komið fyrir dóm í málinu, skýrir svo frá, að er hann hafi fengið högg það, er að framan getur, á höfuðið, hafi hann dofnað svo, að hann geti ekki sagt um, hvort hann hafi einnig meiðzt í öxlinni, en hann telur líklegt, að hann hafi fengið

högg á öxlina, er hann féll niður milli bekkja bifreiðarinnar, enda hafi hann, 2 dögum eftir slysið, verið orðinn mjög bólginn vinstra megin á hálsinum og niður á öxlinni. Þá kveðst stefnandi aldrei hafa orðið fyrir neinu höggi eða áverka á öxlina, hvorki fyrir né eftir umrætt slys. Sjúkdómur þessi hljóti því að vera afleiðing af slysinu og beri stefnda að bæta sér tjón það, er hann hafi beðið vegna hans.

Stefndi hefur mótmælt lið þessum.

Eins og að framan segir, getur stefnandi ekki fullyrt neitt um, hvort hann hafi hlotið högg á öxlina, er slysið vildi til, og læknisvottorð eftir fyrstu skoðanir á honum geta ekkert um einkenni eftir slíkt. Hins vegar hefur Bjarni Bjarnason læknir gefið vottorð hinn 5. október 1944 um ástand stefnanda, er hann leitaði til hans daginn eftir slysið, og segir þar m. a. svo: „Enn fremur bólga og eymsli um v. axlarlið aftur á herðablað og eymsli í hálsvöðvum v. megin, gat ekki snúið til höfðinu né lyft v. handl. nema lítið eitt.“ Þá segir enn fremur, að stefnandi hafi kvartað lengi um höfuðverk og stirðleika í hálsi og enn fremur um þrautir og stirðleika í öxlinni við erfiðisvinnu. Læknarnir Bjarni Bjarnason og Björgvin Finnsson hafa báðir komið fyrir dóm í málinu. Bjarni Bjarnason kveðst hafa orðið þess var, er hann skoðaði stefnanda daginn eftir slysið, að hann hafi verið bólginn vinstra megin á hálsinum og niður á öxl. Bólgu þessa hafi hann talið geta staðið í sambandi við sárið á höfðinu. Hafi hann búizt við, að hún mundi hjaðna um leið og sárið gréri og því ekki fundizt ástæða til að geta um hana í vottorði sínu til Tryggingarstofnunarinnar. Björgvin Finnsson minnist þess ekki, að stefnandi hafi verið annars staðar meiddur en getur á vottorði hans, en tekur þó fram, að hugsanlegt sé, að stefnandi hafi meiðzt í öxlinni, þótt hann hafi ekki orðið þess var, er hann gerði að meiðslum hans. Mál þetta hefur verið borið undir læknaráð að því er varðar það atriði, hvort kvilli sá í vinstri öxl stefnanda, er um ræðir, fái talizt afleiðing af nefndu slysi, og er ályktun réttarmáladeildar læknaráðs svo hljóðandi: „Það er almennt viðurkennt, að periarthroitis humero-scapularis getur stafað af áverka á öxl, en hitt er líka vitað, að sjúkdómurinn gerir oft vart við sig án nokkurs undangengins áverka, ekki sízt, er eldri menn eiga í hlut. Eigi þess vegna að setja sjúkdóminn í samband við slys og telja hann afleiðing af slysinu, verður að krefjast þess, að um verulegan áverka hafi verið að ræða. Nú þykir það mjög ósennilegt, að stefnandi hafi hlotið verulegan áverka á öxlina, þegar hann varð fyrir bílslysinu, þó að læknir láti í té um það vottorð „eftir minni“ 15 mánuðum eftir atburðinn. Þegar eftir slysið og skömmu síðar, þegar fyrstu læknisvottorðin eru rituð, virðist enginn hafa gefið gaum neinum áverka á öxlina. Hinn slasaði verður fljótt vinnufær eftir slysið. Í kröfu sinni til bíleigandans í nóv. 1943 minnist stefnandi ekki á öxlina, og samkvæmt

seinni upplýsingum slasaða fer ekki að bera á sjúkdómnum í öxlinni fyrr en 4—6 mánuðum eftir slysið, þ. e. svo löngu síðar, að ósennilegt þykir, að um orsakasamband sé að ræða milli slyssins og axlarsjúkdómsins." Af hálfu stefnanda hefur því í þessu sambandi verið haldið fram, að læknaráð hafi ekki verið löglega skipað, þar sem einungis þrír læknaráðsmenn tóku þátt í afgreiðslu málsins. Með skírskotun til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 14 frá 1942 verður ekki talið, að þessi skoðun stefnanda hafi við rök að styðjast.

Með skírskotun til framangreindrar ályktunar læknaráðsins svo og annars þess, sem upp er komið í málinu varðandi lið þenna, eru eigi leiddar nægar sönnur að því, að margnefndur sjúkdómur stefnanda eigi rót sína að tekja til slyssins, og þykir því verða að sýkna stefnda af kröfu stefnanda, að því er hann varðar.

Um 4. Af skjölum málsins er sýnt, að liður þessi er allur til kominn vegna axlarsjúkdóms stefnanda, að undanskildum kr. 20.00 til læknanna Bjarna Bjarnasonar og Björgvins Finnssonar. Með vísan til þess, er að framan segir um lið 3, verður stefnda, sem eigi hefur andmælt hinni tölulegu fjárhæð, einungis gert að greiða stefnanda kr. 20.00 samkvæmt þessum lið.

Um 5 og 6. Við slysið hlaut stefnandi mjög mikið gapandi vinkilmyndað sár, 9—10 cm langt, frá hársverði og niður fyrir mitt enni ca. í miðlínu. Í vottorði Jóhanns Sæmundssonar læknis, dags. 20. október 1944, segir m. a. svo: „Á enni sést vinkilmyndað fullgróið ör, sem enn er dálítið rauðleitara en hörundið umhverfis, en þó ekki til stórra lýta. Örið er því sem næst á miðju enni um 8—9 cm langt frá hársverði niður." Telja verður að stefnandi, sem er sextugur að aldri, eigi rétt til nokkra bóta úr hendi stefna vegna lýtis þessa.

Meiðsl þau, er stefnandi hlaut við slysið, voru þau, eins og að framan getur, að hann hlaut sár á enni, högg á höfuðið og skrámur á andlit og hendur. Daginn eftir var hann orðinn all bólginn í andliti, með glóðarauga á báðum augum og átti erfitt með að hreyfa höfuðið sökum bólgu aftur á höfðinu og niður á herðablað. Sár hans gréru hins vegar fljótt, og, eins og fyrr en sagt, taldi læknir hans hann vinnufæran 16 dögum eftir slysið. Að þessu athuguðu þykja bætur til stefnanda samkvæmt báðum þessum liðum hæfilega ákveðnar kr. 2500.00.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefnda verður gert að greiða stefnanda kr. 3342.12 (kr. 22.12 + kr. 800.00 + kr. 20.00 + kr. 2500.00) með 6% ársvöxtum, er reiknast frá stefnudegi. Þá þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00. Þá ber og að taka til greina kröfu stefnanda um lögveðrétt, enda á hún við lög að styðjast.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Framangreindur lögveðréttur er viðurkenndur.

Stefndi Steindór Einarsson greiði stefnanda Helga Thorlacius kr. 3342.12 með 6% ársvöxtum frá 9. júní 1944 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. apríl 1948.

Nr. 138/1947. **Réttvísin** (Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson)

gegn

Herði Lárusi Valdimarssyni, Magnúsi Aðalsteini Aðalsteinssyni, Hinriki Ragnarssyni og Þórarni Andréssyni Sigurðssyni

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Þjófnaður.

Dómur hæstaréttar.

Atferli það, sem lýst er í V. kafla héraðsdómsins, var framið með þeim hætti, að ákærða Hinrik hlaut að vera ljóst, að um þjófnað var að ræða. Þátttaka hans varðar því við 244. gr. laga nr. 19/1940. Að öðru leyti eru afbrot ákærðu rétt færð til refsiákvæða.

Með hliðsjón af 72. gr. hegningarlaganna þykir refsing ákærðu Harðar Lárusar og Magnúsar Aðalsteins hvors um sig hæfilega ákveðin fangelsi 3 ár og 4 mánuði. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma þeirra.

Hegningarauki ákærða Hinriks ákveðst fangelsi 3 mánuði.

Refsing ákærða Þórarins er hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði. En fullnustu refsingar hans þykir mega fresta, og falli hún niður eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, verði haldin skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940.

Samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna ,sbr. 20. gr. bifreiða-

laga nr. 23/1941, ber að svipta alla hina ákærðu réttindum bifreiðarstjóra ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda, skaðabætur og málskostnað staðfestast.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærðu, Hörður Lárus Valdimarsson og Magnús Aðalsteinn Aðalsteinsson, sæti hvor fangelsi 3 ár og 4 mánuði. Gæzluvarðhaldstími þeirra skal koma til frádráttar refsingunni.

Ákærði Hinrik Ragnarsson sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði Þórarinn Andrésson Sigurðsson sæti fangelsi 6 mánuði. En fullnustu refsingar hans skal fresta og niður skal hún falla eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 haldin.

Ákærðu eru allir sviptir ökuleyfum ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda, skaðabætur og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 30. október 1947.

Ár 1947, fimmtudaginn 30. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara kveðinn upp dómur í málinu nr. 4451—54/1947: Réttvísin gegn Herði Lárusi Valdimarssyni, Magnúsi Aðalsteini Aðalsteinssyni, Þórarni Andréssyni Sigurðssyni og Hinrik Ragnarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Herði Lárusi Valdimarssyni pípulagningarmanni, Fálkagötu 8, Magnúsi Aðalsteini Aðalsteinssyni verkamanni, Camp Knox 0—3—1, Þórarni Andréssyni Sigurðssyni sjómanni, Sörlaskjóli 42, og Hinrik Ragnarssyni bifreiðarstjóra, Skipasundi 9, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði Hörður Lárus Valdimarsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Osló í Noregi 17. janúar 1914, og hefur svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1927 ¾ Kærður fyrir þjófnað. Afgreitt til dómara.
1929 ⁴⁄₁₀ Sátt, 10 kr. sekt fyrir ljósleysi á reiðhjóli.
1935 ³⁄₁₁ Sátt, 35 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1936 ¼ Dómur aukaréttar, 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 6. gr. laga nr. 51 1928.
1941 ²⁰⁄₅ Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot gegn reglum um einstefnuakstur.
1947 ⁶⁄₉ Sátt, 40 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 5. gr. bifreiðalaganna.

Ákærði Magnús Aðalsteinn Aðalsteinsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. október 1924 í Reykjavík. Hinn 23. maí 1946 var hann með réttarsátt sektaður um kr. 50.00 fyrir brot gegn lögum nr. 69 1936, sbr. reglugerð nr. 105 1936, 3. gr. 1. mgr.

Ákærði Þórarinn Andrésson Sigurðsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur á Þórustöðum í Gerðahreppi 8. janúar 1915, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1944 ¹⁄₈ Reykjavík, sátt, 50 kr. sekt fyrir áflog á almannafæri.
1946 ⁷⁄₉ Reykjavík, sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 ²⁄₃ Reykjavík, sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærði Hinrik Ragnarsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur á Hellissandi 11. nóvember 1920, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1936 ¹⁄₈ Siglufjörður, sátt, 30 kr. sekt fyrir götuóspektir.
1938 ²⁄₄ Snæfellsness- og Hnappadalssýsla. Dómur, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 6. gr. sbr. 30. gr. áfengislaganna.
1938 ³⁄₉ Reykjavík. Áminning utan réttar fyrir óspektir.
1942 ⁹⁄₁₂ Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna.
1943 ²⁰⁄₁₁ Snæfellsness- og Hnappadalssýsla. Dómur aukaréttar, 6 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár fyrir brot gegn 257. gr. 1. mgr. hegningarlaganna nr. 19 1940. Dómsniðurstaðan staðfest í hæstaréti ²⁰⁄₉ 1944. Brotið heimfært undir 257. gr. 2. mgr. sbr. 20. gr. hegningarlaganna nr. 19 1940.
1943 ¹⁷⁄₁₂ Reykjavík. Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn reglum um einstefnuakstur.

1945 $^{1}/_{3}$ Reykjavík. Sátt, 30 kr. sekt fyrir akstur bifreiðar án afturljóss og með of marga farþega í framsæti bifreiðar.

1945 $^{9}/_{7}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 $^{30}/_{7}$ Reykjavík. Sátt, 30 kr. sekt fyrir að hafa of marga farþega í framsæti bifreiðar.

1945 $^{23}/_{8}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 30 daga fangelsi og skaðabætur kr. 2475.68 fyrir brot gegn 218. gr. hegningarlaganna og 37. gr. áfengislaganna. (Mál nr. 2104, 1945). Staðfest í í hæstarétti $^{2}/_{3}$ 1946.

1947 $^{1}/_{2}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 14. gr. bifreiðalaganna, 43. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 7. gr. umferðarlaganna.

1947 $^{17}/_{10}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaganna, skaðabætur í sama máli kr. 2990.00 til Einar G. Bjarnasonar. (Mál nr. 4243, 1947).

Skulu nú rakin brot ákærðu, hvert fyrir sig, og eru þau sönnuð með eigin játningum þeirra, sem eru í öllum atriðum í samræmi við annað, sem fram hefur komið í málinu.

I.

Í fyrrahaust, þegar þannig stóð á, að herliðið, sem hér hafði verið, hafði yfirgefið herskálahverfin hér í grenndinni, kom ákærðu Magnúsi, Herði og Þórarni saman um að fara í yfirgefið herskálahverfi í Fossvogi og taka þar einhver verðmæti, er þeir fyndu þar. Magnús fékk lánaða vörubifreið til þessarar ferðar og ók henni. Förina fóru þeir á sunnudegi um miðjan dag. Þeir fóru í þrjá ólæsta herskála í hverfinu og tóku þaðan þrjá olíukynta baðvatnsofna, þrjú súrefnishylki og eitt element úr lofthitara. Þýfi þetta fluttu þeir heim til Harðar. Ofnana seldu þeir Hörður og Magnús síðar fyrir kr. 1200.00 alls, sem þeir skiptu með sér. Súrefnishylkin seldu þeir fyrir kr. 100.00 hvert, alls kr. 300.00, og skiptu því fé jafnt milli allra þeirra þriggja ákærðu, sem þátt tóku í þessu broti. Elementið seldu þeir ekki og hefur rannsóknarlögreglan nú tekið það í sínar vörzlur.

II.

Í fyrrahaust um það leyti, sem brezki herinn var að fara úr skálahverfi við Einarsstaði, fór ákærði Hörður inn í yfirgefinn skála í hverfinu og tók þaðan eina klósettskál og hafði heim með sér og hefur hún verið þar í notkun síðan.

III.

Í fyrrahaust, um það bil, sem herliðið fór úr svonefndum Tripolikamp hér í bænum, fóru ákærðu Magnús, Hörður og Þórarinn inn í ólæstan verkstæðisskála í hverfinu og tóku þar ýmsa bifreiðavarahluti, sem lágu á víð og dreif um skálann. Þýfið fluttu

þeir heim til Harðar. Á síðastliðnu sumri seldu Hörður og Magnús þýfi þetta fyrir kr. 1100.00, létu Þórarinn fá kr. 300.00 af því fé, en skiptu afganginum jafnt milli sín.

IV.

Skömmu áður en herliðið yfirgaf Tripoliherbúðirnar fóru ákærðu Magnús og Hörður eitt sinn á næturþeli inn í herbúðahverfið og komust þeir þar inn yfir fallinn kafla girðingarinnar, sem kringum það var. Þeir fóru að sölubúð hersins, sem læst var með hengilás, snéru hann sundur og fóru síðan inn í búðina. Þar fundu þeir peningakassa og höfðu hann á brott með sér. Þeir fóru með hann fram að sjó og brutu hann þar upp. Í honum voru á þriðja hundrað dollarar, sem ákærðu skiptu með sér, og hafa síðan selt. Kassanum fleygðu þeir í sjóinn. Samkvæmt frásögn Magnúsar tóku þeir einnig í þetta skipti nokkuð af fatnaði, en Hörður telur þá ekki hafa tekið hann fyrr en í næstu ferð, sem nú verður strax lýst.

Þegar þeir höfðu lokið afskiptum sínum af peningakassanum, kom þeim saman um að fara strax aftur í búðina og fá Þórarinn með í þá för. Þeir fóru heim til Þórarins og vöktu hann upp, og var klukkan þá milli 2 og 3 að nóttu. Þórarinn var fús til að fara með þeim. Þeir fóru nú allir í búðina og tóku þar ýmsan varning, svo sem eitt útvarpstæki, tóbak, sápu, nokkrar reykjarpípur o. fl. Hörður segir þá einnig hafa tekið reiknivél í þessari ferð, en Magnús heldur því fram, að þeir hafi tekið hana áður. Munum þessum skiptu þessir ákærðu með sér. Sumir eru nú eyddir, en aðrir teknir í vörzlu rannsóknarlögreglunnar.

Eftir brottför herliðsins úr herbúðunum tóku sömu ákærðu gólfdúk af skálagólfi í þeim, og notuðu Hörður og Þórarinn hann.

V.

Skömmu áður en herliðið fór úr Camp Knox fóru ákærðu Hörður og Magnús þangað á næturþeli, klipptu gat á vírgirðinguna kringum hverfið og skriðu í gegn. Þeir fóru að íshúsi í hverfinu. Það var læst með hengilás, en þeir brutu hann í sundur og fóru inn. Þarna voru geymd ýms matvæli. Virðist svo sem þeir hafi í þetta sinn tekið tvo kassa af hvoru kjöti og eplum, og borið þá út fyrir girðinguna. Fóru þeir síðan heim til Þórarins og fengu hann í lið með sér, og var honum ljóst, að um þjófnað var að ræða. Þeir þurftu að fá bifreið til að flytja þýfið, og varð það úr, að Þórarinn vakti upp nágranna sinn, ákærða Hinrik, og bað hann að flytja fyrir þá í bifreið sinni varning, sem þeir höfðu keypt af hermönnum. Hinrik féllst á það og ók að girðingunni. Þar beið hann meðan hinir stóttu þýfið og báru á bifreiðina. Var það fjórir kassar af hverju, kjöti, smjöri og eplum og nokkuð af pylsum. Hver ákærða fékk sinn kassann af hverri tegund og a. m. k. sumir lítils háttar

af pylsum og notuð þeir varning þennan að svo miklu leyti, sem hann var eigi skemmdur, þegar þeir tóku hann eða skemmdist hjá þeim.

Allir eru þeir sammála um, að Hinrik hafi eigi verið sagt annað um varninginn en að hann væri keyptur af hermönnnum og verður eigi talið sannað, að Hinrik hafi með þátttöku sinni í þessum verknaði gerzt sekur við þann hegningarlagakafla, sem honum er stefnt fyrir brot gegn.

VI.

Aðfaranótt 13. desember s. l. brutust Hörður og Magnús inn í sölubúð Mjólkursamsölunnar í Garðastræti 17. Þeir fóru að bakdyrum búðarinnar, plokkuðu smárúðu úr hurðinni og seildust gegnum rúðuopið til smekklássins og opnuðu þannig dyrnar. Í búðinni leituðu þeir í skúffum og hillum, en fundu eigi aðra peninga en skiptimynt í bréfpoka í einni skúffunni og einnig skiptimynt í kassa.

Þeir tóku allt úr bréfpokanum og nokkuð úr kassanum og lítið eitt af sælgæti. Peningarnir, sem þeir tóku, námu nálægt kr. 200.00, og skiptu þeir þeim milli sín.

VII.

Á síðastliðnum vetri, eftir að Reykjavíkurbær hafði keypt Camp Knox, fór Hörður eitt sinn inn í ólæstan skála í hverfinu og tók þaðan olíudreifara og hafði heim með sér. Ætlun hans var að nota olíudreifarann við miðstöðvarketil, en þegar til kom, þótti honum dreifarinn of stór, svo að hann notaði hann ekki. Hann geymdi því dreifarann þar til málið upplýstist og hefur hann komið til skila.

Síðar, þegar Magnús var að innrétta skála þann í Camp Knox, sem hann fékk til afnota, kom honum og Herði saman um að fara inn í skála einn í hverfinu og taka þaðan stóran olíudreifara, sem þeir vissu að var þar í sambandi við olíukyntan gufuketil. Þeir fóru að skálanum, opnuðu lúgu á honum og rifu burt vírnet, sem var fyrir henni. Síðan fór Hörður inn og losaði olíudreifarann, en Magnús beið úti á meðan. Þeir fluttu hann fyrst heim til Magnúsar, en síðar heim til Harðar og þar geymdu þeir hann þar til í s. l. ágústmánuði, að þeir seldu hann fyrir kr. 800.00, sem þeir skiptu með sér til helminga.

VIII.

Í vetur eða vor fóru Hörður og Magnús inn í sjúkrahússkála í Camp Knox á þann hátt að fara inn um glugga, sem þeir höfðu rifið opinn, en honum verið tyllt aftur með nagla. Úr skálanum tóku þeir tvo lofthitara, annan í fullkomnu lagi, en í hinn vantaði elementið. Einnig tóku þeir tíu karboratora frá olíuofnum. Þýfi þetta fluttu þeir heim til Harðar. Þeir höfðu ekki látið það af höndum, þegar málið upplýstist, og hafa því munir þessir komizt til eigenda.

IX.

Eitt sinn í vetur tók Magnús tvo olíudreifara úr eldavélum í eldhúsum í Camp Knox og lét út fyrir girðinguna um skálahverfið. Hann fékk Þórarinn til að taka við þeim þar og flutti hann (Þórarinn) þá heim til sín. Annan olíudreifarann seldi Magnús Þorsteini Halldórssyni vélgæzlumanni, Laugavegi 128, fyrir kr. 600.00. Hinn olíudreifarann lét Þórarinn Hinrik Ragnarsson fá, og mun honum ekki hafa verið ljóst, hvernig hann var fenginn.

Að því er virðist nokkru síðar en þetta gerðist og meðan Magnús var vökumaður í Camp Knox, bað hann Þórarinn að koma um nótt að girðingunni og taka við olíudreifurum, sem hann ætlaði að taka í skálahverfinu. Þórarinn féllst á það og fékk Hinrik með sér í þá för, og fóru þeir hana í bifreið Hinriks. Sagði Þórarinn honum erindið, og var Hinrik frá upphafi ljóst, að munir þeir, er þeir Þórarinn tóku við af Magnúsi í þetta sinn, voru illa fengnir.

Þegar þeir komu að girðingunni, fékk Magnús þeim tvo olíudreifara, kassa með járnfræsurum í borvélar og fáeina mæla, sem notaðir eru til að mæla gufuþrýsting í gufukötlum, en alla þessa muni hafði Magnús tekið í skálanum. Þeir Þórarinn og Hinrik fluttu þýfi þetta heim til þess fyrrnefnda. Sjálfur fékk Hinrik annan olíudreifarann, en að hinu þýfinu fékk hann kaupanda, Jóhann Garðar Björnsson vélsmið, Skipasundi 14. Keypti Jóhann, sem var grunlaus um að um þýfi væri að ræða, hina munina fyrir kr. 1500.00, sem Magnús og Þórarinn skiptu með sér. Jóhann hefur skilað munum þeim, sem hann keypti, og Þorsteinn sömuleiðis olíudreifaranum, sem hann keypti, og hafa munir þessir komizt til eigenda, sem er Reykjavíkurbær.

Umsjónarmaður bæjarins með Camp Knox mun taka olíudreifarana, sem Hinrik fékk í sinn hlut.

X.

Í júlí eða ágúst í sumar fóru Hörður og Magnús inn um opinn náðhúsglugga á húsi við Sörlaskjól, sem Mjólkursamsalan hefur mjólkur- og brauðabúð í. Úr náðhúsinu komust þeir á gang, sem lá að búðinni, en milli hans og búðarinnar voru læstar dyr. Þeir ýttu á hurðina þar til hún opnaðist, en áður höfðu þeir árangurslaust reynt að opna dyrnar með lykli. Í búðinni fundu þeir eigi aðra peninga en skiptimynt og tóku hana ekki, en hins vegar tóku þeir 10 pakka af smjöri og lítið eitt af kökum, sem þeir skiptu milli sín.

XI.

Aðfaranótt 27. júlí s. l. fóru Hörður og Magnús að afgreiðslu m/s Laxfoss, eign h/f Skallagríms í Borgarnesi, við Tryggvagötu. Útidyrahurð afgreiðslunnar var úr krossviði og skáru þeir gat á hana og seildust í gegnum það til smekklássins og opnuðu hann.

Þegar inn kom, var peningaskápurinn ólæstur, en í honum voru engir peningar. Þeir tóku nokkuð af orlofsmerkjum og Hörður tók ca. kr. 25.00, sem hann fann í skrifstofunni. Þegar málið upplýstist, skiluðu ákærðu orlofsmerkjunum að upphæð kr. 407.80 og fullyrða þeir, að það séu öll þau orlofsmerki, sem þeir hafi tekið á þessum stað, og er annað ósannað.

XII.

Aðfaranótt 4. ágúst s. l. brutust Hörður og Magnús inn í trésmiðju Þorkels Ingibergssonar í Mjölnisholti 12. Þeir spenntu upp glugga á húsinu og smugu síðar inn um hann og komu þá inn í vinnusalinn. Þaðan brutu þeir upp hurðir fyrir tveimur skrifstofuherbergjum og fóru inn í þau og leituðu peninga. Í ólæstri skúffu í öðru herberginu fundu þeir umslag, sem í voru kr. 481.74, sem þeir tóku og skiptu með sér. Einnig tók Hörður þarna í smiðjunni fáein smíðatól og önnur áhöld, og hafa þau komizt til skila.

XIII.

Aðfaranótt sunnudagsins 17. ágúst s. l. brutust Hörður og Magnús inn í Pípuverksmiðjuna, Rauðarárstíg 25. Þeir höfðu með sér bor og borsveif og boruðu með þeim göt á hurð og dyrastaf kringum smekklásinn, sem útidyrum hússins var læst með, og tókst þeim þá að opna dyrnar og fara inn. Á sama hátt opnuðu þeir tvær læstar skrifstofuhurðir inni í húsinu. Í skrifborðsskúffu einni fundu þeir peninga, kr. 1200.00 að sögn Harðar, en kr. 1000.00 að sögn Magnúsar, og tóku þá. Enn fremur tóku þeir litinn peningakassa með litlu einu af peningum. Öllum peningunum skiptu þeir með sér, en fleygðu kassanum. Einnig tóku þeir í húsi þessu fern skæri, tvo lindarpenna og skíðablússu. Af munum þessum hafa einungis þrenn skæri komið til skila.

XIV.

Aðfaranótt sunnudagsins 24. ágúst s. l. fóru Hörður og Magnús að húsgagnavinnustofu Hjalta Finnbogasonar & Co. í Einholti 2 í því skyni að brjótast þar inn og stela. Fyrst ætluðu þeir að fara inn um lúgu á bakhlið hússins. Fyrir lúgunni var tréhleri og boruðu þeir nokkur göt á hann með bor, sem þeir höfðu með sér, en hættu síðan við að reyna að komast inn í húsið á þennan hátt og snéru sér að aðaldyrum þess. Þeir stungu skrúfjárni milli stafs og hurðar á þeim og spenntu hurðina þannig upp. Þarna inni var ramgert geymsluhólf með þykkri járnhurð fyrir og voru á henni tvennar læsingar. Önnur var venjulegur smekklás, en hin læst með tveimur járnfleinum, sem gengu upp úr og niður úr hurðinni í gróp á dyraumbúningnum. Daginn áður hafði láðst að læsa síðari læsingunni. Þegar ákærðu komu inn, tók Magnús í handfang geymsluhólfsins og gekk hurðin upp við átakið. Í hólfinu var tré-

skápur, sem þeir brutu upp, en í honum voru engir peningar. Hins vegar voru í peningakassa í hólfinu um kr. 12 000.00, sem ákærðu tóku og skiptu með sér. Þeir sprengdu þarna upp skápa og skrifborð, en fundu þar ekkert fémætt. Magnús tók þarna lítið teppissnifsi og hafði heim með sér, en það var gamalt og einskis nýtt.

XV.

Aðfaranótt 25. ágúst s. l. fóru Hörður og Magnús að netagerðinni Neptún í Skipasundi 29. Útidyr hússins opnuðu þeir með þjófalykli, fóru síðan um húsið í leit að einhverju fémætu og uppi á lofti brutu þeir upp skáp, en fundu ekkert fémætt og fóru á brott við svo búið.

XVI.

Aðfaranótt sunnudagsins 31. ágúst s. l. brutust sömu ákærðu inn í hús Bílasmiðjunnar h/f við Skúlagötu. Útidyr vinnustofunnar voru læstar með smekklás, sem ákærðu opnuðu með því að stinga skrúfjárni fyrir hlaupjárnið. Þegar inn var komið, fóru þeir upp á loft hússins. Þar komu þeir inn í ólæsta forstofu, en inn af henni voru tvö læst skrifstofuherbergi. Annað þeirra spenntu þeir upp á sama hátt og útidyrahurðina, en hitt opnuðu þeir með lykli að því sem lá hillu í ganginum framan við. Í nyrðri skrifstofunni brutu þeir upp veggskáp og tóku úr honum skiptimynt og umslag með seðlum. Í syðri skrifstofunni brutu þeir upp skúffur, en fundu þar ekkert fémætt. Þar inni var eldtraustur peningaskápur, sem þeir gátu ekki opnað, og af því að þeir vissu af logsuðutækjum niðri í vinnustofunni, ákváðu þeir að reyna að komast í skápinn með þeim. Þeir báru því logsuðutækin upp á loftið og með þeim skar Hörður, sem kunni með tækin að fara, stykki úr skáphurðinni og tókst þeim síðan að opna hann. Í skápnum var peningakassi, sem þeir brutu upp, og tóku þeir úr honum peninga. Alls telja þeir sig hafa tekið í þessu innbroti um kr. 1160.00—1300.00. Af hálfu Bílasmiðjunnar h/f er því hins vegar haldið fram, að horfið hafi í þetta sinn allt að kr. 2000.00 eftir því, sem næst verður komizt.

XVII.

Aðfaranótt 19. f. m. fóru sömu ákærðu að trésmiðjunni Víði hér í bænum. Þeir tóku lausan hlera frá kjallaraglugga hússins og fóru inn um gluggann. Þeir fóru nú um húsið og brutu upp skáp og sjúkraumbúðakassa, en tóku ekkert úr þeim. Hins vegar tóku þeir tvær barnagrindur úr sölubúð trésmiðjunnar og höfðu á brott með sér og fékk sínar hvor þeirra.

XVIII.

Sömu nótt reyndu sömu ákærðu að brjótast inn í hús Slippfélagsins í Reykjavík h/f við Ægisgötu. Þeir fóru að dyrum á vestur-

enda hússins og stungu þær með sporpárni úr hurð og dyrakarmi til að komast fyrir læsingarjárnið. Það tókst þó ekki, og fóru ákærðu þá á brott við svo búið.

XIX.

Aðfaranótt 22. f. m. brutust sömu ákærðu inn í hús Almenna byggingarfélagsins h/f í Borgartúni. Kvöldið áður höfðu þeir farið að húsinu til að kynna sér allar aðstæður. Um miðnætti fóru þeir að húsinu í bifreið Harðar. Hluti hússins var ófullgerð nýbygging og fóru þeir fyrst þar inn og upp á loft, og tók Magnús þar öxi og Hörður kúbein, sem þeir höfðu síðan með sér í innbrotinu, en skildu eftir í húsinu. Úr nýbyggingunni fóru þeir út á steyptan pall á húsinu, sem myndast af því að neðsta hæðin er nokkru stærri um sig en hinar. Þeir gengu eftir pallinum þar til þeir komu að glugga, sem var krækt með vindjárninu einu saman. Þeir reistu stiga upp að honum og fóru þeir eftir honum og inn um gluggann. Voru þeir þá komnir inn í autt læst herbergi. Þeir sprengdu það upp og komust þangað fram á gang hússins og eru skrifstofur Almenna byggingarfélagsins h/f við hann. Ákærðu snéru sér að hurð, sem var að skrifstofu innkaupastjóra félagsins, og boruðu göt á hana og náðu síðan í gegnum þau til smekklássins, sem læst var með, og gátu þannig opnað hurðina og komizt inn. Var þá greiður gangur um nokkrar samliggjandi skrifstofur, sem þeir fóru um í leit að peningum. Þeir opnuðu skápa og skúffur og þvinguðu eða brutu sum þeirra upp, en fundu enga peninga. Aftur á móti tóku þeir úr skáp einum í skrifstofunni 20 karton af vindlingum og nokkuð af vindlum. Er því haldið fram af félagsins hálfu, að horfið hafi við þetta tækifæri 8 vindlakassar, en nokkuð er óljóst af framburðum ákærðu, hve mikla vindla þeir tóku. Enn fremur tóku þeir nokkur handklæði, Magnús tók rafmagnsborðklukku og Hörður lindarpenna og vatnshitunartæki nokkurt. Tóbaksvörunum og handklæðunum skiptu þeir á milli sín.

Að þessu loknu fóru þeir upp á næstu hæð hússins, þar sem skrifstofur Helgafells h/f eru. Þeir sprengdu upp dyr að skrifstofunum og leituðu síðan peninga í skápum og skúffum í skrifstofunum, en fundu eigi. Sumar skúffurnar voru læstar, en ákærðu opnuðu þær með lyklum, sem þeir fundu á borði. Í fremri skrifstofunni var eldtraustur peningaskápur og stóð hann þar uppi á öðrum skáp. Ákærðu tóku nú peningaskápinn niður af hinum og settu hann á hvolf á gólfið. Þeir flettu síðan með kúbeini járnklæðningunni af botni skápsins og veittist síðan auðvelt að rífa einangrunarlagið og innsta blikklagið. Í skápnum var peningakassi, sem ákærðu sprengdu upp, og tóku þeir úr honum peninga. Er því haldið fram af félagsins hálfu, að þeir hafi numið kr. 3000.00, eftir því sem næst verður komizt. Magnús heldur því fram, að í honum hafi verið næst kr. 1220.00, sem ákærðu hafi skipt með sér, en

Hörður ber, að Magnús hafi tekið peningana og stungið á sig, en síðar þegar þeir skiptu hafi hann fengið sér kr. 1200.00 að því er sig minni, og hafi hann (Hörður) haldið, að Magnús hefði tekið meiri peninga úr skápnum. Einnig tóku þeir úr skápnum, eftir því sem næst verður komizt, þrjár arkir orlofsmerkja, hverja að upphæð kr. 1000.00, og skiptu með sér.

Ákærðu fóru út um aðaldyr hússins. Þegar þeir voru að fara út, tóku þeir eftir járnhurð inn af forstofunni. Magnús reyndi að sprengja hana upp með kúbeininu, en það tókst ekki.

Vindlana og orlofsmerkin, sem Magnús fékk í sinn hlut í þessu innbroti, lét hann í poka, þar sem hann geymdi fleiri illa fengna muni. Í rannsókn þessa máls bárust böndin fyrr að Herði og var hann handtekinn hinn 7. þ. m., en Magnús hinn 10. þ. m. Þegar Magnús frétti handtöku Harðar, fór hann með poka þennan heim til Þórarins og bað hann að geyma hann og sagði honum jafnframt, að í honum væri þýfi, sem hann væri hræddur við að hafa heima. Þórarinn sagði Magnúsi, að hann mætti láta pokann upp á loft, og gerði hann það, og þar var pokinn í híbýlum Þórarins þar til rannsóknarlögreglan sótti hann. Samtímis því að Magnús fór með pokann til Þórarins, gaf hann honum þrjú karton af vindlingum, sem hann hafði tekið í skrifstofu Almenna byggingarfélagsins, og má af öllum atvikum telja víst, að Þórarni hafi verið ljóst, að þær voru stolnar. Þegar málið upplýstist, hafði Þórarinn reykt nokkuð af vindlingum þessum, en hann skilaði í hendur rannsóknarlögreglunnar sama magni og hann hafði fengið.

Úr þessu innbroti hafa komið til skila til Almenna byggingarfélagsins h/f þessir munir: 80 vindlar, 17—18 karton vindlingar, 8 handklæði, borðklukkan, lindarpenninn og vatnshitarinn.

Ákærðu hafa hvor um sig skilað einni örk orlofsmerkja, og hafa þær komizt til skila til h/f Helgafells.

XX.

Aðfaranótt 28. f. m. brutust Hörður og Magnús inn í geymsluskála nefndar setuliðsviðskipta við Njarðargötu. Þeir voru á ferli um bæinn þessa nótt í bifreið Harðar og í þjófnaðarhugleiðingum, en til framkvæmda kom ekki fyrr en á þessum stað. Vörður var í skálanum, sem jafnframt átti að gæta vöruskemma nefndarinnar víðar. Ákærðu sáu um nóttina vörðinn fara frá skálanum og sættu þeir þá færi og rifu gat hlið hans og fóru inn um það. Í skálanum var peningaskápur og var ytri hurð hans ólæst, en sú innri læst. Ákærðu opnuðu ytri hurðina, en stungu þá innri upp. Af hillu í skápnum tóku þeir peninga í umslagi og skiptu með sér. Telur Magnús þá hafa numið kr. 800.00, Hörður nálægt 1000.00 og af nefndarinnar hálfu er því haldið fram, að þeir hafi numið kr. 1000.00.

Enn fremur tóku þeir tvo peningakassa úr skápnum. Sá minni

var ólæstur, en sá stærri læstur. Meðan ákærðu voru að fremja verk þetta, heyrðu þeir til bifreiðar og héldu að vörðurinn væri að koma. Þeir hlupu því brott og fleygðu minni peningakassanum, sem var ólæstur, og engir peningar voru í. Með hinn fóru þeir heim til Harðar og sprengdu hann þar upp. Í honum voru engir peningar og brenndu ákærðu því, sem í honum var, en fleygðu honum sjálfum í sjóinn. Bifreið Harðar skildu þeir eftir nálægt skálanum, sem þeir brutust inn í, og þegar lögreglan kom á vettvang, nokkru eftir brottför ákærðu þaðan, varð hún þess áskynja, að vél bifreiðarinnar var volg. Varð þetta til þess að grunur féll á Hörð um þátttöku í innbroti þessu, sem síðar leiddi til handtöku hans og upplýsingar máls þessa.

Niðurlag.

Af hálfu bandarísku sendisveitarinnar hér og sölunefndar setuliðseigna hefur eigi verið óskað að taka við þeim munum, sem til skila hafa komið úr þjófnuðunum í herskálunum þessum aðiljum tilheyrandi, og verður því með þá farið sem óskilamuni.

Brot ákærðu hafa nú verið rakin og varða þau við 244. gr. hegningarlaganna, nema brot Þórarins, sem lýst er í XIX. kafla, sem varðar við 254. gr. 1. mgr. sömu laga. Brot Harðar og Magnúsar, sem lýst er í XV. og XVIII. kafla, ber og að heimfæra undir 20. gr. 1. mgr. sömu laga. Þá ber að ákveða ákærðu refsingar með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna, að Hinrik undanskildum.

Refsingar ákærðu Harðar og Magnúsar hvors um sig þykja hæfilega ákveðnar fangelsi í 2 ár, og samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber að ákveða, að gæzluvarðhald þeirra komi til frádráttar refsingunum, en gæzluvarðhald Harðar var frá 8. til 21. þ. m. og Magnúsar frá 10. til 21. þ. m.

Refsing Þórarins þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði, en rétt þykir að ákveða að fullnustu hennar skuli fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla hegningarlaganna haldin.

Eftir að ákærði Hinrik framdi brot það, sem hann er sakfelldur fyrir í þessu máli, hefur hann hinn 17. þ. m. verið dæmdur í 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaganna. Ber því að ákveða honum, samkvæmt 78. gr. 1. mgr. hegningarlaganna, hegningarauka fyrir brot það, sem hér liggur fyrir, og þykir hann hæfilega ákveðinn fangelsi í 2 mánuði. Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta hina ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Á hendur ákærðu Herði og Magnúsi in solidum hafa eftirtaldar skaðabótakröfur komið fram vegna framantalinna brota, bæði út af stolnum verðmætum, sem eigi hafa komið til skila, og skemmdum á húsum og munum:

1.	Frá Ingibergi Þorkelssyni h/f	kr.	781.74
2.	Slippfélaginu í Reykjavík h/f	—	200.00
3.	Mjólkursamsölunni	—	370.00
4.	Hjalta Finnbogasyni & Co.	—	12 800.00
5.	Almenna byggingarfélaginu h/f	—	1 450.00
6.	Helgafelli h/f	—	5 000.00
7.	Pípuverksmiðjunni h/f	—	3 116.00
8.	Bílasmiðjunni h/f	—	3 200.00
9.	Nefnd setuliðsviðskipta	—	3 400.00
10.	H/f Skallagrími	—	300.00
11.	Bæjarsjóði Reykjavíkur	—	3 000.00
12.	Jóhanni Garðari Björnssyni, Skipasundi 14	—	1 500.00
13.	Trésmiðjunni Víði	—	300.00

Allar þessar kröfur hafa ákærðu samþykkt, og verða þær teknar til greina.

Hina ákærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærðu, Hörður Lárus Valdimarsson og Magnús Aðalsteinn Aðalsteinsson, sæti hvor fangelsi í 2 ár. Gæzluvarðhald þeirra komi til frádráttar refsingum þeirra.

Ákærði Hinrik Ragnarsson sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði Þórarinn Andrésson Sigurðsson sæti fangelsi í 4 mánuði, en fullnustu refsingar hans skal fresta og niður skal hún falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 haldin.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðu, Hörður Lárus Valdimarsson og Magnús Aðalsteinn Aðalsteinsson, greiði in solidum eftirtaldar skaðabætur innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa:

Ingibergi Þorkelssyni h/f	kr.	781.74
Slippfélaginu í Reykjavík h/f	—	200.00
Mjólkursamsölunni	—	370.00
Hjalta Finnbogasyni & Co.	—	12 800.00
Almenna byggingarfélaginu h/f	—	1 450.00
Helgafelli h/f	—	5 000.00
Pípuverksmiðjunni h/f	—	3 116.00
Bílasmiðjunni h/f	—	3 200.00
Nefnd setuliðsviðskipta	—	3 400.00
Skallagrími h/f	—	300.00

Bæjarsjóði Reykjavíkur ..... — 3 000.00
Jóhanni Garðari Björnssyni ..... — 1 500.00
Trésmiðjunni Víði ..... — 300.00

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar. Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 23. apríl 1948.

Kærumálið nr. 3/1948. **Georg Magnússon**
gegn
dánarbúi Garðars Þorsteinssonar og Árna Tryggvasyni.

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Vitnaskylda embættismanns.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 7. apríl 1948, sem hingað barst 8. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 128. gr. laga nr. 85/1936 skotið til hæstaréttí úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 1. apríl 1948, þar sem varnaraðilja Árna Tryggvasyni var talið óskylt að koma fyrir dóm í vitnamáli sóknaraðilja gegn dánarbúi Garðars Þorsteinssonar. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurði þessum verði hrundið og sér verði heimilað að krefja varnaraðilja Árna Tryggvason vættis í ofangreindu máli. Svo hefur hann og krafizt, að sér verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja eftir mati hæstaréttar.

Varnaraðiljar hafa hvorki sent hæstarétti kröfur né greinargerð í málinu.

Undanþága sú frá vitnaskyldu, sem embættis- og sýslunarmönnum er veitt í 4. tölulið 125. gr. laga nr. 85/1936, tekur aðeins til þeirra atvika, sem upplýsa má með vottorði úr embættisbók eða öðru opinberu skjali. Atvik þau, er sóknaraðili krefur varnaraðilja Árna Tryggvason vættis um, virðast svo vaxin, að þau verði ekki upplýst með slíku vottorði.

Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi, og ber varnaraðilja Árna Tryggvasyni að koma fyrir dóm til vættisburðar um nefnd atvik. Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber varnaraðilja Árna Tryggvasyni að koma fyrir dóm í ofangreindu vitnamáli til vættisburðar um atriði þau, er um ræðir í hinum áfrýjaða úrskurði.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 1. apríl 1948.

Með úrskurði hæstaréttar upp kveðnum 12. febrúar 1947 í málinu nr. 59/1945: Georg Magnússon gegn Garðari Þorsteinssyni, var lagt fyrir héraðsdómara að afla yfirlýsingar Árna Tryggvasonar hrd. um afskipti hans sem þáverandi borgardómara af beiðni, sem vitnastefnandi telur sig hafa borið fram um endurupptöku málsins fyrir héraðsdómi. Framangreindrar yfirlýsingar Árna Tryggvasonar hrd. hefur nú verið aflað, en vitnastefnandi hefur nú farið þess á leit, að Árni Tryggvason komi fyrir dóm til að staðfesta yfirlýsinguna og svara frekari spurningum um efni hennar. Árni Tryggvason hrd. hefur talið sér óskylt að koma fyrir dóm af þessu tilefni.

Með skírskotun til 4. tl. 125. gr. laga nr. 85 frá 1936 verður Árna Tryggvasyni hrd. ekki talið skylt að koma fyrir dóm í máli þessu.

Því úrskurðast:

Árna Tryggvasyni hrd. er ekki skylt að koma fyrir dóm í vitnamáli þessu.

Miðvikudaginn 28. apríl 1948.

Nr. 95/1946. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Guttormur Erlendsson)
gegn
Jóni Finnboga Kjartanssyni
(Hrl. Lárus Jóhannesson).

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Vísun máls frá dómstólum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, gekk hinn 11. marz 1944 í héraði refsidómur á hendur nokkrum mönnum, sem brotlegir urðu í sambandi við mál ákærða. Gekk dómur hæstaréttar í máli manna þessara hinn 14. júní 1944, að því leyti sem því máli var áfrýjað. Lýðveldisstofnunin varð efni til þess, að fram fór all almenn náðun sakamanna þeirra, sem sætt höfðu refsidómi, en ekki höfðu tekið út refsingu. Málshöfðun á hendur ákærða hafði hins vegar dregizt vegna umfangsmikillar endurskoðunar á rekstri fyrirtækja hans. Ákærða fannst, að hlutur sinn ætti ekki að verða verri, þótt ekki hefði unnizt tími til að dæma mál hans fyrir lýðveldisstofnunina. Leitaði ákærði því til dómsmálaráðherra og spurðist fyrir, hvernig tekið yrði umsókn hans um niðurfelling saksóknar. Leitt er í ljós með vottorðum þáverandi dómsmálaráðherra Einars Arnórssonar, þáverandi fjármálaráðherra Björns Ólafssonar og skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu, að ákærða var heitið því, að lagt skyldi til við Forseta Íslands að fella niður saksókn á hendur honum samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar, ef hann greiddi til tollstjóra framleiðslugjald það og refsigjald, sem fjármálastjórn landsins taldi til skuldar á hendur honum vegna misferlis þess, sem sannazt hafði á hann í rannsókn málsins, enda gyldi hann einnig kostnað af rannsókn málsins eftir reikningi dómsmálastjórnar. Féllst ákærði á þessa lausn málsins, enda þótt hann teldi framleiðslugjaldið og refsigjaldið of hátt reiknað af handhöfum ríkisvaldsins. Greiddi

hann því hinn 15. nóvember 1944 til tollstjóra kr. 190 254.27, en þá fjárhæð taldi hann samkvæmt frásögn verjanda ofreiknaða um rúmlega kr. 90 000.00.

Hinn 21. október 1944 hafði ný ríkisstjórn tekið við völdum. Staðhæfir lögfræðingur sá, sem gætti hagsmuna ákærða og greiddi nefnda fjárhæð til tollstjóra hinn 15. nóvember s. á., að hann hafi um leið og hann innti fjárhæðina af höndum hringt til skrifstofustjórans í dómsmálaráðuneytinu og tjáð honum, að hann væri að fullnægja skilyrðum þeim, sem ákærða höfðu verið sett og hafi skrifstofustjóri ekkert haft við þetta að athuga. Hefur þessi frásögn stuðning af skýrslu tollstjóra. En er nú kom til kasta hins nýja dómsmálaráðherra, vildi hann ekki mæla með niðurfelling saksóknar á hendur ákærða, heldur lagði fyrir sakadómara með bréfi 22. febrúar 1945 að láta ganga dóm í refsimáli á hendur honum. Gafst ákærða því ekki kostur að fullnægja skilyrðum um greiðslu þess málskostnaðar, sem þá var á fallinn, en verjandi hans hér fyrir dómi kveður að fé til greiðslu hans hafi alltaf verið til reiðu og lýsir persónulegri ábyrgð sinni á greiðslu þess.

Dómsmálaráðherra sá, sem tók við völdum 21. okt. 1944, átti í máli þessu um tvo kosti að velja. Annað hvort að efna heit fyrrverandi dómsmálaráðherra og leggja til við Forseta Íslands að fella niður saksókn gegn ákærða eða, ef hann vildi ekki takast á hendur stjórnskipulega ábyrgð á slíkum forsetaúrskurði, að leysa ákærða undan skilyrðum þeim, sem honum höfðu verið sett, og láta dómstóla dæma refsimál á hendur honum og skera úr því, hversu mikið framleiðslugjald og refsigjald hann skyldi greiða. Með því að láta standa óhaggaða skilagerð þá, sem ákærði gerði við handhafa ríkisvaldsins um greiðslu nefndra gjalda, en forsenda þeirrar skilagerðar var niðurfelling saksóknar, tókst dómsmálaráðherra í raun réttri á hendur gagnvart ákærða skuldbindingu að leggja til við Forseta Íslands að fella niður saksóknina. Varð málið því ekki borið undir dómstóla af ákæruvaldinu, meðan málavöxtum var þannig háttað. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá 3. júlí 1945 og vísa málinu að svo stöddu frá dómstólum.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma á hendur ríkissjóði allan kostnað af sökinni frá 3. júlí 1945, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, kr. 1000.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 2500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá 3. júlí 1945 eiga að vera ómerk og vísast málinu að svo stöddu frá dómstólum.

Allur kostnaður af sökinni frá 3. júlí 1945 greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, hæstaréttarlögmanns Einars Ásmundssonar, kr. 1000.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 2500.00 til hvors.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 10. maí 1946.

Ár 1946, föstudaginn 10. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1661/1946: Réttvísin og valdstjórnin gegn Jóni Finnboga Kjartanssyni.

Málið er höfðað gegn ákærða að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins fyrir brot gegn XV., XVII. og XXVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 1940, lögum um bókhald nr. 62 1938, lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar nr. 37 1939, reglugerð nr. 130 1943, sbr. reglugerð nr. 159 1940 um sölu og úthlutun á nokkrum matvælategundum, lögum nr. 60 1939 um gjald af innlendum tollvörutegundum og reglugerð um sama nr. 9 1935. Málið var dómtekið hinn 29. des. s. l.

Ákærði er Jón Finnbogi Kjartansson framkvæmdastjóri, til heimilis Garðastræti 39 hér í bæ. Hann er fæddur 2. febrúar 1893 að Efri-Húsum í Mosvallahreppi. Hann hefur sætt eftirtöldum refsingum:

1925 $2\frac{1}{2}$ Réttarsætt, 5 króna sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
1925 $\frac{1}{8}$ Réttarsætt, 5 króna sekt fyrir sama.
1937 $\frac{1}{2}$ Áminning fyrir brot gegn reglugerð nr. 54/1936.

1941 2/3 Dómur aukaréttar, 100 króna sekt fyrir brot gegn 108. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði er eigandi Sælgætisgerðarinnar Víkings að hálfu, en hefur einn farið með alla stjórn fyrirtækisins og borið ábyrgð þar á. Hann er og framkvæmdarstjóri hlutafélagsins Svans. Hann kveðst hafa haft yfirumsjón með bókhaldi beggja fyrirtækjanna og bera ábyrgð á því og skýrslum þeim, er gefnar hafa verið yfirvöldum um rekstur þeirra.

2.

Hinn 1. apríl 1943 kærði skömmtunarskrifstofa ríkisins yfir því, að fram hefðu komið við talningu þá daginn áður skömmtunarseðlar fyrir sykri, er virtust vera falsaðir. Seðlar þessir urðu raktir til ákærða í þessu máli. Var hann þegar handtekinn og viðurkenndi þá þegar hluttöku sína í notkun seðlanna, og skal frásögn hans nú rakin.

Ákærði var kunnugur Adolph R. Bergssyni fulltrúa hér í bæ. Kveðst hann eitt sinn með almennum orðum hafa leitt í tal við hann ríkjandi sykurleysi og farið að kvarta yfir sykurskorti fyrirtækja sinna. Sló hann þá af fikti upp á því, að Adolph hjálpaði sér í þessu.

Upp úr þessu hófust viðskipti milli þeirra ákærða og Adolphs og fyrst með því, að Adolph seldi honum nokkuð af sykri, án þess að krefjast skömmtunarheimildar fyrir, og greiddi ákærði hann yfir gangverði. Því næst fór Adolph að láta hann hafa skömmtunarseðla, og varð samkomulag um, að ákærði greiddi honum kr. 2.10 fyrir kílóseðil.

Um magn þessara viðskipta og tímabil það, er þau stóðu yfir, eru heimildir á minnisblöðum nokkrum, er ákærði hafði skrifað og vísaði á undir rannsókn málsins, svo og hafa komið fram nokkrir víxlar, er stafa frá viðskiptunum. Samkvæmt þeim heimildum hefur fyrsta greiðsla ákærða til Adolphs vegna þessara viðskipta farið fram 7. jan. 1942 og er að upphæð kr. 450.00, en síðasta greiðslan er víxill útgefinn 15. febrúar 1943. Samtals nema greiðslur ákærða til Adolphs samkvæmt þessum heimildum kr. 37 495.64. Áætlar ákærði að af þeirri upphæð hafi kr. 5030.00 verið fyrir sykur, en hitt fyrir seðla. Magn það, er skömmtunarseðlarnir hljóðuðu upp á, telur hann rúm 16 000 kíló.

Seðla þessa notfærði ákærði sér með þeim hætti, að hann keypti út á þá sykur af smásöluverzlun og notaði hann í framleiðslu fyrirtækis síns, Sælgætisgerðarinnar Víkings.

Það er upplýst í málinu, að af skömmtunarseðlum þeim, er Adolph seldi ákærða, var sumt prentað að tilhlutun Adolphs, en sumt fengið frá úthlutunarstofu seðlanna, frá starfsmönnum hennar, og sumpart þjófstolið. Af rannsókninni verður ekki ráðið, að ákærði hafi verið vitandi um fölsun seðlanna eða stuld, enda hefur hann ein-

dregið neitað því. Var það og heldur ekki á hann borið af Adolph.

Ákærði hefur enn fremur játað að hafa keypt litilræði (154 kg) af skömmtunarseðlum fyrir sykri af Lárusi Hanssyni innheimtumanni. Einnig þá seðla notaði hann á sama hátt.

Þá hefur og upplýstst að ákærði hefur keypt nokkuð af sykri án skömmtunarheimildar af Herluf Clausen og Hauki Björnssyni til notkunar i Sælgætisgerðinni Víkingi.

3.

Ákærði játaði að hafa ekki bókfært greiðslur þær, er hann innti af höndum vegna skömmtunarseðlanna, og heldur ekki sykur þann, er hann keypti út á seðlana, né sykur þann, er hann keypti án seðla. Til þess að fá fé til þessara greiðslna, lét hann óbókfærðar tilsvarandi tekjur Sælgætisgerðarinnar Víkings, lét undan falla að færa allar sölur á bækur, færði ekki framleiðslu fyrirtækisins að fullu í iðju og birgðabók (tollbók) og gaf hana ekki alla upp til tollgreiðslu.

Undirritaði starfsfólk hans jafnan tollskýrslur, en eftir fyrirsögn hans og skipun, og telur hann sig bera ábyrgð á þeim.

Við rannsókn á bókhaldi h/f Svans hefur einnig komið fram, að sala hefur ekki að fullu verið færð i bækur og framleiðsla ekki verið gefin öll upp á skýrslum til tollstjóra. Einnig þessu telur ákærði sig hafa ráðið og bera ábyrgð á.

Undir meðferð málsins var nákvæm rannsókn látin fram fara á bókhaldi fyrirtækjanna Sælgætisgerðarinnar Víkings og hlutafélagsins Svans. Framkvæmdi hana samkvæmt skipun rannsóknardómarans Árni Björnsson löggiltur endurskoðandi.

Rannsóknin var síðan afhent tollstjóra, og var það niðurstaða hans að telja bæri, að vangreidd væru gjöld af

2 098 kg af framleiddu átsúkkulaði o. fl. hjá h/f Svan 1941,
323 — af framleiddu átsúkkulaði o. fl. hjá Víkingi i okt.—des. 1941.
27 098 — af framleiddu átsúkkulaði o. fl. hjá Víkingi i jan. 1942 til apríl 1943 og
365 — af framleiddri súkkulaðihúð hjá sama fyrirtæki á sama tíma.

Hið vangreidda framleiðslugjald þrefalt nemur samtals kr. 187 119.45 og matvælaeftirlitsgjald kr. 896.52.

Hefur ákærði þegar greitt það, ásamt endurskoðunarkostnaði, en þó haft uppi mótbárur gegn sumum liðum þeim, er niðurstaðan er byggð á, sem tollstjóri aldrei sá ástæðu til að taka til greina.

4.

Rannsókn máls þessa hófst, eins og áður segir, hinn 2. apríl 1943. Réttarprófin voru send dómsmálaráðuneytinu, er síðan með bréfi,

dags. 7. jan. 1944, fyrirskipaði málshöfðun gegn Adolph og nokkrum öðrum mönnum, er viðriðnir voru málið.

Bókhaldsrannsókn í máli ákærða var þá ekki lokið og var því það ráð tekið að ljúka málum annarra ákærðu, en mál ákærða var tekið út úr. Féllu dómar í máli Adolphs og hinna 11. marz 1944 í héraði og í hæstarétti, að því leyti, sem þeim var áfrýjað, hinn 14. júní 1944.

Upp úr lýðveldishátíðinni 1944 og í tilefni hennar fór fram almenn náðun sakamanna þeirra, er þá höfðu þolað dóm. Í tilefni af því mun ákærði hafa látið leita til dómsmálaráðuneytisins með tilmæli um uppgjöf saka sinna. Frestaðist meðferð málsins af þeim sökum. Þeim tilmælum kom svo, að hann fékk vilyrði þáverandi dómsmálaráðherra fyrir því, að fallið yrði frá málshöfðun, enda yrði hið vangreidda framleiðslugjald þegar greitt af höndum. Fjármálaráðuneytið féllst á að gera upp framleiðslugjaldið án dómsúrskurðar, eftir að dómsmálaráðuneytið hafði lýst því yfir, að fallið yrði frá málshöfðun út úr þessum sökum.

Ákærði gerði síðan upp framleiðslugjaldið, eins og áður er sagt, og greiddi tollstjóra, er veitti því viðtöku í samráði við fjármálaráðuneytið. Innti ákærði þá greiðslu af hendi á þeim forsendum, að fallið yrði frá málshöfðun, eins og honum hafði verið heitið.

Nú urðu ráðherraskipti í dómsmálaráðuneytinu áður en formlega hafði verið gengið frá þessu máli. Hinn nýi ráðherra ákvað að málinu skyldi fram haldið, og með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 22. febrúar 1945, var sakadómara boðið að fram halda málinu og láta dóm ganga í því.

5.

Skipaður talsmaður ákærða hefur krafizt sýknu honum til handa á þeim forsendum, að með áðurgreindu samkomulagi við fyrrverandi ráðherra hafi ákæruvaldið fallið frá málssókn á hendur honum eða a. m. k. lofað niðurfellingu málsóknar. Enda þótt augljóst sé, að ákærði hafi verið látinn greiða áðurgreinda upphæð á þeim forsendum, að málssókn gegn honum yrði felld niður og við henni hafi verið tekið af tollstjóra að fyrirlagi fjármálaráðuneytisins með það fyrir augum, að ákærði væri að uppfylla sett skilyrði til niðurfellingar saksóknar, þá verður það þó ekki fært fram til sýknu ákærða, þar sem ákvörðun um uppgjöf saka ákærða hafði ekki verið tekin á stjórnarfarslega formlegan hátt.

Með notkun skömmtunarseðla gagnstætt því, sem til var ætlazt, hefur ákærði gerzt sekur við 157. gr. almennra hegningarlaga. Með því að nota til iðnfyrirtækja sinna skömmtunarvörur, sem fengnar voru án löglegrar heimildar til þeirra nota, hefur hann brotið 10. gr. sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 159, 1940 um sölu og úthlutun á nokkrum matvörutegundum, sbr. lög nr. 37 1939 um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu.

Til þess að leyna kaupum sínum á áðurgreindum skömmtunarvörum hélt ákærði hluta af viðskiptum fyrirtækja sinna utan bókhalds. Varðar það atferli hans við 262. gr. almennra hegningarlaga og 19. gr. laga nr. 62 1938 um bókhald, svo og 8. gr. sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 9 1935, sbr. lög nr. 60 1939 um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Í framhaldi af þessu gefur ákærði síðan framleiðslu sína ranglega upp til tolls og lætur starfsfólk sitt undirrita rangar skýrslur um hana, gefnar að viðlögðum drengskap, sem síðan eru lagðar fyrir tollstjóra vegna ákvörðunar tollgjalds. Þetta athæfi varðar við 145. gr. almennra hegningarlaga og 7. gr. laga nr. 60 1939 um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Refsing ákærða, sem tiltaka ber samkvæmt 77. gr. almennra hegningarlaga, þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Gæzluvarðhald hans frá 3. til 19. apríl 1943 komi til frádráttar refsingunni með fullri dagatölu.

Ákærði skal samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Einars Ásmundssonar hrl., kr. 1000.00.

Á drætti þeim, sem á rannsókn málsins varð, er þegar gerð grein hér að framan. Henni lauk hinn 26. apríl 1945 og verjandi var skipaður hinn 3. maí. Verjandi skilaði vörn í málinu hinn 29. des. s. l. og bar veikindi sín fyrir drættinum. Dráttur sá, sem á dómsuppsögn er orðinn, stafar af óvenjulegum embættisönnum dómarans á þessu ári.

Dómsorð:

Ákærði Jón Finnbogi Kjartansson sæti fangelsi í 8 mánuði. Gæzluvarðhald hans frá 3.—19. apríl 1943 komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Ákærði skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Einar Ásmundssonar hrl., kr. 1000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fötudaginn 30. apríl 1948.

Nr. 67/1947. **Vinnufatagerð Íslands h/f**
(Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Jóhönnu Sigurðardóttur
(Hrl. Ragnar Ólafsson).

Ákvörðun orlofsfjár.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 30. júní 1947, krefst þess að verða dæmdur sýkn af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hennar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi fékk ekki fast kaup fyrir starf sitt hjá áfrýjanda, en hafði ákvæðisvinnukaup, miðað við dagvinnutaxta. Samkvæmt 1. málsgrein 4. gr. laga nr. 16/1943 átti hún því rétt á að fá greitt í orlofsfé 4% af ákvæðisvinnukaupi sínu orlofsárið 1945—1946, eða kr. 663.26. Með því að málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað, verður þó að láta sitja við héraðsdóminn og staðfesta hann að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 600 krónur í málskostnað í hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi Vinnufatagerð Íslands h/f greiði stefnda Jóhönnu Sigurðardóttur kr. 600.00 í málskostnað í hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. apríl 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., hefur Jóhanna Sigurðardóttir, Frakkastíg 14 B hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með

stefnu útgefinni 24. janúar s. l. gegn Vinnufatagerð Íslands, hér í bænum, til greiðslu eftirstöðva orlofsfjár að fjárhæð kr. 256.80 með 5% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefnandi er félagi í Iðju, félagi verksmiðjufólks, og starfar að verksmiðjuvinnu hjá stefnda, sem mun vera í Félagi íslenzkra iðnrekenda. Gilda samningar framangreindra félaga um kjör stefnanda.

Orlofsárið 1945—1946 vann stefnandi að einhverju eða öllu leyti í ákvæðisvinnu og tók því laun miðað við vinnuafköst. Námu laun hennar á þessu tímabili kr. 16 581.38. Telur hún sig eiga að fá 4% af þeirri fjárhæð í orlofsfé eða kr. 663.26. Stefndi hefur hins vegar aðeins greitt henni orlofsfé miðað við fastakaup við störf hennar eða kr. 406.46, og er mál þetta höfðað til heimtu mismunar þessara fjárhæða.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að samkvæmt orlofslögunum eigi hún rétt á að fá í orlofsfé 4% af öllum launum sínum á orlofsárinu, enda hafi öll störf sín verið unnin samkvæmt dagvinnutaxta. Telur hún þetta gilda jafnt fyrir því, þótt svo yrði litið á, að hún hafi verið í föstu starfi hjá stefnda, því þá eigi hún rétt á 12 daga sumarleyfi með launum, sem séu meðaltal þeirra launa, sem hún raunverulega hafi unnið fyrir á orlofsárinu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hún hafi þegar greitt stefnanda allt það orlofsfé, sem hún eigi rétt á fyrir framangreint orlofsár. Telur stefnda, að samkvæmt 2. mgr. 11. gr. kjarasamninga milli Iðju og Félags iðnrekenda sé stefnandi í föstu starfi hjá stefnda. Beri henni samkvæmt því 12 daga orlof fyrir framangreint orlofsár, en einungis með þeim launum, sem greidd séu föstu starfsfólki við sams konar störf, enda skipti ekki máli, þótt hún raunverulega hafi haft meiri tekjur sökum þess að hún vann í ákvæðisvinnu. Bendir stefndi þessu til stuðnings á 2. mgr. 13. gr. í samningi Iðju og Félags íslenzkra iðnrekenda, sem gilti frá 30. september 1944 til 26. sept. 1946, en þar segir m. a.: „Fólk, sem vinnur ákvæðisvinnu, skal fá greitt fyrir „sumarleyfi samkvæmt ákvæðum um viku- og mánaðarkaup ...“

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. í kjarasamningum Iðju og Félags íslenzkra iðnrekenda, svo og 4. mgr. 4. gr. orlofslaganna, var stefnandi í föstu starfi hjá stefnda orlofsár það, er að framan greinir. Ber henni því, samkvæmt 1. mgr. 3. gr., sbr. 4. mgr. 4. gr. orlofslaganna nr. 16 frá 1943, 12 daga sumarleyfi með jafnháu kaupi og hún að meðaltali vann fyrir samkvæmt dagvinnutaxta á jafnlöngum tíma umrætt orlofsár. Því er ómótmælt, að stefnandi hafi unnið hjá stefnda fyrir kr. 16 581.38 orlofsárið 1945—1946 og að allt það kaup sé miðað við dagvinnutaxta. Aðiljum ber saman um, að reikna beri með 302 vinnudögum á ári hjá iðnverkafólki. Ber stefnanda samkvæmt því í orlofseyri 12/302 af kr. 16 581.38 eða kr. 658.86. Af

þeirri fjárhæð hefur stefndi þegar greitt kr. 406.46, en mismuninn, kr. 252.40, ber stefnda að greiða stefnanda með vöxtum svo sem krafizt er í stefnu.

Málskostnaður til handa stefnanda ákveðst kr. 180.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnufatagerð Íslands h/f, greiði stefnanda, Jóhönnu Sigurðardóttur, kr. 252.00 með 5% ársvöxtum frá 24. janúar 1947 til greiðsludags og kr. 180.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. apríl 1948.

Nr. 4/1948. **H/f Sæfell**
gegn
Hafnarsjóði Vestmannaeyja.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi h/f Sæfell, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 7. maí 1948.

Nr. 18/1948. **Réttvísin** (Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
Eiði Thorarensen (Hrl. Eggert Classen).

Galli á málshöfðun. Ómerking dóms.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Er rannsókn málsins var lokið, tilkynnti héraðsdómari ákærða á lögregludómþingi, „að opinbert refsimál verði

höfðað gegn honum til refsingar fyrir framangreindar gripdeildir.“ Hinn 29. október 1947 var gefin út stefna á hendur ákærða. Þar er því lýst, að ákærði hafi „gerzt brotlegur við hin almennu refsilög“ og að honum sé stefnt „til sakar að svara og dóm að þola til refsingar og til greiðslu málskostnaðar“. Í málshöfðunartilkynningu dómara og stefnu greinir eigi nánar refsiákvæði, er ákærði sé sóttur eftir. Þá er og lýsingu sakaratriða í héraðsdómi mjög áfátt. Vegna þessara megingalla á meðferð málsins í héraði verður að ómerkja héraðsdóminn og dæma allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á hendur ríkissjóði, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.

Það athugast, að húsleit hefur verið gerð hjá ákærða, án þess að séð verði, að dómsúrskurður hafi verið felldur um það eða samþykki ákærða komið til. Þá hefur eigi verið leitað gagna um verðmæti muna þeirra, er ákærði er sakaður um að hafa stolið. Loks er það athugavert, að málið er dæmt á bæjarþingi Siglufjarðarkaupstaðar, í stað þess að það skyldi rekið og dæmt á aukadómþingi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Eggerts Claessens, kr. 300.00 til hvors.

Dómur bæjarþings (sic) Siglufjarðar 1. nóvember 1947.

Með eigin játningu og öðrum gögnum hefur sannazt, að kærði Eiður Thorarensen, Siglufirði, hafi ölvaður um kvöldið þann 17. þ. m. farið inn í ólæsta íbúð manns, er var fjarverandi, og tekið þar 6 filmur og 6 bækur, en misst bækurnar niður í for úti fyrir, vegna þess hve ölvaður hann hafi verið.

Hefur kærði nú borgað fyrir þessar gripdeildir sínar eftir kröfum eiganda þess, er tekið var frá, og fengið fullnaðarkvittun fyrir.

Ákærði hefur áður sætt refsingum sem hér segir:

1930 200 kr. sekt fyrir ölvun og óleyfilegt áfengi í veitingahúsi,
1931 5 daga einfalt fangelsi fyrir þjófnað, skilorðsbundið,

1932 65 kr. sekt fyrir ölvun.
1936 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 231. gr. hegningarlaganna, og sama ár
100 kr. sekt fyrir áfengislagabrot,
1938 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað, og sama ár
25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri,
1945 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Gripdeildir kærða eru refsiverðar (þótt kærði hafi verið ölvaður) samkvæmt 245. gr. refsilaganna, sbr. 244. gr. sömu laga, og er refsingin hæfileg 30 daga fangelsi, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla refsilaganna verða haldin.

Þá ber einnig samkvæmt 3. mgr. 68. gr. refsilaganna, frá birtingu dóms þessa, að svipta kærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og almennra kosninga á Íslandi.

Kærða ber að greiða af sökinni allan löglega leiðandi kostnað.

Því dæmist rétt vera:

Eiður Thorarensen, Siglufirði, sæti fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga verða haldin. Frá birtingu dóms þessa skal kærði vera sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og almennra kosninga í landinu. Kærði greiði og allan sakarkostnað.

Dómi þessum að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 7. maí 1948.

Nr. 2/1948. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Stefáni Gunnbirni Egilssyni
(Hrl. Ragnar Jónsson).

Brot á bifreiða- og umferðarlögum. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Ákærði ók bifreið, sem var óhæf til aksturs og varð eigi stöðvuð í skjótu bragði. Ákærði sá barnið á hlaupum á gang-

stéttinni, áður en bifreið hans kom á móts við það. Barnið var aðeins tveggja ára, og mátti ákærði því gera ráð fyrir varúðarlausri hegðun þess, þ. á m. að það hlypi út á götuna. Bar ákærða að haga akstri sínum í samræmi við þessar aðstæður og jafnvel stöðva bifreiðina alveg, þar til hætta á slysi væri liðin hjá. Þetta gerði ákærði ekki, en telja verður að til þess hafi verið nægilegt svigrúm eftir að ákærði varð barnsins var. Ákærði er því samvaldur að banaslysi því, sem lýst er í héraðdómi, og sekur um brot gegn 215. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 og 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 auk refsiákvæða þeirra, sem rakin eru í forsendum hins áfrýjaða dóms.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 35 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 68. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 og 39. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 ber að svipta ákærða ævilangt rétti til bifreiðarstjórnar.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði Stefán Gunnbjörn Egilsson greiði 3500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 35 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ólafs Þorgrímssonar og Ragnars Jónssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. ágúst 1947.

Ár 1947, þriðjudaginn 12. ágúst, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Þórði Björnssyni, settum sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2892/1947: Réttvísin og valdstjórnin gegn Stefáni Gunnbirni Egilssyni, sem tekið var til dóms 10. f. m.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Stefáni Gunnbirni Egilssyni verkamanni, Sólvallagötu 50 hér í bæ, til refsingar, sviptingar bifreiðastjóraréttinda og greiðslu sakarkostnaðar, fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðalögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 14. desember 1904 að Laxamýri í Reykjahverfi, og hefur hvorki sætt fyrr ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Fimmtudaginn 15. maí s. l., um klukkan 12 á hádegi, ók ákærði vörubifreiðinni R 3719, sem er eign atvinnudeildar háskólans, frá Reykjavíkurflugvelli norður Laufásveg. Með honum í bifreiðinni voru bræður hans, Sigurjón Egilsson úrsmiður, sem sat í stýrishúsinu við hlið ákærða, og Jóhannes Þorvaldur Egilsson húsgagnasmiður, báðir til heimilis í Tjarnargötu 30, en hann sat á bekk, sem er langsum hægra megin á vörupalli bifreiðarinnar. Skammt sunnan við Njarðargötu, milli húsanna nr. 58 og 60 við Laufásveg, varð tveggja ára gamall drengur, Guðmundur Ósvaldsson, undir vinstra framhjóli bifreiðarinnar og beið þegar bana af. Ingólfur Blöndal læknir, sem kom að slysstaðnum nokkru eftir að slysið varð, fór með líkið upp á Landsspítala, en síðar var það krufið. Jón Víðis mælingamaður gerði uppdrátt af slysstaðnum, sem lagður hefur verið fram, rskj. nr. 2, en þá hafði bifreiðin verið færð lítið eitt til. Reyndust hemlaför, sem sáust eftir bifreiðina á slysstaðnum vera um 2 metrar á lengd, og rúman meter frá gangstéttarbrún. Er slysið varð, var veður gott, og mun lítil sem engin úrkoma hafa verið, en vegurinn á slysstaðnum rakur. Sama daginn og slysið varð, skoðuðu bifreiðaeftirlitsmennirnar Hjörleifur Jónsson, Lindargötu 11 og Jónas Sverrir Samúelsson, Laugavegi 53, bifreiðina R 3719 og reyndu hana í akstri. Hafa þeir gefið vottorð þess efnis, rskj. nr. 3, og borið það hér í réttinum, að bifreiðin hafi verið í óökufæru ástandi. Kveða þeir, að ekki hafi verið hægt að aka bifreiðinni hraðar en á um 25 km hraða miðað við klukkustund, aðallega vegna þess, að tengslið sleit ekki (koplaði ekki frá) og því ekki verið hægt að aka bifreiðinni nema á lægri hraðastigum (gírum) 1., 2. og 3. Urðu þeir að hafa vél bifreiðarinnar í 2. hraðastigi, að því er þá minnir, þegar þeir settu hana í gang, en Hjörleifur Jónsson telur, að sá, sem henni er vanur, muni eigi þurfa þess. Í hvert skipti, sem

hemlað var, urðu þeir að stöðva vél bifreiðarinnar til að stöðva bifreiðina. Jónas Sverrir segir, að orðið hafi að stöðva vélina, þegar skipt var um ganghraða. Fóthemlar bifreiðarinnar voru slæmir og þurfti að tvístíga hemilsfetilinn til þess að þeir virkuðu sæmilega. Handhemill reyndist góður, en hraðamælir í ólagi. Nokkurt hlaup var í stýrissamböndum, og telur Hjörleifur Jónsson, að það hafi fundizt í stýrishjólinu í akstri. Jónas Sverrir segir það eigi vera, en hann ók bifreiðinni. Fjaðraklossi vinstra megin að aftan var laus. Hurðarhún í hægri framhurð vantaði og gluggarúða þeim megin var lítillega sprungin. Ekki segja þeir bifreiðaeftirlitsmennirnir að þetta hafi haft nokkuð að segja, hvað útsýni úr bifreiðinni snertir, enda var stýrið vinstra megin í henni, en útsýni úr bifreiðum af þessari gerð sé gott.

Ákærði skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi ekið mjög hægt, er slysið varð, varla yfir 10 km hraða miðað við klukkustund, enda var honum kunnugt um ástand bifreiðarinnar. Hann var umráðamaður hennar, og hafði ekki annar ekið henni, meðan hún var í notkun, en hann hefur verið starfsmaður atvinnudeildar háskólans á annað ár. Nokkru frá slysstaðnum ók hann fram úr kennslubifreið, og litið eitt fyrir sunnan hann, vestan megin á götunnni, fyrir framan húsið nr. 60, segir hann bifreið hafa staðið. Kveðst hann hafa beygt nokkuð fljótt að vestri gangstéttarbrún, er hann hafði ekið fram hjá þessari bifreið, þar eð einhver bifreið hafi komið á móti honum, en vel geti verið, að henni hafi verið ekið upp eða niður Njarðargötu. Þá kveðst hann hafa tekið eftir, að unglingur hafi hlaupið eftir gangbrautinni upp að húsinu nr. 60 við Laufásveg, einnig hafi hann séð barn einhvers staðar á gangstéttinni, og hafi það hlaupið í sömu átt og hann ók bifreiðinni. Það hafi hrasað og fallið beint fyrir framan vinstra framhjól bifreiðarinnar, og svo nærri því, að hann hafi ekki séð, hvernig það varð fyrir bifreiðinni. Kveðst hann hafa talið, að barninu væri óhætt, þótt hann æki áfram, enda hafi verið um ½ meter frá gangstéttarbrún að bifreiðinni. Hann segist hafa fundið að vinstra framhjól bifreiðarinnar fór yfir barnið, þótt hann hafi jafnskjótt og barnið hrasaði, hemlað, bæði með fóthemlum og handhemli, auk þess sem hann beygði bifreiðinni til hægri út á götuna. Telur ákærði, að hann hafi tvístigið hemilsfetilinn og tekið í handhemilinn um leið og hann steig á hemilsfetilinn í síðara skiptið. Virtist honum bifreiðin stöðvast tiltölulega fljótt, en þegar hann og bræður hans komu út úr henni, lá barnið undir bifreiðinni við vinstri afturhjólin. Fannst þeim sem hjólið kynni að þrengja að höfði barnsins, svo að ákærði ók bifreiðinni lítið eitt aftur á bak, en Jóhannes Þorvaldur tók barnið upp, og síðar tók Ingólfur Blöndal læknir við því, eins og að framan greinir. Allir kveða þeir bræður fætur barnsins hafa verið fyrir neðan gangstéttarbrúnina, en vitnið Sigríður Ástrós Sigurðardóttir húsfreyja,

Laufásvegi 58, sem eigi sá hvernig slysið varð, segir annan fót barnsins hafa verið uppi á gangstéttarbrúninni. Ákærði, sem var að öllu leyti vel fyrir kallaður, kveður ekkert hafa dregið athygli sína frá akstrinum, og ekkert sérstakt hafi hann verið að ræða við Sigurjón bróður sinn. Ekki segist ákærði hafa þurft að hafa vél bifreiðarinnar í hraðastigi (gír), er hann setti vél hennar í gang, og ævinlega hafi hann ekið bifreiðinni af stað í fyrsta hraðastigi, og minnir að hann hafi ekið í 4. hraðastigi frekar en 3., er slysið varð, en hraðastigin kveður hann vera 5 áfram og eitt aftur á bak. Jónas Sverrir bifreiðaeftirlitsmaður segir aftur á móti, að hraðastigin séu 4 áfram, og hið sama minnir Hjörleif Jónsson. Ekki kveður ákærði, að erfitt hafi verið að skipta um hraðastig, er bifreiðin var á ferð. Segir hann hlaupið í stýrisendanum hafa fundizt lítillega upp í stýrishjólið, en ekki hafi það virzt vera neitt til tjóns. Undir bifreiðinni segir hann aðeins sex hjól hafa verið, framhjólin, og svo fjögur hjól fyrir aftan, þannig að afturhjólin voru ekki tvöföld, eins og ráð er gert fyrir, þegar 10 hjól eru höfð undir bifreiðinni. Jónas Sverrir kveður aftur á móti að öll hjól bifreiðarinnar, 10 að tölu, hafi verið á henni.

Vitnið Sigurjón Egilsson kveður talsvert mikla umferð hafa verið um Laufásveginn, er slysið varð. Minnir það, að ákærði hafi þá verið að víka fyrir bifreið, og að bifreið hafi staðið lítið eitt fyrir norðan slysstaðinn. Kveðst það visst um, að ákærði hafi ekið nærri vestari gangstétt en ella vegna umferðarinnar. Segir það hann hafa ekið mjög hægt, en nánar hefur það ekki treyst sér til að ákveða hraðann. Ekki kveðst vitnið hafa veitt barninu eftirtekt fyrr en um leið og slysið varð, en þá sá það höfuð og herðar barnsins rétt framan við vinstra framhjól bifreiðarinnar, og eins og það væri að detta fram fyrir sig. Á sama augnabliki og vitnið kom auga á barnið, kveður það bifreiðinni hafa verið hemlað bæði með hand- og fóthemlum og jafnframt beygt til hægri frá gangstéttarbrún. Ekki varð vitnið vart við að barnið hefði orðið undir vinstra framhjóli bifreiðarinnar. Það minnist þess, að ákærði og það hafi verið að tala saman nokkru áður en slysið varð, og segir vel geta verið, að það hafi kastað fram einhverjum setningum um það leyti, sem slysið varð, en telur víst, að ekkert hafi dregið athygli ákærða frá akstrinum og að hann hafi ekki horft af veginum.

Vitnið Jóhannes Þorvaldur Egilsson skýrir svo frá, að ákærði hafi ekið mjög hægt á móts við það sem atvinnuvörubifreiðum er ekið hér í bænum, enda aki ákærði jafnan hægt og varlega. Ekki minnist vitnið þess, að mjög mikil umferð hafi verið á Laufásveginum, og man ekki eftir bifreiðum á ferð, en segir bifreið hafa staðið fyrir norðan slysstaðinn, en þó fyrir sunnan Njarðargötu, austan megin á götunni. Vitnið tók ekkert eftir barninu, sem fyrir slysinu varð, og sá það ekki fyrr en slysið var orðið. Kveður vitnið bifreið-

ina hafa verið stöðvaða mjög snögglega og beygt frá gangstéttarbrúninni, og telur að um meter hafi verið á milli gangstéttarbrúnarinnar og bifreiðarinnar.

Vitnið Guðný Þorbjörg Sigurðardóttir húsfreyja, Laufásvegi 58, skýrir svo frá, að það hafi séð úr stofuglugga sínum, hvernig slysið varð. Kveður það drenginn hafa gengið þvert austur yfir gangstéttina fyrir framan húsið nr. 60 við Laufásveg og virtist vitninu sem hann ætlaði yfir götuna, og telur líklegt, að hann hafi haft í huga að fara að sandhrúgu hinum megin götunnar lítið eitt norðar en slysstaðurinn. Kveður það bifreiðinni hafa verið ekið hægt, talsvert hægara en bifreiðum er almennt ekið eftir Laufásveginum. Rétt í því að bifreiðin var að komast á móts við drenginn, segir vitnið hann hafa hnotið, en þó eigi dottið, og við þetta hafi hann lítillega breytt stefnu eins og til suðurs, fallið svo beint fram yfir sig á grúfu út á götuna og orðið undir vinstra framhjóli bifreiðarinnar, enda hafi hún þá verið komin alveg á móts við hann. Kveður það hjól bifreiðarinnar hafa farið yfir drenginn fyrir neðan hendur.

Vitnið Oddný Guðmundsdóttir húsfrú, Laufásvegi 58, var statt í mjólkurbúð í sama húsi og það býr í ásamt dótturdóttur sinni, þriggja ára gamalli. Sá það ekki hvernig slysið varð, en kveður hana hafa sagt: „Barnið datt undir bíl."

Vitnið Gísli Óskar Zesseliusson lögregluþjónn, Óðinsgötu 4, skýrir svo frá, að það hafi verið að kenna Gunnari Tryggvasyni verkamanni, Lokastíg 6, bifreiðaakstur í bifreið sinni R 924, er slysið varð. Óku þeir niður Barónsstíg og norður Laufásveg mjög hægt. Við þessi gatnamót tók Gísli Óskar fyrst eftir bifreiðinni R 3719 góðan spöl fyrir norðan Barónsstíg. Ók Gunnar bifreiðinni R 924 mjög hægt norður Laufásveg eða á um 8 km hraða miðað við klukkustund að því er Gísli Óskar telur, en skammt fyrir sunnan gatnamót Laufásvegar og Barónsstígs ók ákærði fram úr bifreiðinni R 924 mjög hægt eða á um 10 km hraða miðað við klukkustund, að áliti Gísla Óskars. Hafði hann orð á því við nemanda sinn, að þarna gæti hann séð, hve sumir menn væru kurteisir í umferðinni og þannig ætti að aka fram úr kennslubifreiðum. Hefur Gunnar Tryggvason staðfest þennan framburð Óskars, en hann kveður bifreiðina R 3719 hafa verið stöðvaða rétt norðan við húsið nr. 60 við Laufásveg, eða um 70 metra fyrir aftan bifreið sína. Hvorki minnist Gunnar né Gísli þess, að þeir hafi mætt bifreið milli Barónsstígs og Njarðargötu eftir að bifreiðinni R 3719 var ekið fram með bifreiðinni R 924, en hún var stöðvuð skammt frá slysstaðnum. Litlu eftir það segir Gunnar Tryggvason einhverja bifreið hafa komið þar að sunnan Laufásveg, en Ingólfur Blöndal læknir og bróðir hans, Hjálmar Jóhann Blöndal skrifstofustjóri, Sóleyjargötu 7, komu í bifreið norður eftir Laufásvegi, komu að slysstaðnum nokkru eftir að slysið varð og fluttu Guðmund heitinn á Landsspítalann. Virtist Ingólfi hann þá þegar dáinn. Minnir Hjálmar Jó-

hann, að einhverjar bifreiðar hafi staðið á Laufásveginum, austan megin á akbrautinni, í námunda við slysstaðinn, en Gísli Óskar segist hafa tekið eftir því, að bifreið stóð einhvers staðar vestan megin á Laufásveginum milli Liljugötu og slysstaðarins.

Í krufningsskýrslu Þórarins Sveinssonar læknis segir orðrétt, að við líkskoðun og krufningu hafi komið í ljós, í fyrsta lagi mjög mikið kúpubrot og stórskemmdir á heila. Í öðru lagi sprenging á lifur og milti og hægra nýra og enn fremur sprenging á þindinni vinstra megin og með blæðingum í nærliggjandi umhverfi. Auk þessa fundust þverbrot á nokkrum rifjum hægra megin (1., 6., 7., 8., 9. og 10. rif hægra megin). Það er ljóst, að áverkar þessir hafa verið það miklir, að barnið hefur látizt samstundis.

Upplýst er í máli þessu, að ákærða var kunnugt um ástand bifreiðarinnar R 3719, er slysið varð, fóthemlar mjög slæmir, auk annars, er í ólagi var, en handhemill góður, og að hann ók afar hægt, varla yfir 10 km hraða miðað við klukkustund. Barnið hrasaði af gangstéttinni og datt beint fram fyrir bifreiðina, er hún var alveg á móts við það, og varð undir vinstra framhjóli hennar. Hemlaði ákærði þá bæði með fóthemlum og handhemlum, og gerði það, sem virtist hafa verið í valdi hans, til að forðast slysið, en það reyndist árangurslaust. Þótt ákærði æki áfram á svo hægum hraða, og þar sem barnið var á gangstétt, en algent er, að ungbörn eru á þessum slóðum hér í bæ, þykir eigi verða séð, að hann hafi sýnt slíka óvarkárni með akstri sínum, að rétt þyki, að hann beri refsiverða sök á dauða barnsins, enda óvíst að mögulegt hefði verið að forðast slysið, þó að bifreiðin hefði verið í góðu lagi að öllu leyti. Ber því að sýkna ákærða af ákæru réttvísinnar fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Aftur á móti hefur ákærði gerzt brotlegur við 2 mgr. 5. gr., 9. gr. sbr. 18. gr. og 38. gr. bifreiðarlaga nr. 23 16. júní 1941, 2. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðalaga nr. 24 16. júní 1941.

Þykir refsing ákærða eftir öllum málavöxtum hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með varðhaldi í 60 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér við réttinn, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 400.00. Dráttur sá, er verið hefur á rekstri máls þessa, stafar af önnum rannsóknardómarans.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði Stefán Gunnbjörn Egilsson skal vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu, en greiði 2000 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með varðhaldi í 60 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-

varnarlaun skipaðs verjanda síns hér við réttinn, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 7. maí 1948.

Nr. 34/1948. **Valdstjórnin** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Jóni Björnssyni Jónssyni
(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Brot á lögreglusamþykkt.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því er varðar refsingu kærða, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Af hálfu lögreglustjórans í Reykjavík hefur ekki verið gerð grein fyrir því, hvers vegna umráðamanni hestanna, sem er innanbæjarmaður, var ekki gefinn kostur á að taka þá úr haldi fyrr en raun bar vitni. Er krafan um endurgjald fyrir fóðrun þeirra því vanreifuð að þessu leyti og óvíst um réttmæti hennar. Ber því að vísa henni frá héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað ber að staðfesta.

Samkvæmt þessu ber að dæma kærða til að greiða allan kostnað við áfrýjun sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því er varðar refsingu kærða Jóns Björnssonar Jónssonar, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu þessa dóms.

Kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um fóðrunarkostnað vísast frá héraðsdómi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað í héraði staðfestast.

Kærði greiði allan kostnað við áfrýjun sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Ólafs Þorgrímssonar, 300 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 9. janúar 1948.

Ár 1948, föstudaginn 9. janúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 126/1948: Valdstjórnin gegn Jóni Björnssyni Jónssyni.

Mál þetta, er dómtekið var 15. þ. m., er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærða fyrir brot gegn VII. kafla lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930 til refsingar og greiðslu málskostnaðar og kostnaðar við vörzlu á óskilahestum.

Kærður er Jón Björnsson Jónsson skrifstofumaður, Efri-Hlíð hér í bæ. Hann er fæddur á Eyrarbakka 19. desember 1899. Hann hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1923 $^{2}/_{9}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ósæmilega hegðun á götu.
1929 $^{2}/_{1}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1931 $^{2}/_{6}$ Áminning fyrir brot gegn lögreglusamþykkt.
1932 $^{3}/_{5}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir flækingshest í bænum, 6 kr. handsömunargjald.
1932 $^{2}/_{6}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir að aka númerslausri bifreið.
1937 $^{2}/_{4}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 61. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1937 $^{1}/_{6}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir lögreglusamþykktarbrot.
1938 $^{2}/_{4}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot gegn umferðarreglum.
1938 Undir rannsókn fyrir meinta ölvun við bifreiðaakstur. Fellt niður með bréfi dómsmálaráðuneytisins $^{31}/_{10}$ 1938.
1939 $^{3}/_{8}$ Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun og árás á bílstjóra við akstur.
1939 $^{9}/_{8}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og mótþróa við lögregluna.
1940 $^{18}/_{11}$ Dómur lögregluréttar, 100 kr. sekt og sviptur ökuskírteini í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðaakstur.
1941 $^{2}/_{1}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun.
1941 $^{12}/_{2}$ Dómur lögregluréttar, 150 kr. sekt og sviptur ökuskírteini ævilangt fyrir ölvun við bifreiðaakstur.
1941 $^{31}/_{5}$ Dómur aukaréttar, 800 kr. sekt fyrir brot gegn 18. sbr. 38.

gr. laga nr. 33 1935, 7. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 95. gr. hegningarlaganna nr. 19 1940, sbr. 2. gr. bráðabirgðalaga nr. 5 1941.

1941 15/10 Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 18. og 24. gr. sbr. 40. gr. laga nr. 32 1931 og 61. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1942 12/4 Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot gegn 61. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Málavextir eru sem hér segir:

Mánudaginn 9. september 1946, kl. 20.15, kom á lögreglustöðina Bjarni Benediktsson þáverandi borgarstjóri og kvað þrjá hesta ganga lausa í Hljómskálagarðinum og óskaði að þeir yrðu fjarlægðir. Fóru lögregluþjónar þegar á vettvang og tóku hestana og voru þeir settir í geymslu hjá Kjartani Ólafssyni vörzlumanni, Grettisgötu 80. Við rannsókn kom í ljós, að eigandi eins af hestum þessum er Ólafur Pálsson, Sjálandi, og annan átti Kristján Kjartansson, Björnshúsum á Grímsstaðaholti, en báðir þessir hestar voru algerlega undir umráðum kærða, sem hafði þá í hagagöngu. Kærði tók ekki hestana úr vörzlum lögreglunnar fyrr en 15. október, er þeir höfðu verið í vörzlum hennar í 36 daga. Neitaði hann að greiða kostnað við geymslu hestanna. Þeir voru þó afhentir honum, og hefur lögreglustjórinn í Reykjavík gert þá kröfu í máli þessu ,að kærði verði dæmdur til að greiða sér kr. 720.00 vegna útlagðs kostnaðar við vörzlu hestanna og hefur lögreglustjóri lagt fram gögn kröfunni til sönnunar. Vaxta hefur eigi verið krafizt.

Af hálfu kærða hefur því verið haldið fram, að eigi beri að sakfella kærða fyrir það, þótt hrossin væru laus í þetta skipti, þar sem þau hafi verið í hagagöngu á girtu landi og engar sönnur hafi verið á það færðar, að girðingar um land þetta hafi verið ónógar og illa við haldið, og hefði því átt að fara fram skoðun á girðingunum til að ganga úr skugga um, hvort svo hafi verið, eða hvort líkur séu til að spjöll hafi verið framin á girðingunum, eða hvort líkur væri til, að hestunum hefði verið hleypt út af mönnum. Á þessa skoðun kærða verður ekki fallizt, enda hefur hann alls ekki gert líklegt, að óviðkomandi mönnum sé um að kenna, að hrossin sluppu úr girðingunni. Þykir kærði því í umræddu tilfelli hafa bakað sér refsiábyrgð samkvæmt 61., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Þá er einnig sannað í máli þessu, að tvö hross, sem kærði átti, voru handsömuð í görðum 8. jan. s. l. og sett í girðingu við Tungu. Þaðan munu þau hafa sloppið um nóttina og voru þau daginn eftir tekin á Landsspítalalóðinni. Tók kærði svo við hrossunum af vörzlumanni og greiddi handsömunargjald þeirra.

Kærði þykir einnig í framangreindu tilfelli hafa gerzt brotlegur við 61., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktarinnar.

Refsing kærða þykir, með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin 150 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga

varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Er þá að athuga kröfu lögreglustjóra gegn kærða. Samkvæmt 2. mgr. 61. gr., sbr. 60. gr. lögreglusamþykktarinnar, skal eigandi greiða kostnað við handsömun og varðveizlu fénaðar, sem gengur laus í bæjarlandinu. Í umræddu tilfelli þykir kærði samkvæmt nefndum ákvæðum analogice eiga að greiða kostnað þennan, þar eð hrossin voru algerlega undir hans umráðum. Verður krafa lögreglustjórans tekin að öllu leyti til greina.

Kærða ber loks að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna málsvarnarlauna skipaðs talsmanns, Ólafs Þorgrímssonar hrl., er ákveðast 200 krónur.

Dráttur hefur orðið á málinu vegna þess, hve talsmaður kærða skilaði seint vörn í málinu, og einnig varð dráttur á uppkvaðningu dóms þessa vegna anna dómarans.

Dómsorð:

Kærði Jón Björnsson Jónsson greiði 150 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóm þessa.

Kærði greiði lögreglustjóranum í Reykjavík kr. 720.00 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, 200 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 7. maí 1948.

Kærumálið nr. 17/1946. **Jóhann Hákonarson**
gegn
Hjálmari Þorsteinssyni.

Kært málskostnaðar- og sektarákvæði héraðsdóms.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 27. sept. 1946, sem hingað barst 25. okt. s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 186. og 2. málsgr. 189. gr. laga nr. 85/1936 kært ákvæði dóms bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 21. sept. 1946 í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja og Sigurði Sveinbjörnssyni, að því er varðar

ákvörðun um málskostnað úr hendi sóknaraðilja og sektargreiðslu fyrir brot á sáttalöggjöfinni.

Hinn 30. okt. 1946 var gefin út áfrýjunarstefna í fyrrgreindu bæjarþingsmáli og þann 6. nóv. s. á. kvað hæstiréttur síðan upp úrskurð um frestun kærumálsins, en kærumálið var sameinað aðalsökinni 19. desember s. á. Aðalmálið var hafið þann 18. marz 1948, en aðiljar kærumálsins hafa nú óskað dóms í því.

Krefst sóknaraðili þess, að ákvæði héraðsdómsins um greiðslu málskostnaðar og sekta verði hrundið og varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði svo og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst sýknu af kröfum sóknaraðilja og kærumálskostnaðar úr hendi hans.

Samkvæmt 5. tölulið 5. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 80. gr. sömu laga, var fyrrgreindu bæjarþingsmáli svo háttað, að nægilegt var að héraðsdómari leitaði þar sátta. Voru því ekki efni til að dæma sóknaraðilja til greiðslu sekta og málskostnaðar samkvæmt 12. gr. laga nr. 85/1936, og þar sem aðrar ástæður þykja ekki vera fyrir hendi til að dæma málskostnað í héraði á hendur sóknaraðilja, þykir bera að fella úr gildi ákvæði héraðsdómsins að því er varðar greiðslu málskostnaðar og sekta.

Samkvæmt þessu og eftir málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður í héraði falli niður.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar og sekta á hendur sóknaraðilja Jóhanni Hákonarsyni eru felld úr gildi og á málskostnaður í héraði að falla niður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. september 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., hefur Hjálmar húsgagnasmíðameistari Þorsteinsson, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttaumleitan með stefnu útgefinni 19. febrúar

1946 gegn þeim Jóhanni bifreiðastjóra Hákonarsyni, Samtúni 20 og Sigurði Sveinbjörnssyni vélavirkjameistara, Hverfisgötu 117, báðum hér í bænum. Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða honum in solidum kr. 2500.00 auk 6% ársvaxta frá 16. júlí 1945 til greiðsludags, svo og málskostnað að skaðlausu. Til vara hefur stefnandi krafizt þess, að annar hvor stefndu verði dæmdur til greiðslu framangreindra fjárhæða.

Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Í júlímánuði 1945 átti stefnandi tal við stefnda Sigurð og falaði hjá honum bifreiðahreyfil. Kvaðst stefndi hafa á verkstæði sínu Dodge-hreyfil, ný-fræstan og standsettan, er kostaði kr. 2500.00 og væri eign stefnda Jóhanns. Talaði stefnandi einnig við hinn síðarnefnda, er kvað stefnda Sigurð eiga að sjá um sölu hreyfilsins og bæri því að semja við hann um kaupin. Varð það úr að stefnandi keypti hreyfil þenna og sóttu starfsmenn Bílasmiðjunnar h/f hreyfilinn í verkstæði stefnda Sigurðar, en stefnandi greiddi andvirði hans gegn kvittun skrifstofustúlku þar. Starfsmenn Bílasmiðjunnar settu hreyfilinn síðan í bifreið stefnanda og var hreyfillinn settur í gang til reynslu. Af ganghljóði vélarinnar drógu þeir þá ályktun, að hreyfillinn væri ekki gangfær, enda hafi verið högghljóð („bank") í vélinni. Hins vegar athuguðu þeir ekki, af hverju hljóð þetta stafaði, enda vildi stefnandi ekki láta gera við vélina hjá Bílasmiðjunni, og var vélin þegar tekin úr bifreiðinni aftur. Skýrir stefnandi svo frá, að hann hafi þegar tilkynnt stefnda Sigurði, að hann riftaði kaupunum vegna galla á hreyflinum, og hafi stefndi viðurkennt riftunina og farið fram á frest á endurgreiðslu andvirðisins. Hafi stefndi síðan látið sækja hreyfilinn og flytja hann í verkstæði sitt og hafi hann verið tekinn í sundur þar. Hins vegar hafi ekki orðið úr efndum á greiðsluloforði, og hefur stefnandi því höfðað mál þetta. Byggir hann kröfur sínar á hendur stefnda Jóhanni á því, að hann var eigandi hreyfilsins og seljandi, en telur stefnda Sigurð bera ábyrgð á endurgreiðslu kaupverðsins vegna viðgerðar þeirrar, er hann framkvæmdi, og þess, að hann seldi hreyfilinn sem „nýfræstan og standsettan". Auk þess telur stefnandi stefnda Sigurð hafa samþykkt riftun kaupanna, hvort sem það var í eigin nafni eða sem umboðsmaður stefnda Jóhanns.

Stefndi Jóhann byggir sýknukröfu sína á því, að ósannað sé í máli þessu, að hinn seldi hreyfill hafi verið háður nokkrum þeim göllum, er heimilað gæti stefnanda riftun kaupanna. Þá hefur hann einnig talið, að stefnandi hafi glatað þeim rétti, er hann annars kynni að hafa átt til riftunar, þar eð hann hafi veitt hinum selda hlut viðtöku hinn 16. júlí 1945, en ekkert látið upp um riftun kaupanna við sig, fyrr en skömmu áður en mál þetta var höfðað. Loks hefur hann mótmælt því sem ósönnuðu, að stefndi Sigurður hafi samþykkt riftun kaupanna og lofað endurgreiðslu, enda væru slíkar ráðstaf-

anir stefnda Sigurðar ekki skuldbindandi fyrir sig, þar eð umboð hans hafi ekki veitt heimild til slíkra löggerninga.

Stefndi Sigurður byggir sýknukröfu sína á því, að afskipti hans af kaupum þessum hafi ekki verið önnur en þau að vísa stefnanda á eiganda hreyfilsins. Kveður hann það ekki hafa verið samkvæmt sínum fyrirmælum, að greiðslunni var veitt viðtaka í skrifstofu hans, enda kveðst hann hafa afhent hreyfilinn með þeim ummælum, að hann gerði það án ábyrgðar. Stefndi neitar því eindregið að hafa samþykkt það, að kaupin gengu til baka eða að hafa lofað stefnanda endurgreiðslu kaupverðsins. Þá neitar hann því og að hafa veitt hreyflinum viðtöku, en kveður einn starfsmanna sinna, þann, er framkvæmdi viðgerðina, hafa látið sækja hann til athugunar, án fyrirmæla af sinni hálfu.

Í málinu er upp komið, að í kaupum þessum fylgdu ekki ýmsir þeir vélarhlutir, sem nauðsynlegir eru til þess að vél sé gangfær, svo sem benzíndæla og blöndungur og sem næst allir rafhlutir. Því hefur ómótmælt verið haldið fram af hálfu stefndu, að ójöfnur í vélarganghljóði, eins og þær sem hér ræðir um, kunni að stafa af öðrum orsökum en göllum á þeim vélarhluta, sem seldur var stefnanda, enda styðst sú staðhæfing við vætti þeirra vitna, sem komið hafa fyrir dóm. Því verður að telja ósannað í máli þessu, að gallar hafi verið á hinum selda hreyfli, þannig að stefnanda væri rétt að rifta kaupunum af þeirri ástæðu. Þá verður og að telja ósannað gegn andmælum stefnda Sigurðar, að hann hafi samþykkt riftun kaupanna eða lofað endurgreiðslu. Eins og á stóð verður það heldur ekki talið jafngilda slíku samþykki, að hreyfillinn var fluttur í verkstæði hans, þar eð sönnur brestur á, að það hafi verið að boði hans. Verður því, með vísan til framanritaðs, að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður að því er varðar málssókn stefnanda á hendur stefnda Sigurði. Stefndi Jóhann sótti hvorki né lét sækja sáttafund, án þess að hafa fært sönnur á lögmæt forföll. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 85 frá 1936 verður ekki hjá því komizt að dæma hann til að greiða sekt í ríkissjóð fyrir það brot á sáttalöggjöfinni, og þykir sektin hæfilega ákveðin 30 krónur og komi í stað hennar 2 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu. Samkvæmt 2. tölulið 177. gr. sömu laga ber einnig að dæma stefnda Jóhann til að greiða stefnanda málskostnað ,er ákveðst kr. 200.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi Sigurður Sveinbjörnsson skal vera sýkn af kröfum stefnanda Hjálmars Þorsteinssonar í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Stefndi Jóhann Hákonarson greiði stefnanda kr. 200.00 í

málskostnað, en skal að öðru leyti vera sýkn af kröfum stefnanda.

Stefndi Jóhann Hákonarson greiði 30 króna sekt í ríkissjóð, en sæti 2 daga varðhaldi, verði sektin ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. maí 1948.

Nr. 159/1946. **Valdstjórnin** (Hrl. Kristján Guðlaugsson)
gegn
Pétri Þórhalli Júlíusi Gunnarssyni
(Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot á verðlagsákvæðum.

Dómur hæstaréttar.

Í málshöfðunartilkynningu héraðsdómarans til kærða í þinghaldi 21. marz 1945 er þess ekki getið, að krafa sé gerð um upptöku ólöglegs hagnaðar. Verður eignarupptaka á hendur kærða því ekki dæmd í máli þessu.

Samkvæmt ákvörðun verðlagsyfirvalda var kærða heimilt að selja hvern metra af jólatrjám á kr. 12.50 og hvert kg af grenigreinum á kr. 3.85. Eftir skýrslu kærða seldi hann hins vegar 2307 metra af trjám fyrir kr. 13.70 hvern metra að meðaltali og 9686 kg grenigreinar fyrir kr. 4.51 hvert kg að meðaltali. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu og greiðslu sakarkostnaðar í héraði, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málsúrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði Pétur Þórhallur Júlíus Gunnarsson greiði 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Gústafs A. Sveinssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 12. apríl 1946.

Ár 1946, föstudaginn 12. apríl, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Valdimar Stefánssyni, upp kveðinn dómur í málinu nr. 1203/1946: Valdstjórnin gegn Pétri Þórhalli Júlíusi Gunnarssyni, sem tekið var til dóms 9. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Pétri Þórhalli Júlíusi Gunnarssyni stórkaupmanni, til heimilis í Mjóstræti 6 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum nr. 3 13. febrúar 1943 um verðlag, sbr. tilkynningar verðlagsstjóra í Lögbirtingablaðinu 13. marz 1943 og 23. október 1944.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 28. marz 1885, og hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1922 ½ Sátt, 10 kr. sekt fyrir að hafa eldfæri í ólagi.
1927 $^{3}/_{8}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir óleyfilega lyfjasölu.
1932 $^{2}/_{5}$ Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1937 $^{3}/_{5}$ Kærður af St. Jóh. Stefánssyni og Guðm. Guðmundssyni fyrir rangan framburð fyrir fógetarétti. Fellt niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins $^{2}/_{10}$ 1937.

Með e/s Larranaga, sem kom hingað til hafnar 12. desember 1944, fékk heildverzlunin Landstjarnan hér í bæ, sem kærði á og stýrir, allmikið af jólatrjám og grenigreinum frá Ameríku. Samkvæmt farmskírteini vörunnar er áætluð þyngd hennar 40 000 lbs. ósundurliðað. Vöru þessari, sem telja má, að einungis hafi verið ætluð til sölu þá fyrir jólin, var skipað upp hinn 16. desember 1944, og samkvæmt

vottorði tollstjórans í Reykjavík hafði hún ekki verið tollafgreidd hinn 19. sama mánaðar.

Með bréfi, dagsettu 20. sama mánaðar, kærði verðlagsstjóri yfir því að kærði hefði, þrátt fyrir ítrekaðar kröfur af sinni hálfu, eigi sent sér verðreikning vörunnar fyrr en daginn áður, en allmikið muni þá þegar vera selt af vörunni, án þess að staðfestingar hafi verið leitað á verðinu. Enn fremur telur verðlagsstjóri kærða hafa selt vöruna hærra verði en leyfilegt hafi verið.

Í tilkynningu til innflytjenda, dagsettri 11. marz 1943 og birtri í Lögbirtingablaðinu 13. s. m., leggur Viðskiptaráð fyrir alla, sem reka innflutningsverzlun, að senda verðlagsstjóra samrit af útreikningi á söluverði sérhverrar vörutegundar, sem þeir kaupa frá útlöndum. Ef um er að ræða verzlun á eftirlitssvæði Reykjavíkur, skal samritið komið í hendur verðlagsstjóra í síðasta lagi 5 dögum eftir að tollafgreiðsla vörunnar hefur farið fram og er eigi heimilt að hefja sölu vörunnar fyrr en samritið hefur verið sent verðlagsstjóra.

Þar sem kærði sendi verðlagsstjóra verðreikning um jólatrén og grenigreinarnar hinn 19. desember, eins og áður segir, var eigi liðinn sá frestur, er tilkynningin ákveður innflytjendum til að skila verðreikningum. Þegar vörunni var skipað upp, var hún vegin og síðan ýmist flutt í geymsluhús kærða eða beint til nokkurra helztu kaupendanna. Þessum kaupendum sagði kærði á þessu stigi, að hann gæti ekki ákveðið verð vörunnar fyrr en hann fengi öll skilríki til verðlagningar í hendur, en sagði, að verðið yrði ekki hærra en árið áður. A. m. k. einn þeirra, sem keypti vöruna af kærða, hóf sölu hennar í smásölu áður en kærði sendi verðlagsstjóra verðreikninginn.

Með því að hefja sölu vörunnar, áður en hann hafði sent verðlagsstjóra verðreikninginn um hana, hefur kærði gerzt brotlegur við áðurnefnda tilkynningu til innflytjenda, og varðar það hann refsingu samkvæmt 9. gr. 2. mgr. verðlagslaganna nr. 3 13. febrúar 1943.

Samkvæmt verðreikningi þeim, sem kærði sendi verðlagsstjóra 19. desember 1944, var kostnaðarverð vörunnar allrar kr. 63 013.66. Kærði heldur því fram, að þetta hafi verið bráðabirgðaverðreikningur, þar eð hann hafi við samning reikningsins ekki vitað með vissu upphæð kostnaðarins við vöruna, en í málinu hefur hann ekki haldið því fram, að neinn liður þessa verðreiknings sé of lágt talinn.

Samkvæmt 18. tölulið tilkynningar verðlagsstjóra, dagsettrar 11. október 1944, birtri í Lögbirtingablaði 23. s. m., mátti á þessum tíma eigi leggja meira en 25% í heildsölu á hvers kyns vörur, sem eigi voru undir sérstökum verðlagsákvæðum, nema með sérstöku leyfi verðlagsstjóra. Fyrir þessi jól leyfði verðlagsstjóri 35% heildsöluálagningu á jólatré og jólagreni, og kveðst hann hafa leyft svo háa álagningu sökum þess að vara þessi sé undirorpin sérstaklega mikilli rýrnun. Með þessari álagningu hefði mátt selja vöruna alla fyrir kr.

85 068.34. Samkvæmt verðreikningi kærða seldi hann metrann af jólatrjám á kr. 13.80 og kílóið af greinunum á kr. 4.50 og var vörumagnið alls 3292 m tré og 11 400 kg greinar. En samkvæmt söluskrá kærða seldi hann 2307 m af trjám fyrir kr. 31 610.60 og 9686 kg af greinum fyrir kr. 43 727.00 eða samtals fyrir kr. 75 337.60.

Álagning kærða á hina seldu vöru fram yfir hin leyfðu 35% nemur samkvæmt þessu alls kr. 8856.67. Það af vörunni, sem ekki var selt, virðist hafa verið óseljanlegt vegna skemmda, og til þessarar miklu rýrnunar telur kærði sér hafa verið heimilt að taka tillit við verðlagningu til verðhækkunar á þeim hluta vörunnar, sem seljanlegur var.

Í verðlagningarreglum frá 6. október 1943, sem í gildi voru á þeim tíma, er hér skiptir máli, eru taldir þeir kostnaðarliðir auk innkaupsverðs, er innflytjendum sé heimilt að miða álagningu sína við. Þar sem þessi upptalning verður að teljast tæmandi og rýrnunar er þar eigi getið, verður að líta svo á, að óheimilt sé að taka tillit til hennar við verðlagningu. Er þetta í fullu samræmi við álit verðlagsstjóra um þetta atriði og þá venju, er hann segir hafa verið um þetta.

Af kærða hálfu er því haldið fram, að hann hafi fyrir jólin 1943 farið eins að og í þetta sinn um verðlagningu margnefndrar vöru, að hann hafi tekið tillit til rýrnunarinnar til verðhækkunar á því sem selt var, og hafi verðlagsstjóri vitað um þetta, án þess að gera við það athugasemd. Um þetta liggur eigi fyrir yfirlýsing verðlagsstjóra, en jafnvel þó að hann hafi látið þetta óátalið, þá leysir það kærða eigi frá refsiábyrgð á þeirri verðlagningu, sem hér er um að ræða. Þá færir kærði fram sér til réttlætingar símtal, sem hann hafi átt við skrifstofu verðlagsstjóra fyrir jólin 1944 um verðlagningu vörunnar. Ekki veit kærði við hvaða mann hann talaði, en kveðst hafa haldið, að það væri verðlagsstjóri. Hvorki verðlagsstjóri né fulltrúi hans minnast þess að hafa átt þetta símtal við kærða. Í þessu samtali kveðst kærði hafa sagst vera búinn að ganga frá verðreikningnum og hafa byggt hann á reynslu fyrri ára um sölu þessarar vöru og hafa vísað til verðreikningsins um sams konar vöru, er hann hafði óumbeðið sent verðlagsstjóra árið áður. Þessu hafi verið svarað á þá lund, að kærði mætti eigi selja grenið hærra verði en kr. 5.00—5.50 pr. kg, en því hafi kærði svarað þannig, að hann ætlaði ekki að selja grenið dýrara en kr. 4.50 pr. kg. Tengdasonur kærða var hjá honum, þegar þetta símtal fór fram, og hefur staðfest í höfuðatriðum frásögn kærða um það. Þar sem þetta samtal fór fram áður en verðlagsstjóri hafði fengið nein gögn í hendur um verð vörunnar og auk þess er alls óvíst, við hvern í skrifstofu hans kærði talaði, þykir kærði eigi geta réttlætt verðlagningu sína með þessu samtali.

Samkvæmt framanskráðu hefur kærði með verðlagningu vörunnar gerzt brotlegur við 18. tölulið tilkynningar verðlagsstjóra frá 11.

október 1944, birtri í Lögbirtingablaði 23. s. m., og varðar það hann refsingu samkvæmt 9. gr. 2. mgr. verðlagslaganna.

Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing kærða fyrir framangreind brot hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 69. gr. 3. tölulið hegningarlaganna ber að gera upptækan ríkissjóði til handa þann ólöglega ágóða, kr. 8856.67, sem kærði samkvæmt framansögðu hafði af broti sínu.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar. Skipaður verjandi kærða, hrl. Eggert Claessen, hefur eigi krafizt málsvarnarlauna, ef svo færi, að kærði yrði dæmdur til málskostnaðargreiðslu.

Drátt þann, sem varð á máli þessu hjá verjandanum, verður að átelja. Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði Pétur Þórhallur Júlíus Gunnarsson greiði 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði ríkissjóði upptækan ólöglegan ágóða, kr. 8856.67, innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 14. maí 1948.

Nr. 1/1947. **Jóhann Garíbaldason og Jörgen Holm**
(Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
Kristjáni Björnssyni
(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Galli á málsmeðferð. Ómerking.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 18. des. 1946 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 3. janúar 1947. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og hann sýkn dæmdur. Svo krefst hann málskostn-

aðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í máli þessu hefur stefndi krafizt þess, að metinn verði gildur með dómi réttur hans til umferðar um gangstíg frá húslóð hans nr. 1 við Laugaveg að Hafnarvegi milli húsanna nr. 18 og 20 við Hafnarveg og að girðing sú og aðrar tálmanir, sem áfrýjandi Jóhann Garibaldason hefur sett fyrir notkun gangstígsins, verði brott numdar.

Þar sem mál þetta var rekið á svo víðtækum grundvelli, átti það að sæta meðferð samkvæmt III. kafla laga nr. 41/1919, og bar því að dæma það af héraðsdómara ásamt samdómendum. Fógetameðferð var ekki réttmæt. Þá hefur meðferð málsins í öðrum greinum verið andstæð lögum nr. 85/1936. Ekki var kveðið á um það af dómara, svo sem í þeim lögum er mælt, hvort málið skyldi flutt skriflega eða munnlega. Aðiljar hafa lagt fram sóknarskjöl og varnar miklu fleiri en í nefndum lögum er mælt og auk þess hefur dómari bókað eftir þeim oftlega málsskýringar og mótmæli. Loks er samningu úrskurðarins ábótavant. Ekki eru þar greindar kröfur aðilja og málavextir eru ekki skipulega raktir.

Samkvæmt framansögðu ber að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og málsmeðferð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjendum kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður svo og meðferð máls þessa eiga að vera ómerk.

Stefndi Kristján Björnsson greiði áfrýjendum, Jóhanni Garibaldasyni og Jörgen Holm, kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Siglufjarðar 4. júní 1946.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Gerðarþoli Jóhann Garibaldason girðir af stíg, sem gerðarbeið-

andi Kristján Björnsson hefur notað og annað hvort liggur yfir lóð gerðarþola (Hafnargötu 20), eins og hann heldur fram, eða norðan við þá lóð, eins og gerðarbeiðandi heldur fram, og gróðursetti gerðarþoli þar tré og fyllti upp, svo að torveldara er yfir að fara.

Með lóðarsamningi, dags. 20. marz 1929, þinglesnum 14. júní 1930, fær gerðarbeiðandi Kristján Björnsson, Siglufirði, lóðarsamning að lóðinni Laugavegi 1 og stendur í samningnum þessi setning í meginmáli samningsins: „Gangstígur liggur frá húsinu ofan að Hafnargötu milli húss frú Kristínar Pálsdóttur og Konráðs Konráðssonar."

Undir hið þinglesna eintak hefur undirritað samninginn H(elgi) Guðmundsson sem leigusali og Kristján Björnsson sem leigutaki. Er því ekki mótmælt af gerðarþola, að undirskriftirnar séu réttar, enda eru rithandir beggja leigusala og leigutaka auðþekkjanlegar, og annar vitundarvotturinn hefur í rétti viðurkennt undirskriftir leigusala og leigutaka undir hinn þinglesna lóðarsamning. Á hið þinglesna eintak er skrifað með ókunnri rithönd orðið „afrit", og hefur gerðarþoli af því haldið fram, að hið þinglesna eintak væri afrit, sem einskis væri vert, en ekki frumrit, sem skuldbindi undirskrifendur. Þetta er ekki rétt. Eiginhandar undirskriftir leigusala og leigutaka sýna, að hér sé um frumrit að ræða. Þótt orðið afrit hafi af einhverjum verið skrifað á skjalið, skiptir það engu fyrir úrlausn þess, hvort um eiginhandar frumrit er að ræða, þegar sannað má heita, að um eiginhandar undirskrift sé að ræða.

Um sömu leigulóð hefur í gerð þessari eftir áskorun gerðarþola verið lagt fram annað eintak af leigusamningi um lóðina, nákvæmlega eins orðað, nema að hin tilvitnaða setning um gangstíginn ofan að Hafnargötu er sett þar eftir (neðan við) undirskriftir aðilja. Samrit af því eintaki hefur síðar réttarhafi leigusala, núverandi eigandi jarðarinnar Hafnar, sem leigulóðin er leigð úr. En það eintak er fengið frá leigusala, og er af því auðsætt, að leigusali hefur verið samþykkur árituninni neðan við undirskrift aðilja á samninginn. Þótt ekkert væri lagt upp úr, að rithönd virðist sú sama á áritinu og á undirskrift H. Guðmundssonar (leigusalans). Eitt vitni, sem er vitundarvottur að undirskrift á hinu þinglesna eintaki og á hinum óþinglesnu eintökum, hefur borið, að áritunin um gangstíginn neðan við undirskriftina hafi ekki verið á hinum 2 óþinglesnu eintökum, er vitundarvotturinn skrifaði undir, og hafi áritunin verið gerð síðar.

Sama vitni ber, að hið þinglesna eintak sé undirritað seinna en hin eintökin, en hve miklu seinna, viti hann ekki. En þótt svo sé, að hið þinglesna eintak sé síðar undirritað en óþinglesnu frumritin, er auðsætt, að hið tilvitnaða ákvæði um gangstíginn af lóð gerðarbeiðanda niður á Hafnargötu er sett af leigusala, og er hann og núverandi eigandi jarðarinnar Höfn við það ákvæði bundinn, jafnvel þótt hið þinglesna eintak hefði verið skoðað sem afrit, en ekki frumrit.

Gerðarþoli Jóhann Garibaldason hefur með afsali, dags. 27. apríl s. l., fengið afsal fyrir hálfum lóðarréttindum lóðarinnar Hafnargötu 20 frá dánarbúi Kristínar Pálsdóttur, en með lóðarsamningi, dags. 20. sept. 1928, þinglesnum 1⅙ 1929, er lóðarstærð sú ákveðin 30 álnir meðfram Hafnargötu (frá norðri til suðurs) og 30 álnir frá austri til vesturs eða alls 900 ferálnir. Með mælingu manna, útnefndra af réttinum, sem aðiljar ekki véfengja, er lóðin á lengd 33 álnir frá norðri til suðurs á vestri kanti lóðarinnar, en 35 álnir að austan eða með öðrum orðum 3 álnum lengri að vestan en 5 álnum lengri á austurkanti en lóðarsamningur frá 1928 heimilar gerðarþola. Verður því að telja, að það komi ekkert í bág við leigusamning gerðarþola, að gerðarbeiðandi hefði 2ja til 3ja álna breiðan stíg sunnan við suðurgirðingu Konráðs Konráðssonar, eins og hann hefur krafizt.

Gerðarþoli færir fram þá ástæðu, að Siglufjarðarkaupstaður hafi á síðustu árum tekið svo mikið af breidd lóðarinnar af austurkanti lóðarinnar Hafnargötu 20, að þess vegna verði gerðarþoli að fá af lengd lóðarinnar, þótt það gangi út yfir stíg gerðarbeiðanda. Gerðarbeiðandi hefur með lóðarsamningi frá 1929, þinglesnum 1930, fengið rétt til gangstígs norðan við lóðina Hafnargötu 20, eins og sú lóð var ákveðin til Kristínar Pálsdóttur með lóðasamningi 1928, þinglesnum 1929, en dánarbú Kristínar seldi gerðarþola, en eftir þeim lóðarsamningi átti lóðin Hafnargata 20 að vera 30 álna löng og 30 álna breið eða 900 ferálnir. Er auðsætt, að það, sem bærinn taki af breidd lóðarinnar Hafnargötu 20, getur hann ekki bætt við lengdina á kostnað gerðarbeiðanda með því að taka af honum rétt til gangstígs norðan við lóðina, umsamin þinglesin réttindi til gangstígsins, þótt fermál lóðar gerðarþola, 900 ferálnir, við það kæmi ekki út. En ef nú gangstígurinn, sem í lóðarsamningi gerðarbeiðenda ekki er ákveðin breidd á, væri ákveðinn 2ja álna breiður, en það telur fógetarétturinn hæfilega breidd á gangstignum, verður lengd lóðar gerðarþola, að gangstignum frádregnum, 31 alin að vestan, 33 álnir á austurkanti, þar sem meðalbreidd núverandi lóðar gerðarþola er rúmlega 28½ alin, rúmlega 30 álnir að sunnan, 27 álnir að norðan rúmlega — kemur í ljós, að flatarmál núverandi lóðar Hafnargötu 20 er rúmlega 919 ferálnir, þegar búið er að draga 2ja álna gangstíg gerðarbeiðanda frá, eða m. ö. o. að gerðarþoli hefur til umráða rúmlega 19 ferálna stærri lóð en hann hefur rétt til eftir leigusamningi sínum og er þá búinn að fá lóð fyrir það, sem bærinn hefur tekið af lóð hans undir Hafnargötu.

Er það þá því auðsærra, að gerðarþoli getur engan rétt haft til stígs gerðarbeiðanda, sem eftir þessu væri norðan við hans lóð og notaður hefur verið af gerðarbeiðanda s. l. 17 ár samkvæmt hans fyrrgreinda lóðarsamningi frá 1929, þinglesnum 1930.

Gerðarþoli hefur því eigi haft rétt til þess með girðingu, gróðursetningu trjáa og uppfyllingu á 2ja álna stignum, að hindra og tor-

velda gerðarbeiðanda stiginn, og skal gerðarþoli því nú þegar hafa tekið burtu girðingu sína, tré og aðrar tálmanir af gagnstignum á 2ja álna breiðu svæði meðfram suðurgirðingu Konráðs Konráðssonar.

Að vísu er fullyrt í afsali dánarbús Kristínar Pálsdóttur, að norðurmörk lóðar Hafnargötu 20 sé suðurgirðing Konráðs Konráðssonar, en það er fullyrðing, sem gerðarþoli verður að eiga við afsalanda, og það verður jafn þýðingarlaust til þess að skerða 17 ára gamlan og þinglesinn rétt gerðarbeiðanda, að þessi norðurmörk séu talin rétt af bæjarstjóra, sem auk þess kveðst ekkert vita, hvort samningar séu til, er breyti lóðamörkum afsalsins, og sennilega hefur ekki ætlað að láta gerðarþola fá stærri lóð en bærinn tók af gerðarþola undir Hafnargötu. Gerðarbeiðandi hefur krafizt, að gerðarþoli greiddi sér 568 krónur í kostnað við gerðina og 500 krónur hefur gerðarþoli krafizt af gerðarbeiðanda, að hann greiddi sér í kostnað við gerðina.

Með tilliti til þess, að gerðarþola var með öllu óheimilt að taka rétt sinn sjálfur og að girða leyfislaust fyrir stiginn, sem hann mátti sjálfur fullvissa sig um með því að mæla lóð sína, að væri norðan við umsamda lóðarlengd hans og umfram flatarmál lóðar hans samkvæmt þinglesnum lóðarsamningi, verður að telja hæfilegt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 400 krónur í kostnað við gerðina.

Fyrir því úrskurðast:

Gerðarþolar, Jóhann Garibaldason og Jörgen Holm, Siglufirði, nemi burtu á sinn kostnað girðingu þá á 2ja álna svæði, er hann (sic) hefur girt yfir gangstíg gerðarbeiðanda sunnan við girðingu Konráðs Konráðssonar, taki burtu á sinn kostnað tré og aðrar tálmanir, er hann (sic) hefur sett á þessu svæði, og greiði gerðarbeiðanda Kristjáni Björnssyni 400 krónur í kostnað við gerðina.

Þriðjudaginn 18. mai 1948.

Nr. 121/1946. **Dánarbú Garðars Þorsteinssonar**
(Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Trans-Ocean, vöru- og skipamiðlun h/f og gagnsök (Hrl. Magnús Thorlacius)

Málsástæða látin ódæmd. Ómerking dóms. Sératkvæði.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. sept 1946, krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu til hæstaréttar með stefnu 12. sept. 1946, hefur krafizt þess *aðallega*, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til málflutnings og dómsálagningar af nýju. *Til vara* krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða kr. 3223.27 með 6% ársvöxtum frá 31. des. 1941 til greiðsludags. Hvernig sem málið fer, krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Það er viðurkennt, að við munnlegan málflutning á bæjarþingi Reykjavíkur 21. júní 1946 var sú málsástæða borin fram af hálfu gagnáfrýjanda, að hann hefði ekki verið umboðsmaður Garðars heitins Þorsteinssonar við fiskkaup þau, sem málið er af risið, heldur miðlari, og taldi gagnáfrýjandi því, að gagnkröfur Garðars í málinu væru sér óviðkomandi. Þessari málsástæðu var ekki mótmælt sem of seint fram kominni af stefnda í héraði, en héraðsdómari hefur gengið fram hjá henni án þess að dæma hana. Þessi málsmeðferð fer í bága við ákvæði 1. málsgr. 193. gr. laga nr. 85/1936, og verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Í málinu hefur verið lögð fram þýðing úr ensku á nokkrum dómskjölum, gerð af Bjarna Guðmundssyni, löggiltum skjalaþýðanda. Þýðing þessi er í sumum atriðum mjög ónákvæm og verður að víta það.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður í hæstaréttii fellur niður.

Sératkvæði Gizurar Bergsteinssonar hrd.

Samþykkur framanskráðum dómi, að fráteknu málskostnaðarákvæði hans. Rétt er eftir atvikum málsins, að aðaláfrýjandi, dánarbú Garðars Þorsteinssonar, greiði gagnáfrýjanda, Trans-Ocean vöru og skipamiðlun h/f, kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júlí 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. f. m., hefur Þórhallur Bókavörður Þorgilsson f. h. Trans-Ocean, vöru- og skipamiðlunar h/f, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 30. október 1944 gegn Garðari hæstaréttarlögmanni Þorsteinssyni, Vesturgötu 19 hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 3223.27 auk 6% ársvaxta frá 31. desember 1941 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Á árinu 1941 annaðist stefnandi sölu á ísvörðum fiski í Englandi fyrir stefnda. Hófust skipti aðilja með því, að stefnandi seldi hinn 9. febrúar 1941 100 kassa af fiski fyrir stefnda og félaga hans. Voru þau skipti gerð upp að fullu og stefnanda greidd 2% söluverðs í umboðslaun. Eftir það seldi stefnandi fisk stefnda gegn 1% umboðslaunum, og var magn hins selda þetta: Hinn 18. marz s. á. 150 kassar, 22. marz 630, 21.—26. marz 250, 12. apríl 125, og 26. s. m. 200 kassar. Voru allar þessar sölur gerðar upp, nema tvær þar síðustu. Vegna sölu þeirrar, er fram fór hinn 12. apríl, telur stefnandi stefnda skulda sér kr. 345.12 fyrir útlögð gjöld og umboðslaun auk kr. 23.69, er ofgreiddar voru stefnda, en vegna síðustu sölunnar kr. 586.09 í umboðslaun og útlögð gjöld, auk ofgreiðslu, er nam kr. 2268.37. Fjárhæðir þessar samtals nema stefnukröfunni í málinu.

Stefndi byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að honum hafi hvorki verið skilað kössum þeim, sem fiskurinn var sendur í til Englands, né andvirði þeirra, sem hann telur nema hærri fjárhæð en stefnukrafan. Kveðst hann hafa kvartað um þessi vanhöld við stefnanda þegar í stað, og að svo hafi virzt sem stefnandi áliti þær kvartanir á rökum reistar, þar eð hann hafi skrifað verzlunarfélagi því, er sá um fisksöluna erlendis, og spurzt fyrir um þetta atriði. Heldur stefndi því og fram, að sú venja hafi ríkt í þessum efnum, að eiganda fiskjarins voru endursendir kassarnir eða andvirði þeirra, ef þeir voru seldir erlendis.

Nokkrir menn, er reynslu hafa um fisksölu til Englands á framangreindu tímabili, hafa komið fyrir dóm sem vitni í máli þessu. Með vætti þeirra verður að telja sönnur færðar á framangreindar staðhæfingar stefnda um venju þá, er gilti að þessu leyti, enda virðist stefnandi hafa sjálfur kannazt við hana, að því er bezt verður séð af bréfi hans, dagsettu 18. júlí 1941, til umboðsmanna hans í Englandi (dómsskjal nr. 22). Eigi verður talið, að stefnanda hafi verið heimilt að samþykkja það fyrir hönd stefnda, án sérstaks samkomulags, að vikið var frá venju þessari, og þykir því verða að gera honum að greiða stefnda andvirði umbúðakassanna, enda hefur hann eigi, gegn andmælum stefnda, fært sönnur á þá staðhæfingu sína, að stefndi hafi borið meira úr býtum fyrir fisk sinn en orðið hefði, ef hann hefði fengið aftur kassana, eða þeir verið seldir sérstaklega. Hins vegar brestur allar sönnur á þá staðhæfingu stefnda, að andvirði kassanna hafi verið hærra en kröfur stefnanda, og leiðir þessi varnarástæða því ekki til sýknu, en samkvæmt gögnum málsins verður andvirði hvers kassa talið 6 pence. Kassar stefnda voru, eins og fyrr var greint, 1355 talsins og andvirði þeirra því £ 33—17—6, og er honum því samkvæmt öllu framanrituðu rétt að telja til skuldar hjá stefnanda kr. 883.80, og er það miðað við gengi £ í íslenzkum krónum 26.09.

Í annan stað hefur stefndi stutt sýknukröfu sína þeim rökum, að umboðsmenn stefnanda erlendis hafi reiknað sér óhæfilega há söluláun af fiski stefnda. Kveður stefndi það hafa verið almenna venju í þessum efnum, að umboðslaun þessi væru reiknuð 3% eða í mesta lagi 4% af söluverðinu, en hann hafi hins vegar verið látinn greiða hinum erlendu umboðsmönnum 7% auk framangreinds 1% til stefnanda sjálfs. Kveðst stefndi hafa beðið mikið tjón af þessum ráðstöfunum stefnanda, og telur fjárhæð þess nema meiru en dómkröfum stefnanda. Hefur stefndi jafnframt áskilið sér rétt til heimtu bóta fyrir þetta í sérstöku máli.

Stefnandi hefur haldið því fram, að hann hafi sent stefnda skilagrein hinna erlendu umboðsmanna sinna ásamt sinni eigin skilagrein í hvert skipti, er aðiljar gerðu upp viðskiptin, og verður málflutningur stefnda vart skilinn á annan veg en að svo hafi verið, enda hafa báðir aðiljar lagt fram eintök af tveim hinna erlendu skila-

greina. Þótt eintökum þessum beri ekki saman í hvívetna, er þó það sameiginlegt með þeim, að skýrt má af þeim ráða það, að sölulaun (Commission) erlendis var 7% söluverðsins. Verður því að líta svo á, að stefnda hafi mátt vera þetta ljóst eigi löngu eftir upphaf viðskipta þessara. Hins vegar hefur ekki af hans hálfu verið hreyft athugasemdum í þessa átt, svo séð verði, fyrr en í munnlegum flutningi máls þessa. Þykir stefndi með fyrirvaraleysi sínu um svo langan tíma hafa firrt sig þeirri aðstöðu, sem hann kynni annars að hafa haft til að byggja rétt á fjárhæð sölulaunanna, og er því eigi unnt að taka til greina sýknukröfu hans á þeim grundvelli heldur.

Loks hefur stefndi hreyft því, að taka beri tillit til þess, að skilagreinum hinna erlendu umboðsmanna stefnanda ber ekki saman að öllu leyti. Mótmæli stefnda gegn skýringum stefnanda á þessu þykja ekki nægilega öflug, enda óljóst mjög hverjar séu kröfur hans í þessu efni, og fær þetta atriði því eigi haft áhrif á úrslit málsins.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnda kr. 3223.27, að frádregnum framangreindum kr. 883.80, eða kr. 2339.47 með 6% ársvöxtum, sem teljast frá stefnudegi, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, hefur kveðið upp dóm þenna. Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögn hans og stafar af miklum önnur í skrifstofu embættisins, einkum við dómsmál um það leyti, er þingleyfi hófst.

Dómsorð:

Stefndi Garðar Þorsteinsson greiði stefnanda, Trans-Ocean, vöru- og skipamiðlun h/f, kr. 2339.47 með 6% ársvöxtum frá 30. október 1944 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 18. maí 1948.

Nr. 44/1948. **Réttvísin og valdstjórnin** (Hrl. Guttormur Erlendsson) gegn **Friðmar Sædal Markússyni og Aðalsteini Lárussyni** (Hrl. Lárus Jóhannesson).

Þjófnaður og brot á 111. gr. hegningarlaga.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Ákærði Friðmar Sædal Markússon greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Friðmar Sædal Markússon greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 13. apríl 1948.

Ár 1948, þriðjudaginn 13. apríl, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1802—1803/1948: Réttvísin og valdstjórnin gegn Friðmari Sædal Markússyni og réttvísin gegn Aðalsteini Lárussyni. Málið var tekið til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Friðmari Sædal Markússyni verkamanni, til heimilis í skála nr. 10 í Múlacamp hér í bæ, nú gæzlufanga í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg, fyrir brot gegn XII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930, og af réttvísinnar hálfu gegn Aðalsteini Lárussyni, heimilislausum sjómanni, fyrir brot gegn XII. kafla almennra hegningarlaga.

Ákærðu er báðir komnir yfir lögaldur sakamanna.

Ákærði Friðmar Sædal Markússon er fæddur í Reykjavík 4. febrúar 1917. Hann hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1931 $^{2}/_{10}$ Áminntur fyrir að hjóla án ljóss og bjöllu.

1931 $^{15}/_{12}$ Kærður fyrir innbrotsþjófnað. Ráðstafað til dvalar í sveit að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins.

1933 $^{19}/_{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði, skilorðsbundið og 80 kr. in solidum í skaðabætur fyrir þjófnað.

1935 $^{11}/_{3}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur. Betrunarhússvinna í 2 ár fyrir innbrotsþjófnað og áfengislagabrot. Staðfest í hæstarétti 11. okt. 1935, 6. gr. l. 51/1928, 231. gr. hgl. 2. og 4. lið sbr. 7. gr. l. 51/1928 og að nokkru leyti 55., 46. og 47. gr. hgl. og lög nr. 33/1935, 17. sbr. 37. gr.

1935 1⅛ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 ⅜ Kærður fyrir meintan þjófnað. Rannsakað, en lokið án málssóknar vegna sannanaskorts.
1937 3¼ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1937 2½ Sætt, 200 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1937 ¾ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 12 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51 1928, sbr. 231. gr. 4. tl., 55. gr. og 63. gr. hinna alm. hegningarlaga.
1937 15/12 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 2ja ára betrunarhússvinna fyrir innbrotsþjófnað.
1939 3¼ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 ⅘ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 2⅚ Sætt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og árás á lögregluþjón.
1939 ⅝ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 ⅝ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 8/12 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 2ja ára betrunarhússvinna fyrir innbrotsþjófnað.
1941 2⅚ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941 2/7 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941 2 3/11 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941 3 9/11 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941 1 6/12 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941 2 2/12 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 ⅜ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 3⅘ Sætt, 200 kr. sekt fyrir að brjóta brunaboða. Brot á 11. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1943 2½ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
1943 ¾ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
1943 3¼ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 3⅕ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
1943 ⅜ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 1⅜ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 7/7 Sátt, 75 kr. sekt, 100 kr. skaðabætur fyrir ölvun og áflog.
1943 1 6/7 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 1 5/7 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 1⅜ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 1⅝ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 3⅜ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 1 9/10 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 1 7/10 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 2 3/10 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 3 9/10 Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
1943 1 2/11 Sætt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 1 3/12 Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
1943 1 8/12 Sætt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1944 $^{2}/_{2}$ Sætt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1944 $^{2}/_{2}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
1944 $^{2}/_{3}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1944 $^{2}/_{8}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1944 $^{1}/_{8}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1944 $^{1}/_{9}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
1944 $^{2}/_{9}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og vanskil á ökugjaldi.
1944 $^{1}/_{11}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1944 $^{2}/_{12}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 $^{1}/_{1}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 $^{1}/_{1}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 $^{2}/_{1}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og brot á húsfriði.
1945 $^{1}/_{3}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
1945 $^{2}/_{6}$ Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 121. gr. hegnl., sbr. 3. mgr. 11. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og ölvun.
1945 $^{5}/_{6}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 $^{3}/_{6}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 $^{1}/_{7}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 $^{3}/_{7}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 $^{5}/_{8}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 $^{1}/_{9}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 $^{2}/_{10}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 $^{3}/_{10}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 $^{1}/_{2}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1946 $^{2}/_{3}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 $^{1}/_{4}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1946 $^{2}/_{3}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 $^{2}/_{5}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1946 $^{4}/_{7}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 $^{1}/_{7}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 $^{2}/_{7}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 $^{1}/_{8}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 $^{1}/_{9}$ Reykjavík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 $^{2}/_{10}$ Reykjavík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 $^{2}/_{1}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 $^{1}/_{3}$ Reykjavík. Sátt, 400 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 $^{1}/_{4}$ Reykjavík, Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 $^{1}/_{7}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 $^{3}/_{8}$ Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 $^{2}/_{8}$ Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 $^{1}/_{9}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 $^{1}/_{9}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1947 $^{1}/_{9}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 $^{2}/_{9}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 $^{2}/_{10}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1947 $^{19}/_{11}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 $^{25}/_{11}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 $^{9}/_{12}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 $^{29}/_{12}$ Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1948 $^{2}/_{2}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1948 $^{2}/_{3}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærði Aðalsteinn Lárusson er fæddur 27. febrúar 1920. Hann hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1935 $^{5}/_{1}$ Kærður fyrir dúfnaþjófnað. Málið afgreitt til barnaverndarnefndar.
1935 $^{8}/_{4}$ Áminning fyrir árás. Kærandi Sveinbjörn Á. A. Sigurðsson.
1936 $^{5}/_{3}$ Kærður fyrir þjófnað. Látið falla niður, með því að þýfið var undir 30 kr. virði og málssóknar ekki krafizt.
1937 $^{17}/_{3}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Skilorðsbundið fyrir þjófnað og kr. 97.87 í skaðabætur.
1938 $^{5}/_{9}$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir áfengislagabrot.
1939 $^{17}/_{4}$ Kærður fyrir þjófnað á 600 kr. vorið 1937, komst upp við rannsókn í öðru máli. Látið falla niður, með því að kærði var dæmdur fyrir þjófnað 1937, $^{17}/_{3}$.
1940 $^{29}/_{1}$ Undir rannsókn fyrir meinta nauðgun og smitun af kynsjúkdómi. Ekki talin ástæða til málssóknar.
1940 $^{8}/_{3}$ Kærður fyrir þjófnað á 5 krónum. Peningarnir voru endurgreiddir og ekki talin ástæða til frekari aðgerða.
1940 $^{19}/_{5}$ Sátt, 20 kr. sekt fyrir neitun um að segja lögreglunni til nafns síns og heimilisfangs.
1942 $^{1}/_{2}$ Kærður fyrir meint brot á 1. gr. laga nr. 13 1941. Fellt niður.
1944 $^{26}/_{4}$ Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.
1944 $^{23}/_{6}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 $^{18}/_{12}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 $^{1}/_{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 $^{2}/_{3}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 $^{16}/_{10}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 $^{2}/_{11}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

I.

Þriðjudaginn 20. maí f. á. fyrri hluta dags handtók lögreglan ákærða, Friðmar Sædal, vegna ölvunar, og setti í gæzlu í fangaklefa nr. 4 í fangageymslu lögreglunnar. Sama dag var ákærði Aðalsteinn einnig settur í fangageymsluna vegna ölvunar, og fór hann í klefa nr. 8. Klukkan 21.40 kallaði ákærði Friðmar til fangavarðarins, Bjarna Marteins Jónssonar, og bað hann að láta sig lausan. Fangavörðurinn fór upp í varðstofu til að athuga mál Friðmars, en er

hann kom aftur niður í fangageymsluna, var ákærði Friðmar horfinn, svo og var ákærði Aðalsteinn horfinn úr klefa sínum. Var þeirra svo leitað, og fannst Friðmar á veitingastofunni á Vitastíg 14 nokkru síðar.

Ákærði Aðalsteinn skýrir svo frá, að er hann vaknaði í klefa sínum um kvöldið, hafi hann séð ákærða Friðmar Sædal reykjandi frammi á ganginum. Kveðst Aðalsteinn hafa beðið hann að gefa sér reyk. Hafi Friðmar gert það, en boðizt síðan til að opna fyrir honum klefann, og kveðst Aðalsteinn hafa tekið vel í það. Hafi Friðmar síðan opnað klefann. Úr gangi fangageymslunnar liggja dyr fram í forstofuna, og kveðst ákærði Aðalsteinn hafa komið belti sínu yfir efra horn hurðarinnar, og tekið í, og hafi hurðin þá hrokkið upp. Þeir Friðmar hafi síðan orðið samferða út og skilið við vörugeymslu Eimskipafélags Íslands.

Ákærði Friðmar Sædal kveðst ekki muna, með hverjum hætti hann komst út úr klefa sínum, og hélt hann því í fyrstu fram, að fangavörður hafi hleypt sér fram á ganginn, en síðar skýrir hann svo frá, að hann muni hafa barið í hurðina þangað til hún opnaðist. Hann segir að sig minni, að Aðalsteinn bæði hann að opna fyrir sér, og hafi hann þá gert það. Hann man ekki gerla, hvernig þeir komust út úr fangageymslunni, en telur að það muni vera rétt, að hún hafi verið lokuð að utan og hafi hann þá opnað fyrir Aðalsteini, til að fá aðstoð hans til að komast út.

Fangavörðurinn, Bjarni Marteinn Jónsson, kveðst hafa opnað klefa ákærða Friðmars, meðan hann var að tala við hann, en lokað hann síðan inni í klefanum með efri lokunni á hurðinni. Frá dyrum fangageymslunnar kveðst hann hafa gengið á venjulegan hátt, þ. e. skellt í lás og lokað hurðinni síðan að utan með tveimur koparkrókum. Þegar hann kom niður aftur, hafi það komið í ljós, að lykkjan, sem hélt efri króknum, var dregin út, en hin neðri brotin.

Eins og atvikum hefur nú verið lýst, verður ekki talið, að ákærðu hafi sammælst um að hjálpast að strjúka í skilningi 110. greinar almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Með því að frelsa ákærða Aðalstein, þykir ákærði Friðmar Sædal hafa unnið til refsingar samkvæmt 1. mgr. 111. gr. nefnda laga. Aftur á móti þykir verða að sýkna Aðalstein af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

II.

Laugardaginn 13. marz s. l. brauzt ákærði Friðmar Sædal Markússon, sem var áberandi ölvaður, inn í skála nr. 13 í Múlacamp, á þann hátt að sprengja læsingarjárn hurðar frá dyrastaf. Í eldhúsi skálans, úr ólæstu kofforti, stal ákærði veski, sem í var kr. 215.00 í peningum, skömmtunarbók, og að sögn eigandans, Huldu Jörgensdóttur Kerúlf, er þarna bjó, einnig happadrættismiðar, en ákærði minnist ekki að hafa orðið þeirra var. Kveður hann þó vel geta verið, að þeir hafi einnig verið í veskinu. Peningunum eyddi ákærði í áfengi, sem

hann neytti inni í ýmsum veitingastofum. Skömmtunarbókina lét hann einhvern bifreiðarstjóra, sem hann veit engin deili á, fá í skiptum fyrir hálfa flösku af brennivíni, en veskinu henti hann.

Eigandi veskisins, Hulda Jörgensdóttir Kerúlf, hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér alls í skaðabætur vegna þjófnaðar þessa kr. 270.00. Hefur ákærði fallizt á kröfu þessa, og verður hún því tekin til greina.

Með framangreindum þjófnaði hefur ákærði Friðmar Sædal Markússon gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Með áberandi ölvun á almannafæri og neyzlu áfengis inni í veitingastofum hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. mgr. 17 gr., sbr. 1. mgr. 37. gr., 18. gr. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 7. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

III.

Sunnudaginn 21. marz s. l. brauzt ákærði Friðmar Sædal Markússon inn í herbergi Guðlaugar Unu Benediktsdóttur í Garðastræti 17 á þann hátt, að ákærða tókst að brjóta flaska úr dyrastaf og gat þannig opnað dyrnar, sem læstar voru með smekklás. Úr herberginu stal hann peningakassa, sem í voru kr. 360.00 í peningum, reikningur, og að sögn eigandans, fjórir skömmtunarseðlar, stofnaukar, tveir nr. 11 og tveir nr. 13, en ákærði, sem hafði komið gangandi áberandi ölvaður að húsinu, segist ekki minnast þess að hafa orðið seðlanna var, þótt vel geti verið að þeir hafi verið í kassanum. Peningunum eyddi ákærða í áfengi, er hann keypti af einhverjum bifreiðarstjóra, sem hann veit engin deili á, og neytti þess inni í ýmsum veitingastofum. Peningakassann, ásamt því sem í honum var, nema peningunum, faldi ákærði niður við Ægisgarð, þar sem hann síðar fannst og var afhentur eigandanum, sem kveðst sakna skömmtunarseðlanna auk peninganna.

Guðlaug Una Benediktsdóttur hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér alls í skaðabætur vegna þjófnaðar þessa kr. 400.00. Hefur ákærði samþykkt þessa kröfu, og verður hún því þegar af þeirri ástæðu að öllu leyti tekin til greina.

Með þjófnaði þessum hefur ákærði Friðmar Sædal Markússon gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þá hefur hann með áberandi ölvun á almannafæri og neyzlu áfengis inni í veitingastofum gerzt brotlegur við 1. mgr. 17. gr., sbr. 1. mgr. 37. gr. 18. gr. og 38. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 7. gr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

IV.

Eins og áður segir, ber að sýkna ákærða Aðalstein Lárusson af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Refsingu ákærða Friðmars Sædals Markússonar ber að ákveða

með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og fyrri brotaferli hans, og þykir hún hæfilega ákvörðuð fangelsi í 18 mánuði.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga ber að ákveða, að gæzluvarðhald hans frá 2. apríl 1948 komi refsingunni til frádráttar.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 ber að svipta ákærða Friðmar Sædal kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða Friðmar Sædal Markússon ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði Aðalsteinn Lárusson skal vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Ákærði Friðmar Sædal Markússon sæti fangelsi í 18 mánuði.

Gæzluvarðhald hans frá 2. apríl 1948 skal koma refsingunni til frádráttar.

Ákærði Friðmar Sædal Markússon er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Friðmar Sædal Markússon greiði innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa að telja Huldu Jörgensdóttur Kerúlf kr. 270.00 og Guðlaugu Unu Benediktsdóttur kr. 400.00.

Ákærði Friðmar Sædal Markússon greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. maí 1948.

Nr. 30/1948. **Valdstjórnin** (Hrl. Ragnar Ólafsson)
gegn
Eyjólfi Þórarinssyni
(Hrl. Sigurður E. Ólason).

Brot á byggingarsamþykkt og reglugerð um fjárhagsráð.

Dómur hæstaréttar.

Brot kærða, sem er rétt lýst í héraðsdómi, varðar við 1. tölulið 12. gr. byggingarsamþykktar Hafnarfjarðar nr. 114/1916 og 2. málsgr. 11. gr. reglugerðar nr. 82/1947, sbr. lög nr. 70/1947. Með þessari athugasemd ber að staðfesta

hinn áfrýjaða dóm, þó svo að greiðslufrestur sektarinnar telst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 350.00 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar telst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði Eyjólfur Þórarinsson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Ólafssonar og Sigurðar Ólasonar, 350 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Hafnarfjarðar 27. nóvember 1947.

Ár 1947, fimmtudaginn 27. nóv., var í lögreglurétti Hafnarfjarðar, sem haldinn var í réttarsal embættisins af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, upp kveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var í dag.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Eyjólfi Þórarinssyni verkamanni, Nönnustíg 10 hér, fyrir brot á byggingarsamþykkt Hafnarfjarðar nr. 114 frá 25 ágúst 1916 og lögum nr. 70 frá 5. júní 1947, sbr. reglugerð um fjárhagsráð o. fl. frá 31. júlí 1947.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 17. sept. 1897, og hefur eigi sætt kæru né refsingu fyrir neitt lagabrot.

Málavextir eru þessir:

Fyrir nokkru var lögreglustjóra tilkynnt, að kærði í máli þessu, Eyjólfur Þórarinsson, væri að hefja framkvæmdir um girðingu við hús sitt, Nönnugötu 10, þannig að tæki af umferðarstíg frá bakhúsi nr. 10 B við Nönnugötu og hindraði þannig frjálsan aðgang íbúa hússins að götu, auk þess sem girðingin útilokaði að slökkvilið kæmist með tæki sín þarna, og ráðizt var í þetta án leyfis hlutaðeigandi yfirvalda. Var kærði að verki, er fulltrúi lögreglustjóra kom á staðinn, og lagði bann við framhaldi verksins, en kærði skeytti því engu.

Stuttu síðar barst skrifleg kæra frá bæjarstjóra og var jafnframt

krafizt, að það, sem reist hefði verið, væri numið á brott og fyllt í skurði, með því að leyfi byggingarnefndar hefði eigi verið aflað.

Kærði hefur viðurkennt að hafa ráðizt í umræddar framkvæmdir án leyfis byggingarnefndar og fjárhagsráðs, þar sem hann hefði talið sér heimilt að girða lóð sína samkvæmt lóðarsamningi, er hann hafi í höndunum.

Það verður að telja nægilega upplýst, að kærði hafi með framangreindum aðgerðum, án leyfis byggingarnefndar, orðið brotlegur við 12. og 7. gr., sbr. 4. tölul. 15. gr. byggingarsamþykktar fyrir Hafnarfjörð nr. 114 frá 1916, og enn fremur, þar sem hann hefur eigi leitað samþykkis fjárhagsráðs, hefur hann gerzt brotlegur við 11. gr. reglugerðar um fjárhagsráð o. fl. frá 31. júlí 1947, sbr. lög nr. 70 frá 5. júní 1947, og þykir refsing sú, er hann hefur til unnið fyrir brot þessi, samkvæmt 31. gr. byggingarsamþykktar og 39. gr. fyrrgreindrar reglugerðar hæfilega ákveðin 150 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá skal samkvæmt 31. gr. byggingarsamþykktarinnar kærða skylt að nema nú þegar burt þau mannvirki, er hann hefur reist í leyfisleysi og færa allt í samt lag.

Þá greiði kærði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Eyjólfur Þórarinsson greiði 150 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá ber kærða að nema í burt nú þegar öll þau mannvirki, er hann þannig hefur framkvæmt á lóð sinni án leyfis.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, sem orðinn er og verður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. maí 1948.

Nr. 48/1948. **Réttvísin** (Hrl. Einar Arnórsson)

gegn

Jóhanni Eyþórssyni (Hrl. Egill Sigurgeirsson).

Skjalafals.

Dómur hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Ekki þykja efni til, að gæzluvarðhaldsvist ákærða komi til frádráttar refsivist hans. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Við meðferð málsins er það athugavert, að rannsóknardómarinn hefur ekki, svo séð verði, borið hin fölsuðu skjöl undir menn þá, er nöfn þeirra voru fölsuð á skjölin, og hafa aldrei verið teknar skýrslur í rétti af tveimur þeirra, þeim Guðmundi Kr. Meldal og Guðbjörgu Ágústsdóttur. Svo hefði dómarinn og átt að afla rithandarsýnishorna þessara manna til samanburðar við falsskjölin. Loks hefur dómaranum láðst að láta hin fölsuðu skjöl fylgja dómsgerðum málsins.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að gæzluvarðhaldsvist ákærða Jóhanns Eyþórssonar skal ekki koma til frádráttar refsivist hans.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Arnórssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Húnavatnssýslu 8. nóvember 1946.

Mál þetta, sem tekið var undir dóm 5. þ. m., er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Jóhanni Eyþórssyni verkamanni, Ytri-Löngumýri í Svínavatnshreppi, fyrir brot gegn XVII. kafla hinna almennu hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 17. febrúar 1921 að Fremri-Hnífsdal í Eyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu. Hann hefur verið dæmdur 22. júní 1945 í aukarétti Reykjavíkur í 60 daga fangelsi, skilorðsbundið, og sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. og 247. gr. gr. hinna almennu hegningarlaga, en að öðru leyti hefur hann ekki sætt refsingu, svo vitað sé.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Seint í marzmánuði þ. á. kom ákærði að máli við settan bankastjóra Útibús Búnaðarbankans á Akureyri, og fór þess á leit, að hann keypti af sér 15 000 króna víxil með nöfnum tiltekinna 3ja manna, auk ákærða, sem samþykkjanda, og fékk hann vilyrði fyrir láninu. Rúmri viku síðar eða svo, þann 1. apríl, seldi ákærði svo bankanum víxil að upphæð kr. 15 000.00, með gjalddaga 1. október þ. á.

Víxill þessi var, að því er séð varð, útgefinn af Birni Pálssyni, Ytri-Löngumýri, og samþykktur af ákærða, en ábektur af Pétri Péturssyni, Höllustöðum, og Steingrími Jóhannessyni, Svínavatni. Samkvæmt yfirlýsingu þessara manna fyrir rétti og játningu ákærða, voru öll nöfn þeirra manna, er með ákærða voru á víxlinum, fölsuð, skrifuð af ákærða, án vitundar þeirra og leyfis. Þennan víxil fékk ákærði svo síðar framlengdan til ársloka, með sömu nöfnum, einnig fölsuðum af ákærða, eftir hann hann hafði verið afsagður sökum greiðslufalls.

Hinn 23. júlí þ. á. barst kæra frá Kaupfélagi Húnvetninga á Blönduósi þess efnis, að ákærði hefði framvísað til greiðslu og fengið greiddar ávísanir, undirritaðar af viðskiptamönnum þess, en sem þeir sömu viðskiptamenn könnuðust ekki við að hafa gefið út. Var ákærði þá yfirheyrður fyrir rétti, og kannaðist hann þá við að hafa falsað, fengið greiddar og hagnýtt sér andvirði tveggja ávísana að upphæð kr. 2850.00 og kr. 500.00, útgefnar 19. júlí og 11. júní þ. á., en undir þessar ávísanir hafði hann skrifað nafn Guðmundar Kr. Meldals, bónda í Litladal. Greiddi ákærði þá og ávísaði af kaupinnstæðu á Skagaströnd kr. 1400.00 upp í ávísanir þessar og lofaði að greiða af kaupi sínu frá Síldarverksmiðju ríkisins kr. 400.00 á viku, þó svo, að fæðisgjald hans yrði áður dregið frá vikukaupinu, og skyldi peningunum haldið eftir af ákveðnum manni, er þá hafði með höndum útborganir á kaupi hans. Nú vildi svo til, að þessi ákveðni maður hætti að hafa á hendi útborganir til ákærða, en láðist að tilkynna dómaranum það í tíma, og kom þá ekki til frekari greiðslna af hendi ákærða, sem enga viðleitni sýndi í því að standa við gerða samninga, en eyddi fé sínu jafnóðum.

Hinn 3. september þ. á. var ákærði aftur tekinn fyrir rétt.

Viðurkenndi hann þá að hafa skrifað sjálfur, framvísað, fengið greidda og hagnýtt sér andvirði enn þá einnar ávísunar að upphæð kr. 600.00, sem var undirskrifuð nafni sama manns sem hinar fyrri ávísanir, og enn fremur að hafa falsað á sama hátt og fengið greidda ávísun að upphæð kr. 500.00, undirritaða nafni Guðbjargar Ágústsdóttur, Guðlaugsstöðum. Var ákærða þá tilkynnt, að mál yrði höfðað gegn honum síðar í mánuðinum og honum bannað að fara úr umdæminu án leyfis dómarans, en leyft að halda áfram vinnu fyrst um sinn á Skagaströnd, þar til hann yrði kvaddur til að mæta fyrir rétti á ný, en þá var enn ókunnugt um víxilfölsunina á Akureyri. Hinn 13. september seldi ákærði Sparisjóði Húnavatnssýslu á Blönduósi 6000 króna víxil, samþykktan af honum, en með fölsuðu

nafni Daníels Þorleifssonar, bónda að Stóra-Búrfelli, sem samþykkjanda, en ábektan af Stefáni Ágústssyni bónda, Ytri-Ey.

Hinn 17. september fær ákærði svo leigubifreið með sig til Akureyrar og var hann þar um kyrrt 2 heila daga og fram á síðari hluta hins þriðja dags, en þá fór hann aftur til Blönduóss, þar eð bifreiðarstjórinn, Ari Jónsson, Blönduósi, vildi ekki bíða eftir honum lengur. — Á fyrsta eða öðrum degi dvalar sinnar á Akureyri seldi ákærði Útibúi Landsbankans þar 10 000 króna víxil, samþykktan af ákærða, en, að því er séð varð, útgefinn af Birni Pálssyni, Ytri-Löngumýri, og ábektur af Pétri Péturssyni, Höllustöðum.

En bankinn átti að vörmu spori tal í síma við ábekinginn, sem neitaði að hafa skrifað nafn sitt á víxilinn, og fékk bankinn þá ákærða til að skila aftur peningunum. Hefur ákærði viðurkennt, að nöfn beggja þeirra manna, er með honum voru á víxlinum, hafi hann sjálfur skrifað, án vitundar þeirra.

Þá hefur ákærði enn fremur viðurkennt að hafa selt Útibúi Búnaðarbankans á Akureyri víxil, að upphæð kr. 15 000.00, síðasta daginn, sem hann var á Akureyri í umræddri ferð hans þangað.

Bjó hann víxil þennan út sjálfur þar á staðnum og falsaði öll nöfnin. Lét hann bróður sinn, Halldór Eyþórsson, Auðkúlu, vera samþykkjanda, enda taldi hann sig vera að taka lánið fyrir hann til dráttarvélakaupa, en sem útgefandi og ábekingur voru skrifuð nöfn þeirra Björns Pálssonar, Ytri-Löngumýri og Guðmundar Pálssonar, Guðlaugsstöðum. Víxill þessi er ódagsettur, en gjalddagi hans er 20. marz 1947. Kemur það vel heim við það, sem ákærði hefur borið, að hann hafi selt víxilinn síðasta daginn, sem hann var á Akureyri í umræddri ferð, en Ari Jónsson bifreiðarstjóri hans hefur borið, að þeir hafi farið frá Akureyri 20. september.

Loks hefur ákærði falsað 2 innfærslur í sparisjóðsbók, sem hann á við Sparisjóð Súgfirðinga, kr. 3000.00 og 2000.00. Innstæða í þessari bók er raunverulega aðeins kr. 6.35. Hefur ákærði haldið því fram, að hann hafi talið bókina einskis virði, og skrifað færslurnar í hana nánast af fikti, án þess að ætla að notfæra sér þær á nokkurn hátt. Enda þótt allmiklar líkur séu til þess, miðað við aðrar athafnir ákærða á þessu sviði, að hann hafi fært upphæðirnar í sparisjóðsbókina og falsað undirskriftirnar undir þær í ákveðnum tilgangi, verður ekki gegn neitun ákærða, og með hliðsjón af því, hvað innstæðan er óveruleg, talið sannanlegt, að svo hafi verið, og kemur þessi verknaður hans eigi beinlínis til álita við ákvörðun refsingar hans.

Ákærði er 25 ára að aldri, einhleypur, heill og hraustur, og vanur flestri algengri vinnu til sjávar og sveita. Hann á eitt óskilgetið barn, en virðist ekki hafa eytt verulegu af aflafé sínu til meðgjafa með því. Af hinum fyrri 15 000 króna víxli, er hann seldi Útibúi Búnaðarbankans á Akureyri greiddi hann fyrir bifreið, sem hann átti í félagi við annan mann, en var þá búinn að selja, kr. 5000.00, og

auk þess greiddi hann a. m. k. kr. 3200.00 fyrir bækur, er hann keypti af manni á Akureyri. Afgangur víxilupphæðarinnar virðist hafa orðið eyðslufé hans. Af andvirði 4 ávísana á Kaupfélag Húnvetninga, sem hann falsaði, gæti hann hafa greitt vegna föður sins kr. 600.00 í afborgun af víxli á Blönduósi, en hitt virðist hafa farið í eyðslu, samtímis uppgripa vinnu, hvar sem borið var niður.

Af andvirði 6000 króna víxils, seldum Sparisjóði Húnavatnssýslu, hefur ákærði gert grein fyrir, hvernig hann hafi eytt ca. 4500 krónum, þ. e. greitt barnsmóður sinni a. m. k. 2300 krónur, greitt fyrir kol og bifreiðarlán á Skagaströnd 1450 krónur, og fyrir hest Jakobs Þorsteinssonar 750 krónur. Hitt virðist hafa farið í eyðslu. — Af andvirði síðari víxilsins, er ákærði seldi Útibúi Búnaðarbankans á Akureyri, hefur ákærði greitt bifreiðarstjóranum ca. 1450 krónur, fyrir reiðhest 1500 krónur, fyrir afsláttarhest 650 krónur. Til föður hans gengu 200 krónur, sem vitað er um, og hefur faðir hans endurgreitt þær. Afgangurinn virðist hafa farið í aðra eyðslu, vín, hótelkostnað, o. s. frv.

Allir þeir aðiljar, er fölsun ákærða hefur valdið tjóni, eða sýnilega mun gera það, hafa gert kröfur í málinu um skaðabætur af hendi ákærða. Þykir mega taka þær til greina sem gjaldkræfar kröfur nú þegar gagnvart honum, þar sem lánin eru veitt út á fölskum forsendum. Til frádráttar koma svo á sínum tíma nokkrar upphæðir, endurheimtar af andvirði víxlanna.

Brot ákærða ber að heimfæra undir XVII. kafla hinna almennu hegningarlaga, 155. gr., og þykir refsing sú, er hann hefur til unnið, hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði, en frá þeim tíma skal draga gæzluvarðhaldsvist ákærða frá og með 14. október þ. á. að telja. Með hliðsjón af 68. gr. hegningarlaganna, 3. mgr., þykir og verða að svipta hann kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða Kaupfélagi Húnvetninga á Blönduósi kr. 3050.00 ásamt 5% ársvöxtum frá og með 20. júlí þ. á. til greiðsludags; enn fremur Sparisjóði Húnavatnssýslu, Blönduósi, eða handhafa þeirrar kröfu, er kann að leysa hana til sín, kr. 6000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá og með 14. marz n. k., en að frádregnum fyrirfram greiddum forvöxtum í hlutfalli við tíma, ef áður verður greitt; og loks endurgreiði hann Útibúi Búnaðarbankans á Akureyri kr. 15 000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá og með 1. janúar n. k. og kr. 15 000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá og með 20. marz n. k., að frádregnum fyrirfram greiddum forvöxtum af báðum þessum víxilupphæðum í hlutfalli við tíma, ef greitt er fyrir nefnda daga.

Ákærða ber að greiða allan áfallinn og áfallandi kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jóhann Eyþórsson verkamaður, Ytri-Löngumýri í Svínavatnshreppi ,sæti 18 mánaða fangelsi, en frá þeim tíma skal draga gæzluvarðhaldsvist hans frá og með 14. október þ. á. að telja.

Jafnframt er ákærði frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Kaupfélagi Húnvetninga á Blönduósi kr. 3050.00 ásamt 5% ársvöxtum frá og með 20. júlí þ. á. til greiðsludags.

Enn fremur Sparisjóði Húnavatnssýslu, Blönduósi, eða handhafa þeirrar kröfu, er kann að leysa hana til sín, kr. 6000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá og með 14. marz n. k., en að frádregnum fyrirfram greiddum forvöxtum í hlutfalli við tíma, ef áður er greitt. Og loks greiði hann Útibúi Búnaðarbanka Íslands, Akureyri, kr. 15 000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá og með 1. janúar n. k. og kr. 15 000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá og með 20. marz n. k., að frádregnum fyrirfram greiddum forvöxtum í hlutfalli við tíma, ef greitt er fyrir nefnda daga. Greiðslurnar skal inna af höndum innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði ákærði og allan áfallinn og áfallandi kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 20. maí 1948.

Nr. 135/1947. **Ólafur Jóhannesson**
(Hrl. Guttormur Erlendsson)
gegn
Jóhannesi Jóhannssyni
(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari Valdimar Stefánsson sakadómari í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Húsaleigumál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 12. desember f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt skylt að rýma nú

þegar húsnæði það, er hann hefur á leigu í húsi áfrýjanda nr. 2 við Grundarstíg í Reykjavík. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar að skaðlausu bæði í héraði og fyrir hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Fyrir hæstarétti hefur áfrýjandi stutt kröfur sínar sömu rökum og í héraði, að fráteknum þeim málsástæðum, að hann hafi boðið stefnda skipti á húsnæði og að hann hafi sjálfur brýna þörf fyrir húsnæði það, sem deilt er um. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Áfrýjunarleyfi í máli þessu var veitt eftir að liðinn var frestur sá, er greinir í 1. málslið 2. mgr. 197. gr. laga nr. 85/1936. En fram er komið í málinu, að umboðsmaður áfrýjanda fyrir hæstarétti á ekki sök á því, að leyfisins var eigi fyrr aflað.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. október 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., hefur Ólafur Jóhannesson kaupmaður, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 20. okt. 1945 gegn Jóhannesi Jóhannssyni kaupmanni, Ásvallagötu 3 hér í bænum. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefnda verði gert að rýma nú þegar húsnæði það, sem hann hefur á leigu í húsinu nr. 2 við Grundarstíg, hér í bæ, og *að* hann verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Með húsaleigusamningi, dags. 1. júlí 1938, tók stefndi í máli þessu á leigu tvær sölubúðir í húsinu nr. 2 við Grundarstíg, hér í bæ, af þáverandi eigendum þess. Skyldi leiga vera kr. 210.00 á mánuði. Hefur stefndi síðan rekið verzlanir í húsnæði þessu, bæði nýlenduvöruverzlun og kjötverzlun. Í janúarmánuði 1944 varð stefnandi eigandi húss þessa. Með bréfi, dags. 22. marz 1945, sneri stefnandi sér til húsaleigunefndar Reykjavíkur og krafðist þess, að stefnda yrði gert

að rýma þegar húsnæði þetta og færði fram þær ástæður, að sér væri verulega óþægilegt að hafa stefnda í húnæðinu og að hann (stefnandi) hefði þörf fyrir húsnæðið. Málið var síðan sótt og varið fyrir húsaleigunefnd, og með úrskurði uppkveðnum 9. júlí 1945 ákvað nefndin, að stefnda væri óskylt að rýma húsnæðið. Höfðaði stefnandi síðan mál þetta og gerði í því framangreindar kröfur.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi í *fyrsta lagi* á því, að stefndi hafi hagað sér þannig í húsnæðinu og notað það þannig, að sér sé verulega óþægilegt að hafa stefnda þar, og hljóti slíkt að heimila sér riftun leigumálans.

1. Stefnandi skýrir svo frá, að í öðru geymsluherbergi því, sem stefndi hefur á leigu á Grundarstíg 2, sé miðstöðvarofn. Hafi stefndi lýst því yfir, að hann notaði ekki ofn þenna og hafi honum því ekki verið reiknað gjald fyrir hita af ofni þessum. Þann 16. janúar 1945 kveðst stefnandi hafa veitt því athygli, að héla bráðnaði af gluggum nefndrar geymslu, þótt frost væri úti. Slíkt hið sama hafi gerzt næstu daga. Sunnudaginn 21. s. m. hafi héla enn þiðnað af gluggum geymslunnar, og kvaðst stefnandi þá hafa talið ljóst, að stefndi hafi opnað fyrir nefndan ofn og heitt vatn frá miðstöðvarkerfinu rynni um hann. Hafi því verið kallaðir á vettvang tveir lögregluþjónar og hafi annar þeirra talað við stefnda í síma. Stefndi hafi viðurkennt fyrir honum, að ofninn hafi verið í sambandi í tvo daga og lofað að loka ofninum þá þann sama dag. Þann 25. s. m. kærðu stefnandi og aðrir leigutakar að Grundarstíg 2 þetta framferði stefnda til sakadómara. Enn hefur stefnandi talið, að þann 25. febrúar 1945 hafi héla þiðnað af gluggarúðum í nefndri geymslu og hljóti slíkt að stafa af þeim sökum, að fyrrgreindur ofn hafi verið heitur. Þann 8. marz s. á. tók rannsóknarlögreglan skýrslu af stefnda vegna framangreindrar kæru. Viðurkenndi stefndi þar, að nefndur ofn hafi verið tengdur við miðstöðvarkerfi hússins frá 19. til 23. janúar 1945 að kvöldi eða alls 5 daga. Hefur stefnandi í þessu sambandi bent á, að bæði þann 21. og 23. febr. 1945 hafi hann ætlað að skoða og mæla stærð ofns þess, sem í geymslunni er, en starfsstúlka stefnda hafi að fyrirlagi stefnda bannað honum að fara inn í geymsluna. Er mál þetta var rekið fyrir húsaleigunefnd, bauðst stefndi til að greiða hitagjald fyrir margnefndan ofn að mati óvilhallra manna. Þann 12. apríl s. l. fékk stefnandi dómkvadda þrjá menn til þess, meðal annars, að meta hitakostnað nefnds ofns í geymslu stefnda fyrir tímabilið 1. júlí 1938 til 31. des. 1944. Í matsgerðinni, sem dagsett er 16. maí s. l., telja matsmennirnir, að hitakostnaðurinn fyrir ofn þennan yfir greint tímabil sé hæfilega metinn á kr. 300.00. Stefnandi telur, að stefndi muni hafa haft hitanot af nefndum ofni allan þann tíma, sem hann hefur haft húsnæðið á leigu. Það hafi honum hins vegar verið óheimilt, og hafi hann með þessu framferði sínu bakað sér og öðrum íbúum hússins fjártjón. Hefur stefnandi í þessu sambandi bent á, að stefndi hafi ekki enn greitt fyrir þessi hitanot.

Stefndi, sem hefur viðurkennt, að nefndur ofn í geymslu hafi ekki átt að vera í notkun og að hann hafi ekki greitt hitakostnað vegna hans, hefur skýrt svo frá þessum málsatvikum, að í janúarmánuði 1945 hafi verið óvenjulegar frosthörkur. Hafi þá orðið svo kalt í hinu umdeilda verzlunarhúsnæði, að þar hafi verið illstarfandi fyrir kulda, en heitu vatni ekki hleypt á hitakerfi hússins fyrr en um kl. 10 á morgnana. Kveðst stefndi því hann 19. janúar 1945 hafa opnað fyrir nefndan ofn, án þess að tala um það við stefnanda, og hafi ofninn verið í sambandi þar til að kvöldi þess 23. s. m. Hefur stefndi ákveðið haldið því fram, að hann hafi ekki notað nefndan ofn í önnur skipti. Hann sé fús á að greiða gjald fyrir þessa hitanotkun, en sér hafi ekki enn verið tjáð, hve mikið honum beri að greiða. Þá kveðst stefndi hafa borið fram þá ósk, að stefnandi tæki ofn þennan í burt, en hann hefur ekki orðið við þeim tilmælum.

Stefndi telur, að þótt svo yrði litið á, að nefnd hitanot hafi verið sér óheimil, þá séu þau það lítilvæg, að ekki geti varðað riftun leigumálans.

Svo sem að framan getur, er viðurkennt af stefnda, að hann hafi í heimildarleysi notað nefndan miðstöðvarofn í geymslu til hitunar í 5 daga. Hins vegar verður ekki talið sannað, gegn eindregnum mótmælum hans, að notin hafi náð yfir lengri tíma.

2. Stefnandi skýrir svo frá, að sumarið 1944 hafi stefndi látið þvo nefndar sölubúðir. Loft og efri hluti veggja hafi verið þvegnir af fagmönnum, sem stefndi fékk til starfans, en hann sjálfur og verzlunarmenn hans hafi þvegið neðri hluta veggja, borð og skápa. Hafi engar skemmdir orðið á lofti og efri hluta veggja við þvott þenna, en hins vegar hafi sá hluti, er stefndi og menn hans þvoðu, stórskemmst, þannig að málning hafi þvegizt af. Hafi þetta stafað af því, að stefndi hafi notað of sterkan lút við þvottinn.

Stefndi hefur mótmælt því, að skemmdir hafi orðið á málningu búðanna við þvottinn, er fram fór árið 1944. Hefur hann talið eðlilegt, að málning á búðunum sé mjög máð og slitin, þar sem þær hafi ekki verið málaðar síðan á árinu 1938. Þann 12. febrúar s. l. fékk stefndi dómkvadda tvo menn til að skoða nefnt húsnæði og láta í ljósi álit sitt um, hvernig umgengni þess hafi verið. Í matsgerð sinni, dags. 25. s. m., telja skoðunarmennirnir, að slit á málningu sé mjög eðlilegt eftir svo langa notkun og telja, að umgengni og hirðing á hinu leigða húsnæði sé í betra meðallagi.

Með vísan til þessa álits hinna dómkvöddu skoðunarmanna, sem á engan hátt hefur verið hnekkt, þykir stefnda ekki verða gefin sök á, hve málning er slitin og máð í hinu leigða húsnæði.

3. Þá hefur stefnandi skýrt svo frá, að stefndi hafi oft fleygt matarúrgangi og rusli utan við sorptunnur hússins, sem sé að húsabaki. Hafi af þessu stafað hinn mesti sóðaskapur og safnazt þarna að mýs og rottur. Þann 19. marz 1945 fékk stefnandi löggæzlumann,

er starfar að heilbrigðismálum hér í bænum, til að líta á þetta. Löggæzlumaðurinn segir í vottorði sinu, sem dagsett er 22. s. m., að sorptunnur hafi ekki verið fullar, en þó hafi verið fleygt hjá tunnunum bréfarusli og skemmdri matvöru og hafi verið af þessu hinn mesti sóðaskapur. Kveðst löggæzlumaðurinn hafa átt tal við stefnda um þetta, sem hafi viðurkennt, að starfsmaður sinn hafi fleygt ruslinu þangað, í stað þess að láta það í tunnurnar. Kvað stefndi sér hafa verið ókunnugt um þetta, en lofaði að láta hreinsa þetta strax og að slíkt skyldi ekki henda framvegis. Enn fremur hefur stefnandi lagt fram vottorð nokkurra manna, er telja umgengni stefnda við nefndar sorptunnur hafa verið slæma.

Þá hefur stefnandi skýrt svo frá, að veturinn 1945, líklega í maímánuði, hafi hann séð, að kviknað hafi í rusli í nefndum sorptunnum að húsabaki. Kveðst stefnandi strax hafa brugðið við og slökkt eldinn, en þarna hafi verið mikil brunahætta, þar sem timbur og fleiri eldfimar vörur hafi verið þarna rétt hjá. Síðan kveðst stefnandi hafa farið að grennslast um orsök þessa bruna og hafi þá komið í ljós, að sendisveinn stefnda, sem hafi orðið eldsins var, hafi gert stefnda aðvart, en stefndi hafi ekkert skipt sér af þessu.

Telur stefnandi, að framangreind framkoma og umgengni stefnda í húsnæðinu geri sér ófært að þola hann þar lengur og hljóti að heimila sér riftun leigumálans.

Stefndi hefur algerlega mótmælt því, að hann eða starfsfólk hans hafi gengið sóðalega um baklóð hússins við margnefndar sorptunnur. Hefur stefndi í því sambandi bent á, að allan þann tíma, sem hann hafi verzlað í húsinu, hafi ekki verið fundið að slíku við sig, nema í það eina sinn, er nefndur löggæzlumaður kom á vettvang, en þegar hafi verið bætt úr misferli því, er þá hafi orðið í þessum efnum.

Að því er varðar eld þann í sorptunnu, sem að framan getur, hefur stefndi mótmælt, að sér hafi verið um hann kunnugt og að eldur þessi hafi verið sér að kenna eða starfsfólki sínu. Starfstúlka stefnda hefur borið fyrir dómi, að hún hafi í eitt sinn veturinn 1945 séð reyk leggja upp úr einni sorptunnunni, er hlemmur hafi verið yfir, en ekki athugað þetta nánar. Hafi sendisveinn í verzluninni fyrst sagt sér frá þessu og sig minni, að stefnda hafi einnig verið skýrt frá þessu.

Af því, sem að framan er rakið, verður, gegn eindregnum mótmælum stefnda, ekki talið sannað, að veruleg brögð hafi verið að því, að illa hafi verið gengið frá sorpi, er borið var úr búð hans, enda því ekki haldið fram, að um slíkt hafi verið kvartað við stefnda nema í eitt sinn, svo sem áður getur. Ósannað er einnig, að stefndi eða starfsfólk hans hafi átt sök á eldi þeim í sorptunnunni, er að framan getur, og ekki er sannað, gegn mótmælum stefnda, að honum hafi verið kunnugt um bruna þenna.

Þegar virt eru atriði þau, er að framan greinir 1) og 3), þá er

ljóst, að framkoma stefnda í hinu leigða húsnæði hefur ekki verið vítalaus, sérstaklega að því er varðar hitanotkun hans í geymslu. Hins vegar þykir framkoma stefnda ekki hafa verið slík, að verulega óþægilegt sé fyrir stefnanda að hafa hann í húsnæðinu, sbr. ákvæði 2. gr. húsaleigulaganna. Verða því kröfur stefnanda um riftun leigumálans ekki á þessu byggðar.

Í *öðru lagi* byggir stefnandi dómkröfur sínar á því, að stefndi hafi rofið húsaleigusamning sinn, að því er viðhaldsskyldu varðar svo mjög, að það hljóti að heimila sér riftun leigumálans. Skýrir stefnandi svo frá, að svo hafi umsamizt með leiguaðiljum og stefnda, þegar hann tók umrætt verzlunarhúsnæði á leigu, að stefndi skyldi endurbæta jafnóðum á sinn kostnað það, er brotna kynni af gleri og speglum í búðarborði. Þetta hafi stefndi algerlega vanrækt. Þannig sé nú í annarri búðinni brotin borðplata úr gleri og 4 speglar í afgreiðsluborði, svo og tvær marmaraplötur á borðum í hinni búðinni. Hefur stefnandi haldið því fram, að stefndi hafi að undanförnu neitað skyldu sinni til að bæta þetta. Þann 26. apríl 1944 mat húsaleigunefndin í Reykjavík hæfilega grunnleigu eftir hið umdeilda húsnæði kr. 265.00 á mánuði. Telur stefnandi, að leigan hafi verið metin lægra en ella vegna hins slæma ástands húsnæðisins, er stefndi eigi sök á. Þann 30. marz s. l. ritaði stefnandi stefnda bréf og meðal annars skoraði þar á hann að bæta úr nefndum spjöllum fyrir 5. apríl s. á. Stefndi virðist ekkert hafa sinnt þessu. Telur stefnandi, að framangreint samningsrof stefnda sé það verulegt, að það hljóti að varða riftingu leigumálans.

Stefndi hefur viðurkennt, að honum beri að bæta úr skemmdum þeim, er orðið hafa á gleri og speglum í afgreiðsluborði, en hefur hins vegar haldið því fram, að sér bæri engin skylda til að gera það jafnóðum og skemmdir verða, heldur sé nægilegt, að viðgerð fari fram áður en hann rými húsnæðið. Hefur stefndi í því sambandi bent á, að spegla þá, er hér um ræðir og voru innan á hurðum í afgreiðsluborði, sé tilgangslaust að gera við, nema um leið sé gert við lokur á hurðum þess, þar sem þeir hafi brotnað, vegna þess hve lélegar lokur þessar voru, en sér beri ekki skylda til að gera við lokurnar. Þá hefur stefndi ekki viljað viðurkenna skyldu sína til að endurnýja á sinn kostnað marmaraplötur á afgreiðsluborði, en jafnframt bent á, að slíkar plötur hafi verið ófáanlegar hér um margra ára skeið og séu það enn.

Hinir upphaflegu leigusalar húsnæðisins hafa komið fyrir dóm. Hafa þeir talið, að ekki hafi beint verið um það samið, að stefndi léti jafnóðum gera við það, er skemmdist, en hins vegar hafi þeir gert ráð fyrir því. Virðingarmenn í húsaleigunefnd Reykjavíkur hafa skýrt svo frá fyrir dómi, að við húsaleigumatið þann 26. apríl 1944 hafi þeir tekið tillit til almenns ástands húsnæðisins, en ekki hafi verið tekið sérstakt tillit til þess, að plata á afgreiðsluborði og speglar voru brotnir. Þann 16. maí s. l. voru nefndar skemmdir skoð-

aðar og metnar af dómkvöddum matsmönnum. Töldu matsmennirnir að kosta mundi kr. 398.75 að setja nýja glerplötu á afgreiðsluborð, svo og að setja að nýju 4 spegla í borðið. Að því er varðar marmaraplöturnar, töldu matsmennirnir, að þeir gætu ekki sagt um, hve mikið mundi kosta að fá nýjar plötur, þar sem þær fengjust eigi nú og hafi eigi fengizt um langan tíma.

Það verður að vísu að telja, að stefnda hafi borið að láta bæta skemmdir þær, sem orðið hafa á greindum hlutum, jafnóðum og þær urðu, en með vísun til þess, hve hér er um smávægilegt atriði að ræða, sem ekki virðist hafa áhrif á leigufjárhæð, þykir þetta atriði ekki það verulegt, að varðað geti riftun leigumálans. Verða því kröfur stefnanda ekki á þessu reistar.

Í *þriðja lagi* byggir stefnandi kröfur sínar á því, að hann hafi boðið stefnda í skiptum húsnæði, er komi honum að sömu notum og húsnæði það, er hann nú hefur. Telur stefnandi, að samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 1. gr. húsaleigulaganna nr. 39 frá 1943 hafi stefnda borið að taka þessu boði, enda hafi hann undir rekstri málsins fyrir húsaleigunefnd viðurkennt skyldu sína til þess. Þar sem stefndi hafi eigi viljað fallast á skipti þessi, hljóti hann að hafa glatað rétti sínum til að halda húsnæðinu á Grundarstíg 2.

Stefndi hefur algerlega mótmælt því, að stefnandi hafi boðið honum sambærilegt húsnæði í skiptum. Þá hefur stefndi mótmælt því, að sér hafi verið skylt að hlíta slíkum skiptum eða fallast á það.

Gegn mótmælum stefnda er ósannað, að hann hafi skuldbundið sig til að hlíta skiptum sem þessum. Af orðalagi ákvæða 2. mgr. 1. gr. húsaleigulaganna er ljóst, að þau eiga einungis við um skipti á íbúðarhúsnæði og koma því ekki hér til álita. Í húsaleigulögunum eru engin ákvæði, er skyldi menn til að hlíta skiptum á húsnæði, sem notað er til atvinnurekstrar. Þegar af þeirri ástæðu er ekki unnt að taka þessa kröfu stefnanda til greina.

Í *fjórða lagi* byggir stefnandi kröfur sínar á því, að hann hafi brýna þörf fyrir húsnæði það, er stefndi nú hefur á leigu að Grundarstíg 2.

Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. húsaleigulaganna getur leigusali því aðeins sagt upp, svo gilt sé, leigumála um húsnæði, sem notað er til annars en íbúðar, að hann hafi af óviðráðanlegum ástæðum misst húsnæði, er hann notaði til eigin atvinnurekstrar, og sé brýn þörf á að fá hið leigða húsnæði fyrir þann atvinnurekstur, enda hafi hann eignazt húsnæðið fyrir 9. sept. 1941.

Þar sem ekki verður séð, að stefndi hafi misst neitt húsnæði, er hann hefur haft til atvinnurekstrar, verður ekki séð, að hann hafi brýna þörf fyrir hið umdeilda húsnæði. Verða kröfur stefnanda því ekki á þessu reistar, enda eignaðist hann húsið ekki fyrr en á árinu 1944.

Hér að framan hafa verið rakin þau atriði, sem stefnda verða

talin til áfellis og sem þykja ekki út af fyrir sig heimila stefnanda riftun leigumálans. Öll þessi atriði til samans þykja heldur ekki vera þess eðlis, að stefnanda verði talið heimilt að rifta leigumálanum af þeim sökum.

Málalok verða því þau, að stefndi verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi Jóhannes Jóhannsson skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda Ólafs Jóhannessonar í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 21. maí 1948.

Nr. 60/1947. **Ís & Fiskur h/f** (Hrl. Egill Sigurgeirsson)
gegn
Bæjarstjórn Akranesskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs (Hrl. Kristján Guðlaugsson).

Setudómari Valdimar Stefánsson sakadómari í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Þórhallur Sæmundsson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 12. júní 1947, krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað verði um framkvæmd lögtaksins. Svo krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna úrskurðar fógeta þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að

greiða stefnda málskostnað í hæstarétti, sem ákveðst kr. 1200.00.

Það athugast, að fógeti hefur ekki rakið fyllilega kröfur aðilja og ekki dæmt kröfur þeirra um málskostnað.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ís & Fiskur h/f, greiði stefnda, bæjarstjórn Akranesskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, kr. 1200.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Akranesskaupstaðar 6. maí 1947.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 28. apríl s. l., hefur gerðarbeiðandi, bæjarsjóður Akraness, krafizt lögtaks í eignum gerðarþola, hlutafélagsins „Ís & Fiskur" á Akranesi, til tryggingar greiðslu á útsvari til Akranesskaupstaðar, álögðu á nefnt hlutafélag á árinu 1946, að upphæð krónur 24 500.00, fasteignaskatti til bæjarsjóðs árið 1946, að upphæð krónur 1100.00 og veltuskatti til bæjarsjóðs Akraness árið 1946, að upphæð kr. 1059.00, auk áfallinna og áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar við lögtakið og eftirfarandi nauðungaruppboð, ef til kemur.

Eftir að lögtaksbeiðnin var send, hefur gerðarþoli Ís & Fiskur h/f greitt kr. 12 499.00 upp í áður til greind bæjargjöld, sem alls eru kr. 26 659.00, og er því ógreitt af lögtakskröfum þessum nú kr. 14 160.00, og ber málsaðiljum saman um, að sú upphæð sé eftirstöðvar útsvars gerðarþola árið 1946 til bæjarsjóðs Akraness. Af þeirri upphæð er kr. 11 930.00, að viðbættum 10%, eða alls kr. 13 123.00 veltuútsvar, og kr. 240.00, að viðbættum 10%, eða alls kr. 264.00 eignaútsvar, en báða þessa liði útsvars gerðarþola árið 1946, sem eins og áður greinir var alls kr. 24 500.00, neitar gerðarþoli að greiða. Veltuútsvarið, vegna þess:

1. Að það sé ranglega á lagt.
2. Að álagning veltuútsvars sé yfir höfuð ólögleg.
3. Að veltuútsvarið sé ekki lagt á löglegan gjaldstofn.
4. Að óheimilt sé að leggja hærra veltuútsvar en tekjuútsvar á gerðarþola.
5. Að álagning veltuútsvars á togararekstur sé óheimil og fjarstæð.

6. Að veltuútsvar sé hvergi lagt á hraðfrystihús, þar sem til þekkist, og sérstaklega ekki á taprekstur hraðfrystihúsa.
7. Að í lögum og reglugerðum sé hvergi talað um veltuútsvar og að því skorti lagaheimild til álagningar þess.
8. Að álagning veltuútsvars, þegar taprekstur er, stríði gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar eða sé brot á stjórnarskránni.

Af hálfu gerðarbeiðanda hefur framangreindum mótbárum gerðarþola gegn réttmæti útsvarsálagningar þeirrar, sem hér um ræðir, verið mótmælt allrækilega. Upplýst er af hálfu gerðarbeiðanda, að rekstrarreikningur gerðarþola fyrir árið 1945 sýni kr. 68 883.91 í tekjuafgang, en ársvelta félagsins 1945 hafi numið kr. 2 386 412.31, og hefur þessum atriðum ekki verið mótmælt sérstaklega af hálfu gerðarþola, sem ekki hefur lagt fram í máli þessu rekstrarreikning gerðarþola fyrir árið 1945, þrátt fyrir áskorun gerðarbeiðanda í þá átt.

Af hálfu gerðarbeiðanda hefur verið upplýst í málinu, að veltuútsvar gerðarþola árið 1946 sé ½% af ársveltu félagsins árið 1945, auk 10% hækkunar, og er því ekki mótmælt af gerðarþola sérstaklega. Þá er því haldið fram af hálfu gerðarbeiðanda, að veltuútsvar þetta sé á lagt „samkvæmt almennum reglum". Skulu þessi rök nú athuguð nánar.

1. Það er ljóst í máli þessu af því, sem áður segir, að svo nefnt veltuútsvar gerðarþola árið 1946 er ekki lagt á taprekstur, þegar þess er gætt, að rekstursreikningur gerðarþola fyrir árið 1945 sýnir tekjuafgang að upphæð kr. 68 883.91.
2. Í stjórnarskrá Íslands 35. gr. segir: „Engan skatt má á leggja né breyta né af taka, nema með lögum." Í lögum um útsvör nr. 66 frá 12. apríl 1945, 4. gr. segir: „Útsvör skal leggja á eftir efnum og ástæðum. Skal þó til greina taka:
   1. Eignir aðilja, (o. s. frv.). .....
   2. Tekjur aðilja, (o. s. frv.) .....
   3. Ástæður aðilja að öðru leyti, svo sem fjölskyldu hans, heilsufar hans og þeirra sem á vegum hans eru, höpp eða óhöpp sem hann hefur orðið fyrir, svo sem slys, dauðsföll, fjárskaða af sjó, veðri eða vötnum, sérstakan uppeldiskostnað eða menningarkostnað barna hans, er nauðsynlegan má telja eða venjulegan og með sanngirni má til greina taka til hækkunar útsvari hans eða lækkunar."

Af hálfu gerðarþola er því ekki haldið fram í málinu, að lagt hafi verið útsvar á gerðarþola árið 1946 eftir öðrum reglum en aðra hliðstæða útsvarsgjaldendur á Akranesi, og verður því að ganga út frá því sem gefnu, að veltuútsvar hans árið 1946 sé lagt á gerðarþola eftir sömu reglum eða sama útsvarsstiga og gert var þá við önnur sams konar fyrirtæki í kaupstaðnum. Á gerðarþola er lagt þannig:

1. Útsvar miðað við nettótekjur hans ár 1945, svo kallað tekjuútsvar.

2. Útsvar miðað við skuldlausar eignir hans árið 1945, svo nefnt eignaútsvar og
3. útsvar miðað við heildarrekstur hans árið 1945, svo nefnt veltuútsvar.

Enginn vafi getur á því leikið, að álagning á nettótekjur og nettóeign gerðarþola sé í alla staði lögmæt, og verður hér ekki nánar farið út í það, hvort útsvar á nettótekjur eða nettóeign sé of hátt á lagt eða ei, því það heyrir ekki undir úrskurð þessa dóms.

Er þá eftir að athuga hið svo nefnda veltuútsvar eða útsvar, sem miðað er við heildartekjur gerðarþola árið 1945. Í lok 4. gr. laga nr. 66/1945 er tekið fram, að til greina skuli taka við álagningu útsvars eftir efnum og ástæðum: „Sérhvað annað, er telja má máli skipta um gjaldþol hans og með sanngirni má taka til greina til hækkunar útsvari hans eða lækkunar.“ Þetta orðalag er svo víðtækt, að það þykir nægileg lagaheimild til þess að hækka útsvar fyrirtækja eins og gerðarþola, sem með lögum eru tryggð nokkur skattahlunnindi, með því móti að leggja lágt hundraðsgjald á heildartekjur þess. Þykir því eigi verða komizt hjá því að taka kröfur gerðarbeiðandans í þessu máli til greina að öllu leyti og ber að gera lögtak hjá gerðarþola fyrir eftirstöðvum áðurgreinds útsvars, kr. 14 160.00, auk áfallinna og áfallandi dráttarvaxta af þeirri upphæð frá 1. sept. 1946 til greiðsludags, svo og dráttarvexti lögum samkvæmt af kr. 12 499.00 frá 1. sept. 1946 til 28. febr. 1947, auk réttargjalda og annars kostnaðar við gerð þessa.

Því úrskurðast:
Hið umbeðna lögtak skal fram fara.

Þriðjudaginn 25. maí 1948.

Nr. 127/1946. **Guðmundur G. Norðdahl**
(Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Vilhjálmi Jónssyni (Hrl. Magnús Thorlacius).

Skuld vegna byggingarvinnu.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 14. sept. 1946. Krefst hann þess *aðallega* að verða sýknaður af öllum kröfum stefnda og dæmdur málskostnaður út hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati hæsta-

réttar. *Til vara* krefst hann þess að verða einungis dæmdur til greiðslu kr. 903.50 og til *þrautavara* kr. 1651.00.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Sönnur þykir bresta fyrir því, að áfrýjandi eigi að greiða hluta sinn af reikningi frá H. Benediktsson & Co., dagsettum 30. apríl 1943, að fjárhæð kr. 327.00. Ber því að lækka hina dæmdu fjárhæð um kr. 130.80. Að öðru leyti þykir verða að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en rétt þykir þó, að málskostnaður falli niður fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Áfrýjandi Guðmundur G. Norðdahl greiði stefnda Vilhjálmi Jónssyni kr. 2029.14 með 6% ársvöxtum frá 3. jan. 1945 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. júní 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., hefur Vilhjálmur verzlunarmaður Jónsson, Kirkjuteigi 13 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu, eftir árangurslausa sáttaumleitan, með stefnu útgefinni 19. janúar 1945 gegn Guðmundi verkamanni Norðdahl, sama stað, til greiðslu skuldar að eftirstöðvum kr. 2320.46, auk 6% ársvaxta frá 26. ágúst 1943 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins var stefnukrafan lækkuð um kr. 1.72.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara sýknu og málskostnaðar gegn greiðslu á kr. 230.32.

Málavextir eru þessir:

Með afsali, dagsettu 13. júlí 1943, seldi stefnandi stefnda tvo fimmtu hluta húseignarinnar nr. 13 við Kirkjuteig, hér í bænum. Meðal annarra ákvæða afsals þessa var það, að hinum selda eignarhluta fylgdu leifar byggingarefnis að réttri tiltölu við aðra eigendur hússins, svo og, að húsið væri ómúrhúðað utan og væri hlutinn seldur í „núverandi ástandi". Nokkru áður höfðu þáverandi eigendur hússins samið við múrara um múrhúðun hússins, og virðist vinna við hana hafa hafizt framangreindan dag eða daginn áður.

Telur stefnandi kostnað af verkinu hafa numið kr. 12 609.36, og komi því í hlut stefnda (⅖) kr. 5043.74. Upp í skuld þessa hafi stefndi greitt kr. 3000.00, en frá þeirri greiðslu beri að draga innheimtulaun, þannig að skuldin lækki um kr. 2725.00. Eftirstöðvarnar hefur stefndi reynzt ófáanlegur til að greiða, og hefur stefnandi því höfðað mál þetta, en honum hefur verið framseld öll krafan.

Stefndi byggir aðalkröfu sína á því annars vegar, að samþykki hans hafi ekki verið fengið til þess að hefja verk þetta, enda hafi hann lagt bann við framhaldi þess, er hann varð var við framkvæmdir þessar. Gegn mótmælum stefnanda verður ekki talið sannað, að stefndi hafi haft uppi andmæli eða fyrirvara um greiðslu af sinni hálfu, þegar hann varð þess visari, að múrhúðun var hafin, og verður þegar af þeirri ástæðu eigi unnt að taka aðalkröfu hans til greina á þessum grundvelli, enda leiðir það ekki af sýknu samkvæmt almennum reglum um sameign, eins og á stóð, að samþykkis stefnda var ekki leitað til framkvæmda þessara.

Í annan stað byggir stefndi aðalkröfu sína á því, að verkið hafi verið unnið á þeim tíma, er kaup múrara var sem hæst. Telur hann því rétt að miða við lækkun þá, er fólst í tilkynningu verðlagsstjóra, dags. 28. júlí 1943, en þar er ákveðin lækkun um 30% á grunntaxta múrara fyrir vinnu utan húss, og skyldi sú lækkun koma til framkvæmda 3. ágúst 1943. Yrðu vinnulaunin samkvæmt þessu kr. 5961.80 og kæmu því í hlut stefnda að greiða kr. 2384.72. Aðra kostnaðarliði, sem samtals nema kr. 2630.24, hefur stefndi véfengt á þeim grundvelli, að með afsalinu hafi hann orðið eigandi þeirra verðmæta, sem þar er krafizt greiðslu fyrir, þó að undanteknum kr. 450.50 eða í hans hlut kr. 180.20. Þótt umsjónarlaun múrarameistarans séu meðtalin, nemi kostnaður samtals því eigi meiru en kr. 2832.92, en þegar hafi hann greitt kr. 3000.00, enda véfengir stefndi heimild stefnanda til frádráttar innheimtulauna.

Það er eigi véfengt í málinu, að allt verkið var unnið áður en framangreind lækkun vinnulauna kom í gildi. Ekki er sannað, sbr. framanritað, að stefndi hafi hreyft athugasemdum við því að verkið væri framkvæmt á þeim tíma, sem raun var á, og þykir krafa hans um frádrátt vegna framangreindrar lækkunar ekki hafa við rök að styðjast. Þá er eigi heldur véfengt í málinu, að vinnulaun séu rétt reiknuð samkvæmt taxta þeim, er í gildi var, þegar verkið var unnið, og þar eð hluti stefnda af þeim nemur hærri fjárhæð en hann hefur þegar greitt, verður eigi unnt að taka til greina aðalkröfu hans.

Varakröfu sína byggir stefndi á því, að taxti múrara var lækkaður í september 1943, og samkvæmt uppmælingu, miðaðri við lægri taxtann, nema vinnulaunin alls kr. 6955.29 og þar af komi í hlut stefnda kr. 2782.12. Auk framangreindra fjárhæða fyrir efni og umsjón nemi skuld stefnda því kr. 3230.32, eða að frádregnum fyrrnefndum kr. 3000.00 aðeins kr. 230.32.

Með skírskotun til framanritaðs verður að telja, að stefnda beri að greiða ⅔ hluta þeirra vinnulauna, sem raunverulega voru goldin, eða kr. 3991.65. Að því er varðar aðra kostnaðarliði, eru þeir ýmist viðurkenndir af stefnda samkvæmt framansögðu, reikningar um þá dagsettir sama dag sem afsalið eða síðar, eða bersýnilega til þeirra stofnað í sambandi við múrhúðun hússins. Tveir hinna framlögðu reikninga eru dagsettir 10. júlí 1943, annar fyrir akstur að fjárhæð kr. 25.00, en hinn fyrir steinlím að fjárhæð kr. 372.00 og er auk þess vafasamt, að það efni hafi verið notað við verk það, sem hér ræðir um. Þessar fjárhæðir ber því að draga frá fyrrgreindum kr. 2630.34, og kemur því í hlut stefnda að greiða kr. 893.29 af þeirri fjárhæð. Samtals nam hluti stefnda því kr. 4884.94. Stefndi hefur, eins og áður segir, greitt kr. 3000.00, en heimilt verður að telja stefnanda að draga frá þeirri fjárhæð innheimtulaun til málflutningsmanns síns, þar eð ljóst er af skjölum málsins, að stefnandi hafði réttmæta ástæðu til að afhenda kröfu þessa til innheimtu eftir greiðsluneitun stefnda. Koma því aðeins kr. 2725.00 til frádráttar.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 2159.94 með 6% ársvöxtum, er teljast frá sáttakærudegi, 3. janúar 1945, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna, en uppsaga hans hefur dregizt um venju fram vegna mikilla embættisanna áður en þingleyfi hefjast.

Dómsorð:

Stefndi Guðmundur G. Norðdahl greiði stefnanda Vilhjálmi Jónssyni kr. 2159.94 með 6% ársvöxtum frá 3. janúar 1945 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. maí 1948.

Kærumálið nr. 4/1948. **H/f Ræsir**
gegn
Þórði Runólfssyni.

Máli frestað sjálfkrafa í hæstarétti.

Úrskurður hæstaréttar.

Með kæru 28. apríl þ. á., er hingað barst með bréfi borgardómara 12. þ. m., hefur sóknaraðili kært málskostnaðar-

ákvæði dóms bæjarþings Reykjavíkur 26. f. m. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja.

Varnaraðili hefur skotið framangreindu máli til hæstaréttar með stefnu 19. þ. m. til þingfestingar í septembermánuði n. k. Þykir því rétt samkvæmt analogíu 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta kærumálinu ex officio, unz séð er, hvort áðurnefnt áfrýjunarmál verður lagt í dóm.

Ályktarorð:

Máli þessu er frestað ex officio samkvæmt framangreindu.

Miðvikudaginn 26. maí 1948.

Nr. 114/1947. **Jónas Björnsson** (Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn
Axel Guðmundssyni og Víglundi Guðmundssyni (Hrl. Theódór B. Lindal).

Forkaupsréttur.

Dómur hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 18. okt. 1947. Krefst hann þess, að stefnda Axel Guðmundssyni verði dæmt að selja honum landspildu þá, er í málinu greinir, gegn greiðslu á kr. 3940.44, og að stefnda Víglundi Guðmundssyni verði dæmt skylt að hlíta þeirri sölu. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum bæði í héraði og hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir að kominn var á kaupsamningur, dags. 5. apríl 1946, milli stefnda Axels Guðmundssonar og Gunnþórs Guð-

mundssonar, átti áfrýjandi rétt til þess að neyta forkaupsréttar síns samkvæmt kaupsamningnum frá 15. des. 1930, ef hann æskti þess, og var það vangæzla af stefnda Axel að tilkynna áfrýjanda ekki þá þegar um sölu landspildunnar til Gunnþórs. En eftir að þeir stefndi Axel og Gunnþór höfðu þann 4. des. 1946 fellt fyrrnefndan samning sinn úr gildi og ráðin hafði verið sala til stefnda Víglundar með kaupsamningi 18. jan. 1947, bauð stefndi Axel áfrýjanda forkaupsrétt að landspildunni fyrir milligöngu Jakobs H. Líndals, svo og með bréfum 18. jan. og 6. febr. 1947, og fékk áfrýjandi nægan frest til svars. Áfrýjandi svaraði þessum tilboðum og tjáði sig að vísu vilja neyta forkaupsréttar síns, en hins vegar vildi hann ekki ganga að þessum kostum með öðru móti en því, að stefndi Axel greiði að einhverju leyti kostnað, er áfrýjandi hafi haft af málinu. Ekki greindi hann þó, hver sá kostnaður væri né hversu hár, og ekki gat hann þess, hversu háa fjárhæð hann teldi sér bera að greiða né hvenær hann væri búinn til að inna hana af hendi. Þessi tilkynning áfrýjanda um neyzlu forkaupsréttarins var svo óglögg, að telja verður stefnda Axel hafa verið óbundinn af forkaupsréttarákvæðinu, er tilskilinn frestur var liðinn og honum hafði ekki borizt skýrari yfirlýsing frá áfrýjanda en að framan greinir. Þykir því bera að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sýknu stefndu til handa.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Það athugast, að héraðsdómari lýsir ekki nægjanlega í dómi kröfum stefndu í málinu, og vísar ekki berum orðum frá dómi kröfum á hendur Gunnþóri Guðmundssyni. Svo hefur hann og ákveðið aðfararfrest þrjá sólarhringa í stað fimmtán.

Dómsorð:

Stefndu, Axel Guðmundsson og Víglundur Guðmundsson, eiga að vera sýknir af kröfum áfrýjanda Jónasar Björnssonar í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 24. júlí 1947.

Mál þetta, sem er höfðað af Jónasi Björssyni, bónda að Litlu-Ásgeirsá í Þorkelshólshreppi innan Húnavatnssýslu, gegn Axel Guðmundssyni, bónda að Valdarási, og Viglundi Guðmundssyni, bónda að Dæli, báðum í téðum hreppi, og Gunnþóri Guðmundssyni, ráðsmanni að Arnarfelli í Þingvallahreppi innan Árnessýslu, var þingfest 9. júní þ. á. og tekið til dóms 14. júlí þ. á.

Stefnandinn Jónas Björnsson gerir þær dómkröfur í málinu, að Axel Guðmundsson verði skyldaður með dómi til þess að selja honum (stefnanda) fyrir 3940 krónur 11.25 dagsl. tún, er hann (Axel) keypti úr jörðinni Litla-Ásgeirsá með kaupsamningi dags. 15. des. 1930; að Viglundi og Gunnþóri Guðmundssyni verði gert að hlíta þessu og að þeir verði allir „in solidum" dæmdir til að dæma honum málskostnað að skaðlausu, þar á meðal matskostnað.

Stefndi Axel Guðmundsson hefur fyrir eigin hönd og fyrir hönd Viglundar Guðmundssonar mótmælt kröfum stefnanda með þeim rökum, að hann hafi fyrirgert forkaupsrétti sínum að hinu umdeilda landi, með því að taka ekki gerðu kauptilboði honum til handa fyrir matsverð landsins, kr. 3940.00. Gunnþór Guðmundsson hefur hvorki mætt né látið mæta í málinu, enda stefnubirtingin gölluð gagnvart honum og hann áður formlega afsalað sér kauprétti að landinu samkvæmt kaupsamningi frá 15. apríl 1946.

Þau eru tildrög máls þessa, að stefndi Axel Guðmundsson, lofaði með kaupsamningi, dags. 5. apríl 1946, að selja Gunnþóri Guðmundssyni ca. 11 dagsláttu tún á Litlu-Ásgeirsármóum fyrir umsamið kaupverð, kr. 4000.00, er skyldi greiðast 1. október 1946, og kaupandi þá fá afsal fyrir eigninni, en umráð landsins fékk hann við undirskrift samningsins. Þau umráð verða ekki heimfærð undir leigu, heldur nánast lán. Þetta sama land hafði stefndi Axel Guðmundsson eignazt með kaupsamningi, dags. 15. des. 1930 og afsali dags. 2. febr. 1931.

Í nefndum kaupsamningi segir svo:

„Ef eigandi Valdaráss, sem land þetta fellur nú til, vill selja land þetta aftur undan jörðinni Valdarás, eða leigja öðrum en sínum nánustu afkomendum, þá skuli hann eða þeir skyldir að gefa eiganda Litlu-Ásgeirsár kost á að kaupa landið eða leigja eftir mati 3ja óvilhallra manna, sem útnefndir skulu af sýslumanni Húnavatnssýslu."

Samkvæmt tilgreindu samningsákvæði taldi stefnandi, sem er núverandi eigandi jarðarinnar Litlu-Ásgeirsár, sig eiga forkaupsrétt að hinu selda túni, þannig, að honum væri heimilt að ganga í kaupið og leysa landið til sín fyrir matsverð. Hinn 16. september 1946 skrifaði hann stefnda (Axel) bréf, þar sem hann krafðist þess að fá landið keypt fyrir kr. 3940.00, en það hafði það verið metið af 3 útnefndum mönnum. Hins vegar bauð hann ekki fram greiðslu,

hvorki þá né á gjalddaga. Engin krafa var gerð í bréfi þessu um það, að stefndi (Axel) tæki þátt í kostnaði við mat landsins. Bréfinu virðist ekki hafa verið svarað af stefnda.

Forkaupsréttur stefnanda samkvæmt kaupsamningnum frá 15. des. 1930 er að því leyti óvenjulegur, að honum fylgir réttur til að fá landið fyrir verð, sem 3 útnefndir menn meta, ef eigandi *vill* selja. Vilji til að selja er, sem kunnugt er, mjög háður því, hvert kauptilboðið er. Verður því að líta svo á, þar sem ekki er vitað, að nein nauðsyn hafi komið eiganda til að selja, að vilji hans til sölu, fyrir óþekkt matsverð, til eða frá, hafi að eðlilegum hætti ekki getað verið til staðar fyrr en það var vitað. Það er alkunna, að mat útnefndra, valinna manna er að jafnaði, þegar kreppuástand er undanskilið, allmiklu lægra en tilboð á frjálsum markaði, þó að alveg sé gengið fram hjá þeim möguleika, að kaupandi sé fenginn til að bjóða hærra verð, en honum raunverulega er ætlað að greiða. Það orkar því ekki tvímælis, að matsákvæðið er sett í samninginn til hagsbóta fyrir eiganda Litlu-Ásgeirsár, en gegn hagsmunum ráðgerðs seljanda landsins. Engin ákvæði er að finna í samningnum um það, hver skuli greiða matskostnaðinn. Og þar sem svo er ástatt, virðist einsætt, að sá aðilinn, er hagnaðinn hefur, eða er ætlað að hafa af framkvæmd matsins, og auk þess verður að fá það framkvæmt til þess að geta borið fram formlega forkaupsréttarkröfu, verði sjálfur að bera kostnað þess. Formleg krafa um þátttöku stefndu í matskostnaðinum hefur heldur ekki verið borin fram í málinu, þó að matskostnaðarupphæðin hafi hlotið að vera kunn og skilgreinanleg um leið og matsgerðinni var lokið. Aðeins hefur verið krafizt matskostnaðar af hendi stefndu, sem óákveðins hluta af ótilgreindum málskostnaði, en í slíku formi er ekki unnt að taka hana (kröfuna) til greina, enda þótt hún hefði verið talin eiga við rök að styðjast, sem ekki er.

Það verður ekki séð, að stefndu hafi tilkynnt stefnanda, að kaupsamningur hefði verið gerður við Gunnþór um landið. Hér skiptir því máli, hver var tilkynningarskylda stefndu. Í samningnum frá 15. des. 1930 segir ekkert um það atriði. Verður því að styðjast við hliðstæðar reglur, eftir því sem til vinnst. Í lögum um forkaupsrétt á jörðum er ekki að finna ákvæði um þetta atriði, heldur aðeins, að forkaupsréttarhafi skuli svara kauptilboði innan hálfs mánaðar, ella missi hann forkaupsréttar síns. Gangur málanna er venjulega sá, að sá, er selja vill jörð eða landspildu, leitar tilboða í hana. Er þá tvennt til samkvæmt venju. Annaðhvort býður hann þá forkaupsréttarhafa, ef slíkur fyrirfinnst, að kaupa fyrir hæsta boð, eða, sem er fullt svo algengt, að hann selur blátt áfram hæstbjóðanda landið, en tilskilur að forkaupsréttarhafi geti gengið inn í kaupið, þ. e. neyti forkaupsréttar síns, ef hann óskar þess. Er þá tíðast, að kaupandi tilkynnir kaupin og leitar eftir vilja forkaupsréttarhafa það tímanlega, að hann geti greitt andvirði landsins á

gjalddaga í stað hins fyrirhugaða kaupanda og leyst þannig landið til sín.

Venjulegur seljandi jarðar eða lands getur leitað tilboða og síðan gert upp við sig í snatri, hvort hann vill selja fyrir hæsta boð eða ekki. Stefndi í máli þessu, Axel Guðmundsson, hafði ekki þá aðstöðu. Hann var bundinn við matsverð. Hann gat leitað eftir hvert það væri, með því að mælast til þess við forkaupsréttarhafa, að hann léti meta landið. En þá leið fór hann ekki, heldur hina venjulegu leið, að gera kaupsamning um landið, enda hefur hann haldið því fram í málinu, að hann hafi haft ástæðu til að ætla, að forkaupsréttarhafi mundi ekki vilja kaupa. Gera verður ráð fyrir að honum hafi, sem skynsömum manni, verið ljóst, að samningsréttur Gunnþórs yrði að víkja fyrir betri rétti forkaupsréttarhafa, ef hann vildi neyta hans. Hins vegar verður að líta svo á samkvæmt venjulegum samningareglum, að samningsaðiljum hafi verið heimilt, allt þangað til að kaupin voru fullgerð með greiðslu og afsali, að semja svo um, að kaupin skyldu ganga til baka, svo sem þeir og gerðu, enda þótt orsök þess samnings væri talin vera greiðsluvanefndir, raunverulegar eða fyrirsjáanlegar. Greiðsla var og aldrei boðin fram af hendi stefnanda, hvorki fyrir né á gjalddaga, til að knýja fram úrslit. Það verður því ekki talið réttarbrot gagnvart stefnanda, þó að hætt væri við sölu, sem að vísu var til stofnað með samningi, en ekki fullgerð. Hins vegar var stefnda Axel Guðmundssyni ljóst, að stefnandi hafði þegar haft kostnað af að láta meta landið, svo og það, að hann nú vildi kaupa landið fyrir matsverð, og bar honum því sem skynsömum manni að tilkynna stefnanda fyrir eða í síðasta lagi á gjalddaga, að kaupið væri gengið til baka. Vanræksla þessa varðaði hann að vísu ekki því, að réttarins áliti, að forkaupsréttarhafi héldi forkaupsrétti sínum, þrátt fyrir ónýtingu hins fyrirhugaða kaups, heldur gat það eftir atvikum skapað honum skyldu að bæta stefnanda þau fjárútlát og þá fyrirhöfn, er þessi tilkynningarvanræksla olli honum. Vegna hennar verður útgáfa sáttakæru 5. okt. að teljast eðlileg. En eftir að stefnandi hafði fengið, að því er virðist fullnægjandi vitneskju þess á sáttafundi — og þó enn fyllri síðar — að hið fyrirhugaða kaup væri gengið til baka, mátti honum vera ljóst, að forkaupsréttur hans var úr sögunni að þessu sinni. Það er því ekki ólíklegt, að stefnandi hafi átt bótakröfu á hendur stefndu, er nam sáttakostnaði og fyrirhöfn, en slík bótakrafa hefur engin verið borin fram í málinu, hvorki sem aðalkrafa né varakrafa, nema hún kunni að hafa átt að felast sem óákveðinn liður í hinni almennu og óákveðnu kröfu stefnanda og umboðsmanns hans um tildæmdan málskostnað, og verður vikið að því síðar.

Telja verður, að síðari þáttur þessa máls hefjist með því, að stefndi Axel Guðmundsson gefur Jakob Lindal, hreppstjóra Þorkelshólshrepps, umboð til þess að selja og afsala stefnanda hinu áður umdeilda landi fyrir matsverð þess, kr. 3940.00. Umboð þetta er dag-

sett 26. desember 1946. Á það er ritað vottorð hreppstjórans um það, að stefnandi hafi að vísu talið sig vilja kaupa landið, en þó ekki nema með tilgreindum skilyrðum. Með bréfi, dags. 18. janúar 1947, upplesnu fyrir stefnanda sama dag og daginn eftir í viðurvist tveggja votta, tilkynnti stefndi Axel Guðmundsson stefnanda, að hann hafði lofað að selja Víglundi Guðmundssyni, Dæli, tún það, er hann áður hafði samið um um að selja bróður hans, Gunnþóri, fyrir kr. 4000.00, enda var í kaupinu valti, er virðist vera talinn 60 króna virði. Var stefnanda geymdur forkaupsréttur til janúarloka. Samrit af kaupsamningi var afhent honum um leið og tilkynningin fór fram. Hinn 4. febrúar svarar stefnandi tilkynningu Axels; segist að vísu vilja kaupa, en virðist ekki telja tímabært að ræða um það fyrr en gert hafi verið út um ágreining þeirra út af hinum fyrri þætti málsins og býður ekki fram verð fyrir landið.

Hinn 6. febrúar sendir stefndi Axel Guðmundsson stefnanda endurnýjað tilboð um að neyta forkaupsréttar síns fyrir kr. 3940.00 og framlengir frestinn til 14. febrúar. Þeirri áskorun svarar stefnandi alls ekki, og Axel Guðmundsson heyrir ekkert frá honum eftir þetta, að því er séð verður, fyrr en 18. apríl, að honum er birt réttarstefna, 18 dögum eftir tilskilinn gjalddaga í kaupsamningi Víglunds Guðmundssonar.

Með því að ganga ekki að tilboði stefnda, Axels Guðmundssonar, um að neyta forkaupsréttar síns innan tilskilins tíma og með því að gera enga tilraun til að tryggja hann með því að bjóða fram greiðslu hins boðna lands fyrir 14. febrúar 1947, eða í síðasta lagi fyrir eða á hinum tilskilda gjalddaga, 1. marz 1947, telur rétturinn, að stefnandi hafi fyrirgert forkaupsrétti sínum að hinu umdeilda landi, og ber því að sýkna stefndu af kröfu stefnanda um afhendingu hins umdeilda lands. Samkvæmt því verður að telja útgáfu stefnu og eftirfylgjandi málssókn á hendur Víglundi Guðmundssyni með öllu tilefnislausa, og þykir því verða að dæma stefnanda til að greiða honum málskostnað samkvæmt kröfu hans, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 350.00. Sömuleiðis verður að telja útgáfu stefnu og eftirfarandi málflutning á hendur stefnda Axel Guðmundssyni einnig tilefnislausan, að því er snertir aðalkröfuna, afhendingu hins umdeilda lands, sem gera má ráð fyrir, að gert hafi vörn málsins dýrari en ella. En vegna þess að telja verður, að stefndi Axel Guðmundson hafi gefið stefnanda ástæðu til að fara upprunalega með málið fyrir sáttanefnd, og að síðari aðgerðir í málinu hafa að öðrum þræði verið framhald þess skrefs, þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli að öðru leyti niður í máli þessu.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu í máli þessu eiga að vera sýknir af kröfu stefnanda um afhendingu hins umdeilda lands.

Stefnandinn Jónas Björnsson greiði Viglundi Guðmundssyni 350 krónur í málskostnað, en málskostnaður falli að öðru leyti niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. maí 1948.

Nr. 55/1948. **Réttvísin og valdstjórnin** (Hrl. Ragnar Ólafsson) gegn **Finnboga Guðmundssyni og Óskari Lárussyni** (Hrl. Egill Sigurgeirsson).

Þjófnaður. Áfengislagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Refsing ákærða Finnboga Guðmundssonar þykir með hliðsjón af 255 gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði. Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum verða ákærðu dæmdir til að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði Finnbogi Guðmundsson sæti fangelsi 10 mánuði. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærðu, Finnbogi Guðmundsson og Óskar Lárusson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Óafssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 3. júlí 1947.

Ár 1947, fimmtudaginn 3. júlí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2321—2/1947: Réttvísin og valdstjórnin gegn Finnboga Guðmundssyni og Óskari Lárussyni, sem tekið var til dóms 28. f. m.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn þeim Finnboga Guðmundssyni sjómanni og Óskari Lárussyni verkamanni, Þvervegi 2, báðum hér í bæ, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, svo og, að því er snertir ákærða Finnboga, einnig fyrir brot gegn reglugerð nr. 164 2. október 1940, til refsingar, sviptingar borgararéttinda, greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar.

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna.

Ákærði Finnbogi er talinn fæddur 18. maí 1921 í Reykjavík og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

Í Reykjavík:

1935 5/1 Kærður fyrir þjófnað á dúfum.

1936 28/2 Kærður fyrir þjófnað. Málið sent barnaverndarnefnd til frekari meðferðar.

1937 1/8 Kærður fyrir þjófnað. Ráðstafað í sveit að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins í bréfi 1/8 1937.

1939 Fjórum sinnum 25 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri.

1940 23/1 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Skilorðsbundið fyrir þjófnað, hilmingu og lögreglubrot.

1940 Tvisvar sinnum 25 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri.

1941 Sex sinnum 25 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri.

1942 Einu sinni 25 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri.

1943 25/3 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 26. kafla hegningarlaganna, 245. gr.

1944 1/2 Dómur sama réttar, 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir þjófnað.

1944 Fjórum sinnum 50 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannamannafæri og tvisvar sinnum 50 kr. sekt með sátt fyrir ölvun og óspektir.

1945 Einu sinni 100 kr. sekt og einu sinni 200 kr. sekt með sátt fyrir ölvun og óspektir.

1945 Einu sinni 75 kr. sekt með sátt fyrir ölvun og brot gegn 1. mgr. 78. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1945 Tuttugu og þrem sinnum 50 kr. sekt og tvisvar sinnum 75 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 Átta sinnum 50 kr. sekt og fjórum sinnum 75 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 Sjö sinnum 50 kr. sekt og einu sinni 75 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri.

Á Siglufirði:

1944 $2\frac{3}{7}$ Sátt, 500 kr. sekt fyrir ólögleg áfengiskaup.

Ákærði Óskar er talinn fæddur 6. ágúst 1905 í Vestmannaeyjum og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

Í Reykjavík:

1929 Einu sinni 75 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri.
1932 $3\frac{0}{3}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga skilorðsbundið fyrir þjófnað.
1933 $1\frac{0}{2}$ Dómur hæstaréttar 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðslaust.
1933 Einu sinni 50 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 Einu sinni 25 kr. sekt, einu sinni 40 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri, svo og einu sinni 200 kr. sekt með sátt fyrir ölvun og ólöglegt áfengi í vörzlu.
1936 $1\frac{5}{2}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 300 kr. sekt fyrir ölvun á almannfæri. Staðfest í hæstarétti $\frac{2}{10}$ 1936.
1938 $2\frac{8}{4}$ Kærður fyrir refjar um að greiða ökugjald. Látið falla niður, með því að kærði greiddi kröfuna.
1938 $\frac{4}{6}$ Kærður fyrir svik. Látið falla niður, með því að hér sýndist um ölæðisverknað vera að ræða. Einu sinni 25 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri og einu sinni 25 kr. sekt með sátt fyrir 17. gr. áfengislaganna. Einu sinni kærður fyrir ölvun innanhúss og látið falla niður.
1939 Einu sinni 25 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri og tvisvar kærður fyrir ölvun innanhúss, sem látið var falla niður.
1940 Tvisvar sinnum 25 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri og einu sinni kærður fyrir pretti, sem afgreitt var með 10 kr. skaðabótagreiðslu.
1941 Þrisvar sinnum 25 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri. Tvisvar sinnum kærður fyrir vanskil á ökugjaldi, en kærði greiddi kröfurnar og féllu málin niður.
1942 Tvisvar sinnum 25 kr. sekt og einu sinni 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. Einu sinni kærður fyrir ölvun í bifreið og vanskil á ökugjaldi, en lokið, með því að kærði greiddi kröfuna. Einu sinni kærður fyrir ölvun innan húss, en fellt niður.
1943 Einu sinni 500 kr. sekt fyrir ölvun og brot á 108. grein hegningarlaganna. Fjórum sinnum 50 kr. sekt og einu

sinni 75 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri. Einu sinni kærður fyrir ölvun innan húss, en fellt niður.

1944 Einu sinni 25 kr. sekt, þrisvar sinnum 50 kr. sekt og einu sinni 75 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri. Einu sinni kærður fyrir ölvun innan húss, en fellt niður.

1945 Tíu sinnum 50 kr. sekt og einu sinni 75 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri. Einu sinni 10 kr. sekt með sátt fyrir brot gegn 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Tvisvar sinnum kærður fyrir ölvun í bifreið, en fellt niður.

1946 Sjö sinnum 50 kr. sekt, einu sinni 75 kr. sekt og einu sinni 100 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri. Einu sinni kærður fyrir ölvun í heimahúsum, en fellt niður.

1947 Þrisvar sinnum 50 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri.

Utan Reykjavíkur:

1937 $^{3}/_{8}$ Þingeyjarsýsla, sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn 5. gr., sbr. 29. gr., og 27. gr. 2. tl. laga nr. 33 1935.

1928—1939 Siglufjörður, einu sinni 25 kr. sekt og tvisvar sinnum 50 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri.

1926 $^{1}/_{1}$ Vestmannaeyjar. Dómur 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 230. gr. hegningarlaganna.

1935 $^{5}/_{7}$ Vestmannaeyjar. Dómur, 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.

1936 $^{11}/_{12}$ Vestmannaeyjar. Dómur, 8 mánaða betrunarhússvinna fyrir innbrotsþjófnað.

1943 Einu sinni 25 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 3 aðfaranótt laugardags 7. f. m. voru ákærðu, Finnbogi Guðmundsson og Óskar Lárusson, staddir við Eimskipafélagshúsið hér í bæ, og var sá fyrrnefndi áberandi ölvaður. Danskur maður, Richard Gyldendahl Andersen mjólkuriðnaðarmaður, til heimilis að Selfossi í Árnessýslu, sem hafði verið á dansleik um nóttina, gekk þar fram hjá þeim. Var hann mjög drukkinn og var hann með flösku, sem sterkt vín var í, í vasanum. Ákærðu gáfu sig á tal við hann, og gaf hann þeim að drekka úr flöskunni. Þeir héldu síðan allir að bröggum fyrir norðan Tryggvagötu, og hefur ákærði Finnbogi borið, að ástæðan til þess að þeir fóru þangað, hafi verið sú, að Andersen hafi spurt hann að því, hvar hann gæti fengið að sofa, en þetta muni ákærði Óskar ekki hafa heyrt. Tveir menn, Friðmar Sædal Markússon, Hverfisgötu 83 og Björgvin Bjarnason, Skólavörðuholti 132, báðir hér í bæ, sem staddir voru við Eimskipafélagshúsið í þetta skipti, slógust í hópinn, til að reyna að fá vín. Í sundi við einn af bröggunum gaf Andersen þeim öllum að dreypa á vínflösku sinni, Þeir héldu

síðan allir inn í einn af bröggunum, sem var opinn, en Björgvin og Friðmar hurfu þaðan strax út aftur og fóru leiðar sinnar.

Framburður ákærðu eru ósamhljóða um, hvað skeði síðan í bragganum. Ákærði Finnbogi hefur borið það, að þeir hafi fyrst neytt víns úr flösku Andersens, sem hafi lagzt á pall og sofnað brátt út úr ölvaður. Ákærði Óskar hafi nú stungið upp á því, að ákærðu leituðu eftir peningum í vösum Andersens. Kveðst ákærði Finnbogi hafa fallizt á það og farið að leita í buxnavösum Andersens. Hafi hann fundið buddu í öðrum vasanum, opnað hana og séð 4 hundrað krónu seðla og eitthvað af 10 króna seðlum í henni. Kveðst hann hafa tekið 3 hundrað króna seðla og 3—4 10 króna seðla úr buddinni, en ákærði Óskar hafi látið hana aftur í vasa Andersens.

Ákærði Óskar hefur eindregið neitað því að hafa stungið upp á því við ákærða Finnboga, að þeir leituðu að peningum í vösum Andersens. Hins vegar hafi hann orðið var við, að ákærði Finnbogi var eitthvað að gæta í buddu, sem hann var með í höndunum, og hafi hann þótzt vita, að ákærði Finnbogi hefði tekið hana af Andersen. Ákærði Óskar kveðst hafa spurt ákærða Finnboga að því, hvað hann væri að gera og skipað honum að fá sér budduna og það hafi hann gert. Kveðst ákærði Óskar hafa síðan stungið buddunni í vasa Andersens og hafi hann þá alls ekki vitað, að ákærði Finnbogi væri búinn að taka peningana úr henni.

Richard Gyldendahl Andersen hefur borið það, að hann hafi verið svo ölvaður, er hann fór burt af dansleiknum, að hann muni ekki hvað skeði næst þar á eftir. Hann kveðst þó muna eftir því, að hann var staddur í bragga einum og lá þar á einhverjum palli. Þarna inni hafi einnig verið tveir menn, ákærðu, sem talað hafi eitthvað saman og hafi annar þeirra eða þeir báðir verið að þreifa í vösum hans. Hann hafi síðan sofnað, en vaknað aftur um kl. 7 um morguninn. Saknaði hann þá peninga úr buddu í buxnavasa sínum og telur hann upphæðina, sem horfið hafi, nema 340 krónum.

Ákærðu héldu síðan út úr bragganum og keypti ákærði Finnbogi 2 flöskur af brennivíni fyrir 160—170 krónur af bifreiðarstjóra einum skammt frá bifreiðarstöðinni Hreyfli. Ákærði Finnbogi hefur borið það, að ákærðu hafi komið sér saman um að kaupa vínið fyrir peninga þá, sem þeir hafi tekið úr buddu Andersens, en ákærði Finnbogi geymdi. Ákærði Óskar hefur viðurkennt, að þegar ákærði Finnbogi tók upp peningana til að greiða með vínið, hafi hann verið sannfærður um eða að minnsta kosti ekki getað gengið út frá öðru en að ákærði Finnbogi hefði stolið peningunum úr buddu Andersens, því að ákærði Finnbogi hafi áður en þeir fóru inn í braggann, reynt árangurslaust að fá 25 króna lán hjá Andersen.

Ákærði Finnbogi afhenti Óskari aðra brennivínsflöskuna, en hélt hinni sjálfur. Þeir héldu síðan upp á Arnarhólstún og drukku þar úr flösku þeirri, sem ákærði Óskar hafði tekið við, en þaðan fóru þeir inn á veitingahúsið „Gullfoss“ í Hafnarstræti. Hafði ákærði

Finnbogi vínflösku sína með sér inn í veitingahúsið og kveður hann að þeir hafi neytt víns úr flöskunni þar inni og keypt þar öl og vindlinga fyrir peninga Andersens. Lögreglumenn hafi tekið þá fasta inni á veitingahúsinu og farið með þá vestur á öskuhauga, hér í bæ, en skilið þá þar eftir. Ákærðu hafi síðan haldið fótgangandi aftur til bæjarins, en orðið viðskila á Ægisgötu. Á leiðinni í bæinn hafi þeir skipt jafnt með sér afganginum af peningum Andersens, og kveðst ákærði Finnbogi hafa eytt sínum hluta, 60—70 krónum, í eigin þarfir.

Ákærði Óskar kveðst hafa verið orðinn mjög ölvaður inni á „Gullfoss" og hafi hann ekkert munað eftir sér fyrr en lögreglumenn voru að láta hann út úr bifreið hjá öskuhaugunum. Hann muni ekkert eftir því, hvort hann neytti víns inni á „Gullfoss" eða að ákærðu keyptu þar öl og vindlinga og hafi hann ekki vitað neitt hvað varð um ákærða Finnboga eftir að þeir voru komnir þangað inn. Þá minnist hann þess ekki, að hann tæki við nokkrum peningum hjá ákærða Finnboga. Hann hafi síðan gengið til bæjarins og fengið lánaðan rakstur á rakarastofu og veitingar á veitingahúsi sökum peningaleysis.

Ákærði Finnbogi hefur með töku peninganna gerzt brotlegur gegn 244 gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, með því að vera áberandi ölvaður á almannafæri gerzt brotlegur gegn 18., sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, með því að hafa með sér vín í veitingahús gerzt brotlegur gegn 18., sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 164 2. október 1940 og með því að neyta áfengis í veitingahúsi brotið gegn 17. gr. 1. mgr., sbr. 37. gr. 1. mgr. áfengislaganna. Þykir refsing ákærða Finnboga, með hliðsjón af 77. gr. 1. mgr. hegningarlaganna og með tilliti til fyrri afbrotaferils hans, hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Gegn eindregnum mótmælum ákærða Óskars þykir varhugavert að telja, að lögfull sönnun sé fram komin fyrir því, að hann hafi gerzt brotlegur gegn 244. gr. hegningarlaganna, en hann hefur með háttsemi sinni brotið gegn 254. gr. hegningarlaganna. Þá hefur hann, með því að vera áberandi ölvaður á almannafæri, gerzt brotlegur gegn 18., sbr. 38. gr. áfengislaganna. Þykir refsing ákærða Óskars, með hliðsjón af 77. gr. 1. mgr. hegningarlaganna og með tilliti til fyrri afbrotaferils hans, hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ákærðu hafa setið í gæzluvarðhaldi frá 10. f. m., og þykir rétt, að gæzluvarðhaldsvistin komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingu þeirra.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Richard Gyldendahl Andersen hefur krafizt þess að ákærðu greiði honum in solidum fjárhæð þá, sem upplýst er að tekin var frá hon-

um, þ. e. kr. 340.00, svo og kr. 100.00 fyrir ferðakostnað, óþægindi og fyrirhöfn við að þurfa að mæta hér í bænum út af málinu. Ákærði Finnbogi hefur fyrir sinn leyti samþykkt kröfur þessar, en ákærði Óskar hefur ekki fallizt á þær. Rétturinn lítur svo á, að kröfurnar séu eftir atvikum sanngjarnar, og verða þær því teknar til greina, þó þannig, að ákærði Óskar verður aðeins dæmdur til að greiða helming verðs vínflasknanna tveggja, kr. 85.00, svo og helming upphæðar seinni kröfuliðsins, kr. 50.00, þ. e. samtals kr. 135.00 in solidum með ákærða Finnboga, en afganginn, kr. 305.00, greiði ákærði Finnbogi einn.

Ákærðu ber að dæma in solidum til að greiða allan kostnað sakarinnar, að því undanteknu, að ákærða Óskari ber einum að greiða kr. 250.00 í málsvarnarlaun til Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns í málinu.

Meint brot annarra í sambandi við mál þetta verða afgreidd sérstaklega.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði Finnbogi Guðmundsson sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði Óskar Lárusson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Gæzluvarðhaldsvist ákærðu frá 10. júní 1947 komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingu þeirra.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðu greiði Richard Gyldendahl Andersen in solidum kr. 135.00, en ákærði Finnbogi Guðmundsson einn kr. 305.00 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Óskar Lárusson greiði kr. 250.00 í málsvarnarlaun til Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns í málinu, en annan kostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 28. maí 1948.

Nr. 36/1947 **Friðrik Bertelsen & Co. h/f** (Hrl. Egill Sigurgeirsson)
gegn
Nic. Hyllestad (Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Riftun kaupa. Skaðabætur.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. apríl 1947, krefst sýknu og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess aðallega, að héraðsdómurinn verði staðfestur, en til vara, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum ísl. kr. 18 426.25 með 6% ársvöxtum frá 12. október 1946 og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi pantaði hjá stefnda vörur þær, sem mál þetta er risið af, án þess að áfrýjandi hefði áður aflað innflutningsleyfis fyrir þeim og gjaldeyrisleyfis til greiðslu andvirðis þeirra. Vörurnar urðu síðan ekki fluttar hingað til lands vegna neitunar gjaldeyrisyfirvalda á leyfum til þess. Verður því að telja, að vörukaupin séu úr gildi fallin, en að áfrýjandi sé, eins og á stendur, ábyrgur til fébóta á skaða þeim, sem stefndi hefur beðið vegna þess, að vörurnar, sem voru gervivörur, framleiddar til gróðasölu á Íslandi, urðu stefnda lítilsvirði. En skaðabæturnar ber að tiltaka í íslenzkum krónum, enda hafa íslenzk gjaldeyrisyfirvöld neitað um danskan gjaldeyri vegna varanna. Samkvæmt því, sem nú var sagt, þykir rétt að ákveða skaðabæturnar þannig: D. kr. 18 091.69 — d. kr. 4500.00 (þ. e. nú viðurkennt verðmæti varanna) = d. kr. 13 591.69, sem verða með núverandi gengi, 135.57, ísl. kr. 18 426.25. Þessa fjárhæð ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda ásamt 6% ársvöxtum frá 12. október 1946 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma áfrýjanda til að

greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 1800.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi Friðrik Bertelsen & Co. h/f greiði stefnda Nic. Hyllestad íslenzkar krónur 18 426.25 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. október 1946 til greiðsludags og samtals kr. 1800.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. marz 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., hefur Garðar hæstaréttarlögmaður Þorsteinsson, f. h. Nic. Hyllestad í Kaupmannahöfn, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 12. október 1946 gegn stjórn Friðriks Bertelsen & Co. h/f, f. h. félagsins, til greiðslu skuldar að fjárhæð d. kr. 21 939.50 auk 6% ársvaxta frá 1. maí 1946 og málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfu sína í d. kr. 18 307.84 og krafðist 6% ársvaxta af d. kr. 18 217.97 frá ofangreindum degi. Jafnframt áskildi hann sér rétt til að krefja stefnda síðar í sérstöku máli um banka- og geymslukostnað, sem áfallinn sé eftir höfðun máls þessa, svo og um síðargreinda skuld Hermanns Sigurðssonar.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu, en *til vara*, að dómkrafa stefnanda verði lækkuð í d. kr. 17 984.20 án vaxta. Málskostnaðar hefur stefndi krafizt í báðum tilvikum.

Málavextir eru þessir:

Hinn 3. janúar 1946 bauð stefnandi stefnda ýmsar vörur, m. a. úr bronsi. Tók umboðsmaður stefnda við tilboðinu og sýnishornum, er því fylgdu, en hinn 12. marz s. á. sendi stefnandi fleiri sýnishorn. Verðmæti sýnishorna nam samtals d. kr. 376.70. Hinn 31. janúar s. á., sendi stefndi stefnanda símskeyti og kvaðst hafa hug á slíkum vörum, en tók fram, að hann vildi hafa varning þenna í umboðssölu og spurðist fyrir um sölulaun. Stefnandi féllst þegar á þetta og lofaði að greiða stefnda 5% af verði því, er greindi í tilboðinu. Hinn 9. febrúar sendi stefndi pantanir þriggja fyrirtækja fyrir d. kr. 4673.50 samtals og hinn 28. s. m. pöntun sjálfs sín fyrir d. kr. 18 590.00. Viðurkenndi stefnandi pantanir þessar og lofaði að senda vörurnar í lok marzmánaðar. Hinn 23. marz óskaði stefndi þess í símskeyti, að frestað yrði að afgreiða síðustu pöntunina og gaf þá skýringu í bréfi, að innflutningsleyfi og gjaldeyris- fengist ekki.

Fám dögum síðar ritaði stefndi annað bréf og óskaði þess, að pöntunin yrði afturkölluð, þar eð viðskiptaráð synjaði leyfis til innflutnings þessa varnings. Í bréfi 4. apríl tilkynnti stefnandi, að hann gæti ekki að óreyndu orðið við þessum óskum stefnda. Skýrir hann þar svo frá, að vörurnar hafi allar verið fullgerðar og komnar í umbúðir, þegar síðastgreint skeyti stefnda barst og hafi þeim því verið komið fyrir til geymslu á kostnað stefnda. Kvað hann sér ókleift að selja vörur þessar annars staðar en á Íslandi og skoraði því á stefnda að leita á ný til viðskiptaráðs um leyfi. Í bréfum dagsettum fyrir og eftir viðtöku síðastgreinds bréfs stefnanda, skýrir stefndi frá fullnaðarneitun viðskiptaráðs, enda sé svo mikið magn af sams konar vörum dönskum þegar til Íslands komið, að eigi sé hægt að selja þar meira. Stefnandi neitaði enn að taka til greina afturköllun pöntunar stefnda og eftir nokkrar árangurslausar samkomulagsumleitanir var mál þetta höfðað.

Stefnukröfurnar voru sundurliðaðar svo:

1.	Vörur þær, er stefndi pantaði, að frádregnum 5%	d. kr.	17 860.10
2.	Andvirði sýnishorna, að frádregnum 5%	d. kr.	357.87
3.	Bankakostnaður	d. kr.	216.15
4.	Geymslukostnaður ¾—⅚ '46, kr. 17.90 á mánuði	d. kr.	107.40
5.	Vörur pantaðar vegna Hermanns Sigurðssonar	d. kr.	1 582.26
6.	Vörur pantaðar vegna verzlunarinnar Víðis h/f	d. kr.	2 049.40
	Samtals	d. kr.	22 173.18
	Að frádregnum 5% umboðslaunum af framgreindum 3 pöntunum, sem afgreiddar voru til viðtakenda	d. kr.	233.68
	Alls	d. kr.	21 939.50

Eftir höfðun málsins greiddi verzlunin Víðir 6. liðinn, en stefnandi féll frá 5. liðnum, þó með áskilnaði þeim, er fyrr greinir. Jafnframt féll hann frá vaxtakröfu sinni af fjárhæðunum samkvæmt 3. og 4. lið.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnanda hafi verið kunnugt eða mátt vera kunnugt, að pantanir þær, er það sendi honum, voru háðar því, að innflutnings- og gjaldeyrisleyfi yrði veitt. Telur stefndi jafnframt, að afturköllun þess hafi komið nægilega snemma til að firra stefnanda öllu tjóni, þar eð hann hafi sjálfur lýst yfir því, að ekki væri unnt að senda vörurnar fyrr en í lok marzmánaðar, vegna þess að útflutningsleyfi væri eigi fengið. Hefur stefndi og véfengt, að slíks leyfis hafi verið aflað áður en afturköllun af þessu hálfu barst stefnanda.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu útflutningsleyfi sitt, dagsett 20. marz 1946, svo og afrit af reikningi, dagsettum sama dag, frá

málmvöruverksmiðju þeirri, er smíðaði muni þá, er hér um ræðir. Þá er og upp komið í málinu, að stefnda var synjað hinn 6. marz 1946 leyfis til að flytja vörur þessar hingað. Stefnandi hefur eindregið mótmælt þeirri staðhæfingu stefnda, að pantanir hafi verið háðar því, að slík leyfi yrðu veitt síðar, og ekki er, gegn þeim andmælum, í ljós leitt, að slíkur fyrirvari hafi komið til tals í samningum aðilja. Þegar virt eru þessi atriði, þykir stefnda hafa brostið heimild til að afturkalla pöntun sína að óvilja stefnanda og verður sýknukrafa hans því eigi til greina tekin.

Varakrafa stefnda er byggð á mótmælum hans gegn 3. og 4. kröfulið stefnanda, sem það telur sér óviðkomandi kostnað. Jafnframt hefur stefndi eindregið andmælt ábyrgð á framangreindri kröfu á hendur Hermanni Sigurðssyni.

Gegn greindum andmælum stefnda hefur stefnandi ekki fært sönnur á réttmæti kröfu sinnar um bankakostnað samkvæmt 3. lið, og verður sá liður eigi til greina tekinn.

Hins vegar þykir rétt, með vísun til 33. gr. laga nr. 39 frá 1922, að dæma stefnda til greiðslu geymslukostnaðar samkvæmt 4. lið, enda fjárhæð hans ekki véfengd.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til greiðslu fjárhæðanna samkvæmt 1. og 2. lið, sem eigi hafa verið véfengdar, svo og samkvæmt 4. lið, samtals d. k. 18 325.37, að frádregnum framangreindum d. kr. 233.68 eða alls d. kr. 18 091.69 með 6% ársvöxtum, er teljast frá stefnudegi. Þá þykir og rétt að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2200.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefnda, Friðrik Bertelsen & Co. h/f, greiði stefnanda Garðari Þorsteinssyni, f. h. Nic. Hyllestad, d. kr. 18 091.69 með 6% ársvöxtum frá 12. október 1946 til greiðsludags og kr. 2200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 1. júní 1948.

Nr. 25/1948. **Valdstjórnin** (Hrl. Guttormur Erlendsson)
gegn
Gunnari Gíslasyni (Hrl. Lárus Jóhannesson).

Ölvun við akstur.

Dómur hæstaréttar.

Kærði, sem er eigandi og umráðamaður bifreiðarinnar G 206, lét það viðgangast, að kona hans, sem var með áhrifum áfengis, ók bifreiðinni að því er virðist úr miðbænum í Reykjavík suður í Fossvog. Varðar það kærða við 23., sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 350.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði Gunnar Gíslason greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 350.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Hafnarfjarðar 22. jan. 1948.

Ár 1948, fimmtudaginn 22. janúar, var lögregluréttur Hafnarfjarðar settur í skrifstofu embættisins og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta, Birni Ingvarssyni, og upp kveðinn dómur í framangreindu máli, er dómtekið var 17. þ. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Gunnari Gíslasyni kompásasmið, Suðurgötu 37, Hafnarfirði, fyrir brot á bifreiðalögunum nr. 23 frá 16. júní 1941, umferðalögunum nr. 24 frá 16. júní 1941 og áfengislögunum nr. 33 frá 9. janúar 1935.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 9. júní 1914 í Hafnarfirði.

Samkvæmt hegningarvottorði frá sakadómaranum í Reykjavík, dagsettu 19. þ. m., hefur kærði hvorki sætt sekt né ákæru, svo kunnugt sé. Hins vegar hefur við lögregluréttarrannsóknina upplýstst, að kærði hefur verið sektaður um kr. 50.00 fyrir umferðarbrot 29. nóvember s. l., sbr. meðfylgjandi hegningarvottorð.

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 5. desember 1947 er lögreglu Hafnarfjarðar tilkynnt frá lögreglunni í Reykjavík, að slys hafi orðið í Fossvogi, og hafi það verið bifreiðin G 206, er fyrir því hafi orðið. Lögreglan í Hafnarfirði hóf leita að bílnum og fann hann utan við húsið nr. 37 í Suðurgötu, mikið skemmdan. Í nefndu húsi fundu lögreglumennirnir Gunnar Gíslason og Else Gíslason. Kærði var svo ásamt konu sinni færður til læknis til blóðrannsóknar, þar sem lögreglunni þótti augsýnilegt, að hann væri undir áhrifum áfengis.

Kærði hafði verið á dansleik með konu sinni í Reykjavík og bæði neytt þar áfengis og fundið á sér áfengisáhrif. Kl. 2½ um nóttina, er dansleikurinn var úti, fóru þau áleiðis til Hafnarfjarðar í bifreið kærða, G 206. Kona hans ók bílnum, en með þeim voru tveir farþegar. Í Fossvogi mættu þau bifreið með sterkum ljósum, er blindaði konu kærða við stýrið, svo hún hemlaði, en við það rann bifreiðin á hliðina út af veginum, en þar á þakið. Ísing var á veginum og hálka, en bifreiðin ekki á keðjum. Slys urðu ekki á mönnum, en bifreiðin skemmdist. Stuttu seinna bar að bifreið, er tók farþegana til Reykjavíkur, og nokkru síðar aðra bifreið, Guðmanns hreppstjóra á Dysjum. Kærði bað hann að draga bifreið sína til Hafnarfjarðar, og gerði hann það. Var bifreiðin G 206 fest með keðjum aftan í G 613 og kærði settist við stýrið í bifreið sinni, og var bifreiðin þannig dregin til Hafnarfjarðar. Eftir að kærði kom heim til sín, segist hann hafa tekið 3 snapsa af cocktail, en ekki eru aðrir til vitnis um það. Hins vegar hefur kærði viðurkennt að hafa drukkið vín um nóttina og hafa verið undir áhrifum áfengis.

Kærði hefur fyrir lögregluréttí Hafnarfjarðar 8. og 17. þ. m. viðurkennt, að hann hafi neytt áfengra drykkja nokkru áður en hann hóf akstur bifreiðarinnar G 206 og fundið til áfengisáhrifa. Vitnin Guðmann Magnússon, Jón Guðmundsson og Þorsteinn Finnbogason hafa borið, að þeim hafi sýnzt kærði ölvaður. Vitnið Ingibjörg Sigurjónsdóttir segist hafa séð kærða neyta áfengis, en ekki hafa séð áfengisáhrif á honum. Vitnið Sverrir Magnússon segist hafa séð kærða neyta áfengis, en treystir ekki til þess að segja um, hvort hann hafi séð áfengisáhrif á honum.

Niðurstaða blóðrannsóknar er 1.83‰ alkóhól.

Með játningu kærða, blóðrannsókninni og lögregluréttarrannsókninni verður að telja fullsannað, að kærði hefur orðið brotlegur við 23. og 27. grein, sbr. 38. og 39. grein bifreiðalaganna nr. 23 frá 16.

júní 1941, 4. grein, sbr. 14. grein umferðalaga nr. 24 frá 16. júní 1941 og 21. grein, sbr. 39. grein áfengislaganna nr. 33 frá 9. janúar 1935.

Samkvæmt þessu þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 10 daga varðhald; auk þess skal hann sviptur leyfi til bifreiðaaksturs í 6 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Enginn óþarfa dráttur hefur orðið á máli þessu.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Gunnar Gíslason sæti 10 daga varðhaldi. Hann skal sviptur leyfi til bifreiðaaksturs í 6 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði allan kostnað, er leitt hefur eða leiða kann af máli þessu.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 1. júní 1948.

Nr. 77/1947. **Herluf Clausen**
gegn
Óskari Ólafssyni.

Vísun máls frá hæstarétti.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu var skotið til hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1947 til þingfestingar í septembermánuði s. á. Áfrýjandi hefur síðan fimm sinnum fengið frest í málinu og biður hann nú, 31. maí, um frest til júnímánaðar næstkomandi, en ágrip dómsgerða hefur enn eigi borizt. Hefur stefndi neitað um frestinn og krafizt frávísunar og ómaksbóta úr hendi áfrýjanda. Að svo vöxnu máli þykir bera að vísa málinu frá hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda ámaksbætur, er ákveðast kr. 400.00.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Áfrýjandi Herluf Clausen greiði stefnda Óskari Ólafssyni kr. 400.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 3. júní 1948.

Nr. 39/1947. **Kristín Guðjónsdóttir**
(Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
Kaupfélagi verkamanna í Vestmannaeyjum og bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar f. h. bæjarsjóðs (Hrl. Gunnar J. Möller).

Fébótamál vegna verðrýrnunar fasteignar í kaupstað. Sératkvæði.

Dómur hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1947. Krefst hann þess aðallega, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða honum in solidum kr. 17 000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 3. sept. 1946 til greiðsludags, til vara, að stefnda Kaupfélagi verkamanna verði dæmt að greiða fjárhæðina með vöxtum sem fyrr segir, og til þrautavara, að honum verði dæmd fjárhæðin með vöxtum úr hendi stefnda, bæjarstjórnar Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs. Svo krefst áfrýjandi og, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, en til vara, að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi þess aðilja, sem dæmt kynni að verða að greiða skaðabætur.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Erum samþykkir framanskráðum dómi að öðru leyti en því, að við teljum eftir atvikum málsins rétt, að áfrýjandi Kristín Guðjónsdóttir greiði stefndu, Kaupfélagi verkamanna í Vestmannaeyjum og bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. marz 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 20. f. m., er höfðað af Kristínu Guðjónsdóttur, Bergi, Vestmannaeyjum, með stefnu útgefinni 6. sept. 1946, birtri 7. s. m., á hendur Eyjólfi Eyjólfssyni kaupfélagsstjóra, f. h. kaupfélags verkamanna og Ólafi Kristjánssyni bæjarstjóra, f. h. bæjarsjóðs Vestmannaeyja, til greiðslu bóta á tjóni, er hún telur sig hafa orðið fyrir við aðgerðir þessara aðilja.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að hinir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða henni kr. 17 000.00 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 3. sept. 1946, til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eða eftir reikningi, sem nemur að upphæð kr. 2498.00. Til vara krefst stefnandi þess, að greiðsluskyldan verði lögð á Kaupfélag verkamanna, en til þrautavara, að hún verði lögð á bæjarsjóð Vestmannaeyja.

Hinir stefndu hafa látið mæta í málinu og gert þær réttarkröfur, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, bæði aðalkröfu, varakröfu og þrautavarakröfu, og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða þeim málskostnað eftir mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi er eigandi að húseigninni Berg eða Bárustíg 4 í Vestmannaeyjum ásamt tilheyrandi lóðarréttindum að ca. 300 ferálna lóð. Þetta er einlyft timburhús með risi og kjallara og snýr stafni að Bárustignum. Gluggar eru á suður- og norðurhlið hússins, en engir á göflum, nema í risinu eru litlir gluggar upp undir mæni. Eldhús og svefnherbergi eru á hæðinni í suðurhelmingi hússins, en 2 stofur í norðurhelmingi. Við suðurhliðina stendur skúr, og er þar inngangurinn í húsið. Frá suðurhlið skúrsins að lóðarmörkum eru 1.25 metrar, en frá suðurhlið meginhússins eru 3.51 metrar að lóðarmörkum. Húsið mun vera byggt fyrir rúmum 30 árum. Á næstu lóð fyrir sunnan, Bárustíg 6, stendur verzlunarhús Kaupfélags verkamanna. Þar stóð áður fiskhús, en árið 1933 var hafin bygging hússins, sem nú stendur á lóðinni. Það ár sótti þáverandi eigandi lóðarréttindanna um leyfi bygginganefndar Vestmannaeyja til þess að byggja verzlunarhús á lóðinni og var gert ráð fyrir tveggja hæða

húsi, enda var það í samræmi við skipulagsuppdrátt fyrir Vestmannaeyjakaupstað, er staðfestur var 1932. Jafnframt sótti umsækjandinn um leyfi til þess að byggja aðeins eina hæð að sinni. Á fundum, sem haldnir voru í byggingarnefnd Vestmannaeyja hinn 19. og 28. júlí 1933, var hvort tveggja samþykkt, að byggt yrði verzlunarhús á lóðinni samkvæmt framlögðum uppdrætti og undanþága veitt um byggingu efri hæðarinnar. Neðri hæðin var síðan reist og snéri húsið hlið að Bárustígnum, en brandgafl að húsinu Berg, og var byggt út að lóðarmörkum þeim megin. Síðan urðu eigendaskipti að húsinu, og komst það í eign Útibús Útvegsbanka Íslands h/f í Vestmannaeyjum, er seldi það Kaupfélagi verkamanna.

Vorið 1945 sótti Kaupfélagið um leyfi byggingarnefndar Vestmannaeyja til þess að stækka húsið samkvæmt nýrri teikningu. Var gert ráð fyrir að byggja ofan á húsið eina hæð og lengja það í suður. Á fundi byggingarnefndar, sem haldinn var 30. maí 1945, var beiðnin samþykkt og strax á eftir var verkið hafið. Hinn 25. júní 1945 skrifaði stefnandi byggingarnefnd Vestmannaeyja og benti á, að væntanleg hækkun hússins myndi valda því að sól gæti ekki skinið inn um glugga á suðurhlið húss síns, Bergs, og ekki nóg með það, því að meiri hluta ársins myndi alls ekki verða fullbjart um miðjan dag í herbergjum í suðurhlið hússins. Krafðist stefnandi þess, að hækkunin yrði bönnuð, en að öðrum kosti kvaðst hún myndi krefjast bóta fyrir verðrýrnun hússins af þessum sökum. Byggingarnefnd Vestmannaeyja tók erindi stefnanda fyrir á fundi 3. júlí s. á. Var þar samþykkt að binda byggingarleyfi Kaupfélags verkamanna því skilyrði, að fyrirtækið tæki ábyrgð á öllu skaðabótaskyldu tjóni, er fyrirhuguð bygging kynni að valda nágrönnunum. Þessi ályktun var samþykkt á bæjarstjórnarfundi 7. júlí 1945. Er stefnanda voru kunn þessi málalok, skrifaði hún bæjarstjórninni og kvað hana enga heimild hafa til að vísa sér með væntanlegar skaðabótakröfur á kaupfélagið og bæri bæjarstjórninni að svara til sakar, þar sem byggingarnefnd Vestmannaeyja hefði veitt hið umbeðna byggingarleyfi. Áskildi hún sér rétt til að krefja bæjarstjórnina fullra bóta, er séð yrði, hvaða tjón hún hlyti af byggingarframkvæmdunum. Samtímis skrifaði stefnandi kaupfélaginu og krafðist þess, að hætt yrði þegar við hækkun á húseigninni og ef kröfunni yrði ekki sinnt, áskildi hún sér fullar bætur á öllu tjóni, er af því hlytist. Kaupfélagið sinnti ekki þessum kröfum, og var byggingu hússins haldið áfram og efri hæðinni komið upp síðari hluta ársins 1945.

Hinn 17. janúar 1946 fór stefnandi þess á leit, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til þess að skoða og meta til peningaverðs það tjón, er hún hafði beðið vegna hækkunar hússins. Dómkvaðning fór fram 24. janúar s. á., og framkvæmdu matsmennirnir mat sitt 26. s. m. Var niðurstaða málsins sú, að fyrir hækkun kaupfélagshússins hefði húsið Berg verið 45 þús. króna virði, en 28 þús. kr. virði eftir hækkunina. Samkvæmt þessu nam

verðrýrnun hússins kr. 17.000.00. Stefnandi höfðaði síðan mál þetta, og krafðist þess, að hinir stefndu greiddu matsupphæðina, kr. 17 000.00, ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og fyrr greinir.

Hinir stefndu hafa neitað því að hafa bakað sér nokkra skaðabótaábyrgð með aðgerðum sínum. Telja þeir að vegna skipulagsuppdráttarins frá 1932 eigi stefnandi enga skaðabótakröfu, þar sem uppdrátturinn breytti í engu húsinu Bergi eða lóð þess, þótt hann hins vegar ætlaðist til, að tveggja hæða hús yrðu einungis byggð við Bárustíginn og þar á meðal á lóðinni fyrir sunnan húsið, þar sem kaupfélagshúsið stendur nú. En hafi svo verið, að stefnandi hafi átt rétt á bótum vegna skipulagsuppdráttarins, telja stefndu, að sá réttur sé fyrir löngu fallinn niður fyrir vangeymslu. Leyfi byggingarnefndar Vestmannaeyja til stækkunar og hækkunar hússins, er veitt var vorið 1945, kveða þeir í eðli sínu aðeins endurnýjun á eldra leyfi og hafi verið í fullu samræmi við skipulagsuppdráttinn. Þá telja hinir stefndu, að bæturnar, sem stefnandi fer fram á, séu langt of háir, og niðurstaða matsmanna um verðrýrnun húss stefnanda sé ekki rétt. Eins og fram kom við staðfestingu matsins, gengu matsmennirnir út frá, að húsið væri alveg sólarlaust eftir hækkun kaupfélagshússins. Þetta kveða hinir stefndu rangt, þar sem sannanlega nái sól að skína inn um suðurglugga hússins frá byrjun maí til 15. ágúst, að minnsta kosti í 6 tíma á degi hverjum. Hafa þeir lagt fram greinargerð frá sérfræðing um sólarhæð í Vestmannaeyjum og afstöðumynd af húsunum, sem sýnir fjarlægð þeirra hvors af öðru, hæð þeirra, gluggahæð o. s. frv., þessu til sönnunar. Þá hafa hinir stefndu lagt fram vottorð frá heilbrigðisfulltrúanum í Vestmannaeyjum, er kveður það álit sitt, að hús stefnanda sé ekki lakara til íbúðar eftir hækkun kaupfélagshússins heldur en það áður var.

Stefnandi heldur því hins vegar fram, að réttur sinn til skaðabóta sé alveg ótvíræður, þar sem húseign sín hafi rýrnað í verði fyrir aðgerðir, sem hinir stefndu bæru ábyrgð á. Hefur stefnandi í því sambandi vitnað til byggingarsamþykktar Vestmannaeyja og laga um skipulag kaupstaða og sjávarþorpa, án þess þó að benda á ákveðnar greinar, er réttur hennar ætti stoð í. Þennan rétt sinn kveður stefnandi alls ekki niðurfallinn fyrir vangeymslu, þar sem hún hafi hafizt handa til þess að mótmæla aðgerðum stefndu jafnskjótt og ástæða hafi verið til. Skipulagsuppdrátturinn frá 1932 hafi ekki borið með sér, að húseign sín yrði rýrð í verði, en þótt svo hefði verið, bæri að sama brunni, þar sem bæjarstjórnin hafi vanrækt að senda henni skriflega tilkynningu um að uppdrátturinn hefði breytingu í för með sér fyrir húseignina, eins og mælt er fyrir í 12. gr. laga nr. 55/1921. Ástæða fyrir hana hafi því fyrst komið til, er undirbúningur að stækkun hússins var hafin, enda hafi hún þá strax sett fram mótmæli sín, eins og áður er rakið.

Húseignin Berg hefur frá upphafi staðið við eina fjölförnustu götu kaupstaðarins. Eigendur hússins höfðu því ástæðu til að gera

ráð fyrir, að stærri hús en þau, er fyrir voru, myndu rísa upp við götuna, er timar liðu og bærinn stækkaði. Skipulagsuppdrátturinn frá 1932 breytti í engu lóð hússins, en ætlaðist til að einungis tvílyft hús yrðu reist við götuna og þar á meðal á lóðinni fyrir sunnan húsið, lóð kaupfélagsins. Verður ekki unnt að fallast á, að með þessari ákvörðun hafi verið gengið svo á rétt stefnanda, að til bóta geti komið. Leyfið til hækkunar kaupfélagshússins, er veitt var endanlega af bæjarstjórn 7. júlí 1945, var í samræmi við skipulagsuppdráttinn og virðist ekki hafa farið í bága við byggingarsamþykkt Vestmannaeyja, og framkvæmd hækkunarinnar virðist hafa verið í samræmi við leyfið. Þegar tillit er tekið til legu lóðarinnar í aðalverzlunarhverfi kaupstaðarns, verður að líta svo á, að hækkun hússins hafi verið eðlileg og réttmæt hagnýting hennar, sem stefnandi mátti búast við, og hafði hvorki rétt til að afstýra né öðlaðist rétt til bóta fyrir það tjón og óhagræði, sem af hækkuninni leiddi, þar sem það virðist ekki hafa orðið annað né meira en fyrirsjáanlegt var. Samkvæmt þessu þykir bera að sýkna hina stefndu af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppsaga dóms þessa hefur dregizt nokkuð vegna anna dómarans við lögskráningar og réttarrannsóknir.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Eyjólfur Eyjólfsson f. h. hönd Kaupfélags verkamanna og Ólafur Kristjánsson fyrir hönd bæjarsjóðs Vestmannaeyja, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda Kristínar Guðjónsdóttur í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 7. júní 1948.

Nr. 15/1948. **Friðþjófur G. Johnsen, f. h. eigenda og vátryggjanda v/s Havfrugvin V.N. 220**
(Hrl. Gunnar Möller)
gegn
Hinriki Jónssyni f. h. eigenda og skipshafnar b/v King Sol G.Y. 338 og gagnsök
(Hrl. Sigurður Ólason)

Bjarglaun.

Dómur hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, settur bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Sæmundur Jónsson og Lúðvík N. Lúðvíksson, hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. febrúar þ. á. Gerir hann þær dómkröfur, að fjárhæðir þær, er dæmdar voru í héraði, verði lækkaðar og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 31. f. m., að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 207 826.98 og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta ákvæði hans um bjarglaun og málskostnað.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Friðþjófur G. Johnsen, f. h. eigenda og vátryggjenda v/s Havfrugvin V.N. 220, greiði gagnáfrýjanda, Hinriki Jónssyni, f. h. eigenda og skipshafnar b/v King Sol G.Y. 338, kr. 120 000.00, kr. 8000.00 í máls-

kostnað í héraði og kr. 2000.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 11. desember 1947.

Mál þetta, sem var fyrst dómtekið 20. f. m., en endurupptekið hinn 8. þ. m. og lagt að nýju í dóm s. d., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Hinriki Jónssyni hdl., Vestmannaeyjum f. h. Páls Aðalsteinssonar, Grimsby, f. h. eigenda b/v King Sol, G.Y. 338, Ranovia S.F. Co. Ltd., Grimsby, og áhafnar nefnds skips, með stefnu útgefinni 25. júlí 1947, á hendur Friðþjófi G. Johnsen hdl., Vestmannaeyjum, f. h. eigenda skipsins Havfrugvin V.N. 220, þeirra Ole Jakob Olsen og Hans Olsen, beggja til heimilis í Vestmanhavn, Straumey, Færeyjum, til greiðslu björgunarlauna vegna hjálpar, er King Sol lét m/k Havfrugvin í té hinn 13.—15. apríl s. l. við að komast til hafnar í Vestmannaeyjum. Þá hefur og Friðþjófi G. Johnsen, f. h. vátryggjenda skipsins, Föroyja Sjóvátrygging, verið stefnt til að gæta hagsmuna sinna í málinu.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 200.000.00 í björgunarlaun auk kostnaðar samkvæmt reikningum, að upphæð kr. 7826.98, svo og allan málskostnað, samkvæmt reikningi eða eftir mati réttarins. Enn fremur krefst stefnandi þess, að tildæmdur verði sjóveðréttur í m/k Havfrugvin fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Stefndi hefur mætt í málinu og gert þær réttarkröfur aðallega, að stefnanda verið tildæmd hæfileg upphæð fyrir dráttaraðstoð samkvæmt mati dómsins, þó ekki yfir kr. 10 000.00, en til vara björgunarlaun eftir mati réttarins, þó ekki yfir kr. 20 000.00, og án vaxta sú upphæð, sem tildæmd kann að verða, og að málskostnaður verði látinn falla niður. Þá hefur stefndi og krafizt lækkunar á kostnaðarreikningum stefnanda og mótmælt sjóveðréttarkröfu hans.

Samkvæmt sameiginlegri skýrslu, er skipstjóri og stýrimaður á King Sol og skipsjórinn á Havfrugvin gáfu hinn 15. apríl s. l., og staðfest var í sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja sama dag og samkvæmt vitnaframburðum hafnsögumannanna í Vestmannaeyjum og stýrimannsins á m/k Havfrugvin, eru málavextir eftirfarandi:

Um morguninn 13. apríl s. l. var togarinn King Sol, G.Y. 338, á veiðum ca. 24 sjómílur vestur af Smáeyjum. Kl. 6.30 kom færeyska skipið Velfare að togaranum og gaf til kynna með bendingum, að skip væri statt vestur undan, er þyrfti aðstoðar við. Togarinn átti síðan talstöðvarsamband við færeyska skipið, og kom þá í ljós, að fiskiskipið Havfrugvin V.N. 220 var statt lítið eitt vestar með bilaða vél og þyrfti á hjálp að halda. Hætti togarinn þá veiðum og sigldi til skipsins til þess að veita því þá aðstoð, er það þyrfti með. Vindur var þá 5—6 stig af S.S.V.

Þegar til Havfrugvin kom, reyndist skipið með ónothæfa vél, þar sem sveifarás vélarinnar var brotinn og skipið studdist við seglin ein. Seglin voru í sæmilegu ástandi, en skipið sigldi ekki vel. Samkvæmt matsgerð, er fram fór s. m., var fremsta stórsegl ónýtt. Yfirmenn skipsins höfðu beðið Velfare að koma boðum til King Sol um að hjálpa þeim til hafnar.

Áhöfn togarans tókst brátt að koma vír yfir til Havfrugvin, og var síðan lagt af stað með skipið í drætti til Vestmannaeyja. Er togarinn hafði dregið kútterinn um 4 sjómílur, brast sá útbúnaður, sem áhöfn Havfrugvin hafði fest í dráttartaugina. Þá var klukkan 9.55. Sigldi togarinn þá aftur að skipinu og kom drátarvírnum í annað sinn um borð. Var svo haldið áfram með kútterinn í drætti, þar til komið var undir Eiðið. Þá var klukkan 15.50. King Sol lét þar legufæri sín falla, en Havfrugvin lá við vírinn milli skipanna og notaði ekki sín legufæri. Á leiðinni hafði sjór og veður farið versnandi.

Áður en komið var undir Eiðið, hafði skipstjórinn á King Sol sent umboðsmanni sínum í Vestmannaeyjum skeyti og látið hann vita, að skipið væri á leiðinni þangað með skip í drætti, og spurðist fyrir um, hvort útlit væri á, að unnt væri að koma skipinu inn. Svar umboðsmannsins var á þá leið, að hafnsögumennirnir teldu útilokað að koma skipinu inn, með því að nægjanlega sterkir dráttarbátar væru ekki fyrir hendi. Hafnsögumennirnir voru leiddir sem vitni hinn 8. þ. m., og kváðust ekki minnast þess, að þeir hefðu látið orð falla í þessa átt. Annar hafnsögumaðurinn skýrði svo frá, að umboðsmaðurinn hefði hringt sig upp kl. 2—4 um daginn, og skýrt sér frá, að King Sol væri á leiðinni til Eyja með Havfrugvin í eftirdragi, og spurðist fyrir um, hvort unnt myndi að koma skipinu inn á innri höfnina. Veður var þá vont og sjór úfinn, og kveðst hafnsögumaðurinn hafa svarað því, að hann teldi tök á að koma skipinu inn á innri höfnina, ef veður og sjór versnaði ekki frá því, sem þá var. Síðan kvaðst hann eða hinn hafnsögumaðurinn hafa tilkynnt umboðsmanninum, að þeir myndu koma út til skipsins, er það kæmi inn á Víkina. Samkvæmt frásögn beggja hafnasögumannanna var vindur suðlægur fyrri hluta dagsins og Víkin úfin, eða ytri höfnin, og vandkvæðum bundið fyrir skip að liggja þar, enda leituðu þau vars undir Eiðinu. Er á daginn leið, breyttist vindstaðan, og gekk vindur meir til vesturs og varð þá ófært undir Eiðinu, en betra á Víkinni, og fluttu skipin sig þá þangað, er leitað höfðu skjóls við Eiðið. Er King Sol kom undir Eiðið var lágsjávað og smástreymt og ekki unnt vegna brims að reyna að draga Havfrugvin inn á innri höfnina fyrr en hækkaði í sjó. Árdegisflæði þennan dag var kl. 10—11 f. h.

Umboðsmaður King Sol í Vestmannaeyjum lét skipið vita, að það skyldi koma inn á Víkina kl. 18—19 og myndi þá verða athugað, hvort tök væri á, að koma Havfrugvin inn á innri höfnina. Kl. 17.30

lagði King Sol því af stað undan Eiðinu og sigldi inn á Víkina með Havfrugvin í eftirdragi. Er komið var inn á Víkina, lá þar fyrir fjöldi skipa, og höfðu sum þeirra áður legið undir Eiðinu, en flutt sig til, er vindstaðan breyttist, eins og fyrr getur. Veður var þá hríðversnandi, sjór vondur og úfinn og afar mikið brim við landsteina. Strax og King Sol var kominn inn á Víkina, kom hafnsögubáturinn að skipinu. Fór annar hafnsögumaðurinn um borð og átti tal við skipstjórann, og spurði hann að, hvort hann gæti haft skútuna í drætti yfir nóttina, því mjög væri torvelt að draga skipið inn. Skipstjórinn óskaði hins vegar að það yrði reynt, þar sem veður og sjór færi versnandi, og tæplega unnt að vera með skútuna aftan í togaranum í slíku veðri. Lét hafnsögumaðurinn þá rýma til á Víkinni, svo King Sol fengi sem öruggast lægi, og var jafnframt haft samband við færeysku skútuna Columbus, er lá á Víkinni, og hún beðin að draga Havfrugvin inn á innri höfnina. Tók hún því vel og færði sig að Havfrugvin.

Eftir að Víkin hafði verið rýmd, lagðist King Sol með skútuna í eftirdragi eins innarlega á Víkina og unnt var. Legufæri voru látin falla. Þá var kl. 20.50.

Þegar hér var komið, kom hafnsögubáturinn að King Sol og lét vita, að Columbus hefði ekki nægjanlega sterka víra til þess að draga Havfrugvin inn. King Sol lánaði þá nýjan 3ja tommu vír, og var hann fluttur af hafnsögubátnum milli skipanna.

Er vírinn hafði verið festur, byrjaði Columbus á drættinum. Jafnframt fór áhöfnin á Havfrugvin að reyna að losa dráttartaugina frá King Sol, en það tókst ekki, og slakaði þá King Sol á dráttartauginni. Er King Sol hafði gefið út um 200 faðma af dráttartauginni, slitnaði vírinn milli Columbusar og Havfrugvin. Lá þá Havfrugvin nálægt miðri Víkinni, en stutt frá Klettinum, og barst undan öldunni í áttina til Klettsins. Áhöfnin á King Sol dró þá þegar inn dráttartaugina og tókst að afstýra því, að skipið ræki upp í Klettinn, með því að nota vél og spil skipsins til hins ýtrasta, eins og segir í skýrslu yfirmanna skipanna. Er það samhljóða álit yfirmannanna á skipunum, að Havfrugvin hefði borizt upp í Klettinn og brotnað í spón og öll áhöfnin sennilega farizt, ef King Sol hefði ekki notið við, er með sérstaklega skjótum hætti hafi afstýrt hættunni.

Eftir þetta töldu hafnsögumennirnir ekki fært að gera frekari tilraunir til þess að draga skipið inn um kvöldið, enda var þá farið að dimma af nótt. Voru ekki heldur frekari tilraunir gerðar. Veðurhæð var þá afarmikil og brim og sog ofsafengið á Víkinni, og tók Havfrugvin stórar veltur, þar sem hún lá við dráttartaugina frá King Sol. Von bráðar taldi áhöfnin á Havfrugvin ekki fært að hafast við í skipinu, þar sem dráttartaugin var farin mjög að togna og óvíst, hvort hún myndi halda, ef veðrinu slotaði ekki. Ákvað hún því að yfirgefa skipið og kynnti bál til þess að gefa hafnsögubátnum merki. Hafnsögubáturinn sigldi þá að skipinu, og fór áhöfnin þegar um borð í

bátinn. Var hún síðan flutt í land, og var klukkan þá 22.40. Síðan flutti báturinn skipstjórann að King Sol eftir beiðni hans, og fór hann þar um borð og var þar um nóttina. Annar hafnsögumaðurinn var einnig um borð í King Sol um nóttina samkvæmt beiðni skipstjóra þess skips.

Veður hélzt hið sama um nóttina. Kl. 2 var veðurhæð 10 stig á SV, stórsjór, snjóél og dimmviðri. Varð King Sol að „keyra" áfram alla nóttina á legufærunum með 30/50 vélarsnúninga á mínútu. Valt Havfrugvin mjög, þar sem hún lá, og tók sjó á skammdekk í stærstu veltunum.

Daginn eftir var ofsarok á V.S.V. með mjög skörpum éljum. Kl. 12 á hádegi fór stýrimaðurinn á King Sol um borð í Havfrugvin með 3 háseta til að koma öðrum vír milli skipanna til frekara öryggis. Færði King Sol sig svo innar á Víkina og gaf út sjö liði af keðju, og voru báðir vírarnir í Havfrugvin jafnaðir inn. Vél skipsins var einnig látin halda við með 30/40 snúningum. Um kvöldið var veðurhæð 9 stig.

Aðfaranótt þriðjudagsins 15. apríl dró úr veðrinu og um kl. 14 þann dag fékk umboðsmaður King Sol skipið Snæfugl frá Reyðarfirði til þess að draga Havfrugvin inn á innri höfnina. Lá Havfrugvin síðan í Vestmannaeyjum til 29. apríl, en fór þá til Færeyja og naut aðstoðar annars færeysks skips alla leiðina.

Stefnandi heldur því fram, að m/k Havfrugvin hafi verið stödd í neyð og mjög sennilegt, að hún hefði ekki komizt hjálparlaust af, er King Sol kom til skipsins fyrir vestan Eyjar, og tvímælalaust hefði skipið farizt, ef King Sol hefði ekki notið við, er dráttartaugarnar frá Columbus slitnuðu á Víkinni í Vestmannaeyjum. Telur hann því, að um tvöfalda björgun hafi verið að ræða, fyrst fyrir vestan Eyjar og síðan á Víkinni, og eigi hann ótvíræðan rétt til björgunarlauna.

Stefndi telur hins vegar, að þrátt fyrir það, að vél skipsins hafi verið biluð, hefði skipinu verið unnt að komast ferða sinna af eigin rammleik á seglum, og hafi því alls ekki verið um björgun að ræða í skilningi siglingalaganna, heldur einungis dráttaraðstoð.

Eins og þegar hefur verið rakið, var Havfrugvin vélarvana, er því berst hjálp frá King Sol, þar sem sveifarás vélarinnar var brotinn, og áhöfn skipsins ekki unnt að gera við hann. Seglin voru í sæmilegu ástandi samkvæmt framburðum yfirmanna skipsins, sem fyrr getur, en upplýst er að fremsta stórsegl var ónýtt, er skipið kom til Vestmannaeyja. Þá er það og upplýst, að skipið kallaði strax á hjálp, er vélin bilaði, og er skipið fór frá Eyjum til Færeyja hinn 29. apríl, eða 16 dögum síðar, var það dregið af öðru skipi. Bendir þetta til þess, að segl skipsins hafi verið lítt nothæf. Skipið var á allhættulegum stað og hafnleysur umhverfis, og langvarandi óveður fór í hönd, og stóð vindur á land lengi vel og hlaut því skipið að berast upp að ströndinni, ef seglin kæmu ekki að haldi. Rétturinn lítur því

svo á, að eftir atvikum séu líkur til, að skipið hefði ekki bjargazt af eigin rammleik, og hafi því verið um björgun að ræða í skilningi siglingalaganna. Hins vegar lítur rétturinn svo á, að hjálpin, er King Sol veitti Havfrugvin á Víkinni í Vestmannaeyjum, er dráttartaugin frá Columbus slitnaði, sé aðeins einn liður í björgunarstarfi skipsins, en ekki sjálfstæð björgun, enda hafði dráttartaugin milli skipanna ekki verið leyst.

Auk björgunarlauna hefur stefnandi krafizt þess, að fá tildæmdar kr. 7826.98 samkvæmt framlögðum reikningum. Reikningar þessir ræða um greiðslur, er stefnandi innti af hendi í Vestmannaeyjum fyrir aðstoð við að koma Havfrugvin inn á innri höfnina, fyrir hafnargjöld, kostnað við að hafa vaktmann í Havfrugvin eftir að skipið var komið inn á innri höfnina, kostnað við mat á Havfrugvin o. fl. Umboðsmaður stefnda hefur gert athugasemdir við þrjá af þessum reikningum. Í fyrsta lagi reikning frá hafnsögubátnum að upphæð kr. 1525.00, fyrir aðstoð við tilraunir við að koma Havfrugvin til hafnar, og síðan við drátt inn á innri höfnina o. fl. Reikning þennan telur stefndi of háan. Í öðru lagi telur hann þóknun matsmanna, kr. 2000.00 fyrir mat á Havfrugvin og farmi hennar, of hátt. Stefndi hefur ekki sýnt fram á nægjanlega, að reikningar þessir séu ósanngjarnir, og verða því mótmæli hans ekki tekin til greina. Í þriðja lagi telur stefndi, að kostnaður vegna vaktmanns, sem stefnandi lét vera um borð í Havfrugvin, eftir að skipið var komið til hafnar, hafi verið óþarfur og eigi ekki að koma sér til gjalda. Réttinum virðist hins vegar, að eftir atvikum geti það ekki talizt óeðlileg ráðstöfun að hafa vaktmann um borð í skipinu, meðan trygging fyrir björgunarlaununum hafi ekki verið sett, og verður því reikningurinn tekinn til greina. Um umrædda reikninga í heild er það að segja, að ýmist snúast þeir um beinan kostnað við björgunina eða um kostnaðarliði, sem venja er að telja til málskostnaðar, og verða þeir ekki tildæmdir sérstaklega, heldur hafðir í huga, er björgunarlaunin og málskostnaður verða ákveðin.

Stefndi heldur því fram, að björgunin hafi orðið lengri og erfiðari en ástæður voru til fyrir þá sök, að King Sol hafi að óþörfu numið staðar undir Eiðinu, í stað þess að halda rakleitt áfram að innri höfninni og fá skipið strax dregið inn, áður en óveðrið skall á. Þessi staðhæfing virðist ekki rétt, þar sem upplýst má telja, að innsiglingin á innri höfnina var ófær vegna brims og lágsævis, er King Sol kom undir Eiðið, og ekki virðist hafa verið unnt að draga skipið inn fyrr en reynt var.

Töf stefnanda vegna björgunarinnar nam um 2½ sólarhring. Björgunin sjálf stóð yfir frá kl. 6.30 á sunnudag 13. apríl til kl. 14 þriðjudaginn 15. apríl, eða í 55½ klukkustund. Síðan tafðist skipið vegna sjóprófa, en þeim lauk kl. 19 sama dag. Kveðst stefnandi hafa orðið fyrir aflatjóni, en hefur hins vegar ekki tilgreint neina upphæð. Virðist mega gera ráð fyrir, að hann hafi orðið fyrir einhverju

aflatjóni, en sem tæplega hefur numið verulegum fjárhæðum, vegna þess að megnið af tímanum hefði skipið ekki getað verið að veiðum vegna óveðurs.

Um verðmæti hins bjargaða liggja fyrir þessar upplýsingar: Samkvæmt matsgerð, er fram fór hinn 17. apríl 1947 af útnefndum matsmönnum, var skipið með öllu tilheyrandi, að farmi undanskildum, metið á kr. 275 000.00. En verðmæti saltfisks, salts og olíu í skipinu var metið á kr. 121 900.00, eða verðmæti hins bjargaða samtals á kr. 396 900.00. Stefndi kveður mat skipsins óhæfilega hátt og sé það byggt á röngum grundvelli, þar sem miðað sé við gangverð skipa hér, í stað þess að miða við gangverð í Færeyjum. Rétturinn telur hins vegar, að matið hafi átt að miðast við verðlag skipa hér á landi, eins og gert var, og þykir því bera að leggja matið til grundvallar, eins og það er.

Um verðmæti b/v King Sol liggja engar skýrar upplýsingar fyrir. Stefnandi skýrir svo frá, að togarinn sé 600 rúmlestir brúttó, en 328 smálestir nettó, og sé byggður 1936 og sé útbúinn öllum nýtízku tækjum. Áætlar stefnandi verð hans um 3 milljónir íslenzkra króna.

Við ákvörðun björgunarlaunanna verður eftirfarandi haft í huga: Björgunin tókst til fullnustu og var vel af hendi leyst, tók alllangan tíma og var talsverðum erfiðleikum bundin. M/k Havfrugvin og áhöfn skipsins var stödd í allmikilli hættu og komst í yfirvofandi háska á Víkinni í Vestmannaeyjum, er dráttartaugarnar frá Columbus slitnuðu, en hættunni var afstýrt fyrir snarræði og atorku áhafnar King Sol. Við björgunina var King Sol og áhöfn skipsins stofnað í nokkra hættu, þar sem skipið hlaut að verða illa statt, ef legufæri eða vél hefði bilað, er skipið lá í brimrótinu á Víkinni með Havfrugvin í eftirdragi. Einnig lögðu skipverjar sig í hættu við að koma nýjum dráttarvír milli skipanna um hádegið á mánudag meðan óveðrið stóð enn yfir. Björgunin hafði nokkur bein útgjöld í för með sér og King Sol lagði til dráttarvíra, sem hlutu að ganga úr sér, og skipið varð fyrir einhverju aflatjóni. Að þessu og öðru athuguðu, svo með tilliti til verðmætis hins bjargaða, þykja björgunarlaunin hæfilega ákveðin kr. 120 000.00, er stefnda ber að greiða stefnandanum, en vextir verða ekki tildæmdir, þar sem þeirra hefur ekki verið krafizt.

Þá þykir og rétt að dæma stefnda til þess að greiða stefnandanum kr. 8000.00 í málskostnað, og er þar ekki með talinn kostnaður við kyrrsetningargerð Havfrugvin, er stefnandi lét hefja hinn 28. apríl s. l., með því gerðin virðist hafa verið óþörf, þar sem bankatrygging fyrir björgunarlaununum hafði þá verið sett, og skipstjóri skipsins hafði gefið Friðþjófi G. Johnsen hdl. umboð til þess að taka við stefnu fyrir sína hönd og hins eiganda skipsins.

Sjóveðréttur verður ekki tildæmdur í m/k Havfrugvin fyrir hinum tildæmdu upphæðum, með því að skipið er fyrir löngu komið til Færeyja og lýtur ekki lengur íslenzkri lögsögu.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Friðþjófur G. Johnsen hdl., f. h. eigenda m/k Havfrugvin V.N. 220, þeirra Ole Jakob Olsen og Hans Olsen, greiði stefnandanum Hinrik Jónssyni, f. h. eigenda b/v King Sol, G.Y. 338, Ranovia S.F. Co. Ltd., kr. 120 000.00, og kr. 8000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. júní 1948.

Nr. 24/1948. **Hannes Björnsson** (Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn
Tryggva Jóhannessyni (Enginn).

Vísun máls frá hæstarétti.

Dómur hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. marz 1948, skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til uppkvaðningar úrskurðar af nýju og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti.

Stefndi hefur ekki komið fyrir dóm né nokkur af hans hendi, enda þótt stefnan sé löglega birt. Hefur málið því samkvæmt 38. gr. laga nr. 112/1935 verið flutt skriflega og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Hinn 2. júlí 1946 sneri umboðsmaður áfrýjanda, hrl. Magnús Thorlacius, sér til borgarfógetans í Reykjavík og krafðist þess fyrir hönd áfrýjanda, að fógeti hlutaðist til um það, að herbúð stefnda yrði rýmt af leigulandi áfrýjanda, Laugarásbletti 21 hér í bæ.

Mál um kröfu þessa var síðan sótt og varið skriflega fyrir fógetadómi og tekið til úrskurðar hinn 27. júlí s. á. og úrskurður upp kveðinn 31. s. m. Í upphafi úrskurðar síns hermir fógeti ranglega kröfu áfrýjanda á þá leið, að stefndi

verði borinn út úr herbúð þeirri, er áður greinir, og kvað hann upp úrskurð þess efnis, að útburðargerð þessi fari fram. Magnús hrl. Thorlacius kveðst hafa látið fógeta lesa fyrir sér niðurstöðu úrskurðarins, þar sem segir, að gerðin skuli fram fara, og segist Magnús því hafa litið svo á, að kröfur sínar um rýmingu herbúðarinnar hefðu verið til greina teknar. Fól hann síðan Boga Brynjólfssyni, fyrrverandi sýslumanni, að framfylgja úrskurðinum. Var málið tekið til meðferðar í fógetadómi Reykjavíkur hinn 9. ágúst s. á., og er þá bókað, að krafist sé útburðar samkvæmt áðurgreindum úrskurði. Enn var málið til meðferðar í fógetadómi 28. október s. á. Var þar kominn af hendi Magnúsar hrl. Thorlacius fulltrúi hans, Jóhann Steinason cand. juris. Er þar enn bókað, að krafizt sé útburðar. Ekki kveðst Magnús Thorlacius hafa vitað um kröfur og bókanir þær, sem fulltrúar hans gerðu 9. ágúst og 28. október. Telur hann, að ranghermi fógeta á kröfum áfrýjanda og niðurstaða úrskurðarins, sem er í samræmi við ranghermið, eigi að valda ómerkingu úrskurðarins og heimvísun málsins, enda verði eigi mark tekið á bókunum og kröfum fulltrúa sinna, er gerðar hafi verið að honum fornspurðum.

Þessi sjónarmið fá ekki staðizt. Fulltrúar hrl. Magnúsar Thorlacius, sem eru löglærðir og fullgildir til fyrirsvars fyrir dómi, kröfðust þess berum orðum, að úrskurðinum yrði fullnægt. Verða yfirlýsingar þeirra og framkoma ekki skýrð á annan hátt en þann, að þeir vildu fyrir hönd áfrýjanda hlíta niðurstöðu úrskurðarins. Verður að telja áfrýjanda bundinn við þessar yfirlýsingar þeirra, sem ekki samrýmast áfrýjun málsins. Samkvæmt þessu verður að vísa málskoti þessu frá hæstarétti. Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógeta var kveðinn upp 31. júlí 1946. Áfrýjunarleyfis var aflað 2. marz 1948. Voru þá liðnir 19 mánuðir frá uppsögu úrskurðar fógeta. Verður að víta Magnús hrl. Thorlacius fyrir þenna drátt á áfrýjun málsins, enda átti hann ekki að geta vænzt þess að fá áfrýjunarleyfi, er svo langt var um liðið frá uppsögu úrskurðarins.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 31. júlí 1946.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 27. júlí s. l., hefur gerðarbeiðandi, Hannes Björnsson, Njálsgötu 92, hér í bæ, krafizt þess, að gerðarþoli, Tryggvi Jóhannesson, verði borinn út úr bragga, er stendur á lóðinni nr. 21 við Laugarásblett, hér í bæ.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Árið 1932 leigði Reykjavíkurbær Andrési Andréssyni klæðskera hér í bæ, lóðina nr. 21 við Laugarásblett, 1.37 ha að stærð. Var lóð þessi leigð til trjá- og blómaræktar, og var leigutíminn 20 ár. Ársleiga skyldi vera kr. 50.00. Síðar gekk svo gerðarbeiðandi, Hannes Björnsson, inn í þenna samning sem leigutaki í stað Andrésar.

Eftir brezku innrásina hér, vorið 1940, voru reistir 2 hermannaskálar á lóð þessari, og hafa þeir staðið þar síðan. Gerðarþoli Tryggvi Jóhannesson keypti annan þessara skála 7. júní 1945 af sölunefnd setuliðseigna, og var skáli þessi að vísu seldur til niðurrifs, en gerðarþoli fór eigi að því, heldur lagaði hann til íbúðar og hefur búið þar síðan með fjölskyldu sinni.

Aðiljum ber saman um að gerðarþoli hafi enga þóknun greitt gerðarbeiðanda fyrir veru braggans á lóð þessari, og engir skriflegir samningar hafa tekizt með þeim um veru skálans á lóðinni.

Gerðarþoli ritaði sölunefnd setuliðseigna hinn 7. maí s. l., og krafðist þess, að hún léti rífa bragga þenna tafarlaust, sjá hér rskj. 2. — Nefndin svaraði bréfi þessu með öðru bréfi dags. 1. júlí s. l., sjá rskj. 3, og færðist þar undan þessari kröfu gerðarbeiðanda, með því að skáli þessi hefði verið lagaður til íbúðar, og þyrfti því til að koma opinber úrskurður til þess að fært þætti að rífa hann.

Gerðarbeiðandi sneri sér þá til fógetaréttarins með bréfi, dags. 2. júlí s. l., og krafðist þess, að gerðarþola yrði gerð óheimil vera í skála þessum. Hefði skáli þessi verið keyptur til niðurrifs og væri algerlega lóðarréttindalaus.

Gerðarþoli mótmælir gerðinni fyrst og fremst á þeim grundvelli, að skáli þessi hafi verið lagaður til íbúðar, og sé því óheimilt að rífa hann, nema til komi leyfi húsaleigunefndarinnar, en slíks leyfis hafi ekki enn verið aflað. Hann kveður ekki hafa verið minnzt á það við sig, þegar hann keypti skálann, að neinn ákveðinn aðili hefði réttindi yfir lóðinni, og kveðst hann því hafa gengið út frá því, að landi þessu væri óráðstafað af hálfu Reykjavíkurbæjar. Hann

hafi svo lagað braggann til íbúðar í góðri trú og falli hann því undir 4. gr. húsaleigulaga, 1. mgr. Þá kveður gerðarþoli, að gerðarbeiðandi hafi dregizt á það að leyfa veru skálans á lóðinni allt til 1. júlí 1948.

Gerðarbeiðandi mótmælir því algerlega að hafa gefið gerðarþola neins konar loforð um að skáli þessi mætti standa á lóðinni neinn ákveðinn tíma. Hann kveðst að vísu hafa ætlað að semja við gerðarþola á þeim grundvelli, að skálinn mætti standa til 1. júlí 1948, eins og samningsuppkastið á rskj. 8 ber með sér, en vegna þess, að ekki varð samkomulag um ýmis önnur atriði, hafi þetta þó ekki orðið að samningum.

Það er sýnilegt eftir framburðum aðilja hér fyrir réttinum, að þeir hafa rætt allmikið saman um veru skálans á lóðinni, en eins og áður er greint, hafa engir skriflegir samningar tekizt. Gerðarþola hefur ekki tekizt, gegn mótmælum gerðarbeiðanda, að sanna að gerðarbeiðandi hafi gefið neitt loforð um að skálinn mætti standa á lóðinni einhvern vissan tíma.

Það er vitanlegt, að þegar gerðarþoli réðist í að laga skála þennan til íbúðar, bar honum að hefjast handa um að ganga úr skugga um, hvort enginn hefði réttindi yfir skálastæðinu, og var honum á margan hátt innan handar að fá þá vitneskju. Sérstaklega gildir þetta, þar sem gerðarþoli keypti skálann til niðurrifs.

Þannig verður ekki álitið, að gerðarþoli hafi verið í góðri trú við víkjandi tilheyrslu skálastæðisins, þegar hann lagaði skálann til íbúðar, og kemur ekki til mála að þannig til orðið húsnæði falli undir 4. gr. laga nr. 39/1943, 1. mgr.

Ber því samkvæmt framansögðu að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar. Þykir auk þess rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 500.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Gerð þessi skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli Tryggvi Jóhannesson, Laugarásbletti nr. 21, hér í bæ, greiði gerðarbeiðanda Hannesi Björnssyni, Njálsgötu 92, kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. júní 1948.

Nr. 32/1948. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Einar Arnórsson)
gegn
Óskari Þóri Guðmundssyni
(Hrl. Sigurður E. Ólason).

Líkamsárás. Hegningarauki.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt gögnum málsins er eigi unnt að líta svo á, að ákærði hafi átt heimili á Arnargötu 12, er atvik máls þessa gerðust, eða að hann hafi haft ástæðu til að telja, að svo væri. Einnig er ljóst, að ákærði hafði þá að fullu slitið samvistir við konu sína, Guðbjörgu Jónu. Þykir því eigi unnt að ákveða refsingu ákærða með hliðsjón af 4. tölulið 74. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar verður að taka til greina þá staðhæfingu ákærða, að hann hafi framið árásina í mikilli bræði, er hann sá mann hvíla hjá konu þeirri, er hann var eigi skilinn við að lögum. Ber því að ákveða hegningarauka hans með hliðsjón af 75. gr. laga nr. 19/1940 og þykir hann hæfilega tiltekinn 30 daga fangelsi, eins og segir í héraðsdómi. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað við áfrýjun málsins, þar að meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 450 krónur til hvors.

Það er athugavert, að það var látið viðgangast, að ákærði færi af landi burt til langdvalar erlendis, eftir að brot hans varð uppvíst, en áður en réttarpróf í málinu hófust.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Óskar Þórir Guðmundsson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti,

hæstaréttarlögmannanna Einars Arnórssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 31. október 1947.

Ár 1947, föstudaginn 31. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 4466/1947: Réttvísin og valdstjórnin gegn Óskari Þóri Guðmundssyni, sem tekið var til dóms þann 20. sama mánaðar.

Málið er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn ákærða Óskari Þóri Guðmundssyni silfursmið, Fálkagötu 16, hér í bæ, fyrir brot á XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930 til refsingar, greiðslu sakarkostnaðar og greiðslu skaðabóta.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 8. júlí 1920 í Reykjavík og hefur hann, svo vitað sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

1939 $^{2}/_{1}$ Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.

1940 $^{1}/_{1}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 150 kr. sekt og sviptur ökuskírteini í sex mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur.

1941 $^{2}/_{5}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 248. gr., sbr. að mestu 2. gr. hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Dómur hæstaréttar í sama máli $^{2}/_{10}$ 1941, 2ja mánaða fangelsi skilorðsbundið fyrir brot gegn 257. gr., sbr. 1. málsl. 48. gr. hegningarlaganna $^{2}/_{6}$ 1869 og að nokkru gegn 248. gr., sbr. 22. gr. hegningarlaganna nr. 19 12. febrúar 1940, sbr. að nokkru 2. gr. sömu laga. Sviptur kosningarrétti og kjörgengi.

1944 $^{2}/_{11}$ Reykjavík. Sátt, 25 kr. sekt fyrir neyzlu áfengis á veitingastað.

1945 $^{7}/_{4}$ Reykjavík. Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot gegn 9. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1947 $^{1}/_{10}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaganna.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Um miðjan marzmánuð 1945 fengu þau ákærði og Jóna Guðbjörg Guðmundsdóttir, Arnargötu 12, sem verið höfðu þá í hjónabandi um nokkurt skeið og áttu saman eitt barn, leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Eftir að þau fengu leyfi þetta, tóku þau saman aftur og bjuggu saman öðru hvoru þrátt fyrir það. Stóð svo þar til ákærði

fór til útlanda í ágústmánuði 1946. Erlendis dvaldi ákærði þar til 11. desember s. l. og kveðst hann þá hafa litið svo á, að hann ætti enn þá lögheimili á Arnargötu 12, þar sem Jóna Guðbjörg bjó. Ekki hafi hann þó búið hjá henni, eftir að úr utanförinni kom.

Aðfaranótt þess 16. desember s. l. var ákærði nokkuð undir áhrifum áfengis. Um kl. 2 um nóttina lagði hann leið sína að húsinu nr. 12 við Arnargötu og var ætlan hans að hitta þar Jónu Guðbjörgu. Hafði hann ekki lykla að húsinu og fór hann því inn um glugga í kjallaranum og komst þannig inn í húsið. Fór hann síðan upp á loft í húsinu, en þar svaf Jóna Guðbjörg. Herbergi hennar var ólæst, og fór nú ákærði inn í það og tendraði þar ljós. Sá hann þá, að karlmaður hvíldi í rúminu hjá Jónu Guðbjörgu. Kveðst nú ákærði hafa gengið að rúminu, svipt sænginni ofan af þeim Jónu Guðbjörgu og manninum, sem var sofandi, tekið í hann og dregið hann fram í eldhús. Er þangað kom, segir ákærði manninn hafa vaknað og búizt til varnar. Kveðst hann þá hafa tekið hann og og varpað honum niður stigann, sem liggur ofan af loftinu, en ekki hafi hann (þ. e. ákærði) greitt manninum eitt einasta högg, áður en hann varpaði honum niður stigann og ekki segir hann manninn heldur hafa komið á sig neinu höggi. Eftir þetta telur ákærði vel geta verið, að hann hafi tekið föt manns þessa og hent þeim niður stigann á eftir honum, en mótmælir því hins vegar, að hann hafi aðhafzt nokkuð annað eftir þetta, en beðið átekta, þar til lögreglumenn komu á staðinn, en hann hafi vitað, að þeir hafi verið til kvaddir, eftir að viðureign hans og mannsins átti sér stað. Það, sem hann gerði meðan á þeirri viðureign stóð, kveðst hann hafa gert í mikilli bræði. Segir hann, að hann hafi að vísu gert ráð fyrir, að einhver snurða væri hlaupin á sambúð þeirra Jónu Guðbjargar og hans eftir að hann kom úr utanförinni og hafi hann þá vitað, að hún væri orðin honum fráhverf, en þrátt fyrir þetta hafi hann, eins og fyrr segir, talið heimili sitt hjá henni, þótt ekki hafi hann búið þar frá því hann kom til landsins, nokkrum dögum áður en viðureign þessi átti sér stað, en hann kveðst enga hugmynd hafa haft um það þá, að Jóna Guðbjörg væri tekin saman við annan mann, og sjálfur kveðst hann ekki hafa verið heitbundinn, er þetta gerðist. Maður sá, sem ákærði varpaði niður stigann í umrætt skipti, heitir Guðmundur Guðmundsson sjómaður, Arnargötu 12 og var hann 22 ára að aldri, er það gerðist. Hann hefur skýrt þannig frá við rannsókn málsins, að hann hafi verið næturgestur hjá Guðbjörgu Jónu þá nótt, sem hér ræðir um, og hafi þau sofið í sama rúmi. Kveðst hann hafa verið sofandi, er ákærði kom inn, og gerir hann ráð fyrir því, að hann hafi hafið árásina á sig með því að greiða sér högg, hægra megin á hálsinn, aftan við eyrað og muni hann við það hafa misst meðvitund og ekki raknað við fyrr en hann lá fyrir neðan stigann. Hefur hann því enga lýsingu getað gefið á því, hvernig árásin hafi farið fram að öðru leyti. Guðmundur telur, að ákærði hafi kastað fötum sínum eftir

sér niður stigann og einnig er það álit hans, að hann hafi hellt yfir sig vatni, þar sem hann lá fyrir neðan stigann.

Auk áverka á hálsi, sem áður getur, viðbeinsbrotnaði Guðmundur við árás þessa, og hefur Halldór Hansen læknir lýst meiðslum hans og líðan eftir árásina þannig í vottorði, útgefnu þann 29. júní s. l.:

„Guðm. Guðmundsson, Laugavegi 24 B, lá á Landakotsspítala frá $^{19}/_{12}$ 1946—$^{2}/_{12}$ 1946, vegna viðbeinsbrots.

Hann fór að vinna aftur 20. jan. 1947."

Kveðst Guðmundur hafa verið óvinnufær í 1 mánuð vegna meiðsla þessara, en taldi sig að mestu vera búinn að ná sér eftir þau, er hann var yfirheyrður þann 19. júlí s. l. Þó kveðst hann enn finna til þreytu í handlegg við erfiðisvinnu, vegna viðbeinsbrotsins. Ekki segir Guðmundur ákærða, sem hann þekki ekki neitt, hafa sýnt sér áreitni síðan árás þessi átti sér stað. Hann lét þess getið við yfirheyrslu þann 19. júlí s. l., að þau Jóna Guðbjörg væru þá opinberlega heitbundin.

Af margnefndri árás er ekki vitað nema um einn sjónarvott. Er það Jóna Guðbjörg Guðmundsdóttir, sem fyrr hefur verið nefnd. Hefur hún skýrt þannig frá sem vitni við rannsókn málsins.

Það segir þau Guðmund bæði hafa verið sofandi, er ákærði kom inn í herbergi þeirra. Segir það hann hafa verið búinn að fara úr skónum þá og hafa farið mjög hljóðlega, en er hann kom inn í herbergið, kveðst vitnið hafa vaknað. Virtist því ákærði vera með öllu ódrukkinn. Ekki hefur það getað lýst gangi árásarinnar nákvæmlega, en sá, að ákærði dró Guðmund sofandi fram úr rúminu og varpaði honum síðan niður stigann. Vitnið kveðst hafa séð, að Guðmundur hafi verið búinn að fá áverka á höfuð, áður en ákærði færði hann niður stigann, en ekki veit það, hvernig hann hlaut hann, því að ekki hafi það séð ákærða misþyrma honum sérstaklega, áður en hann kastaði honum niður stigann. Eftir að Guðmundur var fallinn niður stigann, kveður vitnið ákærða ekki hafa skipt sér frekar af honum, en beðið þar til lögreglumenn komu á vettvang. Enga tilraun hafi Guðmundur gert til að verja sig, meðan ákærði fékkst við hann, enda telur vitnið hann þá hafa verið meðvitundarlausan. Hins vegar hafi ákærði hótað að drepa Guðmund, ef vitnið gerði nokkra tilraun til að koma honum til hjálpar, meðan hann átti við hann. Það hefur látið þess getið, að ákærði hafi komið til þess, til að sjá dreng þann, er þau ákærði eiga, 4 ára að aldri, eftir að hann kom til landsins, en áður en árás þessi átti sér stað, en hins vegar telur það útilokað, að hann hafi komið í þeim erindagerðum að þessu sinni, þar eð drengurinn hafa að sjálfsögðu verið í fasta svefni á þessum tíma sólarhringsins (kl. 2—3 um nótt).

Vitnið hefur játað það rétt vera, að þau ákærði hafi búið saman öðru hvoru frá því þau fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng þar til í ágústmánuði 1946, enda hafi hann ekki tekið leyfi þetta alvarlega, er honum bauð svo við að horfa.

Það kveðst hafa haldið og haft ástæðu til þess, að þau ákærði væru skilin að skiptum, er hann kom til landsins í desembermánuði s. l., enda hafi það þá vitað, að hann væri heitbundinn konu þeirri, sem hann nú er kvæntur.

Kvödd hafa verið sem vitni í máli þessu þau Jósef Sigurðsson verkamaður og Sesselja Stefánsdóttir húsfrú, bæði til heimilis á Arnargötu 12 hér í bæ. Voru þau bæði í fasta svefni, er ákærði kom inn í húsið umrædda nótt, og fylgdust því ekki með gangi árásar hans á Guðmund Guðmundsson. Vitnið Sesselja varð hans þó vart, meðan hann dvaldi í húsinu og hringdi það því á lögregluna, þar eð það gerði ráð fyrir, að hann væri ölvaður og bezt færi á því, að hann færi út úr húsinu.

Ekki er vitað, hvaða lögreglumenn handtóku ákærða eftir árásina.

Þess skal að lokum getið, að þau ákærði og Jóna Guðbjörg fengu lögskilnað þann 6. janúar s. l.

Það verður að telja mannlegt og að vissu leyti eðlilegt, að ákærða rynni í skap, er hann sá karlmann hvíla hjá konu, sem hann var ekki að lögum skilinn við og hafði búið með til skamms tíma, og, að því er hann sjálfur telur, á sínu eigin heimili. Af þessum sökum ber að ákveða refsingu ákærða fyrir verknað hans með hliðsjón af 4. tölulið 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Hins vegar telst ákærða engin heimild hafa komið til að ná sér niðri á andstæðingi sínum með þeim hætti, sem hann gerði. Hlýtur athæfi sem það, að varpa manni, ósjálfbjarga eða meðvitundarlausum, niður stiga, jafnan að hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér, enda urðu meiðsli Guðmundar Guðmundssonar við þennan verknað ákærða ekki meiri en efni stóðu til. Með tilliti til meiðsla þeirra, sem Guðmundur hlaut, er því litið svo á, að ákærði hafi með athæfi sínu brotið 218. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Hins vegar telst ákærði ekki hafa brotið ákvæði lögreglusamþykktar Reykjavíkur með atferli sínu, og ber því að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Með tilliti til þess, að ákærði var dæmdur í aukarétti Reykjavíkur þann 1. þ. m. fyrir brot á XVII. kafla almennra hegningarlaga, ber samkvæmt 1. mgr. 78. gr. hegningarlaganna að dæma honum hegningarauka fyrir umrætt brot og þykir hann, samkvæmt 218. gr. hinna almennu hegningarlaga, hæfilega ákveðinn fangelsi í 30 daga.

Guðmundur Guðmundsson hefur við rannsókn málsins krafizt þess, að ákærða verði gert að greiða sér kr. 7600.05 í bætur fyrir greidda læknishjálp, atvinnumissi og óþægindi. Kröfu þessa hefur hann sundurliðað og rökstutt að nokkru með vottorðum. Ákærði hefur mótmælt kröfu þessari í heild og byggir hann mótmæli sín á því, að hann telji sig hafa svo miklar málsbætur í máli þessu, að hann sé ekki skaðabótaskyldur gagnvart Guðmundi vegna meiðsla hans.

Þar eð sú niðurstaða er þegar fengin, að ákærði hafi með sak-

næmum og refsiverðum hætti átt sök á meiðslum Guðmundar, þykir rétt að hann greiði honum hæfilegar skaðabætur. Telst fyrsti liður kröfunnar, kr. 400.05, fyrir greiddan lækniskostnað nægilega rökstuddur, og verður hann því tekinn til greina. Annar liður skaðabótakröfunnar er kr. 2200.00 fyrir atvinnumissi. Telst sannað, að Guðmundur hafi verið óvinnufær vegna meiðslanna frá 16. desember 1946 til 20. janúar 1947. Miðað við kaupgjald á umræddum tíma telst þessi liður ekki óeðlilega hár, og verður hann því einnig tekinn óbreyttur til greina. Þá hefur Guðmundur loks krafizt 5000 króna bóta fyrir óþægindi vegna meiðsla þeirra, er hann hlaut við margnefnda árás. Óvarlegt þykir að taka þennan lið að fullu til greina, þótt ljóst sé hins vegar, að Guðmundur eigi heimtingu á hæfilegum bótum fyrir óþægindin úr hendi ákærða. Teljast bætur fyrir þau eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 1500.00. Samkvæmt þessu ber að dæma ákærða til að greiða Guðmundi Guðmundssyni kr. 4100.05.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í máli þessu, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 300.00.

Á rekstri máls þessa hefur orðið nokkur dráttur og stafar hann af því, að ákærði dvaldi erlendis frá því laust eftir síðustu áramót, þar til síðast í júnímánuði s. l.

Dómsorð:

Ákærði Óskar Þórir Guðmundsson sæti fangelsi í 30 daga.

Hann greiði Guðmundi Guðmundssyni kr. 4100.05 í skaðabætur innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólason hrl., kr. 300.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. júní 1948.

Nr. 139/1947. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Ragnar Jónsson)
gegn
Friðriki Bertelsen, Bergljótu Bertelsen, Helga Jónasi Þórarinssyni, Baldvin Jónssyni og Hilmari Foss (Hrl. Lárus Jóhannesson).

Galli á málshöfðun. Ómerking dóms.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi 27. september 1946 endursendi dómsmálaráðuneytið sakadómaranum í Reykjavík endurrit réttarrannsóknar, er haldin hafði verið vegna „kæru verðlagsstjóra á hendur heildverzluninni Friðrik Bertelsen & Co. h/f fyrir brot gegn verðlagslöggjöfinni". Jafnframt lagði ráðuneytið fyrir sakadómara að halda áfram rannsókn málsins og höfða síðan mál gegn ákærðu „fyrir brot gegn verðlagslöggjöfinni, gjaldeyrislöggjöfinni og 15. kafla hegningarlaganna". Hinn 2. og 3. október og 11. nóvember 1946 komu ákærðu fyrir lögregludóm Reykjavíkur. Var þeim birt nefnt bréf dómsmálaráðuneytisins og tilkynnt, að mál væri höfðað gegn þeim fyrir brot gegn „verðlagslöggjöfinni og gjaldeyrislöggjöfinni", auk nefnds kafla hegningarlaganna. Hinn 18. nóvember 1946 var aukaréttarstefna gefin út á hendur hinum ákærðu. Í stefnunni var aukaréttarstefna gefin út á hendur hinum ákærðu. Í stefnunni er því lýst, að mál sé höfðað „fyrir brot gegn 15. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, verðlagslöggjöfinni og gjaldeyrislöggjöfinni".

Í skipan dómsmálaráðuneytisins, tilkynningu dómara um málshöfðun og stefnu er eigi vitnað til tiltekinna og ákveðinna lagaákvæða, er ákærðu séu sótt eftir, að því er ætlað brot þeirra gegn verðlags- og gjaldeyrislöggjöf varðar. Er þetta slíkur galli á meðferð málsins að ómerkja ber héraðsdóminn.

Samkvæmt þessum úrslitum verður allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, dæmdur á hendur ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda í héraði, kr. 2000.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur.

Allur sakarkostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda í héraði, Lárusar hæstaréttarlögmanns Jóhannessonar, kr. 2000.00, og laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 800.00 til hvors.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 26. júlí 1947.

Ár 1947, laugardaginn 26. júlí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 3593—3597/1946: Réttvísin og valdstjórnin gegn Friðriki Bertelsen, Bergljótu Bertelsen, Helga Jónasi Þórarinssyni, Baldvin Jónssyni og Hilmari Foss, sem tekið var til dóms 23. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Friðriki Bertelsen stórkaupmanni, Bergstaðastræti 84, Bergljótu Bertelsen frú, s. st., Helga Jónasi Þórarinssyni skrifstofustjóra, Grettisgötu 86, Baldvin Jónssyni héraðsdómslögmanni, Öldugötu 10 og Hilmari Foss verzlunarfulltrúa, Skarphéðinsgötu 20, fyrir brot gegn XV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, verðlagslöggjöfinni og gjaldeyrislöggjöfinni.

Ákærði Friðrik Bertelsen er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 12. október 1910. Hinn 25. júní 1941 var hann dæmdur í 500.00 króna sekt fyrir brot gegn húsaleigulögunum. Að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Ákærð Bergljót Bertelsen er komin yfir lögaldur sakamanna, fædd 24. nóvember 1914, og sömuleiðis ákærði Helgi Jónas Þórarinsson, fæddur 23. desember 1908, og ákærði Hilmar Foss, fæddur 28. febrúar 1920. Þau hafa hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Ákærði Baldvin Jónsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 10. janúar 1911. Hinn 20. júní 1937 var hann dæmdur í 100 króna sekt og sviptur bifreiðastjóraréttindum í þrjá mánuði fyrir

áfengis- og bifreiðalagabrot. Að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Stórsöluverzlunin Friðrik Bertelsen & Co. h/f var skráð í hlutafélagaskrá Reykjavíkur 19. nóvember 1938. Var ákærði Friðrik þá þegar formaður stjórnar félagsins og það hefur hann verið síðan og jafnframt framkvæmdastjóri félagsins og aðaleigandi hlutafjár þess. Hinn 8. maí 1939 voru hin ákærðu, Bergljót og Helgi Jónas, kosin í stjórn félagsins. Var stjórnin því skipuð þeim og ákærða Friðrik frá þeim tíma til 1. maí 1943, að Helgi Jónas gekk úr stjórninni, en í hans stað var kosinn í hana ákærði Baldvin. Hinn 17. maí 1944 gekk Bergljót úr stjórninni og var ákærði Hilmar kosinn í hana í hennar stað. Var félagsstjórnin frá þessum tíma og til loka rannsóknar málsins skipuð ákærðu Friðrik, Baldvin og Hilmari.

Með bréfi, dagsettu 15. janúar 1945, kærði verðlagsstjóri nefnt félag fyrir verðlagsbrot. Er kæran fyrst og fremst þess efnis, að félagið hafi selt vörur of háu verði, en einnig er þar látinn í ljós grunur um, að félagið hafi lagt fyrir verðlagseftirlitið skjöl, sem sögð hafi verið frumreikningar, en ástæða virðist til að efast um að séu það, og loks grunur um, að félagið hafi samið um það við erlenda seljendur vara að telja söluverð varanna hærra í vörureikningum en það var í raun og veru. Um tvö hin síðarnefndu kæruatriði skal þess strax getið, að þeim er báðum eindregið neitað af ákærðu og ekkert hefur fram komið, sem þeim sé til sönnunar, og þykir eigi ástæða til að geta þeirra nánar.

Rannsókn hófst í málinu 19. janúar 1945 og hinn 27. s. m. var löggiltum endurskoðanda, Ragnari hæstaréttarlögmanni Ólafssyni, falin rannsókn bóka og skjala félagsins til upplýsingar málinu.

Í marz 1942 sendi félagið einn starfsmanna sinna, Stefán Wathne, til New York til að greiða fyrir viðskiptum félagsins þar í landi. Starf hans þar var í því fólgið að leita verzlunarsambanda fyrir félagið, kaupa fyrir það vörur og annast sendingu þeirra hingað til lands. Hann dvaldi vestanhafs í þágu félagsins þar til í júlí 1945, að hann flutti aftur hingað. Nokkru eftir komu sína til New York komst hann í samband við verzlun þar í borg, Block International Corporation, sem leiddi til mikilla vörukaupa félagsins hjá verzlun þessari. Stefán var um skeið mjög á vegum verzlunar þessarar og annaðist hjá henni vöruval fyrir félagið. Meðan félagið átti viðskiptin við verzlun þessa, skipti það einnig við aðrar amerískar verzlanir, en yfirgnæfandi mest við þessa. Verður og að telja af framburði ákærða Friðriks og vitnisins Stefáns Wathne og af skjölum, sem fyrir liggja, að félagið hafi verið einkaumboðsmaður hér á landi fyrir verzlun þessa. Af öllum vörukaupum sínum af verzlun þessari fékk félagið 7% umboðslaun. Umboðslauna þessara var eigi getið í vörureikningunum, heldur talin þar með vöruverðinu ósundurliðað. Við greiðslu varanna voru þau tekin frá og færð félaginu til tekna hjá verzluninni og söfnuðust þar fyrir í dollurum félaginu til ráðstöf-

unar. Á þetta verð voru svo lögð hér 5% vegna umboðsmanns félagsins vestanhafs, samkvæmt verðlagningarreglunum frá 11. marz og 6. október 1943. Á því er eigi vafi, að félaginu var heimilt að leggja 5% á vörurnar vegna umboðsmannsins, en af verðlagsstjóra hálfu er því haldið fram, að hærri umboðslaun hafi eigi mátt teljast með kostnaðarverði varanna án samþykkis verðlagsyfirvaldanna. Hafi því 2% umboðslaunanna frá Block International Corporation og 5%-in, sem lögð voru á hér, verið óheimil álagning. Endurskoðandinn hefur fundið hverri upphæð þessir hudraðshlutar nema, og er hún kr. 100 169.07, og er hún af félagsins hálfu viðurkennd tölulega rétt fundin. Af félagsins hálfu er því haldið fram, að því hafi samkvæmt verzlunarvenju verið heimilt að taka við nefndum umboðslaunum án tillits til 5% álagningarinnar hér vegna umboðsmannsins.

Leitað hefur verið álits Viðskiptaráðs um hvaða umboðslaun verðlagseftirlitið hafi heimilað að reikna í söluverði vöru. Svar ráðsins er á þá lund, að það hafi leyft að bæta 5% umboðslaunum við vöruverð vegna umboðsmanna erlendis, að fullnægðum vissum skilyrðum, en öðrum umboðslaunum eigi, þar sem slíkt mundi opna leiðir til að sniðganga verðlagsákvæðin og í raun og veru gera ókleift að hafa hemil á vöruverði og álagningu. Í einu tilfelli segir ráðið verðlagseftirlitið þó hafa heimilað, að fengin umboðslaun væru ekki skoðuð sem hluti af álagningu, og segir svo um þetta í bréfi ráðsins:

„Þegar innflytjandi hefur einkaumboð fyrir erlendan seljanda, sem selur ýmsum innflytjendum og greiðir einkaumboðsmanninum umboðslaun af öllum viðskiptum við umboðssvæðið, hefur honum verið heimilað að reikna umboðslaun af þeirri vöru, sem hann selur sjálfur, í verði hennar. Þótt þetta sé heimilað, verður varan ekki dýrari hjá honum en hún er hjá öðrum, sem kaupa hana frá seljandanum, og væri honum bannað að taka tillit til þeirra í verðinu, væri verið að skylda hann til að selja ódýrara en aðrir innflytjendur sömu vöru geta, en það hefur ekki verið talið sanngjarnt. Þetta ber þó ekki að skilja svo, að innflytjanda, sem hefur einkaumboð fyrir erlendan seljanda, hafi ávallt verið heimilt að reikna fengin umboðslaun í verði sínu.

Verðlagseftirlitið getur að sjálfsögðu ekki viðurkennt almennan rétt til slíks, enda væri það óheimilt. Það getur einungis viðurkennt þau umboðslaun, sem því hefur verið skýrt frá og það samþykkt, að það hefur einungis leyft að reikna umboðslaun í þeim tilfellum, er hlutaðeigandi hefur sýnt fram á, að þau hafi ekki hækkað vörurnar."

Sé aðgætt hvort félagið hafi fullnægt þeim skilyrðum, sem ráðið telur þurfa að umboðslaunin megi telja sem hluta af söluverði vöru, verður það fyrst fyrir, að félagið verður að teljast hafa verið einkaumboðsmaður Block International Corporation hér á landi. Hins

vegar voru viðskipti félagsins við verzlun þessa nær eingöngu eigin vörukaup, en eigi umboðsverzlun. Var umboðsverzlun þessi svo hverfandi lítið í samanburði við vörukaup félagsins sjálfs, að hún þykir eigi geta réttlætt töku umboðslaunanna. Þar við bætist, að félagið hefur eigi fullnægt því skilyrði, sem ráðið telur þurfa til að reikna megi umboðslaunin með í söluverðinu, að skýra verðlagseftirlitinu frá þeim og fá þau samþykkt sem hluta vöruverðsins. Hefur félagið því eigi fullnægt þeim skilyrðum, sem í nefndu áliti ráðsins eru greind. Í verðlagningarreglum frá 11. marz og 6. október 1943 er eigi leyft að telja afslátt eða umboðslaun sem þau, er hér um ræðir, með í innkaupsverði vöru og þó að því sé mjög eindregið haldið fram af félagsins hálfu að taka umboðslaunanna helgist af almennri verzlunarvenju, verður eigi litið svo á, m. a. með tilliti til framannefnds álits Viðskiptaráðs. Þykir því verða að líta svo á, að félagið hafi, með því að telja umboðslaunin með í innkaupsverði vörunnar, brotið í bág við nýnefndar verðlagningarreglur, sbr. 9. gr. 2. mgr. verðlagslaganna nr. 3 13. febrúar 1943, sbr. nú 22. gr. 2. mgr. laga nr. 70 5. júní 1947.

Á tímabilinu frá 11. marz 1943 og fram í ársbyrjun 1945 flutti félagið inn vörur frá ýmsum öðrum bandarískum verzlunum og tók við frá sumum þeirra umboðslaunum á sama hátt og frá Block International Corporation. Fyrir tvær þessara verzlana kveðst félagið hafa haft einkaumboð hér á landi, en eigi hinar. Ljóst er að félaginu var óheimilt samkvæmt nefndum verðlagningarreglum að telja umboðslaunin með í söluverði varanna frá þeim verzlunum, sem það hafði ekki umboð fyrir, og eigi var því það heldur heimilt um vörurnar frá hinum verzlununum, þar eð það hafði eigi skýrt verðlagsyfirvöldum frá umboðslaununum og eigi fengið samþykki þeirra fyrir að telja þau með í söluverði varanna. Varðar þetta atferli við sömu ákvæði laga og greind eru að framan um umboðslaunin frá Block International Corporation. Samkvæmt skýrslu endurskoðandans, sem félagið hefur viðurkennt tölulega rétta, nemur upphæð hinna ólöglegu umboðslauna samkvæmt þessum lið kr. 24197.85.

Þegar viðskipti félagsins við Block International Corporation höfðu staðið alllengi, var umboðsmaður þess, áðurnefndur Stefán Wathne, óánægður með þau og vildi fá bækistöð hjá einhverju öðru fyrirtæki. Hann frétti þá um mann einn í New York, David Coe að nafni, sem er útflutningsstjóri fyrir nokkrar amerískar stórverzlanir, en á þessum tímum stóð svo á vegna stríðsins, að verksmiðjur þær, sem hann vann fyrir, gátu eigi afgreitt vörur, svo að hann hafði ekki nægilegt starf fyrir skrifstofulið sitt, sem hann vildi þó ógjarnan segja upp starfi. Stefán komst í samband við mann þennan og tókust með þeim samningar um að Stefán fengi til afnota eitt herbergi af skrifstofum hans og einnig afnot af starfsliði hans og skrifstofugögnum. Fyrir þetta greiddi hann 300.00 dollara á mán-

uðni. Meðan Stefán var í sambandi við mann þennan, keypti hann sumar vörur fyrir félagsins hönd fyrir milligöngu og með aðstoð Coes samkvæmt frumvörureikningum frá viðkomandi verksmiðjum, en fékk jafnframt kostnaðarreikning Coes, þar sem fram kom sú þóknun, er Coe tók fyrir útvegun varanna. Vörur þessar sendi Stefán síðan félaginu með eigin vörureikningi, þar sem fram kom hið upprunalega verð og kostnaðarreikningur Coes og þær tölur samanlagðar, en frumvörureikningurinn og kostnaðarreikningur Coes voru fylgiskjöl. Leitt hefur verið í ljós af endurskoðandanum, óvéfengt af félagsins hálfu, að munur sá, sem var á frumvörureikningunum í nýnefndum tilfellum og vörureikningum Stefáns, hafi samtals numið kr. 20 012.34. Er því haldið fram af félagsins hálfu, að um fé þetta hafi engin undirmál verið milli félagsins og Coes, heldur hafi það gengið til hans sem greiðslur fyrir vöruútveganir. Leitað hefur verið umsagnar Viðskiptaráðs um, hvort fé þetta sé ólöglega til félagsins runnið, og hefur ráðið svarað á þá leið, að slíkt sé undir því komið, hvort líta beri á Coe sem eins konar starfsmann félagsins. Sé litið svo á, að hann hafi verið það, verði þóknun til hans umfram hin lögleyfðu 5% (sem falla hér fyrir utan) að skoðast sem ólöglegur hagnaður, þar eð eigi sé unnt að leyfa þeim fyrirtækjum, sem nota erlenda starfskrafta við innkaupastörf sín erlendis, hærri aukaálagningu en almennt sé heimiluð.

Af skýrslu vitnisins Stefáns Wathne, sem gerzt veit um samband félagsins við Coe, verður eigi annað séð, en Coe hafi verið í þjónustu félagsins að nokkru leyti sem eins konar milligöngu- eða aðstoðarmaður um vörukaup fyrir það, en samkvæmt verðlagningarreglum er eigi leyfi að telja kostnað við slíkt með í kostnaðarverði vöru. Þar eð upptalning þeirra liða, sem í kostnaðarverði vara mega teljast, eru tæmandi taldir í verðlagningarreglunum, var félaginu óheimilt að leggja þóknunina til Coes á vörurnar, og varðar þetta við sömu ákvæði og að framan eru nefnd varðandi umboðslaunin frá Block International Corporation.

Vörur þær, sem félagið keypti af ýmsum verzlunum í Bandaríkjunum og tók við ólögmætum umboðslaunum af samkvæmt framansögðu, voru greidd seljendunum í dollurum, þar á meðal umboðslaunin, sem lögðust fyrir hjá seljendunum sem eign félagsins því til ráðstöfunar. Þessa erlendu gjaldeyriseign félagsins segir formaður þess hafa eyðst til greiðslu dvalarkostnaðar Stefáns vestanhafs og annars kostnaðar við starfsemi hans þar og einnig til greiðslu andvirðis minni háttar vörusendinga, sem gjaldeyrisleyfi höfðu verið fyrir, en eigi þótti taka því að senda gjaldeyri fyrir. Segir hann gjaldeyrisleyfi þessi eigi hafa verið notuð. Stefán Wathne hefur borið, að umboðslaunin hafi gengið til greiðslu dvalarkostnaðar síns vestra og ýmiss kostnaðar við störf sín þar.

Með því að skila eigi sölubanka gjaldeyrisins þeim hluta gjaldeyrisins, sem eigi þurfti að nota til greiðslu hins raunverulega vöru-

verðs, hefur félagið gerzt brotlegt við 5 gr. l. og 5. mgr., sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 77 1943, og 4. sbr. 6. gr. laga nr. 1 1943, sbr. síðari reglugerð og lög um þessi efni, nú síðast lög nr. 70 1947.

Loks er ákærðu gefið að sök brot gegn XV. kafla hegningarlaganna. Þær greinar kaflans, sem kynnu að koma hér til álita, eru 146. og 147. gr., en eigi verður séð, að félagið hafi með notkun margnefndra vörureikninga gerzt brotlegt við þær. Ber því að sýkna hin ákærðu af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Um refsiverðleika hinna ákærðu hvers um sig skal fram tekið, að ákærði Friðrik er aðaleigandi hlutafjár félagsins, formaður félagsstjórnar og framkvæmdarstjóri þess og hefur ráðið þeim verkum, sem samkvæmt framansögðu eru refsiverð. Þykir refsing hans, með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin 50 þúsund króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 5 mánuði í stað hennar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Hilmar hefur verið í stjórn félagsins frá 17. maí 1944, en hafði þar áður unnið hjá því um skeið. Hann vissi um langt skeið um töku hinna ólögmætu umboðslauna, en kveðst eigi hafa gert sér grein fyrir því að neitt væri athugavert við töku þeirra, heldur einmitt hafa talið hana réttmæta og eðlilega. Hafði hann því engin andmæli uppi gegn því að félagið tæki við þeim né aðhafðist neitt til hindrunar þessu.

Ákærði Baldvin hefur verið í stjórn félagsins frá 1. maí 1943. Hann hefur eigi starfað annað í félaginu en að mæta á stjórnarfundum og félagsfundum og kveðst hann eigi hafa fylgzt með daglegum rekstri félagsins. Honum var frá upphafi kunnugt um veru Stefáns Wathne vestanhafs sem erindreka félagsins og vissi frá upphafi Ameríkuviðskiptanna, að þau áttu sér stað, en vissi eigi um kjör þau, er félagið fékk á vörukaupum hjá hinum amerísku seljendum. Á aðalfundinum 1. maí 1943, þegar þessi ákærði var kjörinn í stjórn félagsins, kynnti hann sér reikninga félagsins, sem þá lágu fyrir fundinum til samþykktar, og sá þar að félagið hafði fengið einhver umboðslaun frá erlendum firmum. Á reikningum félagsins síðan hefur þessi liður verið, og hefur þessum ákærða því verið kunnugt um frá því hann var kjörinn í stjórn félagsins, að það hafði fengið umboðslaun frá amerískum firmum, sem það hafði keypt vörur af. Þessi tekjuliður hefur verið færður í einni heildarupphæð í reikningunum, og hefur ákærði eigi spurzt fyrir um, frá hvaða firmum umboðslaunin hafa verið né hversu há í einstökum tilfellum. Ákærði leit á þennan tekjulið í reikningunum sem sjálfsagðan og lét hann afskiptalausan. Kveðst hann hvorki hafa unnið að því að afla þessara tekna né heldur haft uppi mótmæli gegn því, að félagið tæki við umboðslaunum þessum.

Vegna framangreindrar vitneskju ákæru Hilmars og Baldvins um hin ólögmætu umboðslaun og afstöðu þeirra til þeirra, þykir eigi verða hjá því komizt að sakfella þá vegna umboðslauna- og gjald-

eyrisatriðanna, og þykir sekt hvors þeirra um sig, með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin 5 þúsund króna sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 30 daga í stað hvorrar sektar, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Helgi Jónas var í stjórn félagsins frá 8. september 1939 til 1. maí 1943, en vann eigi á vegum þess nema á tímabilinu frá febrúar eða marz 1942 og fram um mánaðarmót janúar og febrúar 1943. Mjög litið var farið að berast hingað af vörunum frá Ameríku, meðan þessi ákærði var í stjórn félagsins og þykir hann eigi hafa aðhafst neitt það, er refsingu eigi að verða í máli þessu.

Ákærða Bergljót, eiginkona framkvæmdarstjóra félagsins, var í stjórn þess frá 8. maí 1939 til 28. ágúst 1944. Hún hefur aldrei starfað neitt í félaginu og telur veru sína í stjórn þess aðeins hafa verið til að fullnægja tilskildum formum. Hún vissi ekki um töku umboðslaunanna né Coes-atriðið og er ekkert fram komið, sem bendi til þátttöku hennar í framantöldum brotum gegn verðlags- og gjaldeyrislöggjöfinni. Þykir því rétt að sýkna hana að öllu leyti.

Samkvæmt 69. gr. 3. tölulið hegningarlaganna ber að gera upptækan ríkissjóði til handa þann ólöglega ágóða, sem félagið hefur haft af framangreindum brotum, en hann nemur samkvæmt framansögðu kr. 154 379.26. Af félagsins hálfu hefur verið bent á, að af sex vörutegundum, sem reiknaðar hafi verið ólöglegur hagnaður af, hafi verið nokkru minni ólöglegur hagnaður en talið hafði verið, eða jafnvel enginn í sumum tilfellum. Þetta hefur endurskoðandinn athugað, og af því sem fram er komið um þetta, þykir eigi ástæða til að véfengja, að hinn ólöglegi ágóði félagsins hafi verið kr. 3235.97 lægri en áður segir, og eru þá lagðar til grundvallar þær tölur, sem endurskoðandinn hefur fundið í þessu sambandi. Verður hinn ólöglegi hagnaður því alls kr. 151 143.29, og ber að dæma hina ákærðu fyrir félagsins hönd til að greiða hann innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa. Þar sem vörn hins skipaða verjanda allra hinna ákærðu, hrl. Lárusar Jóhannessonar, fjallar nær eingöngu um málið almennt, þykir rétt að dæma hina sakfelldu in solidum til greiðslu allra málsvarnarlauna, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 2000.00. Enn fremur ber að dæma hina sakfelldu in solidum til greiðslu alls annars sakarkostnaðar.

Mjög mikill dráttur hefur orðið á máli þessu hjá verjandanum. Ber að átelja það, þar sem drátturinn hefur eigi verið að fullu réttlættur. Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus.

Dómsorð:

Hin ákærðu, Bergljót Bertelsen og Helgi Jónas Þórarinsson, skulu vera sýkn í máli þessu.

Ákærði Friðrik Bertelsen greiði kr. 50 000.00 í sekt til ríkis-

sjóðs, og komi 5 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu, Hilmar Foss og Baldvin Jónsson, greiði hvor kr. 5000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað hvorrar sektar, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hin ákærðu greiði, f. h. Friðriks Bertelsens & Co. h/f, ríkissjóði upptækan ólöglegan ágóða, kr. 151 143.29, innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu, Friðrik Bertelsen, Hilmar Foss og Baldvin Jónsson, greiði in solidum allan kostnað sakarinanr, þar með talin málsvarnarlaun verjandans, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 2000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. júní 1948.

Nr. 8/1948. **Réttvísin** (Hrl. Egill Sigurgeirsson)
gegn
Guðjóni Guðmundssyni
(Hrl. Krisján Guðlaugsson).

Fjársvik.

Dómur hæstaréttar.

Telja verður, að ákærði hafi frá upphafi ætlað að nota fjárhæð þá, sem lýst er í II. kafla héraðsdóms, í eigin þarfir, og hefur hann því með atferli þessu gerzt brotlegur við 248. gr. laga nr. 19/1940. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 350 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Guðjón Guðmundsson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna

Egils Sigurgeirssonar og Kristjáns Guðlaugssonar, 350 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 20. október 1947.

Ár 1947, mánudaginn 20. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4484/1947: Réttvísin gegn Guðjóni Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 7. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Guðjóni Guðmundssyni bifreiðarstjóra, til heimilis í Lauganeshverfi 34 hér í bæ, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, til refsingar, sviptingar borgararéttinda og greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, talinn fæddur 19. febrúar 1914 að Garði í Gerðahreppi, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1935 $^{9}/_{5}$ Áminning utan réttar fyrir að stýra leigubifreið til mannflutninga, án þess að hafa leyst meira próf bifreiðarstjóra.
1935 $^{15}/_{5}$ Sátt, 20 kr. sekt, fyrir sams konar brot.
1935 $^{1}/_{9}$ Kærður fyrir óheimila töku á bifreið.
1935 $^{9}/_{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað og svik.
1936 $^{17}/_{3}$ Dómur sama réttar, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.
1936 $^{9}/_{6}$ Dómur sama réttar, 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, fyrir þjófnað.
1941 $^{13}/_{8}$ Áminning fyrir brot gegn 21. gr. 4. mgr. bifreiðalaganna.
1942 $^{19}/_{11}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1945 $^{19}/_{11}$ Sátt, 150 kr. sekt fyrir bifreiðaárekstur.
1946 $^{15}/_{7}$ Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot gegn reglum um aðalgötur og hliðargötur.

Samkvæmt eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við það, sem á annan hátt er fram komið í málinu, eru málavextir þessir:

I.

Seinast í febrúarmánuði s. l. varð það að samkomulagi milli ákærða og Gunnars Snorrasonar, Seljavegi 13, hér í bæ, að ákærði færi að vinna á bifreiðaverkstæði Gunnars í byrjun þá næstkomandi marzmánaðar, en ákærði var þá bifreiðarstjóri hjá Steindóri Einarssyni bifreiðarstöðvareiganda, hér í bæ. Hinn 28. febrúar kom ákærði til Gunnars og skýrði honum frá því, að hann væri nú að hætta vinnu hjá Steindóri, en að hann þyrfti að greiða 200 króna skuld sína við

hann. Fór ákærði fram á það við Gunnar, að hann greiddi honum kr. 200 fyrir fram upp í kaup, og varð Gunnar við því. Undirskrifaði ákærði svo hljóðandi yfirlýsingu og afhenti Gunnari: „Ég undirritaður Guðjón Guðmundsson, til heimilis Lauganeskamp 34, viðurkenni hér með að hafa fengið sem fyrirframgreiðslu upp í kaup krónur tvö hundruð — kr. 200.00 — hjá Gunnari Snorrasyni, og lofa jafnframt að vinna hjá honum í bifreiðaverkstæði hans og byrja hjá honum vinnu ekki seinna en næstkomandi mánudag 3. marz 1947."

Ákærði kveðst síðan hafa greitt Steindóri skuld sína með peningum þeim, sem hann hafði fengið hjá Gunnari. Hann hafi síðan orðið lasinn og legið þrjá daga í rúminu, en er hann hafi komið á fætur, taldi hann að vinna hjá Gunnari á bifreiðaverkstæði væri of erfið fyrir sig. Tók hann því þá ákvörðun að koma ekki í vinnu til Gunnars, en halda áfram sinni fyrri vinnu hjá Steindóri. Ákærði tilkynnti þó alls ekki Gunnari þessa ákvörðun sína og endurgreiddi honum heldur ekki áðurgreindar 200 krónur. Hefur Gunnar krafið ákærða nokkrum sinnum um fjárhæð þessa, en árangurslaust, og kveðst ákærði ekki hafa getað greitt hana sakir fjárskorts.

II.

Um miðjan aprílmánuð s. l. spurði Ragna Aðalsteinsdóttir, Hagamel 15 hér í bæ, ákærða, sem hún kannaðist við, að því, hvort hann gæti hjálpað henni til að fá rafmagnseldavél. Gaf ákærði henni í skyn að hann gæti það, því að hann þekkti mann hjá Rafha í Hafnarfirði, sem selur rafmagnseldavélar. Í maí kveðst ákærði hafa átt erindi til Hafnarfjarðar, og hitti þá Rögnu og bað hana um 900.00 krónur, ef hann ætti að útvega henni rafmagnseldavél. Afhenti Ragna honum fjárhæð þessa. Síðan kveðst ákærði hafa farið til Hafnarfjarðar og reynt að fá þar eldavél, en það hafi ekki tekizt. Ákærði kveðst ekki muna nafn þess manns, sem hann hafi talað við um eldavélina í Hafnarfirði. Um mánuði síðar kveðst hann hafa orðið fjárþurfi, og eyddi hann þá fyrrgreindum 900.00 krónum í þarfir heimilis síns, en hann er giftur og á eitt barn. Ákærði lét Rögnu hvorki vita um, að hann gæti ekki útvegað henni eldavélina, né að hann hefði eytt 900.00 krónunum. Hefur Ragna reynt að innheimta greinda fjárhæð hjá ákærða, en sakir fjárskorts kveðst hann ekki hafa getað greitt hana.

III.

Atferli ákærða, sem lýst er í I. hér að framan, varðar við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, en atferli hans, sem lýst er í II., við 247. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. 1. mgr. þeirra laga, hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða

kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Gunnar Snorrason hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða honum þær kr. 200.00, sem talað er um í I. hér að framan, og Ragna Aðalsteinsdóttir hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða henni þær kr. 900.00, sem talað er um í II. hér að framan. Ákærði hefur samþykkt kröfur þessar, og verða þær því teknar til greina að öllu leyti.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns í málinu, Steins Jónssonar lögfræðings, kr. 250.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði Guðjón Guðmundsson sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Gunnari Snorrasyni kr. 200.00 og Rögnu Aðalsteinsdóttur kr. 900.00 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Steins Jónssonar lögfræðings, kr. 250.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. júní 1948.

Nr. 84/1946. **Sveinn Frímannsson og Egill Sigurðsson**
(Hrl. Ragnar Jónsson)
gegn
Ármanni Jakobssyni
(Hrl. Guttormur Erlendsson).

Ágreiningur um skilning á samningsákvæði.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er upp kveðinn af Friðjóni Skarphéðinssyni, bæjarfógeta á Akureyri, og samdómsmönnum hans, Benedikt Steingrímssyni og Gísla Eyland.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 20. júní 1946. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefnda

í málinu og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Í máli þessu greinir aðilja á um það, hvernig skýra eigi orðið „uppgerðardagur" í 9. gr. samnings um kaup og kjör á síldveiðum milli stéttarfélaga sjómanna og útgerðarmanna, dags. 1. júlí 1945. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að orðið tákni greiðsludag, en áfrýjendur telja, að með því sé átt við þann dag, er útgerðarmaður gerir sjómönnum grein fyrir inneign þeirra, að vertíð lokinni. Í þessu máli þarf eigi út því að skera, hvort orðið „uppgerðardagur" hafi hér hina þrengri eða rýmri merkingu, með því að áfrýjendur greindu sjómönnunum ekki frá því, hversu háar kröfur þeir ættu, fyrr en þann 27. ágúst 1945, er greiðsla fór fram. Og með því að sjómennirnir áttu ekki sök á þeim drætti, er hér varð, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 700.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Sveinn Frímannsson og Egill Sigurðsson, greiði stefnda Ármanni Jakobssyni málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 700.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 15. apríl 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 9. þ. m., hefur Ármann Jakobsson héraðsdómslögmaður, Akureyri, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi með stefnu, útgefinni 30. okt. f. á., á hendur þeim Sveini Frímannssyni og Agli Sigurðssyni, útgerðamönnum vélbátsins Gauts EA 669, til greiðslu eftirstöðva á kauptryggingu 9 manna, er voru á síldveiðum á v/b Gaut s. l. sumar, en kauptryggingakröfur þessar hefur stefnandi fengið framseldar. Upphæð þeirra nemur samtals kr.

1980.00, og krefst stefnandi dóms fyrir þeim ásamt 6% ársvöxtum frá 26. ágúst 1945 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Þá gerir stefnandi þá kröfu, að honum verði dæmdur sjóveðréttur í v/b Gaut EA 669 fyrir dómkröfunum.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Tildrög málsins eru þau, að síldveiðisjómenn þeir, er fyrr getur, voru afskráðir af v/b Gaut 20. ágúst f. á., en reikningsskil og greiðsla kaups þeim til handa fór fram 26. s. m. Var þeim þá greitt lágmarkskaup til afskráningardags samkvæmt samningi milli stéttarfélaga sjómanna og útgerðarmanna um kaup og kjör á síldveiðum.

Í máli þessu er gerð krafa um lágmarkskaup þeim til handa frá afskráningardegi til 26. ágúst 1945 eða þess dags, er skil voru gerð og kaup var greitt. Nema kröfur þessar samtals stefnukröfunni, og hafa stefndu ekki véfengt, að sú upphæð væri rétt reiknuð. Byggir stefnandi kröfu sína á því, að í 9. gr. framangreinds stéttarfélagasamnings er tekið fram, að útgerðarmaður tryggi sjómönnum tiltekna lágmarkskaupgreiðslu frá lögskráningardegi til uppgerðardags, miðað við hvern mánuð.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að þeim beri ekki skylda til að greiða skipverjum kaup fyrir umrætt tímabil, þar sem dráttur sá, er varð á uppgjöri við mennina, hafi stafað af ástæðum, er stefndu verði ekki gefin að sök. Ekki hafi verið unnt að afla fæðisreikninga eða reikninga um úttekt skipverja hjá síldarverksmiðjum ríkisins og kaupmönnum fyrr en nokkrum dögum eftir að afskráð var. Fyrr en reikningar þessir komu fram, var ekki hægt að gera skil, en það var gert án tafar, eftir að þeir bárust. Þá halda stefndu því fram, að skipverjarnir hafi ekki beðið tjón af drættinum, þar sem þeir voru allir búsettir á Akureyri og gátu því stundað vinnu þar þennan tíma. Telja þeir að skilja beri 9. gr. framangreinds stéttarfélagssamnings þannig, að því aðeins eigi að greiða kaup frá afskráningardegi til uppgerðardags, að útgerðarmönnum verði gefin sök á drætti á reikningsskilum. Á þennan skilning getur sjódómurinn ekki fallizt. Samkvæmt orðalagi 9. gr. samningsins er reglan um greiðslu lágmarkskaups til uppgerðardags undantekningarlaus, og því er ekki haldið fram af hálfu stefndu, að sjómennirnir sjálfir hafi átt sök á drætti þeim, er varð á skilum.

Ber samkvæmt þessu að taka kröfu stefnanda til greina og dæma stefndu til að greiða umstefnda fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og kr. 450.00 í málskostnað. Þá ber og að viðurkenna sjóveðrétt í v/b Gaut EA 669 fyrir upphæðum þessum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Sveinn Frímannson og Egill Sigurðsson, greiði stefnanda Ármanni Jakobssyni kr. 1980.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 26. ágúst 1945 til greiðsludags og kr. 450.00 í málskostnað.

Stefnandi hefur sjóveðrétt í v/b Gaut EA 669 fyrir dómsupphæðunum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. júní 1948.

Nr. 49/1948. **Valdstjórnin** (Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
John Charles Ashcroft (Hrl. Lárus Fjeldsted).

Fiskveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Pétur Sigurðsson siglingafræðingur hefur markað á sjóuppdrátt stað togara kærða í landhelgi, og reyndist hann vera 1,3 sjómílur fyrir innan landhelgilínu.

Af lögum nr. 14/1948 og forsögu þeirra verður ekki ráðið með öruggri vissu, að þeim hafi verið ætlað að taka til fésekta, sem miðaðar eru við gullkrónur samkvæmt lögum nr. 4/1924. Verður sekt kærða því einungis ákveðin eftir 1., sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920 og lögum nr. 4/1924. Þykir refsing kærða með hliðsjón af gullgildi ísl. krónu, sem er nú 33.96, hæfilega ákveðin kr. 40 000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og málskostnað í héraði staðfestast.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði John Charles Ashcroft greiði kr. 40 000.00 sekt í Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 8 mánuði

stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 23. apríl 1948.

Ár 1948, föstudaginn 23. apríl, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1958/1948: Valdstjórnin gegn John Charles Ashcroft, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn John Charles Ashcroft, 39 Cholmley Street, Hull, skipstjóra á Norman, H. 289, fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum, nr. 5 18. maí 1920, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, sbr. og lög nr. 18 8. marz 1948. Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 13. október 1912, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu hér á landi, svo kunnugt sé.

Samkvæmt skýrslu skipstjórans á varðbátnum Faxaborg eru málavextir þeir, er nú skal greina:

Miðvikudaginn 21. þ. m. var varðbáturinn Faxaborg á eftirlitsferð í Miðnessjó. Veður var SA 5, sjór SA 5 og þykkt loft. Kl. 18.22 var gerð þessi staðarákvörðun:

Keilir $\neq$ Hvalsneskirkja $>$ Garðskagaviti 65°, og gefur það 0.8 sjómílu fyrir innan landhelgislínu. Frá þessum stað var stýrð réttvísandi stefna 175°. Rétt á eftir sást togari rétt framundan á stjórnborða og stefndi hann skáhalt upp að landinu. Kl. 19.05 kom varðbáturinn að togaranum, sem þá var með stjórnborðsvörpu í sjó. Sett var dufl í sjó í kjölfar togarans og dýpi mælt 71 metri. Togarinn breytti þá stefnu frá landi og hélt varðbáturinn á eftir honum. Kl. 19.18 var kærða skipað að draga inn vörpuna og gerði hann það. Var þá farið um borð í togarann og skipstjóri beðinn að koma um borð í varðbátinn, en hann neitaði að yfirgefa skip sitt og kom stýrimaður í hans stað yfir í varðbátinn. Síðan hélt varðbáturinn að duflinu og var gerð þessi staðarákvörðun:

Stafnesviti

> 60° 00′

Keilir

> 17° 35′

Þórðarfell

er gefur stað 1,2 sjómílur innan landhelgislínu. Sýrimanni togarans voru sýndar mælingarnar og hafði hann ekkert við þær að athuga. Var hann síðan fluttur í togarann og verðir settir þangað úr varðbátnum. Síðan var haldið af stað með togarann til Reykjavíkur og komið þangað kl. 2.20 í fyrrinótt. Skýrsla þessi er í öllum atriðum staðfest af I. stýrimanni varðbátsins, sem gerði framangreindar mælingar með skipstjóranum.

Kærði hefur viðurkennt framangreinda skýrslu rétta í öllum aðalatriðum. Hann hefur viðurkennt að hafa í þetta sinn verið að botnvörpuveiðum innan landhelgislínunnar og efar ekki, að staðarákvörðun skipstjóra varðbátsins sé rétt, enda þótt kærði teldi sig samkvæmt ófullkomnum miðunum sínum eigi vera eins nærri landi og mæling skipstjóra sýndi. Staðarákvörðun sína merktu skipstjóri og stýrimaður varðbátsins á sjókort og hefur kærði talið þá merkingu rétta. Kærði kveðst ekki hafa verið sér þess meðvitandi, að hann væri innan landhelgislínunnar fyrr en honum var bent á það af varðbátsmönnum. Þegar hann var stöðvaður, hafi togveiði staðið yfir í hálfa klukkustund, en þar áður hafi í sjö stundarfjórðunga staðið yfir viðgerð vörpunnar. Hann heldur því fram, að þegar viðgerð þessi hófst, hafi togarinn verið utan landhelgislínunnar, en hljóti að hafa rekið inn í landhelgina meðan viðgerðin stóð yfir, og eigi aðgætti kærði, hvar hann var staddur, miðað við landhelgislínuna, þegar vörpunni var kastað að viðgerð lokinni og veiði hafin að nýju.

Samkvæmt málavöxtum, sem nú hefur verið lýst, er ljóst, að kærði hefur gerzt brotlegur við 1., sbr. 3. gr. laga nr. 5, 1920, sbr. lög nr. 4 1924. Með tilliti til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu og laga nr. 14 1948 þykir refsing kærða hæfilega ákveðin kr. 88 500.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Norman, H. 289, skulu upptæk gerr til sama sjóðs.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin þóknun til talsmanns hans, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 400.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði John Charles Ashcroft greiði kr. 88 500.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sekt-

arinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Norman, H. 289, skulu upptæk vera til handa sama sjóði.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin þóknun talsmanns hans, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. júní 1948.

Nr. 47/1948. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
Gunnari Guðjónssyni (Hrl. Ragnar Jónsson).

Brot gegn bifreiða- og umferðarlögum. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Atvikum málsins er rétt lýst í héraðsdómi, og hefur ákærði brotið gegn refsiákvæðum þeim, er þar greinir.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 ber að svipta ákærða bifreiðastjóraréttindum 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði Gunnar Guðjónsson greiði 3000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti,

hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Ragnars Jónssonar, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 4. desember 1947.

Ár 1947, fimmtudaginn 4. desember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 5325/1947: Réttvísin og valdstjórnin gegn Gunnari Guðjónssyni, sem tekið var til dóms þann 25. f. m.

Málið er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn ákærða, Gunnari Guðjónssyni bifreiðarstjóra, Framnesvegi 5 hér í bæ, fyrir brot á XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðalögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 4. september 1918 í Neskaupstað í Norðfirði, og hefur hann ekki, svo vitað sé, sætt kæru eða refsingu fyrir nokkurt lagabrot.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Föstudaginn 4. september s. l. um kl. 2.40 e. h. ók ákærði vörubifreiðinni R 1797 niður Laugaveg hér í bæ. Kveðst hann hafa ekið með um 20 km hraða miðað við klst. á svæðinu milli Hringbrautar og Barónsstígs og gizkar á, að hann hafi haldið bifreiðinni um 1 meter frá syðri gangstétt götunnar á þessu svæði.

Segir ákærði óslitna röð bifreiða hafa ekið á undan og eftir bifreið sinni á fyrrnefndum slóðum, og hafi næst á undan bifreið hans ekið jeepbifreið nokkur, sem hann veit ekki deili á. Rétt innan við húsið nr. 84 við Laugaveg segir ákærði bifreið nokkra, sem hann veit ekki heldur deili á, hafa ekið fram úr bifreið sinni og fyrrnefndri jeepbifreið. Hann minnist þess ekki, að bifreiðar hafi staðið kyrrar við nyrðri gangstétt götunnar á þessum slóðum.

Móts við húsið nr. 84 við Laugaveg kveðst ákærði hafa orðið var manns á syðri gangstétt götunnar og hafi hann séð það á svip hans og látbragði, að eitthvað alvarlegt var að vilja til í sambandi við bifreið sína. Beygði hann nú lítið eitt upp að syðri gangstétt götunnar og stöðvaði bifreiðina í þrengslum, sem mynduðust á götunni, vegna trégirðingar, sem stóð út í götuna norðan megin hennar.

Fór ákærði síðan út úr bifreiðinni, út um vinstri dyr stýrishússins, en þeim megin er stýri bifreiðarinnar. Er aftur fyrir bifreiðina kom, sá ákærði barn liggjandi á götunni, nokkurn spöl fyrir aftan vörupall bifreiðarinnar, en ekki treystir hann sér til að gizka á um, hve langt fyrir aftan vörupallinn barnið hafi legið. Ákærði hefur tekið fram, að hann hafi ekki orðið þess að neinu leyti var, að slys hafði orðið á þessum stað, fyrr en maður sá, sem fyrr er nefndur,

kallaði á hann, og kveðst hann ekki hafa fundið, að bifreiðin rækist á neitt né rynni yfir neina ójöfnu á þessum slóðum.

Tók síðan ákærði barnið upp af götunni og bar það að vinstri dyrum stýrishúss bifreiðarinnar og færði það farþega, sem sat hægra megin í húsinu. Ók hann síðan beina leið á Landsspítalann með barnið, þar sem athugað voru lemstur þess, en síðan gerði ákærði rannsóknarlögreglunni aðvart um slysið.

Ákærði hefur látið þess getið, að hann hafi ekið bifreið að staðaldri síðan á árinu 1941, en bifreiðarstjórapróf tók hann árið 1940. Bifreiðinni R 1797 kveðst hann hafa ekið óslitið síðan á árinu 1942. Kveðst hann hafa fulla sjón á báðum augum og ekki minnist hann þess, að neitt sérstakt hafi glapið fyrir sér við aksturinn um það leyti, sem slys þetta varð. Ekki kveðst ákærði hafa verið illa fyrirkallaður til að aka bifreið dag þann, sem hér ræðir um, og áfengi bragði hann aldrei.

Í upphafi rannsóknar málsins skýrði ákærði svo frá, að hann hefði séð barnið, sem fyrir bifreið hans varð, er það var statt alveg fyrir framan bifreið hans, en breytti síðan framburði sínum varðandi þetta atriði í samræmi við það, sem hér að framan hefur verið sagt.

Er slys þetta varð, mun veður hafa verið þurrt, en sólarlaust.

Barn það, sem fyrir bifreið ákærða var, hét Davíð G. Wildrick, og átti það heima á Laugavegi 84 hér í bæ. Var það rúmlega 2ja ára að aldri, er slysið varð (fætt 17. júní 1945). Það andaðist nærri strax eftir slysið, og var lík þess krufið af Niels prófessor Dungal daginn eftir (⅝ s. l.). Hefur hann lýst áverkum á líkama barnsins þannig í skýrslu um krufninguna, að mikið brot hafi verið á höfuðkúpubotni og auk þess smá blæðingar á heila og dálítil blæðing undir lungnahimnunni hægra megin. Enn fremur hafi fundizt töluverð blæðing í kviðarholinu út frá stórri sprungu í lifur. Banameinið telur prófessorinn hafa verið hið mikla brot á höfuðkúpubotninum, ásamt chockverkun, því að sprungan í lifrinni bendi til þess, að ekið hafi verið yfir kviðarhol barnsins.

Vitað er um nokkra sjónarvotta að umræddu slysi. Verða nú framburðir þeirra raktir nokkuð, svo og framburðir annarra, sem einhverjar upplýsingar hafa getið gefið um slysið við rannsókn málsins.

Eins og fyrr var minnzt, var farþegi í stýrishúsi bifreiðar ákærða, þegar slysið varð. Heitir hann Friðrik Steindórsson verkamaður, Freyjugötu 5 hér í bæ, og hefur hann sem vitni skýrt þannig frá, að bifreiðinni R 1797 hafi verið ekið með venjulegum innanbæjarhraða áður og um það leyti, sem slysið varð, og hafi henni þá verið haldið heldur á vinstri vegarhelmingi, því að nokkru fyrir austan slysstaðinn hafi bifreið nokkur ekið fram úr henni, en ekki man það, hvort jeepbifreið hafi verið ekið skammt á undan bifreið ákærða um það leyti sem slysið varð. Það minnist þess ekki, að neinar bifreiðar hafi

staðið kyrrar við nyrðri gangstétt götunnar á þeim slóðum, sem slysið varð á. Vitnið sá ekki barnið, sem fyrir bifreiðinni varð, áður en slysið vildi til, en hefur annars tekið fram, að það hafi ekki veitt umferð um götuna sérstaka athygli um þetta leyti. Vakti það fyrst athygli vitnisins, að ekki væri allt með felldu varðandi ferðir bifreiðar ákærða, að svipur og látbragð manns nokkurs, sem var staddur á syðri gagnstétt götunnar, gaf til kynna, að svo væri ekki. Alveg í þeim svifum, sem vitnið veitti manni þessum athygli, segir það ákærða hafa hljóðað upp og snögghemlað bifreiðinni, en allt hafi þetta gerzt með svo skjótri svipan, að því er ekki fullljós atvikaröð. Ekki kveðst vitnið hafa orðið þess vart, að bifreiðin rækist á neitt um það leyti, sem slysið varð, eða rynni yfir neina ójöfnu. Ekki fór vitnið út úr bifreiðinni eftir að hún stöðvaðist, og hefur það því ekki getað sagt um, hve langt fyrir aftan bifreiðina barnið lá þá, en það beið inni í henni meðan ákærði sótti barnið, og tók síðan við því af honum og sat með það á leiðinni á sjúkrahúsið. Þetta vitni hefur látið þess getið, að það hafi oft áður setið í bifreið, sem ákærði hafi stjórnað, og hafi því jafnan fundizt sem hann væri öruggur og fremur gætinn bifreiðarstjóri, og kunnugt segir það sér vera um, að hann sé bindindismaður á áfenga drykki.

Vitnið Guðmundur Dalberg Arason bifreiðarstjóri, Drápuhlíð 30 hér í bæ, ók bifreið sinni R 1071 norður Hringbraut stuttu áður en slysið varð, og stöðvaði hana við gatnamót Laugavegar, þar eð bifreið ákærða ók fram hjá gatnamótunum í þessum svifum, en síðan beygði vitnið vestur Laugaveg, og ók nú á eftir bifreið ákærða, þar til slysið varð. Telur vitnið, að nefnd bifreið hafi að minnsta kosti ekið með 25 km hraða, miðað við klst., meðan það sá til ferða hennar, áður en slysið varð. Sá vitnið síðan, að barn nokkurt tók sig upp frá nyrðri gangstétt götunnar og hljóp nærri þvert út á götuna. Ekki getur það gizkað á, hvað langt bilið milli barnsins og bifreiðarinnar hafi þá verið, en telur, að bifreið ákærða hafi þá verið komin allnærri þeim stað, sem barnið tók sig upp frá. Virtist vitninu sem barnið hlypi litið eitt skáhalt niður götuna, eftir að það lagði af stað út á hana, eins og það ætlaði sér að reyna að komast yfir götuna fyrir framan bifreiðina áður en hana bæri að. Þetta vitni hefur látið það álit í ljós, að það telji vafasamt, að ákærði hafi getað séð barnið út um framrúðu bifreiðarinnar, þar eð hún hafi verið komin svo nálægt því, er það hljóp út á götuna, að aðeins hafi þá verið hægt að sjá það út um hliðarrúðu bifreiðarinnar. Sá vitnið síðan, er barnið varð fyrir framenda bifreiðar ákærðs, milli framhjóla hennar, og þó nær hægra hjóli, að því er það telur. Segir það bifreiðina þá hafa verið stadda um 1½ meter frá syðri gangstétt. Eftir þetta hafi bifreiðin síðan tekið að hægja á sér, en hafi þó ekki verið snögghemlað, því að ekki hafi sézt nein hemlaför eftir hana, og auk þess hafi bifreiðin ekki stöðvazt fyrr en um 10 metrum neðar en barnið lá. Einnig hafi bifreiðinni verið sveigt að syðri gangstétt eftir að slysið varð,

það mikið, að hægra afturhjól hennar hafi runnið utan við líkama barnsins, nema annan fót þess, sem vitnið segir hjólið hafa runnið yfir.

Vitnið segir sig ekki muna betur en að maður sá, sem sótti hið slasaða barn og fór með það inn í bifreiðina, hafi komið út úr henni hægra megin, og minnist það þess ekki, að vinstri hurð bifreiðarinnar hafi nokkurt tíma verið opnuð við þetta tækifæri.

Vitnið Guðmundur Gunnarsson seglasaumari, Laugateigi 27 hér í bæ, var statt á syðri gangstétt Laugavegar, nálægt slysstaðnum, er slysið vildi til. Sá það, þegar barnið, sem síðar varð fyrir bifreiðinni, hljóp af nyrðri gangstétt götunnar og þvert út á hana, en ekki getur það gizkað á, hve langt bilið milli barnsins og bifreiðar ákærða, sem ók fram hjá í þessum svifum, hafi verið langt, þegar barnið tók sig upp af gangstéttinni. Telur þó vitnið, að bil þetta hljóti að hafa verið nokkuð langt, því að meðan bifreiðin nálgaðist, hafi barnið haft tíma til að hlaupa yfir meira en helminginn af götunni, því að það hafi orðið fyrir bifreiðinni heldur á syðri götuhelmingi, enda hafi verksummerki á staðnum bent til þess, að svo hafi verið. Vitnið segir bifreiðinni hafa verið haldið á vinstri götuhelmingi á leið hennar niður Laugaveginn, og virtist því fara fjarri, að henni væri ekið óeðlilega hratt um það leyti sem slysið varð, en það hafi verið bersýnilegt, að mennirnir, sem í henni voru, hafi ekki veitt ferðum barnsins neina athygli, og hafi það því stanzað, kallað upp og slegið saman höndunum, er það sá hvað verða vildi, og eftir þessu hafi ákærði tekið og stöðvað bifreiðina nærri strax, en þó hafi henni aldrei verið snögghemlað, heldur stöðvuð hægt og sigandi. Eftir slysið segir vitnið barnið hafa legið meira en eina lengd bifreiðar fyrir aftan vörupall bifreiðar ákærða. Ekki minnist þetta vitni þess, að bifreiðar hafi staðið kyrrar við nyrðri gangstétt götunnar alveg á þeim slóðum, sem slysið varð á. Það kveðst ekki muna betur en að maður sá, sem sótti barnið eftir slysið, hafi komið út um hægri dyrnar á stýrishúsi bifreiðarinnar, en farið síðan inn um vinstri dyr og ekið því næst á brott með barnið. Annars hefur það látið þess getið, að því hafi brugðið mjög þegar það sá slysið vilja til, og hafi eftirtekt þess ef til vill glapizt við það.

Vitnið Kjartan Bjarnason lögregluþjónn, Hverfisgötu 90 hér í bæ, var statt inni í sölubúð í norðausturhorni hússins nr. 84 við Laugaveg, þegar slysið varð. Sá það ekki þegar bifreið ákærða rakst á barnið, en það vakti fyrst athygli þess, sem gerzt hafði, er bifreiðin stöðvaðist eftir að slysið varð. Sá það síðan mann koma með barnið og rétta það inn um vinstri dyr stýrishúss bifreiðarinnar, og hafi henni síðan þegar verið ekið burt. Vitnið sá blóðpoll á götunni, þar sem slysið varð, og gizkar það á, að fjarlægðin frá honum að staðnum, sem bifreiðin stöðvaðist á, hafi verið um 15 metrar. Ekki sá það nein hemlaför eftir bifreið ákærða á staðnum. Gerði síðan vitnið lögreglunni aðvart um slysið og beið á staðnum, þar til lögreglumenn komu.

Vitnið Herdís Unnur Jóhannsdóttir verzlunarmær, Skúlagötu 58 hér í bæ, var við vinnu sína í skartgripaverzlun á Laugavegi 84, þegar slysið varð, og er það einmitt sama búðin, sem vitnið Kjartan Bjarnason var þá statt í. Ekki sá þetta vitni, þegar bifreið ákærða rakst á litla drenginn, en veitti henni fyrst athygli, er hún var að staðnæmast eftir að slysið varð. Vitnið sá, er maður kom út um vinstri dyr stýrishúss bifreiðarinnar, gekk aftur með henni sama megin, náði í barnið, og gekk síðan fram með bifreiðinni vinstra megin, og stakk því inn um sömu dyr og hann hafði komið út um. Hafi maðurinn, sem mun vera ákærði, síðan farið inn um þessar dyr bifreiðarinnar og ekið brott.

Lögregluþjónarnir Lárus Salómonsson og Gestur Sophonías Sveinsson komu á slysstaðinn stuttu eftir að slysið varð. Var þá bifreið ákærða farin með hið lemstraða barn af staðnum. Fóru þeir síðan á Landsspítalann og hittu þar ákærða og fóru því næst með hann og bifreið hans til rannsóknarlögreglunnar.

Þeir Kristmundur Jóhannes Sigurðsson og Guðmundur Guðmundsson rannsóknarlögreglumenn komu einnig á slysstaðinn stuttu eftir að slysið varð. Var ákærði þá farinn með barnið á Landsspítalann. Mældu þeir fjarlægðina frá blóðpollinum á götunni að þeim stað, sem Kjartan Bjarnason lögregluþjónn sagði, að bifreið ákærða hefði stöðvazt á eftir slysið, og reyndist fjarlægðin milli þessara staða vera 15 metrar. Engin hemlaför sáu rannsóknarlögreglumennirnir á staðnum.

Axel Helgason rannsóknarlögreglumaður gerði síðan uppdrátt af slysstaðnum og studdist í því við merki, sem Kjartan Bjarnason lögregluþjónn hafði sett á staðinn til glöggvunar, alveg eftir að slysið varð. Samkvæmt uppdrætti þessum virðist barnið hafa orðið fyrir bifreiðinni fremur á syðri götuhelmingi.

Bifreiðaeftirlitsmennirnar Sverrir Samúelsson og Guðmann Kristinn Guðnason skoðuðu bifreiðina R 1797 og reyndu hana í akstri sama dag og slysið varð. Hafa þeir borið, að hún hafi að öllu leyti reynzt vera í góðu lagi og hafa sérstaklega tekið fram, að hemlar hennar hafi verið í lagi og þvingað jafnt og vel á öllum hjólum.

Meðan á rannsókn málsins stóð voru þeir Sveinn Sæmundsson yfirlögregluþjónn og Rögnvaldur Þorkelsson verkfræðingur dómkvaddir til að mæla og gefa álitsgerð um útsýni úr sæti ökumanns bifreiðar ákærða, þar eð hann hafði þá látið þess getið við yfirheyrslu, að sér hefði jafnan fundizt sem utsýn til hliðanna úr nefndri bifreið nokkuð slæmt. Framkvæmdu fyrrnefndir menn síðan útsýnismælingar á slysstaðnum, og sat ákærði á meðan í ekilsæti umræddar bifreiðar í þeim stellingum, sem honum eru eðlilegastar. Samkvæmt uppdrætti, sem skoðunarmennirnir lögðu fram af útsýni úr ökumannssæti bifreiðar R 1797, virðist það eðlilegt og auðvelt fyrir ökumann að sjá það, sem er fyrir framan bifreiðina og nokkuð til hliðar við hana, án þess að líta við, svo framarlega sem það er ekki komið

mjög nálægt framenda bifreiðarinnar og nær ekki 0.90 metra hæð, en það áætluðu skoðunarmennirnir hafa verið hæð barnsins, sem beið bana í slysi þessu.

Eins og atvikum hefur verið lýst hér að framan, telst ljóst, að meginorsök slyssins hafi verið sú, að barnið, sem lét lífið í slysinu, hljóp út á götuna í veg fyrir bifreið ákærða, sem þá nálgaðist óðum. En hitt virðist jafnljóst, að með nægilegri aðgæzlu hefði ákærði átt að geta komið auga á barnið og gert ráðstafanir til að forða slysi, meðan það var að hlaupa frá nyrðri gangstétt götunnar, þar til bifreiðin var komin mjög nálægt því úti á götunni, en eins og fyrr er getið, virðist bifreiðin hafa rekizt á barnið heldur á syðri götuhelmingi. Með tilliti til hraðamismunar bifreiðarinnar og barnsins, virðist hún hafa verið stödd alllangt fyrir innan slysstaðinn, þegar það lagði af stað út á götuna.

Ekki er vitað um, að neitt hafi skyggt á barnið, frá ákærða séð, meðan það var að hlaupa megnið af þessari leið, en sjálfur kveðst ákærði aldrei hafa komið auga á það áður en bifreið hans rakst á það, og virðist engin ástæða til að rengja þann framburð hans.

Með aðgæzluskorti þessum telst ákærði hafa brotið 4. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941 og 2. mgr. og 3. mgr. 4. gr. umferðalaga nr. 24 16. júní 1941. Þá telst ákærði hafa brotið 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 með því að gerast samvaldur að banaslysi með akstri sínum, sem nokkuð telst hafa skort á aðgæzlu við.

Þykir refsing ákærða samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga, 38. gr. bifreiðalaga og 14. gr. umferðalaga, með tilliti til 77. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin 2500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 60 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir rétt samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta ákærða leyfi til að stjórna bifreið í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 350.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði Gunnar Guðjónsson greiði 2500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 60 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur leyfi til að stjórna bifreið í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 350.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 14. júní 1948.

Nr. 33/1948. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Kristján Guðlaugsson)
gegn
Kristjáni Jóni Magnússyni
(Hrl. Magnús Thorlacius).

Þjófnaður. Brot gegn áfengis- og bifreiðalögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt 255 gr. laga nr. 19/1940 og refsiákvæðum þeim, sem rakin eru í héraðsdómi, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin af héraðsdómaranum fangelsi 3 mánuði.

Samkvæmt 39. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 23/1941 og 68. gr. laga nr. 19/1940, ber að svipta ákærða ævilangt rétti til að öðlast réttindi bifreiðarstjóra.

Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 350.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði Kristján Jón Magnússon er ævilangt sviptur rétti til að öðlast ökuskíreini bifreiðarstjóra. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 350.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 29. október 1947.

Ár 1947, miðvikudaginn 29. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 4408/1947: Réttvísin og valdstjórnin gegn Kristjáni Jóni Magnússyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Kristjáni Jóni Magnússyni sjómanni, Ásvallagötu 71 hér í bæ, til refsingar, greiðslu skaðabóta og málskostnaðargreiðslu fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 24. september 1918 á Flateyri við Önundarfjörð, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1941 $^{1}/_{11}$ Ísafjörður. Dómur, 2ja mánaða fangelsi, skilorðsbundið, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.

1942 $^{1}/_{6}$ Reykjavík. Sátt, 40 kr. sekt fyrir ölvun og að flytja áfengi út af veitingastað.

1942. $^{1}/_{6}$ Reykjavík. Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1946 $^{2}/_{4}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1947 $^{2}/_{5}$ Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og afskipti af lögregluþjóni í starfi.

1947 $^{2}/_{5}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1944 $^{2}/_{3}$ Siglufjörður. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1943 $^{6}/_{12}$ Akranes. Sátt, 125 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1943 $^{2}/_{12}$ Akranes, Sátt, 45 kr. sekt fyrir ölvun.

1944 $^{3}/_{10}$ Akranes. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1946 $^{3}/_{1}$ Akranes. Dómur, 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir innbrot og þjófnað.

Skal nú skýrt frá málavöxtum.

Aðfaranótt sunnudagsins 8. maí s. l., um klukkan 2.15, var hringt á lögreglustöðina og tilkynnt, að einhver maður, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, væri að reyna að setja vél bifreiðarinnar R 2382 í gang. Hafði Einar Þorsteinsson féhirðir, Þjórsárgötu 4, nokkru áður komið heim til sín í bifreið sinni, og er hann var að setja hana inn í bifreiðargeymslu, kveður hann einhvern mann, er hann veit engin deili á, hafa komið til sín og beðið sig að selja sér eina flösku af einhverju. Kvaðst Einar eigi vera vínsali og gekk inn til sín. Nokkru eftir að Einar var genginn til náða, komu tvær dætur hans og sögðu að maður nokkur væri að reyna að setja vél bifreiðar Hjálmars Þorsteinssonar, Þjórsárgötu 6, í gang, enda heyrðist greinilega til hans, er bifreiðin rakst á bifreiðageymslu áfasta húsi Einars, sem hringdi bæði til Hjálmars Þorsteinssonar, er eigi svaraði, og á lögreglustöðina, en þar var á tali. Klæddi hann sig nú lauslega og fór inn í húsagarð hjá Hjálmari, svo að ákærði yrði hans eigi var, og bankaði þar á glugga, en enginn virtist vakna. Er hér var komið, varð ákærði var við Einar, hljóp út úr bifreiðinni og tók um leið með sér teppi og rykfrakka, en kastaði hvoru tveggja, er hann varð þess var, að honum var veitt eftirför. Segir Hjálmar Þorsteins-

son frakkann hafa verið litið sem ekkert notaðan og kostaði kr. 500 eða 550, en teppið nýlegt og hafa kostað 70 til 80 kr. Í þessum svifum kom Halldór Hjálmarsson, Þjórsárgötu 6, þarna að. Sagði Einar honum hvað skeð hefði og hringdi hann á lögreglustöðina og bað um aðstoð. Þeir Einar og Halldór fóru svo á móti lögregluþjónum þeim, Sigurði Móses Þorsteinssyni og Ársæli Kristni Einarssyni, sem sendir höfðu verið á vettvang, og mættu þeim á Njarðargötu, en talið var, að ákærði hefði hlaupið í áttina að Tivoli. Eftir nokkra leit fannst hann í húsinu nr. 2 við Þjórsárgötu, þar sem lögregluþjónarnir handtóku hann og færðu á lögreglustöðina. Var hann settur þar í fangageymslu, en kl. 5 næsta morgun var honum sleppt úr varðhaldinu sökum plássleysis.

Ákærði, sem ekki hefur bifreiðarstjórapróf, skýrir svo frá, að hann hafi verið mjög drukkinn, áberandi ölvaður, er hann fór upp í bifreiðina R 2382 og reyndi að setja vél hennar í gang. Fyrr um kvöldið, er hann var orðinn nokkuð ölvaður, kveðst hann hafa setið að drykkju með einhverjum manni, sem hann hitti af tilviljun, og til þessa manns muni hann hafa farið, er honum var veitt eftirför. Ákærði kveðst hafa tekið frakkann og teppið í ölæði og af sömu ástæðu farið upp í bifreiðina.

Með töku frakkans og teppisins hefur ákærði gerzt brotlegur við 244 gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Með því að gera tilraun til að ræsa vél bifreiðarinnar hefur ákærður gerzt brotlegur við 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júlí 1941, enda verður ekki séð, að það hafi verið gert í öðrum tilgangi en að reyna að aka henni. Þá hefur ákærði einnig gerzt brotlegur við 18., sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 7., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Ekki hefur verið gerð refsikrafa vegna tilraunar ákærða til að nota bifreiðina í heimildarleysi.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Samkvæmt 3 mgr. 68. gr. hegningarlaganna ber að svipta ákærðan kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta ákærða réttindum til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Hjálmar Þorsteinsson húsgagnasmíðameistari, Þjórsárgötu 6, hér í bæ, eigandi bifreiðarinnar R 2382, hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér alls í skaðabætur kr. 150.00 vegna skemmda á matjurtagarði, er ákærði mun hafa hlaupið yfir, og skemmda á bifreiðinni, þar eð hægra framaurbretti hafði dalazt og takki á ljósaskiptara horfið. Þessa kröfu hefur ákærði samþykkt, og verður hún því þegar af þeirri ástæðu tekin til greina.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dráttur sá, sem orðið hefur á rekstri máls þessa, stafar af því, hve erfitt hefur verið að hafa upp á ákærða. Þá var rannsóknardómarinn s. l. septembermánuð í sumarleyfi.

Rekstur málsins hefur því verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði Kristján Jón Magnússon sæti fangelsi í 3 mánuði. Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði er sviptur rétti til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði Hjálmari Þorsteinssyni kr. 150.00 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 14. júní 1948.

Nr. 42/1948. **Valdstjórnin** (Hrl. Eggert Claessen)
gegn
Jóni Rafni Oddssyni og Guðmundi Bjarnasyni (Hrl. Ragnar Jónsson).

Brot gegn áfengis-, bifreiða- og umferðarlögum.

Dómur hæstaréttar.

Af hálfu ákæruvaldsins hefur ekki verið höfðað mál gegn kærðu fyrir neitt brot, er getur í XII., XIII., XIX. og XXIII. kafla almennra hegningarlaga.

Varhugavert þykir að telja nægilega sannað, að kærði Guðmundur Bjarnason hafi verið með áhrifum áfengis í ökuferð þeirri, sem í málinu greinir. Hins vegar var hann þátttakandi í hinni ófrjálsu töku bifreiðarinnar og réð ásamt félögum sínum notkun hennar í umræddri ökuferð. Hann samsinnti því, að kærði Jón Rafn, sem var með áhrifum áfengis, æki henni, og fékk kærði Guðmundur, eftir að hann hafði ekið bifreiðinni, kærða Jóni Rafni stjórn hennar. Hefur kærði Guðmundur með þessu gerzt sekur við 38. gr. laga nr. 23/1941. Að öðru leyti eru brot kærðu, sem lýst eru í héraðs-

dómi, rétt færð til refsiákvæða. Við ákvörðun refsingar ber að taka tillit til þess, að kærðu hafa með akstri sínum raskað umferðaröryggi á almannaleiðum svo og að kærði Jón Rafn hefur með hinum ofsalega akstri sínum vísvitandi stofnað lífi og limum lögreglumanna í hættu. Þykir refsing kærða Jóns Rafns hæfilega ákveðin fangelsi 7 mánuði og refsing kærða Guðmundar fangelsi 5 mánuði. Svo ber og að svipta kærða Jón Rafn bifreiðarstjóraréttindum ævilangt og kærða Guðmund rétti ævilangt til þess að öðlast ökuleyfi.

Kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði Jón Rafn Oddson sæti fangelsi 7 mánuði og kærði Guðmundur Bjarnason fangelsi 5 mánuði.

Kærði Jón Rafn er sviptur bifreiðarstjóraréttindum ævilangt og kærði Guðmundur er sviptur ævilangt rétti til þess að öðlast ökuskírteini bifreiðarstjóra.

Kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Eggerts Claessens og Ragnars Jónssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 7. júlí 1947.

Ár 1947, mánudaginn 7. júlí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Loga Einarssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2344—2345/1947: Valdstjórnin gegn Jóni Rafni Oddssyni og Guðmundi Bjarnasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. júní s. l., er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Rafni Oddssyni verkamanni, Vesturgötu 3, til refsingar, sviptingar bifreiðarstjóraréttinda og greiðslu sakarkostnaðar, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, umferðalögum nr. 24 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930 og gegn Guðmundi Bjarnasyni rafvirkjanema, Bergþórugötu 12, til refsingar,

sviptingar réttinda til að öðlast ökuskirteini og greiðslu sakarkostnaðar, fyrir brot gegn bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Kærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna. Kærði Jón Rafn er fæddur 24. maí 1926 að Þykkvabæjarklaustri í Álftaveri, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1943 $^{1}/_{12}$ Sátt. Áminnig fyrir að tvímenna á reiðhjóli.
1944 $^{2}/_{5}$ Sátt. 10 kr. sekt fyrir að hjóla á ljóslausu reiðhjóli.
1945 $^{5}/_{12}$ Sátt. 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 $^{3}/_{3}$ Sátt. 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Kærði Guðmundur Bjarnason er fæddur 27. marz 1927 í Reykjavík. Hann hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1939 $^{2}/_{11}$ Áminning fyrir snjókast.
1941 $^{3}/_{4}$ Áminning fyrir óknytti.
1941 $^{1}/_{11}$ Áminning fyrir brot gegn umferðarreglum.
1945 $^{11}/_{1}$ Sátt, 200 kr. sekt og 175 kr. skaðabætur fyrir slagsmál.
1946 $^{2}/_{1}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot gegn umferðarlögum og lögreglusamþykkt.
1946 $^{15}/_{11}$ Dómur lögregluréttar, 15 daga varðhald og sviptur rétti til að öðlast ökuskirteini í 6 mánuði, fyrir brot gegn áfengislögunum, bifreiðalögunum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Málavextir eru þeir er nú skal greina:

Föstudaginn langa, 4. apríl s. l. um 5 leytið um eftirmiðdaginn, hittust á heimili kærða, Guðmundar Bjarnasonar, Bergþórugötu 12, félagar hans, kærði Jón Rafn Oddsson, Valdimar Ottesen, bifreiðarstjóri, Bragagötu 38, Guðmundur Samúel Halldórsson, verkamaður skála 61 á Skólavörðuholti, og Júlíus Kristjánsson, verkamaður, Óðinsgötu 20, en þar áttu þeir geymdar 4 flöskur af brennivíni. Settust þeir við drykkju og dvöldust þarna til klukkan að verða tólf um kvöldið. Kærði Guðmundur Bjarnason hefur þó neitað því að hafa neytt nokkurs áfengis, enda ekki mátt það, þar eð hann var haldinn kynsjúkdómi. Félagar hans hafa einnig borið, að þeir viti ekki til þess, að hann hafi bragðað vín. Er því ósannað, að kærði Guðmundur hafi neytt áfengis þetta kvöld. Um klukkan 12 fóru þeir áleiðis niður í miðbæ og gengu eftir Laugavegi. Kærði Jón Rafn og Valdimar Ottesen gengu eftir nyrðri gangbraut Laugavegar, en hinir eftir þeirri syðri, og voru nokkurn spöl á undan. Á móts við Laugaveg 18 á nyrðri helming akbrautarinnar stóð fólksbifreiðin R 4318, mannlaus, og var vél hennar í gangi. Settist kærði Jón Rafn við stýri hennar, en Valdimar við hlið hans, og ók Jón henni ljóslausri, nema hvað logaði á „parkljóskerum“ hennar, niður á Skúlagötu, og stöðvaði hana hjá Kveldúlfsbryggju. Þaðan gengu þeir að Lækjartorgi og hittu þar félaga sína, kærða Guðmund Bjarnason og Guðmund Samúel Halldórsson, en Júlíus Kristjánsson hafði skilið við þá þar, og hitti þá ekki aftur þetta kvöld eða um nóttina. Þeir félagar gengu

nú aftur að bifreiðinni og fóru allir upp í hana. Ók kærði Jón Rafn, sem hefur viðurkennt að hafa verið með áhrifum áfengis, en kveðst þó ekki hafa verið mikið drukkinn, henni áleiðis út úr bænum. Kveða þeir kærðu Guðmundur og Guðmundur Samúel, að þeim hafi þá verið ljóst, að bifreiðin var tekin í heimildarleysi.

Eigandi bifreiðarinnar R 4318, Hjálmtýr Pétursson kaupmaður, Grenimel 7, hefur skýrt svo frá, að hann hafi skilið bifreiðina eftir og haft vél hennar í gangi, meðan hann fór inn í verzlunina Nonni á Laugaveg 18 til að sækja þangað böggul. Ekki kveðst hann hafa verið nema tvær til þrjár mínútur inni í verzluninni, en er hann kom aftur út, hafi bifreiðin verið horfin. Fór hann strax á lögreglustöðina, tilkynnti hvarf bifreiðarinnar og bað um, að lögregluvörður yrði settur við vegina út úr bænum, en Guðmundur Pálsson Kolka verzlunarmaður, Hávallagötu 45, hafði einnig komið á lögreglustöðina til að tilkynna töku bifreiðarinnar. Hafði hann séð, er tveir menn, sem hann ekki þekkir, fóru upp í bifreiðina og óku henni frá Laugavegi 18. Hjálmtýr Pétursson og Hjörtur Hafsteinn Hjartarson lögregluþjónn fóru svo í leigubifreiðinni R 1220, en henni ók Eiríkur Guðjónsson bifreiðarstjóri, Skarphéðinsgötu 10, til að reyna að hafa upp á bifreiðinni R 4318. Óku þeir inn að Elliðaám og sneru bifreiðinni R 1220 þar við og biðu nokkra stund. Sáu þeir hvar bifreiðinni R 4318 var ekið austur Suðurlandsbraut og upp veginn í áttina að Grafarholti. Eltu þeir hana og sáu hvar hún hafði verið stöðvuð hjá Grafarholti. Hafði Jón Rafn ekið henni þangað, en nú tók kærði Guðmundur við stjórn hennar. Er Hjálmtýr Pétursson og samfylgdarmenn hans nálguðust bifreiðina R 4318, var henni ekið mjög hratt áfram upp Mosfellsdalinn, og náðu þeir henni ekki, en kærði Guðmundur kveðst hafa ekið á allt að 70 km. hraða miðað við klukkustund. Fóru þeir því að Seljabrekku og hringdu austur að Selfossi og sögðu frá ferðum bifreiðarinnar, en kærði Guðmundur ók henni upp fyrir Svanastaði, þar sem henni var snúið við. Þar festist hún í snjóskafli, og var erfitt að ná henni upp, enda engar snjókeðjur á hjólum hennar. Hált mun hafa verið fyrir utan bæinn, en götur að mestu auðar í bænum, og því ekki ástæða til að hafa snjókeðjur á hjólum bifreiða þar. Hjá Svanastöðum tók kærði Jón Rafn svo aftur við stjórn bifreiðarinnar og ók henni eftir það, meðan hann og félagar hans voru í henni. Ók hann sem leið liggur til bæjarins. Nokkru fyrir ofan Seljabrekku slökkti hann á ljóskerum bifreiðarinnar, þar sem hann grunaði, að lögregluþjónar væru þar í grennd. Kveðst kærði Jón hafa séð lögregluþjón þarna á leið upp á þjóðveginn, og hafi hann gefið merki um að nema staðar, en kærði Jón Rafn sinnti því ekki og ók áfram. Síðan kveikti hann aftur á ljóskerum bifreiðarinnar. Hjörtur Hafsteinn Hjartarson lögregluþjónn hefur borið það, að hann hafi staðið á miðjum þjóðveginum og gefið bifreiðarstjóranum, sem ók hratt, merki um að nema staðar, en hann ekki sinnt því og ekið áfram. Segir Hjörtur Hafsteinn, að hann hafi aðeins með

naumindum forðað sér frá því að verða undir bifreiðinni. Sama hafa þeir Hjálmtýr Pétursson og Eirikur Guðjónsson borið. Kærði Jón Rafn kveður aftur á móti, að lögregluþjónninn hafi verið fyrir utan þjóðveginn og því ekki í neinni hættu, og hið sama hafa félagar hans borið, nema Valdimar Ottesen, sem segir, að lögregluþjónninn hafi orðið að henda sér frá bifreiðinni til að forða sér. Eftir þetta missti Hjálmtýr og samferðamenn hans alveg af bifreiðinni. Hringdu þeir á lögreglustöðina í Reykjavík og báðu um að lögregluþjónar yrðu sendir inn að Elliðaám á móti bifreiðinni R 4318.

Lögregluþjónarnir Jóhannes Björgvinsson og Jónas Jónasson fóru í bifreið upp fyrir bröttu brekkuna fyrir austan Elliðaár, þar sem þeir námu staðar. Sáu þeir hvar bifreiðinni R 4318 var ekið með fullum ljósum í áttina til bæjarins. Segjast þeir hafa staðið á miðri akbrautinni og gefið bifreiðarstjóranum merki um að nema staðar, en hann hafi ekki sinnt því, ekið mjög hratt og minnstu hafi munað, að þeir gætu forðað sér. Segir Jóhannes, að bifreiðinni muni hafa verið ekið mikið yfir 100 km hraða miðað við klukkustund, en Jónas telur, að henni hafi ekki verið ekið undir 80 km hraða miðað við klukkustund. Þeir veittu nú bifreiðinni eftirför og óku á yfir 100 km hraða miðað við klukkustund, en misstu samt af henni, enda bilaði bifreið sú, sem þeir voru í. Kærði Jón Rafn segist hafa ekið mjög hratt eftir að honum hafði verið gefið merki um að nema staðar fyrir ofan Elliðaár, en leit þó aldrei á hraðamæli bifreiðarinnar. Bæði hann og félagar hans, kærði Guðmundur Bjarnason og Guðmundur Samúel, segja, að lögregluþjónunum hafi engin hætta verið búin af akstri kærða Jóns, enda hafi þeir staðið á vegarkantinum, en Valdimar Ottesen segir lögregluþjónana hafa getað forðað sér með því að hlaupa frá bifreiðinni. Kærði Jón Rafn kveðst hafa slökkt á ljóskerum bifreiðarinnar nokkru áður en hann ók fram hjá lögregluþjónunum, og hefur Valdimar einnig borið þetta, en kærði Guðmundur og Guðmundur Samúel eru ekki vissir um þetta. Lögregluþjónarnir segjast ekki hafa séð að slökkt hafi verið á ljóskerunum. Ólafur Jón Símonarson lögregluþjónn fór nokkru á eftir þeim Jóhannesi Björgvinssyni og Jónasi Jónassyni í „jeppa-bifreið" að leita bifreiðarinnar R 4318. Í Sogamýrinni mætti hann henni, en þá var logandi á ljóskerum hennar og henni ekið mjög hratt. Sneri Ólafur Jón við og veitti bifreiðinni R 4318 eftirför, og kveðst ekki hafa náð henni, þótt hann æki á 60 til 65 km hraða miðað við klukkustund. Kærði Jón Rafn ók svo niður að Rauðarárstig á 60 til 70 km hraða miðað við klukkustund, að því er hann segir, og suður undir Eskihlíð, þar sem þeir félagar skildu við bifreiðina, skammt frá Miklubraut, þar sem hún fannst daginn eftir.

Hjálmtýr Pétursson, eigandi bifreiðarinnar R 4318, krafðist 2500.00 króna skaðabóta af hinum kærðu, og hafa þeir þegar greitt bætur þessar, en ekki hefur hann krafizt, að þeim yrði refsað fyrir hina óheimilu töku bifreiðarinnar.

Kærði Jón Rafn Odsson hefur gerzt brotlegur við 21., sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 23. sbr. 39. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Með mjög hröðum og ógætilegum akstri hefur hann gerzt brotlegur við 2., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga, 2. gr., 3. mgr. 4. gr., sbr. 14. gr. umferðalaga nr. 24 16. júní 1941 og 46. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Þá hefur kærði, með því að aka bifreiðinni ljóslausri, snjókeðjulausri og sinna ekki stöðvunarmerki lögregluþjóna, gerzt brotlegur við 1. mgr. 7. gr., 2. mgr. 27. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga, 43. gr., 10. gr., 1. mgr. 28., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing kærða Jóns Rafns Oddssonar hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga.

Brot kærða Guðmundar Bjarnasonar varða við 2. og 4. mgr. 26. gr., 1. og 2. mgr. 27. gr., 1. mgr. 20. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga og 45. gr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Refsing kærða Guðmundar Bjarnasonar þykir, með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 45 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 21. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga þykir bera að svipta kærða Jón Rafn Oddsson bifreiðarstjóraréttindum í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga þykir bera að svipta kærða Guðmund Bjarnason rétti til að öðlast ökuskíreini bifreiðarstjóra í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Hina kærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Dómsorð:

Kærði Jón Rafn Oddsson sæti varðhaldi í 60 daga.

Kærði Guðmundur Bjarnason greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði Jón Rafn Oddsson er sviptur bifreiðarstjóraréttindum í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærði Guðmundur Bjarnason er sviptur rétti til að öðlast ökuskírteini bifreiðarstjóra í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Hinir kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 15. júní 1948.

Nr. 86/1947. **Ágúst Gizurarson** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Stefáni Jakobssyni og Ásgeiri Guðmundssyni (Hrl. Ragnar Ólafsson).

Skaðabótamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. ágúst 1947 að fengnu áfrýjunarleyfi 29. júlí s. á. gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum 2357.00 krónur ásamt 6% ársvöxtum frá 29. október 1946 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Timbri því, sem hrundi og varð drengnum Guðmundi Ágústssyni að bana, var staflað þannig á þak hins umrædda bílskúrs, að a. m. k. 10 tré voru lögð hvert ofan á annað, röð fram af röð, án nokkurs bindings eða stoða framan við viðarstaflann. Verður að telja slíkan frágang algerlega óverjandi, enda var ekki tryggilega frá því gengið, að börn, sem sækja mjög til leikja í nýbyggingum, gætu ekki komizt út á skúrþakið. Stefndu, sem bera fjárhagsábyrgð á því, hvernig gengið var frá viðarstaflanum, eru því skaðabótaskyldir vegna slyssins. Þegar þess er hins vegar gætt, að drengurinn, sem beið bana, ruddi sér braut út á skúrþakið með því að rífa tjörupappa, sem negldur hafði verið fyrir dyr inni í húsinu, og striga frá glugga, sem vissi út á skúrþakið, þykir rétt, að áfrýjandi beri sjálfur ¼ hluta kostnaðar þess, sem stefnt er um, en stefndu greiði ¾ hluta hans. Ber því að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda kr. 1767.75 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. október 1946 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndu greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, sem þykir hæfilega ákveðinn 1500 krónur.

Dómsorð:

Stefndu, Stefán Jakobsson og Ásgeir Guðmundsson, greiði áfrýjanda Ágúst Gizurarsyni kr. 1767.75 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. október 1946 til greiðsludags og samtals kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. marz 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., hefur Ágúst Gizurarson sjómaður, Meðalholti 21, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 29. október s. l., gegn Stefáni Jakobssyni múrarameistara, Mánagötu 18 og Ásgeiri Guðmundssyni trésmíðameistara, Laugavegi 69, báðum hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 2357.00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að á árinu 1945 var hafin bygging tvílyfts íbúðarhúss á lóðinni nr. 30 við Háteigsveg hér í bænum. Í janúarmánuði 1946 virðist að mestu hafa verið lokið við að steypa nefnt hús. Þannig hagar til við hús þetta, að áfast við það er stór bifreiðageymsla um 9 m á lengd og 6.38 m á breidd. Myndar þak bifreiðageymslunnar svalir út frá neðri hæð hússins. Seint í janúarmánuði s. á. var flutt þangað á staðinn efni í þaksperrur og stífur. Timbri þessu, sem var 120 stykki, 17 fet á lengd og 3″×6″ að gildleika, og 45 stykki, 13 fet á lengd og 2″×5″ að gildleika, var raðað á þak bifreiðageymslunnar. Gildari trén voru við húshliðina, en grennri trén nær þakbrúninni. Frá viðurstaflanum og að brúninni var um 45 eða 60 cm langt bil. Upp úr brúninni stóð röð af steypustyrktarjárni um 60 cm hátt og 10 mm í þvermál.

Í byrjun aprílmánaðar 1946 var verið að reisa sperrur á húsið og var búið að nota um helming þess efnis, er á geymsluþakinu var. Um kvöldið þann 9. apríl s. á., kl. um 20.45, voru nokkur börn að leika sér við húsið. Fóru þrír drengir, þar á meðal sonur stefnanda, Guðmundur, 9 ára að aldri, inn í húsið. Fóru þeir inn um inngöngudyr efri hæðar, sem voru opnar. Komu þeir þá að dyrum, er liggja inn á neðri hæð hússins, en fyrir þessar dyr var negldur tjörupappi. Pappa þennan rifu þeir og komust þannig inn á neðri hæðina og inn í herbergi, sem hefur glugga, er veit út að nefndu geymsluþaki. Fyrir

þennan glugga var negldur strigi, er þeir rifu frá. Fóru þá tveir drengjanna, Guðmundur og annar drengur á sama reki, út um gluggann og út á viðarstaflann. Kom rót á staflann, féll Guðmundur fram af skúrbrúninni og niður á jafnsléttu, og um leið hrundu nokkur tré ofan á hann. Hinn drengurinn hrökklaðist aftur á bak og féll ekki fram af. Guðmundur meiddist mjög mikið við fallið og var þegar fluttur á sjúkrahús, en andaðist skömmu síðar.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að óforsvaranlega hafi verið gengið frá dyrum og gluggum nefnds húss. Eins og kunnugt sé, sækist börn mjög eftir að leika sér í nýbyggingum. Af þessum sökum sé nauðsynlegt að ganga þannig frá inngöngum í slík hús, að börn geti ekki komizt þar inn. Sérstaklega sé slíkt þörf þann tíma, sem starfsmenn séu eigi á staðnum. Þessa hafi stefndu ekki gætt. Inngöngudyr hafi verið opnar og aðrar dyr í húsinu svo illa byrgðar, að börn hafi átt greiðan gang um það. Þá hafi nefndur gluggi, sem veit út á geymsluskúrþakið, verið óforsvaranlega byrgður. Loks telur stefnandi óverjandi að stafla timbri á skúrþakið á þann hátt, sem stefndu hafi látið gera. Viðarstaflinn hljóti að hafa verið mjög óstöðugur, enda þannig af honum tekið, að bæði hafi verið tekið timbur upp við húsið og fram við þakbrúnina. Af öllu þessu telur stefnandi, að stefndu, sem hafi byggt hús þetta, eigi sök á slysi þessu og beri því að bæta fjártjón það, sem hann hafi hlotið af slysi þessu, en það sé greftrunarkostnaður Guðmundar heitins.

Sýknukröfu sína í máli þessu byggja stefndu á því, að þeir hafi gætt þeirrar hirðu og forsjálni við byrgingu á dyrum og gluggum í byggingu þessari, sem af þeim verði krafizt. Að vísu hafi greindum inngöngudyrum í húsið ekki verið lokað, en dyrum inni í húsinu hafi verið lokað á þann hátt, sem venja sé hér í bæ og teljast verði yfirleitt öruggt. Þá hafi öll op, er vissu að nefndu skúrþaki, verið vel byrgð. Telja stefndu, að ekki sé unnt að ganga svo vel frá þess háttar umbúnaði, að unglingar á því reki, sem hér um ræðir, geti ekki rofið hann. Loks hafa stefndu haldið því fram, að timbur hafi verið tekið jafnt úr öllum stöflunum og hann því verið sléttur að ofan, enda mótmæla þeir, að staflinn hafi verið óstöðugur.

Dómarinn hefur farið á vettvang og athugað staðhætti alla. Upp er komið í málinu, að inngöngudyr að neðri hæð hússins og kjallara voru lokaðar, en inngöngudyr að efri hæð opnar. Dyr þær og gluggi, sem þeir Guðmundur heitinn fóru um á leið sinni út á skúrþakið, voru byrgðar á þann hátt, að fyrir dyrnar var negldur tjörupappi, sem drengirnir rifu í sundur með spýtu, en fyrir gluggann var negldur strigi, sem þeir rifu frá. Eins og áður segir, varð slys þetta í lok níunda tíma kvölds og samkvæmt fyrirmælum 19. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur máttu stefndu treysta því, að á þeim tíma væru börn ekki eftirlitslaus á byggingarsvæðinu. Með vísun til framanritaðs þykir umbúnaður stefndu á byggingarstaðnum hafa verið

slíkur, að þeir verði ekki taldir hafa sýnt þá vanrækslu, að þeir teljist eiga sök á slysinu.

Verður því sýknukrafa stefndu tekin til greina, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Stefán Jakobsson og Ásgeir Guðmundsson, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda Ágústs Gizurarsonar í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 15. júní 1948.

Kærumálið nr. 5/1948. **Bjarni Bjarnason, Gunnar Steindórsson og Grímur Gíslason**

gegn

Byggingarfélaginu Smið h/f.

Frávísunarkröfu hrundið.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 20. f. m., sem hingað barst 4. þ. m., hafa sóknaraðiljar samkvæmt 3. málsgr. 108. gr. laga nr. 85/1936 skotið til hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 14. f. m., þar sem kröfu um frávísun máls varnaraðilja gegn sóknaraðilja var hrundið. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið, málinu vísað frá héraðsdómi og þeim dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja eftir mati hæstaréttar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðiljar dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir bera að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðiljar greiði varnaraðilja kr. 200.00 í kærumálskostnað.

Varnaraðili hefur hér fyrir dómi krafizt ómerkingar ummæla í greinargerð sóknaraðilja í héraði og sekta á hendur

málflytjanda þeirra þar, en þegar af þeirri ástæðu, að héraðsdómari hefur enn eigi dæmt kröfu þessa, vísast henni frá hæstarétti.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu vísast frá hæstarétti.

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Bjarni Bjarnason, Gunnar Steindórsson og Grímur Gíslason, greiði varnaraðilja, Byggingarfélaginu Smið h/f, kr. 200.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 14. maí 1948.

Mál þetta, er tekið var til dóms eða úrskurðar 7. þ. m., hefur byggingarfélagið Smiður h/f, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 30. marz s. l. gegn Bjarna Bjarnasyni lækni, Túngötu 5, Gunnari Steindórssyni, Drápuhlíð 8 og Grími Gíslasyni, Drápuhlíð 4, öllum hér í bænum, til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 1830.58 með 6% ársvöxtum frá 31. desember 1947 til greiðsludags gegn afhendingu timburs í geymslu stefnanda fyrir kr. 4290.66. Enn fremur hefur stefnandi krafizt þess, að kveðið verði á um það í dómi, að timburviðskipti aðilja falli ekki undir ákvæði 9. gr. samnings milli þeirra, dags. 21. júlí 1947. Loks hefur stefnandi krafizt málskostnaðar að mati dómarans.

Við munnlegan málflutning um framkomna frávísunarkröfu gerði stefnandi enn fremur þær kröfur, að yrði frávísunarkrafan tekin til greina, væru stefndu vittir og sektaðir fyrir aðdróttun um skjalafals í greinargerð á dskj. nr. 7, en að öðrum kosti myndu kröfur þessar bíða efnisdóms í málinu.

Stefndu hafa *aðallega* krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi, en *til vara* sýknu og málskostnaðar í báðum tilvikum. Stefndu hafa enn fremur krafizt þess, að stefnandi eða umboðsmaður þeirra verði sektaður fyrir bersýnilega tilefnislausa málshöfðun og fyrir að flytja fram vísvitandi rangar staðhæfingar.

Málavextir eru þessir:

Með samningi, dagsettum 21. júlí 1947, tók stefnandi að sér byggingu húsanna nr. 30 og 32 við Máfahlíð hér í bæ, fyrir stefndu. Í 8. gr. samnings þessa segir svo: „Verksali er ekki skyldur til að leggja til erlent byggingarefni, en lofar að vera hjálplegur með það eftir föngum og svo sem hægt er. Komi það til að verksali kaupi efni, sem

hann getur ekki lagt neitt á og leggi út fé fyrir, þá áskilur hann sér rétt á að leggja 5% á almennt gangverð vörunnar."

Í 9. gr. eru svo ákvæði þess efnis, að verði ágreiningur út af framkvæmd samningsins, skuli honum lokið með gerð. Skýrir stefnandi svo frá, að um þessar mundir hafi það haft timbur til sölu og hafi stefndu lagt mikla áherzlu á að fá það keypt til húsanna. Stefnandi hafi þá afgreitt til þeirra timbur fyrir kr. 36 810.90 og hafi það verið greitt að fullu 25. ágúst 1947. Seinni hluta ágústmánaðar og um miðjan septembermánuð s. á. hafi verið afgreitt timbur til stefndu fyrir samtals kr. 1830.58. Þetta timbur hafi stefndu ekki fengizt til þess að greiða. Hins vegar eigi þeir þakvið í vörzlum stefnanda, sem ekki hafi enn verið flutt á byggingarstaðinn, og nemi það magn að fjárhæð kr. 4290.66.

Frávísunarkröfu sína byggja stefndu á því, að samkvæmt 9. gr. nefnds samnings heyri mál þetta undir gerðardóm. Telja þeir, að með sölu timbursins sé stefnandi að efna loforð sitt í 8. gr. „að vera hjálplegur með það eftir föngum og svo sem hægt er" að útvega erlent byggingarefni. Þarna sé um að ræða ágreining út af framkvæmd samningsins. Ber því að vísa málinu frá bæjarþinginu, sbr. 68. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Ekki verður annað séð, en að þau viðskipti aðilja, sem mál þetta er risið af, hafi verið bein kaup, og sala. Þá er enn fremur upplýst af hálfu stefnanda, að álagning sú, sem heimiluð er í 8. gr. nefnds samnings, hafi ekki verið lögð á vöru þessa. Verður því ekki talið, að viðskipti þessi falli undir 9. gr. margnefnds samnings og verður frávísunarkrafa stefndu því ekki tekin til greina.

Ákvörðun um málskostnað verður tekin í væntanlegum efnisdómi í málinu.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Framkomin frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Þriðjudaginn 22. júní 1948.

Nr. 42/1946. **Bifreiðastjórafélagið Hreyfill, Félag blikksmiða í Reykjavík, Félag járniðnaðarmanna í Reykjavík, Félagið Skjaldborg, Iðja, félag verksmiðjufólks, Rakarasveinafélag Reykjavíkur, Starfsstúlknafélagið Sókn, Sveinafélag húsgagnasmiða í Reykjavík, Sveinafélag skipasmiða í Reykjavík, Verkamannafélagið Dagsbrún og Þvottakvennafélagið Freyja**

(Hrl. Ragnar Ólafsson)

gegn

Alþýðuhúsi Reykjavíkur h/f, Jóni Axel Péturssyni, Jónasi Guðmundssyni, Guðgeiri Jónssyni, dánarbúi Sigurðar Ólafssonar og Jónínu Guðjónsdóttur

(Bæjarfógeti Guðmundur Í. Guðmundsson).

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson og próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Um öflun frekari gagna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en mál þetta er dæmt í hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á því að afla eftirtalinna skýrslna:

1. Laga Alþýðusambands Íslands frá upphafi, en þó sérstaklega laga þeirra, er voru í gildi, þegar kaupin á húseigninni Iðnó voru ráðin árið 1929.

2. Reglna fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík frá upphafi, en þó sérstaklega þeirra, er giltu á þeim tíma, sem greinir í 1. Einnig sé aflað vitneskju um, hvort stjórn Alþýðusambandsins hafi staðfest reglur þessar, þegar slík staðfesting var áskilin.

3. Kaup- og afsalsgerninga um lóðirnar nr. 8—10 við Hverfisgötu árið 1919, svo og um lóðir þessar og húseign þar árið 1934.

4. Gagna um, hvaða venjur hafi gilt innan Alþýðusam-

bandsins og fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík um áhrif þess á atkvæðisrétt félaganna á fundum Alþýðusambands og fulltrúaráðs, að þau höfðu ekki staðið í skilum með greiðslu skattgjalds til þessara aðilja. Einnig sé aflað vitneskju um, hvort ályktun í 3. lið fundargerðar stjórnar fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík 7. des. 1938 hafi verið tilkynnt félögum þeim, sem þar eru talin.

5. Gagna um, hvaða verkalýðsfélög voru fullgildir aðiljar innan fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík, þegar mál þetta var höfðað.

Loks ber að afla þeirra frekari gagna, sem framangreindar skýrslur kunna að veita efni til.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á öflun framangreindra gagna.

Miðvikudaginn 23. júní 1948.

Nr. 63/1946. **Ólafur Blöndal**
gegn
Kjartani Bergmann Guðjónssyni.

Mál hafið. Ómaksbætur.

Í þinghaldi í máli þessu var þess krafizt af hálfu áfrýjanda, að mál þetta yrði hafið.

Af hálfu stefnda var einnig sótt þing og krafizt ómaksbóta.

Málið er hafið, og greiði áfrýjandi Ólafur Blöndal stefnda Kjartani Bergmann Guðjónssyni 400 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. júní 1948.

Nr. 28/1948. **Gunnar Jóhannsson**
gegn
Ófeigi Helgasyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi Gunnar Jóhannsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 23. júní 1948.

Nr. 51/1948. **Dieseltogarar h/f**
gegn
h/f Hamri.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi Dieseltogarar h/f, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá málið tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda h/f Hamri, sem sótt hefur dómþing og krafizt ómaksbóta, 50 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. júní 1948.

Nr. 52/1948. **Dieseltogarar h/f**
gegn
Jóni Hjartarsyni & Co.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi Dieseltogarar h/f, sem eigi sækir dómþing í

málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 23. júní 1948.

Nr. 53/1948. **Dieseltogarar h/f**
gegn
Rúllu- og hleragerðinni h/f.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi Dieseltogarar h/f, sem eigi sækir dómþing í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 23. júní 1948.

Nr. 54/1948. **Dieseltogarar h/f**
gegn
H/f Segli.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi Dieseltogarar h/f, sem eigi sækir dómþing í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Fimmtudaginn 24. júní 1948.

Nr. 63/1948. **Stjórn Byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur f. h. félagsins** (Cand. jur. Gunnar A. Pálsson)
gegn
Borghildi Pétursdóttur,
(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson)
Kjartani Sveinssyni og
(Hrl. Magnús Thorlacius)
Borgarfógetanum í Reykjavík
(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson)
og
Kjartan Sveinsson
gegn
Borghildi Pétursdóttur
svo og
Borghildur Pétursdóttir
gegn
Stjórn Byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur f. h. félagsins og Kjartani Sveinssyni.

Setudómari Valdimar Stefánsson sakadómari í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Um rétt til húseignar byggingarsamvinnufélags.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. maí þ. á., gerir þessar kröfur:

Aðalkrafa: Að honum verði dæmdur réttur til þess að fá afsal skiptaráðandans í Reykjavík fyrir þeim hluta húseignarinnar nr. 69 við Ásvallagötu í Reykjavík, sem telst eign félagsbús gagnáfrýjanda, Kjartans Sveinssonar og Borghildar Pétursdóttur, ásamt lóðarréttindum og öllu því, sem eigninni fylgir, gegn greiðslu á kr. 127 000.00.

Fyrri varakrafa: Að honum verði dæmdur réttur til að fá afsal skiptaráðanda fyrir nefndum húshluta gegn greiðslu

andvirðis, sem ákveðið sé með nýju mati samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 44/1946, sbr. lög nr. 43/1942.

Önnur varakrafa: Að úrskurður skiptaráðanda verði ómerktur og lagt verði fyrir hann að taka mál þetta til meðferðar af nýju og gefa gagnáfrýjendum, en til vara aðaláfrýjanda, kost á því að láta fara fram nýtt mat á nefndum húshluta, enda verði húshlutinn síðan afsalaður aðaláfrýjanda gegn greiðslu andvirðis samkvæmt því mati. Loks krefst aðaláfrýjandi þess, að gagnáfrýjanda Borghildi Pétursdóttur verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, en til vara, að félagsbú gagnáfrýjenda, Kjartans Sveinssonar og Borghildar Pétursdóttur, verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Borghildur Pétursdóttir, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 21. júní þ. á., krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur svo og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Kjartan Sveinsson, sem áfrýjað hefur með stefnu 21. júní þ. á., tekur undir kröfur aðaláfrýjanda að öðru en því, að hann krefst sýknu af málskostnaðarkröfu hans. Þá krefst gagnáfrýjandi Kjartan málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda Borghildar Pétursdóttur í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Á hendur borgarfógeta Reykjavíkur hafa engar kröfur verið gerðar.

Sannreyna ber á opinberu uppboði, hver boð verða gerð í húshluta þann, sem í málinu greinir. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda Borghildi Pétursdóttur kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti, en að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir hæstarétti niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, stjórn Byggingarsamvinnufélags

Reykjavíkur f. h. félagsins, greiði gagnáfrýjanda Borghildi Pétursdóttur kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti, en að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir hæstarétti niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 14. maí 1948.

Stjórn Byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur, þeir Guðlaugur Rosenkranz framkvæmdarstjóri, Ólafur Jóhannesson prófessor, Pétur Jónsson gjaldkeri, Guðmundur Gíslason múrarameistari og Þorsteinn J. Sigurðsson kaupmaður, allir til heimilis hér í bænum, hafa í máli þessu gegn Kjartani Sveinssyni og Borghildi Pétursdóttur, eigendum hluta húseignarinnar nr. 69 við Ásvallagötu hér í bæ, gert á hendur þeim svofelldar kröfur:

Aðalkrafa: Að Byggingarsamvinnufélagi Reykjavíkur verði afsöluð húseignin nr. 69 við Ásvallagötu hér í bænum, hluti félagsbús varnaraðilja Kjartans Sveinssonar og fyrrverandi konu hans, varnaraðilja Borghildar Pétursdóttur, ásamt lóðarréttindum og öllu því, er nefndri eign fylgir og fylgja ber, gegn greiðslu síðargreindrar matsfjárhæðar, kr. 127 000.00.

Varakrafa: Að Byggingarsamvinnufélagi Reykjavíkur verði afsöluð greind eign gegn greiðslu matsfjárupphæðar samkvæmt nýju mati, er varnaraðiljum yrði gefinn kostur á að láta fram fara, áður en úrskurður gengur í máli þessu.

Þá hefur sóknaraðili og krafizt málskostnaðar í máli þessu úr hendi varnaraðilja eða búinu samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða síðar framlögðum reikningi.

Varnaraðili Borghildur Pétursdóttir hefur mótmælt öllum kröfum sóknaraðilja í máli þessu og krafizt málskostnaðar eftir mati skiptaréttarins.

Varnaraðili Kjartan Sveinsson hefur samþykkt, að tekin verði til greina aðalkrafa sóknaraðila á dskj. nr. 1, en mótmælt málskostnaðarkröfu hans að því er búið og sig snerti, og loks hefur hann krafizt þess, að varnaraðilja Borghildi Pétursdóttur verði gert að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins.

Ágreiningur þessi var tekinn undir úrskurð 8. þ. m.

Varnaraðili Kjartan Sveinsson, sem var einn af stofnendum Byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur, eignaðist húsið nr. 69 við Ásvallagötu, sem reist var á vegum félagsins, og var hann þá ókvæntur. Við giftingu hans og varnaraðiljans Borghildar Pétursdóttur kom hann með húseign þessa í búið, og var hún því hjúskapareign hans. Síðar munu hafa verið byggðar viðbætur við húsið og eigninni þá

skipt til notkunar á milli varnaraðilja og Axels Sveinssonar verkfræðings, bróður varnaraðiljans Kjartans, og er nú enginn ágreiningur um, hver hluti eignarinnar það er, sem sóknaraðili krefst afsals fyrir.

Snemma á árinu 1946 munu varnaraðiljar, Kjartan Sveinsson og Borghildur Pétursdóttir, hafa slitið samvistum. Varð eigi samkomulag um skiptingu eignanna, og var búið því afhent skiptaráðandanum til meðferðar. Þegar við uppskrift, sem hófst 30. marz 1946, kom fram ágreiningur milli aðiljanna um það, hvort húseignin öll skyldi renna í búið, og féll um það úrskurður í skiptarétti Reykjavíkur 15. okt. 1946 á þá leið, að búið skyldi teljast eigandi allrar fasteignarinnar nr. 69 við Ásvallagötu.

Þann 11. apríl 1946 hafði, samkvæmt beiðni varnaraðilja Kjartans Sveinssonar, farið fram mat á þeim hluta húseignarinnar, sem hann taldi eign búsins, og var sá hluti hennar metinn á kr. 110 000.00. Varnaraðili Borghildur Pétursdóttir taldi mat þetta of lágt, og fór því fram yfirmat samkvæmt beiðni hennar, og var eign þessi þann 20. febrúar 1947 metin á kr. 127 000.00.

Þann 29. júlí 1947 krafðist Borghildur Pétursdóttir því næst, að öll húseignin nr. 69 við Ásvallagötu yrði seld á opinberu uppboði með tilvísun til fyrrgreinds úrskurðar. Lýsti Kjartan Sveinsson því þá yfir, að bróðir sinn, Axel Sveinsson, myndi áfrýja þessum úrskurði til hæstaréttar, þar sem hans eign í húsinu með úrskurðinum væri dregin inn í búið, en sjálfur krafðist hann þess, að hluti búsins í húseigninni yrði lagður sér út með yfirmatsverðinu, kr. 127 000.00. Var því í þessu réttarhaldi samkomulag um, að fresta frekari aðgerðum í máli þessu þar til 29. ágúst 1947, en þá var það tekið fyrir aftur hér í skiptaréttinum, og féll Borghildur Pétursdóttir þá frá kröfu sinni um sölu á allri húseigninni, Ásvallagötu 69, og gerði hún aðeins kröfu til þess, að seld yrði á opinberu uppboði ca. ½ húseignin, þ. e. öll efri hæð gamla hússins, 4 íbúðarherbergi, það og W.C. og á neðri hæð forstofa, eldhús, búr og ein stofa auk einnar stofu í nýbyggingu svo og í kjallara einn geymsluklefi og þvottahús að hálfu og lóðarréttindi að hálfu, en í greinargerð hennar í málinu er þess krafizt, að sannreynt verði með opinberu uppboði, hver sé raunveruleg markaðsverð á eign þessari, og verði krafa Kjartans Sveinssonar um útlagningu tekin til greina, þá verði verð eignarinnar miðað við hæsta boð á hinu opinbera uppboði, enda verði það hærra en matsverð. Í þessari sömu greinargerð bauðst Borghildur Pétursdóttir til þess að kaupa eign þessa fyrir kr. 180 000.00, en því boði var hafnað.

Máli þessu lauk með úrskurði skiptaréttarins, sem féll þann 4. október 1947, og varð niðurstaðan sú, að sannreynt skyldi með opinberu uppboði, hvert væri raunverulegt markaðsverð á hluta Kjartans Sveinssonar og Borghildar Pétursdóttur í húseigninni nr. 69 við Ásvallagötu hér í bænum, en krafa Kjartans Sveinssonar um útlagn-

ingu var ekki tekin til greina. Úrskurði þessum var síðan áfrýjað til hæstaréttar, og var hann staðfestur þar með dómi réttarins 4. marz 1948.

Stjórn byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur byggir réttarkröfur sínar í máli þessu á því, að varnaraðilinn Kjartan Sveinsson sé félagsmaður í félaginu og einn stofnandi þess. Umrædd húseign hafi verið reist á vegum félagsins hans vegna og verði varnaraðiljar því að lúta lögum þess um sölu hennar. Telur stjórnin, að söluvilji aðiljanna sé fyrir hendi og sé því forkaupsréttur félagsins virkur. Mat hafi þegar farið fram á eigninni, bæði undirmat og yfirmat, og sé stjórnin sammála um að kaupa hluta búsins í eigninni fyrir yfirmatsverðið, kr. 127 000.00.

Hafi varnaraðilinn Kjartan Sveinsson þegar samþykkt þessa sölu og slíkt verði varnaraðilinn Borghildur Pétursdóttir að gera líka, þar sem engin önnur ráðstöfun sé möguleg fyrir hana vegna hins mikla ágreinings, sem ríkir á milli þeirra, enda komi sameign þeirra á eigninni eigi til greina.

Varnaraðilinn Borghildur Pétursdóttir hefur hins vegar haldið því fram, að þótt Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur eigi lögum samkvæmt forkaupsrétt, ef slíkar eignir sem þessar séu seldar, þá sé rétturinn þó ekki fortakslaus. Telur hún, að varnaraðiljarnir í máli þessu geti hvort um sig yfirtekið eign þessa fyrir hvaða verð sem er, án þess að forkaupsréttur félagsins komi til greina. Hún hafi öðlazt við hjónabandið sama rétt til eignarinnar og eiginmaðurinn og verði hún eigi svipt þeim rétti, þótt þau slíti samvistir. Hér sé aðeins að ræða um skiptingu eignanna innbyrðis milli hjónanna og forkaupsréttur sóknaraðila geti þá fyrst komið til greina, ef selja á 3ja manni eignina. Enginn söluvilji sé fyrir hendi hjá sér, enda þyki henni matið alltof lágt, og hafi hún því boðizt til að kaupa eignina fyrir kr. 180 000.00, en uppboðs hafi hún krafizt aðeins til þess að fá úr því skorið, hvert væri raunverulegt markaðsverð eignarinnar.

Varnaraðili Kjartan Sveinsson hefur fallizt á kröfu sóknaraðilja í máli þessu, annað en málskostnaðarkröfuna. Telur hann, að samkvæmt 64. gr. skiptalaganna liggi ekki annað fyrir en að selja þessa eign, þar sem sameigendur hafi eigi getað komið sér saman um að ráðstafa henni á annan veg. Hafi sér verið neitað um útlagningu eignarinnar fyrir matsverð, kr. 127 000.00, og sjái hann því eigi annað en forkaupsréttur Byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur að eign þessari sé orðinn virkur. Samkvæmt þessari afstöðu sinni í málinu telur hann, að hvorki sér né félagsbúinu beri að greiða sóknaraðilja málskostnað í máli þessu.

Í lögum nr. 44 frá 7. maí 1946, 2. kafla, eru ákvæði um byggingarsamvinnufélög, en samkvæmt 2. mgr. 20. greinar þessara laga fer um sölu húsa, sem reist eru af byggingarsamvinnufélagi fyrir 1. jan. 1946, eftir ákvæðum laga nr. 43 frá 30. júní 1942, en hús það,

er hér um ræðir, er einmitt reist fyrir þann tíma, og fer því um ráðstöfun þess eftir þeim lögum.

Húseign sú, sem ágreiningur í þessu máli er risinn af, er hluti þeirra verðmæta, sem uppskrifuð voru í búi Kjartans Sveinssonar og Borghildar Pétursdóttur í sambandi við skiinað þeirra að borði og sæng. Hafði Kjartan Sveinsson komið með þessa eign í búið og er hún því hjúskapareign hans, sem skipta ber samkvæmt lögum nr. 20 frá 20. júní 1923 um réttindi og skyldur hjóna.

Í úrskurði skiptaréttarins frá 4. okt. 1947 var niðurstaðan sú, eins og að framan segir, að sannreynt skuli með opinberu uppboði, hvert sé raunverulegt markaðsverð á hér um ræddum húshluta. Með þeirri niðurstöðu virðist ekki á nokkurn hátt vera skertur forkaupsréttur Byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur, enda kemur forkaupsréttur þess fyrst til greina lögum samkvæmt, þegar sala hefur verið ákveðin. Varnaraðiljar hafa hvort um sig viljað yfirtaka eignina, en ekkert samkomulag um það orðið. Er því eigi önnur leið fær en að sannreyna með opinberu uppboði, hver boð aðiljar vilja gera, og verður að telja, að þau hvort um sig hafi forgangsrétt fyrir Byggingarsamvinnufélagi Reykjavíkur til að yfirtaka eignina við búskiptin með því verði, sem þau bjóða á uppboðinu, enda verða skyldur þeirra gagnvart félaginu þær sömu. Hins vegar verður að telja, að forkaupsréttur Byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur verði þá fyrst virkur, ef selja ætti eignina 3ja manni á uppboði eða utan uppboðs.

Samkvæmt þessu verður aðalkrafa sækjanda þessa máls eigi tekin til greina að svo stöddu.

Af sömu ástæðu kemur varakrafan eigi til álita, enda hefur ekkert nýtt mat farið fram.

Eftir atvikum þykir rétt, að Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur greiði varnaraðilja Borghildi Pétursdóttur kr. 800.00 upp í málskostnað.

Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Því úrskurðast:

Krafa stjórnar Byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur f. h. félagsins um afsal fyrir húshluta varnaraðilja, Kjartans Sveinssonar og Borghildar Pétursdóttur á Ásvallagötu 69, Reykjavík, verður eigi að svo stöddu tekin til greina.

Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur greiði Borghildi Pétursdóttur kr. 800.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Fimmtudaginn 24. júní 1948.

Kærumálið nr. 6/1948. **Kristinn Indriðason**
gegn
Oddi Jónssyni.

Máli frestað sjálfkrafa í hæstarétti.

Úrskurður hæstaréttar.

Með kæru 27. maí s. l., er hingað barst 15. þ. m. með bréfi sýslumanns Strandasýslu 8. s. m., hefur sóknaraðili kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms, sem upp var kveðinn á aukadómþingi Strandasýslu 21. f. m. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja.

Varnaraðili hefur skotið framangreindu máli til hæstaréttar með stefnu 18. þ. m. til þingfestingar í októbermánuði n. k. Þykir því rétt samkvæmt analogíu 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta kærumálinu ex officio, unz séð er, hvort áðurnefnt áfrýjunarmál verður lagt í dóm.

Á l y k t a r o r ð :

Máli þessu er frestað ex officio samkvæmt framangreindu.

Fimmtudaginn 24. júní 1948.

Nr. 38/1947. **Hannes Björnsson** (Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn
Tryggva Jóhannessyni (Enginn)
og
Húsaleigunefnd Reykjavíkur.
(Hrl. Egill Sigurgeirsson).

Húsaleigumál. Leigunám.

Dómur hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. apríl 1947, skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framfylgja úrskurði fógetadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 31. júlí 1946. Svo krefst hann og þess, að stefndu verði dæmt in solidum að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi Tryggvi Jóhannesson, sem hefur verið löglega stefnt, hefur ekki komið fyrir hæstarétt, og hefur mál þetta því verið flutt skriflega samkvæmt 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og dæmt, að því er hann varðar, samkvæmt framlögðum skilríkjum.

Stefndi Húsaleigunefnd Reykjavíkur, sem haldið hefur uppi vörnum fyrir hæstarétti, krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Stefndi Húsaleigunefnd Reykjavíkur tók leigunámi með úrskurði 21. ágúst 1946 skála þann og lóðarafnot, sem í málinu greinir. Við framkvæmd leigunámsins gætti nefndin ekki réttra aðferða, þar sem hún veitti áfrýjanda ekki kost á því að gæta réttar síns, er leigunámið fór fram. En þar sem áfrýjandi hefur ekki í flutningi málsins tilgreint nein atriði, sem hann mundi hafa borið fram fyrir húsaleigunefnd og áhrif hefðu getað haft á leigunámið, og ekki er ástæða til að ætla, að nein slík atriði hafi verið fyrir hendi, þá þykir ekki næg ástæða til að meta leigunámsúrskurðinn ógildan af þessum sökum.

Í 5. gr. laga nr. 39/1943 er húsaleigunefndum veitt heimild til að taka leigunámi auðar íbúðir, svo og annað ónotað húsnæði, útbúa það til íbúðar og ráðstafa því til handa húsnæðislausu innanhéraðsfólki. Telja verður, að í heimild þessari felist og réttur til að taka leigunámi ásamt húsnæðinu nauðsynleg lóðarréttindi, hvort sem þau hafa áður fylgt húsnæðinu eða ekki. Og með því að ekki verður annað séð en að önnur skilyrði til leigunáms á nefndu húsnæði ásamt lóðarafnotum hafi verið fyrir hendi, þá ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 13. des. 1946.

Í máli þessu var hinn 31. júlí 1946 kveðinn upp úrskurður þess efnis, að gerðarþoli Tryggvi Jóhannesson skyldi borinn út úr skála nr. 21 við Laugarásblett hér í bæ samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda Hannesar Björnssonar, Njálsgötu 92.

Málavextir og forsendur úrskurðar þessa eru í stuttu máli á þessa leið:

Gerðarbeiðandi Hannes Björnsson hefur leigurétt yfir lóðinni nr. 21 við Laugarásblett, eign Reykjavíkurbæjar, til 20 ára, frá árinu 1932.

Skömmu eftir að Bretar frömdu innrás sína hér, voru reistir 2 hermannaskálar á lóð þessari. Sumarið 1945 rýmdi innrásarliðið skála þessa og keypti gerðarþoli Tryggvi Jóhannesson annan þeirra af Sölunefnd setuliðseigna til niðurrifs. Ekki reif gerðarþoli Tryggvi þó skála þenna, heldur lagaði hann til íbúðar og settist þar að.

Gerðarþoli Hannes krafðist þess af Sölunefnd setuliðseigna, að hún léti rífa þenna skála, þar sem hann stæði því í vegi, að unnt væri að hagnýta lóðina, eins og ætlunin var, en lóðin var leigð til trjá- og blómræktar. Nefndin synjaði þessari málaleitan með bréfi, dags. 1. júlí 1946, og ritaði gerðarbeiðandi þá fógetaréttinum daginn eftir og krafðist þess, að gerðarþoli Tryggvi yrði borinn út úr skálanum.

Það upplýstist í máli þessu, að gerðarþoli hafði eigi hirt um að afla sér upplýsinga um, hvort nokkur hefði réttindi yfir lóð þeirri, er skálinn er reistur á, og var litið svo á, að hann hefði ekki verið í góðri trú um tilheyrslu lóðarinnar, er hann lagaði skála þann til íbúðar, sem hann þó hafði keypt til niðurrifs. Þannig var ekki talið að hér væri um að ræða íbúðarhúsnæði, sem varið væri gegn niðurrifi, sbr. 4. gr. laga nr. 39 frá 1943. Varð úrskurður fógetaréttarins, upp kveðinn 31. júlí s. l., því á þá lund, að gerðin skyldi ná fram að ganga.

Er útburður skyldi framkvæmdur samkvæmt úrskurði þessum hinn 9. ágúst s. l., áleit fógeti, þrátt fyrir mótmæli umboðsmanns gerðarbeiðanda, ekki tiltækilegt að fremja útburð vegna heilsufars konu gerðarþola. Varð því ekki af gerðinni, en hins vegar lofaði gerðarþoli að vera fluttur úr skálanum daginn eftir, kl. 12 á hádegi,

og er fógeta kunnugt, að hann stóð við það loforð, en hins vegar mun hann ekki hafa afhent gerðarbeiðanda umráð skálans.

Hefst nú nýr þáttur í máli þessu, því samkvæmt rskj. 11 sneri gerðarþoli sér til húsaleigunefndar hinn 21. ágúst s. l. og óskaði þess, að hún útvegaði sér húsnæði, þar sem hann væri nú húsnæðislaus. Ákvað húsaleigunefnd þennan sama dag að taka umræddan skála leigunámi samkvæmt lögum 39/1943, 5. gr., sjá rskj. 10, og var gerðarþola Tryggva fengið húsnæði þetta til íbúðar, sbr. rskj. 11.

Hinn 28. október s. l. var endurnýjuð krafa umboðsmanns gerðarbeiðanda um framkvæmd úrskurðar fógetaréttarins tekin fyrir hér fyrir réttinum, og mætti gerðarþoli Tryggvi og krafðist þess, að neitað yrði um framkvæmd úrskurðarins vegna leigunáms þess, er fram hafði farið. Þar sem umboðsmaður gerðarbeiðanda hélt engu að síður fast við kröfu sína, var atriði þetta tekið til úrskurðar.

Hinn 28. nóvember var mál þetta endurupptekið samkvæmt ákvörðun fógeta til frekari gagnaöflunar. Skal þess getið í þessu sambandi, að endurupptaka gat ekki fyrr farið fram vegna lasleika og annríkis fógeta. Í réttarhaldinu ofangreindan dag gerðist húsaleigunefndin í Reykjavík meðalgönguaðili í málinu. Krefst hún þess, að gerðin verði ekki framkvæmd, þar sem hún hafi nú, með leigunámsúrskurðinum á rskj. 10, öll umráð yfir húsnæði gerðarþola. Þá er einnig krafist málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda. — Var atriðið nú tekið í úrskurð.

Þrátt fyrir nefndan úrskurð fógetaréttarins, uppkveðinn 31. júlí s. l., verður húsaleigunefnd talið rétt gagnvart aðiljum máls þessa að taka skála þann, sem um ræðir í máli þessu, leigunámi samkvæmt heimild þeirri, sem henni er veitt með 5. gr. laga nr. 39/1943. Úrskurður þessi fjallar ekki um niðurrif skálans, enda var ekki gerð sú krafa til fógetaréttarins, að skálinn yrði fjarlægður, heldur einungis, að afstaða gerðarþola til gerðarbeiðanda væri slík, að nærvera gerðarþola í skálanum skyldi ekki því til fyrirstöðu, að gerðarbeiðandi léti fjarlægja skálann, ef hann óskaði þess.

Síðan úrskurður þessi var kveðinn upp, hefur nýtt atriði komið inn í málið, þar sem skálinn er tekinn leigunámi samkvæmt lagaheimild. Leigunám þetta sviptir gerðarbeiðanda færi á að ráðstafa lóðinni að því leyti er skálinn stendur á henni, meðan leigunámið hefur ekki verið fellt úr gildi af þar til bærum aðilja. Einnig hefur leigunámið svipt gerðarþola ráðstöfunarrétti yfir skálanum.

Réttarsamband það, er með áðurgreindum úrskurði var talið að stæði milli þeirra Hannesar Björnssonar og Tryggva Jóhannessonar, hefur þannig rofnað við leigunám húsaleigunefndar. Verður því, þar sem ekki verður annað séð en leigunámið sé lögum samkvæmt, að synja um framkvæmd áðurnefnds úrskurðar fógetaréttarins.

Eftir atvikum þykir ekki rétt, að málskostnaðarkrafa húsaleigunefndar gegn gerðarbeiðanda verði tekin til greina.

Því úrskurðast:

Úrskurði fógetaréttarins í máli þessu, uppkveðnum 31. júlí 1946, skal ekki fullnægt.

Málskostnaðarkrafa Húsaleigunefndarinnar í Reykjavík verður ekki tekin til greina.

Föstudaginn 24. september 1948.

Kærumálið nr. 7/1948. S/f **Hvítanes og Gústaf A. Sveinsson** gegn **Pétri Ketilssyni og Valdimar Þorsteinssyni.**

Vitnaskylda lögmanns.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 5. júní s. l., sem hingað barst 23. s. m., hafa sóknaraðiljar skotið til hæstaréttar úrskurði borgardómarans í Reykjavík, upp kveðnum 5. júní þ. á., þar sem sóknaraðilja Gústaf A. Sveinssyni er úrskurðað skylt að koma fyrir dóm sem vitni í máli sóknaraðilja s/f Hvítaness gegn varnaraðiljum. Sóknaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og þeim dæmdur kærumálskostnaður að skaðlausu úr hendi varnaraðilja. Varnaraðiljar gera þær kröfur, að úrskurður borgardómara verði staðfestur og að sóknaraðiljum verði dæmt að greiða kærumálskostnað eftir mati hæstaréttar. Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðiljar greiði varnaraðiljum kr. 150.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, S/f Hvítanes og Gústaf A. Sveinsson, greiði varnaraðiljum, Pétri Ketilssyni og Valdimar Þorsteinssyni, kr. 150.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 5. júní 1948.

Mál þetta hefur Jón framkvæmdastjóri Guðmundsson, hér í bæ, f. h. Hvítaness s/f, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 8. janúar s. l. gegn þeim Pétri trésmið Ketilssyni, Háteigsvegi 4 og Valdimar G. Þorsteinssyni trésmið, Barónsstíg 41, báðum hér í bænum, til greiðslu skuldar að eftirstöðvum kr. 7838.00 með 6% ársvöxtum frá 30. júní 1947 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar og jafnframt áskilið sér rétt til að krefja stefnanda um kr. 2035.00.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi skýrir svo frá, að síðastliðið sumar hafi hann selt stefndu hermannaskála og fleiri vörur, sem hann átti í Hvítanesi í Kjós, fyrir samtals kr. 12525.00. Kveður hann stefndu hafa greitt kr. 4687.00, en hefur síðan höfðað mál þetta til greiðslu eftirstöðvanna.

Stefndu telja, að kaupverðið hafi numið kr. 12 400.00 og því séu eftirstöðvarnar aðeins kr. 7713.00. Enn fremur halda þeir því fram, að þeir hafi áður en mál þetta var höfðað, boðið stefnanda vöruleifarnar til kaups fyrir kr. 9748.00 og hafi stefnandi tekið því boði. Telja þeir samkvæmt þessu til skuldar hjá stefnanda kr. 2035.00.

Með stefnu útgefinni 21. f. m. var umboðsmanni stefnanda, Gústaf A. Sveinssyni hæstaréttarlögmanni, stefnt fyrir dóminn sem vitni í málinu og var þinghald í því skyni ákveðið 3. þ. m. Sótti umboðsmaður stefndu þá þing, lagði fram vitnastefnuna og krafðist þess, að vitnastefndi, sem sótti þing af hálfu stefnanda, kæmi fyrir dóminn sem vitni.

Vitnastefndi skorðaðist undan að koma fyrir dóminn. Studdi hann andmæli sín við ákvæði 1. gr. laga nr. 61 frá 1942 og tilskipun 19. júlí 1793 svo og 3. tölulið 126. gr. laga nr. 85 frá 1936. Taldi hann lagaákvæði þessi fela í sér bann við því, að hann svaraði spurningum þeim, er fyrir hann kynnu að verða lagðar.

Umboðsmaður stefndu gat þess, að þeir hafi skýrt svo frá, að vitnastefndi hafi gengið frá kaupum á ákveðnum vörum og kvað vitnastefnu þessa ætlaða til að skýra það nánar. Var atriðið síðan tekið til úrskurðar að kröfu hans.

Framangreind lagaákvæði girða ekki fyrir það, að málflytjanda sé stefnt sem vitni í máli, er hann flytur, og þar eð ekkert er enn upp komið, frekar en að framan greinir, um efni þeirra spurninga, er fyrir vitnastefnda kunna að verða lagðar, þykir rétt að telja honum skylt að koma fyrir dóm sem vitni í máli þessu.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Vitnastefnda, Gústaf A. Sveinssyni hæstaréttarlögmanni, er skylt að koma fyrir dóm í máli þessu.

Föstudaginn 15. október 1948.

Nr. 77/1948. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn
Magnúsi Tómasi Jónassyni
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
og
Valdstjórnin
gegn
Jóni Jóhannssyni (Hrl. Sigurður Ólason).

Brot gegn bifreiða- og umferðarlögum og 219. gr. hegningarlaga.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig að refsing ákærða Magnúsar Tómasar Jónassonar þykir hæfilega ákveðin 1000 króna sekt, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo þykir og vararefsing kærða Jóns Jóhannssonar hæfilega ákveðin varðhald 6 daga, verði sekt hans, sem greiðist í ríkissjóð, ekki greidd innan sama frests.

Ákærði Magnús Tómas Jónasson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, kr. 350.00. Kærði Jón Jóhannsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, kr. 350.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærði og kærði in solidum, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda í hæstarétti, kr. 350.00.

Dómsorð:

Ákærði Magnús Tómas Jónasson greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Kærði Jón Jóhannsson greiði 300 króna sekt í ríkissjóð, og komi 6 daga varðhald í stað

sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði Magnús Tómas Jónasson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 350.00. Kærði Jón Jóhannsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 350.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda í hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 350.00, greiði ákærði og kærði in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 23. júlí 1947.

Árið 1947, miðvikudaginn 23. júlí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2588—2589/1947: Réttvísin og valdstjórnin gegn Magnúsi Tómasi Jónassyni og valdstjórnin gegn Jóni Jóhannssyni, sem tekið var til dóms þann 16. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn ákærðu Magnúsi Tómasi Jónassyni bifreiðarstjóra, Njálsgötu 104 hér í bæ, fyrir brot á XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðalögum nr. 24 16. júní 1941, og gegn kærða Jóni Jóhannssyni verkamanni, Laugavegi 51 B, hér í bæ, fyrir brot á umferðalögum nr. 24 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930.

Báðir eru menn þessir komnir yfir lögaldur sakamanna, ákærði er fæddur 19. júní 1917 í Reykjavík, og hefur hann ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt afbrot, en kærði er fæddur 23. febrúar 1910 að Jaðri í Þykkvabæ, og var hann sektaður um kr. 25.00 í lögreglurétti Reykjavíkur þann 26. júní 1941 fyrir ölvun á almannafæri, en hefur ekki, svo að kunnugt sé, sætt öðrum refsingum eða ákærum.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Þriðjudaginn 15. október s. l. um kl. 5.30 e. h. ók ákærði vöruflutningabifreiðinni R 2668 austur Skúlagötu hér í bæ. Kveðst hann ekki hafa verið neitt illa fyrirkallaður til að aka bifreið í þetta skipti og hvorki hafi hann bragðað áfengi þenna dag né næsta dag

áður. Hefur hann borið við rannsókn málsins, að hann hefði fulla sjón á báðum augum og hafi ekið bifreið að staðaldri í 5 ár. Veðri segir ákærði að hafi verið þannig háttað um þetta leyti þessa dags, að rigningarsúld hafi verið og götur blautar og hafi móða og regn setzt á rúður bifreiðar hans, en regnþurrka hennar stýrismegin hafi verið í lagi. Er ákærði var kominn móts við Vitastíg á leið sinni austur Skúlagötu, sá hann mann nokkurn, sem síðar reyndist vera kærði, aka hjólbörum á undan sér austur eftir götunni og hélt kærði sig, að því er ákærði telur, því sem næst á miðri götunni með hjólbörur sínar. Kveðst nú ákærði hafa neyðst til að sveigja bifreið sinni allt að því út á hægra vegarhelming sinn til að aka fram hjá kærða, en segist hafa ekið hægt og fyrir neðan hraðahámark innanbæjar. Er ákærði var að aka fram með kærða, kveðst hann hafa litið til hans, til að athuga, hvort hann kæmist slysalaust fram hjá honum, en er hann leit aftur fram á veginn, sá hann mann á bifhjóli fyrir framan bifreið sína. Bifhjól þetta ók vestur götuna, og telur ákærði, að því hafi ekki verið haldið alveg úti á vinstri vegarbrún miðað við stefnu í vestur, er hann koma auga á það, en ekki treystir hann sér til að gizka á um hraða þess þá. Sveigði nú ákærði bifreið sinni til vinstri til að reyna að forða árekstri, en ekki tókst það, og rakst bifhjólið á hægri hlið bifreiðar ákærða um hægra afturhjól, að því er hann heldur. Stöðvaði hann nú bifreið sína og fór út úr henni, og sá hann þá bifhljólið og manninn, sem ók því, liggja á götunni.

Ekki kveðst ákærði hafa séð til ferða hjólsins fyrr en það var statt rétt fyrir framan bifreið hans, eins og fyrr segir, og hafi honum því ekki unnizt tími til að hemla bifreiðinni áður en áreksturinn varð.

Maður sá, sem ók bifhjólinu R 3945, en það rakst á bifreið ákærða, heitir Guðmundur Kristinn Kristinsson nemandi, Vesturgötu 45 A hér í bæ, og er hann nú 22 ára að aldri. Hefur hann skýrt þannig frá við rannsókn málsins, að hann hafi á umræddum tíma ekið hjóli sínu vestur Skúlagötu og ekki farið hart um það leyti, er áreksturinn skeði. Hafi hvorttveggja valdið því, að gatan hafi verið hólótt og ógreiðfær á þessum slóðum, og auk þess telur hann, að ekki sé hægt að aka bifhjólum af þessari gerð hart. Sé það með vél, sem er um eða undir 1 hestafli. Kveðst Guðmundur Kristinn hafa haldið hjólinu vel á vinstra götuhelmingi áður og um það leyti, er áreksturinn varð. Segist hann hafa séð til ferða bifreiðar ákærða nokkru áður en slysið vildi til, og hafi hún þá ekið á vinstri vegarhelmingi, miðað við stefnu í austur, en ekki hafi hann veitt því athygli, hvort hún ók hratt. Leit nú Guðmundur Kristinn upp Vitastíg, til að athuga umferð, er þaðan kynni að koma, og segist hann þá ekki hafa búizt við, að sér stafaði nein hætta af bifreið ákærða, en er hann leit aftur fram fyrir sig, sá hann bifreiðina stefna beint á sig. Kveðst hann þá hafa hemlað hjólinu, og rétt um leið og farartækin (bif-

reiðin og hjólið) voru að mætast, segir hann bifreiðinni hafa verið sveigt til vinstri, miðað við þá átt er hún stefndi í, en hvorugar þessara ráðstafana hafi þó getað forðað árekstri úr því sem komið var, og hafi hjól sitt nú rekizt á hægri hlið bifreiðarinnar, um vörupallinn fremst, og hafi farartækin bæði verið á ferð, er árekstur-inn skeði.

Við áreksturinn kastaðist Guðmundur Kristinn af hjólinu og á götuna, en ekki getur hann gert sér grein fyrir, hvernig þetta gerðist nánar. Hann hlaut við þetta allmikil meiðsl, og verður þeirra nánar getið síðar. Einnig skemmdist hjól hans allmikið við áreksturinn.

Guðmundur kveðst ekki hafa veitt kærða athygli, þar sem hann ók hjólbörum sínum austur götuna, en vill þó í sjálfu sér alls ekki rengja, að hann hafi verið þarna á ferli á umræddum tíma.

Hann segir að rigning hafi verið, er slys þetta varð, og byrjað hafi verið að skyggja. Þá hefur hann og látið þess getið, að hann hafi ekið bifhjólinu R 3945 að meira og minna leyti frá því í apríl-mánuði 1946, þar til slysið varð, og hefur hann ökuskírteini, útgefið sumarið 1944. Hann segist hafa fulla sjón á báðum augum og áfengi hafi hann aldrei bragðað áður en slysið varð.

Eins og áður er minnzt á, hlaut Guðmundur Kristinn allmikil meiðsl í slysi þessu, og hefur Friðrik Einarsson læknir lýst þeim þannig í vottorði, útgefnu þann 15. janúar s. l.:

„Eftirfarandi upplýsingar eru gefnar samkvæmt beiðni frá skrif-stofu sakadómarans í Reykjavík.

Guðmundur Kristinn Guðmundsson, 21 árs gamall, f. 5/7 '25, ógift-ur skrifstofumaður, til heimilis Vesturgötu 46 A í Reykjavík, lá hér á Landsspítalanum, handlæknisdeildinni, 15/10—11/11 1946.

Diagnosis: Fractura processi transversi vertebrae columnae lumbalis I.—IV. (brot á þvertindum : I.—IV. hryggjarlið í mjóbaki).

Hæmophilia (blæðingarsjúkdómur, sem ekki stafar af slysi). Sjúk-lingurinn upplýsir, að hann hafi verið akandi á mótorhjóli, en bíll, sem hafi verið á götunni, hafi skyndilega sveigt fyrir hann, með þeim afleiðingum, að sjúklingurinn féll á götuna. Eftir fallið fann hann til verkja í hægri öxl og í baki. Við skoðun sést marblettur ofan á hægri öxl, og sjúklingurinn kvartar um eymsli í öxlinni og um eymsli og verki í mjóbaki.

Næstu daga kom fram mikið mar og blæðing undir húðinni á öllu bakinu hægra megin.

Við *röntgenskoðun* 16/11 fannst, að þverlindar voru brotnir í I—IV. mjóbakshryggjarliðum. Auk þess sást nokkur hryggskekkja, (sem varla getur komið slysi þessu við).

Sjúklingurinn lá hér í rúminu vegna afleiðinga slyssins, og fékk blóðflutning tvisvar sinnum vegna blóðleysis, sem orsakazt hafði af nefndum blæðingum undir húð.

Honum leið vel og var hann verkjalaus, þegar hann fór af spítal-anum 11/11 1946."

Eftir leguna á Landsspítalanum, sem lauk þann 11. nóvember, kveðst Guðmundur hafa legið rúmfastur í heimahúsum í 3 vikur, og taldi hann sig ekki hafa náð sér að fullu vegna meiðslanna, er hann var yfirheyrður þann 10. janúar s. l.

Er slys þetta varð, var Kristján Benediktsson verkstjóri, Bústaðabletti 3 hér í bæ, 49 ára að aldri, farþegi í bifreiðinni R 2668. Sat hann í stýrishúsi bifreiðarinnar við hlið ákærða, og hefur hann sem vitni við rannsókn málsins skýrt svo frá, að sér hafi virzt bifreiðinni ekið fremur hægt austur götuna, og hafi henni verið haldið vel á vinstra vegarhelmingi, áður en hún beygði fyrir manninn, sem ók hjólbörunum í sömu átt (þ. e. kærða). Vitnið telur, að kærði hafi verið staddur 1—2 metra frá nyrðri gangstétt götunnar, er bifreið ákærða ók fram hjá honum, og hafi hún þá farið lítið yfir miðju götunnar, því að gatan sé þarna breið. Í þessum svifum, er ákærði var að aka fram hjá kærða, sá vitnið manninn á bifhjólinu, og segir það hann þá hafa stefnt á framenda bifreiðarinnar, lítið eitt til hægri. Hafi þá ákærði sveigt þegar til vinstri frá bifhjólinu, en áreksturinn hafi orðið með skjótri svipan, þannig, að bifhjólið rakst á hægri hlið bifreiðarinnar, sem ákærði stöðvaði þegar eftir áreksturinn. Eftir slysið segir vitnið, að hinn slasaði hjólreiðamaður hafi legið dálítið frá syðri gangstétt. Er slysið varð, segir vitnið, að rigningarúði hafi verið og götur rakar. Lítið hafi verið tekið að bregða birtu, og farartæki hafi ekki verið tekin að tendra ljós sín. Það telur fullvíst, að ákærði hafi ekki bragðað áfengi dag þann, er hér um ræðir, og ekkert hafi yfirleitt verið athugavert við framkomu hans.

Nokkru eftir að slysið varð, komu þeir lögregluþjónarnir Konráð Ingimundarson, Vífilsgötu 11 hér í bæ, 33 ára að aldri, Eiður Gíslason, Bústaðavegi 4 hér í bæ, 25 ára að aldri, og Þorleifur Pálmi Jónsson, Kárastíg 13 hér í bæ, 27 ára að aldri, á slysstaðinn. Hafa þeir litlar sjálfstæðar upplýsingar getað gefið varðandi slysið og aðdraganda þess, þar eð þeir komu ekki á staðinn fyrr en það var fyrir nokkru stundu orðið, eins og fyrr segir, og ekki gátu þeir gert uppdrátt af slysstaðnum, því að öll merki eftir farartækin, sem hlut áttu að slysinu, voru afmáð, þegar þeir komu að, og búið var að færa þau öll.

Öllum bar þeim lögregluþjónunum saman um, að ekkert hafi þeir séð eða fundið athugavert við ákærða þarna á slysstaðnum.

Við rannsókn málsins hefur kærði skýrt þannig frá málavöxtum. Hann kveðst hafa verið staddur nálægt gatnamótum Skúlagötu og Vitastígs um það leyti er margnefnt slys skeði, og hafi hann ekið hjólbörum á undan sér austur Skúlagötuna. Gizkar hann á, að hann hafi haldið sér með hjólbörur sínar um 4 metra frá vinstri gangstétt, en þó heldur vinstra megin á götunni, miðað við þá átt, sem hann stefndi í. Er kærði var staddur á fyrrnefndum stað, kveðst

hann hafa heyrt hljóðmerki frá bifreið, sem ók á eftir honum, en hann hafi eftir sem áður haldið stefnu sinni óbreyttri, og hafi gert ráð fyrir, að bifreið þessi æki vinstra megin fram hjá sér. Það hafi þó ekki orðið, og hafi bifreiðin sveigt til hægri og ekið þeim megin fram hjá honum, en síðan sveigt aftur til vinstri, er hún var komin fram hjá kærða, en alveg í þessum svifum rakst bifhjól, er kom akandi vestur götuna, á hægri hlið bifreiðarinnar eða hægra afturhjól, að því er kærði telur. Hann telur, að bifreið þessi, sem síðar reyndist vera bifreið sú, sem ákærði ók, hafi ekið með venjulegum innanbæjarhraða á leið hennar vestur götuna. Ekki telur hann, að bifhjólinu, sem rakst á bifreiðina, hafi verið ekið hart um það leyti, er árekstur inn varð, og hafi því verið haldið vinstra megin á götunni, miðað við stefnu í vestur. Kærði sá ákærða á slysstaðnum og átti var tal við hann, og kveðst hann ekki hafa séð neitt athugavert við framkomu hans.

Hefur nú málavöxtum verið lýst, svo sem ástæða þykir til, og skal nú athugað, hvort þeir ákærði og kærði teljast með atferli sínu hafa brotið þau ákvæði laga og lögreglusamþykktar Reykjavíkur, sem mál þetta hefur verið höfðað gegn þeim fyrir brot á.

Þótt akstur ákærða hafi verið óaðfinnanlegur að mörgu leyti um það leyti, sem margnefnt slys varð, og þrátt fyrir það, að stjórnandi bifhjólsins, sem rakst á bifreið ákærða virðist sjálfur hafa átt nokkra sök á árekstrinum, telst þó nokkuð hafa skort á aðgæzlu af hálfu ákærða, er hann ekur fram úr vegfaranda með ökutæki, án þess að aðgæta nægilega, hvort vegurinn væri auður og hindrunarlaus á nægilega löngu svæði fram undan, þannig, að vegfarendum eða bifreið hans stafaði ekki hætta af því að hann sveigði út á götuna fram hjá vegfarandanum. Hefur hann með þessum aðgæzluskorti brotið 4. málsgr. 26. gr. og 1. málsgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941 og 2. gr. og 3. málsgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941. Einnig telst hann hafa brotið 219., sbr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, með því að valda lestrun á manni með akstri sínum, sem ekki telst eftir atvikum nægilega varfærnislegur. Þykir refsing ákærða, samkvæmt 219. gr. hegningarlagnna, 38. gr. bifreiðalaganna og 14. gr. umferðarlaganna og með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 600.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Það verður að telja sannað samkvæmt eigin framburði kærða, að hann hafi haldið sér með hjólbörur sínar því sem næst á miðri götu, þegar bifreið ákærða ók fram hjá honum. Hefur hann með þessu athæfi sínu brotið 1. málsgr. 31. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930 og 13. gr. umferðarlaganna. Þykir refsing hans, samkvæmt 96. gr. lögreglusamþykktarinnar og 14. gr. umferðarlaganna, og með tilliti til þess, til hvers þessi háttsemi

hans leiddi, hæfilega ákveðan 300.00 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þeir ákærði og kærði greiði skipuðum verjendum sínum í máli þessu, þeim hæstaréttarlögmönnunum Gunnari Þorsteinssyni og Sigurði Ólasyni, hvorum um sig kr. 300.00 í málsvarnarlaun, en allan annan sakarkostnað ber að dæma þá til að greiða in solidum.

Á rekstri máls þessa hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Dómsorð:

Ákærði Magnús Tómas Jónasson greiði 600.00 króna sekt til rikissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði Jón Jóhannsson greiði 300.00 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði og kærði greiði hvor um sig skipuðum verjendum sínum í máli þessu, hæstaréttarlögmönnunum Gunnari Þorsteinssyni og Sigurði Ólasyni, hvorum um sig kr. 300.00 í málsvarnarlaun, en allan annan sakarkostnað greiði þeir in solidum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 18. október 1948.

Nr. 39/1948. **Þórður Þorgrímsson, Margrét Þorkelsdóttir og Þorsteinn Snædal f. h. Jóhönnu Lúðvíksdóttur** (Hrl. Magnús Thorlacius)

gegn

Þorsteini Brandssyni (Hrl. Sigurður Ólason).

Húsaleigumál. Synjun útburðar.

Dómur hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 12. apríl þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefjast þeir þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburð

þann, sem krafizt er. Þá krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst *aðallega* staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar, *en til vara,* að útburðargerð sú, sem krafizt er, nái aðeins til tveggja syðstu herbergja og eldhúss í leiguíbúð stefnda. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda í hæstarétti eftir mati dómsins.

Telja verður samkvæmt gögnum málsins, að áfrýjandinn Þórður Þorgrímsson hafi haft umboð sameigenda sinna til að reka útburðarmálið í héraði, en þeir hafa síðan áfrýjað málinu ásamt honum.

Fyrir hæstarétti hafa áfrýjendur ekki byggt dómkröfur sínar á þeirri málsástæðu, að dóttir áfrýjandans Margrétar Þorkelsdóttur þurfi á húsnæði stefnda að halda.

Eins og segir í úrskurði fógeta, seldu áfrýjendur auða þriggja herbergja íbúð í húsi sínu nr. 17 við Ásvallagötu hinn 23. maí 1947. Þar sem áfrýjendur hafa þannig svipt sig íbúðarhúsnæði þessu, sem nægt hefði áfrýjandanum Þórði, án þess að séð verði að brýna nauðsyn hafi borið til þeirrar sölu og ekki er sýnt, að hagur Þórðar hafi breyzt til muna síðan, þá þykir ekki unnt að taka dómkröfur áfrýjenda til greina. Ber því að staðfesta úrskurð fógeta.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjendur greiði stefnda in solidum kr. 400.00 í málskostnað í hæstarétti.

Það athugast, að enginn málflutningur virðist hafa farið fram í héraði, þótt búið hafi verið að ákveða munnlegan málflutning.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Þórður Þorgrímsson, Margrét Þorkelsdóttir og Þorsteinn Snædal f. h. Jóhönnu Lúðvíksdóttur, greiði in solidum stefnda Þorsteini Brandssyni kr. 400.00 í málskostnað í hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 2. desember 1947.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 21. þ. m., hefur gerðarbeiðandi Þórður Þorgrímsson, Ljósvallagötu 8 hér í bænum, krafizt þess, að Þorsteinn Brandsson verði með beinni fógetagerð borinn út úr húsnæði því, sem hann hefur búið í og haft á leigu í húsinu nr. 17 við Ásvallagötu hér í bænum, og til vara, að hann verði borinn út úr nokkrum hluta þess.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinanr, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Gerðarbeiðandi mun hafa átt einn þriðja hluta húseignarinnar nr. 17 við Ásvallagötu síðan 21. marz 1936, og eru núverandi sameigendur hans að húseigninni Margrét Þorkelsdóttir, Jóhanna Lúðvíksdóttir, Magnús Eggert Pálsson, Óttar Eggert Pálsson og Sigríður R. Jónsdóttir.

Húseignin virðist hafa verið í óskiptri sameign allt þar til að henni var skipt með samningi, dags. 23. maí s. l. Samkvæmt samningi þessum komu í hlut bræðranna Magnúsar og Óttars tvær fjögra herbergja íbúðir á annarri hæð hússins og ein fjögra herbergja íbúð á fyrstu hæð þess. Annað íbúðarhúsnæði í húsinu féll í hlut þeirra Margrétar, Jóhönnu og Þórðar, þ. e. tvær tveggja herbergja íbúðir á rishæð, tvær fjögra herbergja íbúðir á þriðju hæð og ein fjögra herbergja íbúð á fyrstu hæð. Annað húsrými, svo sem miðstöðvar- og þvottaherbergi, gangur, stigar og eitt geymsluherbergi í kjallara, skyldi vera óskipt sem áður, og áttu bræðurnir ⅓ hluta þess, en Jóhanna, Margrét og Þórður ⅔ hluta. Þegar umrædd skipti fóru fram, var önnur íbúðin á þriðju hæð hússins laus til íbúðar, en var seld sama dag Sigríði R. Jónsdóttur, og er hún núverandi eigandi hennar.

Gerðarbeiðandi hefur að undanförnu búið í einu herbergi í húsinu nr. 8 við Ljósvallagötu, hér í bænum, sem hann hefur hin síðustu ár haft á leigu hjá Ólafi H. Einarssyni, og er upplýst, að Ólafur keypti þann hluta, sem nefnt herbergi er í, síðari hluta ársins 1944.

Gerðarbeiðandi byggir útburðarkröfu sína *í fyrsta lagi* á því, að honum sé brýn þörf á hinni umdeildu íbúð til íbúðar fyrir sjálfan sig og í öðru lagi á brýnni þörf sameiganda síns, Margrétar Þorkelsdóttur, á húsnæði fyrir dóttur sínu, Bergþóru S. Sölvadóttur, sem stundi nám hér í bænum og sé húsnæðislaus.

Hvað viðvíkur hans eigin þörf fyrir húnæðið hefur hann bent á, að honum hafi verið sagt upp leigu á herbergi því, er hann hafi haft að undanförnu, miðað við 1. október s. l. Þá telur hann, að sér sé heilsufarsleg nauðsyn að fá íbúð gerðarþola til afnota fyrir sjálfan sig. Skýrir hann þetta á þann hátt, að hann hafi um margra ára skeið átt við erfitt heilsuleysi að stríða og eftir því sem aldur færist yfir hann, sé torveldara að komast af án þeirrar hjálpar og

umönnunar, sem honum sé nauðsynlegt að njóta í veikindaköstum sínum. Kveðst hann því hafa í hyggju að taka ráðskonu til að annast sig og heimili sitt, en til þess þurfi hann a. m. k. tvö íbúðarherbergi auk eldhúss.

Gerðarþoli mótmælir því, að gerðarbeiðanda sé brýn þörf á að fá íbúð hans til eigin afnota. Hann hafi herbergi á leigu og geti haft það áfram, ef hann svipti sig ekki sjálfur leiguréttinum. Sama máli gegni um Bergþóru S. Sölvadóttur. Þá hefur hann og mótmælt því, að gerðarbeiðanda sé hin umdeilda íbúð nauðsynleg af heilsufarslegum ástæðum. Veikindi gerðarbeiðanda hafi verið langvarandi, allt frá barnæsku, samkvæmt hans eigin umsögn. Fari því fjarri því, að þörf hans fyrir aukið húsnæði, ef um hana væri að ræða, hafi fyrst komið í ljós eftir að hann, ásamt sameigendum sínum, hafði selt hina lausu íbúð síðastliðið vor. Verði hann því að bera hallann af því að hafa svipt sig þeim möguleika að taka þessa íbúð til þeirra nota, sem hann telur sér nú nauðsynlega vegna heilsu sinnar.

Eftir því sem fyrir liggur, hefur gerðarbeiðandi einn herbergi það til afnota, sem hann hefur haft undanfarin ár. Honum hefur að vísu verið sagt upp leigu á því, en enn þá er ekki séð, hvort uppsögn þessi hefur við rök að styðjast eða kemur til með að verða framkvæmd. Verður því ekki fallizt á að gerðarbeiðanda sé brýn þörf á henni umdeildu íbúð af þessari ástæðu.

Eins og áður segir, telur gerðarbeiðandi þörf sína fyrir hina umdeildu íbúð einnig stafa af heilsufarslegum ástæðum. Í skjölum málsins þykir hafa hafa komið fram, að gerðarbeiðandi er heilsulítill og hefur verið það um lengri tíma. Ber því að athuga, hvort nauðsyn hans á íbúðinni af þessum ástæðum verður talin svo brýn, að gerðarþola sé skylt að rýma hana.

Það er viðurkennt, að gerðarbeiðandi seldi, ásamt sameigendum sínum, fjögra herbergja íbúð í húsinu nr. 17 við Ásvallagötu 23. maí s. l. Var íbúð þessi þá laus til íbúðar. Á það hefur verið bent, að gerðarbeiðanda hafi verið í lófa lagið að taka þessa íbúð til þeirra nota, sem hann telur sér nú nauðsynlega, ef hann hefði óskað. Gerðarbeiðandi hefur hins vegar haldið því fram, að sameigandi sinn, Margrét Þorkelsdóttir, hafi krafizt sölu á íbúðinni og hann ekki getað hindrað hana, með því að hann hafi ekki haft tök á að leysa hana til sín af fjárhagslegum ástæðum. Auk þessa hafi hvorki hann né nefnd Margrét vitað um, að þau þyrftu á þessari íbúð að halda né neinni annarri, þegar salan fór fram. Hann kveðst í júní s. l. hafa fengið slæmt veikindakast, sem olli því, að hann fór að hugleiða kringumstæður sínar. Fór hann þá til héraðslæknis og tjáði honum vandræði sín. Taldi héraðslæknir, að honum væri heilsufarsleg nauðsyn á að fá þannig húsnæði, að hann gæti haldið ráðskonu, til þess að honum væri alltaf vís hjálp og umönnun í veikindaköstum hans.

Samkvæmt frásögn gerðarbeiðanda sjálfs svo og systur hans, Önnu Þorgrímsdóttur, sem borið hefur vætti í málinu, hefur gerðarbeiðandi allt frá barnæsku átt vanda fyrir að fá slík veikindaköst, sem áður getur, og hann telur hafa orðið til þess að hann hófst handa um að fá hina umdeildu íbúð rýmda. Hins vegar liggur ekkert fyrir um það, að þetta veikindakast hafi verið til muna verra en þau, er hann hafði áður fengið. Þykja því atvik ekki munu hafa breyzt svo verulega, síðan sala íbúðarinnar fór fram, að honum sé nú brýn þörf á öðru íbúðarhúsnæði, en hann hefur.

Samkvæmt þessu verður ekki fallizt á, að þessi málsástæða gerðarbeiðanda hafi við nægileg rök að styðjast, til þess að útburður úr hinni umdeildu íbúð verði á henni byggður.

Eins og áður segir, telur gerðarbeiðandi, að margnefnd íbúð hafi verið seld eftir kröfu Margrétar Þorkelsdóttur. Þykir með tilliti til þess, svo og þess, að ekkert er upplýst um hagi Bergþóru S. Sölvadóttur nú, ekki fært að taka kröfu gerðarbeiðanda til greina hennar vegna.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að framgangur hinnar umbeðnu gerðar verður ekki leyfður. Rétt þykir, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 300.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal ekki fara fram.

Gerðarbeiðandi Þórður Þorgrímsson, Ljósvallagötu 8, greiði gerðarþola Þorsteini Brandssyni, Ásvallagötu 17, kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. október 1948.

Nr. 126/1947. **Evald Christensen** (Hrl. Magnús Thorlacius)

gegn

Bæjarstjórn Neskaupstaðar f. h. kaupstaðarins (Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Gallar á málsmeðferð. Ómerking úrskurðar.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Kristinn Júlíusson, settur bæjarfógeti í Neskaupstað.

Með bréfi 1. nóv. 1947 beiddist formaður skólanefndar

Neskaupstaðar þess, að áfrýjandi yrði borinn út úr húsnæði því, er hann bjó í í barnaskólahúsinu í Neskaupstað. Útburðarmálið var tekið fyrir í fógetarétti Neskaupstaðar þann 11. s. m. Af hálfu gerðarbeiðanda kom fyrir dóm Gunnar Ólafsson, skólastjóri barnaskólans. Lagði hann m. a. fram endurrit úr gerðabók bæjarstjórnar af fundargerð bæjarstjórnarfundar, er haldinn hafði verið þá samdægurs. Lýsir bæjarstjórnin sig þar samþykka útburðarbeiðninni. Af hendi áfrýjanda kom fyrir fógetadóminn samkvæmt umboði hans Niels Ingvarsson forstjóri og andmælti því, að útburðargerð yrði framkvæmd. Átti fógeti þá samkvæmt 109., sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936 að kveða á um það, hvort mál skyldi flytja munnlega eða skriflega. Síðan átti hann að veita aðiljum sameiginlegan frest, sbr. 110. og 111. gr. sömu laga, til þess að flytja málið, og þar sem þeir voru báðir ólöglærðir og nutu ekki aðstoðar lögfróðra málflytjenda, bar honum að leiðbeina þeim um kröfugerðir og málsástæður. Eins og málið lá fyrir, var þess einkum þörf að leiðbeina umboðsmanni áfrýjanda um varnir. Í stað þess að gæta þessarar skyldu sinnar hefur fógeti tekið við lauslegum bókunum frá umboðsmönnum aðilja, þar sem málsástæðum samkvæmt framlögðum gögnum málsins er lítt eða ekki hreyft. Síðan tekur fógeti málið þannig að mestu leyti óreifað til úrskurðar í þessu sama réttarhaldi. Þessi meðferð er af hálfu fógeta svo brýnt brot á fyrrgreindum ákvæðum laga nr. 85/1936, að varða verður ómerkingu hins áfrýjaða úrskurðar og heimvísun málsins til löglegrar meðferðar.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma áfrýjanda, sem krafizt hefur málskostnaðar fyrir hæstarétti, 800 krónur í málskostnað úr hendi stefnda, en hann hefur hér fyrir dómi lýst sig réttan varnaraðilja.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Stefndi, Bæjarstjórn Neskaupstaðar f. h. kaupstaðarins, greiði áfrýjanda Evald Christensen kr. 800.00 í

málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Neskaupstaðar 13. nóvember 1947.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 11. þ. m., krefst gerðarbeiðandi, formaður skólanefndar Nesskóla, þess, að gerðarþoli Evald Christensen verði borinn út úr húsnæði því, er hann býr í í barnaskólanum í Neskaupstað, ásamt öllu, er honum tilheyrir.

Gerðarþoli hefur neitað að rýma húsnæðið af eftirgreindum ástæðum:

að gerðarbeiðandi sé ekki réttur aðili til að krefjast gerðarinnar,

að sér sé heimilt að sitja áfram í húsnæðinu á þeim grundvelli, að það fylgi starfi, sem sér hafi ekki verið sagt upp á löglegan hátt og hann hafi því rétt til að gegna áfram og

að hann njóti verndar húsaleigulaga til að halda húsnæðinu, þótt ekkert annað kæmi til, en dómur húsaleigunefndar liggi ekki fyrir.

Gerðarbeiðandi rökstyður kröfu sina með því,

að gerðarþola hafi verið löglega sagt upp starfi því, sem húsnæðið hafi fylgt sem nokkur hluti endurgjalds, og þar sem kominn sé sá tími, er gerðarþoli skuli láta af starfinu, sé réttur gerðarþola til húsnæðisins einnig niður fallinn og

að húsaleigulög taki ekki til þessa húsnæðis, sem fylgt hafi starfi sem hlunnindi, enda hafi skólinn brýna þörf fyrir húsnæðið handa skólastjóra til íbúðar.

Skal þetta nú nánar athugað.

Þannig stendur á gerðarþola í hér um ræddu húsnæði, að 18. júlí 1944 var starf umsjónarmanns við barnaskólann í Neskaupstað auglýst laust til umsóknar. Meðal umsækjenda um starfið var gerðarþoli, og veitti skólanefnd honum það 18. ágúst s. á. Kjör umsjónarmanns skyldu vera þau, að hann átti að hafa fast mánaðarkaup og uppbætur á það. Einnig skyldi hann hafa frítt húsnæði í íbúð skólans, ljós og hita. Fyrir þetta endurgjald átti umsjónarmaðurinn að annast ræstingu og kyndingu skólans, auk daglegs eftirlits með skólahúsinu. 20. sept. 1945 var mánaðarkaup umsjónarmannsins hækkað og nokkru nánar tekið fram um starfsskyldur hans. Um ráðningartíma og uppsagnarfrest var ekki og hefur aldrei verið samið. Þegar gerðarþoli hafði þannig verið ráðinn skólaumsjónarmaður, flutti hann í íbúð skólans og þar hefur hann búið síðan.

Á fundi skólanefndar, sem haldinn var 23. júlí 1947, var tekin fyrir tillaga um að segja gerðarþola upp umsjónarmannsstarfinu frá 1. nóv. 1947 að telja. Á fundinum voru mættir 4 af 5 nefndarmönnum. Atkvæðagreiðsla fór fram á fundinum um tillögu þessa, og greiddu tveir viðstaddra nefndarmanna henni atkvæði, en hinir tveir gegn. Á fundinum virðist hafa legið fyrir skrifleg yfirlýsing hins fimmta nefndarmanns, sem var formaður nefndarinnar, þá

staddur utanbæjar, um það, að hann væri uppsagnartillögunni samþykkur.

Á grundvelli þessar afgreiðslu málsins var svo gerðarþola tilkynnt næsta dag, að honum væri sagt upp umsjónarmannsstarfi við barnaskólann í Neskaupstað frá 1. nóvember 1947.

Þessari afgreiðslu málsins vildi gerðarþoli ekki hlíta. Skrifaði hann skólanefnd bréf, dags. 9. ágúst 1947, var sem hann lýsti m. a. yfir því, að hann teldi uppsagnartillöguna ekki hafa náð löglegu samþykki á fundinum 23. júlí, svo að tilkynningin um uppsögnina væri markleysa.

Út af þessu bréfi gerðarþola var svo enn haldinn fundur í skólanefnd 1. september 1947, og voru þar mættir allir 5 nefndarmenn. Á þessum fundi var samþykkt að skrifa gerðarþola og ítreka uppsögnina, miðaða við 1. nóv., og krefjast þess jafnframt, að hann flytti úr íbúðinni frá sama tíma.

Bæjarstjórn hefur tjáð sig um málið og lýst yfir samþykki á gerðum skólanefndar í öllu, er að þessu lýtur.

Eins og lýst hefur verið hér að framan, er gerðarþoli kominn að húsnæði því, sem um er að ræða, með samningum við skólanefnd. Í 14. gr. laga nr. 34/1946 er svo fyrir mælt, að umráð skólahúsnæðis sé í höndum bæjarstjórnar með nokkrum takmörkunum gagnvart skólanefnd. Bæði bæjarstjórn og skólanefnd hafa samþykkt að gerðarþoli víki úr húsnæðinu. Eðlilegt virðist, að formaður skólanefndar sé í fyrirsvari fyrir nefndina. Í þessu tilfelli verður ekki séð, að formaður hafi farið út fyrir samþykkt nefndarinnar.

Að þessu athuguðu þykir ekki verða fallizt á þá mótbáru gerðarþola, að gerðarbeiðandi sé ekki réttur aðili til að beiðast gerðarinnar.

Er þá næst að athuga, hvort gerðarþoli geti haldið húsnæðinu áfram á þeim grundvelli, að honum hafi ekki verið löglega sagt upp starfi, sé því enn skólaumsjónarmaður og njóti sömu hlunninda og áður í skjóli þess.

Eins og greint hefur verið, hefur tvisvar verið tekið fyrir í skólanefnd að segja gerðarþola upp starfinu og þar með húsnæðinu. Óvéfengjanlegt er að a. m. k. í síðara skiptið, 1. sept., hafi uppsögnin náð samþykki meiri hluta nefndarinnar. Starfinu hefur því verið sagt upp.

Hins vegar getur verið meira álitamál, frá hvaða tíma uppsögnin skuli taka gildi. Áður er að því vikið, að samningar hafa aldrei verið gerðir um uppsagnarfrest milli aðilja. Ekki er hann heldur lögbundinn, og réttinum er ekki kunnugt um fasta venju í hliðstæðum tilfellum. Hins vegar er kunnugt, að hæstiréttur hefur metið uppsagnarfresti í ýmsum vinnusamböndum, en hér þykir verða að láta það fylgjast að, að rétti til starfs og húsnæðis sé lokið jafn snemma, þó svo, að áhrif húsaleigulaga á málsúrslit eru ekki tekin til athugunar nú, en að því verður síðar vikið.

Í hæstaréttardómum þeim, sem réttinum er kunnugt um og getið hefur verið, hefur uppsagnarfrestur verið metinn frá einum og upp í sex mánuði. Í öllum tilfellum hefur verið um það að ræða, að nokkurrar þekkingar og undirbúnings undir starf væri krafizt af vinnusala og því meiri kröfur, sem gerðar hafa verið til þessa, þeim mun lengri virðist fresturinn hafa verið metinn. Viðkomandi starfi því, sem hér er um að ræða, er ekki vitað, að nokkrar sérstakrar kröfur hafi verið gerðar til vinnusalans í þessum efnum. Með tilliti til þessa svo og annars þess, sem gerzt hefur í málinu og rakið hefur verið hér að framan, lítur rétturinn svo á, að uppsagnarfresturinn hafi eftir atvikum ekki verið svo óeðlilega skammur, að mótbára gerðarþola gegn gerð þessari á þessum grundvelli varði synjun um framgang gerðarinnar.

Loks er að athuga, hvort ákvæði húsaleigulaga nr. 39/1943 séu framgangi gerðarinnar til fyrirstöðu.

Fyrsta grein laganna hefst á því, að óheimila leigusala að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema sérstaklega standi á. Framhald laganna miðar síðan alltaf við leigusala, leigutaka og leigusamninga.

Nú er það svo, að í fyrirliggjandi tilfelli er gerðarþoli ekki kominn að húsnæðinu með leigusamningi, heldur við vinnusamning. Heimild hans til húsnæðisins er einn þátturinn í launagreiðslu til hans.

Enn fremur þykir verða að taka tillit til þess, að í 13. gr. laga nr. 34/1946 er svo fyrir mælt, að skólahúsi eins og barnaskólanum í Neskaupstað skuli fylgja íbúð handa skólastjóra. Um aðra íbúð en þá, sem hér um ræðir, er ekki að ræða í þessu skyni.

Að þessu athuguðu þykir eigi unnt að taka síðastgreinda mótbáru gerðarþola til greina gegn framgangi gerðarinnar.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að leyfa ber framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda. En með tilliti til allra málavaxta, svo og tíðarfars og þess, hver tími árs er nú, þykir rétt að nota heimild 3. málsgreinar 193. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 223. gr., og veita gerðarþola frest til þess að hann megi koma svo högum sínum, að fullnusta úrskurðarins baki honum sem minnst tjón og óhagræði. Telst fresturinn hæfilegur til 15. desember n. k.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal ná fram að ganga. Fullnustu úrskurðarins skal þó fresta til 15. desember 1947.

Föstudaginn 22. október 1948.

Nr. 5/1945. **Magnús Andrésson**
(Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
Kristjáni Kristjánssyni
(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Kaupkrafa skipstjóra. Sératkvæði.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dags. 9. janúar 1945, hefur gert þær kröfur hér fyrir dómi, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og í hæstarétti eftir mati hæstaréttar úr hendi stefnda.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað í hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi sá ekki um, að gerður yrði skriflegur ráðningarsamningur við stefnda, er hann réðist skipstjóri á skip hans, „Capitana", sbr. 1. gr. laga nr. 41/1930, og það er eigi sannað, að hann hafi verið ráðinn til tiltekins tíma. Aðilja greinir á um það, hvor þeirra hafi sagt samningnum upp, en eftir atvikum verður að telja, að áfrýjanda beri að sanna, að stefndi hafi sagt samningnum upp, og hefur sú sönnun eigi komið fram í málinu. Þá verður loks eigi talið, að stefndi hafi glatað rétti til kröfu sinnar, hvorki með útgáfu kvittunarinnar 8. ágúst 1942 né með öðrum hætti, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 800 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi Magnús Andrésson greiði stefnda Kristjáni Kristjánssyni málskostnað í hæstarétti, kr. 800.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Gizurar Bergsteinssonar hrd. og hrl. Sveinbjarnar Jónssonar, setudómara.

Áfrýjandi heldur því fram, að hann hafi ráðið stefnda til þess að hafa á hendi umsjón með breytingum á v/s Capitana, sem nota átti til fiskflutninga, en samið svo við stefnda, að hann skyldi sigla skipi þessu til Englands með fiskfarm tvær til þrjár ferðir. Um mánaðamótin júní og júlí 1942 hafi stefndi verið kominn úr ferð til Englands og skipið þá verið statt á Akureyri. Hafi stefndi þá komið til Reykjavíkur frá Akureyri og komið á skrifstofu sína. Kveðst áfrýjandi þá hafa spurt hann, hvort hann væri nú kominn til að láta af stjórn skipsins samkvæmt samkomulagi aðilja og hafi stefndi játað því. Hafi áfrýjandi því næst ráðið annan skipstjóra. Stefndi lýsir hins vegar svo málavöxtum, að áfrýjandi hafi ráðið hann til skipstjórnar á v/s Capitana um óákveðinn tíma. En þegar hann kom til Reykjavíkur í erindum vegna skipstjórnar í byrjun júlí 1942, hafi áfrýjandi lagt að honum að taka sér orlof. Segist stefndi hafa samþykkt það, enda yrði orlofi lokið, er skipið kæmi úr næstu Englandsferð. Nálægt mánuði síðar, er v/s Capitana var á leið til Íslands í nefndri ferð, hafi hann komið aftur að máli við áfrýjanda og krafizt þess, að skipstjórn v/s Capitana yrði fengin sér í hendur, en þá hafi áfrýjandi sagt, að skipstjóri sá, sem tók við af stefnda, ætti að hafa áfram stjórn skipsins, og hafi hann þá krafizt launa um uppsagnartíma, svo og oft síðar. Um þessar mundir, eða 5. ágúst 1942, tók stefndi við kr. 1313.65 úr hendi áfrýjanda. Undirritaði stefndi þá kvittun, svo hljóðandi: „Magnús Andrésson útgerðarmaður, Reykjavík, hefur í dag greitt undirrituðum uppgjört v/ms „Capitana“ krónur þrettán hundruð og þrettán 65/100, sem hér með kvittast fyrir.“

Skrifstofustúlkur áfrýjanda kveðast hafa orðað kvittun þessa, enda hafi áfrýjandi lagt fyrir þær að greiða stefnda, sem þá var staddur á skrifstofu áfrýjanda, nefnda fjárhæð gegn fullnaðarkvittun af hans hendi, en venjulegar launakvittanir sjómanna á útvegi áfrýjanda hafa verið orðaðar: „greitt upp í laun vegna". Eftir því sem fram er komið í málinu, voru laun stefnda, þau sem hann kvittaði fyrir 5. ágúst, reiknuð til þess tíma, er hann lét af skipstjórn. Stefndi fór af skipinu í byrjun júlí 1942, en hin fyrirvaralausa kvittun var, eins og sagt hefur verið, ekki gefin út fyrr en 5. ágúst s. á., eða röskum mánuði síðar. Var v/s Capitana þá nýkomið eða rétt ókomið úr Englandsför þeirri, sem það fór í, eftir að stefndi fór af því. Hlýtur stefnda þá að hafa verið fullljóst, hvert var horf áfrýjanda við stefnda og að áfrýjandi ætlaði ekki að fela honum aftur skipstjórn á v/s Capitana. Má ráða þetta af framburði stefnda sjálfs. Svo bendir og vætti þeirra Jarls Sigurðssonar, Páls Jóhannssonar og Markúsar Sigurjónssonar eindregið til þess, að stefndi hafi vitað þetta þegar í júlímánuði. Þá eru hvorki leiddar sönnur að því gegn mótmælum áfrýjanda, að stefndi hafi hinn 5. ágúst, er hann gaf hina fyrirvaralausu kvittun, haft uppi kröfu til launa um uppsagnartíma, né að hann hafi borið fram slíkar kröfur fyrr en nálægt áramótum 1942 og 1943, er lögfræðingur hans sneri sér til áfrýjanda. Þegar litið er á þetta hátterni stefnda, þykir bresta grundvöll undir kröfu hans, og geta þær því ekki orðið teknar til greina. En eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Samkvæmt framanrituðu teljum við, að rétt dómsorð eigi að hljóða svo: Áfrýjandi Magnús Andrésson á að vera sýkn af kröfum stefnda Kristjáns Kristjánssonar í máli þessu. Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 8. desember 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., hefur Kristján Kristjánsson skipstjóri, Mýrargötu 3 hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 27. apríl 1944 gegn Magnúsi Andréssyni útgerðarmanni, hér í bæ. Gerir stefnandi þær dómkröfur *aðallega*, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 11 305.10

ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, en *til vara*, að honum verði gert að greiða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins ásamt sömu vöxtum. Í báðum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar sér til handa.

Málsatvik eru þau, að fyrri hluta sumars 1942 var stefnandi ráðinn sem skipstjóri á v/s Capitana, sem var eign stefnda. Ráðningarkjörin voru þau sömu og þá giltu almennt fyrir skipstjóra á ísfiskflutningaskipum hér. Telur stefnandi, að ráðningartíminn hafi verið óákveðinn, en stefndi, að aðeins hafi verið samið um 2—3 ferðir til útlanda. Þegar stefnandi hafði siglt með skipinu í 2 ferðir, fór það til Eyjafjarðar til þess að kaupa fisk til útflutnings. Var þetta í júlímánuði 1942. Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi þá þurft að fara suður til Reykjavíkur í erindum skipsins. Kveðst hann hafa komið á skrifstofu stefnda, sem þá hafi fyrirvaralaust tilkynnt sér, að hann ætti strax að láta af skipstjórn v/s Capitana, að vísu um stundarsakir, og skoða tímann, þar til hann tæki aftur við stjórn skipsins, sem væri hann í leyfi. Stefndi skýrir hins vegar frá þessu á þá leið, að stefnandi hafi í þetta skipti komið á skrifstofu sína, án þess að gera nokkurt boð á undan sér, en skipið lá þá á Akureyri. Segist hann hafa spurt stefnanda, hvort hann væri kominn til þess að tilkynna burtför sína af skipinu og stefnandi hafi sagt svo vera. Stefnandi fékk greitt kaup til þessa tíma, er hann lét af skipstjórninni, og hefur óvéfengt eftirrit af kvittun stefnanda verið lagt fram í málinu. Er kvittun þessi dagsett 5. ágúst 1942 og hljóðar svo: „Magnús Andrésson útgerðarmaður, Reykjavík, hefur í dag greitt undirrituðum uppgjört v/m.s Capitana kr. 1313.65. Kristján Kristjánsson." Stefnandi kveðst margsinnis hafa minnst á það við stefnda, hvort hann ætti ekki að fara að taka aftur við skipstjórn v/s Capitana, og hafi í fyrsta skipti minnst á þetta, áður en skipið kom úr fyrstu ferðinni eftir að hann lét af stjórn þess. Af hálfu stefnda hefur því ekki verið andmælt, að stefnandi hafi farið þess á leit að fá bætur fyrir fyrirvaralausa uppsögn, en það hafi verið nokkrum mánuðum eftir að stefnandi lét af störfum hjá honum. Í janúarmánuði 1943 mun stefnandi hafa snúið sér til Ólafs Þorgrímssonar hrl. og beðið hann að innheimta hjá stefnda fjárhæð sem svaraði þriggja mánaða launum, en þegar tilraunir Ólafs í þessu efni báru engan árangur, var til máls þessa stofnað, eins og fyrr segir.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að lengd ráðningarsamnings hans hafi verið óákveðin, og þar sem engin uppsögn hafi farið fram af hálfu aðilja, þá hafi ráðningarsamningurinn verið áfram í gildi, en hann krefjist einungis þriggja mánaða kaups frá þeim tíma, sem stefndi hætti að hagnýta sér starfskrafta hans, enda hafi hann engar tekjur haft á því tímabili. Telur stefnandi laun í þrjá mánuði nema kr. 4255.20, auk 2% af söluverði fiskfarms skipsins þann 31. júlí og

15. sept. 1942, sem var samtals kr. 352 495.13. Krafa stefnanda er því samtals kr. 11 305.10 og er hún tölulega óvéfengd.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að upphaflega hafi verið um það samið, að ráðningartími stefnanda yrði aðeins 2—3 ferðir og í samræmi við það hafi stefnandi sjálfur sagt upp starfinu, enda og gefið fullnaðarkvittun að loknum tveim ferðum.

Stefndi hefur ekki, gegn mótmælum stefnanda, fært sönnur á þá staðhæfingu sína, að samið hafi verið fyrirfram um lengd ráðningartíma stefnanda. Sjálfur hefur stefndi haldið því fram, að hann hafi ekki sagt samningnum upp í júlímánuði 1942. Kemur þá til athugunar, hvort stefnandi hafi gert það. Eitt vitni hefur borið það fyrir dómi, að stefndi hafi í júní—júlí 1942 sagt sér, að það væri samkomulag með þeim stefnanda, að hann tæki sér leyfi um tíma. Tvö önnur vitni, skipverjar á v/s Capitana, hafa enn fremur borið það, að stefnandi hafi í júlímánuði 1942, þegar skipið lá á Akureyri, tilkynnt þeim í síma frá Reykjavík, að sér hefði fyrirvaralaust verið sagt upp skipstjórastarfi á v/s Capitana. Samkvæmt framansögðu, svo og öðrum gögnum í málinu, verður ekki, gegn mótmælum stefnanda, talið sannað, að stefnandi hafi sjálfur sagt upp starfinu í júlímánuði 1942, enda verður ekki séð, að fyrrgreind kvittun sé nein viðurkenning af hálfu stefnanda, um að skiptum þeirra aðiljanna hafi þá verið lokið. Dómurinn verður því að líta svo á, að ráðningarsamningur stefnanda hafi verið áfram í gildi þá þrjá mánuði, er hann krefst launa fyrir, og þar sem útreikningi stefnanda á launanum hefur ekki verið hnekkt, verður sú krafa hans tekin til greina óbreytt.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða kr. 11 305.10 ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 700.00.

Árni Tryggvason borgardómari og meðdómendurnir Jón Axel Pétursson hafnsögumaður og Þorgrímur Sigurðsson skipstjóri hafa kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Magnús Andrésson greiði stefnanda Kristjáni Kristjánssyni kr. 11 305.10 ásamt 5% ársvöxtum frá 27. apríl 1944 til greiðsludags og kr. 700.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. október 1948.

Nr. 43/1948. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Einar Arnórsson)
gegn
Valtý Stefáni Jónssyni
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Ölvun við akstur. Brot gegn áfengis- og umferðarlögum svo og 219. gr. hegningarlaga.

Dómur hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, sýslumaður Eyjafjarðarsýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Rannsókn á blóðúrtaki ákærða leiddi í ljós, að í því var áfengismagn, er nam 1.5‰. Samkvæmt þessu og öðrum sakargögnum, sem rakin eru í héraðsdómi, er sannað, að ákærði var ölvaður við stjórn bifreiðarinnar A 207 umrætt skipti, enda verður ekkert mark tekið á sögu hans um drykkju eftir áreksturinn. Varðar þetta hátterni ákærða við 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 21. gr. áfengislaga nr. 33/1935. Farþegar voru of margir í bifreið ákærða, og varðar það hann við 3. mgr. 14. gr. bifreiðalaganna. Ákærði ók óhæfilega hratt og gálauslega, þrátt fyrir viðvaranir farþega, og varðar það brot hans við 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaganna. Þar sem heilsutjón og áverka, sem lýst er í héraðsdómi, leiddi af hinum gálausa akstri ákærða, er hann og sekur um brot gegn 219. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940.

Þar sem árekstur bifreiðar ákærða, A 207, og bifreiðarinnar A 175, varð, er vegurinn aðeins 5 metra breiður. Geta bifreiðar því ekki mætzt þar, nema gætt sé ýtrustu varfærni við stjórn þeirra. Um 10 metrum sunnar er hins vegar útskot á veginum, og er bifreiðum ætlað að mætast þar. Ökumaður bifreiðarinnar A 175 ók norður veginn, og var hann því á útskotinu örskömmu fyrir áreksturinn. Hann beið ekki á útskotinu, þar til bifreið ákærða væri komin fram hjá, heldur ók til móts við hana, unz árekstur varð. Virðist öku-

maður A 175 því einnig eiga nokkra sök á slysinu. Ber að virða það, er refsing ákærða er metin.

Að þessu athuguðu og samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna, 14. gr. umferðarlaganna, 39. gr. áfengislaganna og 219. gr. hegningarlaganna þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 40 daga.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna, 21., sbr. 20., 39. gr. áfengislaganna og 68. gr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði Valtýr Stefán Jónsson sæti varðhaldi 40 daga. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Arnórssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 700.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Eyjafjarðarsýslu 14. febrúar 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. f. m., er höfðað með stefnu útgefinni 15. des. f. á. gegn ákærða Valtý Stefáni Jónssyni bifreiðarstjóra, til heimilis að Hallgilsstöðum í Arnarnesshreppi í Eyjafjarðarsýslu, af réttvísinnar hálfu fyrir brot á XXIII. kafla almennra hegningarlaga og af valdstjórnarinnar hálfu fyrir brot á bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum nr. 24 s. d. og áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 27. febrúar 1918. Hann hefur ekki fyrr sætt kæru eða refsingu, svo kunnugt sé.

Málavextir eru þessir: Aðfaranótt sunnudagsins 17. ágúst s. l. kl. 2.30—3 varð bifreiðaslys á þjóðveginum í Arnarneshreppi, skammt norðan við Spónsgerði. Varð þar árekstur milli bifreiðarinnar A 207, sem er hálfkassabifreið af Chevrolet gerð, og bifreiðarinnar

A 175, sem er lítil fólksflutningabifreið. Bifreiðarstjóri á A 207 var ákærði í máli þessu, en á A 175 Sigtryggur Þorbjarnarson frá Akureyri. Bifreiðinni A 207 var ekið suður eftir veginum, en A 175 í norður, og varð árekstur á milli þeirra, með þeim afleiðingum, að báðar bifreiðarnar stórskemmdust, einkum þó sú minni, og nokkrar manneskjur í báðum bifreiðunum slösuðust meira eða minna, sem síðar greinir.

Kl. 3.55 þessa nótt var lögreglunni á Akureyri tilkynnt slysið, og fóru þá tveir lögregluþjónar, þeir Gísli Ólafsson og Björn Guðmundsson ásamt héraðslækninum, á vettvang. Þegar þeir komu þangað, var flest allt fólkið úr nefndum bifreiðum farið þaðan. Bifreiðin A 175 var þá við slysstaðinn og stóð skáhalt út af hægri kanti vegarins, og var lögreglunni sagt, að hún hefði verið færð dálitið til vegna umferðarinnar. Var hún þá svo mikið skemmd, að ekki var neitt hægt að aka henni. Bifreiðinni A 207 hafði verið ekið um 500 m suður eftir veginum, og síðan inn á þverveg að Spónsgerði og út í móa. Hittu lögregluþjónarnir ákærða nálægt slysstaðnum og höfðu tal af honum. Virtist þeim ákærði vera sýnilega undir áhrifum áfengis og inntu hann því þegar eftir áfengisneyzlu hans. Sagði ákærði þeim þá, að hann hefði eftir árekturinn tekið upp flösku með ½—1 pela af brennivíni og drukkið það allt. Flöskunni kvaðst hann síðan hafa kastað út úr bifreiðinni og kvað það hafa verið á stað, sem reyndist vera um 300 m frá slysstaðnum. Leituðu lögregluþjónarnir þá þegar að flöskunni, en án árangurs. Þegar lögreglumennirnir spurðu ákærða um, hvort hann hefði ekki neytt áfengis fyrr um nóttina, kvaðst hann ekki geta neitað, að svo hefði verið. Var nú farið með ákærða inn á Akureyri, tekið úr honum blóðsýnishorn og tekin af honum skýrsla. Var hann þá enn nokkuð drukkinn og tal hans ruglkennt. Ekki gat hann skýrt frá því til hlítar, hvaða fólk hefði verið með í bifreiðinni. Þó tilnefndi hann þetta: Eggert bróður sinn og Þóru Jónsdóttur, bæði frá Hallgilsstöðum, Þóru Stefánsdóttur og stúlku að nafni Jónborgu, báðar frá Fagraskógi, og Guðrúnu Valgeirsdóttur frá Akureyri. Fleira minntist hann ekki á. Hann neitaði því, að stúlka frá Ósi í Arnarneshreppi, Ásgerður að nafni, hefði verið í hans bifreið, en upplýst var þá, að hún hafði verið flutt meðvitundarlaus í sjúkrahús eftir nefnt slys. Þá sagði ákærði það um áfengisneyzlu sína, að hann hefði ekkert áfengi bragðað um kvöldið eða nóttina, fyrr en hann hafi verið kominn á þann stað, þar sem bifreið hans var, þegar lögreglumennirnir komu á vettvang um nóttina. Sagðist hann hafa tekið þar upp hálfa ákavítisflösku og drukkið allt, sem í henni var, og síðan kastað tómri flöskunni út um opinn glugga á hægri hurð bifreiðarinnar. Eftir að skýrsla þessi hafði verið tekin af ákærða, fór yfirlögregluþjónninn ásamt báðum framannefndum lögreglumönnum að bifreið ákærða, þar sem hann hafði skilið við hana um nóttina, og leituðu að flöskunni. Telja þeir, að þeir hafi leitað af sér allan grun um að flaskan væri nokkurs staðar

í kastlengd frá bifreiðinni, hvorki þar sem bifreiðin þá stóð, né þar sem ákærði hafði vísað til, um 300 m frá slysstaðnum. Var orðið fullbjart, þegar lögreglumennirnir komu á vettvang í seinna skiptið. Hafa allir framannefndir lögreglumenn staðfest skýrslu sína fyrir dómi varðandi þetta.

Við rannsókn málsins er þetta enn fremur upplýst svo öruggt má telja. Bifreiðin A 207 er fólks- og vöruflutningabifreið, og er heimilt að flytja í henni 10 farþega, auk ökumanns. Var hún notuð sem áætlunarbifreið fyrir farþega og mjólkurflutninga úr Arnarneshreppi til Akureyrar, en ekki var hún í áætlunarferð, þegar slysið varð. Að kvöldi laugardagsins 16. ágúst s. l. ók ákærði bifreiðinni fyrst út að Fagraskógi og kom við á Hjalteyri. Síðar um kvöldið fór hann frá Fagraskógi og kom við á Hjalteyri og flutti fólk á dansleik að Reistará í Arnarneshreppi þá um kvöldið. Var klukkan þá um 23.30—24. Var hann síðan á dansleiknum um nóttina eða við skemmtistaðinn, og stóð bifreiðin þar á meðan. Þegar dansleiknum var lokið um kl. 2.30 um nóttina, var óskað eftir því, að ákærði færi með fólk inn að Möðruvöllum eða þar í grennd áður en hann færi út að Fagraskógi, en þar hélt hann til á nóttunni. Þetta fólk var í bifreiðinni: Í framsæti hjá bifreiðarstjóra var aðeins ein stúlka, Jónbjörg Gísladóttir að nafni. Í miðbekknum var þetta fólk: Guðrún Valgarðsdóttir, Akureyri, Þóra Stefánsdóttir, Fagraskógi, Nis Peter Nissen, Fagraskógi, Ruth Harloff, Möðruvöllum, þau síðast nefndu eru dönsk, Guðjón Þóroddsson frá Björgum og Hermann Jónsson úr Skagafirði, eða sex manns. Í aftasta bekk var þetta fólk: Pálmi Pálmason, Hofi, Geirfinnur Hermannsson, Litlu-Brekku, Sigurður Þorbergsson, Þrastahóli, Sveinn Þorbergsson, sama stað, Eggert Jónsson, Hallgilsstöðum, bróðir ákærða, og Ásgerður Jóhannsdóttir, Ósi, eða 6 manns. Alls voru þannig í bifreiðinni 13 farþegar. Í bifreiðinni A 175 var, auk bifreiðarstjórans, þetta fólk: Í framsæti var ung stúlka, Sigrún Bjarnadóttir að nafni, en í aftursæti önnur ung stúlka, Eygló Gísladóttir, og Einar Pétursson, rafvirkjanemi, og var hann töluvert ölvaður. Allt þetta fólk var í bifreiðunum, þegar þær rákust saman. Að Reistará voru margar bifreiðar aðrar þessa nótt, og var þeim flestum eða öllum ekið um líkt leyti af stað suður eftir veginum. Hjá Spónsgerði er dálitið leiti, og er norðan til við það útskot fyrir bifreiðar til að mætast, og er vegurinn þar um 6 m að breidd, að meðtöldu útskotinu. Þar fyrir norðan er vegurinn 5 m breiður, mælt alveg út á kanta, og munu bifreiðar yfirleitt ekki mætast þar nema við útskotið, og er því að jafnaði ekið nálægt miðjum vegi. Fyrir norðan nefnt útskot er vegurinn beinn á 1—2 km löngu svæði og ekki mjög mishæðóttur. Áreksturinn varð 8—12 m norðan við útskotið, eftir því sem næst varð komizt, en ekki sást það greinilega vegna troðnings, enda höfðu bifreiðarnar verið færðar úr stað, sem fyrr segir.

Ákærði hefur sjálfur borið eftirfarandi fyrir dómi um aðdraganda slyssins og atvik málsins:

Þegar hann fór frá Reistará, taldi hann að með honum hefði verið í bifreiðinni einn karlmaður og ein stúlka frá Hallgilsstöðum og þrjár stúlkur frá Fagraskógi. Ekki mundi hann fyrir vist, hvort stúlka að nafni Gerður Guðnadóttir og dóttir prestsins á Möðruvöllum hefðu verið með. Enn fremur taldi hann, að eitthvert fólk hefði farið í aftasta sætið, án þess að hann hirti um, hvaða fólk það væri. Í framsætinu sagði hann að hefði setið stúlka að nafni Jónbjörg, frá Fagraskógi, og annað hvort Þóra Stefánsdóttir eða Guðrún Valgeirsdóttir. Um aksturinn hefur ákærði sagt í fyrsta réttarhaldi, 17. ágúst s. l., að hann hafi ekið með 20—25 km hraða skömmu fyrir áreksturinn og hafi hann séð bifreið koma á móti sér við afleggjara á veginum. Bjóst hann við að bifreiðin, sem á móti honum kom, og reyndist vera A 175, mundi nema staðar á útskotinu, en þegar A 175 hafi lagt af stað inn á veginn, hafi hann hægt á ferðinni og hemlað, og hafi þá verið um bifreiðarlengd milli bifreiðanna. Á næsta augnabliki kvað hann áreksturinn hafa orðið og var hann all þungur. Í næsta skipti, er ákærði kom fyrir dóm í máli þessu, hefur hann borið, að hann minni, að hraðinn hafi verið 40—50 km miðað við klukkustund, og hann muni hafa verið nokkurn veginn óbreyttur, þar til bilið milli bifreiðanna var um ein bíllengd, en þá hafi hann hemlað, og hafi hraðinn ekki verið yfir 25—30 km, þegar árekstrinn varð. Loks hefur ákærði í réttarhaldi 11. des. s. l. viðurkennt, að hann hafi sagt við Sigtrygg Þorsteinsson, svo sem síðar verður að vikið, að hann hafi ekki séð ástæðu til að slá af, þar sem hann hafi reiknað með að Sigtryggur myndi nema staðar á útskotinu. Hefur ákærði jafnan staðhæft, að hann hafi ekki séð aðra bifreið við útskotið, en A 175, og að hann hafi reiknað með því, að A 175 yrði stöðvuð á útskotinu. Um hraða bifreiðarinnar A 175 hefur ákærði sagt, að hún hafi verið á dálitilli ferð, en eigi verið ekið hratt. Við áreksturinn hafi hún lent framan á A 207, þó aðallega hægra megin, og hafi A 207 aðallega skemmzt þeim megin. Ekki hefur ákærði viljað viðurkenna við rannsókn málsins, að neitt hafi verið áfátt við stjórn hans á bifreiðinni í ferð þessari, þrátt fyrir gagnstæða framburði ýmissa vitna, sem síðar greinir.

Um slysið sjálft hefur ákærði borið þetta: Við áreksturinn skarst Jónbjörg Gísladóttir á öðrum vanganum. Sjálfur fékk ákærði dálitið sár ofan á hvirflinum. Um slys á öðru fólki vissi hann ekki, en taldi þó, að verið gæti, að eitthvað af fólkinu, sem var í aftasta sætinu, hafi meiðst. Hann sagðist rétt aðeins hafa komið út úr bifreiðinni, og ekki hafa neitt séð um að fólkið, sem slasaðist, kæmist í aðrar bifreiðar, enda hafi fólkið brátt heimtað, að hann færi með bifreið sína af veginum, til þess að bifreiðarnar, sem slasaða fólkið var látið í, kæmist leiðar sinnar. Hann ók síðan A 207 töluverðan spöl suður eftir þjóðveginum og síðan inn á þverveg hjá Spónsgerði. Kveðst hann hafa stöðvað bifreiðina þar og tekið upp flösku með ákaviti, um það bil hálfa, og drukkið upp úr henni í einum teig og

kastað henni síðan norður fyrir þverveginn. Kvaðst hann, þegar þetta gerðist, hafa verið staddur fyrir utan bifreiðina, einnig meðan hann drakk úr flöskunni. Þá hefur ákærði skýrt frá því, að skömmu eftir að hann kom að Reistará þessa nótt, hafi hann komið í veitingasalinn og hitt þar Tryggva nokkurn Einarsson og Agnar Stefánsson, sem þar hafi setið saman við borð. Hafi menn þessir gefið honum tvisvar áfengi út í kaffibolla og gizkar á, að það hafi samsvarað þrem snöfsum. Kveðst hann hafa fundið lítils háttar til ölvunar út af þessu. Ekki kvaðst hann þó hafa fundið neina ölvun á sér, þegar hann hafi lagt af stað frá Reistará. Varðandi ákavítisflöskuna, er áður greinir, hefur hann sagt, að hann hafi verið búinn að eiga hana vikutíma, og að hann hafi oft bragðað á henni á kvöldin. Hann kvaðst hafa orðið mikið ölvaður af ákavítinu og heldur, að hann hafi sofnað í mónum skammt frá bifreiðinni, en hann hafi þó vaknað sjálfkrafa. Fór hann þá að slysstaðnum og mætti þá lögreglumönnunum, sem voru þá snúnir aftur frá slysstaðnum. Í réttarhaldi 15. des. s. l. sagði ákærði, að hann myndi ekki, hvort hann hefði hent flöskunni út um dyrnar eða gluggann á bifreiðinni né heldur, hvort hann hafi þá verið inni í bifreiðinni eða úti. Í öðru réttarhaldinu, sem ákærði mætti í, hélt hann því fram, að hann hefði fengið högg, bæði á nefið og höfuðið við árekstur inn, og hafi hann orðið svo ruglaður af því, að hann hafi ekki munað hvað gerðist þá.

Sigtryggur Þorsteinsson, sem stjórnaði bifreiðinni A 175, 21 árs að aldri, hefur borið eftirfarandi: Hann hafði verið á dansleik þessa nótt, ásamt Einari Péturssyni, sem með honum var í bifreiðinni, og Bergi nokkrum Eirikssyni, sem skilizt hafði við þá. Voru þeir Einar og Bergur mikið drukknir á dansleiknum, en sjálfur kvaðst hann ekki hafa neytt neins áfengis. Eftir dansleikinn fór hann áleiðis til Reistarár í bifreiðinni A 175, sem hann hafði undir höndum, ásamt fólki því, er að framan greinir. Hann kvaðst hafa mætt bifreið við útskot, örskammri stundu fyrir slysið, og hafi hún numið staðar og slökkt ljósin meðan hann fór fram hjá. Hafði hann augun á bifreið þessari, meðan hann fór fram hjá henni. Í fyrra skiptið, er hann kom fyrir dóm í máli þessu, sagði hann, að fáum metrum norðar en hann mætti bifreiðinni, hafi hann fengið á sig ljós frá vörubifreið, er komið hafði með allmikilli ferð að norðan, og hefði það engum togum skipt, að áreksturinn hefði orðið milli bifreiðanna. Þegar hann kom fyrir dóm síðar, komst hann þannig að orði, að þegar hann hafi litið af bifreiðinni, sem hann mætti, hafi hann strax séð ljós hinnar bifreiðarinnar, sem á móti kom, og hafi það engum togum skipt, að áreksturinn hafi orðið. Hann taldi að hraðinn á sinni bifreið hafi verið mjög lítið farinn að aukast frá því hann var á útskotinu og hafi verið á öðru hraðastigi, en þau séu fjögur á hans bifreið. Þegar hann sá árekstur inn fyrir, hafi A 207 verið alveg að koma að honum, svo að enginn möguleiki hafi verið til að forðast árekstur inn. Hann hafði ekki ráðrúm til að aðvara

fólkið í bifreiðinni. Hann heldur þó, að hann hafi stigið á hemlana. Hann kveðst ekkert hafa vitað um bifreið á veginum á þessum stað, fyrr en hann fékk ljósin frá henni framan í sig, sem síðar segir. Ekki hefur hann þó haldið því fram, að A 207 hafi ekki verið með löglegum ljósum. Um akstur A 207 hefur hann enn fremur sagt, að hraði hennar hafi verið mikill, hann hafi ekki orðið þess var, að henni hafi neitt verið hemlað og að ákærði hafi sagt við hann eftir slysið, að hann hefði ekki séð ástæðu til að „slá af", því hann hefði haldið að Sigtryggur mundi nema staðar á útskotinu.

Um framkomu og útlit ákærða á slysstaðnum hefur Sigtryggur borið þetta. Þegar hann hitti ákærða að máli eftir áreksturinn, hafi hann verið mjög æstur í skapi og kennt honum um áreksturinn. Virtist honum ákærði vera mikið drukkinn og sagði að hann hefði verið óstöðugur á fótum og hafi talað um að slást við Einar Pétursson, er þeir áttu tal saman. Þá hefur hann sagt, að framkoma ákærða gagnvart farþegunum hafi verið einkennileg, því hann hafi haldið sér við bifreið sína eftir að hann var búinn að færa hana til á veginum, en ekkert skeytt um slasaða fólkið.

Mörg vitni hafa verið leidd í máli þessu. Geirfinnur Hermannsson, Litlu-Brekku, 24 ára gamall, sem hefur meira próf bifreiðarstjóra, hefur borið þannig:

Ákærði ók allhratt um þjóðveginn og virtist ekki hafa gott vald á bifreiðinni, einkum fyrst í stað. Hann hægði ekki á ferðinni við bugður á veginum, og bifreiðin slingraði á veginum. Kvað hann stúlku, sem sat við hlið ákærða, og bróður hans, hafa haft orð á þessu, en hann hafi ekki skeytt um það. Hann telur hraðann hafa verið að mestu óbreyttan þar til áreksturinn varð, en telur þó að verið geti, að hann hafi hemlað svo að segja um leið og áreksturinn varð. Hann taldi að ekki hefði verið hægt að mætast, þar sem slysið varð, nema þá með sérstöku lagi, og hélt að bifreiðarnar hefðu báðar verið nálægt miðjum vegi og þær hafa lent svo að segja beint saman. Hann taldi að A 207 hefði jafnan verið með ljósum á ferð þessari. Hann sá ákærða öðru hvoru um nóttina að Reistará, auk þess sem hann sá hann í bifreiðinni, og áleit að hann hefði verið dálítið ölvaður. Ekki sá hann ákærða reika í spori eða neyta áfengis og fann ekki af honum vínlykt. Þegar lagt var af stað frá Reistará, áleit hann að ákærði hafi verið orðinn heldur meira ölvaður. Sagði hann, að ákærða hafi gengið illa að koma vélinni í gang, og „startað" eftir að vélin var komin í gang og hafi hann þurft að taka bugðuna niður á þjóðveginn í tvennu eða þrennu lagi, sem þá muni hægt að ná í einu lagi. Vitnið hefur staðfest framburð sinn með eiði.

Pálmi Pálmason, Hofi, 19 ára gamall, hefur borið eftirfarandi: Hann telur eins og Geirmundur, að ákærða hafi gengið illa að koma bifreiðinni af stað og niður á þjóðveginn hjá Reistará. Honum fannst ákærði aka óvenjulega illa þetta sinn og einkum hafi hann ekið

hratt eftir að hann kom á móts við Hof. Einnig hafi hann ekið illa bugðuna á veginum norðan við nefnt býli og farið þar tæpt á kantinum. Ekki varð hann þess var, að ákærði hægði á ferðinni eða hemlaði, þegar bifreiðin A 175 sást fram undan, en segist þó ekki geta fullyrt neitt þar um. Honum virtist A 175 standa kyr á veginum. Ekki fylgdist hann með, hvort jafnan hafi verið ljós á A 207, en telur að svo dimmt hafi verið af nóttu, að ekki hefði verið gott að aka ljóslaust. Hann áleit að ákærði hafi verið mikið ölvaður í þetta sinn og dregur það af því, að hann hafi ekki hirt um fortölur stúlkunnar í framsætinu og af því, að ódrukkinn maður hefði ekki ekið svo gálauslega. Hann sá ákærða að Reistará um nóttina í orðasennu við mann, og sagði að hann hefði þá verið nokkuð æstur. Ekki sá hann ákærða reika í spori né neyta áfengis. Vitnið hefur staðfest framburð sinn með eiði.

Vitnið Ruth Harloff, Möðruvöllum, 18 ára, hefur borið eftirfarandi: Henni fannst ákærði ekki aka vel í þetta sinn, og hafi bifreiðin slingrað til, og hann hafi ekið nokkuð hratt, hún áætlar 50—60 km miðað við klukkustund. Hún kvaðst hafa orðið þess vör, að ákærði hemlaði fyrir áreksturinn, en ekkert gat hún um það sagt, hversu langt hefði þá verið milli bifreiðanna. Hún kvaðst ekki geta sagt, að ákærði hafi verið ölvaður.

Vitnið Jónbjörg Gísladóttir frá Reykjavík, 23 ára, hefur borið eftirfarandi: Henni fannst aksturinn vera nokkuð hraður, en veitti ekki öðru óvenjulegu við aksturinn athygli. Hún kvaðst ekki hafa beðið ákærða að aka hægar eða gætilegar. Hún sagði, að sér hefði fundizt A 207 vera hemlað, en á næsta augnabliki hafi áreksturinn orðið. Hún kvaðst engin einkenni ölvunar hafa séð á ákærða, hvorki á dansleiknum né í bifreiðinni, og ekki sá hún hann neyta áfengis. Vitni þetta slasaðist töluvert á andliti, sem síðar greinir.

Vitnið Nis Peter Nissen, Fagraskógi, 26 ára, hefur skýrt þannig frá: Hann mundi ekki til að ákærða hefði gengið illa að koma bifreiðinni í gang né koma henni niður á veginn, en telur að hann hafi ekið mjög hratt og ógætilega og áætlar hraðann 50—60 km. Hann taldi að ákærði hefði ekkert verið farinn að draga úr hraðanum, þegar áreksturinn varð og að hann hafi ekkert hemlað. Hann sagðist halda, að ákærði hefði verið eitthvað undir áhrifum áfengis, þegar lagt var af stað frá Reistará, og sagði að hann hefði ekki verið viss um, að hann hefði átt að fara að Möðruvöllum, áður en hann færi út að Fagraskógi. Hann kveðst þó ekki hafa séð glögg ytri einkenni ölvunar á ákærða.

Vitnið Sigurður Þorbergsson, Þrastahóli, 18 ára, hefur borið eftirfarandi: Hann sagði, að ákærða hefði gengið heldur illa að koma bifreiðinni í gang og niður á veginn. Hann sagði ákærða hafa ekið frekar hratt, en mundi ekki til að hann hefði ekið sérstaklega illa, og ekki heyrði hann um það talað í bifreiðinni. Hann veitti því ekki athygli, að neitt væri hægt á ferðinni á A 207, og sá engin hemlaför

eftir hana á eftir. Vitnið kvaðst oft hafa séð ákærða að Reistará um nóttina, en sá ekki á honum nein einkenni ölvunar. Þegar þeir fóru frá Reistará, sagðist hann þó hafa haft grun um, að hann hefði verið undir áhrifum áfengis, og álíta að svo hafi verið, og kveðst hann hafa markað það á hreyfingum hans og framkomu. Vitnið hefur staðfest framburð sinn með eiði.

Vitnið Guðrún Valgarðsdóttir, Akureyri, 15 ára að aldri, hefur borið að ákærði hafi ekið mjög hratt, svo að fólkið í bifreiðinni hafi beðið hann að aka hægar, en ákærði sinnti því ekki. Annað sá hún ekki athugavert við aksturinn. Ekki varð hún þess vör, að ákærði hemlaði eða gerði annað til að forða árekstri, og hélt hún að ekkert hefði verið farið að draga úr hraðanum, þegar áreksturinn varð. Hún sá A 175 skömmu fyrir áreksturinn og virtist hann vera á meðal hraða. Hún kvaðst ekki hafa séð það á ákærða, að hann væri ölvaður, en sagði, að fólkið í bifreiðinni hefði eitthvað haft orð á því á leiðinni frá Reistará, að svo mundi vera. Vitnið meiddist nokkuð á fótum.

Vitnið Ásgerður Jóhannsdóttir frá Ósi, 16 ára, hefur borið eftirfarandi: Hún taldi akstur ákærða í þetta sinn hafa verið óvenjulega hraðan, en veitti ekki öðru óvenjulegu athygli um hann. Hún sagði, að ákærði hefði ekki hægt á ferðinni, þótt hann væri beðinn um það. Ekki vissi hún um bifreiðina, sem á móti kom, fyrir árekstrinn. Hún sá ákærða þessa nótt ekki fyrr en hún kom í bifreiðina og veitti hún því þá ekki athygli, að hann væri ölvaður. Dimmt var í bifreiðinni. Hún kvaðst ekki hafa talað um það við ákærða að fá far með honum og sagði, að hann mundi ekki hafa aðgætt, hvaða fólk var í aftasta sæti. Vitnið slasaðist mikið, eins og síðar verður frá sagt.

Vitnið Hermann Jónsson úr Skagafirði, 23 ára, hefur skýrt frá því, að ákærða hafi gengið illa að koma bifreiðinni niður á veginn og hafi slokknað á vélinni á meðan. Á leiðinni inn veginn hafi ákærði ekið ógætilega, hlykkjótt og heldur hratt. Vitnið sá þegar árekstrinn var yfirvofandi, en ekki sá hann að neitt væri gert til að hindra hann, og heyrði ekkert í hemlum. Ekki sá hann aðra bifreið á útskotinu en A 175, en sagðist álíta, að þar hefði verið önnur bifreið, því að bifreið hefði farið fram úr bifreið ákærða hjá Hofi. Ekki sagðist hann hafa séð eða heyrt nein glögg einkenni ölvunar á ákærða í þetta sinn og aldrei séð hann neyta áfengis þessa nótt, en hann sagðist hafa álitið, að hann væri eitthvað undir áhrifum áfengis, vegna þess hvernig hann ók. Vitnið er bifreiðarstjóri að atvinnu.

Vitnið Guðjón Þóroddsson, Pálmholti, 47 ára, hefur skýrt svo frá, að ákærða hafi gengið hálfilla að koma bifreiðinni niður á veginn hjá Reistará og hafi hann orðið að aka tvisvar aftur á bak til þess að ná beygjunni. Á leiðinni inn veginn ók ákærði mjög hratt, svo að vitnið hafði orð á því við hann að aka hægar, en ákærði hló að og

skeytti því ekki. Að öðru leyti taldi vitnið, að ekki hefði verið ekið illa. Sagðist vitnið hafa orðið svo hræddur í bifreiðinni, að hann hafi búið að því lengi á eftir. Skömmu fyrir áreksturinn sá hann bifreið koma á móti þeim; var hún við útskotið og mætti þar annarri bifreið. Bifreiðin, sem á móti kom, hafði dregið úr ljósunum, meðan hin bifreiðin fór fram hjá. Örskammri stundu síðar rákust bifreiðarnar á. Ekki varð vitnið vart við, að ákærði gerði neitt til að forða árekstri, hvorki hemlað, breytt um stefnu né hraðastig. Þegar vitnið talaði við ákærða að Reistará um nóttina, og þegar hann kom að bifreið hans ,sá hann hvorki né heyrði nein ölvunareinkenni á honum og fann ekki af honum vínlykt. Þó hefur vitnið sagt, að hann hafi álitið svo vera í þetta sinn, vegna þess hvernig hann ók.

Vitni þau, sem nú hafa verið nefnd, voru öll í bifreið ákærða.

Vitnið Einar Pétursson, rafvirkjanemi, 20 ára, hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekki veitt akstri bifreiðar ákærða athygli fyrir slysið, og hann hefi ekkert athugavert séð við akstur A 175. Þeir voru nýbúnir að mæta bifreið, þegar áreksturinn varð. Hann taldi A 175 hafa verið nálægt miðjum vegi, en A 207 lítils háttar til vinstri. Vitnið kvaðst hafa átt tal við ákærða eftir slysið, og hafi vitnið þá haft orð á því, að ákærði ætti sök á árekstrinum, en ákærði hafi brugðizt reiður við og spurt vitnið, hvort hann vildi slást. Ákærði hafi sagt, að hann hefi ekki séð ástæðu til að „slá af" rétt við útskot og hélt hann því, að ákærði hefði ekki hemlað fyrir áreksturinn. Vitninu virtist ákærði talsvert ölvaður, einkum af því, að hann var æstur og sinnti lítið um slasaða fólkið. Vitni þetta var töluvert ölvað.

Vitnið Eygló Gísladóttir, Akureyri, 18 ára, telur að A 175 hafi verið ekið með venjulegum hraða, en ekkert sá hún til A 207. Hún telur að A 175 hafi numið staðar á útskotinu, meðan önnur bifreið ók fram úr henni. Vitni þetta slasaðist talsvert.

Vitnið Sigrún Bjarnadóttir, Akureyri, 16 ára, kveðst ekkert athugavert hafa séð við akstur A 175; hún hafi numið staðar á útskotinu, og hafi nokkrar bifreiðar farið þar fram hjá. Hún kveðst hafa séð A 207 á hæðinni út hjá Hofi, en ekki sá hún, vegna myrkurs, hvernig akstri þeirrar bifreiðar var hagað. Hún sá ekki hvernig árekstrinn bar að. Vitni þetta slasaðist mikið. Þrjú síðastgreind vitni voru öll í bifreiðinni A 175.

Vitnið Ottó Ryel, 26 ára að aldri, ók bifreið frá Reistará þessa nótt. Á leiðinni nam hann staðar og hleypti nokkrum bifreiðum fram fyrir sig. Var A 207 meðal þeirra, og var henni ekið fremur hratt. Nokkru síðar kom hann að slysstaðnum og tók þar tvær stúlkur, sem slasaðar voru, og flutti þær í sjúkrahús. Vitnið sá ákærða að Reistará, en talaði ekki við hann. Virtist honum ákærði þá „líflegri", en gat ekki sagt um, hvort hann hefði verið ölvaður.

Vitnið Júlíus B. Magnússoon bifreiðarstjóri, 25 ára, kom á slysstaðinn í bifreið. Hann heyrði ákærða tala og kvaðst álíta, að hann

hefði verið talsvert ölvaður eftir útliti hans og hegðun að dæma. Virtist honum ákærði ekki gera sér ljóst, hversu alvarlegur atburður hefði skeð. Hann heyrði, að ákærði átti í orðasennu við piltana, sem voru í A 175, og virtist hann þá talsvert æstur. Vitnið hefur staðfest framburð sinn með eiði.

Vitnið Jónína Davíðsdóttir, Möðruvöllum, 16 ára, var á Reistará um nóttina og kom á slysstaðinn skömmu eftir slysið. Hún kveðst ekki hafa orðið þess vör á Reistará, að ákærði væri ölvaður. Þegar hún átti tal við ákærða á slysstaðnum, sagði hún hins vegar, að sér hefði fundizt hann vera öðruvísi en á Reistará, og taldi að hann hefði verið verið undir áhrifum áfengis, en kvaðst ekki geta skýrt það nánar.

Vitnin Ingimar Brynjólfsson, 32 ára, og Hermann Stefánsson, 50 ára, sem voru löggæzlumenn að Reistará margnefnda nótt, hafa báðir borið, að þeir hafi oft séð ákærða um nóttina, en ekki séð á honum ölvun, en segjast þó báðir hafa haft grun um, að hann væri undir áhrifum áfengis. Sá fyrrnefndi vegna þess, að ákærði sé oft ölvaður á skemmtunum í sveit sinni. Ingimar sá ekki ákærða talsvert langan tíma áður en hann fór frá Reistará, en Hermann sá hann, þegar hann var að fara.

Vitnið Sigtryggur Einarsson, Hjalteyri, 54 ára, hefur borið eftirfarandi: Hann var með brennivínsflösku með sér að Reistará margnefnda nótt og neytti hann innihaldsins ásamt Agnari Stefánssyni. Einhvern tíma fyrri hluta næturinnar kom ákærði til þeirra, og gaf vitnið honum þá brennivín í tvo kaffibolla með kaffi í. Sagði vitnið, að þegar ákærði hafi komið til þeirra, hafi sézt, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, og dró hann það meðal annars af því, að ákærði hefði verið örari í skapi en venjulega og augnaráðið dálítið starandi, en ekki kveðst hann þó hafa vitað, hversu mikið ákærði hefði þá verið drukkinn. Vitnið kvaðst hafa verið örlítið undir áhrifum áfengis.

Vitnið Agnar Stefánsson, 37 ára, kvaðst ekki hafa séð ölvun á ákærða í þetta sinn, en bar að öðru leyti svipað um þetta atriði. Vitnið Þorsteinn Jóhannesson bifreiðarstjóri, 46 ára, talaði við ákærða að Reistará, og kvaðst ekki hafa séð nein einkenni ölvunar á honum. Öll vitni þekktu ákærða áður og flest þeirra mjög vel, enda flest samsveitungar hans eða frá Akureyri.

Ekki hefur komið í ljós um bifreiðina A 207, að hún hafi ekki verið í ökufæru ástandi. Lögreglumennirnir, sem fóru á slysstaðinn, hafa skýrt frá því, að hún hafi skemmzt allmikið, sbr. dskj. nr. 2, og ákærði hefur borið, að hún hafi skemmzt svo mikið, að ekki hafi verið hægt að aka henni lengra. Það sem bent gæti til þess, að bifreiðin hafi ekki verið í góðu lagi, er, að ákærða virðist hafa gengið illa að koma vélinni í gang, þegar hann fór frá Reistará, og sjálfur hefur hann sagt, að tappinn, sem startað er með, komi stundum ekki út alveg strax, þegar sleppt er af honum og að fyrir komi, að tals-

vert erfiði sé að koma vélinni af stað, og neistinn slokkni oft á meðan. Ekki verður þó talið sannað, að þeir annmarkar hafi verið á bifreiðinni, að við lög varði. Um bifreiðina A 175 er það upplýst, sbr. vottorð nr. 2 í rannsókninni og skýrslu lögreglunnar, að ekki var unnt að aka henni eftir áreksturinn, en ekki er vitað annað en að hún hafi verið ökuhæf fyrir áreksturinn.

Þessi slys urðu við áreksturinn: Tvær stúlkur voru lagðar inn í sjúkrahús, Sigrún Bjarnadóttir og Ásgerður Jóhannsdóttir. Voru meiðsli þeirra sem hér segir samkvæmt vottorði sjúkrahússlæknisins:

Sigrún Bjarnadóttir hafði fengið mikið sár neðan á höku og upp á neðri kjálkann beggja megin, og virtist líkast því, sem hún hafi fengið áverka þennan af einhverjum sljóum hlut, sem hitt hefði hana með miklum krafti og rifið hörund og hold í sundur, svo að neðri kjálkabeinið lá bert fyrir aftur á kjálkahorn (angulus madibulae) báðum megin, og sáust óhreinindi á kjálkabrúninni til beggja hliða, þar sem aðalhöggið hafði komið. Slasaða var „schockeruð" og sljó, en með rænu, hafði misst talsvert blóð. Hún hreyfði alla limi, en hafði fengið áverka á bæði hné, allstórt flipasár, er náði inn í „bursa præpatellaris" á hægra hné, en nokkur vökvi í vinstri hnélið. Í staðdeyfingu var gert við sárin og slösuðu síðan gefið „penisilín" næstu daga. Sárið á höku og hálsi er alveg gróið 2⅝ 1947, er vottorðið er gefið, en sárið á hægra hné ekki. Almennt ástand gott. Nokkur grunur gæti leikið á um brot á höfuðkúpubotni. Sjúkdómsgreining spítalans: Vulnera coutusa. Commotio cerebri.

Vottorð sjúkrahúslæknisins um Ásgerði Jóhannsdóttur segir svo: „Hún var að koma til meðvitundar, er hingað kom, en samkvæmt umsögn þeirra, er með hana komu, hafði hún verið rænulaus á leiðinni frá slysstaðnum. Hafði hún sýnilega fengið höfuðhögg, rekizt á sljóa brún eða kant, sem hafði hruflað yfirhúðina á ca. 6 cm svæði þvert yfir ennið v. megin, og var undir þessu hruflsári allmikil blæðing. Ástandið batnaði fljótt eftir komuna, svo að sjúklingurinn kom til fullrar meðvitundar, enda þótt hún væri nokkuð þjökuð. Kvartaði um eymsli og stirðleika í baki. Röntgenmyndir teknar af höfði og hrygg sýndu engin brot á beinum. Sjúklingurinn er nú (2⅝ 1947) vel hress, ekki lengur óþægindi í baki, en nokkur höfuðverkur öðru hvoru, en fer óðum batnandi. Miklar líkur til að sjúkl. verði jafngóður af meiðslum þessum. Sjúkdómsgreining: Commotio cerebri (heilahristingur).

Þegar Ásgerður kom fyrir dóm 19. sept. s. l., skýrði hún svo frá, að hún hefði legið í sjúkrahúsinu hálfan mánuð. Kvaðst þó ekki enn vera neitt farin að vinna, vegna þess að þá fái hún mikinn svima.

Eygló Gísladóttur skýrði þannig frá meiðslum sínum fyrir dómi 26. ágúst s. l., að daginn eftir slysið hafi önnur kinnin stokkbólgnað, og tungan hafi verið marin og blóðug. Enn fremur var hún með marbletti á báðum lendum. Hún var frá vinnu í vikutíma, en var þó ekki orðin jafngóð. Jónbjörg Gísladóttir skýrði frá því fyrir dómi 20.

ágúst s. l., að við áreksturinn hafi höfuð hennar rekizt sennilega í framrúðuna í bifreiðinni, og hafi hún skorizt á hægri kinn og niður á háls og fengið kúlu og smásár á ennið. Hún varð rugluð, en missti þó ekki meðvitund. Guðrún Valgarðsdóttir sagði fyrir dómi 26. ágúst s. l., að hún hafi rekið fæturna í næsta bekk og marizt talsvert á báðum fótum, og hún hafði verk aftan í hálsi og baki lengi á eftir. Hún lá rúmföst í 2 daga og var frá vinnu í vikutíma. Enn fremur meiddust bifreiðarstjórarnir sjálfir lítils háttar og fleiri fengu einhverjar skrámur.

Við framburð vitnanna hefur ákærði einkum gert þessar athugasemdir. Hann hefur ekki, þrátt fyrir vætti margra vitna um ölvun eða grun um ölvun, viljað breyta framburði sínum þar um. Hann hefur heldur ekki viljað viðurkenna, að honum hafi gengið illa að komast af stað frá Reistará, né heldur að hann hafi ekið illa eða að bifreiðin hafi slingrað til á leiðinni að slysstaðnum eða hann hafi ekið hratt umfram venju. Í sambandi við vætti yfirlögregluþjónsins hefur hann tekið það fram, að hann hafi verið svo ölvaður, þegar skýrslan var tekin af honum, að ekki sé mikið á henni að byggja. Um vitnið Guðjón Þóroddsson sagði ákærði, að það hefði verið ölvað í þetta sinn, og um vitnið Sigtrygg Einarsson, að hann hafi verið talsvert ölvaður, þegar þeir hittust.

Telja verður, að með neyzlu áfengisins að Reistará, sem fullupplýst er, hafi ákærði gerzt sekur samkvæmt upphafi 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941, með því að ætlun hans var að aka bifreið strax að skemmtuninni lokinni, að því er ætla má, og varð sú raunin á. Einnig verður að telja, að áfengisneyzla þessi, sem ákærði hefur viðurkennt að hafa fundið til ölvunaráhrifa af, hafi valdið honum nokkrum sljóleika, svo að hann hafi ekki notið sín við aksturinn sem skyldi, og varðar það við 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaganna. Þá er það upplýst, að ákærði var talsvert mikið ölvaður, þegar lögreglan kom að honum um nóttina, en þá virðast hafa verið liðnar a. m. k. 2 klukkustundir frá slysinu. Er þá að athuga, hvað lagt verði upp úr framburði hans um atvik að því. Mestallan þennan tíma virðist ákærði hafa verið einn saman, í eða hjá bifreið sinni, svo að nægilegt ráðrúm hafði hann til að neyta þess áfengis, sem hann hefur stöðugt hefur haldið fram, að hann hafi neytt á þessum tíma.

Þá hafa 6 vitni, sem sáu hann um nóttina, borið að þau hafi ekki séð á honum ölvunaráhrif eða hafa ákveðinn grun í þá átt, þar á meðal 4 stúlkur, sem voru í bifreið hans, er slysið varð. Hins vegar er á það að líta, að 7 vitni hafa öll borið ákveðið, að þau hafi séð ölvun á ákærða, og eru a. m. k. fjögur þessara vitna óaðfinnanleg og hafa staðfest framburð sinn með eiði. Auk þess hafa 6—7 vitni borið, að þau hafi haldið eða haft grun um, að ákærði væri ölvaður, þótt þau hafi eigi þorað að fullyrða þar um. Einnig er á það að líta, að ákærði er ósamkvæmur sjálfum sér í frásögn sinni varðandi magn þess áfengis, hvar hann var staddur, er hann neytti þess, og

hvar og hvernig hann kastaði frá sér flöskunni, sem áfengið átti að hafa verið í. Þá byrjaði hann á því að viðurkenna við lögreglumennina á slysstaðnum, að hann hefði neytt áfengis um nóttina fyrir slysið, en neitaði því síðar við yfirlögregluþjóninn, en viðurkenndi það loks fyrir dómi, eftir að rannsóknardómarinn hafði bent honum á, hversu frásögn hans hefði verið ósennileg og eindregið skorað á hann að segja satt frá áfengisneyzlu sinni. Loks er þess að geta, að lögregluþjónunum tókst ekki að finna flöskuna, sem ákærði kvaðst hafa kastað frá sér, og hafa þeir þó allir borið, að þeir hafi leitað af sér allan grun. Þegar á það er litið, sem nú hefur verið rakið, svo og háttsemi ákærða á leiðinni að slysstaðnum og á slysstaðnum, þá verður frásögn hans um áfengisneyzluna eftir slysið ekki tekin til greina, og er því talið nægilega sannað, að ákærði hafi verið ordinn ölvað,ur þegar slysið varð. Með því hefur hann brotið ákvæði 23. gr. 1. mgr. bifreiðalaganna, 4. gr. 2 mgr. umferðarlaga, og 21. gr. áfengislaga nr. 33 9. jan. 1935. Með því að flytja 13 farþega í bifreiðinni hefur ákærði brotið ákvæði 14. gr. 3. mgr. bifreiðalaga. Ákærði hefur sjálfur sagt, að ökuhraðinn hafi verið 45—50 km miðað við klukkustund. Flest öll vitnin, sem í bifreið hans voru, og vitnið Otto Ryel, auk Sigtryggs Þorbjarnarsonar, hafa talið, að ákærði hafi ekið hratt og sum mjög hratt. Einnig hefur ákærði viðurkennt, að hann hafi ekki séð ástæðu til að „slá af" hraðanum á bifreið sinni. Hraðanum hélt hann óbreyttum, a. m. k. þar til aðeins var ein bifreiðarlengd milli bifreiðanna. Þegar tillit er tekið til þess, að dimmt var af nóttu og bifreið framundan, verður að telja sannað, að hraðinn hafi verið óhæfilega mikill, og að með því hafi ákærði ekki sýnt þá aðgæzlu og varkárni, sem honum bar, þrátt fyrir það, þótt hann kunni að hafa vænzt þess, að bifreiðin A 175 næmi staðar á útskotinu. Hefur hann með því brotið ákvæði bifreiðalaga, 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. og umferðarlög 4. gr. 3. mgr.

Loks verður að telja samkvæmt því, er að framan er lýst, að framferði ákærða hafi verið aðalorsök slysa þeirra á fólki, er að framan greinir, og hefur hann þannig gerzt brotlegur við ákvæði 219. gr. almennra hegningarlaga frá 12. febrúar 1940.

Eigi þykir nægilegt tilefni til að áfellast ákærða fyrir brot á 29. gr. bifreiðalaga, þar sem hann var dálitið meiddur sjálfur og nægilega margir voru til aðstoðar hinu slasaða fólki.

Samkvæmt 38. gr. bifreiðalaga, 39. gr. áfengislaga, 14. gr. umferðarlaga og 219. gr. almennra hegningarlaga, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 30 daga varðhald. Þá þykir samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga og 68. gr. almennra hegningarlaga verða að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið í 2 ár frá 17. ágúst s. l. að telja. Hann greiði allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 500.00 til skipaðs talsmanns síns.

Kröfur um skaðabætur hafa engar fram komið í máli þessu.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögn dóms þessa, og stafar hann

sumpart af því, að málið er all umfangsmikið og mikið annríki hefur verið við embættið, þar á meðal við rannsóknir annarra mála. Engóþarfur dráttur hefur annars orðið á málinu.

Dómsorð:

Ákærði Valtýr Stefán Jónsson sæti 30 daga varðhaldi.

Hann er sviptur leyfi til að aka bifreið í 2 ár frá 17. ágúst 1947 að telja.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 500.00 til skipaðs talsmanns síns, Friðriks Magnússonar hdl.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. október 1948.

Nr. 123/1947. **Ágúst K. Guðmundsson**
(Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Sólveigu Matthíasdóttur, Rögnu Matthíasdóttur, Matthíasi Matthíassyni og Steingrími Matthíassyni (Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari Einar Arnalds borgardómari í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Húsaleigumál.

Dómur hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfógeta, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1947, krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að stefndu verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar á úrskurðinum og að áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar þykir mega staðfesta hann. Eftir atvikum er rétt að láta málskostnað í hæstarétti falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 7. nóvember 1947.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 31. f. m., hafa gerðarbeiðendur aðallega krafizt þess, að Ágúst Kr. Guðmundsson verði með beinni fógetagerð borinn út úr íbúð þeirri, sem hann hefur haft á leigu í húsinu nr. 22 C við Skólavörðustíg, og til vara, að hann verði skyldaður til að rýma íbúð sína, að undanteknu norðvestur herberginu, gegn því að fá í staðinn íbúð Matthíasar Matthíassonar á neðstu hæð hússins.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Gerðarbeiðendur eru fjögur systkini, börn Ragnheiðar Skúladóttur, er var eigandi hússins nr. 22 C við Skólavörðustíg til árins 1939, en það ár lézt hún, og hafa systkinin, Ragna, Steingrímur, Sólveig og Matthías, átt húsið í óskiptri sameign síðan.

Húsið nr. 22 C við Skólavörðustíg er þrjár hæðir og ris. Á hverri hæð eru fjögur herbergi og eldhús, en í risi er eitt herbergi, auk þurrklofts. Á neðstu hæðinni er verzlun í tveim herbergjum, en þar býr einnig nefndur Matthías ásamt konu sinni og þrem börnum og hefur til afnota tvö herbergi og eldhús. Á þriðju hæð hússins búa þau Sólveig og Steingrímur og ekki annað fólk. Herbergið í risinu mun ekki hafa verið notað til íbúðar um nokkurra ára skeið. Gerðarþoli hefur haft miðhæðina til afnota síðan 1939, að hann flutti í húsið.

Eftir því sem fyrir liggur í skjölum málsins, virðast gerðarbeiðendur byggja aðalkröfu sína á því, að Matthíasi Matthíassyni sé brýn þörf á rýmra húsnæði til íbúðar fyrir sig og fjölskyldu sína vegna heilsuleysis fjölskyldunnar og nauðsynja hennar m. a. af þessum sökum til að fá aðstoðarstúlku á heimilið, svo og að gerðarbeiðendur þurfi að láta systur sinni, Guðrúnu, í té húsnæði það, sem Matthías nú hefur, en hún sé nýkomin til landsins frá Kaupmannahöfn. Hafi hún til afnota aðeins eitt herbergi og eldhús fyrir sjálfa sig, mann sinn og tvö börn þeirra hjóna.

Varakrafan virðist eingöngu byggð á þörf Matthíasar fyrir aukið húsnæði.

Mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar byggir gerðarþoli m. a. á því, að hann telur löglega uppsögn ekki hafa farið fram, þar sem raunverulegur leigusali sinn, Sólveig Matthíasdóttir, hafi ekki sagt sér upp húsnæðinu. Þá vefengir hann, að um brýna þörf gerðarbeið-

anda fyrir aukið húsnæði sé að ræða, með því að nefndur Matthías hafi mjög rúmt húsnæði fyrir sig og fjölskyldu sína, auk þess búi systkini hans, þau Sólveig og Steingrímur, í fjögurra herbergja íbúð á þriðju hæð hússins. Í risi sé eitt herbergi og á neðstu hæð tvö herbergi til afnota fyrir húseigendur eða hafi a. m. k. verið það, er honum var sagt upp íbúðinni. Þá telur hann, að húsnæði það, sem fram er boðið í staðinn fyrir núverandi íbúð hans, geti ekki komið honum að sömu eða svipuðum notum og íbúðin, vegna þess hversu margt fólk hann hafi í heimili.

Af rskj. nr. 11 sést, að Ólafur Þorgrímsson hrl. sagði gerðarþola upp leigu á íbúð hans með bréfi, dags. 12. febr. s. l., f. h. eigenda hússins nr. 22 C við Skólavörðustíg. Ekkert hefur komið fram í málinu, sem bendir til þess, að hann hafi skort umboð til þessa. Virðist því ekki skipta máli, þó að Sólveig Matthíasdóttir hafi ekki haft persónulega nein afskipti af uppsögn húsnæðisins né rekstri málsins fyrir húsaleigunefnd, enda þótt hún hafi að undanförnu komið fram fyrir hönd húseigenda gagnvart gerðarþola í sambandi við leiguna.

Aðalkrafa gerðarbeiðenda skal nú athuguð nokkuð.

Gerðarbeiðendur geta ekki fengið rýmt húsnæði vegna þarfa systur sinnar, með því að engin heimild virðist vera fyrir því í lögum, og er því fallin önnur meginstoðin undan þessari kröfu þeirra.

Eins og áður segir, er aðalkrafan jafnframt byggð á brýnni þörf nefnds Matthíasar á auknu húsnæði.

Með tilliti til fjölskyldustærðar hans, svo og þess húsnæðis, sem hann hefur komizt af með að undanförnu, verður ekki talið, að honum sé brýn þörf á svo mjög auknu húsnæði fyrir sig og fjölskylduna, að nemi allri íbúð gerðarþola. Verður aðalkrafa hans því ekki tekin til greina.

Fógeti fór á vettvang og athugaði íbúðir gerðarbeiðenda, svo og íbúð gerðarþola og herbergi það í risi, sem að ofan getur. Herbergi þetta er tæplega manngengt undir kverk og ástand þess að öðru leyti þannig, að það verður að teljast óíbúðarhæft. Í íbúð Matthíasar eru bæði herbergin fremur lítil.

Með tilliti til þessa svo og heimilisástæðna Matthíasar sbr. rskj. nr. 8 og 9, verður að telja, að honum sé brýn þörf á auknu húsnæði. Þykir því rétt að taka varakröfu gerðarbeiðenda til greina.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að leyfa beri framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðenda gegn því, að gerðarþoli fái til afnota íbúð Matthíasar á neðstu hæð hússins og haldi auk þess afnotum af norðvestur herberginu af núverandi íbúð sinni.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðenda gegn því, að gerðarþoli fái til afnota íbúð Matthíasar Matthíassonar á neðstu hæð hússins nr. 22 C við Skólavörðustíg og haldi auk þess afnotum af norðvestur herberginu í núverandi íbúð sinni.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 27. október 1948.

Nr. 29/1948. **Jón Björnsson** (Hrl. Ragnar Jónsson)
gegn
Gunnari Jósepssyni (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)

Kaup á bátum.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminum hefur verið áfrýjað aðeins að því er varðar Gunnar Jósepsson.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu dags. 2. apríl 1948, gerir þær dómkröfur aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 15 000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 25. október 1947 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Til vara krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslna þessara, vinni Björn Halldórsson, héraðsdómslögmaður á Akureyri, eið að því, að kaup um nótabáta þá, sem um ræðir í málinu, hafi komizt á milli hans og stefnda. Til þrautavara krefst hann þess, að úrslit málsins verði látin velta á synjunareiði stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti samkvæmt mati dómsins.

Í máli þessu stendur staðhæfing gegn staðhæfingu um það, hvort kaup á hinum umræddu nótabátum hafi komizt á, og hefur áfrýjandi engin gögn flutt fram því til sönnunar, að svo hafi verið. Ber því að staðfesta héraðsdóminn, að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1200.00 með tilliti til þess, að málskotið var svo algerlega að ófyrirsynju, að átöluvert er.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi Jón Björnsson greiði stefnda Gunnari Jósepssyni 1200 krónur í málskostnað í hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 12. marz 1948.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 5. þ. m., hefur stefnandi, Jón Björnsson útgerðarmaður, Ólafsfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 21. nóv. s. l. á hendur stefnda, Gunnari Jósepssyni skipasmið, Akureyri, og hefur uppi þær kröfur fyrir dómi, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 15 000.00 auk 5% ársvaxta frá útgáfudegi sáttakæru, 25. okt. s. l., til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Með framhaldsstefnu, birtri 13. des. s .l., hefur stefnandi stefnt h/f Sverri, Akureyri, inn í máli þetta og gerir þá kröfu, að stefndi Gunnar Jósepsson og stefndi h/f Sverrir verði in solidum dæmdir til að greiða stefnukröfuna ásamt vöxtum og málskostnaði.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefnandi skýrir frá málavöxtum á þessa leið: Í maímánuði s. l. fól hann Birni Halldórssyni lögfræðing á Akureyri að annast sölu á herpinótabátum, sem hann átti á Dalvík. Björn Halldórsson auglýsti bátana til sölu. Nokkru síðar eða um 10. júní hitti Björn stefnda Gunnar Jósepsson. Bauð Gunnar kr. 15 000.00 í bátana og gekk Björn að því. Fór þetta munnlega fram. Einum eða tveim dögum síðan hitti Björn stefnda Gunnar Jósepsson aftur og var þá engan bilbug á honum að finna um kaupin, en þá lét hann þess getið, að hann væri að kaupa bátana fyrir aðra til afnota á næstu síldarvertíð. Áður en stefnandi vissi um, að kaupin væru fullgerð milli stefnda Gunnars og Björns Halldórssonar, heyrði hann í útvarpi áskorun frá skrifstofu Landssambands íslenzkra útvegsmanna um að þeir, sem selja vildu nótabáta, tilkynntu þá til skrifstofu Landssambandsins. Hringdi stefnandi þá til stefnda og spurði hann, hvort hann ætti að tilkynna bátana til skrifstofunnar, en stefndi svaraði því neitandi, hann væri búinn að kaupa þá fyrir kr. 15 000.00. Stefndi Gunnar átti um þessar mundir ca. kr. 5000.00 hjá stefnanda, og samþykkti stefnandi eða umboðsmaður hans Björn Halldórsson skuldajöfnuð á upphæð þessari

og andvirði bátanna, en stefndi skyldi afhenda 10 000.00 króna víxil með nafni Kjartans Steingrímssonar útgerðarmanns til greiðslu á mismuninum, en Kjartan var raunverulegur kaupandi bátanna, að því er stefndur Gunnar sagði. Greiðslan átti að fara fram að fám dögum liðnum, er Kjartan Steingrímsson kæmi í bæinn.

Nokkrum dögum síðar hitti Björn Halldórsson stefnda Gunnar og innir hann eftir greiðslunni, en þá kveðst Gunnar helzt vilja vera laus við bátakaupin, því Kjartan hafi fengið aðra báta. Stefnandi kveður Björn hafa haldið upp á hann kaupunum, og þá hafi orðið að samkomulagi, að Björn reyndi að selja bátana fyrir stefnda Gunnar Jósepsson. Sala tókst ekki, og stefndi Gunnar hefur færzt undan að greiða andvirði bátanna. Hefur stefnandi því höfðað mál þetta.

Undir rekstri málsins hefur komið í ljós, að stefndi Gunnar Jósepsson leitaði eftir bátakaupunum eftir beiðni Kjartans Steingrímssonar forstjóra h/f Sverris fyrir hönd þess félags. Hefur stefnandi stefnt h/f Sverri með framhaldsstefnu inn í málið, eins og fyrr segir, til þess að þola dóm in solidum með Gunnari Jósepssyni. Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi þess til vara, að stefndi Gunnar Jósepsson yrði einn saman dæmdur til að greiða stefnukröfuna ,og til þrautavara, að málið verði látið velta á synjunareiði stefnda Gunnars.

Af hálfu stefnda h/f Sverris er því haldið fram í málinu og staðfest af stefnda Gunnari Jósepssyni, að hann (Gunnar) hafi ekki haft umboð til að gera kaupsamning um báta, heldur hafi hann aðeins átt að leitast fyrir um möguleika á bátakaupum. Kaupsamningur, sem stefndi Gunnar hefði gert, hefði því ekki verið skuldbindandi fyrir h/f Sverri. Þegar af þessari ástæðu ber að sýkna h/f Sverri af kröfum stefnanda.

Stefndi Gunnar Jósepsson krefst aðallega sýknu á þeim grundvelli, að hann sé ekki aðili málsins, heldur hlutafélagið Sverrir, sem beðið hafði hann að leitast fyrir um kaup á nótabátum. Samkvæmt því, er áður segir, er upplýst, að stefndi Gunnar hafði ekki umboð til að fullgera kaup á bátum fyrir h/f Sverri. Hafi kaup gerzt milli stefnanda og stefnda Gunnars, ber honum að svara til þeirra á eigin ábyrgð, og verður aðalsýknuástæða stefnda Gunnars því ekki tekin til greina.

Til vara er stefnukröfunni mótmælt á þeim grundvelli og sýknu krafizt af því, að kaup um bátana hafi ekki farið fram. Stefndi Gunnar kveðst hafa tjáð umboðsmanni stefnanda, Birni Halldórssyni, að kaupin væru háð samþykki Kjartans Steingrímssonar og yrðu ekki fullgerð fyrr en hann hefði skoðað bátana og sagt til um, hvort hann vildi kaupa þá eða ekki. Samkomulag var um verð það og greiðslukjör, er stefnandi lýsir, ef saman gengi um kaupin, er Kjartan hefði séð bátana.

Stefndi Gunnar neitar því, að hafa fallizt á að honum bæri skylda til að greiða verð bátanna og mótmælir því, að samkomulag hafi

orðið um, að Björn Halldórsson reyndi að selja bátana fyrir stefnanda, enda staðhæfir hann, að kaup hafi aldrei verið gerð.

Stefnanda hefur ekki tekizt að færa sönnur á fullyrðingar sínar gegn andmælum stefnda Gunnars, og ekki þykja þau gögn hafa komið fram í málinu, að rétt sé að úrslit þess velti á aðildareiði. Ber því einnig að sýkna stefnda Gunnar Jósepsson af öllum kröfum stefnanda. Eins og atvikum er háttað, þykir þó rétt að málskostnaður falli niður.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Gunnar Jósepsson og h/f Sverrir, eru sýknir af kröfum stefnanda Jóns Björnssonar. Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 29. október 1948.

Nr. 94/1948. **Aðalbjörg Sigbjörnsdóttir**
gegn
Guðlaugi Guðmundssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi Aðalbjörg Sigbjörnsdóttir, er eigi hefur sótt þing í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. nóvember 1948.

Nr. 13/1948. **Þorbjörn Albert Guðmundur Þorbjörnsson**
(Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Guðrúnu Valdimarsdóttur
(Hrl. Ragnar Jónsson).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Barnsfaðernismál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. febrúar 1948, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda í málinu, en til vara, að úrslit málsins verði látin velta á synjunareiði hans. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvarnarleyfi hér fyrir dómi, krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara, að henni verði dæmdur fyllingareiður. Hún krefst og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 400.00, er renni til skipaðs talsmanns hennar.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi Þorbjörn Albert Guðmundur Þorbjörnsson greiði stefnda Guðrúnu Valdimarsdóttur málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 400.00, er renni til skipaðs talsmanns stefnda, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. ágúst 1947.

Ár 1947, föstudaginn 29. ágúst, var í bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var í skrifstofu sakadómara af Þórði Björnssyni, settum sakadómara, upp kveðinn dómur í barnsfaðernismálinu nr. 8/1947: Guðrún Valdimarsdóttir gegn Þorbirni Albert Guðmundi Þorbjörnssyni, sem tekið var til dóms hinn 28. sama mánaðar.

Hinn 10. maí síðastliðinn ól kærandi Guðrún Valdimarsdóttir, Bústaðahverfi 3, óskilgetið fullburða meybarn, sem enn er óskírt. Föður að barni þessu lýsir hún kærða Þorbjörn Albert Guðmund Þorbjörnsson bifreiðarstjóra, Ægissíðu 109 hér í bæ, en hann hefur eigi viljað við faðernið kannazt. Hefur kærandi því höfðað mál þetta gegn honum og krafizt, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því, barnsfararkostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð samkvæmt yfirvaldsúrskurði og málskostnað að skaðlausu. Til vara krefst hún fyllingareiðs. Kærði hefur hins vegar krafizt sýknu.

Kærandi og kærði eru sammála um, að þau hafi haft samfarir saman sumarið 1946. Kærandi heldur því fram, að þau hafi kynnzt seinustu vikuna í júnímánuði s. l. sumar í Alþýðuhúsinu, og tveim til þrem kvöldum síðar hafi þau haft fyrst samfarir saman á heimili kærða og eftir þetta hafi þau alloft haft samfarir saman, þangað til seinni partinn í september 1946, að þau hættu að vera saman, en upp úr kunningsskap þeirra hafi slitnað vegna þess, að hún hafi frétt að kærði hafi verið farinn að vera með öðrum stúlkum. Síðustu samfarir þeirri segir hún þau hafi haft síðast í september 1946. Kærandi segir, að hún hafi haft tíðir tvisvar eða þrisvar eftir að hún varð barnshafandi, en læknis hafi hún ekki vitjað, þótt henni hafi verið kunnugt um þunga sinn, enda hafi hún átt vanda til að hafa óreglulegar tíðir. Hún segist hafa vitað, að hún var þunguð, vegna þess að hún hafi verið lasin, haft uppköst og legið við yfirliði.

Kærði kveður aftur á móti, að hann hafi fyrst hitt kæranda seinni partinn í maí 1946 og samfarir hafi þau byrjað að hafa saman skömmu eftir að þau hafi kynnzt, sama eða næsta kvöld á eftir. Þau hafi verið saman fram undir mánaðamót júní—júlí og síðustu samfarir hafi þau haft saman nokkru eftir miðjan júní 1946, en síðar segir hann ,að síðustu samfarir þeirra hafi átt sér stað fyrst í júlí sama ár. Kveður hann, að slitnað hafi upp úr kunningsskap þeirra, vegna þess að kærandi hafi farið að vera með öðrum piltum og hefur tilnefnt tvo, er kallaðir séu Leifur og Ási, og telur kæranda hafa haft samfarir við þá báða, en byggir það eingöngu á því, að þau kærandi og kærði hafi haft samfarir saman mjög skömmu eftir að þau kynntust. Hann segist muna greinilega, að hann hafi ekki verið lengur með kæranda, því að fyrri partinn í júlí hafi hann keypt bifreið sína R 1038 og þá hafi hann verið hættur að vera með kæranda. Hún kveður aftur á móti, að þau hafi oft verið saman í nefndri bifreið

og því til styrktar hefur hún tilnefnt vinkonur sínar, eins og síðar verður frá skýrt, og hafi þær verið í bifreiðinni ásamt þeim báðum, en kærði hefur svarað því til, að vel geti verið, að hann hafi ekið þessum stúlkum í bifreiðinni R 1038 sem hver annar leigubifreiðarstjóri. Hefur kærandi haldið því fram í réttarhaldi 18. júlí s. l., eins og ætið síðar, að eigi sé öðrum en kærða til dreifa um faðerni barnsins, þar eð hún hafi ekki haft samfarir við annan mann á getnaðartíma þess og raunar aldrei haft samfarir við aðra menn. Í sama réttarhaldi leiðréttir hún þó þennan framburð sinn og segist fyrir milligöngu kærða hafa í nóvember 1946 kynnzt manni, sem Ási sé kallaður, og einu sinni haft samfarir við hann, en hvenær það var, kvaðst hún í fyrstu ekki muna. Síðar kvað hún það hafa verið seinni partinn í nóvember 1946. Hún neitar því að hafa haft samfarir við fyrrgreindan Leif, sem staðfest hefur þann framburð kæranda.

Vitnið Bára Þorgeirsdóttir, skála 131 á Skólavörðuholti, sem er hálfsystir kæranda, kveður hana og kærða hafa verið farin að vera saman í júnímánuði 1946 og þá hafi hann ekið bifreiðinni R 1038, en upp í þá bifreið kveðst vitnið tvisvar hafa komið. Segir það kæranda hafa sagt sér, að hún hefði verið heilar nætur hjá kærða. Um mánaðamótin september og október 1946 kveður vitnið þau hafa hætt að vera saman. Sé því kunnugt um þetta, af því að þá hafi kærandi verið hætt að starfa í Farsóttarhúsinu og um það bil að byrja að vinna í Alþýðuhúsinu Iðnó.

Vitnið Sæbjörg Ingibjörg Hinriksdóttir, skála 12 í Tripoliherbúðum, skýrir svo frá, að það og kærandi hafi verið samstarfsstúlkur í Farsóttarhúsinu hér í bæ síðastliðið haust. Það kveður kærða oft hafa komið að heimsækja kæranda í Farsóttarhúsið og það muni tvisvar sinnum hafa farið í ökuferð með þeim, einhvern tíma s. l. sumar í bifreiðinni R 1038. Segist vitnið muna það greinilega, að kærandi og kærði voru saman að minnsta kosti eitthvað fram í september s. l. haust. Það kveðst oft hafa fylgzt með því, þegar það var á næturvakt, hvenær kærandi fór út á kvöldin og hvenær hún kom heim á nóttunni, og sé því kunnugt af þessu, að kærandi var eingöngu með kærða, en engum öðrum mönnum.

Vitnið Svanfríður Jónsdóttir skála 131 á Skólavörðuholti, sem er móðir kæranda, kveðst vita til þess, að hún og kærði hafi verið farin að vera saman um miðjan júlímánuð 1946 og þau hafi oft verið saman í bifreið, en ekki veit það, hvaða bifreið kærði ók. Segist vitnið vita það fyrir víst, að þau kærandi og kærði hafi verið saman til 8. október, því að á þeim degi hafi þeim mæðgunum lent saman í orðasennu, sem fékk talsvert á það, en því var ekki vel við, að dóttir þess færi upp í bifreið til kærða. Kveður kærandi það rétt, að hún hafi lent í orðasennu við móður sína út af kunningsskap sínum við kærða, en getur þess jafnframt, að orðasenna þessi hafi ekki átt sér stað fyrr en nokkru eftir að þau voru hætt að vera saman.

Ásbjörn Magnússon bifreiðarstjóri, Laugavegi 67, skýrir svo frá,

að hann hafi kynnzt kæranda fyrir milligöngu kærða seinni partinn í september 1946, en þá hafi þau kærandi og kærði verið saman og hafi hann þá ekið bifreiðinni R 1038. Segist Ásbjörn hafa séð þau tvisvar sinnum saman í september 1946 og þau hafi hætt að vera saman um mánaðamót september og október sama ár. Neitaði Ásbjörn í fyrstu að hafa nokkuru sinni haft samfarir við kæranda, sem segir þær hafa farið fram seinni partinn í nóvember 1946, eins og fyrr getur, í bifreið hans suður á Nýbýlavegi. Síðar breytti hann framburði sínum og kveðst ekki vera öruggur um, hvort hann hafi nokkurn tíma haft samfarir við kæranda og þó sé eins og hann rámi í það.

Hinn 27. júní s. l. voru blóðflokkar málsaðilja og barnsins rannsakaðir í rannsóknarstofu háskólans. Reyndust þeir vera:

	Aðalflokkur	Undirflokkur.
Kærandi	0	M N
Barnið	0	M N
Kærði	A_1	M

Samkvæmt þessu er ekki unnt að útiloka kærða frá faðerninu.

Samkvæmt framanskráðu verða úrslit málsins þau, að kærði verður dæmdur faðir barnsins, enda hefur hann viðurkennt að hafa haft samfarir við kæranda fyrst í júlímánuði 1946. Að vísu hefur kærandi viðurkennt að hafa haft samfarir við annan mann seinni partinn í nóvember, en þar sem það gerðist svo löngum tíma eftir getnaðartíma barnsins, skiptir það ekki máli hér. Ber því að dæma kærða til að greiða meðlag með barninu, fæðingarskostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð og málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 200.00.

Um ástæðuna fyrir drætti þeim, sem orðið hefur á rekstri máls þessa, er getið í réttarprófunum og skjölum málisns.

Dómsorð:

Kærði Þorbjörn Albert Guðmundur Þorbjörnsson skal teljast faðir meybarns þess, er kærandi Guðrún Valdimarsdóttir ól hinn 10. maí 1947, enda greiði hann meðlag með því, barnsfararkostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð eftir yfirvaldsúrskurði og kr. 200.00 í málskostnað til kæranda.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. nóvember 1948.

Nr. 72/1945. **Jóhannes Kr. Jóhannesson**
gegn
Erlendi Erlendssyni.

Vísun máls frá hæstarétti.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu var skotið til hæstaréttar með stefnu 31. maí 1945 til þingfestingar í október s. á. Áfrýjandi hefur síðan 16 sinnum fengið frest í málinu og biður nú um frest til desembermánaðar næstkomandi, en ágrip dómsgerða hafa enn eigi borizt.

Stefndi hefur neitað um frestinn og krafizt frávísunar og ómaksbóta úr hendi áfrýjanda.

Að svo vöxnu máli þykir bera að vísa málinu frá hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda ómaksbætur, er ákveðast kr. 300.00.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Áfrýjandi Jóhannes Kr. Jóhannesson greiði stefnda Erlendi Erlendssyni kr. 300.00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 5. nóvember 1948.

Nr. 128/1947. **Réttvísin** (Hrl. Hermann Jónasson)
gegn
Arinbirni Sigurðssyni
(Hrl. Gunnar Þorsteinsson).

Setudómari Einar Arnalds borgardómari í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Líkamsárás.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 450 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Arinbjörn Sigurðsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónassonar og Gunnars Þorsteinssonar, 450 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 4. október 1947.

Ár 1947, laugardaginn 4. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3975/1947: Réttvísin gegn Arinbirni Sigurðssyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 1. þ. m., er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn ákærða fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 12. febrúar 1940.

Ákærður er Arinbjörn Sigurðsson sjómaður, Sólvallagötu 5 A, hér í bæ. Hann er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Reykjavík 11. júní 1928. Hann hefur ekki sætt refsingu fyrr, en kærum og áminningum hefur hann sætt sem hér segir:

1942 7/5 Áminning fyrir að klifra upp í nýbyggingu og fikta í verkfærum.
1942 16/9 Áminning fyrir að stelast upp í bíl ásamt öðrum dreng og renna honum nokkurn spöl.
1942 18/12 Kærður fyrir að kaupa vörur af setuliðsmanni.
1943 2/2 Kærður fyrir þátttöku í áfengissölu.
1943 2/3 Kærður fyrir hnupl á verkfærum úr bifreið.
1943 2/3 Kærður fyrir þjófnað á notuðum hjólbörðum.
1943 24/3 Kærður fyrir þátttöku í þjófnaði á bifreið R 2302.
1943 28/4 Kærður fyrir þátttöku í þjófnaði á bifreið R 1337.
1943 óvíst Kærður fyrir þátttöku í að stela armbandsúri.
1943 óvíst Kærður fyrir að stela rúsínum (Innbrot).
1943 27/4 Kærður fyrir að stela 400 kr. frá móður sinni.
1943 í maí Kærður fyrir þjófnað. Dómsmálaráðuneytið ákvað með bréfi, dags. 18/4 1944, að saksókn skyldi falla niður, en kærði skuli háður eftirliti sakadómara í eitt ár frá 18/4 1944—18/4 1945, og málið skuli tekið upp af nýju, ef kærði

gerist sekur um nýtt brot á eftirlitstímanum eða óhlýðnast verulega settum reglum eftirlitsmanns.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Laugardagskvöldið 14. des. f. á. var ákærði á dansleik í veitingahúsinu Tjarnarcafé og með ákærða félagi hans, Hans Helgi Hansson, Kjartansgötu 10. Ákærði var að eigin sögn lítið eitt undir áhrifum áfengis. Á dansleik þessum var enn fremur Marías Guðmundur Guðlaugur Sigurjónsson verkamaður, Grund á Seltjarnarnesi, ásamt konu sinni og fleira fólki, og var þar á meðal Jón Þórarinn Sigurjónsson, Sogamýrarbletti 43. Virðast upptök atburða þeirra, er mál þetta er risið af, hafa verið þau, að nefndir Jón Þórarinn og Hans Helgi lentu í smávegis erjum út á dansgólfi, en úr þessu varð þó ekkert. Fór Jón Þorarinn að borði því, sem hann var við ásamt Maríusi. Nokkru síðar eða laust eftir kl. 12 á miðnætti, áttu þeir ákærði og Hans Helgi leið fram hjá borði þessu, og sátu þeir þá þar Marías og Jón Þórarinn svo og ein kona. Ákærði gekk á undan fram hjá borðinu, en Hans Helgi staðnæmdist og sagði við þá, sem þar sátu: „Hvernig hafið þið það, strákar," eða eitthvað á þá leið. Segir Jón Þórarinn, að nefndur Hans Helgi hafi ekki sagt þessi orð í fallegum tón og verið ófriðlegur í fasi, og svipaða sögu hefur Marías að segja, en Hans Helgi hefur mótmælt því, að tilgangur sinn hafi verið að stofna til illinda við þá. Marías skýrir svo frá því, sem á eftir gerðist, að hann hafi staðið upp og ýtt Hans Helga frá, til þess að forða því að til óeirða kæmi milli hans og Jóns Þórarins, en þá hafi ákærði, sem einnig hafi numið staðar, slegið sig fyrirvaralaust högg mikið í andlitið, svo að hann hafi hlotið mikil meiðsl af, svo sem síðar greinir. Jóni Þórarni ber í frambúrði sínum alveg saman við Marías, en bæði Hans Helgi og ákærði halda því fram, að Marías hafi slegið Hans Helga eitt högg, og hafi auk þess reynt að slá ákærða, en ákærði hafi vikið sér undan högginu, en hins vegar hefur ákærði greiðlega játað að hann hafi að því búnu slegið Marías eitt högg í andlitið og hafi hann við það hnigið niður á stól og fengið blóðnasir. Lögregla kom svo á vettvang og handtók ákærða.

Við athugun á Maríusi kom í ljós, að hann var nefbrotinn og bólginn í andliti. Af meiðslum þessum kveðst Marías hafa verið óvinnufær með öllu á aðra viku, eða fram til jóla, en meiðslin hafi síðan batnað alveg. Þó hafi önnur nösin lengi verið hálfstífluð, og eins sé ekki alveg laust við, að nef hans sé skakkt. Marías gerir í máli þessu þær skaðabótakröfur á hendur ákærða, að hann greiði sér 2000 krónur sem bætur fyrir vinnutap og auk þess 5000 krónur í sárabætur eða samtals 7000 krónur. Vaxta hefur eigi verið krafizt.

Því þykir mega slá föstu að ákærði hafi með vísvitandi líkamsárás valdið nefbroti Maríusar Guðmundar Guðlaugs Sigurjónssonar í umrætt skipti, og hefur ákærði þannig gerzt brotlegur við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Enda þótt Marías kunni að hafa komið að einhverju leyti hvatskeytislega fram í því

að bægja félaga ákærða frá borðinu, fer því fjarri, að það geti afsakað jafn hrottalegt atferli og ákærði hafði í frammi þarna. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga.

Er þá að athuga skaðabótakröfuna. Marius Guðmundur Guðlaugur kveðst um þessar mundir hafa verið að byggja hús sjálfur og hafa haft umsjón með verkinu og ekki stundað aðra vinnu. Telur hann beint tjón sitt töluvert mikið, þar eð hann hafi þurft að líta eftir húsbyggingunni. Enda þótt hann væri frá verki frá 15. des. og fram að eða fram yfir jól, þykir hann ekki hafa sannað, að hann hafi orðið fyrir 2000 króna tjóni af því. Verður að áætla þennan kröfulið. Þykir hæfilegt að dæma ákærða til að greiða hann að hálfu eða 1000 krónur. Bætur fyrir óþægindi þykja eftir atvikum hæfilega ákveðnar 1500 krónur. Samkvæmt framangreindu þykir rétt að dæma ákærða til að greiða Mariusi kr. 2500.00 í skaðabætur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, að meðtöldum málsvarnarlaunum skipaðs talsmanns síns, Gunnars Þorsteinssonar hrl., er ákveðast 300 krónur.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus, þar eð dráttur sá, sem varð á málinu, stafar af erfiðleikum á að ná til ákærða, sem er sjómaður að atvinnu og oft fjarverandi langdvölum.

Dómsorð:

Ákærði Arinbjörn Sigurðsson sæti varðhaldi í 20 daga.

Ákærði greiði Mariusi Guðmundi Guðlaugi Sigurjónssyni 2500 krónur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Gunnars Þorsteinssonar hrl., 300 krónur.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 5. nóvember 1948.

Nr. 64/1948. **Valdstjórnin** (Hrl. Hermann Jónasson)
gegn
George Reid (Hrl. Lárus Fjeldsted).

Fiskveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, settur bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Forstöðumaður Sjómannaskólans hefur markað á sjóuppdrátt stað togara kærða í landhelgi, og reyndist hann vera 1.1 sjómílu fyrir innan landhelgislínu.

Af lögum nr. 14/1948 og forsögu þeirra verður ekki ráðið með öruggri vissu, að þeim hafi verið ætlað að taka til fésekta, sem miðaðar eru við gullkrónur samkvæmt lögum nr. 4/1924. Verður sekt kærða því einungis ákveðin eftir 1., sbr. 4. gr. laga nr. 5/1920 og lögum nr. 4/1924. Þykir refsing kærða með hliðsjón af gullgildi íslenzkrar krónu, sem nú er 33.96, hæfilega ákveðin kr. 40 000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og málskostnað í héraði staðfestast.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði George Reid greiði kr. 40 000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónassonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 6. maí 1948.

Mál þetta, sem var dómtekið í gær, er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn George Reid, skipstjóra á botnvörpungnum Craigielea,

A. 822, frá Aberdeen, fyrir meint brot gegn lögum nr. 5 frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4/1924 og lög nr. 14/1948, til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra, þar með taldir dragstrengir, og til greiðslu sakarkostnaðar.

Kærði George Reid skipstjóri til heimilis í Aberdeen, er fæddur 3. des. 1895 og hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt neinni kæru né refsingu hér á landi.

Samkvæmt frásögn skipherra og fyrsta og annars stýrimanns á varðskipinu Ægi, var varðskipið í fyrrinótt (aðfaranótt þess 5. þ. m.) í eftirlitsferð austur af Kötlutöngum. Kl. 1.48 var farið fram hjá Alviðruhamarsvita í 2.8 sjómílna fjarlægð, og sást þá togari inn á landhelgissvæðinu. Hélt varðskipið þá til hans og kl. 0.156 setti það upp stöðvunarmerki (flagg) og um leið sneri togarinn út frá landi.

Kl. 02.01 skaut varðskipið lausu skoti. Kl. 02.04 skaut það aftur lausu skoti og nam staðar við afturenda togarans. Togarinn reyndist vera Craigielea A. 822 frá Aberdeen, og var kærði í máli þessu skipstjórinn. Togarinn var þá með stjórnborðsvörpu sína í sjó.

Varðskipið setti strax út ljósdufl, og rétt á eftir nam togarinn staðar og byrjaði að draga inn vörpu sína. Varðskipið setti þá út bát og var skipstjóri togarans sóttur og honum bent á, að hann hefði verið að landhelgisveiðum og honum sýndar athuganir varðskipsins, og kvaðst hann ekki geta mótmælt þeim. Síðan var beðið birtu. Kl. 04.15 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun í viðurvist skipstjóra togarans.

Hjörleifshöfði

$> 31° 00'$

Alviðruhamarsviti

$> 70° 09'$

Kúðaósmerki

Dýpi 75 metrar, er gefur staðinn 1.1 sjómílu innan landhelgislínu.

Skipstjóra togarans var sýndur staðurinn á kortinu og kvaðst hann ekki geta mótmælt honum. Var honum þá tilkynnt, að farið yrði með hann til Vestmannaeyja til frekari rannsóknar. Kl. 06.10 var ljósduflið tekið upp og haldið af stað til Vestmannaeyja. Veður var SV. 2, sjór tilsvarandi og skýjað.

Kærði hefur viðurkennt ofanritaða frásögn rétta, en hins vegar kvaðst hann hvorki geta samþykkt né véfengt staðarákvarðanir varðskipsins. Sjálfur kvaðst hann hafa mælt út stað skipsins um nóttina áður en varðskipið kom, og samkvæmt þeim mælingum hafi skip sitt verið á landhelgislínunni. Mælingarnar framkvæmdi hann með áttavita skipsins og notaði engin önnur tæki. Miðaði hann við drang suðaustur við Hjörleifshöfða, Alviðruhamar og Kúðaósmerki. Hann kvaðst einn hafa framkvæmt mælingarnar. Hann kvaðst hafa verið að toga á þessum slóðum frá því kl. 10 um „formiðdaginn“ (enskur tími) og hafði hann kastað vörpunni fyrir „korteri“, er varðskipið bar að. Hann kvað skipstjóra varðskipsins hafa boðið sér að

mæla út stað skips síns með mælitækjum varðskipsins, en hann kvaðst ekki hafa treyst sér til þess fyrir óstyrkleika.

Fyrsti og annar stýrimaður varðskipsins kváðust hafa framkvæmt staðarákvarðanir varðskipsins og hafi skipherra síðan yfirfarið þær. Notuðu þeir sextant og kváðu mælingarnar réttar og samkvæmt þeim hefði togarinn verið 1.1 sjómílu innan landhelgislínu, eins og fyrr greinir. Unnu þeir báðir eið að framburði sínum.

Með því að vitanlegt er, að áttavitamiðanir geta ekki verið nákvæmar, sem kærði þar að auki virðist hafa framkvæmt meðan dimmt var af nóttu, en varðskipið hins vegar notaði fullkomin tæki, verður að telja sannað með eiðfestum framburði fyrsta og annars stýrimanns varðskipsins og framburði skipherrans, að kærði hafi verið að botnvörpuveiðum í landhelgi. Hefur hann þar með gerzt brotlegur við 3. gr. laga nr. 5 frá 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4/1924 og lög nr. 14/1948.

Þar sem kærði hefur ekki áður sætt refsingu fyrir sams konar brot og með því að gullgengi íslenzkrar krónu er nú það, að krónan jafngildir 33.90 aurum gulls og verðlagsvísitala 300, þykir refsing hans hæfilega ákveðin samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1924, sbr. lög nr. 4/1924 og lög nr. 14/1948, kr. 88 500.00, er kærða ber að greiða til Landhelgissjóðs Íslands innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella 7 mánaða varðhaldi.

Allur afli og veiðarfæri í b/v Craigielea A. 822, þar með taldir dragstrengir, skal gert upptækt til Landhelgissjóðs Íslands.

Allan sakarkostnað áfallinn og áfallandi ber kærða að greiða.

Því dæmist rétt vera:

Kærði George Reid greiði kr. 88 500.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 7 mánaða varðhaldi.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í b/v Craigielea, A. 822, er gert upptækt til sama sjóðs.

Kærði greiði allan sakarkostnað áfallinn og áfallandi.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 8. nóvember 1948.

Nr. 101/1948. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Kristján Guðlaugsson)
gegn
Sveinbirni Þórarni Tímóteussyni
(Hrl. Einar Arnórsson).

Brot gegn bifreiða- og umferðarlögum. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Telja verður, að ákærði hefði séð til ferða barnsins og mátt afstýra slysinu, ef hann hefði sýnt fyllstu aðgæzlu og varkárni. Á hann því nokkra sök á slysinu, þótt það virðist hins vegar að miklu leyti mega rekja til hegðunar barnsins. Að öðru leyti er sakaratriðum rétt lýst í héraðsdómi, og hefur ákærði brotið gegn lagaboðum, er þar greinir.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hæfilegt þykir, að ákærði sé sviptur bifreiðarstjóraréttindum 9 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Það er mjög aðfinnsluvert, að lögreglumenn þeir, er komu á vettvang, fóru þaðan án þess að rannsaka verksummerki, og var þeim þó innan handar að fá menn til aðstoðar við flutning hins slasaða barns í sjúkrahús.

Dómsorð:

Ákærði Sveinbjörn Þórarinn Tímóteusson greiði 1500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann skal sviptur ökuleyfi 9 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Einars Arnórssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 9. júní 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 9. júní, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2857/1948: Réttvísin og valdstjórnin gegn Sveinbirni Þórarni Tímóteussyni, sem tekið var til dóms þann 27. fyrra mánaðar.

Málið er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn ákærða Sveinbirni Þórarni Tímóteussyni bifreiðarstjóra, Drápuhlíð 17 hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941 og reglugerð nr. 72/1937 um gerð og notkun bifreiða.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. febrúar 1899 á Brennistöðum í Borgarhreppi, og hefur hann, svo vitað sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

1935 ¾ Sátt, 35 kr. sekt fyrir að kenna bifreiðarakstur þeim, sem ekki hafði aldur til að öðlast ökuskírteini.
1936 ²⁷⁄₄ Undir rannsókn út af árekstri reiðhjóls og bifreiðar. Afgreitt með skaðabótum.
1937 ²⁵⁄₁₀ Áminning fyrir brot gegn umferðareglum.
1948 ¹⁵⁄₄ Áminning fyrir brot gegn 10., sbr. 28. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Ákærði á bifreiðina R 215, sem er fólksbifreið af gerðinni Mercury. Bifreið þessari ekur hann sem leigubifreið frá Bifreiðastöð Reykjavíkur. Kl. 2—3 e. h. þriðjudaginn 17. febrúar s. l. var símað á nefnda bifreiðastöð og beðið um að senda bifreið að húsinu nr. 40 við Laugaveg. Fór ákærði að sinna þessu, ók bifreið sinni að nefndu húsi, en þar kom í hana stúlka, sem síðar verður nánar getið, og bað hún ákærða um að aka að Grænuborg við Hringbraut hér í bænum.

Gerði hann það, en þurfti að bíða um 20 mínútur við skólahúsið (Grænuborg), þar eð barn, sem stúlkan var að sækja, var þá ekki tilbúið að fara. Stúlkan sat í aftursæti með barnið, eftir að það kom í bifreiðina, og voru farþegar ekki fleiri. Ók ákærði síðan vestur Eiríks-

götu, norður Barónsstíg og síðan vestur Laugaveg, og var ferðinni aftur heitið að húsinu nr. 40 við nefnda götu.

Er ákærði nálgaðist gatnamót Frakkastígs á leið sinni vestur Laugaveg, kveðst hann hafa ekið í bifreiðalest og gizkar á, að næsta bifreið fyrir framan hann hafi verið um 10 metra á undan bifreið hans. Telur hann, að hann hafi ekið með í mesta lagi um 10 km hraða miðað við klukkustund, enda hafi ekki verið unnt að aka hratt á þessum slóðum, þar eð umferð hafi verið mikil. Bifreiðina segist hann hafa haft í 2. ganghraðastigi.

Þegar ákærði var kominn aðeins vestur fyrir gatnamót Frakkastígs kveðst hann hafa séð lítið barn á rauðri peysu skjótast þvert yfir götuna, frá nyrðri gangstétt götunnar, en ekki hafi það verið svo nálægt bifreið hans, að hann hafi þurft að hægja á ferð bifreiðarinnar þess vegna, enda kveðst hann hafa ekið mjög hægt, eins og fyrr segir, og verið alveg kominn að því að stöðva bifreiðina við fyrrnefnt hús, sem er rétt vestan við gatnamótin. Ákærði heldur því fram og kveðst vera alveg viss um, að jeepbifreið, rauðbrún að lit, með blæjum, hafi staðið kyrr rétt móts við húsið nr. 42 við Laugaveg, norðan megin götunnar, en ekki veit hann frekari deili á bifreið þessari. Gerir hann ráð fyrir, að barnið, sem var á hlaupahjóli, hafi hlaupið suður yfir götuna, út undan jeepbifreiðinni. Alveg um leið og barn þetta hljóp yfir götuna, segir ákærði sér hafa fundizt sem eitthvað kæmi við hægra afturhjól bifreiðarinnar eða það rynni yfir eitthvað, en ekki hafi hann fundið, að hægra framhjól hennar rynni yfir neina ójöfnu. Kveðst hann jafnvel hafa haldið, að hjólið hafi runnið yfir klakastykki eða eitthvað slíkt, og hemlaði hann nú bifreið sína, sem hann segir hafa stöðvazt þegar. Um leið og þetta gerðist, heyrði ákærði, að vegfarendur á þessum slóðum ráku upp óp. Eftir að bifreiðin stöðvaðist, kveðst hann þegar hafa farið út úr henni, og séð þá barn í dökkbrúnni kápu liggja á götunni, um það bil 1 meter fyrir aftan bifreiðina. Ekki man hann, hvernig það lá að öðru leyti en því, að höfuð þess hafi snúið að bifreið hans. Ákærði sá, að blóð rann úr höfði barnsins. Eftir þetta voru lögreglumenn kvaddir á staðinn, og fóru þeir með barnið á Landsspítalann, og fór ákærði með þeim þangað, en bað bifreiðarstjóra, sem kom á slysstaðinn, að fara með bifreið sína af staðnum. Eftir þetta fór ákærði á Bifreiðastöð Reykjavíkur, en þangað sótti rannsóknarlögreglumaður hann skömmu síðar. Ákærði kveðst hafa haldið bifreið sinni vel á vinstri götuhelmingi áður og um það leyti, sem slysið varð, og gizkar hann á, að vinstri hjól hennar hafi ekki verið meira en 2 fet frá syðri gangstétt götunnar, þegar slysið varð. Hann kveðst ekki hafa séð barnið, sem fyrir bifreið hans varð, og ekki hafa haft hugmynd um ferðir þess, áður en slysið vildi til. Ákærði segist ekki hafa verið að neinu leyti illa fyrir kallaður til að aka bifreið umræddan dag, hvorki hafi hann þá verið þreyttur né svefnþurfi, og ekki hafi hann þá bragðað áfengi nýlega, a. m. k. hvorki þann dag né næsta dag áður. Ekki segir hann

neitt sérstakt hafa glapið fyrir sér við aksturinn og hafi hann ekki talað neitt við farþegana í bifreið sinni frá því haldið var af stað frá Grænuborg. Fulla sjón kveðst hann hafa á báðum augum. Ákærði segir nokkra móðu hafa verið á hliðarrúðum bifreiðar sinnar um það leyti sem slysið varð, a. m. k. hægra megin, en framrúðan hafi verið móðulaus. Stýri bifreiðar ákærða er vinstra megin. Ákærði hefur látið þess getið, að hann sé þaulvanur að aka bifreið og hafi hann að mestu gert það að staðaldri frá því hann tók bifreiðarstjórapróf árið 1929.

Slys þetta mun hafa orðið um kl. 3 e. h. nefndan dag, móts við húsið nr. 42 við Laugaveg. Er gatan þar um 7—8 metrar á breidd, malbikuð. Bjart var af degi, er slysið vildi til, en veður þungbúið, annað hvort rigning eða nýbúið að rigna, og götur því blautar.

Barnið, sem fyrir slysi þessu varð, hét Sigrún Vilhjálmsdóttir, Frakkastíg 12 hér í bæ, og var tæpra 3 ára að aldri, þegar slysið varð (fædd 25. febrúar 1945). Það hlaut slík lemstur við slysið, að það andaðist svo að segja samstundis. Var lík þess krufið af prófessor Niels Dungal daginn eftir að slysið varð, og hefur prófessorinn lýst áverkum á því þannig í skýrslu sinni um krufninguna:

„Við krufninguna fannst mikið brot á hauskúpunni, þannig að kúpubotninn vinstra megin var mölbrotinn og mikil skemmd var á litla heilanum vinstra megin aftanvert. Svo virðist sem stúlkan hafi fengið mikið högg hægra megin á ennið, sennilega við að skella á götuna, því að andlitið þeim megin var mjög aurugt. Blæðingin og skemmdin í heilavefnum aftan til, sem var diametralt andspænis ennisbrotinu, hafa sumpart stafað af „Contre-coup" verkun, sumpart af því, að beinastykki úr hnakkabeininu hafa stungizt þar inn í heilann. Skemmdir þessar eru svo miklar, að bráður bani hefur hlotizt af þeim."

Stúlkan, sem var farþegi í bifreið ákærða, þegar slysið varð, og áður er minnzt á, heitir María Guðvarðsdóttir, Miðstræti 5, hér í bæ, og er hún starfsstúlka í Lyfjabúðinni Iðunn, Laugavegi 40. Hefur hún sem vitni skýrt svo frá, að sér hafi fundizt ákærði aka hægt vestur Laugaveginn um það leyti, sem slysið varð, en treystir sér ekki til að gizka nánar á um hraðann. Segir það bifreiðar þá hafa ekið fast fyrir aftan bifreið ákærða, en hins vegar hafi verið nokkurt bil milli hennar og næstu bifreiðar fyrir framan hana, þegar slysið varð. Ekki kveðst vitnið hafa veitt því athygli, hvort bifreið eða bifreiðar hafi staðið kyrrar við nyrðri gangstétt götunnar, móts við slysstaðinn. Það telur, að ákærði hafi ekki séð barnið, sem fyrir bifreið hans varð, áður en slysið vildi til, því að hann hafi ekki tekið að hemla bifreið sinni fyrr en óp heyrðust í hinu slasaða barni. Ekki kveðst vitnið sjálft heldur hafa séð þetta barn áður en slysið varð, en séð hafi það hins vegar barn á rauðri peysu eða yfirhöfn skjótast suður yfir götuna rétt fyrir framan bifreið ákærða, nokkrum augnablikum áður en slysið vildi til. Vitnið segist ekki hafa orðið þess vart ,að annað framhjól bifreiðarinnar rynni yfir neina ójöfnu um

það leyti, sem slysið varð, en það hafi fundið, að hægra afturhjól lyftist nokkuð upp, og eftir þetta hafi ákærði stöðvað bifreiðina svo að segja þegar. Þegar vitnið kom út úr bifreiðinni, sá það barn liggja á götunni, að því er það telur um eina lengd bifreiðar fyrir aftan bifreið ákærða og um 1 meter frá syðri gangstétt götunnar. Það kveður ákærða ekki hafa ekið ógætilega að neinu leyti í þessari ökuferð og hafi það ekki séð neitt athugavert við framkomu hans. Ekki segir það neitt samtal hafa farið á milli sín og ákærða um það leyti, sem slysið varð. Þegar það vildi til, segir vitnið götur hafa verið blautar, enda hafi þá verið rigning. Það heldur, að þá hafi verið móða á hliðarrúðum bifreiðarinnar, en framrúðan hafi verið móðulaus.

Vitað er um nokkra sjónarvotta að nefndu slysi, aðra en farþegann í bifreið ákærða, sem nú hefur verið getið. Verða nú framburðir sjónarvottanna raktir, svo sem ástæða þykir til, svo og annarra, sem einhverjar upplýsingar, sem máli skipta, hafa getað gefið um, með hvaða hætti slysið varð.

Vitnið Bjarni Forberg bæjarsimastjóri, Víðimel 34 hér í bæ, ók bifreið sinni, R 3310, næst fyrir aftan bifreið ákærða vestur Laugaveg þegar slysið vildi til, og gizkar það á, að bilið milli bifreiðanna hafi þá verið um 30 metrar, og minnist það þess, að önnur bifreið ók skammt á undan nefndri bifreið (bifreið ákærða), þegar slysið varð. Vitnið gizkar á, að ákærði hafi ekið með um 5—10 km hraða, miðað við klukkustund, áður og um það leyti, sem slysið varð, og hafi hann þá haldið bifreið sinni á vinstri götuhelmingi. Hefur það tekið fram, að svo hægt hafi bifreiðin ekið, að það hafi jafnvel haldið, að hún væri að nema staðar um það leyti, sem slysið varð. Vitnið kveðst hafa veitt barninu, sem fyrir bifreið ákærða varð, athygli, er það (barnið) var rétt að komast á móts við bifreiðina á leið sinni yfir götuna, og er vitnið alveg visst um, að það (barnið) hafi komið frá nyrðri gangstétt götunnar og skokkað síðan suður yfir hana. Áður en barnið var alveg komið fyrir bifreiðina, segir vitnið það hafa litið í kring um sig, en haldið síðan áfram og hafi það nú horfið fyrir framenda bifreiðar ákærða, frá vitninu séð. Segar það hraða nefndrar bifreiðar þá ekki hafa verið meiri en það, að hefði verið um stálpað barn að ræða, hefði það forðað sér undan bifreiðinni á hlaupum. Vitnið kveðst vera alveg visst um, að barnið hafi orðið undir hægra framhjóli bifreiðar ákærða, og síðan hafi hægra afturhjól einnig runnið yfir það. Eftir slysið hafi bifreiðin síðan staðnæmzt við syðri gangstétt götunnar, um 1 bifreiðarlengd frá þeim stað, sem barnið lá á. Hafi bifreiðin stöðvazt hægt og rólega, og kveðst vitnið engin merki hafa séð á aksturslagi hennar, sem bentu til þess, að ákærði vissi, hvað var að gerast, fyrr en slysið var um garð gengið. Vitnið kveðst ekki minnast þess beinlínis, að það hafi séð barnið, sem með því barni var, sem lét lífið í slysinu, en segir sér þó hálf finnast, að annað barn hafi hlaupið yfir götuna á undan því, sem fyrir bifreiðinni varð. Ekki kveðst þetta vitni minnast þess sérstaklega, að það

hafi séð bifreiðar standa kyrrar norðan megin við götuna móts við slysstaðinn. Það segir hafa verið rigningarsúld og götur blautar, þegar slysið vildi til, og minnist það þess, að móða settist innan á rúður bifreiðar þess um þetta leyti.

Vitnið Þorbjörn Ágúst Guðlaugsson símaverkstjóri, Hverfisgötu 106, sat í framsæti bifreiðarinnar R 3310 við hlið vitnisins Bjarna Forbergs þegar slysið varð. Gizkar það á, að bifreið ákærða hafi ekið um 15 metrum á undan bifreiðinni, sem það var farþegi í, þegar slysið vildi til, en veitti annars nefndri bifreið enga athygli, og getur því ekki sagt neitt um hraða hennar eða annað aksturslag áður en slysið varð. Ekki sá þetta vitni heldur barnið, áður en það varð fyrir bifreiðinni, en veitti því fyrst athygli, hvað gerzt hafði, er bifreið ákærða var að nema staðar hægt og rólega við syðri gangstétt götunnar, og lá barnið þá fyrir aftan bifreiðina. Eftir slysið veitti vitnið athygli dreng með hlaupahjól á syðri gagnstétt götunnar móts við slysstaðinn og var hann í rauðleitum búningi. Mun hér vera um að ræða þann sama dreng, sem ákærði og vitnið María Guðvarðardóttir sáu skjótast fyrir framan bifreið ákærða rétt áður en slysið vildi til. Ekki minnist vitnið Þorbjörn Ágúst þess, að bifreið, ein eða fleiri, stæði kyrr móts við slysstaðinn, norðan megin götunnar.

Vitnið Guðmundur Ingvar Ágústsson skósmiður, Vatnsstíg 9 B hér í bæ, var á leið niður Laugaveginn fótgangandi, þegar slysið varð, ásamt Ellert Ólafssyni bifreiðarstjóra, Laugavegi 70 B hér í bæ. Þegar vitnið var statt milli húsana nr. 41 og 43 við nefnda götu, en það gekk eftir nyrðri gangstétt hennar, varð því litið við af tilviljun, og sá þá að barn var að verða fyrir bifreið, sem í þessum svifum ók vestur götuna. Virtist vitninu barnið vera alveg fyrir framan hægra framaurbretti bifreiðarinnar, þegar það kom auga á það, og vera þá í þann veg að falla á framvara bifreiðarinnar. Hafi það frekast snúið vinstri hliðinni að bifreiðinni, og virtist vitninu á stöðu barnsins og aðstæðum öllum, sem það hefði haldið út á götuna frá hægri hlið (þ. e. nyrðri gangstétt götunnar). Sá vitnið síðan, að bæði hægri hjól bifreiðarinnar runnu yfir líkama barnsins, og rak það (vitnið) upp óp, þegar slysið var að verða, en þetta virtist vekja athygli stjórnanda bifreiðarinnar (ákærða), og lét hann síðan bifreið sína renna hægt og rólega að syðri gangstéttinni og stöðvaði hana þar. Eftir að slysið var orðið, hljóp vitnið að hinu lemstraða barni og breiddi yfir það frakka sinn. Það kveðst að vísu ekki hafa veitt bifreið ákærða mikla athygli í þeim svifum, sem slysið var að vilja til, en telur þó, að henni hafi verið ekið hægt. Gizkar það á, að bifreiðin hafi verið um ½ meter frá syðri gangstéttarbrún, þegar barnið varð fyrir henni, en eftir slysið hafi barnið legið um bifreiðarlengd fyrir aftan bifreiðina, á að gizka 2½ meter frá syðri gangstéttarbrún. Ekki man vitnið, hvort bifreið ákærða var í bifreiðalest, þegar slysið varð, og norðan megin við götuna, móts við slysstaðinn, segir það annaðhvort 1 eða enga bifreið hafa staðið þá.

Vitnið Ellert Ólafsson bifreiðarstjóri, var, eins og áður er getið, í fylgd með vitninu Guðmundi Ingvari Ágústssyni, þegar slysið vildi til. Veitti það því enga athygli, hvað var að gerast, fyrr en Guðmundur Ingvar rak upp óp, leit þá við, og sá þá bifreið ákærða, sem var að nema staðar hægt og rólega sunnan megin götunnar. Einnig sá það hið lemstraða barn liggja á götunni fyrir aftan bifreiðina. Ekki kveðst þetta vitni muna, hvort bifreið eða bifreiðar hafi staðið kyrrar við nyrðri gangstétt götunnar, móts við slysstaðinn.

Vitnið Ingveldur Anna Ingvarsdóttir starfsstúlka, Hverfisgötu 72 hér í bæ, var við vinnu sína í Sokkabúðinni á Laugavegi 42, þegar slysið varð. Sá það ekki, þegar það vildi til né aðdraganda þess, heldur veitti það því fyrst athygli, hvað var að gerast, er það sá barnið liggja á götunni, eftir að bifreið ákærða hafði runnið yfir það. Síðar sá vitnið bifreiðina, þar sem hún stóð við syðri gangstétt götunnar, móts við slysstaðinn.

Vitnið Halldór Ísleifsson bifreiðarstjóri, Höfðaborg 76 hér í bæ, ók bifreið sinni R 3306 upp Frakkastíg að Laugavegi, rétt áður en slysið varð. Þegar að síðarnefndu götunni kom, var nokkuð mörgum bifreiðum ekið vestur hana (Laugaveg) í þeim svifum, og stöðvaði því vitnið bifreið sína við gatnamótin og beið þar færis til að komast yfir þau. Meðan vitnið beið þarna á gatnamótunum, var bifreið ákærða ekið fram hjá þeim. Segir það, að nefndri bifreið hafi verið ekið hægt og telur hraða hennar alls ekki hafa verið yfir 20 km miðað við klukkustund. Einnig segir vitnið, að bifreiðar hafi ekið fast fyrir framan og aftan bifreið ákærða. Þegar bifreiðin var komin aðeins vestur fyrir gatnamót Frakkastígs, kveðst vitnið hafa séð barn, sem það tók þó ekki eftir hvort var piltur eða stúlka, stíga út af syðri gagnstétt Laugavegar, móts við húsið nr. 42, og hafi bilið milli bifreiðarinnar og barnsins þá verið um 2 bifreiðalengdir. Ekki veitti vitnið athygli lit eða gerð búnings barnsins. Eftir þetta vissi það ekki, hvað af barni þessu varð, en eftir örfá augnablik hafi það séð barn koma undan hægra afturhjóli bifreiðar ákærða og gerir það ráð fyrir að þetta hafi verið sama barnið, sem það stuttu áður sá hverfa fyrir framenda bifreiðarinnar. Ekki kveðst vitnið hafa séð þess nein merki á aksturslagi bifreiðar ákærða, að hann veitti barninu neina athygli, fyrr en eftir að slysið var orðið, og hafi hann þá stöðvað bifreið sína hægt og sígandi við syðri gagnstétt götunnar. Það kveðst ekki hafa veitt athygli neinu barni, sem fór suður yfir götuna um þessar mundir, og ekki hafi það heldur orðið vart nema þessa eina barns á syðri gangstéttinni. Vitnið segir bifreið nokkra, sem það man ekki hvernig var í útliti, hafa staðið fyrir utan húsið nr. 43 við Laugaveg, rétt á móts við slysstaðinn.

Vitnið Jón Sigurður Hjartarson bifreiðarstjóri, skála nr. E 28 í Kamp Knox hér í bæ, var að koma út úr sölubúð á Laugavegi 45 um það leyti, sem margnefnt slys varð. Sá það 2 smábörn vera að leika sér, að því er það minnir eindregið, á syðri gagnstétt götunnar, nærri

beint á móts við húsið nr. 45, sem stendur norðan megin götunnar. Leit síðan vitnið af börnunum örstutta stund, en er það leit næst út á götuna, sá það bifreið ákærða, þar sem hún ók vestur Laugaveg, fast við syðri gangstétt. Um leið og vitnið kom auga á bifreiðina, segir það annað barnið, sem það hafði áður séð á syðri gangstéttinni, hafa haldið út af þessari sömu gangstétt, beint fyrir vinstra framhjól bifreiðar ákærða. Hafi síðan vinstra framhjólið runnið yfir barnið og síðan hafi hægra afturhjól bifreiðarinnar einnig runnið yfir líkama þess. Ekki kveðst vitnið hafa gert sér grein fyrir, er slysið var að verða, í hvernig litum búningum börnin 2 voru, en eftir slysið tók það eftir, að hið lemstraða barn var dökkklætt. Eftir þetta stöðvaðist bifreiðin, að því er vitnið telur um 1 lengd sína frá þeim stað, sem hið lemstraða barn lá á. Vitnið kveðst að vísu ekki hafa haft augun á bifreið ákærða, nema örstutta stund áður en slysið varð, en það er álit þess, að hún hafi þó ekið með um 20 km hraða miðað við klukkustund. Ekki kveðst vitnið hafa séð nein merki þess, að ákærði tæki eftir barninu áður en það varð fyrir bifreið hans, og ekki sýndist því hann snögghemla hana, er hann nam staðar, enda hafi það engin hemlaför séð á götunni eftir bifreiðina. Enga bifreið eða bifreiðar kveðst þetta vitni hafa séð standa kyrrar við nyrðri gangstétt götunnar móts við slysstaðinn.

Vitnið Guðni Ragnar Guðmundsson verzlunarmaður, Skólavörðustíg 118 hér í bæ, var við vinnu sína inni í sölubúð Silla og Valda á Laugavegi 43, þegar slysið varð. Sá það ekki aðdraganda slyssins, en veitti því fyrst eftirtekt, hvað var að gerast, þegar bifreið ákærða var að nema staðar við syðri gangstéttina eftir slysið. Einnig sá það þá hið slasaða barn liggjandi um 1½ bifreiðalengd, að því er það telur, fyrir aftan bifreið ákærða.

Kvaddur hefur verið sem vitni Vilhjálmur Sverrir Valur Sigurjónsson bifreiðarstjóri, Frakkastíg 12 hér í bæ, en hann var faðir hinnar látnu telpu, Sigrúnar. Hefur hann gefið þær upplýsingar, að Sigrún litla hafi verið að leik með dreng einum, 4—5 ára gömlum, í húsasundi bak við húsið nr. 12 við Frakkastíg stuttu áður en slysið varð og hafi drengur þessi verið með hlaupahjól. Mun síðan drengurinn og telpan hafa farið niður á Laugaveg, en þar varð slysið rétt við gatnamót Frakkastígs, eins og áður hefur verið skýrt frá.

Við eftirgrennslanir rannsóknarlögreglunnar upplýstist, að umræddur drengur hefur heitið Guðmundur Kristjánsson, á fjórða ári, til heimilis á Grettisgötu 26 hér í bæ. Var drengur þessi í brúnum fötum, þegar slysið varð.

Kvaddur hefur loks verið sem vitni Sigurður Helgi Ólafsson kaupmaður, Leifsgötu 5 hér í bæ, en hann er eigandi leikfangabúðarinnar Laugavegi 45, sem nefnd hefur verið hér að framan, í sambandi við framburð vitnisins Jóns Sigurðar Hjartarsonar. Vitnið Sigurður Helgi sá ekki, þegar slysið varð, en skömmu áður voru

börnin Guðmundur Kristjánsson og Sigrún Vilhjálmsdóttir stödd inni í sölubúð þess, og var þar þá, að sögn vitnisins, einnig vitnið Jón Sigurður Hjartarson, en það fór út úr búðinni rétt á eftir börnunum. Ekki veit vitnið Sigurður Helgi, hvort slysið varð, þegar börnin voru að fara suður yfir götuna beint út úr búð þess.

Þegar er slysið var tilkynnt á lögregluvarðstofuna, brugðu við lögreglumennirnir Þorkell Steinsson og Einar Halldórsson og fóru á slysstaðinn. Þegar þangað kom, virtist þeim barnið, sem slasazt hafði, vera með lífsmarki, og lögðu því á það höfuðáherzlu að koma því á sjúkrahús, en hirtu minna um að athuga aðstæður og verksummerki á slysstaðnum. Er á Landsspítalann kom, mun þó barnið hafa verið dáið. Um klukkustund eftir að slysið varð, fóru þeir rannsóknarlögreglumennirnir Magnús Eggertsson, Lárus Axel Helgason, Jón Ebenezerson Halldórsson og Guðmundur Tómas Guðmundsson á slysstaðinn. Sáu þeir þar engin verksummerki eftir slysið, en Lárus Axel gerði 2 uppdrætti af slysstaðnum og studdist við gerð uppdráttanna við frásögn vitnisins Ingveldar Önnu Ingvarsdóttur um það, hvar slysið hafði viljað til.

Tæplega 2 klukkustundum eftir að slysið varð, skoðaði Gestur Ólafsson bifreiðaeftirlitsmaður, ásamt Guðmundi Tómasi Guðmundssyni rannsóknarlögreglumanni, bifreiðina R 215. Reyndist það þá athugavert við bifreiðina, að fóthemill hennar þvingaði misjafnt á hjólin, en stöðvaði bifreiðina eins og vera bar á stuttu færi, ef fullu átaki var beitt, en handhemillinn reyndist of slakur. Að öðru leyti reyndist bifreiðin vera í lagi. Út af þessu hefur ákærði tekið fram, að hann hafi ekki vitað annað en að fóthemill bifreiðarinnar væri í lagi, þegar slysið varð, en hins vegar hafi hann vitað, að handhemillinn var þá nokkuð slakur.

Það verður að ganga út frá því hér, að barnið, sem beið bana í margnefndu slysi, hafi haldið út á götuna frá nyrðri gangstétt hennar, áður en það varð fyrir bifreið ákærða, þótt 2 vitni (þau Jón Sigurður Hjartarson og Halldór Ísleifsson) beri hið gagnstæða. Er sennilegt, að um minnisskekkju sér hér að ræða hjá þeim. Ekki verður það rengt, að ákærði hafi ekki veitt barninu neina athygli og ekki haft hugmynd um ferðir þess, áður en slysið varð, enda hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins, sem bendir til hins gagnstæða. Án þess að bein afstaða sé tekin til þess, hvort bifreið hafi staðið kyrr við nyrðri gangstétt götunnar, móts við slysstaðinn, þegar slysið varð, og barnið hafi hlaupið út undan fram- eða afturenda hennar, út á götuna, en þessu heldur ákærði fram, eins og minnzt er á í framburði hans hér að framan, verður að telja, að nokkuð hafi skort á aðgæzlu hjá honum um það leyti, sem slysið varð, er hann veitti barninu enga athygli á leið þess yfir götuna, og hlýtur það þó að hafa hlaupið nokkra metra, þannig, að ákærði hefði með nægilegri og fullri aðgæzlu átt að geta séð það, þar eð bifreið hans hlýtur að hafa verið nokkurn spöl frá barninu, þegar

það fór út á götuna, eða kom út undan bifreið, sem kann að hafa staðið við nyrðri gangséttina, ef nokkur bifreið hefur þá verið þar, en það verður, eins og fyrr er sagt, látið liggja á milli hluta hér. Er niðurstaða þessi fengin, þótt sannað teljist, að ákærði hafi ekið hægt, þegar slysið varð, en því fremur virðist hafa skort nokkuð á aðgæzlu hjá ákærða, sem sannað telst, að hann hafi haldið bifreið sinni mjög nálægt syðri gangstéttinni, þegar slysið varð, og hefur hann því haft nokkurn tíma til að sjá barnið á leið þess yfir götuna, og víst er um það, að framendi bifreiðar ákærða rakst á barnið, sennilega hægri hluta hans (framendans).

Jafnvel þótt barnið hafi haldið út á götuna frá syðri gangstéttinni ,en út frá þessu er ekki gengið hér, eins og fyrr segir, hefði ákærði samt átt að hafa nokkra aðstöðu til að fylgjast með barninu og ferðum þess út á götuna, meðal annars sökum þess, að stýri bifreiðar hans er vinstra megin í henni. Það, að móða var á hliðarrúðum bifreiðar ákærða, þegar slysið varð, og að hann hafi af þeim sökum ekki séð barnið, firrir hann ekki allri sök á slysi þessu, þar eð honum bar að halda rúðum bifreiðarinnar vel gegnsæjum og móðulausum í slíkri umferð, sem er á Laugavegi og öðrum fjölförnum götum þessa bæjar um miðjan dag.

Samkvæmt framansögðu telst því eftir atvikum hafa skort nokkuð á aðgæzlu hjá ákærða um það leyti, sem slysið varð, þótt engum blöðum sé hins vegar um það að fletta, að barnið sjálft hefur með gáleysi sínu átt mikla sök á því, hvernig til tókst.

Með aðgæzluskorti sínum telst ákærði hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júlí 1941 og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941, 2. mgr. 5. gr. bifreiðalaganna, og 3. tölulið 2. gr. reglugerðar nr. 72 1937 hefur ákærði brotið með því að hafa hemla bifreiðar sinnar, bæði hand- og fóthemilinn, ekki í því ástandi, sem til er ætlazt samkvæmt nefndum ákvæðum. Loks telst ákærði hafa brotið 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, með því að gerast samvaldur að slysi, sem mannsbani hlauzt af, með akstri sínum, sem eftir atvikum telst ekki hafa verið nægilega gætilegur. Samkvæmt 215. gr. hegningarlaganna, 38. gr. bifreiðalaganna, 14. gr. umferðarlaganna og 9. gr. reglugerðar nr. 72/1937, og með tilliti til 77. gr. hegningarlaganna, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 2500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir rétt, samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga, að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið í 1 ár frá birtingu dóms þessa. Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, dr. Einars Arnórssonar hrl., kr. 450.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði Sveinbjörn Þórarinn Tímóteusson greiði 2500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, dr. Einars Arnórssonar hrl., kr. 450.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. nóvember 1948.

Nr. 31/1947. **H/f Grímur** (Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
Ólafi Sigurðssyni (Hrl. Ragnar Ólafsson).

Setudómarar Einar Arnalds borgardómari, Sveinbjörn Jónsson hrl. og Valdimar Stefánsson sakadómari í stað hæstaréttardómaranna Jóns Ásbjörnssonar, Jónatans Hallvarðssonar og Þórðar Eyjólfssonar.

Héraðsdómari átti að víkja sjálfkrafa sæti í máli. Ómerking.

Dómur hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Borgarnesi, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Máli þessu hefur verið skotið til hæstaréttar með stefnu 25. marz 1947, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m.

Fyrir hæstarétti hefur það nú verið leitt í ljós, að Jón dómari Steingrímsson gekk í s/f Grím hinn 24. marz 1941, og var félagi í samvinnufélagi þessu, þar til því var slitið hinn 8. nóvember 1942, en þá var hverjum félagsmanni, þar á meðal Jóni Steingrímssyni dómara, greitt úr sameignarsjóðum félagsins kr. 5000.00 og afhent 2 hlutabréf í h/f Grími, hvort að fjárhæð kr. 1000.00, en hlutafélag þetta var stofnað um sömu mundir og s/f Grímur var lagt niður og tók við rekstri s/f Gríms. Hefur Jón dómari Steingrímsson staðfest í símskeyti 7. þ. m. viðtöku greindra fjárverðmæta.

Hlutabréf þau, sem honum voru úthlutuð, seldi hann síðar nafngreindum manni. Þar sem ætla mátti, að framangreind ráðstöfun á sameignarsjóðum s/f Gríms gæti farið í bága við lög, þar á meðal 9. tl. 3. gr. laga nr. 46/1937, og héraðsdómarinn hlaut fyrrgreind fjárverðmæti við slit þess, þá bar honum samkvæmt 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936 að víkja sjálfkrafa sæti í máli þessu, áður en munnlegur málflutningur í því hófst. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Aðiljar hafa krafizt málskostnaðar hvor úr hendi hins. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Meðferð máls þessa í héraði, frá því munnlegur málflutningur hófst, svo og héraðsdómur skulu vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur aukaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 28. nóvember 1946.

Mál þetta er höfðað af verkamanni Ólafi Sigurðssyni í Borgarnesi gegn hlutafélaginu Grími í Borgarnesi með stefnu útgefinni 7/2 1944 og þingfest og dómtekið sama dag.

Dómur var kveðinn upp í málinu 18/3 1944, en honum var áfrýjað til hæstaréttar. Með dómi hæstaréttar 9/5 1945 var meðferð málsins í héraði frá þingfestingu og héraðsdómur ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Hinn 28/10 1946 var málið tekið fyrir af nýju fyrir undirréttinum og þá ákveðinn munnlegur málflutningur. Fór hann fram 25/11 1946 og var málið að honum loknum tekið til dóms.

Stefnandinn hefur krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 5430.00 með 5% ársvöxtum frá 8/11 1942 að telja til greiðsludags, svo og til að afhenda sér endurgjaldslaust 2 eitt þúsund króna hlutabréf í Grími h/f með arðmiðum frá stofnun félagsins, eða til vara, að í stað umkrafðra hlutabréfa með arðmiðum, verði honum greitt nafnverð þeirra í peningum, kr. 2000.00, svo og gjaldfallinn arð frá stofnun félagsins. Loks krefst hann málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Stefndi krefst sýknu í málinu fyrst og fremst vegna aðildarskorts, en einnig vegna þess, að s/f Grímur hafi eigi fullnægt ákvæðum gildandi laga um samvinnufélög og hafi því stefnandi ekki átt neina lögvarða kröfu til þess að gerast félagsmaður í s/f Grímur, áður en því félagi var slitið. Til vara krefst hann þess, að hann verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 2000.00 með vöxtum frá stefnudegi 7/2 1944. Loks krefst hann málskostnaðar eftir mati réttarins.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að í marzmánuði 1941 hafi hann sótt um inngöngu í félagið „Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi", er hann telur, að hafi verið samvinnufélag. Var inntökubeiðni hans, að tilhlutun stjórnar félagsins, borin upp á aðalfundi 26. marz og þar fellt að taka hann í félagið. Voru um þetta leyti uppi miklar deilur í félaginu um greiðslur til félagsmanna úr sjóði félagsins, og samþykkti framhaldsaðalfundur, er haldinn var 16. apríl s. á., að vikja 3 aðalstjórnarnefndarmönnum og einum varastjórnarnefndarmanni úr stjórninni ,en áður en þessir stjórnarnefndarmenn skiluðu af sér í hendur félagsfundar, samþykktu þeir á fundi 19. apríl að taka stefnanda inn í félagið, þrátt fyrir ályktun félagsfundarins 26. marz. En stjórn sú, er þá tók við völdum í félaginu, hefur ætíð síðan neitað að viðurkenna hann sem löglegan félagsmann, og hefur hann því eigi fengið að njóta félagsréttinda. Stefnandi telur sig hafa sent áskilin félagsgjöld við inngöngu með inntökubeiðni sinni, en þau voru endurgreidd honum eftir fundinn 26. marz, en er fráfarandi félagsstjórn samþykkti að taka hann í félagið, kveðst hann eigi hafa greitt nein félagsgjöld.

Telur stefnandi, að óheimilt hafi verið að neita sér um inngöngu í samvinnufélagið „Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi", þar sem hann hafi uppfyllt öll þau skilyrði, sem í 3. gr. félagslaganna eru sett fyrir inngöngu í félagið. Og af því telur hann hljóta að leiða að greiða eigi honum þær bætur, er geri hann jafn vel settan fjárhagslega og þá menn, er á fundinum 26. marz voru, samhliða því, að honum var synjað um inngöngu í félagið, teknir í það, en þá telur hann hafa fengið, er samvinnufélaginu „Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi" var slitið og breytt í hlutafélag, greiddar í peningum kr. 5430.00 og auk þess 2 þúsund króna hlutabréf í Grímur h/f. Loks telur hann, að Grímur h/f eigi að greiða honum skaðabætur þessar, þar sem í stofnsamningi félags þessa segir, að það taki við eignum og skuldum „Samvinnuútgerðarinnar Grímur í Borgarnesi".

Stefndi krefst fyrst og fremst sýknu vegna aðildarskorts. Telur hann ekkert það réttarsamband hafi stofnazt milli stefnanda og hlutafélagsins Grímur, þannig að stefnandi geti gert nokkra fjárkröfu gildandi gegn félaginu.

Þá byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi aldrei orðið löglegur félagsmaður í félaginu „Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi", því samþykkt fráfarandi félagsstjórnar um að taka hann í félagið 19. apríl 1941 hafi verið markleysa ein, því að sú

stjórn hafi verið svipt öllu umboði til að stjórna málefnum félagsins á fundi 16. s. m., enda hafi lögmætur félagsfundur áður verið búinn að synja honum um inngöngu í félagið.

Þá telur hann, að „Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi“ hafi eigi verið samvinnufélag og bendir í því sambandi á dóm hæstaréttar, genginn 2⁰⁄₅ 1942, í málinu: Réttvísin og valdstjórnin gegn Friðrik Þórðarsyni og fleirum.

Loks telur hann, að stefnandi hafi eigi getað byggt neinar kröfur um að vera tekinn inn í félagið „Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi“ á ákvæðum 3. gr. félagslaganna.

Varakröfu sína um að stefnda verði aðeins tildæmdar 2000 kr., byggir stefndur á því, að 5000 kr. greiðslu við slit félagsins „Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi“ beri eigi að skoða sem arðgreiðslu, heldur sem þóknun til félagsmanna fyrir þá ábyrgð og áhættu, er þeir tóku á sig vegna starfrækslu félagsins þau ár, er erfiðlega gekk með fjárhag þess.

Rétturinn getur eigi tekið til greina kröfu stefnda um sýknu vegna aðildarskorts. Ef stefnanda hefur ólöglega verið synjað um inngöngu í „Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi“, getur það félag verið skylt að bæta honum þann skaða, er hann leið við synjunina. En samkvæmt samþykktum Grímur h/f tók það félag við eignum og skuldum „Samvinnuútgerðarinnar Grímur í Borgarnesi“.

Rétturinn verður að líta svo á, að í máli þessu komi fyrst og fremst til álita, hvort „Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi“ hafi verið samvinnufélag eða eigi, og ef svo verður litið á, að félagið hafi verið samvinnufélag, þá hvort af því leiði, að þeir, sem um inngöngu sóttu í félagið, og tvímælalaust uppfylltu inntökuskilyrði þau, er sett voru í félagslögunum, hafi átt ótvíræðan rétt á að gerast félagsmenn.

Er athuguð eru lög félagsins, kemur glögglega í ljós, að tilgangur stofnenda þess hefur verið að stofna samvinnufélag. Auk þess sem heiti félagsins ber það með sér, eru ákvði 3. gr. um inngöngu í félagið, 10. gr. um félagsgjöld, 12. og 13. gr. um skiptingu á hagnaði og 14. gr. um sjóðeignir, með þeim hætti, að eigi dylzt, að ætlunin er að stofna samvinnufélag. Þá eru í 19.—21. gr. ákvæði, þar sem beint er sagt að um ábyrgð félagsmanna, er gangi úr félaginu, um félagsslit og ráðstöfun sjóðeigna, fari eftir samvinnulögum. Engin ákvæði eru í félagslögunum, er eigi virðast samrýmanleg samvinnufélagalögunum. Þá hefur félagið verið skráð athugasemdalaust í samvinnufélagaskrá Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Í hæstaréttardómi, gengnum 2⁰⁄₅ 1942 í opinberu máli gegn stjórn félagsins, er kveðið svo að orði „að félaðið virðist hafa verið rekið allmörg undanfarin ár, þar á meðal allt árið 1940, utan verksviðs þess, sem samvinnufélögum er sett í 2. gr. laga um samvinnufélög nr. 46 frá 1937, án þess þó að félaginu hafi verið komið í annað lögmætt horf, sbr. 39. gr. nefndra laga.“ Og hefur hæstiréttur með

tilvísun til þessa eigi talið refsiverða arðgreiðslu úr sjóði félagsins, er alls eigi er samrýmanlegt ákvæðum samvinnufélagalaga. En af þessu verður á engan hátt ráðið, að hæstiréttur slái því föstu, að félagið sé eigi samvinnufélag, enda segir hann, að stjórn félagsins hafi borið, er henni var ljóst, að félagið var rekið utan verksviðs þess, sem samvinnufélögum er sett, að gera gangskör að félagsslitum.

Verður samkvæmt framansögðu að líta svo á, að félagið „Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi" hafi verið samvinnufélag, er stefnandi sótti um inntöku í það í marzmánuði 1941.

Í 3. gr. samvinnufélagalaganna nr. 46 frá 1937 er gerð grein fyrir því, hver eru aðaleinkenni á skipulagi samvinnufélaga, og er þar í fyrsta tölulið tilgreint, að aðgangur sé frjáls fyrir alla, er fullnægja ákveðnum skilyrðum. Mun þetta og almennt viðurkennt, enda í alla staði eðlilegt, að félög þessi séu opin til inngöngu fyrir alla, er á félagssvæðinu búa og eigi stunda sams konar atvinnurekstur og félagið rekur, þar sem þeim í samvinnufélagalögunum og í öðrum lögum, eru veittar mikils verðar ívilnanir um skattgreiðslur til ríkis og sveitarfélaga fram yfir önnur félög. Þá sýnir ákvæði 9. tölul. 3. gr. samvinnulaganna um ráðstöfun sjóðeigna samvinnufélaga við félagsslit, að löggjafinn hefur eigi skoðað félagseignina sem einkaeign þeirra, er á þeim tíma eru félagsmenn, því samkvæmt því ákvæði eiga sjóðseignir þessar að hverfa undir umsjón hlutaðeigandi héraðsstjórnar og af henni að afhendast nýju samvinnufélagi, er kann að vera myndað á sama félagssvæði, og geta að sjálfsögðu staðið að myndun þess félags menn, er eigi voru í hinu eldra félagi.

Í 3. gr. félagslaga fyrir „Samvinnuútgerðina Grímur í Borgarnesi" eru tilgreind skilyrði fyrir inngöngu í það félag.

Verður eigi annað séð, en að stefnandinn hafi uppfyllt eða verið reiðubúinn til að uppfylla öll þau skilyrði. Hins vegar hefur stjórn félagsins haft þá óvenjulegu aðferð við afgreiðslu umsókna þeirra, er henni bárust í marzmánuði 1941, að taka eigi afstöðu til þeirra, heldur að leggja þær fyrir félagsfund til samþykktar eða synjunar, og varð það til þess, að sumir af umsækjendum fengu inngöngu í félagið, en öðrum, og þar á meðal stefnanda, var vísað frá, án þess að færð væru fram nokkur rök fyrir því, að þeir eigi uppfylltu inntökuskilyrðin.

Verður rétturinn samkvæmt framansögðu að líta svo á, að stefnandi máls þessa hafi átt rétt á að fá inngöngu í samvinnufélagið „Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi", er hann sótti um inngöngu í það í marzmánuði 1941. Þann skaða, er hann varð fyrir við það, að félagsfundur neitaði að taka hann inn í félagið, verður félagið að bæta honum, og þar sem Grímur h/f tók við stofnun þess félags við öllum eignum og skuldum Samvinnuútgerðarinnar Grims í Borgarnesi, yfirfærist sú bótaskylda á það félag.

Stefndi hefur eigi vefengt, að bótakrafa stefnanda sé rétt talin.

Samkvæmt framansögðu verður að taka dómkröfur stefnanda til

greina. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 5430.00 ásamt vöxtum samkvæmt aðalkröfu. Enn fremur til þess, samkvæmt varakröfu, að greiða kr. 2000.00, nafnverð tveggja hlutabréfa í h/f Grímur ásamt gjaldföllnum arði frá stofnun félagsins, og er viðurkennt af báðum aðiljum, að sá gjaldfallni arður nemi kr. 300.00. Loks ber að dæma hann til að greiða stefnanda 300 kr. í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi í þessu máli, Grímur h/f í Borgarnesi, greiði stefnandanum, Ólafi Sigurðssyni verkamanni í Borgarnesi, 5430 — fimm þúsund fjögur hundruð og þrjátíu — krónur með 5% ársvöxtum frá $^{8}/_{11}$ 1942 að telja, þar til greitt er. Enn fremur greiði stefndi stefnandanum 2300 — tvö þúsund og þrjú hundruð krónur. — Loks greiði stefndi stefnandanum 300 — þrjú hundruð — krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 14 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. nóvember 1948.

Nr. 19/1947. **Réttvísin** (Hrl. Lárus Jóhannesson)
gegn
Jóni Gizurarsyni (Hrl. Ragnar Ólafsson)
Jóhannesi Ólafssyni
(Hrl. Guttormur Erlendsson)
og
Snorra Laxdal Karlssyni
(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Lögreglumenn og fangavörður sekir við 131. gr. hegningarlaga. Sératkvæði.

Dómur hæstaréttar.

Í vottorði Péturs H. J. Jakobssonar læknis, dags. 22. september 1944, sem skráð er í héraðsdómi, er lýst áverkum þeim, sem voru á A. B-syni, þegar læknirinn skoðaði hann 2. maí sama ár. Með skýrslum þeirra A. B-sonar, Maríu Ásgeirsdóttur, systur hans, og Bergs Sigurbjörnssonar, þáverandi herbergisfélaga hans, sem þau hafa

öll staðfest með eiði, má telja sannað, að A. B-son hafi haft áverka þessa á sér, er hann kom heim til sín árdegis þann 30. apríl 1944, skömmu eftir að honum var sleppt úr haldi á lögreglustöðinni. Um afleiðingar aðaláverkans og sjúkrahússvist A. B-sonar frá 19. október 1944 til 28. nóvember sama ár greinir í vottorði Matthíasar Einarssonar yfirlæknis, dags. 5. febrúar 1945, sem einnig er tekið orðrétt upp í héraðsdóm. Þann 14. júní 1945 hefur þáverandi tryggingaryfirlæknir Jóhann Sæmundsson metið örorku A. B.-sonar vegna meiðslanna og afleiðinga þeirra 100% frá 30. apríl 1944 til desemberloka sama ár, 30% frá 1. janúar til febrúarloka 1945 og eftir það varanlega örorku 10%.

Samkvæmt skýrslu A. B-sonar, sem einnig styðst við vætti þeirra Maríu og Bergs svo og skýrslu Árna Finnbjarnarsonar, var A. B-son heill og hraustur, er hann fór á dansleikinn að Hótel Borg að kvöldi 29. apríl 1944. A. B-son kveður sig minna, að hann hafi aðeins dreypt á vínglasi laust fyrir kl. 9 um kvöldið, en fullyrðir, að annars víns hafi hann ekki neytt á dansleiknum eða eftir að honum lauk. Allmörg vitni, þar á meðal lögreglumenn þeir, sem handtóku A. B-son, eru á einu máli um það, að ekki hafi séð á honum áhrif áfengis. Á dansskemmtuninni lenti A. B-son ekki í neinum ryskingum.

Eftir að dansleiknum var lokið kl. 3 um nóttina og A. B-son var kominn út úr húsinu, veittist hann með nokkrum ofstopa að lögreglumönnum, sem gættu reglu við útidyr Hótel Borg og ekki vildu leyfa honum að fara aftur inn í húsið. Leiddi það til þess, að tveir lögreglumenn handtóku A. B-son og fluttu hann til lögreglustöðvarinnar. A. B-son hefur lýst viðureigninni við Hótel Borg á þá leið, að fyrst hafi lögreglumaður hrundið honum frá dyrunum, en við það hafi hann hrasað upp að bifreið, sem stóð þar skammt frá. Eftir það kveðst A. B-son hafa skellt hurð á lögreglumanninn. Hafi þá lögreglumaðurinn greitt honum hnefahögg á hökuna vinstra megin. Kveðst A. B-son þá hafa fallið aftur á bak til jarðar. Viðkomandi lögreglumaður hefur neitað því, að hann hafi barið A. B-son hnefnahögg í andlitið, en kveðst hins vegar hafa slegið hann létt högg með kylfu á annað

lærið neðan til. A. B-son telur sig aftur á móti ekki hafa orðið fyrir neinu kylfuhöggi. Kveðst hann hafa gripið kylfuna á lofti og afstýrt högginu. Ekki hefur verið leitt í ljós til fulls, hvernig atvikum var háttað, en hvort sem skýrsla A. B-sonar eða lögreglumannsins er lögð til grundvallar, þá verða ekki taldar líkur til þess, að A. B-son hafi hlotið umrædda áverka í þessari viðureign, að undantekinni skeinu á fingri. Sérstaklega verður að telja loku fyrir það skotið, að hann hafi þá fengið mesta áverkann, sem ætla má, að vart hefði orðið við þá þegar. Ekki er heldur nein líkindi til þess, að A. B-son hafi hlotið áverkana við flutning hans til lögreglustöðvarinnar né í lögregluvarðstofunni.

Er A. B-son hafði dvalizt um hríð uppi í lögregluvarðstofunni, fól varðstjóri hinum ákærðu, lögreglumönnunum Jóhannesi Ólafssyni og Snorra Laxdal Karlssyni og Jóni Gizurarsyni fangaverði, að flytja A. B-son niður í fangageymslu í kjallara lögreglustöðvarinnar.

A. B-son skýrir svo frá, að þegar ákærðu Jóhannes og Snorri voru komnir með hann niður í gang fangageymslunnar, hafi annar þeirra lagt fyrir hann að fara úr frakkanum. Ef A. B-son neitaði því, hafi ákærði Jón sagt: „Lemjið þið helvítis þrjótinn". Þá hafi hinir ákærðu Jóhannes og Snorri snúið upp á hendur hans, svo að hann hafi orðið að standa hálfboginn og því lítt séð, hvað fram fór. Rétt á eftir hafi hann fengið högg „neðan hægra eyra, upp á hægra kinnbein". Við það hafi hann orðið ringlaður, fallið á gólfið og um stund hnigið í ómegin. Eftir þetta hafi honum verið greidd högg, að því er hann heldur með kylfu, og hafi hann þá hlotið umgetna áverka, að fingurmeiðsli undanskildu. Hann telur sér ekki hafa verið ljóst, vegna ofangreinds ástands síns, hvernig hann var barinn, og getur ekki gert sér þess grein, hver eða hverjir hinna ákærðu hafi veitt honum áverkana. Er framburður hans, er að þessu hnígur, allmjög á reiki.

Ákærði Jóhannes var prófaður í máli þessu í lögregluréttti Reykjavíkur 14. og 18. október 1944. Kvaðst hann þá muna, að hann hafi ásamt ákærðu Snorra og Jóni flutt A. B-son í fangageymsluna, en hins vegar neitaði hann því, að hann

myndi nokkuð annað í sambandi við flutning A. B-sonar þangað. Þann 4. desember 1945, er rannsókn málsins hafði legið niðri meira en ár, skýrði Jóhannes frá því utan réttar, að hann hafi vitað meira en hann lét upp í fyrrgreindum réttarhöldum. Varð það til þess, að rannsókn málsins var tekin upp af nýju. Í lögregluþinghaldi 4. desember 1945 skýrði Jóhannes nú þannig frá, að eftir að A. B-son var fluttur í kjallarann, hafi hann neitað að láta færa sig úr jakkanum og veitt mótspyrnu. Þá hafi þeir Jóhannes og Snorri snúið upp á hendur hans, en við það hafi A. B-son setzt á gólfið. Þeir lögreglumennirnir hafi þá sleppt tökunum, en ákærði Jón skipað A. B-syni að standa upp, sparkað þrisvar til fjórum sinnum í hægri lend hans og sagt við þá lögreglumennina: „Berjið þið helvítis þrjótinn“ eða eitthvað á þá leið. Þeir lögreglumennirnir hafi þó ekki hlýtt þessu, heldur farið A. B-son inn í fangaklefa. A. B-son hafi aldrei misst meðvitund og enga áverka hafi verið á honum að sjá. Í framhaldsprófum, sem haldin hafa verið eftir uppsögn héraðsdóms í máli þessu, hefur ákærði Jóhannes haldið fast við þenna framburð, en kannazt við, að hann hafi gegn betri vitund leynt atvikum í þinghaldi 14. október 1944. Hann hefur staðfastlega neitað því, að hann hafi sjálfur barið A. B-son með kylfu eða veitt honum áverka á annan hátt. Svo kveðst hann og ekki hafa orðið þess var, að A. B-son yrði fyrir nokkurri líkamsárás af hendi ákærða Snorra og ekki heldur af ákærða Jóni fram yfir það, er að framan greinir.

Þegar ákærði Snorri var fyrst yfirheyrður í máli þessu þann 14. október 1944, kvaðst hann ekkert muna til þess, að hann hafi tekið þátt í því að flytja A. B-son í fangageymsluna eða að hann hafi haft af honum nokkur afskipti. Næst var Snorri prófaður í þinghaldi 4. des. 1945. Mundi hann þá eftir því, að hann hefði ásamt ákærðu Jóhannesi og Jóni flutt A. B-son í fangageymsluna. Hann kvað A. B-son hafa neitað að fara úr jakkanum og sýnt af sér mótþróa. Þeir lögreglumennirnir hafi þá snúið upp á hendur A. B-sonar og sveigt þær aftur fyrir bak, en við það hafi A. B-son setzt á gólfið. Hann kveðst ekki minnast þess, að ákærði Jón hafi

sparkað í A. B-son eða barið hann. Hins vegar hafi Jóni þótt þeir lögreglumennirnir atkvæðalitlir í því að láta A. B-son hlýða, og hafi hann spurt þá, hvort þeir „gætu ekki látið helvítis manninn hlýða“ eða eitthvað á þá leið. Síðar í sama þinghaldi kvaðst ákærði Snorri minnast þess, að hann hafi heyrt ákærða Jón segja eitthvað á þá leið, að réttast væri að „berja þessa djöfla“, en ekki kvaðst hann muna, hvort Jón hafi haft þessi ummæli, þegar A. B-son var settur í fangageymsluna. Ákærði Snorri hefur eindregið neitað því, að hann hafi barið A. B-son eða á annan hátt valdið áverkum hans. Hann kveðst ekki heldur hafa orðið var við, að hinir samákærðu Jóhannes og Jón hafi barið A. B-son.

Ákærði Jón hefur stöðugt neitað því, að hann hafi barið A. B-son eða sparkað í hann eða yfirleitt beitt hann nokkrum harðræðum. Hann synjar þess og, að hann hafi hvatt lögreglumennina til að berja A. B-son. Kveðst hann ekki hafa haft ummæli þau, sem A. B-son og hinir ákærðu Jóhannes og Snorri hafa eftir honum. Hins vegar geti verið, að hann hafi látið orð falla í þá átt, hvort lögreglumennirnir gætu ekki látið manninn hlýða.

Eins og áður greinir, eru ekki líkindi til þess, að A. B-son hafi hlotið umgetna áverka, að undanteknu fingurmeiðslinu, áður en hinum ákærðu var falið að flytja hann í fangageymsluna. Það er og sannað, að hann hafði á sér áverkana, er hann kom heim til sín, sama morguninn sem hann var láinn laus úr fangageymslunni. Engir aðrir en hinir ákærðu höfðu afskipti af A. B-syni, meðan hann var í haldi í kjallara lögreglustöðvarinnar. A. B-son hefur eindregið haldið því fram og staðfest þá skýrslu með eiði, að ákærðu hafi veitt honum áverkana, er þeir voru að flytja hann í fangaklefann, svo sem áður segir. Framburður hinna ákærðu Jóhannesar og Snorra hefur reynzt óstöðugur, og þeir eru sannir að því að hafa í prófum málsins leynt atvikum, sem þeir vissu um og máli skiptu. Þegar öll þessi atriði eru virt, þá þykir ekki varhugavert að telja sannað, að A. B-son hafi hlotið áverkana í kjallara lögreglustöðvarinnar af völdum einhvers eða einhverra hinna ákærðu.

Rannsókn máls þessa hefur aftur á móti ekki leitt í ljós,

hver hinna ákærðu hefur veitt A. B-syni áverkana eða hverjir, ef fleiri en einn þeirra hefur gert það. Það þykir og ekki fyllilega sannað gegn eindreginni neitun ákærða Jóns og eins og framburði ákærða Jóhannesar er háttað, að Jón hafi hvatt hina ákærðu Jóhannes og Snorra til að veita A. B-syni líkamsmeiðingu samkvæmt 23. kafla laga nr. 19/1940. Verður því, eins og sönnun er háttað, enginn hinna ákærðu sakfelldur fyrir brot á ákvæðum nefnds kafla hegningarlaganna.

Hinir ákærðu voru allir löggæzlumenn, sem falin hafði verið framkvæmd fangelsunar. Ekki getur hjá því farið, að þeim hafi öllum að minnsta kosti verið kunnugt um misferli það, sem átti sér stað í sambandi við flutning A. B-sonar í fangageymsluna. Af því leiðir, að fullyrða má um hvern þeirra út af fyrir sig, að hann hafi annað hvort sjálfur staðið að líkamsárás þeirri, sem A. B-son varð fyrir, eða látið undir höfuð leggjast að veita honum vernd gegn árásinni og að skýra yfirboðurum sínum frá misferlinu. Hinir ákærðu eru því allir sekir um það að hafa framkvæmt fangelsunina á ólöglegan hátt, og varðar það þá refsingu samkvæmt 131. gr. laga nr. 19/1940. Við ákvörðun refsingar ber á það að líta, að A. B-son beitti nokkrum mótþróa við fangelsunina. Þykir refsing hvers hinna ákærðu, sem samkvæmt yfirlýsingu lögreglustjórans í Reykjavík voru allir sviptir löggæzlumannastarfa sínum hinn 4. desember 1945, hæfilega ákveðin 2500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 35 daga varðhald í stað sektar hvers þeirra, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Um greiðslu sakarkostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti skal fara sem hér segir: Ákærðu greiði hver um sig skipuðum talsmanni sínum í héraði málsvarnarlaun, kr. 500.00. Þeir greiði og hver um sig skipuðum verjanda sínum í hæstarétti málflutningslaun, kr. 1200.00. Allan annan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, kr. 1500.00, greiði hinir ákærðu in solidum.

Þórður Björnsson, fulltrúi sakadómara, hafði á hendi rannsókn máls þessa frá því að hún hófst þann 13. októ-

ber 1944 og þar til að henni var frestað þann 21. sama mánaðar. Eftir að rannsókn var tekin upp af nýju þann 4. desember 1945, fór Logi Einarsson, fulltrúi sakadómara, með framkvæmd hennar. Hvorugur framangreindra rannsóknardómara hefur framkvæmt rannsóknina með nægilegri röggsemi, eftir því sem efni stóðu til. Einkum er það aðfinnsluvert, að hinir ákærðu skyldu ekki vera úrskurðaðir í gæzluvarðhald, er rannsókn var hafin af nýju þann 4. desember 1945, eftir að ákærði Jóhannes hafði breytt framburði sínum.

Flutningur máls þessa hófst í hæstarétti í maímánuði síðastliðnum, en var þá frestað vegna framhaldrannsóknar. Halda skyldi flutningi málsins áfram í júnímánuði. Af því gat þó ekki orðið, sökum þess að skipaður verjandi ákærða Snorra Laxdals Karlssonar, Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður, fór af landi brott, án þess að skýra hæstarétti frá brottför sinni. Var því ekki unnt að skipa í tæka tíð annan verjanda í hans stað. Verður að víta þessa háttsemi hæstaréttarlögmannsins.

Dómsorð:

Ákærðu, Jón Gizurarson, Jóhannes Ólafsson og Snorri Laxdal Karlsson, greiði hver um sig 2500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 35 daga varðhald í stað sektar hvers þeirra, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Jón Gizurarson greiði skipuðum verjanda sínum, Ragnari Ólafssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun í héraði, kr. 500.00 og málflutningslaun í hæstarétti, kr. 1200.00.

Ákærði Jóhannes Ólafsson greiði skipuðum verjanda sínum í héraði, Einari B. Guðmundssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 500.00 og skipuðum verjanda sínum í hæstarétti, Guttormi Erlendssyni hæstaréttarlögmanni, málflutningslaun, kr. 1200.00.

Ákærði Snorri Laxdal Karlsson greiði skipuðum verjanda sínum, Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun í héraði, kr. 500.00, og málflutningslaun í hæstarétti, kr. 1200.00.

Allan annan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1500.00, greiði allir hinir ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hrd.

Ég lít svo á, að hver sá hinna ákærðu, sem kann að hafa látið afbrotið afskiptalaust, hafi gerzt sekur við 141. gr. laga nr. 19/1940, með því að hafast ekkert að til að hindra afbrotið og að því beri að ákveða refsingu hinna ákærðu samkvæmt þeirri grein, í stað 131. gr. sömu laga. Ég er að öðru leyti samþykkur forsendum atkvæðisins og dómsorði þess.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 25. september 1946.

Ár 1946, miðvikudaginn 25. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 3237—39/1946: Réttvísin gegn Jóhannesi Ólafssyni, Snorra Laxdal Karlssyni og Jóni Gizurarsyni, sem tekið var til dóms 4. þ. m.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Jóhannesi Ólafssyni, Höfðaborg 79, Snorra Laxdal Karlssyni, Njálsgötu 102, fyrrverandi lögregluþjónum, og Jóni Gizurarsyni, Skúlagötu 52, fyrrverandi fangaverði, til refsingar og málskostnaðargreiðslu fyrir brot gegn 14. og 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærðu, Jóhannes Ólafsson og Snorri Laxdal Karlsson, eru komnir yfir lögaldur sakamanna. Er Jóhannes fæddur 10. nóvember 1918 í Reykjavík, en Snorri Laxdal 1. október 1915 að Bakka á Skagaströnd, og hefur hvorugur þeirra sætt ákæru eða refsingu, svo að vitað sé.

Ákærði Jón Gizurarson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 6. apríl 1902 að Byggðarhorni í Sandvíkurhreppi, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1942 $^{27}/_{11}$ Kærður af lögreglunni í Reykjavík fyrir að hafa setuliðsvarning meðferðis. Fellt niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins dags. $^{15}/_{5}$ 1943.

1944 2% Sátt í Reykjavík, 250 kr. sekt fyrir brot gegn 1. gr. laga nr. 13 1941.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

I.

Aðfaranótt sunnudagsins 30. apríl 1944 var A. B-son stud. jur. á dansleik, sem haldinn var á Hótel Borg. Um klukkan 3 um nóttina var dansleiknum lokið og gekk hann þá út um suðurdyr hótelsins og kveðst hafa ætlað að bíða þar fyrir utan eftir kunningja sínum, Þorsteini Þorsteinssyni, Laufásvegi 52, en þeir höfðu hitzt á dansleiknum og ætlað að fylgjast að heim,, þar sem A. B-son bjó þá á Mímisvegi 2. Beið hann þarna nokkra stund, en þar sem honum fór að lengjast biðin, gekk hann að dyrunum og ætlaði að fá að komast inn aftur, en var synjað um það. Út af þessu lenti hann í ryskingum við Ingólf Sveinsson lögregluþjón, en honum kom til hjálpar Óskar Ólason lögregluþjónn, og færðu þeir A. B-son á lögreglustöðina. Þar var hann spurður um nafn og heimilisfang. Kveður hann lögregluþjón þann, er það gerði, hafa heyrzt hann segja Guðmundur í stað A. B-son og ekki hirt um að leiðrétta þetta, sökum slæmrar framkomu lögregluþjónsins og svarað honum því út í hött. Eftir þetta var A. B-son færður í fangageymslu lögreglustöðvarinnar af ákærðu í máli þessu, og kveður hann þá hafa misþyrmt sér mjög í kjallaragangi lögreglustöðvarinnar, eins og síðar verður skýrt frá. Sunnudagsmorguninn 1. maí 1944 var A. B-son svo leiddur fyrir rétt, en þar sem hann vildi ekki viðurkenna réttmæti kæru þeirrar, er Ingólfur Sveinsson hafði skrifað, var honum sleppt úr varðhaldi og málinu frestað. Fimmtudaginn 4. maí s. á. var málið tekið fyrir og því lokið með réttarsætt mánudaginn 8. s. m., þar sem A. B-son samþykkti að greiða 50 kr. sekt til bæjarjóðs Reykjavíkur fyrir óspektir og að segja lögreglunni rangt til nafns síns og heimilis.

13. október 1944 hófst svo réttarrannsókn að tilhlutun málflutningsskrifstofu Áka Jakobssonar, vegna líkamsmeiðsla þeirra, er A. B-son kveðst hafa hlotið af völdum manna þeirra, er færðu hann í fangageymsluna aðfaranótt sunnudagsins 30. apríl 1944. Taldi hann þá, að það hefðu verið lögregluþjónarnir Ingólfur Sveinsson og Óskar Ólason, sem færðu hann í fangageymsluna og hefðu veitt honum áverka þá ,er hann segist hafa hlotið þarna, en í réttarrannsókn þessari upplýstist, að það hefðu verið ákærðu í máli þessu, sem færðu hann í fangageymsluna. Laugardaginn 21. október 1944 lauk réttarrannsókn þessari og útskrift af henni send dómsmálaráðuneytinu, en frekara ekki gert í málinu þá.

Í skýrslu sinni frá 23. júlí 1944 segir A. B-son, að hann hafi í fyrstu gert sér vonir um, að áverkar þeir, er að framan greinir, mundu engar illar afleiðingar hafa, og þar sem hann hafi enga

löngun til að standa í illdeilum, hafi hann samþykkt að greiða sektina. En þar sem áverkarnir hafi þegar orðið honum til mikils tjóns og óséð er, hvort hann verði nokkurn tíma jafngóður, geti hann ekki látið þetta liggja í láginni lengur.

Með bréfi, dagsettu 4. desember 1945, fór lögreglustjórinn í Reykjavík fram á það, að haldið yrði áfram réttarrannsókn út af kæru A. B-sonar, með því að ákærði Jóhannes Ólafsson hefði þá um daginn lýst því yfir í votta viðurvist, að hann hafi vitað meira en hann lét í ljós við réttarrannsóknina 13. til 21. október 1944 út kæru A. B-sonar. Var þá samdægurs hafin réttarrannsókn að nýju og málið síðan höfðað samkvæmt fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins gegn hinum ákærðu.

II.

Verða nú málsatvik rakin eftir því sem upplýstst hefur.

A. B-son skýrir svo frá málavöxtum, að aðfaranótt sunnudagsins 30. apríl 1944 hafi hann farið á dansleik á Hótel Borg, sem eitthvert íþróttafélaganna hér í bænum muni hafa haldið. Með honum var kunningi hans, Árni Finnbjörnsson skrifstofumaður, Efstasundi 39, og tvær stúlkur. Vínveitingar voru á dansleiknum, en einskis áfengis kveðst A. B-son hafa neytt þar. Minnir hann, að laust fyrir klukkan 9 þetta kvöld hafi hann aðeins dreypt á vínglasi, en þó svo lítið, að það hafi engin áhrif haft á hann. Á dansleiknum hitti hann kunningja sinn, Þorstein Þorsteinson, og talaðist svo til á milli þeirra, að þeir skyldu fylgjast að heim, eins og fyrr greinir. Um klukkan þrjú um nóttina var dansleikurinn úti, en þá skömmu áður hafði A. B-son skilið við samferðafólk sitt. Kveður hann þá Þorstein hafa orðið samferða fram að fatageymslunni við suðurdyr hótelsins. Þar fékk A. B-son afhenta yfirhöfn sína og hatt og gekk út úr hótelinu á undan Þorsteini. Beið hann stutta stund fyrir utan dyrnar, en þar sem Þorsteinn kom ekki, hugðist hann fara aftur inn og sækja hann. Gekk A. B-son til dyravarðarins, sem var Tryggvi Haraldsson lögregluþjónn, Bræðraborgarstíg 8, og var hann óeinkennisklæddur. Kveðst A. B-son hafa beðið dyravörðinn um leyfi til að ganga aftur inn í húsið, en segist ekki muna, hvort hann segði í hverjum erindagerðum. Segir hann Tryggva hafa spurt, hvort hann hefði verið á dansleiknum og hann kveðið já við því. Innan dyranna hafi staðið einkennisbúinn lögregluþjónn, Ingólfur Sveinsson, Hringbraut 50, og hafi dyravörðurinn snúið sér að honum og spurt, hvort A. B-son hafi verið á dansleiknum, en hverju hann svaraði, kveðst A. B-son ekki vita. Hafi dyravörðurinn því næst neitað honum um inngöngu og stjakað honum frá dyrunum.

Kveðst A. B-son hafa gengið aftur að dyrunum og ætlað að bera erindi sitt upp að nýju, en áður en honum gafst tækifæri til þess, hafi Ingólfur Sveinsson hrundið honum frá dyrunum, svo að hann hrasaði aftur á bak og lenti á bifreið, er stóð þar hjá. Segir A. B-son

annan hvort kálfann hafa komið við framvara bifreiðarinnar og hann fallið hálfvegis upp á framanvert vélarhúsið, en telur útilokað, að hann hafi getað hlotið nokkurn áverka við þetta. Kveðst A. B-son hafa reiðst þessu og spurt, hvað slík framkoma ætti að þýða, en Ingólfur hafi engu svarað, heldur snúið við og muni hafa ætlað að ganga aftur inn í hótelið, en þá hafi hann skellt útidyrahurðinni aftan á Ingólf, sem hafi snúið sér við og slegið hann með kreptum hnefa á vinstri vanga, svo að hann datt aftur fyrir sig á gangstéttina. Byltan hafi verið lítil og telur hann sig engan áverka hafa hlotið við þetta, nema ef til vill á baugfingri hægri handar. Er hann var að risa upp, kveðst A. B-son hafa séð, hvar Ingólfur stóð fyrir ofan hann með lögreglukylfu reidda til höggs, og hafi hann þá gripið um kylfuna báðum höndum, til að verjast höggi. Síðan hafi orðið nokkur átök milli þeirra um kylfuna, en brátt hafi maður komið að þeim og tekið hann haustaki aftan frá. Taldi A. B-son þetta hafa verið dyravörðinn, þar sem maður þessi hafi verið í eins litum fötum, en þessu hefur Tryggvi Haraldsson neitað. Kveðst A. B-son hafa sleppt taki sínu á kylfunni við þetta, en Ingólfur hafi þá snúið upp á hægri hönd hans aftur fyrir bak, en í sömu svifum hafi Óskar Ólason lögregluþjón borið þarna að, og hafi hann tekið vinstri hönd hans sömu tökum. Hafi lögregluþjónarnir svo leitt hann þannig á lögreglustöðina, og er hann hafi beðið þá um leyfi til að ganga frjáls, hafi Óskar sagt honum að „halda kjafti“ og þeir báðir hert svo á tökunum, að hann fór í kút með höfuðið á milli hnjánna. Þegar inn á lögreglustöðina kom, kveður hann þá hafa hrint sér niður á trébekk, sem er inni í afgreiðsluherberginu, og er hann sat á bekknum, hafi hann tekið eftir því, að það blæddi úr baugfingri hægri handar, en rifnað hafði upp í nöglina, svo að hann stóð upp og ætlaði að ganga að afgreiðsluborðinu til að biðja um sárabindi, en þá hafi Óskar, sem þar var nærstaddur, hrint honum niður á bekkinn. Hafi hann því næst gert aðra tilraun til að standa upp, en það farið á sömu leið. og Óskar hrundið honum öllu hranalegar en fyrr, og sagt honum að sitja þar kyrrum. Litlu síðar hafi Óskar komið með blýant og skrifblokk og spurt hann um heiti og heimilisfang, en hann sagzt ekkert hafa við Óskar að tala, en vilja ná tali af yfirmanni hans. Segist A. B-son áður hafa farið þess á leit við stöðvarmanninn eða einhvern annan, sem staðið hafi fyrir innan afgreiðsluborðið, en ekkert svar fengið, og á sömu leið hafi farið, er hann bað mann þenna um sárabindi. Kveður A. B-son svo hafa lent í orðasennu milli Óskars og sín, og hann þá sagt Óskari, að hann væri reiðubúinn að segja yfirmanni hans til nafns. Þó hafi orðið úr, að hann sagði Óskari rétt til nafns, en honum hafi misheyrzt og hann ekki leiðrétt Óskar, heldur sagzt ekkert hafa við hann að tala og þulið upp einhver nöfn. Telur A. B-son, að lögregluþjóninn hafi vitað, að hann skýrði ekki rétt frá nafni, þar sem hann hafi neitað að gefa lögregluþjóninum nokkrar upplýsingar,

enda talið víst, að hann yrði leiddur fyrir varðstjóra, eins og hann hafði krafizt, og þá geta skýrt frá öllum málavöxtum.

Tryggvi Haraldsson lögregluþjónn kveðst umrædda nótt hafa verið dyravörður, óeinkennisklæddur ,við suðurdyrnar á Hótel Borg. Um það leyti, sem dansleiknum var að ljúka, kveður hann mann nokkurn hafa komið að dyrunum og viljað fá að fara inn í húsið. Hafi maður þessi togað í hurðina á móti sér, ætlað að ýta sér til hliðar og komast þannig inn í húsið. Kveður Tryggvi dyrnar hafa verið lokaðar eða hallað aftur og hann haldið í húninn að innanverðu. A. B-son neitar því aftur á móti, að hann hafi ætlað að ryðjast inn með valdi, segir dyrnar hafa verið opnar og dyravörðinn hafa staðið í þeim. Hvorki minnist Tryggvi þess, að maðurinn hafi sagt í hverjum erindagerðum hann vildi komast inn á dansleikinn, né heldur, að hann hafi sagzt hafa verið þar fyrr um nóttina. Ekki kveðst Tryggvi hafa spurt Ingólf Sveinsson að því, hvort maðurinn hefði verið á dansleiknum, enda hafi Ingólfur ekki verið staddur við dyrnar, er maðurinn kom fyrst að þeim, heldur hafi Ingólfur komið til aðstoðar, er maðurinn ætlaði að ryðjast inn og ýtt honum frá dyrunum. Ekki kveðst Tryggvi hafa séð manninn detta eða hrasa, enda hafi hann lokað dyrunum og ekki séð hvað fram fór um hríð, en er hann opnaði dyrnar aftur, hafi Ingólfur og margnefndur maður verið í ryskingum. Segir Tryggvi, að honum hafi virzt maðurinn ætla að slá Ingólf, en Óskar Ólason hafi komið þarna að Ingólfi til aðstoðar, og hafi þeir lögregluþjónarnir fært manninn á lögreglustöðina. Eftir þetta kveðst hann ekki hafa séð manninn. Ekki kveðst Tryggvi muna, hverjum tökum þeir lögregluþjónarnir tóku hann, og ekki minnist hann þess að hafa séð Ingólf slá manninn eða hann slá Ingólf.

Ingólfur Sveinsson lögregluþjónn, Hringbraut 50, skýrir svo frá, að hann hafi verið einkennisklæddur til aðstoðar á dansleiknum við suðurdyrnar á Hótel Borg, er A. B-son kom þangað aðfaranótt sunnudagsins 30. apríl 1944 og vildi komast inn á dansleikinn. Ekki kveðst hann minnast þess, að A. B-son hafi skýrt frá erindi sínu, en hann segist hafa sagt honum, að hann fengi ekki að fara inn í húsið, enda hafi dansleiknum verið lokið eða um það bil. Þar sem A. B-son hafi endilega viljað komast inn, kveðst hann hafa ýtt honum frá dyrunum, en veit ekki, hvort hann hrasaði. Kveður hann A. B-son þá hafa sparkað í sig og ætlað að skella á sig hurðinni, en það ekki tekizt. Segist Ingólfur þá hafa gripið til kylfu sinnar og dangla'ð í annað hvort læri A. B-sonar, en telur útilokað, að hann hafi getað hlotið nokkur meiðsl af því. Er hér var komið, hafi tekizt sviptingar milli þeirra, en í þeim svifum hafi Óskar Ólason komið til aðstoðar og þeir lögregluþjónarnir tekið A. B-son venjulegum lögreglutökum, snúið hendur hans aftur fyrir bak og leitt hann þannig á lögreglustöðina og ekki haft frekari afskipti af A. B-syni eftir það. Ekki minnist Ingólfur þess, að A. B-son hafi

farið þess á leit að fá að ganga frjáls eða að honum hafi verið hrint á trébekk í afgreiðsluherbergi lögreglustöðvarinnar. Ingólfur hefur eindregið neitað því að hafa slegið A. B-son í andlitið og A. B-son neitar að hafa sparkað í Ingólf og segist ekki hafa séð hann með kylfu, nema þegar hann sjálfur var að rísa upp, og þá gripið í hana báðum höndum, eins og fyrr greinir.

Óskar Ólason lögregluþjónn, Bergstaðastræti 12, kveðst hafa verið einkennisklæddur, er hann kom Ingólfi til aðstoðar. Hafi hann þá verið á heimleið, en fyrr um kvöldið við dyravörzlu í einhverju samkomuhúsi bæjarins. Segist hann hafa séð þá A. B-son og Ingólf í einhverjum átökum, en ekki séð, að Ingólfur væri með. Ekki kveðst hann heldur hafa séð þá Ingólf eða A. B-son berja eða sparka í hvorn annan. Kveður hann þá lögregluþjónana hafa snúið hendur A. B-sonar aftur fyrir bak, sem sé venjulegt lögreglutak, og hafi þeir leitt hann þannig á lögreglustöðina, en þó linað á tökunum á leiðinni þangað. Hann kveðst hafa ýtt A. B-syni niður á bekkinn í afgreiðsluherbergi lögreglustöðvarinnar, en ekki hrint honum. Ekki segist hann minnast þess, að hann hafi sagt A. B-syni að „halda kjafti" eða að A. B-son hafi beðið um sárabindi. Hann kveðst ekki heldur minnast þess að hafa spurt A. B-son að heiti. Þá hefur Óskar borið, eins og aðrir í máli þessu, að A. B-son hafi ekki verið ölvaður.

Ásgeir Þórarinn Magnússon stud. med., 24 ára að aldri, kveðst hafa komið að suðurdyrunum á Hótel Borg margnefnda nótt og þá séð, hvar A. B-son sat eins og á hækjum sér, en lögregluþjónn staðið yfir honum með reidda kylfu og slegið til hans. Hafi A. B-son þá náð taki á kylfunni, reist sig upp og sleppt síðan kylfunni, en við það hafi lögregluþjónninn nærri fallið aftur yfir sig. Í þessum svifum hafi dyravörður komið að og tekið A. B-son haustaki aftan frá, en lögregluþjónninn snúið upp á hægri handlegg hans aftur fyrir bak. Einnig hafi annar lögregluþjónn komið að og snúið á sama máta upp á vinstri handlegg A. B-sonar. Síðan hafi lögregluþjónarnir leitt hann þannig á lögreglustöðina, en þó hert á tökunum, svo að hann fór í kuðung.

A. B-son segir, að hann hafi aldrei verið leiddur fyrir varðstjóra. Hann hafi dvalizt lengi á lögreglustöðinni og spurt stöðvarmanninn, sem var einn inni í afgreiðsluherberginu, margoft að því, hvort hann fengi ekki að ná tali af varðstjóranum. Hafi honum í fyrstu verið sagt, að varðstjórinn væri ekki við, en síðar hafi sér ekki verið svarað. Er A. B-son hafði beðið nokkra stund á lögreglustöðinni, kveðst hann ekki hafa talið ástæðu til að dveljast þar lengur, boðið góða nótt og gengið út, og hugðist halda heim til sín. En þegar hann var kominn á móts við pósthúsið, hafi tveir lögregluþjónar komið á aftir honum, kallað í hann og hann svo fylgzt með þeim inn í varðstjóraherbergi lögreglustöðvarinnar, þar sem hann hafi beðið alllengi, en farið svo fram í afgreiðsluherbergið. Hafi þá tveir einkennisklæddir lögregluþjónar beðið hann að fylgjast með

þeim. Var hann fús til þess og segist hafa gengið á undan þeim að útgöngudyrunum, en þá hafi annar lögregluþjónninn tekið lítillega í aðra jakkaermi hans og sagt honum „að koma hérna megin", og opnað hurð niður í kjallarann. Þegar niður í kjallaraganginn var komið, hafi annar hvor lögregluþjónninn sagt honum að fara úr frakka, en hann neitað því, enda hafi honum verið ljóst, að það átti að færa hann í varðhald, og því krafizt þess á ný að fá að tala við varðstjóra. Hingað til kveðst A. B-son ekki hafa séð nema lögreglumennina tvo, en nú hafi hann heyrt í þriðja manninum, óeinkennisklæddum, sem síðar hafi reynzt vera fangavörðurinn. Hafi hann sagt við lögregluþjónana „lemjið þið helvítis þrjótinn". Telur A. B-son, að fangavörðurinn hafi komið á eftir þeim niður í kjallarann, enda hafi hann séð hann fyrir aftan lögregluþjónana. Kveðst A. B-son nú hafa gengið í suðvesturhorn kjallaragangsins og hafi snúið baki að vegg, en lögregluþjónar gengið að honum. Hafi hann þá gripið höndum fyrir framan brjóst, til að verjast því að verða færður úr yfirhöfn. Hafi lögregluþjónarnir þá tekið í sinn hvorn handlegg hans, snúið upp á þá aftur fyrir bak, en hann þá snúið baki að þeim, skáhallt að útgöngudyrunum, eins og sést á réttarskjölum nr. 13—14. Kveðst hann nú hafa verið hálfboginn með hendur fyrir aftan bak og eigi séð hvað þar gerðist, en þar voru lögregluþjónarnir og fangavörðurinn. Allt í einu segist hann hafa fengið högg neðan hægra eyra upp á hægra kinnbein, og telur hann höggið hafa verið greitt sér með gúmmíkylfu.

Segist hann strax hafa orðið „vankaður", hálfringlaður af högginu, og sé honum því ekki alveg ljóst, hvernig hann var barinn eftir þetta, en hann féll á gólfið og rankaði ekki við sér aftur fyrr en búið var að færa hann úr jakka og frakka, en vissi þó til að hálslín var tekið af honum, belti og skór. Meðan þessu fór fram, kveðst hann hafa setið á gólfinu. Hann segist þó hafa orðið þess var, að hann hafi verið barinn með kylfu yfir bringspalir og kvið. Ekki kveður hann sér vera ljóst, hvernig hann hafi fengið högg á scrotum, og ekki orðið var við meiðsli þar fyrr en hann var kominn inn í fangaklefann, en þangað hafi fangavörðurinn og annar lögregluþjóninn stutt hann. Kveður hann sér ekki hafa verið fært vatn í klefann fyrr en kl. 7 um morguninn.

Ákærði Jóhannes Ólafsson lögregluþjónn, Höfðaborg 79, en hann var einn þeirra manna, sem færði A. B-son í fangaklefa, hefur skýrt svo frá, að hann hafi heyrt Matthías Sveinbjörnsson varðstjóra yfirheyra A. B-son í afgreiðsluherbergi lögregluvarðstofunnar og gefa fyrirskipun um að færa hann í fangaklefa.

Í réttarhaldi 14. október 1944 kveðst hann hafa heyrt Þórarinn Hallgrímsson stöðvarmann spyrja A. B-son að heiti. Segist ákærði Jóhannes að öllu leyti muna betur eftir málsatvikum eins og meðákærði í réttarhöldunum 1945 en hann gerði í réttarhöldunum 1944, því að hann hafi lagt þetta niður fyrir sér og reynt að muna betur

einstök atriði. Kveðst ákærði Jóhannes hafa dvalizt allan tímann inni í afgreiðsluherbergi lögregluvarðstofunnar frá því komið var með A. B-son þangað og þar til hann var fluttur í fangaklefann og hafi eigi liðið meira en 10 mínútur þar á milli. Hann kveðst ekki hafa orðið var við, að A. B-son gengi út af lögregluvarðstofunni eða gengi inn í herbergi varðstjóra. Þá kveður kærði Jóhannes, að A. B-syni hafi ekki verið hrint á bekkinn í afgreiðsluherberginu, heldur hafi honum verið ýtt niður á hann. Kveður ákærði Jóhannes A. B-son lítillega hafa sýnt mótþróa í afgreiðsluherberginu, en verulega, er komið var niður í kjallarann. Ekki kveðst ákærði Jóhannes muna, hvort hann hafi gengið á undan A. B-syni eða á eftir honum niður kjallaraganginn. En er þangað var komið, hafi meðákærði Jón ætlað að færa A. B-son úr jakka og taka lausamuni úr fötum hans. Þessu hafi A. B-son mótmælt og veitt þá meiri mótspyrnu en áður, svo að þeir lögregluþjónarnir hafi snúið upp á hendur hans og keyrt þær aftur fyrir bak. Við þetta hafi A. B-son setzt á gólfið, en þeir lögregluþjónarnir sleppt tökunum. Hafi nú meðákærði Jón skipað A. B-syni að standa upp, sparkað þrisvar til fjórum sinnum aftan í hægri lend hans og sagt við þá lögregluþjónana „berjið þið helvítis þrjótinn" eða eitthvað á þá leið. Þeir lögregluþjónarnir hafi þó ekki orðið við þessum tilmælum, en sett A. B-son inn í fangaklefann, er hann hafði verið færður úr jakkanum, og eigi hafi þurft að styðja hann þangað. Ekki kveður ákærði Jóhannes að A. B-son hafi fallið í öngvit og ekki var hægt að sjá á honum nokkra áverka. Er A. B-son sat á gólfinu og færa átti hann úr yfirhöfn, kveður ákærði Jóhannes meðákærða Snorra Laxdal hafa staðið beint fyrir aftan A. B-son, meðákærða Jón til hægri handar við Snorra, en sjálfur kveðst hann hafa verið til vinstri við hann ,eins og sýnt er á réttarskjali nr. 18. Þá segir hann þá lögregluþjónana hafa farið á undan meðákærða Jóni upp úr kjallaranum, en hve lengi hann dvaldist þar, kveðst ákærði Jóhannes eigi vita. Ákærði Jóhannes hefur eindregið neitað því, að hann hafi gripið til kylfu sinnar, sem var úr tré, í viðskiptunum við A. B-son, og fullyrðir það sama um meðákærða Snorra Laxdal. Hann segist ekki heldur hafa séð fangavörðinn berja eða sparka í A. B-son, nema í hægri lend hans, eins og fyrr greinir. Ákærði Snorri Laxdal Karlsson, Njálsgötu 102, kveðst hafa, ásamt meðákærða Jóhannesi og Jóni, fært A. B-son í fangageymsluna samkvæmt skipun varðstjórans, Matthíasar Sveinbjörnssonar. Hann kveðst ekki minnast þess, að A. B-son hafi stimpazt við fyrr en færa átti hann úr yfirhöfn í kjallaraganginum. Kveður hann sig minna, að meðákærðu Jón og Jóhannes hafi verið lagðir af stað með A. B-son niður í kjallara, er honum var einnig skipað færa hann þangað. Segir hann þá lögregluþjónana hafa leitt A. B-son á milli sín, en hvort meðákærði Jón hafi gengið á undan þeim eða eftir, man hann ekki. Er færa hafi átt A. B-son úr yfirhöfn, hafi hann stimpazt á móti, svo að þeir lögregluþjónarnir hafi keyrt hendur hans aftur

fyrir bak, svo að hann settist á gólfið, en meðákærðu Jóhannes og Jón hafi fært hann úr jakkanum. Ákærði Snorri Laxdal hefur eindregið neitað því að hafa barið eða sparkað í A. B-son og segist ekki heldur hafa séð meðákærða gera það. Segist hann hafa heyrt meðákærða Jón hafa orð á því, hvort „ekki væri hægt að láta helvitis manninn hlýða" og „réttast væri að berja þessa djöfla", en hvort það hafi verið í þetta skipti, er hann ekki viss um. Minnir hann að fangavörðurinn, meðákærði Jón, hafi farið til þess að opna dyrnar að fangaklefanum, er A. B-son neitaði að fara úr jakkanum, og þeir lögregluþjónarnir sneru svo upp á hendur hans, að hann settist á gólfið. Hafi svo meðákærði Jón komið til baka og fært hann úr yfirhöfn. Ákærði Snorri segir A. B-son hafa setið þannig á kjallaragólfinu, að fætur hans hafi snúið í norður inn ganginn. Minnir hann, að hann hafi staðið vinstra megin við A. B-son, en meðákærði Jóhannes hægra megin við hann, eins og sýnt er á réttarskjali nr. 17. Hann kveður A. B-son ekki hafa fallið í öngvit, og segist ekki muna, hver hafi fært hann inn í fangaklefann, en minnir, að þeir allir þrír ákærðu hafi verið samferða upp úr kjallaranum.

Ákærði Jón Gizurarson, Skúlagötu 52, kveður A. B-son hafa verið fluttan í fangageymslu samkvæmt skipun varðstjórans. Kveðst hann ásamt meðákærða Jóhannesi hafa verið lagður af stað með A. B-son niður í kjallara, er meðákærði Snorri kom að þeim, en þeir lögregluþjónarnir hefðu síðan leitt A. B-son niður, en sjálfur hafi hann opnað hurðina að ganginum, sem liggur að fangaklefanum, en þar hafi A. B-son hent sér í gólfið, verið mjög óstýrilátur og stimpazt gegn lögregluþjónunum. Ekki kveðst ákærði Jón hafa séð lögregluþjónana snúa upp á hendur A. B-sonar, en er hann hafi komið frá því að opna klefadyrnar, hafi A. B-son setið á gólfinu, en lögregluþjónarnir haldið í hendur hans eða axlir, en ekki kveður ákærði Jón hann hafa fallið í öngvit. Hafi A. B-son síðan verið færður úr yfirhöfn og tekið af honum belti. Minnir ákærða, að lögregluþjónarnir hafi sett A. B-son í klefann, en hann sjálfur sótt vatn handa A. B-syni. Þá segist hann hafa dvalizt einhverja stund í kjallaranum eftir að lögregluþjónarnir voru farnir þaðan og átt þá einhver orðaskipti við A. B-son. Ákærði Jón neitar því eindregið að hafa barið eða sparkað í A. B-son og segist ekki heldur hafa séð meðákærða gera það. Hann neitar því eindregið að hafa hvatt lögregluþjónana til að berja A. B-son, en segir það geta vel verið, að hann hafi spurt lögregluþjónana, hvort ekki væri hægt að láta manninn hlýða. Þá segir hann, að stimpingar hafi verið milli A. B-sonar og einhverra lögregluþjóna í afgreiðslusal lögregluvarðstofunnar og hafi A. B-syni verið hrint á eða látinn setjast á bekk þar. Ákærði Jón segist ekki hafa séð nokkurn áverka á A. B-syni, enda hafi hann ekki kvartað um nokkur meiðsli, og kveður A. B-son það rétt vera.

Matthías Sveinbjörnsson lögregluvarðstjóri, Bergþórugötu 31, er gegndi varðstjórastörfum aðfaranótt sunnudagsins 30. apríl 1944,

hefur skýrt svo frá, að hann muni ekki eftir því, að komið væri með A. B-son á lögreglustöðina, en þó er eins og hann minni, að Ingólfur Sveinsson lögregluþjónn hafi skýrt honum frá handtökunni. Telur hann alveg víst, að hann hafi úrskurðað A. B-son í varðhald, enda sé enginn settur í varðhald á lögreglustöðinni, nema varðstjóri eða staðgengill hans úrskurði það. Þá segir hann, að fyrir geti komið, að varðstjóri sjái ekki eða tali ekki við menn þá, er settir eru í varðhald, og sé þá eingöngu byggt á skýrslu lögregluþjóna. Komi þetta sértaklega fyrir, þegar um menn er að ræða, sem eru dauðadrukknir eða erfitt er að tala við.

Þórarinn Hallgrímsson lögregluþjónn, Káranesbraut 18, sem var stöðvarmaður á lögreglustöðinni aðfaranótt 30. apríl 1944, en stöðvarmaður svarar í síma, heldur dagbók lögreglunnar og situr óeinkennisklæddur fyrir innan afgreiðsluborð lögregluvarðstofunnar, kveðst ekki minnast þess, að komið hafi verið með A. B-son á lögreglustöðina. Hann segist ekki minnast þess, að nokkur maður hafi beðið um sárabindi þessa nótt eða nokkuð sérstakt hafi þá borið við.

III.

A. B-son kveðst hafa fengið eftirfarandi áverka af höggum þeim, er hann var barinn í kjallara lögreglustöðvarinnar, auk áverkans á baugfingri hægri handar, en út frá honum hafi grafið í 10 daga.

1) Kylfufar frá hægra kinnbeini niður kjálkabeinið og aftur hálsinn neðan hægra eyra.
2) Tvö kylfuhögg yfir bringspalir og kvið.
3) Högg á hægra eista.
4) Högg (sennilega skófar) neðan hægra hnés.
5) Kylfuhögg þvert yfir hægri kálfa ofan hásinar.

Alla áverka þessa kveður hann hafa reynzt meinlitla, nema áverkann á hægra eista og neðan hægra hnés.

Hann kveðst hafa hallað sér út af á bekk í fangaklefanum, er hann hafði verið látinn þar inn. Segist hann hafa verið mjög máttlaus og fundið til nokkurs sársauka í hægra testis. Þjáningar kveður hann ekki hafa verið mjög miklar, en þó svo, að hann gat ekki sofið. Frá lögrglustöðinni segist hann hafa gengið áleiðis heim til sín morguninn 30. apríl 1944, upp Bankastræti og Skólavörðustíg. Hafi hann þá verið hálfhaltur á hægra fæti, en efst í Bankastræti byrjað að finna til sárs verkjar í scrotum og þá átt mjög erfitt með gang. sérstaklega upp stigann í húsinu Mímisvegi 2, en þar bjó hann á þriðju hæð ásamt Bergi Sigurbjörnssyni verzlunarmanni. Einnig bjó systir hans, María Ásgeirsdóttir, á sömu hæð, en inn til hennar fór hann strax og sagði henni það, sem skeð hafði. Segist hann svo hafa farið inn í íbúð sína og skoðað áverkann á scrotum og sýnt Bergi herbergisfélaga sínum þann áverka sem aðra. Kveður A. B-son

scrotum hafa verið mjög stóran og þrútinn. Ekki hafi fundizt fyrir testis, en í þess stað hafi verið egglöguð kúla, hörð og spennt á stærð við álftaregg eða stærri. Eftir þetta kveðst hann hafa sofið í 3 til 4 tíma, en þá vaknað og verið með miklar þrautir í scrotum og sára stingi í testis, þótt hann hefði tekið inn deyfilyf. Þriðjudaginn 2. maí kveðst hann hafa farið á fætur til að mæta fyrir rétti og vitja læknis síns, Péturs Jakobssonar.

Fram undir miðjan maímánuð hafi hann svo haldið kyrru fyrir, nema þegar hann mætti fyrir rétti 4. og 8. maí. Um miðjan þann mánuð kveðst hann svo hafa leitað læknis síns að nýju, og hafi scrotum þá verið „punkteraður". Eftir þetta kveður hann sér hafa versnað mjög og þurft að liggja með bakstra fram til 14. júní, en systir hans hafi hjúkrað honum. Um sumarið kveðst hann svo hafa dvalizt vestur á Önundarfirði fram í októberbyrjun, er hann kom aftur til bæjarins. Er hann dvaldist fyrir vestan, segir hann heilsu sína hafa veri mjög slæma, og í septembermánuði hafi hann enn tekið eftir því, að scrotum tók að vaxa. 19. október var hann svo lagður inn á Landakotsspítalann til uppskurðar, og skar Matthías Einarsson yfirlæknir hann upp daginn eftir og svo aftur 13 til 14 dögum síðar. Loks var hann svo enn skorinn upp 13. nóvember og testis tekið burtu.

Spítalavist sinni lýsir A. B-son sem „heljar kvöl", bæði líkamlegri sem andlegri, enda léttist hann um 35 pund á 40 dögum, og hann hafi ekki geta gengið óstuddur fyrst eftir að hann mátti hafa ferilvist. Í sjúkdómslýsingu sinni frá 8. des. 1945 segist hann ekki vera búinn að ná sér og enn hafa þrautir.

Vegna áverkans neðan hægra hnés segir hann í sjúkdómslýsingunni, að hann hafi oft fundið til verkjar í hnéliðnum um vorið og sumarið. Einnig hafi hann haft nokkra verki í hnénu dagana, sem hann fór fyrst á fætur á Landakotsspítalanum, og hafi verið teknar röntgenmyndir af hnénu, en ekkert athugavert sézt við það. Þó hafi hann nokkrum sinnum síðar fundið til verkjar í því og þá allajafnan verið haltur á hægra fæti.

María Ásgeirsdóttir, systir A. B-sonar, sem er útlærð hjúkrunarkona, hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekki kennt sér neins meins meðan hann bjó á Mímisvegi 2 fyrr en sunnudagsmorguninn 30. apríl 1944, en þá um morguninn kl. 11½ hefði hann komið heim og lagzt strax rúmfastur. Kveður hún hann hafa verið með mikinn áverka á hægra gagnauga niður á kinn. Allt útlit hans hafi borið þess greinileg merki, að hann hafi orðið fyrir miklu áfalli, hann verið fölur og máttlaus, og átt bágt með að hreyfa sig. Segir hún ,að hann hafi legið rúmfastur um sex vikna skeið, að undanskildum dögum þeim, er hann mætti fyrir rétti. Hún kveðst allan þennan tíma hafa hjúkrað A. B-syni, séð alla áverka hans og útbúið bakstra til að setja við scrotum, en miklar blæðingar hafi verið þar. Þá segist hún hafa dvalizt með honum sumarið 1944 vestur á Önundarfirði. Hafi hann

allan þann tíma verið veikur og mátt sjá, að hann hafði þrautir, enda kveinkaði hann sér oft.

Bergur Sigurbjörnsson, herbergisfélagi A. B-sonar, hefur skýrt svo frá, að þeir félagarnir hafi farið í bað saman föstudagskvöldið 28. apríl 1944 og hafi hann þá ekki getað séð neina áverka á A. B-syni eða nokkuð óvanalegt við eistu hans. Sunnudagsmorguninn 30. apríl s. á. hafi A. B-son komið heim um klukkan 11½ f. h. og hafi hann þá verið greinilega mjög veikur og þjáðst mikið, svo að gefa varð honum inn morfín, til að lina kvalirnar. Kveðst Bergur hafa séð alla áverka A. B-sonar og hafi scrotum verið bólginn, á stærð við mannshnefa. Síðar hafi scrotum verið miklu stærri og mjög bólginn, en A. B-son hafi orðið að liggja rúmfastur í sex vikur, og farið svo um sumarið vestur í Önundarfjörð.

Þann 22. september 1944 gaf Pétur H. J. Jakobsson læknir eftirfarandi vottorð um áverka A. B-sonar:

„Hér með vottast, að ..... A. B-son ..... vegi .... Reykjavík, kom til undirritaðs þann 2. maí 1944, og var þá hægri helmingur pungsins (scrotum) helblár og hægra eista hart, spennt og mjög aumt, á stærð við álftaregg. Augsýnilega hafði blætt í það eftir mikið högg. Auk þessa áverka var rifið upp í kviku ½ cm svæði á 4. fingri hægri handar, lófastórt gulgrænt mar á innanverðu hægra hné neðan til, en hægra gagnaugabeini gómstór, blárauður blettur.

Þann 15/5 var eistað enn á stærð við gæsaregg, en ekki eins spennt, hafði sjúklingurinn þá legið fram að þeim tíma."

Matthías Einarsson yfirlæknir hefur þann 5. febr. 1945 gefið eftirfarandi vottorð:

„.... A. B-son lagðist á St. Jósefsspítala í Reykjavík þ. 19/20 '44 til aðgerða vegna bólgu í hægra eista. Kvað hann bólgu þessa stafa af höggi ,er hann fékk á eistað þann 30/4 1944. Eistað sagði hann að hefði bólgnað upp þá þegar eftir höggið, en bólgan þó aukizt nokkuð upp á síðkastið.

Þ. 19/10 '44 er að finna á pungnum (scrotum) nokkuð vatn (Hydrocele) hægra megin, og eistað sjálft virðist á við gæsaregg. Við operation þ. 20/10 '44 var eistað opnað, rann þá úr því mikið af blóðlituðum (sanguinolent) vökva og sundurmörðum testisvef, minnkaði ummál eistans við það um helming. Var það saumað saman aftur. Við rannsókn á vefjartægjum þeim, sem runnið höfðu út, reyndist þetta vera Seminoma malignum (Rannsóknarstofa háskólans, próf. Dungal) þ. e. illkynjuð meinsemd, sem einatt orsakast af meiðsli. Var þá ekki annað að gera en að taka eistað alveg burtu — enda hafði þá stækkað á ný — og var því þ. 13/11 '44 gerð Allatio testis dx.

A. B-son fór af spítalanum þ. 20/11 '44."

IV.

Gegn eindregnum mótmælum hinna ákærðu er ekki sannað, að nokkur þeirra hafi barið A. B-son í kjallara lögreglustöðv-

arinnar aðfaranótt sunnudagsins 30. apríl 1944 eða á annan hátt veitt honum áverka þá, er hann kveður sig hafa hlotið þar. Ber því að sýkna alla hina ákærðu af ákæru réttvísinnar fyrir brot gegn 23. kafla almenra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Ekki verður hinum ákærðu heldur gefin að sök fangelsun, enda ekki annað upplýst, en þeir hafi þar farið eftir skipun yfirboðara síns, lögregluvarðstjórans Matthíasar Sveinbjörnssonar. Aftur á móti er sannað með framburðum A. B-sonar og ákærðu, Jóhannesar Ólafssonar og Snorra Laxdals Karlssonar, að meðákærði Jón Gizurarson hafi hvatt ákærðu, Jóhannes og Snorra, til að berja A. B-son, og viðhaft óviðurkvæmileg orð um handtekna menn. Þessi háttsemi ákærða Jóns Gizurarsonar varðar við 132. gr. hegningarlaganna.

Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærðu Jóhannes Ólafsson og Snorra Laxdal Karlsson af kærum réttvísinnar í máli þessu, en dæma meðákærða Jón Gizurarson til að greiða 500 kr. sekt til ríkissjóðs, er afplánist með varðhaldi í 20 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða Jón Gizurarson ber einnig að dæma til að greiða ⅓ hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, hrl. Ragnars Ólafssonar, kr. 500.00. Allur annar sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjanda ákærðu, Jóhannesar Ólafssonar og Snorra Laxdals Karlssonar, hæstaréttarlögmannanna Einars Baldvins Guðmundssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 500.00 til hvors.

Skipaðir verjendur ákærðu Snorra Laxdals Karlssonar og Jóns Gizurarsonar, hæstaréttarlögmennirnir Ólafur Þorgrímsson og Ragnar Ólafsson, hafa farið þess á leit, að framhaldsrannsókn yrði haldin í máli þessu til að reyna að upplýsa, hvað farið hafi á milli hinna ákærðu og lögreglustjórans í Reykjavík um það leyti, sem lögreglustjórinn skrifaði bréf sitt 4. desember s. l. og beiddist þess, að réttarrannsókn yrði hafin að nýju. Ekki hefur verið talin ástæða til að sinna þessari kröfu, þar eð ekki verður séð, að þetta atriði geti upplýst nánara um skipti ákærðu og A. B-sonar.

Dráttur sá, sem orðið hefur á rekstri máls þessa, stafar af því að skipa varð ákærða Jóhannesi Ólafssyni annan verjanda en hann í fyrstu hafði óskað eftir, og svo varð alllangur dráttur á því, að hrl. Ólafur Þorgrímsson lyki við vörn sína.

Rekstur málsins hefur því verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði Jón Gizurarson greiði 500 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með varðhaldi í 20 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu, Jóhannes Ólafsson og Snorri Laxdal Karlsson, skulu vera sýknir af ákærum réttvísinnar í máli þessu.

Ákærði Jón Gizurarson greiði ⅓ hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, hrl. Ragnars Ólafssonar, kr. 500.00. Allur annar kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu, Jóhannesar Ólafssonar og Snorra Laxdals Karlsonar, hæstaréttarlögmannanna Einars Baldvins Guðmundssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 500 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. nóvember 1948.

Nr. 116/1948. **Valdstjórnin** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Alfred Samuel Evans (Hrl. Lárus Fjeldsted).

Fiskveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur markað á sjóuppdrátt stað togara kærða í landhelgi, og reyndist hann vera rúmlega 0.6 sjómílu innan landhelgilínu. Samkvæmt þessu og þar sem gullgildi íslenzkrar krónu er óbreytt frá því, sem greinir í héraðsdómi, þykir með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti bera að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 900 krónur til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að héraðsdómari hefur ekki látið dómtúlk þann, er var viðstaddur þinghöld í málinu og ekki hafði löggildingu til þess starfa, vinna heit fyrir dóminum áður en hann hóf starfið. Einnig eru próf málsins ærið ófullkomin, en úr því hefur þó verið bætt að nokkru eftir uppkvaðningu héraðsdóms að tilhlutan sækjanda í hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði Alfred Samuel Evans greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Lárusar Fjeldsteds, 900 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Siglufjarðar 9. ágúst 1948.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Alfred Samuel Evans, skipstjóra á British G.Y. 249 frá Grimsby, fyrir brot gegn lögum nr. 5 frá 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum. Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 8. maí 1888.

Hann hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum hér á landi:

1921 ¼ Sekt, £12—0—0 fyrir ólöglegan umbúnað veiðarfæra í landhelgi.

1940 $^{2}\%_{12}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 19 500 kr. sekt fyrir brot á landhelgislögum.

1942 $^{1}\frac{1}{4}$ Aðvörun fyrir brot á 12. gr. 2. mgr. tolllaga nr. 63 frá 1937.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Ægi eru málavextir þessir:

Aðfaranótt 8. þ. m. var varðskipið við eftirlit milli Skála og Langaness og lét reka. Kl. 3.30 sást togari, er virtist vera að veiðum á landhelgissvæðinu, og var þegar haldið í áttina til hans. Kl. 3.35 var sett upp stöðvunarmerki og kl. 3.37 var stöðvað í kjölvatni togarans og sett út dufl. Stöðvaði togarinn þá þegar, og reyndist hann vera togarinn British. Hafði hann verið að toga með bakborðsvörpu sinni, en byrjaði nú að vinda hana inn. Var settur út bátur varðskipsins og kærði sóttur. Var honum bent á, að hann væri að veiða í landhelgi, og synjaði hann ekki fyrir það, en hafði verið sofandi.

Vegna þess að skuggsýnt var, frestuðu menn fullnaðarmælingu, settu úr vegmæli og sigldu beint að landi. Vegmælir sýndi 28.3 við duflið, en fast við land 30.6, og gaf sömu vegalengd til baka að duflinu aftur kl. 4.55, er gerð var þessi staðarákvörðun:

Gunnólfsvíkurfjall
> 45° 37′
Skálar (bærinn)
> 91° 30′
Langanesviti

og dýpi mælt 55 metrar, er gefur stað 0.7 sjómílur innan landhelgislínu. Staðurinn var mældur í viðurvist kærða og stýrimanns togarans og markaður á sjóuppdrátt og sýndur þeim, og vefengdu þeir ekki mælingarnar.

Skipherra varðskipsins taldi vissu fengna um, að hér var um landhelgisveiðar að ræða, enda viðurkenndi kærði, að svo væri. Kærði og stýrimaðurinn voru fluttir aftur í togarann svo og tveir varðmenn af varðskipinu, og eftir ósk kærða var siglt til Siglufjarðar.

Kærði hefur hér fyrir réttinum viðurkennt framangreinda skýrslu. Hann hefur skýrt svo frá, að verknaður þessi hafi þó verið framinn án síns vilja og vitundar. Áður en hann lagðist til svefns, hafi hann skipað stýrimanninum svo fyrir, að toga kring um dufl, er skipið átti um tvær sjómílur utan landhelgi, og að fara ekki grynnra en á 40—50 faðma dýpi.

Réttinum hefur ekki þótt þörf að sannreyna þessar staðhæfingar kærða, enda þykir ekki unnt að telja þær leysa hann undan ábyrgð í þessu máli, þótt sannar væru.

Samkvæmt málavöxtum þeim, sem nú hefur lýst verið, þykir kærði hafa gerzt brotlegur við 1., sbr. 3. gr. laga nr. 5 frá 1920, og þykir refsing hans, með hliðsjón af gullgildi íslenzkrar krónu, sbr. lög nr. 4 frá 1924, hæfilega ákveðin kr. 40 000.00 sekt til landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans British G.Y. 249, skulu upptæk gerr og andvirði þeirra renna í sama sjóð. Dómkvaddir matsmenn hafa metið hvorttveggja til peninga, aflann á kr. 13 000.00 og veiðarfæri á kr. 16 705.00. Loks ber að dæma kærða til greiðslu alls sakarkostnaðar. Hins vegar þykir hér ekki efni til þess að beita refsiákvæðum 5. gr. laga nr. 5 frá 1920, þar eð dómur sá, er fyrr greinir, frá 20. desember 1940, hefur ekki ítrekunarverkun, sbr. 71. gr. almennra hegningalaga nr. 19 frá 1940.

Bjarni Bjarnason bæjarfógeti kvað upp dóm þenna. Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði Alfred Samuel Evans greiði kr. 40 000.00 sekt til landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 8 mánuðir í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans British G.Y. 249, skulu upptæk vera til sama sjóðs.

Kærði greiði allan sakarkostnað.
Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. nóvember 1948.

Nr. 41/1948. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Lárus Fjeldsted)
gegn
Sveinbirni Þórhallssyni
(Hrl. Ragnar Jónsson).

Brot gegn bifreiða- og umferðarlögum. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Telja verður, að ákærði hafi með óhæfilega hröðum akstri og ónógri aðgæzlu við aksturinn að öðru leyti orðið valdur að dauða barns þess, er í málinu greinir. Hefur ákærði því brotið lagaákvæði þau, sem til er vitnað í héraðsdómi, og auk þess 2. og 4. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941. Þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu, sviptingu ökuréttinda svo og málskostnað.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 500 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Sveinbjörn Þórhallsson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Fjeldsteds og Ragnars Jónssonar, 500 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 10. marz 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 10. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Þórði Björnssyni, settum

sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 1192/1948: Réttvísin og valdstjórnin gegn Sveinbirni Þórhallssyni, sem tekið var til dóms hinn 18. f. m.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sveinbirni Þórhallssyni flugvélavirkja, Hringbraut 173 hér í bæ, til refsingar, greiðslu sakarkostnaðar og sviptingar bifreiðastjóraréttinda fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 30. ágúst 1922 á Akureyri, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu fyrr, svo kunnugt sé.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Um klukkan 17 sunnudaginn 2. nóvember s. l. ók ákærði, sem var að öllu leyti vel fyrirkallaður, bifreiðinni R 6002 í ágætu veðri vestur Nesveg, en hann var í skemmtiferð ásamt eiginkonu sinni, foreldrum og systur. Veður var mjög gott, þurrt, bjart yfir, en nokkuð rökkvað. Á móts við húsið Bjarg við nefndan veg varð telpan Guðfinna Theodóra Hjálmarsdóttir, Vegamótum á Seltjarnarnesi, fædd 3. júní 1940, fyrir bifreiðinni, og beið litlu síðar bana af. Á slysstaðnum og í námunda við hann var vegurinn sléttur, malborinn og harður, en rafmagnslýsing slæm. Bifreiðin, sem nú hefur skrásetningarmerkið R 6009, reyndist við skoðun í fullkomnu lagi, enda var hún ný, af Chevrolet gerð, smíðaár 1947.

Ákærði skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi ekið á um 30 til 35 mílna hraða, miðað við klukkustund, vestur Nesveg, enda kveðst hann aldrei hafa ekið bifreiðinni hraðar, þar eð hún var alveg ný. Hafði ákærði logandi lægri ljós hennar, enda var farið að rökkva, og segist hafa ekið vel vinstra megin á akbrautinni. Rétt áður en slysið varð, kallaði systir hans, sem sat í aftursæti bifreiðarinnar, nokkuð snöggt upp eitthvað á þá leið: „Nei, sjáið þið tunglið.“ Varð þetta til þess, að kærði leit skyndilega út um hægri framrúðu bifreiðarinnar, en hún er tvískipt, og kveðst jafnframt hafa dregið úr hraða bifreiðarinnar með því að hemla, en þó ekki svo fast, að hjólin drægjust. Á sama augnabliki, sem hann horfði út um hægri framrúðuna, kveðst hann hafa komið auga á telpuna fyrir framan bifreiðina í hægri ljósgeislanum þar, en hve langt hún var frá bifreiðinni, getur hann ekki sagt um. Er hann kom auga á telpuna, kveðst hann hafa fasthemlað, beygt lítið eitt til vinstri, og síðan ósjálfrátt lítið eitt til hægri, er hann fann að telpan lenti á bifreiðinni, vinstra framaurbretti hennar og vinstra ljóskeri, en við áreksturinn brotnaði gler þess og aurbrettið dældaðist lítið eitt, en bifeiðina kveður hann ekki hafa runnið meira en um einn meter eftir að hann fasthemlaði. Ákærði kveður telpuna hafa verið á hlaupum, er hann kom fyrst auga á hana, og telur hana hafa hlaupið beint, en ekki skáhalt út á akbrautina. Ekki segir hann

nokkra umferð hafa verið í námunda við slysstaðinn, er slysið varð, og hann kveðst vera viss um, að hjól bifreiðarinnar hafi ekki farið yfir telpuna, en telur, að hún hafi eins og setzt á framvara bifreiðarinnar og svo kastazt af honum niður í skurð sunnan vegarins, er hann snögghemlaði.

Strax og slysið var orðið, hringdi ákærði eftir sjúkrabifreið og á lögreglustöðina og skýrði frá slysinu. Af slysstaðnum var gerður uppdráttur og myndir teknar, er lagðar hafa verið fram í máli þessu.

Vitnið Golda Helen Þórhallsson, eiginkona ákærða, sem sat við hægri hlið hans, er slysið varð, skýrir svo frá, að það viti ekki, hve hratt ákærði hafi ekið vestur Nesveg, en telur þó, að hann hafi ekið hraðar en á venjulegum innanbæjarakstri, þar til rétt áður en slysið varð, enda hafi hann þá dregið úr hraða bifreiðarinnar, er mágkona þess sagði eitthvað, sem vitnið vissi ekki þá hvað var. Í þessum svifum segist það hafa heyrt eitthvað koma við bifreiðina, en hvað þar var, vissi vitnið ekki þá, og jafnframt hafi ákærði snarstöðvað bifreiðina, enda hafi hann einnig hemlað með handhemlinum, en það segir ákærði rangt vera, heldur hafi hann tekið í handhemilinn, er bifreiðin var stöðvuð. Ekki tók vitni þetta frekar en önnur vitni, er í bifreiðinni voru, eftir því, að nokkur götulýsing væri í námunda við slysstaðinn. Er vitnið Golda Helen kom út úr bifreiðinni, sá það hvar telpan lá í skurðinum sunnan vegarins, og gekk til hennar. Kveður það hana hafa verið með lífsmarki, hjartsláttur þó mjög veikur og enginn púls.

Vitnið Guðríður Þórhallsdóttir, systir ákærða, sem sat í aftursæti bifriðarinnar fyrir miðju, kveðst ekki hafa veitt akstrinum nokkra athygli, en telur þó, að ákærði hefði ekki ekið hraðar en bifreiðum er almennt ekið hér í bænum. Rétt áður en slysið varð, kveðst það hafa sagt mágkonu sinni að líta til tunglsins, en á það horfði vitnið, og tók því ekki eftir hvort dregið væri úr hraða bifreiðarinnar. Litlu eftir að vitnið sagði mágkonu sinni að líta til tunglsins, heyrði það brothljóð, og segir bifreiðina þá hafa verið stöðvaða mjög snöggt. Það sá ekki telpuna, sem fyrir slysinu varð, fyrr en það var orðið, en er það kom út úr bifreiðinni, tók það eftir barnsskó á veginum fyrir aftan hana. Tók það hann upp og ætlaði að færa hann fólki, er statt var hjá nálægu húsi, en það hélt í fyrstu, að barn hefði misst hann á hlaupum yfir veginn. Síðar sá það telpuna liggjandi í skurðinum.

Vitnin, foreldrar ákærða, Þórhallur Bjarnason prentari, Hringbraut 173, er sat vinstra megin í aftursæti bifreiðarinnar, og Jónína Eyþóra Guðmundsdóttir, er sat hægra megin í aftursæti bifreiðarinnar, sáu hvorugt telpuna áður en slysið varð, né hvernig það atvikaðist. Kveðst Þórhallur hafa veitt því athygli, að um það leyti, sem dóttir sín hafði orð á tunglinu, hafi verið dregið úr hraða bifreiðarinnar, og rétt þar á eftir hafi hann heyrt smell, eins og eitthvað kæmi við bifreiðina, og í því hafi hún verið snarstöðvuð, en

ekki varð hann var við að hjól bifreiðarinnar færu yfir nokkura mishæð. Vitnið Jónína Eyþóra kveður ákærða hafa stöðvað bifreiðina mjög snöggt og farið út úr henni. Fannst því eins og bifreiðin hefði rekizt á einhverja mishæð, en ekki varð það vart við brothljóð.

Vitnið Kristín Guðrún Valdimarsdóttur húsfrú, til heimilis að Elliða á Seltjarnarnesi, skýrir svo frá, að það hafi verið við glugga í íbúð sinni, er slysið varð, og verið að bíða eftir eiginmanni sínum. Sá það bæði til ferða bifreiðarinnar og telpunnar, þar sem hún hljóp frá húsinu Bjargi, niður afleggjarann út á veginn. Kveður vitnið bifreiðinni ekki hafa verið ekið hraðara en bifreiðum er almennt ekið eftir Nesvegi, en eftir vegi þessum finnst því yfirleitt öllum bifreiðum ekið hratt. Ekki sá vitnið, hvernig stúlkan varð fyrir bifreiðinni, en það heyrði í hemlum hennar, er hún var stöðvuð. Ekki tók vitnið eftir ummerkjum á slysstaðnum, nema hvað það sá telpuna liggja í skurðinum.

Vitnið Magnús Guðmundsson vélstjóri, Sæbóli á Seltjarnarnesi, kveðst hafa setið við lestur á heimili sínu við glugga, er að Nesvegi snýr, þegar slysið varð, og sá því eigi hvernig það atvikaðist, en það heyrði að hátt lét í hemlum bifreiðar, er hún var stöðvuð. Fór það þegar út og sá þá bifreiðina R 6002 standa vinstra megin á akbrautinni og telpuna liggja í skurðinum dálitið framar en bifreiðin stóð.

Vitnið Sigurbjörg Laufey Guðmundsdóttir húsfrú, til heimilis að Bjargi á Seltjarnarnesi, skýrir svo frá, að dóttir sín, Anna, hafi slysdaginn verið með Guðfinnu heitinni, ásamt tveim öðrum telpum á svipuðu reki, en þær höfðu ákveðið að vera við guðsþjónustu í Mýrarhúsaskóla, sem hefjast átti klukkan 5 e. h. dag þennan. Klukkan rúmlega 5 e. h. kom Guðfinna heitin heim til vitnisins og spurði eftir Önnu, en er hún heyrði, að Anna væri farin til guðsþjónustunnar, fór hún við svo búið, án þess að láta getið hvert hún færi. Ekki sá vitnið hvernig slysið varð, en það kom á slysstaðinn, og telur að ekki hafi logað á næsta ljóskeri við hann. Að öðru leyti tók vitnið ekki eftir ummerkjum þarna, nema hvað það segir bifreiðina hafa staðið vinstra megin á akbrautinni.

Vitnið Anna Helga Cronin húsfrú, Laugavegi 33 B hér í bæ og Lúkas Kárason sjómaður, til heimilis að Bjargi, telja bæði, að slökkt hafi verið á næsta ljóskeri við slysstaðinn, en þau komu þar að nokkru eftir að slysið varð, enda kveður Lúkas, að akbrautin hafi verið lýst upp með ljósum bifreiðar, er athugun fór þar fram. Aftur á móti kveður vitnið Kári Sigurbjörnsson matsmaður, Bjargi á Seltjarnarnesi, er á slysstaðinn kom nokkru eftir að slysið varð, að þá hafi logað á ljóskerinu. Kveður vitnið veginn á slysstaðnum hafa verið harðan og þurran, svo að mjög erfitt hafi verið að stöðva bifreiðar á slysstaðnum, þar eð hætta var á að þær rynnu til á akbrautinni. Á þeim tíma sem slysið varð, átti vitnið bifreið, sem það ók oft vestur

Nesveg og beygði norður afleggjarann að Bjargi, og kveðst þá hafa orðið að gæta sérstakrar varúðar áður en það dró úr hraða bifreiðarinnar og beygði norður afleggjarann.

Skömmu eftir að slysið varð, komu lögreglumenn á slysstaðinn. Athuguðu þeir ummerki þar og reyndu bifreiðina. Lárus Axel Helgason rannsóknarlögreglumaður gerði uppdrátt af slysstaðnum, rskj. nr. 2, og tók einnig myndir þær, er lagðar hafa verið fram, rskj. nr. 4 og 5. Stóð bifreiðin, sem eigi hafði verið hreyfð, vinstra megin á akbrautinni, lítið eitt skáhalt til suðurs, en framhjól hennar munu hafa snúið lítið eitt til hægri. Hemlaför bifreiðarinnar á slysstaðnum reyndust vera 17.60 m löng, en samkvæmt athugun á þeim er ekki ólíklegt, að bifreiðinni hafi eigi verið fasthemlað, þar eð vegurinn særðist ekki undan hjólunum, eins og vanalega mun vera, þegar bifreið rennur á fasthemluðum hjólum eftir malbornum vegi, nema aðeins síðast áður en hún var fullstöðvuð. Austan megin við afleggjarann að Bjargi er grindverk, sem nær alveg fram að akbrautinni. Var hæð þess mæld, og reyndist vera næst akbrautinni 0.95 m, en nokkru innar við afleggjarann 1.15 m og svo 1.00 m, sbr. rskj. nr. 5. Eins og áður getur, reyndist bifreiðin í góðu lagi og ljósker hennar lýstu hæfilega hátt yfir akbrautina.

Í rannsóknarstofu háskólans var lík telpunnar krufið. Í ályktun krufningarskýrslunnar segir: „Við krufninguna fannst mikil blæðing í kviðarholinu, og hafði hún hlotizt af sprungu í miltinu, sem var illa tætt í sundur. Eftir áverkunum að dæma, virðist svo sem aðal-áfallið hafi lent vinstra megin og framan á síðu barnsins, því að sprungan í miltinu bendir til þess að það hafi komið þar, og enn fremur marblettir, sem fundust innan í líkinu, þar sem líffærin hafa marizt upp við hryggjarsúluna. Barnið hefur dáið af blóðmissi og schockverkun út frá því."

Eins og atvikum er lýst hér að framan, þykir ákærði á refsiverðan hátt vera samvaldur að dauða barnsins, sem virðist hafa hlaupið út á akbrautina, án þess að veita umferðinni næga athygli, eftir atvikum bæði með of hröðum akstri og eigi sýnt næga aðgæzlu við aksturinn eftir því sem ástæða var til, þar sem grindverkið austan megin við afleggjarann að Bjargi skyggði að nokkru á útsýni hans, auk þess sem hann beindi athygli sinni frá akstrinum, er systir hans hafði orð á tunglinu. Þykir ákærði því með akstri sínum hafa gerzt brotlegur við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, 26. gr. 1., 2., 3. og 4. mgr. og 27. gr. 1. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin varðhald í 3 mánuði.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga og 68. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með

talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, hrl. Ragnars Jónssonar, kr. 400.00.

Dráttur sá, sem orðið hefur á rekstri máls þessa, stafar af fjarvist vitna og önnum rannsóknardómarans. Rekstur málsins hefur því verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði Sveinbjörn Þórhallsson sæti varðhaldi í 3 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa að telja sviptur bifreiðastjóraréttindum í 3 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns hér við réttinn, hrl. Ragnars Jónssonar, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 22. nóvember 1848.

Nr. 104/1947. **Fiskur & Ís h/f** (Hrl. Magnús Thorlacius)

gegn

Tómasi M. Guðjónssyni

(Hrl. Gunnar J. Möller).

Skuldamál.

Dómur hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. september 1947, gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði algerlega sýknaður, en til vara, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnda kr. 1672.96 án vaxta. Hvor krafan, sem tekin kann að verða til greina, krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi, sem sendi fisk til útlanda og átti að skila honum á skipsfjöl, sbr. 62. gr. laga nr. 39/1922, hefur ekki fært fram nein rök fyrir því, að hann eigi samkvæmt venju eða af öðrum ástæðum að vera undanþeginn greiðslu út-

skipunargjalds. Hann hefur ekki heldur sýnt fram á, að útskipunargjaldið sé óhæfilega hátt reiknað. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem með tilliti til málsatvika þykir hæfilega ákveðinn 1200 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi Fiskur & Ís h/f greiði stefnda Tómasi M. Guðjónssyni 1200 krónur í málskostnað í hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 11. júlí 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., er höfðað af Tómasi M. Guðjónssyni kaupmanni, Vestmannaeyjum, fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja, samkvæmt heimild í 82. grein laga nr. 85 frá 1936, með stefnu útgefinni 4. nóvember 1946, birtri 5. sama mánaðar, á hendur stjórn Fisks & Íss h/f í Vestmannaeyjum, fyrir hönd félagsins, þeim Magnúsi Guðbjartssyni framkvæmdarstjóra, Kirkjuvegi 26, Vestmannaeyjum, Sigríði Benónýsdóttur, sama stað, og Ólafi B. Kristjánssyni, Reykjavík, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 4268.00, vegna útskipunar á fiski, auk 6% ársvaxta af upphæðinni frá stefnudegi, 4. nóvember 1946, til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur mætt í málinu og gert þær réttarkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér verði tildæmdur málskostnaður.

Stefnandi hefur lagt fram sundurliðaðan reikning yfir kröfu sína. Ræðir hann um gjald fyrir útskipun á fiski frá hraðfrystihúsi stefnda, 14 262 kassa í s/s Spica 1. nóv. 1944, í sama skip 19 665 kassa 1. okt. 1945 og í m/s Nieuwaal 3145 kassa 1. sept. 1946. Reiknar stefnandi sér kr. 0.25 fyrir hvern kassa, og nemur heildarupphæðin kr. 9268.00. Inn á reikninginn hefur stefndi greitt kr. 5000.00 hinn 20. júlí 1945. Eftirstöðvarnar, kr. 4268.00, er stefnukrafa málsins.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi eigi engan rétt á neinni greiðslu úr sinni hendi vegna útskipunar fisksins. Kveðst hann sjálfur hafa annazt um flutning fisksins niður að skipshlið og látið festa stroffunum utan um kassana í skipskrókana. Þar með hafi varan verið komin í hendur farmflytjanda og hann sjálfur búinn að fullnægja sinni skyldu, því allur fiskurinn hafi verið seldur fob. Allur kostnaður eftir það við að koma fiskinum um borð, sé

því sér með öllu óviðkomandi. Greiðsluna inn á reikninginn kveðst stefndi hafa innt af hendi fyrir nauðung. Þar sem stefnandi, er var umboðsmaður skipanna, hafi neitað að veita fiski frá honum móttöku, nema því aðeins að greiðslan færi fram. Kveðst stefndi þá ekki hafa séð sér annað fært en greiða, til þess að missa ekki af afskipun. Telur hann, að umrædda upphæð eigi hann rétt á að fá endurgreidda af stefnanda.

Stefnandi heldur því hins vegar fram, að þótt fiskurinn hafi verið seldur fob., hafi stefnda ekki einungis borið að flytja fiskinn að skipshlið, heldur hafi honum einnig borið að sjá um að koma vörunni í skipið. Þetta kveðst stefnandi hafa séð um fyrir hans hönd og lagt til og greitt kaup 5 starfsmanna í því skyni, eða 1 talningsmanns, 1 lúgumanns, 1 spilmanns og 2 gertamanna. Gjaldið, er stefnandi reiknar sér fyrir þetta, kr. 0.25 pr. kassa eða ca. 10 kr. pr. tonnið, kveður hann hið sama og afgreiðsla Eimskipafélags Íslands hér á staðnum taki fyrir sama starf, en mun lægra en annars staðar tíðkast á landinu. Hefur hann í því sambandi lagt fram vottorð, annað frá Ásgeiri Danielssyni skipaafgreiðslumanni, Keflavík, en hitt frá Einarsson & Zoëga & Co., Ltd., Reykjavík. Segir í vottorðum þessum, að útskipunargjald af hraðfrystum fiski, komnum að skipshlið, nema kr. 16.00 pr. tonnið. Einnig hefur stefnandi lagt fram vottorð frá afgreiðslu Eimskipafélags Íslands í Vestmannaeyjum, og er þar skýrt svo frá, að á undanförnum árum hafi afgreiðslan oft annazt um útskipun á hraðfrystum fiski fyrir stefnda, og hafi stefndi greitt í útskipunargjald af fiskinum, komnum að skipshlið, kr. 0.25 pr. kassa, enda sé það föst venja á staðnum, að farmsendandi greiði útskipunargjald, hvort sem um er að ræða fob-sölu eða cif-sölu. Stefndi hefur ekki mótmælt vottorðum þessum sem óstaðfestum. Þá hefur stefnandi lagt fram símskeyti frá Magnúsi Guðbjartssyni framkvæmdarstjóra og aðaleiganda hins stefnda félags, dags. 12. ágúst 1946, að því er virðist skömmu áður en útskipun í m/s Nieuwaal hófst. Skeytið er til stefnanda og hljóðar á þessa leið: „Geri yður ábyrgan, ef þér neitið að afgreiða fisk frá Fiskur & Ís. Afgreiðslugjaldið verður greitt að lokinni útskipun.“ Stefndi hefur ekki borið á móti, að skeyti þetta hafi verið sent, en hins vegar hefur hann haldið því fram, að loforðið í skeytinu um greiðslu afgreiðslugjaldsins sé ekki bindandi, þar sem það sé gefið vegna nauðungar, eins og fram komi í skeytinu. Og í öðru lagi sé það forsenda greiðsluloforðsins, að afgreiðslugjaldið eða útskipunargjaldið sé réttmæt krafa, en svo sé ekki.

Samkvæmt lögum um lausafjárkaup frá 16. júní 1922 hefur fobseljandi ekki fullnægt afhendingarskyldu sinni fyrr en varan er komin á skipsfjöl, sjá 62. gr., sbr. 10. og 17. gr. Afhending að skipshlið nægir því ekki, heldur inn fyrir skipshliðina. Framlögð vottorð, sem áður er að vikið, gefa til kynna, að engin venja hafa myndazt hér, er hafi breytt þessari reglu. Virðist því ljóst, að stefnandi

hafi leyst af hendi starf í þágu stefnda með því að annast um útskipun fisksins frá skipshlið um borð. Gjaldið, sem hann reiknar sér, er hið sama, sem tíðkast hér á staðnum, og öllu lægra en sums staðar annars staðar á landinu. Þá er það og upplýst, eins og að framan getur, að stefndi hefur greitt inn á stefnureikninginn og síðan gefið loforð um greiðslu, og þykir ekki unnt að fallast á, að slíkt hafi hann gert vegna ólögmætrar nauðungar frá stefnanda hendi. Að öllu þessu athuguðu þykir bera að taka kröfu stefnanda til greina og dæma stefnda til þess að greiða honum hina umstefndu upphæð, kr. 4268.00, ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi, 4. nóvember 1946, til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 800.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Magnús Guðbjartsson, Sigríður Benónýsdóttir og Ólafur B. Kristjánsson f. h. Fisks & Íss h/f, greiði stefnandanum Tómasi M. Guðjónssyni kr. 4268.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. nóvember 1946 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. nóvember 1948.

Nr. 20/1947. **Sigurjón Pétursson** (Hrl. Guttormur Erlendsson) gegn **Níelsi Guðmundssyni og gagnsök** (Hrl. Hermann Jónasson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Galli á sáttatilraun. Ómerking málsmeðferðar og dóms.

Dómur hæstaréttar.

Dómkröfur aðaláfrýjanda í héraði hafa eigi verið lagðar fyrir sáttamenn, enda þótt ekki hafi verið heimild til að ganga fram hjá sáttamönnum samkvæmt 5. gr. laga nr. 85/1936. Er því óhjákvæmilegt að ómerkja dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda, sem krafizt hefur málskostnaðar úr hendi hans, kr. 800.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Aðaláfrýjandi Sigurjón Pétursson greiði gagnáfrýjanda Níelsi Guðmundssyni kr. 800.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. nóvember 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., hefur Sigurjón Pétursson verksmiðjueigandi, Álafossi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 20. nóv. 1945 gegn Níelsi Guðmundssyni bónda, Helgafelli í Mosfellssveit.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur *aðallega*, að viðurkenndur verði með dómi eignarréttur hans að jörðinni Helgafell í Mosfellssveit með öllum gögnum og gæðum svo og áhöfn, 16 fullgildum kúm og 60 fjár. Til *vara* hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkenndur verði með dómi eignarréttur hans að hálfri nefndri jörð, *aðallega* með allri nefndri áhöfn, en til *vara* með hálfri áhöfn. Til *þrautavara* hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 50 000.00 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómarans með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Í öllum tilvikum hefur stefnandi krafizt málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að þann 10. marz 1925 undirrituðu þeir Helgi nokkur Helgason og stefndi í máli þessu byggingarbréf fyrir jörðinni Helgafelli í Mosfellssveit, svo og fjórum kúgildum. Jörðin er þar talin byggð stefnda til lífstíðar og skyldi afgjald vera kr. 1200.00 á ári hverju.

Með kaupsamningi og afsali, dagsettu sama dag, selur nefndur Helgi stefnda eignarjörð sína Helgafell með öllum gögnum og gæðum svo og fjórum kúgildum fyrir kr. 25 500.00. Kaupverðið skyldi greiðast þannig, að stefndi tók að sér greiðslu á eftirtöldum veðskuldum:

I. Veðskuld við Veðdeild Landsbankans, er tryggð var með fyrsta veðrétti í jörðinni að fjárhæð kr. 1652.20.

II. Veðskuld við sýslusjóð Kjósarsýslu, að fjárhæð kr. 2000.00, er tryggð var með öðrum veðrétti í jörðinni.

III. Veðskuld við Boga A. J. Þórðarson að fjárhæð kr. 3000.00, er tryggð var með þriðja veðrétti í jörðinni.

Eftirstöðvar kaupverðsins, kr. 18 847.80, eru taldar greiddar í pen-

ingum við undirskrift afsalsins. Þó munu seljanda aðeins hafa verið greiddar kr. 5000.00 í reiðu fé, en stefndi tekur að sér að greiða skuld seljanda við þriðja mann, að fjárhæð kr. 13 847.80. Sama dag undirritar stefndi veðskuldabréf að fjárhæð kr. 13 847.80, tryggt með fjórða veðrétti í Helgafelli, og er bréf þetta nafnbréf. Stefndi flutti síðan á Helgafell í fardögum 1925 og hefur búið þar síðan.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi kynnzt stefnda á árinu 1919, en þeir hafi átt sameiginleg hugðarefni. Stefndi hafi um þetta leyti verið maður blásnauður og haft fyrir þungu heimili að sjá. Hafi stefndi starfað sem „miðill" fyrir sig, og kveðst stefnandi hafa greitt honum fullt verkamannakaup fyrir. Nokkru síðar kveðst stefnandi hafa hjálpað stefnda til að byggja hús að Bragagötu 26 hér í bæ. Síðar hafi stefndi selt það hús ogg byggt hús við Bragagötu 26 A, einnig með sinni fjárhagshjálp. Þannig hafi hann orðið að gefa stefnda eða dóttur hans kr. 2000.00, svo það hús kæmist upp. Á árinu 1922 hafi stefndi hætt störfum sem „miðill" í sína þágu eða „Tilraunafélagsins Njáls", en stefnandi virðist vera einn eigandi og ráðamaður þess félags. Vinátta hafi þó haldizt með þeim aðiljum, þannig hafi stefndi verið sér hjálplegur við að finna annan „miðil" til að starfa með. Vorið 1925 hafi þann „miðil" vantað stað til sumardvalar. Um þetta leyti hafi Helgi Helgason boðið sér jörðina Helgafell í Mosfellssveit til kaups. Kveðst stefnandi þá hafa ákveðið að kaupa jörðina og nota hans sem sumardvalarheimili fyrir „miðla" sína eða „Tilraunafélagsins Njáls". Hafi það orðið að samkomulagi við stefnda, að hann yrði talinn formlegur eigandi jarðarinnar til að byrja með, enda fengi hann að dveljast að Helgafelli með fjölskyldu sína, að minnsta kosti yfir sumartímann. Hafi síðan verið formlega gengið frá kaupunum þann 10. marz 1925. Stefndi hafi verið talinn kaupandi, en hann hafi ekki greitt einn eyri af kaupverðinu. Þær kr. 5000.00, sem hafi verið greiddar um leið og kaupin fóru fram, hafi hann (stefnandi) lagt til, en stefndi hafi gefið kvittun fyrir fé þessu til handa syni stefnanda, sem rætt hafi verið um að yrði talinn eigandi jarðarinnar ásamt stefnda. Þá segir stefnandi, að nokkru áður sama dag hafi seljandi jarðarinnar gefið út byggingarbréf fyrir jörðinni til handa stefnda. Hafi það átt að vera til þess að tryggja stefnda dvöl á jörðinni í framtíðinni. Stefnandi kveðst hafa greitt þinglestrar- og stimpilgjald af nefndu afsali. Síðan hafi stefndi flutt að Helgafelli, og kveðst stefnandi hafa lagt honum til starfsfólk og greitt því kaup. Þá kveðst stefnandi hafa lagt stefnda til ýms búsáhöld og fengið honum búfé, að minnsta kosti 16 kýr og 60 fjár. Hafi féð verið með marki sonar sins. Ekki hafi orðið af því, að stefndi flytti til bæjarins um haustið 1925 og hafi hann búið á Helgafelli síðan. Telur stefnandi, að stefndi hafi átt að vera ráðsmaður sinn eða „Tilraunafélagsins Njáls" á Helgafelli. Skyldi kaup hans vera tekjur af búrekstrinum, að frádregnum opinberum gjöldum, vöxtum og afborgunum af þeim lánum, sem á jörðinni hvíldu. Starfs-

fólki hafi verið greitt kaup að nokkru leyti af tekjum búsins, en að nokkru leyti kveðst stefnandi hafa greitt það úr eigin vasa. Kveðst stefnandi þannig hafa lagt stórfé til búrekstrarins, svo og til nýbygginga og endurbóta á jörðinni. Hafi það aðallega verið á árunum 1925, 1926 og 1927. Auk þessa hafi hann orðið að hjálpa stefnda um fé til einkaþarfa. Sé sú skuld kr. 17 000.00, en stefndi hafi seinna samþykkt víxil fyrir þeirri fjárhæð.

Aðalkröfu sína í máli þessu byggir stefnandi á því, að hann hafi í raun og veru einn verið kaupandi jarðarinnar. Stefndi hafi aðeins verið talinn kaupandi, enda ekkert fé lagt fram til kaupanna og ekki komið nálægt samningum fyrr en við undirskrift þeirra. Telur stefnandi, að byggingarbréf það fyrir jörðinni, sem seljandi undirritaði til handa stefnda, hafi verið gert í þeim tilgangi að tryggja stefnda lífstíðarábúð á jörðinni, þar sem hann hafi vitað, að þó hann væri talinn kaupandi, var svo ekki í raun og veru. Þá hefur stefnandi bent á, að seljandi jarðarinnar hafi talið, að stefnandi væri raunverulegur kaupandi jarðarinnar, en ekki stefndi.

Að því er áhöfnina varðar, þá kveðst stefnandi hafa fengið stefnda hana, sem hafi haft hana síðan, en ekki greitt fé fyrir.

Varakröfu sína að því er jörðina varðar, byggir stefnandi á því, að sannað sé og enda viðurkennt af stefnanda, að hann eða sonur hans hafi a. m. k. keypt jörðina að hálfu á móti stefnda. Beri sér því eignarrétt að henni hálfri. Að því er áhöfnina varðar, byggir stefnandi varakröfu sína að þessu leyti á því, að helmingur áhafnarinnar fylgi hálfri jörðinni.

Stefndi skýrir svo frá málavöxtum, að þeir aðiljarnir hafi kynnzt á árinu 1919 og hafi tekizt með þeim vinátta. Kveðst stefndi hafa starfað með stefnanda að sameiginlegum hugðarefnum þeirra, en hefur mótmælt að hafa fengið greitt kaup frá stefnanda fyrir þá starfsemi. Stefnandi hafi verið sér mjög hjálplegur á ýmsan hátt, meðal annars aðstoðað sig við byggingu hússins að Bragagötu 26 A og gefið ungri dóttur sinni kr. 2000.00, er hafi gengið til byggingarinnar. Snemma á árinu 1925 hafi stefnandi komið að máli við sig og sagt, að jörðin Helgafell væri til sölu. Hafi stefnandi þá boðið sér að vera meðkaupandi að jörðinni. Stefndi kveður sig hafa langað til að búa í sveit, en hins vegar hafi fjárhagur sinn verið þröngur, en jörðin dýr. Hafi hann því fengið umhugsunarfrest til næsta dags. Þann dag hafi verið ákveðið, að hann keypti jörðina með öðrum manni, sem þá bæri einnig ábyrgð á öllum skildbindingum, er risu af þessum skiptum. Helzt hafi verið talað um, að sonur stefnanda, Pétur að nafni, yrði meðeigandi að jörðinni. Stefnandi hafi lofað að lána þær kr. 5000.00, er greiða þyrfti strax. Hafi hann afhent sér fé þetta, en stefndi kveðst þó hafa undirritað kvittun fyrir fé þessu, dags. 9. marz 1925. Segir þannig í kvittun þessari: „Ég undirritaður Niels Guðmundsson, trésmiður Bragagötu 26 A, Reykjavík — hefi í dag móttekið af Pétri Sigurjónssyni, Álafossi kr. 5000.00 — fimm þús-

und krónur — upp í jörðina Helgafell í Mosfellsveit, — sem við kaupum í sameiningu eftir nánari samningum, er við gerum síðar. —" Stefnandi hafi einn samið við seljanda jarðarinnar og kveðst stefndi ekkert hafa við hann rætt um þessi skipti fyrr en á afsalsdegi. Er undirrita skyldi samninga, kveðst stefndi hafa séð, að hann einn var talinn kaupandi. Hafi hann haft á móti þessu, en stefnandi hafi sagt, að svo yrði að vera í bili, og hafi hann þá látið það gott heita. Þeir aðiljar, seljandi og maður sá, er aðstoðaði við samningagerðina, hafi ekki verið vissir um, hvort nægilega tryggilega hefði verið frá því gengið, að Mosfellshreppur hefði afsalað forkaupsrétti sínum að jörðinni. Hafi því verið tekið það ráð, að seljandi byggði fyrst stefnda jörðina. Síðan var kaupsamningur og afsal undirritað og stefndi greiddi nefndar kr. 5000.00 og fullnægði samningum að öðru leyti. Stefndi kveðst síðan hafa tekið við jörðinni, flutt á hana og nytjað hana síðan. Aldrei hafi neitt orðið úr því, að annar maður gengi inn í kaupin með honum. Kveðst stefndi síðan hafa selt á leigu af löndum jarðarinnar og veðsett hana, óátalið af stefnanda. Stefndi skýrir svo frá, að búreksturinn hafi framan af gengið illa og hafi hann því oft verið í fjárþröng. Hafi hann því oft fengið lán hjá stefnanda og vegna búfjárkaupa, aðallega á árunum 1925, 1926 og 1927. Sauðféð hafi í fyrstu verið markað með marki, er sonur stefnanda hafi átt, þar sem mark, er stefndi átti, fékkst eigi skráð, vegna þess hve líkt það var eldra marki þar í nágrenninu. Hins vegar kveðst stefndi hafa selt stefnanda ýmsar búsafurðir.

Um áramót 1928 og 1929 hafi skuld sín við stefnanda þannig verið orðin kr. 17 000.00. Hafi stefnandi þá gefið út víxil fyrir skuld þessari, er stefndi kveðst að vísu ekki hafa samþykkt. Vextir hafi verið greiddir af skuld þessari. Um veturinn 1934 hafi stefnandi verið að semja fyrir sig skattaskýrslu sína. Hafi þá komið í ljós, að stefndi átti ekki fyrir skuldum. Kveður stefndi stefnanda þá hafa fengið sér umrætt skjal og sagt sér að hafa það. Þó geti verið, að þá hafi verið gefinn út víxill til framlengingar þessu skjali með sömu fjárhæð. Stefndi kveðst síðan hafa greitt vexti af skuld þessari. Nú fyrir nokkru hafi hann viljað gera upp öll sín skipti við stefnanda. Hafi hann þá gert tilkall til jarðarinnar og ekkert orðið úr samkomulagi. Hafi hann þá tekið það ráð að „deponera" nefndri fjárhæð, kr. 17 000.00, á nafn stefnanda í Landsbanka Íslands hér í bænum og hafi það síðan verið tilkynnt stefnanda með bréfi þann 4. október 1945.

Sýknukröfu sína af aðal- og varakröfu stefnanda að því er varðar jörðina, byggir stefndi á því, að með afsalinu frá 10. marz 1925 hafi hann einn og óskorað orðið eigandi hennar. Að vísu hafi svo verið um samið, að einhver maður og þá helzt ófjárráða sonur stefnanda, yrði meðeigandi sinn að jörðinni. Ekkert hafi þó verið fast ákveðið um þetta og aldrei síðan samið um þetta. Hljóti samkomulag þetta að vera niður fallið og komi því ekki nú til álita. Þá hefur stefndi hald-

ið því fram, að framkoma stefnanda á undanförnum árum hafi verið þannig, að hún sé ósamrímanleg því, að hann hafi talið sig eiganda jarðarinnar að nokkru eða öllu leyti. Þannig kveðst stefndi hafa veðsett jörðina og leigt hluta af landi hennar til langs tíma. Hafi þetta verið gert, án þess að leitað væri samþykkis stefnanda, enda hafi það verið ástæðulaust. Stefnandi hafi heldur engum andmælum hreyft við þessum ráðstöfunum, þegar honum hafi orðið um þær kunnugt. Þá hefur stefndi bent á, að þann 15. júlí 1927 hafi seljandi jarðarinnar afsalað sér smá landspildu, er fyrir mistök hafi fallið undan jörðinni samkvæmt afsalinu frá 10. marz 1925. Enn fremur hefur stefndi fært það fram, að stefnandi hafi alltaf framan af samið fyrir sig skattaframtöl sín. Á þeim hafi hann ætíð talið jörðina eign stefnda, en hins vegar talið fram skuld, að fjárhæð kr. 17 000.00, við stefnanda. Í nokkur ár hafi stefnandi fengið sig til að telja skuld þessa sem skuld við þriðja mann, er stefnandi skuldaði, og muni það hafa verið gert til að veita þeim manni tryggingu fyrir þeirri skuld. Þá hefur stefndi bent á, að hann hafi notað nefnda jörð í hefðartíma fullan, óátalið af stefnanda eða öðrum.

Að því er varðar kröfu stefnanda til áhafnar, þá hefur stefndi mótmælt því, að stefnandi hafi átt hana, og hefur í því sambandi bent á, að stefnandi hafi í mörg fyrstu búskaparár hans að Helgafelli keypt af sér búsafurðir, svo sem mjólk og ull. Loks hefur stefndi bent á, að allar þær skepnur, sem hann hóf búskap með, séu nú dauðar fyrir löngu síðan.

Þegar virt eru þau skipti aðiljanna, sem framan er lýst, svo og framkoma stefnanda á undanförnum árum, þá verður ekki talið, að stefnandi hafi, gegn mótmælum stefnda, tekizt að sanna eignarrétt sinn að nefndri jörð, hvorki allrar né hluta hennar, enda verður ekki talið, að stefnandi geti nú eftir svo langan tíma byggt rétt á því upphaflega samkomulagi aðiljanna, að stefndi yrði aðeins eigandi jarðarinnar að hluta.

Að því er varðar kröfu stefnanda um áhöfn jarðarinnar, þá hefur hann, gegn mótmælum stefnda ekki sannað eignarétt sinn til hennar.

Verður því að sýkna stefnda bæði af *aðal-* og *vara*kröfu stefnanda.

*Þrautavara*kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Samkvæmt skuldalista	kr. 11 611.19
2.	Víxilskuld	— 17 000.00
3.	Vextir 6% p.á. frá 3½ '34 til 3½ '40	— 6 120.00
4.	Vextir 6% p.á. frá ½ 1941 til 2⁹⁄₁₁ '45	— 4 986.67
5.	Útborgunin á Helgafelli	— 5 000.00
6.	Greiddir vextir og afborganir til Sturlu Jónssonar	— 16 189.51
7.	8 kindur	— 2 000.00
8.	5 kýr	— 2 500.00
9.	3 vagnhestar	— 900.00
10.	2 vagnar	— 300.00

11. 1 reiðhestur og 1 aktygi	—	500.00
12. Aflýsing af skuldabréfi	—	10.50
13. Þinglýsing og stimpilgjald af afsali og skuldabréfi, áætlað	—	300.00
Samtals	kr.	67 417.87

Upp í þessa skuld kveður stefnandi stefnda hafa greitt kr. 17 000.00 á síðastliðnu hausti og sé inneign sín hjá stefnda þannig kr. 50 417.87, en hann hefur aðeins krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á kr. 50 000.00.

Eftri atvikum þykir rétt að athuga hvern kröfulið fyrir sig.

Um 1. Stefnandi skýrir svo frá, að á árunum 1925 og 1926 hafi hann látið stefnda í té peninga, vörur og búfé. Telur hann skuld stefnda vegna þessara viðskipta nema þessari fjárhæð.

Stefndur hefur mótmælt þessum kröfulið sem röngum, þar sem skuldir þessar hafi að nokkru leyti verið greiddar þegar í stað og að nokkru leyti innifaldar í kröfulið 2. Þá hefur stefndi mótmælt þessum kröfum sem fyrndum. Í hinum munnlega flutningi málsins mótmælti umboðsmaður stefnanda fyrningarkröfu stefnda sem of seint fram kominni. Þar sem stefndi hreyfði þessari varnarástæðu þegar í greinargerð sinni, verða þessi mótmæli stefnanda ekki tekin til greina. Þá hefur stefnandi haldið því fram, að þar sem stefndi hafi greitt umræddar 17 000.00 á s. l. hausti, hafi hann firrt sig rétti til að bera fyrningu fyrir sig. Á þetta verður ekki fallizt, þar sem sú greiðsla var á einni ákveðinni kröfu stefnanda, svo sem rætt verður um undir lið 2.

Þar sem skuldir þessar eru frá árunum 1925 og 1926 verða þær samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga nr. 14 frá 1905 að teljast fyrndar. Verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 2. Þann 31. desember 1934 samþykkti stefndi víxil að fjárræð kr. 17 000.00, er skyldi greiðast 31. desember 1940, en stefnandi var útgefandi víxils þessa. Stefndi hefur viðurkennt að hafa skuldað fjárhæð þessa, en kveðst hafa greitt hana með áðurgreindri „depositum" 4. október 1945. Þar sem fallast má á, að það fé hafi verið til greiðslu á skuld þessari, verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 3. Kröfuliður þessi eru vextir af umræddri víxilskuld frá 31. des. 1934 til 31. des. 1940. Stefndi hefur haldið því fram, að hann hafi greitt vexti þessa og auk þess talið vaxtakröfuna fyrnda. Með vísan til þess, sem greinir um kröfulið 1 hér að framan, verður að fallast á það með stefnda, að krafa þessi sé fyrnd. Verður þessi liður því þegar af þeirri ástæðu ekki tekinn til greina.

Um 4. Kröfuliður þessi er vextir af nefndri víxilskuld frá gjalddaga víxilsins til stefnudags. Stefndi hefur mótmælt kröfu þessari sem fyrndri.

Þar sem stefndi hefur viðurkennt víxilkröfuna og greiddi hana svo

sem áður greinir, þá verður ekki á það fallizt, að vextir af henni séu allir fyrndir. Telja verður samkvæmt ákvæðum 3. gr. fyrningarlaganna, að 4 ára vextir frá stefnudegi séu ófyrndir. Verður því að dæma stefnda til að greiða vexti þann tíma, þó þannig, að honum ber eigi að greiða vexti eftir þann 4. október 1945, sem hann tilkynnti stefnanda, að víxilfjárhæðinni hefði verið „deponerað" í banka. Samkvæmt þessu verður stefnda gert að greiða stefnanda samkvæmt þessum lið 6% ársvexti af kr. 17 000.00 frá 20. nóvember 1941 til 5. október 1945.

Um 5. Stefndi hefur talið kröfulið þennan innifalinn í nefndri víxilskuld og mótmælt þessum kröfulið sem fyrndum. Með vísan til þess, sem greinir um kröfulið 1 hér að framan, verður að fallast á, að krafa þessi sé fyrnd. Verður því þessi kröfuliður þegar af þeirri ástæðu ekki tekinn til greina.

Um 6. Svo sem áður getur, gaf stefndi út skuldabréf þann 10. marz 1925, að fjárhæð kr. 13 847.80, en skuld þessi var tryggð með fjórða veðrétti í Helgafelli. Bréf þetta var gefið út í sambandi við kaup hans á jörðinni. Stefnandi hefur haldið því fram, að hann hafi að mestu leyti greitt vexti og afborganir af skuld þessari og nemi inneign sín hjá stefnda af þessum sökum hinni kröfðu fjárhæð.

Stefndi hefur haldið því fram, að allar greiðslur á skuldabréfi þessu, að undantekinni lokagreiðslunni, er fram hafi farið 10. febrúar 1944, hafi hann ýmist greitt sjálfur eða fengið stefnanda fé til að inna greiðslurnar af hendi, en stefnandi hafi síðan afhent skuldabréfseigendunum féð.

Að því er varðar lokagreiðsluna, að fjárhæð kr. 9395.82, kveðst stefndi í ársbyrjun 1943 hafa fengið skrifstofustjóra stefnanda kr. 5000.00 og beðið hann að geyma, en fé þetta hafi átt að ganga til greiðslu á skuldabréfinu. Maður sá, er við greiðslu hafi átt að taka, hafi um þær mundir verið erlendis. Hafi skrifstofustjórinn því lagt fé þetta inn á sparisjóðsbók á nafn stefnda. Alllöngu síðar kveðst stefndi hafa heyrt, að maður sá, er við greiðslunni átti að taka, væri heim kominn. Hafi hann þá farið og afhent skrifstofustjóranum ávísun, að fjárhæð kr. 4000.00, er hafi átt að notast til að greiða skuldina, en stefnandi hafi átt að koma fénu til skila. Þann 10. febrúar 1944 hafi stefnandi tekið nefndar kr. 5000.00 út úr sparisjóðsbókinni, hafið nefnda ávísun og greitt skuldareiganda skuldina að fullu með kr. 9395.82. Stefndi kveðst nokkru síðar hafa greitt stefnanda kr. 395.82, er hann hafi lánað sér í þessu sambandi. Þá kveður stefndi, að sér hafi verið afhent nefnd sparisjóðsbók.

Að því er varðar hinar eldri greiðslur af nefndu skuldabréfi, þá hefur stefnandi gegn eindregnum mótmælum stefnda ekki fært sönnur á, að hann hafi innt þær af hendi með eigin fé, og verða því kröfur hans að því leyti ekki teknar til greina.

Að því er varðar nefnda lokagreiðslu, sem samkvæmt áritun á skuldabréfið er talin hafa farið fram 10. febrúar 1943, þá hefur

skrifstofustjóri stefnanda borið fyrir dómi, að nefndar kr. 5000.00 hafi þeir aðiljarnir afhent sér og hafi hann talið, að stefndi ætti féð. Hafi hann því lagt það í banka á nafn stefnda. Alllöngu síðar hafi stefndi afhent sér ávísun að fjárhæð kr. 4000.00, er hafi verið í sambandi við fyrrgreindar kr. 5000.00. Stefnandi hafi síðar tekið sparisjóðsbókina og ávísunina, en sér hafi verið ókunnugt um til hvers þetta fé skyldi notað. Nokkru síðar hafi stefnandi afhent sér aftur sparisjóðsbókina. Hafi þá verið búið að taka út úr henni kr. 5000.00. Síðan hafi hann afhent stefnda bókina.

Framburði þessum hefur ekki verið mótmælt af stefnanda. Þykir því verða að leggja hann til grundvallar um þetta efni og telja sannað, að stefndi hafi lagt fram kr. 9000.00 af nefndri greiðslu. Hins vegar er ósannað, gegn mótmælum stefnanda, að stefndi hafi endurgreitt honum þær kr. 395.82, er viðurkennt er, að stefnandi hafi lagt fram í þessu sambandi. Verður því stefndi dæmdur til að greiða stefnanda það fé.

Um 7—11. Stefndi hefur mótmælt þessum kröfuliðum sem röngum og fyrndum. Með vísan til þess, sem greinir um kröfulið 1 hér að framan, verður að fallast á það með stefnda, að kröfur þessar séu fyrndar. Verða þær því þegar af þeirri ástæðu ekki teknar til greina.

Um 12. Stefnandi kveðst hafa greitt aflýsingargjald af skuldabréfi því, sem um ræðir í kröfulið 6.

Stefndi hefur viðurkennt, að stefnandi hafi greitt fé þetta, en haldið því fram, að hann hafi síðar endurgreitt honum það. Gegn mótmælum stefnanda hefur stefndi ekki sannað, að hann hafi endurgreitt stefnanda fé þetta. Verður því þessi kröfuliður tekinn til greina.

Um 13. Stefnandi kveðst árið 1925 hafa greitt þinglýsingar og stimpilgjald af afsalinu fyrir Helgafelli, svo og af margnefndu skuldabréfi.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem röngum og auk þess fyrndum.

Með vísun til þess, sem greinir um kröfulið 1 hér að framan, verður að fallast á, að kröfur þessar séu fyrndar. Verða þær því þegar af þeim ástæðum ekki teknar til greina.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 406.32 (395.82 + 10.50) með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og 6% ársvexti af kr. 17 000.00 frá 20. nóvember 1941 til 5. október 1945.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi Niels Guðmundsson greiði stefnanda Sigurjóni Péturssyni kr. 406.32 með 5% ársvöxtum frá 20. nóvember 1945

til greiðsludags og 6% ársvexti af kr. 17 000.00 frá 20. nóvember 1941 til 5. október 1945.

Að öðru leyti skal stefndi vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. nóvember 1948.

Nr. 87/1948. **Steindór Jónsson** (Hrl. Theodór B. Lindal)
gegn
Útgerðarfélagi K.E.A. h/f
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Bjarglaun.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. júní þ. á. Krefst hann þess, að dæmd fjárhæð verði færð niður eftir mati dómsins, málskostnaður í héraði verði felldur niður, en aðaláfrýjanda dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 4. ágúst þ. á. gagnáfrýjað málinu með stefnu 10. s. m. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum samtals kr. 128 750.00 með 5% ársvöxtum frá 23. janúar 1948 til greiðsludags, en til vara, að dæmd fjárhæð verði hækkuð eftir mati dómsins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti, hvor krafan sem tekin yrði til greina. Til þrautavara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti af aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Hjálp sú, er v/s Snæfell veitti v/s Drangi með því að draga skipið af grunni og flytja það til Sauðárkróks, ber að

meta björgun, og þykja bjarglaun gagnáfrýjanda til handa eftir öllum atvikum, sem lýst er í héraðsdómi, hæfilega ákveðin kr. 45 000.00. Þóknun fyrir aðstoð þá, er v/s Snæfell veitti v/s Drangi eftir það með drætti frá Sauðárkróki til Akureyrar, þykir hæfilega ákveðin, eins og krafizt er, kr. 3750.00. Verður því niðurstaðan sú, að aðaláfrýjanda verður dæmt að greiða gagnáfrýjanda samtals kr. 48 750.00 með 5% ársvöxtum frá 23. janúar 1948 til greiðsludags. Þá þykir og rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 5000.00. Gagnáfrýjandi á sjóveðrétt fyrir bjarglaunum og málskostnaði í v/s Drangi samkvæmt 1. tölulið 236. gr. laga nr. 56/1914 og samkvæmt 4. tölulið sömu greinar fyrir þóknun vegna dráttaraðstoðar, eins og að framan segir.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi Steindór Jónsson greiði gagnáfrýjanda Útgerðarfélagi K.E.A. h/f kr. 48 750.00 með 5% ársvöxtum frá 23. janúar 1948 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 5000.00. Á gagnáfrýjandi sjóveðrétt í v/s Drangi, EA 210, fyrir fjárhæðum þessum, eins og að framan getur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 24. marz 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 19. þ. m., hefur Gísli Konráðsson framkvæmdarstjóri, f. h. Útgerðarfélags K.E.A. h/f., Akureyri, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 23. jan. þ. á., á hendur Steindóri Jónssyni skipstjóra, Hamarstíg 10, Akureyri, til greiðslu björgunarlauna að fjárhæð kr. 128 750.00 ásamt 5% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar eftir reikningi eða að mati dómsins. Þá krefst stefnandi þess, að honum verði dæmdur sjóveðréttur í m/s Drang EA 210 til tryggingar öllum framangreindum kröfum. Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi til vara lægri björgunarlauna og þóknunar fyrir drátt á m/s Drangi frá Sauðárkróki til Akureyrar, hvort tveggja eftir mati dómsins með vöxtum, svo sem í stefnu greinir og málskostnað að skaðlausu. Til þrautavara krafðist hann ríflegrar þókn-

unar fyrir aðstoð við m/s Drang, ef svo yrði litið á, að ekki hefði verið um björgun að ræða samkvæmt siglingalögum. Stefndi hefur krafizt þess að verða aðeins dæmdur til að greiða kr. 25 000.00, eða lægri upphæð eftir mati dómsins og málskostnað í samræmi við það.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu sem vátryggjendum nefnds skips stefnda.

Málavextir eru þeir, að kl. 3 aðfaranótt miðvikudagsins 19. marz 1947 strandaði póstbáturinn Drangur á Sjávarborgarsundi í Skagafirði, skammt austan við Sauðárkrók. Skipið var á leið frá Hofsósi til Sauðárkróks, en villtist af leið vegna frostryks, sem var á firðinum, og strandaði. Þegar skipið tók niðri, lagðist það flatt fyrir kvikunni upp í sandinum, en snerist fljótlega þannig, að framstefnið sneri beint á land. Var þá sett á fulla ferð aftur á bak og virtist skipið losna, en bráðlega varð að láta vélina hætta að vinna, vegna þess hve hún titraði mikið. Er ekki reyndist unnt, að skipið losnaði af eigin rammleik, voru sendir menn til Sauðárkróks um morguninn til þess að útvega hjálp. Mótorskipið Sæmundur var þá staddur á Sauðárkróki, og var hann fenginn til að reyna að ná skipinu út. Kom hann kl. 9 á strandstaðinn. Voru settir vírar í Drang og vélar beggja skipanna látnar vinna, en af því varð ekki árangur. Vírarnir slitnuðu tvisvar. Um 40 lestir af kolum voru í Drang, og var byrjað að losa kol úr skipinu um kl. 11 árdegis. Um kl. 22 var losun hætt og var þá búið að flytja 20 lestir úr skipinu. Tveim akkerum hafði verið lagt aftur af m/s Drang.

Klukkan 7 um morguninn 20. marz kom m/s Snæfell á vettvang. Það var á Akureyri, en fór af stað kl. 23 um kvöldið áður, til þess að hjálpa hinu strandaða skipi eftir beiðni vátryggjenda þess. Var þegar hafizt handa, er Snæfell kom á vettvang. Báðir togvírar Snæfells, ásamt sterkri keðju og lásum, voru fluttir um borð í m/s Drang. Þar var keðju fest með lásum milli víranna, henni síðan brugðið fram fyrir framstefnið á Drangi og hún bundin framan á miðju stefninu, en vírarnir lagðir aftur með sínu borði hvor og bundnir upp við afturstefni í sjávarmáli. Að því búni var akkeri Snæfells dregið upp, slakað út 150 föðmum af hvorum vír og haldið áfram hæga ferð á meðan, en þegar slakinn á vírunum var að verða búinn, var sett á fulla ferð.

Drangur losnaði og seig hægt aftur á bak. Var klukkan þá 8.40. Dróg Snæfell Drang síðan inn á hafnarleguna á Sauðárkróki. Þaðan var hann fluttur að bryggju og bundinn þar kl. 9.30—10 árdegis. Var þá farið að losa kolin, sem eftir voru. Þegar því var lokið, var skipað út frosinni síld, sem fara átti til Dalvíkur. Hafði aðalvél skipsins þá verið látin ganga nokkurn tíma og enginn óeðlilegur hiti komið fram. En um það bil, er lestun síldarinnar var að verða lokið, tók vélin að hitna óeðlilega og varð að stöðva hana. Kom í ljós, að kælivatnsgöng vélarinnar höfðu stíflazt af sandi. Var því ákveðið

að fá m/s Snæfell til að draga Drang til Akureyrar, enda var álitið að langan tíma þyrfti til að hreinsa sandinn.

Samkvæmt ósk skipstjórans á Drang hafði Snæfell beðið á Sauðárkróki, meðan rannsakað var, hvort skipið kæmist af eigin rammleik leiðar sinnar. Lagt var af stað kl. 19.15 þann 20. marz. Var Drangur settur aftan í Snæfell þannig, að notaður var stuttur bútur af akkeriskeðju Drangs, en Snæfell lagði til báða sína togvíra. Gefnir voru út 200 f.m. og full ferð farin út fyrir Málmey, en þá var kominn austan vindur með báru og snjókomu. Var þá varið ¾ ferð og henni haldið til Siglufjarðar, en þá var farin ½ ferð inn fjörðinn og komið til Siglufjarðar kl. 2.25 næstu nótt. Farið þaðan aftur kl. 3.30 og komið til Dalvíkur kl. 8. Var síldin losuð þar í land. Þaðan var farið kl. 10.15 áleiðis til Akureyrar, komið við á Grenivík og Haganesi og komið til Akureyrar kl. 14 21. marz. Vindur og bára hafði vaxið með deginum.

Þegar björgunin fór fram, var stillt veður og bjart, en dálitill sjávarsúgur. Þar sem skipið strandaði er ægissandur á stóru svæði. Er þetta fyrir opnum firðinum. Engar skemmdir urðu á Drang við strandið. Á leiðinni til Akureyrar var norðaustan stormur, ca. 4—5 vindstig og snjókoma.

Skemmdir á Snæfelli urðu ekki aðrar en þær, að stjórnborðs akkeri Drangs rakst í planka á bakborðshlið Snæfells í höfninni á Siglufirði, er skipin voru losuð sundur, og laskaðist plankinn.

Nokkurt slit var og á dráttartaugum. Sjópróf fóru fram á Akureyri 22. marz og 13. apríl.

Stefnandi gerir kröfu til björgunarlauna sem fyrr segir, þannig:

1.	Fyrir björgun á m/s Drangi	kr. 125 000.00
2.	Aðstoð við m/s Drang frá Sauðárkróki til Akureyrar með viðkomu á Siglufirði og höfnum við Eyjafjörð, sem fyrr segir	— 3 750.00
	Samtals	kr. 128 750.00

Kröfur sínar rökstyður stefnandi með því að hér hafi verið um björgun að ræða samkvæmt 229. gr. siglingalaga, enda hafi Drangur verið staddur í neyð og þurft á skjótri hjálp að halda. Björgunin hafi verið fullkomin og unnin af verklægni og atorku og dráttur skipsins til Akureyrar hafi farið fram við erfið veðurskilyrði. Drangur var vátryggður húftryggingu og hagsmunatryggingu fyrir kr. 500 000.00 og mat fór fram á skipinu undir rekstri máls þessa af hendi dómkvaddra manna. Mátu þeir skipið og búnað þess á kr. 452 000.00.

Stefndi byggir kröfu sína á því, að hér hafi ekki verið um björgun að ræða, heldur aðstoð, og hafi stefnandi, er hann var beðinn að senda Snæfell á vettvang, látið í veðri vaka, að ekki myndi verða gerð hærri krafa en kr. 35 000.00 fyrir aðstoðina. Stefnandi heldur því fram, að Drangur hefði getað komizt á flot af eigin rammleik.

Þá hafi ekki verið fullreynt nema m/s Sæmundur hefði getað dregið skipið á flot, er búið var að losa úr því kolin.

Sérstakri kröfu stefnanda fyrir drátt á m/s Drang, kr. 3 750.00, er sérstaklega mótmælt af hendi stefnda, þar sem það hafi verið skylda Snæfells að skila Drang á næstu örugga höfn.

Af atvikum þeim, sem að framan er lýst, er ljóst, að um var að ræða ótvíræða björgun samkvæmt 229. gr. siglingalaganna, enda var vonlaust að skipið hefði getað losnað af eigin rammleik. Tókst hún vel og virðist hafa verið unnin af verklægni og atorku. Tími sá, er fór til björgunarinnar frá því m/s Snæfell fór frá Akureyri og þar til það kom aftur, var nær 40 klukkustundir, auk tafa við sjópróf. Telja verður að m/s Drangur hafi verið í hættu, þótt hún hafi ekki verið yfirvofandi, meðan veður hélzt gott. Hins vegar var Snæfelli ekki teflt í hættu við björgunina og tjón þess óverulegt. Þegar ákvarða á verðmæti þess, sem bjargað var, þykir verða að leggja til grundvallar framangreint mat, kr. 452 000.00, enda hefur því ekki verið mótmælt. Fullyrðing stefnda um að stefnandi hafi gefið í skyn, að ekki yrði gerð hærri krafa en kr. 35 000.00, er ósönnuð og henni mótmælt sem rangri. Að þessu athuguðu þykja björgunarlaunin í heild, þar með dráttur til Akureyrar, hæfilega ákveðinn kr. 65 000.00. Ber stefnda að greiða stefnanda þessa upphæð, með vöxtum eins og krafizt er, svo og málskostnað, er þykir með hliðsjón af matskostnaði hæfilega ákveðinn kr. 5000.00.

Samkvæmt 1. tölul. 236. gr. siglingalaganna viðurkennist sjóveðréttur í m/s Drang EA 210 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminn hafa kveðið upp þeir Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti, Benedikt Steingrímsson hafnarvörður og Kristján Árnason kaupmaður.

Dómsorð:

Stefndi Steindór Jónsson greiði stefnanda Útgerðarfélagi K.E.A. h/f kr. 65 000.00 með 5% ársvöxtum frá 23. jan. s. l. til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í m/s Drang EA 210 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. desember 1948.

Nr. 126/1948. **Gísli Halldórsson** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Eymundi Magnússyni (Hrl. Ragnar Jónsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Húsaleigumál. Synjun útburðar.

Dómur hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. október 1948, krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburð svo og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gunnlaugur Lárusson, tengdasonur áfrýjanda, hafði dvalizt við nám í Sviþjóð og kom til Íslands í maí 1947. Er talið að hann hafi ætlað að vera við framhaldsnám í Englandi eitt ár, en orðið að láta af þeirri fyrirætlun sökum gjaldeyrisskorts.

Áfrýjandi keypti í desember 1946 efri hæð og rishæð í húsinu nr. 6 við Úthlíð. Var hús þetta þá fokhelt. Í húsið fluttist hann í ágúst 1947. Hefur hann þar til afnota sjálfs sín og konu sinnar 4 rúmgóð herbergi, auk eldhúss, en sonur hans hefur 5. íbúðarherbergið. Á rishæðinni eru 3 herbergi, og býr dóttir hans í einu þeirra, en tvö þeirra eru seld á leigu.

Rishæð hússins nr. 6 við Úthlíð er svo háttað, að gera hefði mátt þar nægjanlega íbúð handa Gunnlaugi Lárussyni og fjölskyldu hans.

Þegar áfrýjandi gekk frá herbergjaskipan og innanbúnaði á efri hæð og rishæð hússins, mátti honum vera það ljóst,

að brátt myndi að því reka, að dóttir hans og Gunnlaugur maður hennar þörfnuðust íbúðar. Var honum því í lófa lagið að ganga svo frá innanbúnaði og herbergjaskipan í húsinu, að þau Gunnlaugur fengju þar íbúð á rishæð, en fjölskylda áfrýjanda hefði þó nægjanlegt húsnæði. Þegar á þetta er litið, eru ekki efni til að taka kröfu hans um útburð til greina. Ber því að staðfesta úrskurðinn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi Gísli Halldórsson greiði stefnda Eymundi Magnússyni kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 8. september 1948.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 6. þ. m., hefur gerðarbeiðandi Gísli Halldórsson, Úthlíð 6, krafizt þess, að gerðarþoli Eymundur Magnússon verði borinn út úr húsnæði því, sem hann hefur undanfarið haft á leigu í húsinu nr. 19 við Karlagötu.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Gerðarbeiðandi Gísli Halldórsson byggði húsið nr. 19 við Karlagötu árið 1940. Í ágústmánuði 1947 keypti hann efri hæð og rishæð hússins nr. 6 við Úthlíð og hefur búið þar síðan. Hins vegar seldi hann þá um leið efri hæð hússins nr. 19 við Karlagötu, en á enn neðri hæð og kjallara þess húss.

Húsnæði það, sem gerðarbeiðandi á í húsinu nr. 6 við Úthlíð, er nánar tiltekið 5 herbergi og eldhús á efri hæð og hefur gerðarbeiðandi þar 4 herbergi og eldhús til eigin afnota, en leigir uppkomnum syni sínum 1 herbergi. Á rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, en þeim fylgja engin eldhúsafnot.

Gerðarþoli Eymundur Magnússon tók á leigu 2 herbergi og eldhús á neðri hæð hússins nr. 19 við Karlagötu í júlímánuði 1944, og hefur hann búið þar síðan. Skriflegur samningur var ekki gerður um leigu gerðarþola.

Gerðarbeiðandi segir gerðarþola upp þessum leiguafnotum, miðað við 14. maí s. l., og var sú uppsögn lögð fyrir húsaleigunefnd. Upp-

sagnarástæðan var sú, að gerðarbeiðandi taldi sig hafa brýna þörf fyrir húsnæði gerðarþola til handa dóttur sinni, Fjólu, og manni hennar, Gunnlaugi Lárussyni, og 6 ára gömlu barni þeirra. Nefndur Gunnlaugur hefur undanfarin ár verið við nám í Svíþjóð, en kom hingað til lands á s. l. vetri, og kveður gerðarbeiðandi þau hjón vera húsnæðislaus. — Úrskurður húsaleigunefndar gekk hinn 18. júní s. l., og var nefnd uppsögn talin gild.

Þar sem gerðarþoli hafði uppsögn þessa að engu, ritaði gerðarbeiðandi fógetaréttinum hinn 29. júní s. l. og krafðist útburðar á gerðarþola. Færir hann sömu rök fyrir útburðarbeiðninni og á sínum tíma lágu fyrir húsleigunefnd, húsnæðisþörf dóttur sinnar og tengdasonar.

Gerðarþoli mótmælir framgangi hinnar umbeðnu gerðar. Hann kveður sig eiga samningslegan rétt til hinnar umdeildu íbúðar, því hann hafi greitt gerðarbeiðanda kr. 6000.00 til þess að öðlast leiguréttinn, og hafi gerðarbeiðandi þá lofað því, að honum yrði ekki sögð íbúðin upp. Þá hafi gerðarbeiðandi einnig á s. l. sumri selt íbúð í húsinu Karlagötu 19 og leigt út nokkur herbergi í húsinu Úthlíð 6, eftir að honum mátti vera fullkunnugt um þörf dóttur sinnar. — Enn fremur hafi gerðarbeiðandi tekið við leigu fyrir maí, júní og júlí s. l., án nokkurs fyrirvara, og sé slíkt að sjálfsögðu ósamrýmanlegt málarekstri út af uppsögn, sem taka átti gildi 14. maí s. l.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því mótmælt, að ofannefnd kr. 6000.00 greiðsla hafi verið annað en fyrirframgreiðsla á húsaleigu, og geti slík fyrirframgreiðsla að sjálfsögðu engin áhrif haft í máli út af brýnni þörf gerðarbeiðanda til húsnæðisins. Einnig tekur gerðarbeiðandi fram, að hann hafi því aðeins orkað að kaupa húsnæðið á Úthlíð 6, að hann seldi efri hæð hússins nr. 19 við Karlagötu.

Fyrir liggja húsaleigukvittanir á rskj. 7, og sýna þær, að gerðarbeiðandi hefur tekið við húsaleigu af gerðarþola fyrir maí, júní og júlí s. l., en enginn fyrirvari vegna uppsagnar þeirrar, sem mál þetta er af risið, er skráður á kvittanirnar. Með því að líta verður svo á, að þessi leiguviðtaka gerðarbeiðanda fái ekki samrýmst máli út af uppsögn, sem átti að taka gildi 14. maí s. l., ber þegar af þeirri ástæðu að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Rétt þykir, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 500.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal ekki fram fara.

Gerðarbeiðandi Gísli Halldórsson, Úthlíð 6, hér í bæ, greiði gerðarþola Eymundi Magnússyni, Karlagötu 19, kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. desember 1948.

Nr. 50/1948. **Jón G. Guðmann** (Hrl. Theódór B. Líndal)
gegn
Þórði Gunnarssyni og gagnsök
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Um öflun gagna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur gengur í máli þessu, þykir rétt að veita aðiljum kost á samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936, að afla eftirtalinna gagna.

1. Rétt þykir, að aflað sé yfirlýsingar póststjórnarinnar og Sjúkrasamlags Akureyrar um það, hvort þessir aðiljar hafi samþykkt, að gagnáfrýjandi höfðaði mál á hendur aðaláfrýjanda út af kröfum þeirra, sem hans eigin krafa væri.

2. Þá þykir og rétt, að aflað sé læknisvottorðs um heilsufar gagnáfrýjanda, eins og það er nú, og mats tryggingaryfirlæknis á því, hvort um varanlega örorku sé að ræða, og ef svo er, þá hversu mikil.

Enn fremur skal leitað þeirra gagna annarra, sem efni kunna að vera til.

Ályktarorð:

Aðiljum skal veittur kostur á að afla framangreindra gagna.

Miðvikudaginn 8. desember 1948.

Nr. 103/1946. **Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar og Verkakvennafélagið Einingin**
(Hdl. Gunnar E. Benediktsson)
gegn
Kaupfélagi verkamanna, Akureyri, og gagnsök (Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Gallar á málsmeðferð. Ómerking dóms og vísun krafna frá héraðsdómi.

Dómur hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðalaáfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. ágúst 1946. Krefjast þeir þess *aðallega*, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, *til vara* að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju, en *til þrautavara* að þeir verði sýknaðir af kröfum gagnáfrýjanda. Þeir krefjast og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. febrúar þ. á., skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 21. s. m. Krefst hann þess *aðallega*, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að afhenda honum eignarhluta sinn, þ. e. efri hæð í húseigninni nr. 7 við Strandgötu á Akureyri, ásamt lóðarréttindum og öðru því, er eignarhluta þessum fylgir samkvæmt afsali 28. september 1930, kvaða- og veðbandalaust, gegn greiðslu kr. 14 000.00, en til vara gegn greiðslu kr. 48 450.00. *Til þrautavara* krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt óheimilt að nota framangreindan húshluta fyrir annað en innanfélagssamkomur og aðra félagsstarfsemi aðaláfrýjenda sjálfra. Hvernig sem málið fer, krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Í máli, sem gagnáfrýjandi höfðaði gegn aðaláfrýjendum fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu 19. febrúar 1941, hafði hann uppi aðalkröfu, sem er sama efnis og framangreindar aðal- og varakröfur hans í máli þessu. Þessi krafa gagnáfrýjanda var tekin til úrlausnar í dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 7. júní 1941, og hefur þeim dómi ekki verið áfrýjað. Þar sem þannig lágu fyrir bindandi úrslit þessa sakarefnis, bar héraðsdómara að vísa framantöldum aðal- og varakröfum frá dómi, sbr. 195. og 196. gr. laga nr. 85/1936. Það hefur héraðsdómari ekki gert, og ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð, að því er þessar kröfur varðar, og vísa þeim frá héraðsdómi.

Í héraði hafði fyrirsvarsmaður gagnáfrýjanda, sem er ólöglærður, uppi þá þrautavarakröfu í máli þessu, að aðaláfrýjendur yrðu dæmdir til að fullnægja nefndum kaupsamningi frá 28. september 1930, þ. e. að nota húshlutann einungis á þann hátt, er samningurinn heimilar, þannig, að aðaláfrýjendur hætti að leigja eða lána öðrum húshluta þenna, en noti hann eingöngu sjálfir eftir því sem kaupsamningurinn heimilar og að þeir verði dæmdir til að hætta öllum dansleikjum í húsinu og öðru því, sem háreysti er að á svefntíma fólks á nóttunni, allt að viðlögðum 50 króna dagsektum. Kröfu svipaðs efnis hafði gagnáfrýjandi haft uppi í fyrrgreindu bæjarþingsmáli frá 1941, en ekki verður séð, að héraðsdómari hafi þá lagt dóm á hana, enda var krafan og svo óákveðin, að hún var ekki dómhæf. Kröfu um þetta efni mátti því hafa uppi í máli því, sem hér er til úrlausnar, en í héraði var krafa þessi þó enn mjög óljós, eins og að framan er rakið. Þrátt fyrir það hefur héraðsdómari, andstætt ákvæðum 114. gr. laga nr. 85/1936, látið undir höfuð leggjast að leiðbeina fyrirsvarsmanni gagnáfrýjanda um að lagfæra þessa óljósu kröfugerð og síðar lagt dómsorð á málið á þá lund, að aðaláfrýjendum var dæmt að haga afnotum sínum á nefndum húshluta í samræmi við ákvæði kaupsamningsins frá 28. september 1930, að viðlögðum 50 króna dagsektum frá birtingu dómsins. Brýtur sú úrlausn héraðsdómara í bága við 193. gr. laga nr. 85/1936. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm einnig að þessu leyti svo og

málsmeðferð í héraði frá þingfestingu og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar af nýju.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals kr. 3000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Gagnáfrýjunarleyfi í máli þessu var veitt eftir að liðinn var frestur sá, er greinir í 1. lið 2. málsgreinar 197. gr. laga nr. 85/1936, en fram er komið, að umboðsmaður gagnáfrýjanda fyrir hæstarétti á ekki sök á því, að leyfisins var eigi fyrr aflað.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur. Öll málsmeðferð, að því er varðar framangreindar aðal- og varakröfur, skal og vera ómerk, og vísast kröfum þessum frá héraðsdómi. Málsmeðferð, að því er tekur til fyrrtalinnar þrautavarakröfu, skal einnig vera ómerk frá þingfestingu málsins, og vísast þeirri kröfu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Gagnáfrýjandi, Kaupfélag verkamanna, Akureyri, greiði aðaláfrýjendum, Verkamannafélagi Akureyrarkaupstaðar og Verkakvennafélaginu Einingu, samtals kr. 3000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 7. júní 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 20. f. m., er höfðað að undangenginni árangurslausri sáttatilraun með stefnu útgefinni 13. sept. f. á. af Erlingi Friðjónssyni kaupfélagsstjóra, f. h. Kaupfélags verkamanna, Akureyri, gegn stjórn Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar, þeim Steingrími Aðalsteinssyni, Adólf Friðrikssyni, Rósberg G. Snædal, Lofti Meldal og Kristni Árnasyni, öllum á Akureyri, fyrir hönd félagsins og stjórn Verkakvennafélagsins Eining, þeim Elísabetu Eiríksdóttur, Sigríði Þorsteinsdóttur, Áslaugu Guðmundsdóttur, Lísbet Tryggvadóttur og Elísabetu Kristjánsdóttur, öllum á Akureyri, fyrir hönd félagsins, og gerir stefnandi þær dómkröfur aðallega, að téð félög verði dæmd til að afhenda stefnanda eignarhluta þeirra í húseigninni nr. 7 við Strandgötu á Akureyri, ásamt

lóðarréttindum, fyrir það verð, sem stefnandi seldi eignina með kaupsamningi, dags. 28. sept. 1930, kr. 14 000.00, og greiða 50 kr. dagsektir frá birtingu sáttafyrirkalls, þar til afhending fer fram. Til vara krefst hann þess, að nefnd félög verði dæmd til þess að uppfylla áðurnefndan kaupsamning, þ. e. nota aðeins téðan húshluta á þann hátt, er kaupsamningurinn heimilar, og greiði 50 kr. dagsektir sektir frá birtingu sáttafyrirkalls, þar til óleyfilegri notkun húshlutans verður hætt. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar eftir reikningi eða mati dómara. Undir rekstri málsins hefur stefnandi gert nýja varakröfu, þ. e. að stefnd félög verði dæmd til að afhenda stefnanda téðan húshluta fyrir verð, er dómkvaddir menn meta, og greiða 50 kr. dagsektir frá birtingu sáttafyrirkalls og þar til afhending fer fram, en varakrafa samkvæmt stefnu verði þrautavarakrafa.

Stefndu mótmæla öllum kröfum stefnanda og krefjast algerrar sýknu og málskostnaðar úr hendi hans. Til vara krefjast þau þess, ef stefndu verði dæmd til að afhenda eignina, að stefnanda verði gert að greiða hana því verði, sem dómkvaddir menn meta, að sé sannvirði hennar nú.

Málsatvik eru þessi:

Með kaupsamningi, dags. 28. sept. 1930, og árituðu afsali, dags. sama dag, seldi stefnandi Verkalýðsfélögunum á Akureyri hluta af húsinu nr. 7 við Strandgötu á Akureyri fyrir kr. 14.000.00. Húshluti þessi er efri hæð hússins með aðgangi að forstofu á neðri hæð og um bakdyrainngang, ásamt þriðjung lóðar þeirrar, er eigninni fylgdi, þó þannig, að stefnandi hafði eitt umráða- og afnotarétt lóðar þeirrar, sem ekki er notuð undir sameiginlegar byggingar stefnanda og verkalýðsfélaganna. Þá segir svo í kaupsamningnum orðrétt: „Hinn selda húshluta og nýbyggingu þá, sem verkalýðsfélögin síðar kunna að reisa á lóðinni, mega þau aðeins nota sem samkomuhús og fyrir aðra starfsemi sína, svo sem fyrir lestrarsali, afgreiðslu blaðs, skrifstofu félagsins, ráðningarstofur o. s. frv., nema þau fái leyfi K.V.A. til annarrar notkunar."

Brátt var farið að nota húshluta stefndu til dansleikja, en stjórn stefnanda taldi slíka notkun óheimila samkvæmt samningnum og gerði um það fundarályktun 18. nóv. 1931, þar sem slík notkun hússins var vítt og skorað var á verkalýðsfélögin að hætta notkun hússins á þann hátt. Áskorun þessi virðist ekki hafa borið árangur, því að með bréfum, dags. 15 .nóv. 1933, 30. marz 1935 og 14. okt. 1936, kærir stefnandi til lögreglustjóra skemmdir á neðri hæð hússins of völdum dansleikja á efri hæðinni auk ýmiss konar ónæðis og óþæginda af völdum nefndra dansleikja og skorar á lögreglustjóra að leyfa ekki dansleiki í húsinu. Áskorunum þessum virðist ekki hafa verið sinnt.

Með stefnu, útgefinni 19. febr. 1941, höfðaði stefnandi mál á hendur stefndu og hafði uppi sömu eða svipaðar kröfur og í máli

þessu, þ. e. að stefnd verði dæmd að viðlögðum dagsektum til að afhenda húshlutann gegn greiðslu kaupverðsins, kr. 14 000.00, að frádreginni fyrningu og til vara, að stefnd verði dæmd til, að viðlögðum dagsektum, að hætta óleyfilegri notkun hússins, en þá hafði brezka setuliðið haft húshluta stefndu á leigu um skeið og húshlutinn einnig áður verið notaður á ýmsan hátt, er stefnandi taldi brot á kaupsamningnum um húsið. Niðurstaða máls þessa varð sú, að stefndu voru dæmd að viðlögðum dagsektum til að haga afnotum af húshlutanum í samræmi við ákvæði kaupsamningsins.

Þrátt fyrir dóm þenna, héldu stefndu áfram afnotum húshlutans á ýmsan hátt, er stefnandi taldi fara í bága við kaupsamninginn. Með bréfi, dags. 25. febr. 1944, skoraði stefnandi á stefndu að hætta slíkum afnotum og segir þar m. a. á þessa leið: „Frá því á síðustu haustnóttum hafa t. d. verið haldnir þessir dansleikir í nefndum húshluta að næturlagi í algerðu óleyfi: Svokallað slátur-húsball, tveir dansleikir Sócialistafélags Akureyrar, dansleikur hjónaklúbbs, þorrablótsdansleikur og klúbbsins Allir eitt, sem hafður var um síðustu helgi og auglýstur þá í útvarpinu. Þá hefur pólitískt félag, Socialistafélag Akureyrar, skrifstofu sína í þessu húsi, afgreiðslu blaðs og fundarhöld sín. Karlakór Akureyrar hefur þar og söngæfingar, einnig er nokkur hluti húseignarinnar leigður til íbúðar."

Frá því bréf þetta var ritað og þar til sáttakæra var gefin út 24. apríl 1945, hafa verið haldnir í húsinu 16 dansleikir, sem skemmtanaskattur hefur verið greiddur af, auk ýmissa fundarhalda, svo sem félagsfunda Iðju, Sjómannafélagsins og Bílstjórafélagsins og árshátíð Socialistafélags Akureyrar. Þá hafði Socialistafélag Akureyrar þar skrifstofu sína og fundarhöld og afgreiðslu blaðs, er félagið gefur út. Karlakór Akureyrar hefur þar söngæfingar og hluti hússins er leigður til íbúðar.

Kröfu sína um að fá húshlutann afhentan og kaupunum riftað, byggir stefnandi á ofangreindri óleyfilegri notkun húshlutans og ítrekuðum vanefndum kaupsamningsins að þessu leyti, sem hann telur fara í bága við hagsmuni sína. Dómkvaddir skoðunarmenn hafa rannsakað húsið með tilliti til styrkleika þess. Er það nær 40 ára gamalt timburhús, og telja skoðunarmennirnir, að það liggi undir skemmdum vegna þunga og hristings, þegar dansað er á efri hæð, vegna þess að undirstöður þess séu mjög ótraustar og þegar farnar að ganga úr skorðum.

Telur stefnandi vanefndir kaupsamningsins það stórfelldar, að riftun varði. Verði hins vegar svo litið á, að ekki sé tilhlýðilegt að stefndu afhendi til baka húshlutann gegn greiðslu upphaflegs kaupverðs með tilliti til verðbreytinga á peningum, gerir stefnandi þá kröfu til vara, að húshlutinn verði, að viðlögðum dagsektum afhentur gegn verði, er dómkvaddir menn meta, miðað við núgildandi verðlag og þær kvaðir, er á eigninni hvíla. Hefur mat þetta farið

fram, og hafa yfirmatsmenn metið eign stefndu, að teknu tilliti til kvaða, á kr. 48 450.00. Til þrautavara er gerð krafa um að stefndu verði, að viðlögðum dagsektum, dæmd til að haga notkun sinni á eigninni í samræmi við kaupsamninginn, og byggist krafa þessi á framangreindum brotum stefndu á kvaðaákvæðum kaupsamningsins.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að notkun eignarinnar, eins og að framan segir, séu ekki brot á kaupsamningnum og því fullkomlega heimil. Telja þau fyrst og fremst, að þeim sé heimilt að nota eignina sem samkomuhús í rýmstu merkingu til hvers konar samkvæma og mannfunda, sem þau halda eða leyfi öðrum að halda, enda sé tekjuöflun til handa samkomuhúsinu ríkur þáttur í starfsemi þeirra, Þá telja þau sér heimilt að leyfa stjórnmálafélögum, hliðhollum verkalýðshreyfingunni, afnot hússins án leyfis stefnanda. Sama máli gegnir um afgreiðslu blaðsins Verkamannsins, sem var í húsinu um skeið.

Orðalag kaupsamningsins, sem hér er tilgreint að framan varðandi takmörkun á afnotum húshluta stefndu, telur dómarinn að skilja beri svo, að stefndu megi einungis nota húshlutann fyrir samkomur stefndra verkalýðsfélaga og aðra starfsemi félaganna sjálfra.

Orðalagið „mega þau aðeins nota sem samkomuhús og fyrir aðra starfsemi sína" o. s. frv. verður ekki skilið á annan hátt en að átt sé við samkomur verkalýðsfélagnna, er séu liður í starfsemi þeirra. Hins vegar verður ekki talið, að t. d. danssamkomur, sem félögin standa fyrir, séu liður í starfsemi þeirra og í þeirri merkingu, sem kaupsamningurinn á við, og þá að sjálfsögðu enn þá síður danssamkomur eða aðrar samkomur, sem aðrir en stefnd verkalýðsfélög standa fyrir. Það verður heldur ekki talið eiga stoð í nefndum samningi, að stefndu sé heimilt að leyfa félögum afnot húshlutans, þótt þau hafi socialistiska stefnuskrá, án þess að leyfi stefnanda komi til né fyrir afgreiðslu annarra blaða en þeirra, sem stefnd verkalýðsfélög kunna að gefa út. Sama máli gegnir um starfsemi annarra en stefndu sjálfra, svo sem fullrúaráðs verkalýðsfélaganna, Karlakórs Akureyrar o. s. frv.

Það er upplýst í málinu og viðurkennt, að húshlutinn hefur þráfaldlega verið notaður á þann hátt, er hér er talinn óheimill án leyfis stefnanda, allt frá því skömmu eftir að kaupsamningur var gerður. Hafa því nefnd samningsákvæði verið freklega brotin af hálfu stefndu. En með tilliti til þess, hve ástand þetta hefur varað lengi, án þess að stefnandi hæfist handa um riftun kaupanna, þykir ekki unnt að taka til greina aðal- eða varakröfu hans um riftun þeirra. Hins vegar verður ekki litið svo á, að stefnandi hafi viðurkennt heimild stefndu til þess að nota húshlutann á þann hátt, sem fer í bága við samninginn, þar sem hann hefur hvað eftir annað

skorað á stefndu að hætta slikum afnotum og fengið viðurkennt með dómi, að stefndu var óheimilt að leigja brezka setuliðinu hús-hlutann á sínum tíma.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að þrautavarakrafa stefnanda verður tekin til greina, þannig, að stefnd verkalýðsfélög verða dæmd, að viðlögðum 50 króna dagsektum frá birtingu dóms þessa, til þess að haga afnotum sínum á umræddum eignarhluta þeirra í húsinu nr. 7 við Strandgötu í samræmi við framangreindan kaupsamning, dags. 28. sept. 1930. Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir hæfilegt, að stefndu greiði stefnanda kr. 1500.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, stjórnum Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar og Verkakvennafélagsins Eining f. h. félaganna, skal skylt að haga afnotum sínum af eignarhluta þeirra í húseigninni nr. 7 við Strandgötu á Akureyri í samræmi við ákvæði kaupsamnings um eignina, dags. 28. sept. 1930, að viðlögðum 50 króna dagsektum frá birtingu dóms þessa og greiði stefnanda, Kaupfélagi verkamanna, kr. 1500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 10. desemeber 1948.

Nr. 129/1948. **Valdstjórnin** (Hrl. Einar Ásmundsson)
gegn
Ólafi Péturssyni (Hrl. Sigurður Ólason).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Ölvun við akstur.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 400 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði Ólafur Pétursson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Sigurðar Ólasonar, 400 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 4. maí 1948.

Ár 1948, þriðjudaginn 4. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Einari Ingimundarsyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2132/1948: Valdstjórnin gegn Ólafi Péturssyni, sem tekið var til dóms þann 15. fyrra mánaðar.

Málið er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærða Ólafi Péturssyni hljóðfæraleikara, Njálsgötu 38 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, til refsingar, sviptingar ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 10. maí 1921 í Reykjavík, og hefur hann, svo vitað sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1936 $^{17}/_{1}$ Kærður fyrir hlutdeild í þjófnaði. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1940 $^{30}/_{5}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir hjólreiðar í Bankastræti.
1945 $^{24}/_{7}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
1945 $^{14}/_{10}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Hann heldur því þó fram, að hann hafi ekki verið hlutdeildarmaður í þjófnaði árið 1936, heldur aðeins tekið við stolnum munum í góðri trú.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Aðfaranótt laugardagsins 26. júlí s. l. var Jón Jóhannsson sjómaður, Framnesvegi 46 hér í bæ, vökumaður á ameríska skipinu True Knot, sem þá lá hér á höfninni. Hefur hann sem vitni skýrt svo frá, að um kl. 3—3½ umrædda nótt hafi 2 menn komið upp að landgöngubrú skipsins og síðan komið upp í skipið. Segir vitnið menn þessa báða hafa verið greinilega undir áhrifum áfengis, en þó miklu meira þann þeirra, sem var hærri vexti, og verið mun hafa kærði. Hafi nú kærði gert kröfu til þess að fá að fara um borð í skipið, en það vildi vitnið ekki leyfa og gerði aðvart um, að það þyrfti á hjálp að halda. Kom þá bráðlega 2. stýrimaður af skipinu

vitninu til aðstoðar og segir það þá tvo nú hafa beðið kærða um að hafa sig á brott, en hann hafi brugðizt illa við þeim tilmælum. Færðu skipverjar á nefndu skipi hann í land, en er því var lokið, hafi maðurinn, sem með kærða var, verið farinn á brott og er ekki vitað um ferðir hans eftir það eða nein deili á honum. Stuttu eftir að kærði var færður í land, komu lögreglumenn að og handtóku hann. Vitnið kveðst ekki hafa séð kærða og félaga hans koma út úr neinni bifreið, áður en hann (kærði) tók að freista að komast út í skipið, en meðan það var að tala við hann (kærða) hafi það veitt athygli bifreið, sem lagt hafði verið milli tveggja stórra kassa á hafnarbakkanum, og segir vitnið sér þegar hafa dottið í hug, að kærði og félagi hans hefðu komið út úr henni, þótt ekki sæi það þá gera það.

Það voru lögreglumennirnir Garðar Hannes Guðmundsson, Konráð Ingimundarson, Gísli Guðmundsson og Magnús Magnússon, sem handtóku kærða við skipið „True Knot". Færðu þeir hann á lögregluvarðstofuna, þar sem Kjartan Bjarnason lögregluþjónn yfirheyrði hann, en að þeirri yfirheyrslu lokinni var hann settur í fangageymslu lögreglunnar og hafður þar sem eftir var nætur. Á leiðinni frá skipinu að lögregluvarðstofunni tók kærði að tala um, að hann hefði verið með bifreið niður við skipið. Segjast lögregluþjónarnir Magnús Magnússon og Gísli Guðmundsson síðan hafa heyrt hann játa, að hann hefði ekið bifreið sinni þá skömmu áður og kveikilásIykla bifreiðar sinnar hafi hann verið með í vösum sínum, þegar hann var handtekinn. Öllum ber þeim lögregluþjónunum saman um, að kærði hafi verið áberandi ölvaður, þegar þeir tóku hann höndum. Eins og áður er minnzt á, yfirheyrði Kjartan Bjarnason lögregluþjónn kærða, er komið var með hann á lögregluvarðstofuna, en nefndur lögreglumaður gegndi þar þá varðstjórastörfum. Segir hann kærða einnig hafa verið mjög ölvaðan þá og minnir, að hann hafi afhent sér (Kjartani) kveikilykla bifreiðar sinnar (kærða). Segir lögregluþjóninn kærða fyrst í stað hafa haldið því fram, að annar maður, sem hann vildi ekki segja hver var, hafi ekið bifreið sinni fyrir sig um nóttina. Annars hafi verið erfitt að fá botn í það, sem kærði sagði við yfirheyrsluna, því að hann hafi borið sitt á hvað og komizt margsinnis í mótsögn við sjálfan sig.

Kvaddur hefur verið sem vitni í máli þessu Höskuldur Þórhallsson hljóðfæraleikari, Tryggvagötu 6 hér í bæ, en vitnið hitti kærða í veitingasölum Hótel Borg einhvern tíma fyrir kl. 11½ að kvöldi þess 25. júlí s. l., og telur vitnið, að ekki hafi hann þá verið undir áhrifum áfengis. Sat vitnið að vindrykkju í fyrr nefndu veitingahúsi, ásamt Hendrik Sigurði Gunnari Rasmus, er kærði kom inn á veitingahúsið og settist hjá þeim félögum. Telur vitnið kærða einskis áfengis hafa neytt með þeim á þessu veitingahúsi, en bráðlega hafi þeir allir 3 farið út í Tjarnarcafé við Vonarstræti og hafi kærði ekið þeim þangað í bifreið sinni. Er þangað var komið, segir það þá

síðan alla 3 hafa drukkið innihald 1 brennivínsflösku, sem Hendrik Sigurður átti, en ekki mun hafa verið leyfi til vínveitinga á þessu veitingahúsi. Ekki kveðst vitnið geta sagt um, hvort sézt hafi áhrif áfengis á kærða af vínneyzlunni í Tjarnarcafé, enda hafi það, er hér var komið, sjálft verið talsvert undir áhrifum áfengis. Það varð ekki samferða kærða af þessu veitingahúsi (Tjarnarcafé) og veit það því ekki, hvert hann kann þá að hafa farið. Kvaddur hefur einnig verið sem vitni fyrrnefndur Hendrik Sigurður Gunnar Rasmus hljóðfæraleikari, Hringbraut 73, hér í bæ, og er framburður þess í öllum aðalatriðum í samræmi við framburð vitnisins Höskuldar Þórhallssonar hér að framan. Segir vitnið Hendrik Sigurður kærða hafa komið á Hótel Borg rétt fyrir kl. 10 e. h. umrætt kvöld. Telur það hann þá hafa verið með öllu algáðan og segir hann ekki hafa neytt áfengis með þeim Höskuldi á nefndu veitingahúsi, en eftir að komið var í Tjarnarcafé, en þangað hafi kærði ekið þeim, hafi þeir allir 3 sezt þar að drykkju og neytt brennivíns og aquavitae, sem vitnið átti. Telur vitnið kærða eftir það brátt hafa orðið ölvaðan. Um kl. 11½ um kvöldið segir vitnið kærða hafa farið út úr veitingahúsinu Tjarnarcafé á undan þeim Höskuldi Þórhallssyni og veit það ekki, hvað nú varð af honum og sá hann ekki framar þetta kvöld. Það minnist þess, að kærði hafi haft orð á því, áður en hann fór út af veitingahúsinu, að hann þyrfti að fá einhvern mann til að aka bifreið sinni fyrir sig, en ekki veit vitnið, hvort nokkuð varð úr þessu.

Kvaddur hefur enn fremur verið sem vitni við rannsókn þessa máls Einar Guðjón Benediktsson Waage hljóðfæraleikari, Mávahlíð 1, hér í bæ. Er vitnið í hljómsveit Tjarnarcafé h/f og var við vinnu sína þar að kvöldi þess 25. júlí s. l. Kveðst það hafa hitt kærða þar, átt við hann stutt samtal og veitt því athygli, að hann hafi verið allmikið undir áhrifum áfengis, en ekki vitað neitt, hvað af honum varð, er veitingahúsinu var lokað um kl. 11½ um kvöldið.

Kærði hefur sjálfur skýrt þannig frá málavöxtum, þó ekki fyrr en hann var búinn að breyta framburði sínum frá því, sem hann upphaflega var. Hann kveðst hafa verið nýlega kominn úr ferðalagi ofan úr sveit, þegar hann kom í veitingasali Hótel Borg að kvöldi þess 25. júlí s. l. og kveðst hann þá ekki hafa verið tekinn að bragða áfengi. Á Hótel Borg kveðst kærði ekki hafa neytt neins áfengis, en farið þaðan bráðlega með þeim Höskuldi Þórhallssyni og Hendrik Sigurði Gunnari Rasmus út í veitingahúsið Tjarnarcafé og hafi hann ekið þeim þangað í bifreið sinni R 5427 (sic). Á nefndu veitingahúsi kveðst hann hafa tekið að neyta áfengis, hafi það verið brennivín og aquaviti, sem Hendrik Sigurður átti. Segir hann nú áfengi þetta hafa svifið svo á sig, að hann muni ekki eftir ferli sínum frá því hann fór út úr veitingahúsinu Tjarnarcafé, þar til hann var handtekinn um nóttina. Kveður hann sig þó minna, að hann hafi farið inn í bifreið sína, sem stóð fyrir utan Tjarnarcafé, er hann fór þaðan

út um kvöldið eða nóttina, en segir sig einnig ráma í eða vera viss um, að einhver eða einhverjir hafi þá verið í fylgd með sér, en hefur aldrei við rannsókn málsins getað tilnefnt neinn eða neina sérstaka menn. Kveðst kærði ekki minnast þess sérstaklega, að neinn maður hefi verið með sér, þegar hann fór um borð í skipið „True Knot". Ekki kveðst kærði muna, hvort hann hafi ekið bifreið sinni, þegar hann fór út úr margnefndu veitingahúsi, eða hvort einhver annar hafi gert það fyrir sig. Hann lét þess þó getið í réttarhaldi þann 26. júlí s. l., að hann hefði verið með kveikiláslykla bifreiðar sinnar á sér, er hann var handtekinn, og taldi því sennilegast, að hann hefði sjálfur ekið bifreið sinni niður að höfn. Ekki kveðst kærði muna, hvort hann hafi viðurkennt það við yfirheyrzlu á lögregluvarðstofunni, eftir að hann var handtekinn, að hann hefði þá nýlega ekið bifreið sinni. Hann telur sennilegt, að hann hafi neytt einhvers áfengis frá því hann fór úr Tjarnarcafé umrætt kvöld, þar til hann var handtekinn um nóttina, en man ekki, hvar það hafi verið. Kærði hefur tekið fram, að það komi oft fyrir, að hann gleymi löngum köflum úr ferli sínum, þegar hann sé mjög ölvaður, eins og hann hafi verið umrædda nótt, og komi hann því þá aldrei fyrir sig, sem gerzt hafi. Telur kærði hafa verið svo mikil brögð að ölvun sinni þessa nótt, að hann hefði þá naumast getað ekið bifreið. Eins og áður var lítillega að vikið, skýrði kærði við frumrannsókn málsins á allt annan veg frá málavöxtum, en hér að framan hefur verið rakið. Kvaðst hann þá hafa ekið bifreið sinni beina leið niður að höfn eftir að hann kom úr ferðalaginu nefnt kvöld, en farið síðan heim til Höskuldar Þórhallssonar á Tryggvagötu 6. Hafi þeir Höskldur síðan farið fótgangandi í veitingahúsið Tjarnarcafé, einskis áfengis neytt þar, en farið þaðan ásamt Bóbó Waage (Einari Guðjóni Benediktssyni Waage) heim til Höskuldar og neytt þar áfengis, sem hann (Höskuldur) hafi átt. Síðan kveðst kærði hafa ætlað að hitta kunningja sinn um borð í skipinu True Knot, en hann þá ekki verið þar og upp úr því hafi lögreglan handtekið sig. Þessum framburði sínum breytti kærði sama dag og hann hafði látið hafa hann eftir sér til samræmis við það, sem áður er rakið, og telja verður réttara eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja í máli þessu.

Með viðurkenningu kærða á því, að hann hafi verið með kveikiláslykla bifreiðar sinnar í vösum sínum, er hann var handtekinn umrædda nótt, en þetta hafa lögreglumenn einnig borið, að verið hafi, þeirri skoðun kærða, að sennilegt sé, að hann hafi ekið bifreið sinni að skipinu True Knot einnig þá sömu nótt, framburði tveggja lögreglumanna um, að kærði hafi viðurkennt það, þegar eftir að hann var handtekinn, að hann hefði þá nýlega ekið bifreið sinni svo ölvaður sem hann var, en því hefur kærði aldrei mótmælt að hann hafi verið, heldur þvert á móti reynt að gera sem mest úr ölvun sinni, svo og með tilliti til reikuls og óákveðins fram-

burðar kærða við rannsókn málsins, verður að telja nægilega sannað, að hann hafi ekið bifreið sinni R 5427 undir áhrifum áfengis aðfaranótt þess 26. júlí s. l. og hefur hann með því athæfi sínu brotið 21. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941, og þykir refsing hans samkvæmt 39. gr. áfengislaganna og 38. gr. bifreiðalaganna hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber samkvæmt 21., sbr. 39. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna að svipta kærða leyfi til að aka bifreið í 4 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 300.00.

Á rekstri máls þessa hefur orðið nokkur dráttur, og stafar hann af miklum embættisönnum dómarans.

Þess skal getið, að sá þáttur málsins, sem snýr að broti þeirra Hendriks Sigurðar Gunnars Rasmus og Höskuldar Þórhallssonar hefur verið afgreiddur sérstaklega.

Dómsorð:

Kærði Ólafur Pétursson sæti varðhaldi í 10 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 4 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. desember 1948.

Nr. 119/1948. **Valdstjórnin** (Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
Snæbirni Stefánssyni
(Hrl. Gunnar Þorsteinsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og Einar Arnalds borgardómari í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Forstöðumaður Sjómannaskólans hefur markað á sjóuppdrátt stað skips kærða í landhelgi, og reyndist hann vera 1.2 sjómílu fyrir innan landhelgislínu.

Af lögum nr. 14/1948 og forsögu þeirrar verður ekki ráðið með öruggri vissu, að þeim hafi verið ætlað að taka til fésekta, sem miðaðar eru við gullkrónur samkvæmt lögum nr. 4/1924. Verður sekt kærða því einungis ákveðin eftir 1., sbr. 4. gr. laga nr. 5/1920 og lögum nr. 4/1924. Þykir refsing kærða með hliðsjón af gullgildi íslenzkrar krónu, sem nú er 33.96, og þegar þess er gætt, að hér var um togbát að ræða, 53.27 smálestir að stærð, hæfilega ákveðin kr. 29 500.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 6 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku veiðarfæra og málskostnað í héraði staðfestast.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði Snæbjörn Stefánsson greiði kr. 29 500.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 6 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku veiðarfæra svo og um málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Gunnars Þorsteinssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Keflavíkur 9. júní 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 9. júní, var í lögreglurétti Keflavíkur, sem haldinn var af Alfred Gíslasyni lögreglustjóra á skrifstofu réttarins, upp kveðinn dómur í málinu: Valdstjórnin gegn Snæbirni Stefánssyni, sem dómtekið var í dag.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærða Snæ-

birni Stefánssyni, skipstjóra á v/b Skálafelli RE 20, til heimilis Grettisgötu 66 í Reykjavík, fyrir brot á lögum nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Reykjavík 22. sept. 1889, og hefur ekki, svo vitað sé, sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot.

Málavextir eru þessi:

Þriðjudaginn 8. júní 1948 kl. 19.20 sáu skipsmenn á varðskipinu Víkingi mótorskipið Skálfell, er var að toga með stjórnborðsvörpu. Var sett bauja í kjölfar skipsins og gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Keilir

$> 17° 00'$

Þórðarfell

$> 52° 00'$

Reykjanesviti

Gefur staðarákvörðun þessi stað skipsins 1.2 sjómílur innan landhelgislínunnar.

Kærði hefur haldið því fram hér í réttinum, að hann hafi talið sig vera utan landhelgislínunnar í umrætt skipti og stuðzt við mið í landi og áttavita skipsins, en dýptarmælir var ekki í lagi. Hann hefur hins vegar lýst yfir því, að hann vefengdi ekki mælingar varðskipsins og lýst því yfir, að ákvörðun staðar þess, er skip hans var statt á, er varðskipið kom að því, sé rétt.

Verður rétturinn að líta svo á, að kærði hafi samkvæmt framansögðu verið að botnvörpuveiðum innan landhelgi í umrætt skipti, og varðar brot hans við 1. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 5 18. maí 1920.

Þykir refsing hans, með tilliti til laga nr. 4/1924, sbr. lög nr. 4/1948 hæfilega ákveðin kr. 88 500.00 sekt til landhelgissjóðs Íslands, og er þá tekið tillit til gullgengis íslenzkrar krónu. Komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir v/b Skálafells RE 20, skulu upptæk ger, og renni andvirði þeirra til landhelgissjóðs Íslands. Afli fyrirfannst enginn í skipinu, er það var stöðvað.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Málið hefur verið rekið vitalaust.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Snæbjörn Stefánsson skipstjóri greiði 88 500 króna sekt í landhelgissjóð Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Öll veiðarfæri v/b Skálafells RE 20 skulu gerð upptæk til sama sjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. desember 1948.

Nr. 123/1948. **Valdstjórnin** (Hdl. Jón N. Sigurðsson)
gegn
Guðmundi Vigfússyni
(Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Kærði var staðinn að því að vera með botnvörpu í sjó í landhelgi, og hefur hann ekki fært sennileg rök fyrir því, að vörpunni hafi verið kastað í öðru skyni en til fiskveiða. Með þessari athugasemd og að því athuguðu, að gullgengi íslenzkrar krónu er nú hið sama, sem getur í héraðsdómi, ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur á sekt kærða ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa, og komi 6 mánaða varðhald í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan þess tíma.

Eftir þessum málsúrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 900.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur á sekt kærða Guðmundar Vigfússonar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa, og komi 6 mánaða varðhald í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan þess tíma.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, cand jur. Jóns N. Sigurðssonar og Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 900.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. maí 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 19. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu borgardómara að Tjarnargötu 10 af Gunnari A. Pálssyni setudómara kveðinn upp dómur í málinu: Valdstjórnin gegn Guðmundi Vigfússyni, sem tekið var til dóms 3. þ. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Vigfússyni skipstjóra, Helgafellsbraut 15 í Vestmannaeyjum, fyrir brot gegn lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot, til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Kærði er fæddur í Vestmannaeyjum 10. febrúar 1906 og því kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefur, svo kunnugt sé, sætt þeim refsingum, er nú greinir:

1930 7/7 Sætt í Reykjavík, 50 króna sekt fyrir ölvun.
1930 4/8 Sætt á Siglufirði, 90.00 króna sekt og 7.00 króna skaðabótagreiðslu fyrir götuóspektir og fataspjöll.
1932 14/9 Dómur aukaréttar Vestmannaeyja, 300.00 króna sekt fyrir brot gegn 101. gr. hegningarlaganna.
1933 10/3 Kærður fyrir brot gegn fiskiveiðasamþykkt Vestmannaeyja. Sannaðist ekki og látið falla niður.
1933 10/4 Sætt í Vestmannaeyjum, 50.00 króna sekt fyrir ölvun og óspektir.
1937 22/2 Sætt í Vestmannaeyjum, 25.00 króna sekt fyrir brot gegn fiskiveiðasamþykkt Vestmannaeyja.

Atvik máls þessa eru þau, að klukkan 10.30 miðvikudaginn 31. marz s. l. var Grummanflugbátur flugfélagsins Loftleiða h/f hafinn til flugs af flugvellinum í Reykjavík. Flugmenn voru þeir Alfred Elíasson flugstjóri, Eskihlíð 7 og Stefán Magnússon flugmaður, Laugahvoli við Laugarásveg, báðir í Reykjavík. Var flugvélin send af Pálma Loftssyni, framkvæmdastjóra landhelgisgæzlunnar, og var ferðinni heitið með suðurströndinni austur að Ingólfshöfða, í því skyni að athuga um ólögmætar veiðar. Voru því með í förinni landhelgisgæzlumennirnir Jón Jónsson skipherra, Njálsgötu 4 og Eyjólfur Hafstein 1. stýrimaður, Kjartansgötu 3, báðir í Reykjavík. Hefur Jón skipherra sem vitni skýrt frá ferðum flugvélarinnar á þá leið, er nú verður greint, og hefur Eyjólfur 1. stýrimaður, og sem vitni, staðfest frásögn hans, svo og báðir fyrrgeindir flugmenn, einnig sem vitni, að því leyti, sem þeir hafa verið spurðir. Kveður Jón skipherra, að flogið hafi verið yfir Reykjanesskaga og komið að sjó við Krísuvíkurberg. Síðan hafi verið flogið yfir bergkantinn með stefnu á Selvogsvita. Klukkan 10.53 hafi verið flogið yfir togbát, staddan á Herdísarvík vestanverðri. Við athugun hafi komið í ljós, að togbátur þessi hafi verið v/b Vonin VE 113 frá Vestmannaeyjum, en hún er að stærð 65 smálestir brúttó, með 160 hestafla vél, og eru

eigendur hennar kærði Guðmundur Vigfússon og bræður hans tveir, Jón Vigfússon og Guðlaugur Vigfússon, báðir til heimilis í Vestmannaeyjum. Voru allir eigendurnir á bátnum í þetta skipti, kærði Guðmundur skipstjóri, Jón 1. vélstjóri og Guðlaugur háseti. Þar eð landhelgisgæzlumönnunum virtist v/b Vonin vera að ólöglegum togveiðum í landhelgi, gerðu þeir sérstakar athuganir um stað hennar og athafnir. Var flugvélin látin fljúga austur með skipinu og nokkuð austur fyrir það, síðan vestur með því aftur og nokkuð vestur fyrir það. Loks var flogið aftur austur með skipinu og haldið áfram austur með landi til að athuga, hvort ekki væru fleiri skip eða bátar að ólöglegum veiðum í landhelgi. Á tveim fyrrgreindu ferðunum var staðarákvörðun bátsins ger og athafnir á honum athugaðar. Var flogið eins nálægt bátnum og flugmennirnir töldu óhætt, og er ágreiningslaust í máli þessu, að mjög nálægt honum hafi verið flogið. Reyndist staður bátsins í fluglínunni, þegar flogið var í beina línu frá Krísuvíkurbergi með stefnu á Selvogsvita. Taldi Jón skipherra í fyrstu stað bátsins 2.8 sjómílur innan landhelgislínu, og kvað kærði Guðmundur það áreiðanlega svo nærri réttu lagi, að hann sá ekki ástæðu til að véfengja það. Síðar markaði skipherrann stað bátsins á sjókort með stærri mælikvarða en kort það hafði, er hann markaði staðinn á í fyrstu, og bar um staðarákvörðunina eftir. Kom þá í ljós, að kortið, er hann hafði markað stað bátsins á fyrr, hafði ekki verið fyllilega nákvæmt vegna smæðar sinnar, og reyndist staður bátsins að réttu vera 2.65 sjómílur innan landhelgislínu. Var stærra kortið með ámörkuðum stað bátsins af skipherranum lagt fram í rannsókn málsins og ekki gerðar athugasemdir um hann af Unnsteini Beck lögfræðingi, er dómarinn hafði falið að gæta réttar kærða, er sjókortið var lagt fram, þar eð það var gert í Reykjavík, að kærða fjarstöddum. Þá hlutaðist dómarinn og til um, að skólastjóri Stýrimannaskólans, Friðrik Ólafsson, fyrrverandi varðskipsforingi, kynnti sér gögn málsins og athugaði staðarákvörðun skipherrans. Taldi skólastjórinn staðarákvörðunina rétta á kortinu, eftir því sem upp væri gefið, og staðfesti það álit sitt með áritun á fyrrgreint sjókort í viðurvist dómarans. — Að þessu athuguðu, svo og því, að staðarákvörðunin hefur fyllstu stoð í vitnaframburðum flugmannanna, þykir ekki vafi leika á um það, að v/b Vonin hafi verið stödd á vestanverðri Herdísarvík, 2.65 sjómílur innan landhelgislínu, þegar landhelgisgæzlumennirnir athuguðu hana á fyrrgreindum tíma.

Við athugun sína sáu gæzlumennirnir, að verið var að draga inn botnvörpu á v/b Voninni. Töldu þeir hana því vera að botnvörpuveiðum í landhelgi, og er þeim komu heim, sendu þeir bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum símskeyti, og kærðu skipstjórann fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi. Var rannsókn síðan hafin af settum bæjarfógeta, Axel Ó. Ólafssyni bæjarfógetafulltrúa, 2. f. m., en vegna anna taldi hann sig ekki geta haldið henni áfram og lokið málinu. Hinn 7.

sama mánaðar var Gunnar A. Pálsson, lögfræðingur í Reykjavík, skipaður til þess að fara með málið sem setudómari. Hefur hann því farið með það síðan.

Kærði neitar því ákveðið að hafa verið að botnvörpuveiðum í landhelgi umrætt skipti. Hefur hann skýrt svo frá ferðum sínum, að hann hafi farið í róður frá Vestmannaeyjum aðfaranótt 30. marz s. l., klukkan um 4. Fyrst hafi hann varpað botnvörpu sinni um 20 sjómílur NVa N frá Faxaskeri, en síðan flutt sig og verið að veiðum vestur undir Selvogi frá klukkan 11 greindan dag til klukkan um 3.30 aðfaranótt 31. marz. Í síðasta toginu þar hafi varpan rifnað svo mikið, að hann hafi þurft að taka í notkun varavörpu, er hann hafði um borð. Til þess að hún yrði veiðihæf, hefði þó þurft að gera nokkuð við hana, auk þess sem þurft hefði að „slá undan" vörpunni, er rifnað hefði (þ. e. losa hana frá fótreipinu) og „slá undir" varavörpuna (þ. e. festa hana við fótreipið). Varavarpan hafi verið geymd uppi á palli á hæð við bátaþilfar yfir afturhluta bátsins og hafi þurft að vinna að lagfæringu hennar þar. Hafi sér því þótt óruggara, vegna þeirra, er að henni unnu, að sigla upp undir land, og einnig hafi það ýtt undir sig um að sigla upp undir, að hann hafi í þetta skipti verið að gera tilraunir um breytingu á vörpunni, enda hefði hún áður reynzt verr en skyldi, og hafi hann því viljað athuga hana í næði. Af þessum ástæðum segist hann hafa siglt af stað inn á Herdísarvík kukkan um 4 að morgni hins 31. marz s. l. og verið kominn þangað klukkan um 5 um morguninn. Sagði hann í fyrstu, að ekkert hefði verið unnið að fyrrgreindum aðgerðum við vörpurnar á leiðinni upp undir, en síðar, eftir að nokkrir bátverjar höfðu borið, að þeir hefðu unnið að báðum vörpunum á leiðinni, sagði hann, að eitthvað hefði verið unnið að rifnu vörpunni, og einnig kynni eitthvað að hafa verið unnið að varavörpunni, en þó að sér óafvitandi og ekki eftir skipun sinni. Er komið hafði verið inn á Herdísarvík, hafi verið unnið óslitið að aðgerðum, unz þeim hafi verið lokið um það leyti, er gæzluflugvélin flaug yfir bátinn, klukkan 10.53. Er flugvélin flaug yfir, hafi verið svo ástatt um borð, að toghlerarnir hafi hangið í gálganum utanborðs, aðgerðinni á varavörpunni hafi verið lokið, búið hafi verið að lása vörpustrengina („grandrópana") í vörpuvænginn og varpa vörpunni af fyrrgreindum palli í sjóinn, en að því loknu hafi varpan verið dregin fram með bátnum og síðan dregin inn stjórnborðsmegin á venjulegum stað eins og eftir tog. Þegar er því hafi verið lokið, segir kærði, að siglt hafi verið af stað út af víkinni, og er það í samræmi við framburði gæzlumanna.

Þá aðferð við flutning varavörpunnar niður á þilfar, er nú hefur verið lýst, telur kærði hafa verið alveg eðlilega, eins og þarna hafi staðið á, enda í samræmi við venju sína.

Samkvæmt því, er nú var rakið, hefur kærði þannig viðurkennt, að verið hafi verið að draga vörpuna inn stjórnborðsmegin á bátn-

um, þegar flugvélin flaug yfir hann, enda þótt hann hafi ekki viljað viðurkenna að hann hafi verið að togveiðum þarna. Einnig hefur hann viðurkennt, að nokkur óaðgerður afli hafi verið á þilfari bátsins.

Í rannsókn málsins voru bátverjar kærða krafðir vættis. Eru tímaákvarðanir vitna þessara nokkuð á reiki, en í aðalatriðum eru vitnaskýrslur þeirra svipaðar frásögn kærða. Verða nú framburðir bátverja, þeir, er nokkurs eru verðir, raktir um þau atriði, er máli þykja skipta.

Vitnið Einar Jóhannsson stýrimaður segir, að nokkur suðaustan kvika hafi verið, en þó ekki nein að ráði, og einhver gola eða andvari. Hættulaust hafi verið að vinna að vörpunni úti og sæmileg aðstaða. Ekki hafi verið togað á Herdísarvík, en varavörpunni verið varpað fyrir borð, og hún síðan dregin inn á stjórnborðshlið.

Vitnið Magnús Pálsson háseti segir, að unnið hafi verið að vörpuaðgerðunum á leiðinni að landi. Að aðgerðunum inni á Herdísarvík loknum hafi varavörpunni verið varpað í sjóinn til inndráttar á þilfar bátsins. Ekki hafi verið togað á víkinni.

Vitnið Rafn Kristjánsson háseta minnir, að svolítil alda hafi verið, þegar hætt var að toga og varpan rifnaði, en man ekki eftir vindi. Vann vitnið að aðgerðum beggja varpanna á leiðinni til lands, og kveður að aðstaða við það hafi ekki verið neitt venju fremur vond. Aðgerðunum hafi verið lokið inni á Herdísarvík og vörpunni þá verið varpað í sjóinn af pallinum og hún síðan dregin inn stjórnborðsmegin á venjulegum stað.

Vitnið Jón Vigfússon 1. vélstjóri, sem er bróðir og sameigandi kærða að v/b Voninni, segir, að er aðgerð varavörpunnar hafi verið lokið, hafi henni verið kastað í sjóinn af pallinum og síðan dregin inn á venjulegum stað á bátnum. Ekki hafi verið togað á Herdísarvík. Sig minni, að veður hafi verið sæmilegt að morgni hins 31. marz s. l., en eitthvað rugl í sjóinn.

Vitnið Guðlaugur Vigfússon háseti, sem einnig er bróðir kærða og sameigandi hans að v/b Voninni, segir, að ekki hafi verið meiri veltingur úti fyrir en svo, að hægt hafi verið að vinna að vörpuaðgerðunum þar, og kveðst sjálft hafa unnið að þeim, bæði á þilfari og pallinum á leiðinni að landi. Hafi aðgerðirnar gengið sæmilega á leiðinni, en þeim verið lokið á Herdísarvík. Síðan hafi varavörpunni verið varpað í sjóinn til inndráttar á sinn stað á þilfarinu. Telur vitnið, að nokkuð hafi þurft að gera við varavörpuna, og gizkar á, að það hafi verið 3—4 klukkustunda verk fyrir sig eitt, en auk viðgerðarinnar hafi þurft að „slá undir“ vörpuna, en því sé almennt ekki unnt að ljúka á skemmri tíma en 1—1½ klukkustund.

Um hina sérstöku afstöðu vitnanna Jóns og Guðlaugs er þegar getið. Öll taka vitnin kaup sitt í aflahlut. Voru þau og öll enn skipverjar kærða og undir hans stjórn, er þau voru spurð. Geta þau af

þessum ástæðum ekki talizt óaðfinnanleg, og verður að meta framburði þeirra með þeim fyrirvara, er þau bera kærða í hag.

Ekki verður dregið í efa, að landhelgisgæzlumennirnir hafi athugað athafnir bátverja við góða aðstöðu. Þeir flugu mjög nálægt bátnum og oftar en einu sinni. Athuguðu þeir, hvað fram fór um borð, bæði með berum augum og eins með sjónaukum. Kveðast þeir hafa séð vel út um glugga flugvélarinnar, enda hafi þeir verið fægðir sérstaklega í því skyni, áður en ferðin var hafin. Vængirnir voru fyrir ofan gluggana og byrgðu því ekki sýn. — Í þessu sambandi lætur dómarinn þess getið, að hann hafi sjálfur, í því skyni að gera sér grein fyrir aðstöðu gæzlumannanna, látið flugvél fljúga með sig að togbáti á veiðum. Hafi sér virzt mjög góð aðstaða til allrar athugunar á bátnum, t. d. hafi dragstrengirnir sézt mjög greinilega.

Vitnið Jón Jónsson skipherra telur öruggt, að sá inndráttur vörpunnar, er það sá á Herdísarvíkinni, hafi verið venjulegur inndráttur eftir tog, og hafi öll vinnubrögð um borð bent til þess. Auk þess sá vitnið óaðgerðan afla á þilfari bátsins.

Vitnið Eyjólfur Hafstein 1. stýrimaður sá einnig greinilega að verið var að draga vörpuna inn og gat ekki ályktað annað, en að sá inndráttur væri eftir nýlokið tog, enda hafi hlerarnar hangið í gálgunum utanborðs. Þá sá vitnið Eyjólfur og einhvern afla á þilfari bátsins.

Hafa landhelgisgæzlumennirnir báðir unnið eið að framburðum sínum.

Svo sem ljóst er af framangreindum vitnaframburðum, var gott veður á þeim tíma, er kærði telur vörpu sína hafa rifnað. Alda virðist ekki hafa verið nein að ráði, og segir kærði, að slysalaust myndi hafa gengið að gera þær ráðstafanir, er gera þurfti, strax á þeim stað, er varpan rifnaði, enda er meira en hnéhá grind umhverfis pallinn, er varavarpan var á. Koma þessar lýsingar veðurs og sjólags einnig heim við vottorð Veðurstofunnar, er aflað var og lagt fram í rannsókn málsins. Virðist af þessum ástæðum harla ólíklegt, að kærði, sem kveðst hafa viljað flýta aðgerðunum sem mest til þess að komast sem fyrst á veiðar aftur, hafi eytt tíma í heillar klukkustundar nauðsynjalitla siglingu upp að landi. — Eftir skýrslu kærða hafa liðið um það bil 7 klukkustundir frá því að hann lagði af stað til lands, unz hann telur aðgerðunum við vörpuna hafa verið lokið á Herdísarvík. Af gögnum málsins er ljóst, að hinar töldu aðgerðir voru ekki meiri en svo, að þeim mátti ljúka á mun styttri eða líklega meira en helmingi styttri tíma. — Alda sú, er kærði kveður sig hafa verið að forðast, var austsuðaustan. Hann var þó á Herdísarvík vestanverðri, er yfir hann var flogið, og því öfugu megin til að forðast ölduna. — Ekki varpaði kærði akkeri á víkinni, enda þótt það virðist hafa verið mun eðlilegra og áhættuminna fyrir hann, ef ekkert hefði gerzt annað en í frásögn hans greinir. — Þá var og óaðgerður afli á

þilfari bátsins, og þykir óliklegt, að kærði, sem ekki er annað uppvíst um, en að hann sé góður og gegn fiskimaður, láti að ástæðulausu afla sinn liggja óaðgerðan meira en 7 klukkustundir. — Svo sem kunnugt er, forðast sjómenn yfirleitt að bleyta veiðarfæri sín að ástæðulausu. Varavarpa kærða var þurr á pallinum. Hún er að sögn kærða 51 fet á lengd og líklega um 150 kg að þyngd. Virðist því ekki eðlilegt að ætla, að þeim aðferðum hefði verið beitt um flutning hennar af pallinum á þilfarið, er kærði hefur lýst, enda þótt átt hefði að flytja hana þann spöl.

Þau atriði, er nú hafa verið rakin, þykja vera þess eðlis, að þegar þau eru virt, verði að telja mikið bresta á, að kærði hafi gert nægilega glögga grein gert fyrir eðlilegri för sinni til Herdísarvíkur í umrætt skipti, hinni löngu dvöl sinni þar og inndrætti vörpunnar, er gæzlumennirnir sáu, og kærði viðurkennir, að þarna hafi átt sér stað. Verður því að telja nægilega sannað með fyrrgreindum fullgildum og eiðfestum vitnaframburðum landhelgisgæzlumannanna, Jóns Jónssonar skipherra og Eyjólfs Hafsteins 1. stýrimanns, að kærði hafi í umrætt skipti verið að botnvörpuveiðum í landhelgi á þeim tíma og stað, er flugvélin flaug yfir v/b Vonina og sem fyrr er greindur, þrátt fyrir gagnstæða framburði bátverja, er samkvæmt framanskráðu engir geta talizt lögfull vitni í máli þessu, enda verður og að telja þá alla hluttakendur í hinum refsiverða verknaði kærða, þótt þeir séu að lögum undanþegnir refsingu. Verður því að telja kærða hafa gerzt sekan við 1. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. og lög nr. 4 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot. Þykir refsing kærða, með vísun til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu (100 gullkrónur 294.46 pappírskrónur) hæfilega ákveðin 29 500.00 króna sekt, er renna skal í Landhelgissjóð Íslands. Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, skal kærði afplána hana með 7 mánaða varðhaldsvist. Þá skal og allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, er innanborðs voru í v/b Voninni, upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgissjóðs Íslands. Loks skal kærði greiða allan kostnað sakarinnar.

Rekstur máls þessa hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði Guðmundur Vigfússon greiði 29 500.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands. Skal sektin greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en ella skal kærði afplána hana með 7 mánaða varðhaldsvist.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í v/b Voninni, VE 113, skulu upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgissjóðs Íslands.

Kærði skal greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 17. desember 1948.

Nr. 45/1948. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Einar Arnórsson)
gegn
Kristni Daníelssyni (Hrl. Eggert Claessen).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot gegn bifreiða- og umferðarlögum. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í hinum áfrýjaða dómi og brot ákærða rétt fært til refsiákvæða, þó svo, að ógætilegur akstur hans fram hjá bifreiðum, sem hann mætti, og fram hjá bifreiðum, sem hann ók fram úr, varðar einnig við 3. mgr. 28. gr. laga nr. 23/1941. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 800.00 kr. til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Kristinn Daníelsson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Arnórssonar og Eggerts Claessens, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. febrúar 1948.

Ár 1948, fimmtudaginn 12. febrúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 760/1948: Réttvísin og valdstjórnin gegn Kristni Daníelssyni, sem tekið var til dóms þann 28. fyrra mánaðar.

Málið er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn

ákærða Kristni Daníelssyni bifreiðarstjóra, Útskálum við Suðurlandsbraut hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, umferðalögum nr. 24 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. janúar 1926 í Reykjavík, og hefur hann, svo vitað sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

1937 ¾ Kærður fyrir að hanga í bifreið. Sent barnaverndarnefnd.

1945 ²⁄₃ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið og bilaðan ljósaumbúnað.

1945 ¹⁵⁄₆ Áminning fyrir ógætilegan bifreiðarakstur.

1945 ¹⁵⁄₁₁ Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot gegn reglum um aðalgötur og hliðargötur.

1946 ²½ Sátt, 30 kr. sekt fyrir ógætilegan akstur.

1947 ²¾ Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 31. gr. 3. mgr. og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 7. gr. umferðarlaga.

1947 ²⁰⁄₆ Sátt, 50 kr. sekt, fyrir brot gegn 14. gr. bifreiðalaga.

1947 ¹⁵⁄₁₀ Sátt, 75 kr. sekt, fyrir brot gegn 14. gr. 4. mgr. bifreiðalaga.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Þriðjudaginn 14. október s. l. um kl. 1.55 e. h. ók ákærði bifreið sinni R 3889 suður Holtaveg hér innan við bæinn í áttina að Suðurlandsbraut. Nefnda bifreið átti ákærði sjálfur og er hún gerð til vöruflutnings, af gerðinni „Fargo". Ekkert hlass var á vörupalli bifreiðarinnar, en við hlið ákærða í stýrishúsinu sat Lýður Kristinn Jónsson verkamaður, Grettisgötu 73 hér í bæ. Er ákærði kom að vegamótum Suðurlandsbrautar, kveðst hann hafa stöðvað bifreið sína, þar eð vörubifreiðarnar R 3169 og 4605 voru þá að aka vestur brautina, fram hjá Holtavegi. Hélt hann síðan ferðinni áfram og beygði vestur Suðurlandsbraut. Kveðst hann nú fljótlega hafa komið bifreið sinni á allmikinn hraða og brátt verið búinn að skipta hreyfli hennar í 5. (hæsta) ganghraðastig. Á á að gizka 3—400 metra spöl á veginum eða milli býlanna Álfabrekku og Laugabrekku kveðst ákærði hafa ekið fram úr bifreiðum þeim, sem fyrr eru nefndar, og telur hann, að hann hafi þá ekki ekið mikið yfir 50 km hraða miðað við klukkustund. Þannig hagar til á þessum slóðum Suðurlandsbrautar, að aðalvegurinn er steyptur, um 6 metrar á breidd, en norðan við hann og áfastur við hann er malarvegur, um 3 metrar á breidd, og mun ekki vera til ætlazt að bifreiðar aki eftir honum, nema í brýnustu þörf. Ákærði minnist þess, að er hann beygði af Holtavegi, vestur Suðurlandsbraut, hafi hann sveigt inn á malarveginn og haldið bifreið sinni þar, að minnsta kosti meðan hann ók fram úr bifreiðinni R 3169, en sú bifreið var aftar af þeim tveim, sem hann ók fram úr á þessum slóðum. Ekki kveðst hann minnast

þess, að hann hafi mætt bifreiðum, sem voru á austurleið, meðan hann ók eftir malarveginum, en vill þó ekki fullyrða, að svo hafi ekki verið. Eftir að hafa ekið fram úr fyrrnefndum bifreiðum, kveðst ákærði hafa beygt inn á vinstri vegarhelming og haldið óbreyttum hraða, þar til hann kom að bugðu, sem er á veginum nálægt Undralandi eða Laugabrekku, sem mun vera réttar, en þar hafi hann hægt á ferðinni og telur, að eftir það hafi hraðinn verið um 50 km miðað við klukkusnud. Rétt við gatnamót Suðurlandsbrautar og Þvottalaugavegar, en þessi gatnamót eru örskammt fyrir vestan fyrrnefnda bugðu, mætti ákærði fólksbifreið. Er hann var kominn aftur með hlið bifreiðar þessarar, kveðst hann hafa séð konu koma hlaupandi út á götuna aftan við fólksbifreiðina og er hann var kominn alveg fram hjá bifreiðinni og sá aftur fyrir hana, segist hann fyrst hafa komið auga á stúlkubarn, sem var á leið suður yfir götuna. Ákærði kveður bilið milli bifreiðar sinnar og konunnar og barnsins hafa verið orðið mjög stutt, þegar hann kom auga á þau, en getur ekki gizkað nánar á um, hve langt eða stutt það hafi verið. Segir hann það nú engum togum hafa skipt, að stúlkubarnið hafi hlaupið þvert fyrir bifreið sína og hafi konan virzt gera tilraun til að stöðva það á leiðinni og elta það út á götuna í þeim tilgangi. Kveðst ákærði nú hafa hemlað með fóthemli bifreiðar sinnar eins fast og hann gat, en ekki hafi tekizt að afstýra slysi með þessum aðgerðum og hafi vinstri hluti framvara bifreiðarinnar rekizt á barnið, og barst það síðan með bifreiðinni, unz hún stöðvaðist, að því er ákærði telur um 1—2 lengdir sínar (bifreiðarinnar) frá þeim stað, sem hann tók að hemla á. Ákærði hefur tekið fram, að er hann hafi komið auga á barnið, áður en slysið varð, hafi konan, sem fyrr en nefnd, verið hægra megin við bifreið hans, en fólk, sem beið eftir strætistvagni þarna við gatnamótin, hafi staðið vinstra megin við veginn og hafi hann af þessum sökum ekki getað sveigt fram hjá barninu, án þess að eiga á hættu að aka á konuna eða fólkið og hafi því verið eina úrræðið að reyna að stöðva bifreiðina sem fyrst. Ákærði kveðst hafa haldið bifreið sinni á vinstri vegarhelmingi, þegar slysið varð, en barnið segir hann hafa verið komið yfir á miðjan syðri vegarhelming, þegar bifreið hans rakst á það. Virtist honum það staðnæmast og fát koma á það, rétt um leið og bifreiðin rakst á það. Eftir slysið fór ákærði út úr bifreiðinni ásamt farþeganum Lýð Kristni Jónssyni, og bar sá síðarnefndi barnið inn í bifreið ákærða, sem síðan flutti það á Landsspítalann, ásamt móður þess, en það var konan, sem reyndi að hefta för þess, þegar slysið varð að vilja til og fyrr er minnzt á. Barnið mun, að minnsta kosti kosti fyrst eftir slysið, hafa verið alveg meðvitundarlaust. Þegar slysið varð, kveðst ákærði hafa verið sæmilega fyrirkallaður, hvorki svefnþurfi né þreyttur, og ekki hafi hann þá neytt áfengis nýlega. Hann segir hafa komið mikið fát á sig, þegar hann sá barnið hlaupa út á götuna, en þó hafi hann beitt fóthemli bifreiðar sinnar til fulls, eins og fyrr segir, og heml-

ana segir hann hafa verið í góðu lagi. Ekki kveðst ákærði vita annað en að hann hafi fulla sjón á báðum augum. Bifreið kveðst hann hafa ekið að staðaldri síðan um vorið 1944, en bifreiðarstjórapróf tók hann þann 22. janúar 1944 og hefur minna próf.

Eins og fyrr er getið, mun slys þetta hafa orðið um kl. 1.55 e. h. umræddan dag. Veður mun hafa verið þurrt, lygnt og fremur bjart, en vegurinn, þar sem það varð, nokkuð rakur.

Stúlkubarnið sem fyrir bifreið ákærða varð, hér Hallgerður Ásmundsdóttir. Átti hún heima á Kirkjumýrarbletti 10 hér í bæ og var 5 ára að aldri, er slysið varð (fædd 11. nóvember 1941). Hún hlaut slík lemstur í slysi þessu, að hún lifði ekki nema 1½ sólarhring eftir að það vildi til, andaðist á Landsspítalanum kl. 1.30 aðfaranótt þess 16. október s. l. og hafði þá ekki komið til meðvitundar frá því hún var flutt í sjúkrahúsið. Lík telpunnar var krufið þann 16. október s. l. Framkvæmdi prófessor Niels Dungal krufninguna og hefur hann lýst banameini hennar þannig í skýrslu sinni um krufninguna:

„Við krufninguna fannst blæðing í hægri heilahelmingi og margar smá-blæðingar þar í kring. Hvergi fannst neitt brot á höfuðkúpunni né heldur á neinum öðrum beinum. Blæðingar þessar munu hafa stafað af heilahristingi (commotio cerebri) og hafa þær ásamt heilahristingnum orðið barninu að bana."

Að slysi þessu er vitað um nokkra sjónarvotta. Verða nú framburðir þeirra raktir nokkuð varðandi slysið, svo og annarra, sem einhverjar upplýsingar hafa getið gefið við rannsókn málsins um aðdraganda slyssins og annað lútandi að því.

Vitnið Lýður Kristinn Jónsson, sem fyrr er getið, sat í stýrishúsi bifreiðar ákærða, við hægri hlið hans, þegar slysið varð. Minnist vitnið þess, að ákærði stöðvaði bifreið sína við gatnamót Holtavegar og Suðurlandsbrautar, þar eð 2 vörubifreiðar voru þá að aka fram hjá þessum gatnamótum. Eftir þetta hafi ákærði haldið vestur Suðurlandsbraut og hafi bifreið hans brátt verið komin á mikinn hraða, og telur vitnið hraðann hafi verið um 60—70 km miðað við klukkustund nokkru áður en slysið varð. Kveðst það hafa haft orð á því við ákærða, bæði meðan ekið var eftir Holtavegi og Suðurlandsbraut, að hann æki nokkuð greitt, en hann hafi svarað því litlu eða engu og ekki hægt á ferðinni. Í þessu sambandi hefur ákærði tekið fram, að muni eftir að vitnið hafi nefnt þetta meðan þeir óku eftir Holtavegi, en ekki meðan ekið var eftir Suðurlandsbraut. Á veginum milli Holtavegar og Múlavegar segir vitnið ákærða hafa ekið fram úr vörubifreiðum 2, sem fyrr er getið um, en þeim hafi verið ekið hægt. Það minnist þess, að ákærði ók eftir malarveginum einhvern spöl vestur brautina, en telur hann hafa verið stuttan, og ekki kveðst það muna, hvort hann hafi mætt bifreiðum á austurleið þannig, þ. e. öfugu (hægra) megin við þær. Ekki vill vitnið þó út af fyrir sig rengja, að svo hafi verið.

Er ákærði ók eftir bugðunni við Undraland (eða Laugabrekku) segir það hann hafa verið búinn að hægja á ferð bifreiðarinnar og hafi hraði hennar verið um 60 km miðað við klukkustund, þegar komið var að gatnamótum Þvottalaugavegar. Ekki veitti vitnið því athygli, að þeir ákærði mættu bifreið á austurleið rétt áður en slysið varð. Það veitti litlu telpunni ekki athygli fyrr en hún var tekin að hlaupa út á götuna frá nyrðri vegarbrún, og hafi þá bilið milli hennar og bifreiðarinnar ekki verið orðið nema nokkrir metrar, en þó er það álit vitnisins, að ákærði hafi komið auga á telpuna enn síðar en það og svo seint, að honum hafi ekki unnizt tími til að hemla bifreiðina fyrr en eftir að hún rakst á telpuna. Ekki getur þetta vitni sagt um, hve langt bifreiðin rann áfram eftir að henni var hemlað, og engin hemaför sá það á veginum eftir að slysið varð. Það segir telpuna hafa hlaupið rakleitt þvert yfir götuna, en konan, sem með henni var, hafi elt hana eitthvað út á veginn, en staðnæmzt síðan á veginum, er hún náði henni ekki. Bifreiðinni segir vitnið hafa verið ekið eftir vinstri vegarhemingi, miðað við stefnu í vestur, þegar slysið varð, og sýndist því telpan verða fyrir framvaranum miðjum, þegar bifreiðin rakst á hana. Það hefur látið þess getið, að kona, sem stóð við biðstöð strætisvagna sunnan megin við veginn, ásamt fleira fólki, hafi staðið svo nálægt veginum, að áhættusamt hefði verið hennar vegna fyrir ákærða að beygja til þeirrar (vinstri) hliðar, til þess að reyna að afstýra slysi á þann hátt, og eins og fyrr er getið, hafi konan, sem var með telpunni, sem fyrir bifreiðinni varð, farið eitthvað út á steypta veginn frá nyrðri vegarbrún, þegar hún sá hvað verða vildi, og hafi því einnig verið hættulegt hennar vegna fyrir ákærða að beygja til hægri og reyna þannig að komast fram hjá barninu. Eftir slysið segir vitnið telpuna hafa legið við hægra stigbretti bifreiðar ákærða. Tók konan, sem með henni var (móðir telpunnar), hana fyrst upp, en síðan tók vitnið við henni og bar hana inn í bifreiðina, og var henni síðan ekið á Landsspítalann, eins og fyrr segir. Ekki sá vitnið nein merki þess á telpunni, að hjól bifreiðar ákærða hafi runnið yfir hana. Það hefur látið þess getið, að þeir ákærði hafi ekki verið að tala saman um það leyti, sem slysið varð, og hafi því virzt athygli ákærða beinast þá eingöngu að stjórn bifreiðarinnar. Ekkert kveðst vitnið hafa séð athugavert við ákærða, og er það alveg visst um, að hann hafi ekki bragðað áfengi nýlega. Eftir að ákærði ók brott með hið lemstraða barn, beið vitnið á slysstaðnum, þar til lögreglumenn komu þangað. Þess skal getið, að vitnið kveðst vera allvant að aka bifreið og hafi það gert það öðru hvoru síðan það öðlaðist bifreiðarstjóraréttindi, árið 1942.

Eins og fyrr er getið, var kona sú, sem var með telpunni, sem beið bana í slysi þessu, móðir hennar. Heitir hún Ingrid Hákonsen, frú, Kirkjumýrarbletti 10 hér í bæ, og hefur hún sem vitni skýrt þannig frá, að þær mæðgur hafi verið búnar að bíða um 1—2

mínútur norðan við Suðurlandsbrautina, þegar slysið varð. Ætluðu þær að biðstöð strætisvagna, sem er sunnan vegarins, gegnt slysstaðnum, en komust ekki þangað fyrst í stað vegna mikillar umferðar, bæði austur og vestur veginn. Loks virtist vitninu koma lag, og tók það þá í hönd Hallgerðar dóttur sinnar til að leiða hana suður yfir veginn. Segir það Hallgerði litlu þá hafa smeygt hönd sinni úr lófa vitnisins og hlaupið frá því suður yfir veginn, en alveg um leið sá það bifreiðina R 3889 koma akandi vestur veginn á geysihraða. Telur það, að bifreiðin hafi þá ekki átt eftir nema á að gizka 10 metra að stað þeim, sem það stóð á. Sá vitnið nú að bifreiðin stefndi á telpuna, og kveðst það þá hafa hlaupið út á steyptu brautina og ætlað að reyna að ná í telpuna, en ekki tókst það, því að alveg í þessum svifum rakst bifreiðin á Hallgerði litlu og kastaði henni fram á veginn, en ekki kveðst vitnið hafa séð þetta greinilega. Það telur, að telpan hafi verið nærri komin suður yfir veginn, þegar bifreiðin rakst á hana. Einnig segir það telpuna hafa hlaupið þvert og hiklaust yfir veginn, áður en slysið varð. Vitnið kveðst ekki hafa snúið við á veginum, þegar slysið var að vilja til heldur hafi það hlaupið meðfram bifreiðinni unz hún stöðvaðist, og flýtt sér að taka barnið upp þar sem það lá við hægra hlið bifreiðarinnar. Ekki kveðst vitnið hafa tekið eftir, hvort bifreið ákærða var hemlað áður en hún rakst á telpuna eða hvort það hafi verið gert eftir að slysið varð, en telur að hún hafi runnið um 4—5 metra áfram eftir að hún rakst á barnið. Vitnið segir það vera álit sitt, að Hallgerður litla hafi ekki tekið eftir bifreiðinni áður en hún hljóp út á götuna, því að hún hafi verið hrædd við bifreiðaumferð og fremur aðgætin. Það er einnig álit þess, að ákærði hefði getað beygt eitthvað til hægri, frá honum séð, án þess að aka á vitnið um það leyti, sem slysið var að vilja til.

Vitnið Inga Ragnhildur Ólafsdóttir, Reykjaborg við Múlaveg hér í bæ, stóð við biðstöð strætisvagna sunnan við gatnamót Suðurlandsbrautar og Þvottalaugavegar, þegar slysið varð, alveg á móts við stað þann, sem það stóð á. Kveðst það hafa staðið alveg við veginn, innan við 1 meter frá syðri vegarbrún. Er það kom að biðstöðinni, sá það konu standa norðan við veginn og hélt hún í höndina á lítilli telpu. Fyrst veitti þetta vitni bifreið ákærða athygli, þegar hún var stödd móts við Laugabrekku, sem mun vera um 200 metrum fyrir austan slysstaðinn. Segir það bifreiðinni hafa verið haldið vel á vinstri vegarhelmingi, en ekið með geysihraða, en ekki getur það gizkað nánar á um hraðann. Er bifreiðin var að komast að fyrrnefndum gatnamótum, hafi litla telpan, sem stóð norðan við veginn, allt í einu hlaupið þvert yfir götuna í áttina til vitnisins. Gizkar það á, að bilið milli bifreiðarinnar og telpunnar hafi þá ekki verið nema um 7 metrar. Ekki segir það bifreiðina hafa hægt neitt á sér og hafi miðja framvara hennar síðan rekizt á höfuð telpunnar, er hún (telpan) átti eftir um 1½ metar áfram

að syðri vegarbrún. Eftir þetta hafi telpan kastazt langan spöl áfram eftir veginum, og hafi bifreiðin því ekki farið yfir hana. Segir vitnið bifreiðinni fyrst hafa verið hemlað eftir að hún rakst á barnið, en hún hafi runnið áfram alllangan spöl, sem það treystir sér ekki til að gizka nánar á um, hvað langur hafi verið, eftir það með hjól á hemlum. Allt segir vitnið þetta hafa gerzt svo snögglega, að því hafi enginn tími unnizt til að ná til barnsins, áður en bifreiðin rakst á það. Það telur að móðir telpunnar hafi staðið á malarveginum norðan við aðalveginn, meðan slysið var að vilja til, en farið fyrst út á steyptu brautina eftir að bifreiðin hafði rekizt á barnið. Er það álit vitnisins, að ákærði hefði getað forðað slysinu með því að sveigja lítið eitt til hægri, þar eð telpan hafi átt svo stutt eftir að syðri (vinstri) vegarbrún, þegar slysið varð.

Vitnið Eiríkur Guðlaugsson bifreiðarstjóri, Bergþórugötu 51 hér í bæ, ók bifreið sinni R 3452 austur Suðurlandsbraut á tíma þeim, sem hér ræðir um. Er það kom að gatnamótum Þvottalaugavegar, veitti það bifreið ákærða athygli þar sem hún ók vestur veginn á mikilli ferð, að því er það telur, og virtist því hún aka hraðar en bifreiðar gera yfirleitt á þessum slóðum. Ekki kveðst vitnið hafa veitt athygli neinu fólki sem stóð norðan við veginn við gatnamót Suðurlandsbrautar og Þvottalaugavegar, en vill þó út af fyrir sig alls ekki rengja, að fólk hafi verið statt þarna um þessar mundir. Vitnið varð ekki vart við ferðir telpunnar suður yfir veginn, en um leið og bifreið þess og bifreið ákærða mættust, kveðst það hafa heyrt hvína í hemlum hennar og séð, er það leit út úr bifreið sinni, að hún rann áfram með öll hjól föst, og telur það bifreiðina hafa runnið um 2 vörubifreiðalengdir áfram eftir að tekið var að hemla henni. Vitnið fór ekki út úr bifreið sinni á slysstaðnum og athugaði þar ekki nákvæmlega.

Vitnið Leó Árnason kaupmaður, Lundi við Nýbýlaveg, var farþegi í bifreið Eiríks Guðlaugssonar í umrætt skipti. Sá það ekki bifreið ákærða áður en slysið varð og veitti henni enga athygli fyrr en eftir að það heyrði hvin í hemlum hennar, en þá telur vitnið, að hún hafi verið komin 30—40 metra fram hjá bifreið þeirri, sem það var farþegi í. Eftir að bifreið ákærða stöðvaðist, telur það bilið milli hennar og bifreiðarinnar, sem það var í, hafa verið um 40—50 metra. Ekki sá þetta vitni, er barnið hljóp út á veginn, og telur það hafi ekki gert það fyrr en bifreiðin, sem vitnið var í, var komin fram hjá því. Það fór ekki út úr bifreiðinni á slysstaðnum og veitti aðstæðum þar enga sérstaka athygli.

Vitnið Aðalsteinn Guðmundsson bifreiðarstjóri, Krossamýrarbletti 15 hér í bæ, ók vörubifreiðinni R 3169 vestur Suðurlandsbraut á umræddum tíma, en bifreið þessi var önnur þeirra vörubifreiða, sem ákærði ók fram úr stuttu áður en slysið varð. Segir vitnið, að ákærði hafi ekki stöðvað bifreið sína við gatnamót Suðurlandsbrautar og Holtavegar, heldur hafi hann bersýnilega ætlað

að troða sér inn á Suðurlandsbrautina fram fyrir bifreiðina R 4605, sem ók vestur brautina fram hjá gatnamótum Holtavegar um leið og bifreið ákærða bar að þeim, og hafi bilið milli þessarar bifreiðar og bifreiðar vitnisns verið mjög stutt. Ekki segir vitnið ákærða þó hafa tekizt þegar við gatnamótin að aka fram úr bifreiðinni R 4605, og hafi hann þá sveigt út á malarveginn, norðan við steyptu brautina, og ekið eftir honum þar til hann komst fram úr fyrrnefndri bifreið og bifreið vitnisins. Meðan ákærði hélt bifreið sinni úti á malarveginum kveður vitnið nokkrar bifreiðar hafa ekið austur veginn, og hafi þá ákærði því mætt þeim öfugu (hægra) megin. Þetta vitni telur víst, að ákærði hafi engri bifreið mætt frá því hann ók fram úr vörubifreiðunum 2, þar til slysið varð. Það kveðst sjálft hafa ekið með um 40 km hraða miðað við klukkustund um það leyti, sem ákærði ók fram úr bifreið þess, en hraða bifreiðar hans telur það hafa verið 70—80 km miðað við klukkustund. Vitnið sá ekki, þegar slysið vildi til, þar eð það kom ekki á slysstaðinn fyrr en það var alveg um garð gengið, en síðast sá það það til bifreiðar ákærða, áður en það ók fram á hana, þar sem hún hafði verið stöðvuð á slysstaðnum, að hún ók eftir vinstri vegarhelmingi vestur brautina og hafði þá sveigt af malarveginum inn á aðalveginn. Á slysstaðnum kveðst vitnið ekki hafa tekið eftir neinum hemlaförum eftir bifreið ákærða.

Vitnið Gunnlaugur Marino Möller Pétursson bifreiðarstjóri, Baugsvegi 4 hér í bæ, ók bifreiðinni R 4605 vestur Suðurlandsbraut í umrætt skipti. Minnist það þess, að er það kom að gatnamótum Holtavegar á leið sinni vestur veginn, hafi það séð bifreið ákærða koma að nefndum gatnamótum rétt í þeim svifum, sem vitnið ók þar um. Segir það nú bifreið ákærða hafa staðnæmzt þarna, meðan vitnið ók fram hjá, en þegar það var komið mjög stutt frá gatnamótunum, sá það bifreið ákærða aka fram með og fram úr bifreið þess, og var hún (bifreið ákærða) þá á malarveginum fyrir norðan steyptu brautina og ók eftir honum alllangan spöl og mætti á meðan a. m. k. einni bifreið á austurleið öfugu megin. Hafi ákærði síðan beygt bifreið sinni inn á steypta veginn og verið búinn að því rétt á móts við verzlunina við Álfabrekku. Vitnið kveðst hafa ekið með um 40 km hraða miðað við klukkustund, þegar bifreið ákærða ók fram úr því, en gizkar á, að hraði hennar hafi þá verið um 50—60 km miðað við klukkustund, en hún hafi heldur hert á ferðinni eftir að hún beygði aftur inn á steypta veginn. Segir það síðan hafa dregið sundur með bifreið þess og bifreið ákærða, sem, þegar hér var komið, hafi ekið vel á vinstri vegarhelmingi. Er vitnið kom á beygjuna hjá Undralandi, sá það, að bifreið ákærða hafði staðnæmzt á slysstaðnum, og var þá í þann veginn verið að taka hið slasaða barn upp af veginum, þar sem það lá við hægri hlið bifreiðar ákærða. Ekki kveðst vitnið minnast þess, að það hafi mætt neinum bifreiðum frá því að ákærði ók fram úr bifreið

þess, þar til það kom á slysstaðinn, en vill þó ekki fullyrða, að svo hafi ekki verið. Það tók ekki eftir neinum hemlaförum á slysstaðnum eftir bifreið ákærða.

Vitnið Pétur Guðmundsson verkamaður, Múlaskálahverfi nr. 11 B hér í bæ, ók reiðhjóli sínu að Suðurlandsbraut frá Múlaskálahverfi skömmu áður en slysið varð. Er það kom að Suðurlandsbrautinni, sá það bifreið, sem síðar reyndist vera bifreið ákærða, koma á mikilli ferð, á 60—70 km hraða miðað við klukkustund að því er vitnið gizkar á, vestur brautina, og beið það unz hún var komin fram hjá. Vitnið kveðst minnast þess greinilega, að 2 bifreiðar hafi ekið austur brautina og mætt bifreið ákærða rétt austan við gatnamót Þvottalaugavegar og hafi nú ekki liðið nema örfá augnablik frá því bifreiðar þessar mættu bifreið ákærða, þar til vitnið sá hana stöðvast á slysstaðnum. Það segir bifreið ákærða alltaf hafa verið haldið á vinstri vegarhelmingi, meðan það sá til ferða hennar, en hún hafi ekið óvenjulega hart eða með þeim hraða, sem fyrr er tilgreindur eftir ágizkun vitnisins. Það kveðst ekki hafa séð, þegar litla telpan hljóp fyrir bifreiðina, en það sá þegar henni var hemlað, og telur það hana hafa runnið 10—15 metra með hjól í hemlum, eftir því sem hemlaför hennar á slysstaðnum gáfu til kynna. Vitnið Björn Pálsson bifreiðarstjóri, Sigtúni 41 hér í bæ, ók bifreið sinni austur Suðurlandsbraut um það leyti, sem slysið varð. Varð það þess vart, þegar það nálgaðist gatnamót Þvottalaugavegar á leið sinni austur fyrrnefnda braut, að bifreið ákærða var stönzuð þarna við gatnamótin og að þar hefði orðið slys. Ekki sá vitnið til ferða bifreiðar ákærða áður en slysið varð, og veit það ekki um hvernig slysið bar að. Engin hemlaför sá það á slysstaðnum. Vitnið tilkynnti lögreglunni síðan slysið.

Lögregluþjónarnir Sigurður Emil Ágústsson, Friðrik Jónsson og Davíð Hálfdánarson brugðu við og fóru á slysstaðinn, en komu þangað ekki fyrr en hið slasaða barn hafði verið flutt af staðnum og í sjúkrahús. Hafa lögregluþjónar þessir engar sjálfstæðar upplýsingar getað gefið um með hvaða hætti slysið varð, þar eð það var fyrir nokkru afstaðið, þegar þeir komu á staðinn.

Á slysstaðinn komu einnig nokkru eftir að slysið varð rannsóknarlögreglumennirnir Kristmundur Jóhannes Sigurðsson og Lárus Axel Helgason. Ekki hafa þeir heldur getað gefið neinar sjálfstæðar upplýsingar um hvernig slysið vildi til af sömu ástæðum, sem nefndar eru í sambandi við hina lögreglumennina. Í skýrslu Kristmundar Jóhannesar segir, að engin hemlaför né önnur verksummerki hafi sézt á slysstaðnum, þegar þeir lögreglumennirnir komu þangað. Lárus Axel Helgason gerði síðan uppdrátt af slysstaðnum og studdist við gerð hans við upplýsingar sjónarvotta að slysinu. Samkvæmt nefndum uppdrætti hefur slysið orðið utarlega á vinstri vegarhelmingi Suðurlandsbrautar, alveg gagnstætt gatnamótum Þvottalaugavegar. Hefur telpan verið nærri alveg komin

suður yfir götuna (Suðurlandsbraut), þegar bifreið ákærða rakst á hana, eftir uppdrættinum að dæma.

Bifreiðaeftirlitsmennirnir Viggó Eyjólfsson og Haukur Hrómundsson skoðuðu bifreið ákærða sama dag og slysið varð. Hafa þeir vottað, að bifreiðin hafi þá að öllu leyti verið í góðu lagi.

Eins og atvikum hefur verið lýst hér að framan, telst sannað, að ákærði hafi í senn ekið allt of hart og að ýmsu leyti ógætilega áður og um það leyti, sem margnefnt slys varð. Hafa öll vitni, sem aðstöðu höfðu til að fylgjast með hraða bifreiðar hans, borið, að hraðinn hafi verið mikill og langt yfir það, sem leyfilegt er að aka með á þessum slóðum. Sum vitnanna hafa borið, að ákærði hafi ekið með geysihraða um það leyti, sem slysið varð, önnur, að hann hafi þá ekið óvenjulega hratt o. s. frv. Með því að aka fyrir utan veg þann, sem ætlazt er til að bifreiðar aki eftir, nokkru áður en slysið varð, og jafnvel að mæta bifreiðum þannig öfugu (hægra) megin, þykir ákærði og hafa sýnt vítavert gáleysi. Því verður að vísu ekki neitað, að telpan, sem lét lífið í slysi þessu, hefur sjálf átt nokkra sök á því hvernig fór, með því að hlaupa þvert fyrir bifreið ákærða, er hún nálgaðist með miklum hraða, og ekki verður hér tekin afstaða til þess, hvort unnt hafi verið fyrir ákærða að forða slysi, eftir að hann kom auga á telpuna, með þeim mikla hraða, sem hann ók á þá, en líta verður svo á, að hinn mikli hraði bifreiðar hans og gálauslegur akstur yfirleitt hafi gert honum óhægt um eða ómögulegt að gera þær ráðstafanir, sem afstýrt gátu slysi, eins og á stóð. Telst hann því með nefndum akstri sínum hafa brotið 1., 2., 4. og 5. málsgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðarlaga nr. 23 16. júní 1941, 2. gr. og 3 mgr. 4. gr. umferðarlaga nr 24 16. júní 1941 og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930. Einnig telst hann hafa átt verulega sök á slysi, sem mannsbani hlauzt af, með gálausum og of hröðum akstri sínum, og hefur hann með því brotið 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing hans, samkvæmt 215. gr. hegningarlaganna, 38. gr. bifreiðarlaganna, 4 gr. umferðarlaganna og 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, eftir atvikum og með tilliti til 77. gr.hegningarlaganna, hæfilega ákveðin varðhald í 5 mánuði. Þá þykir rétt, samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna, að svipta ákærða ævilangt leyfi til að aka bifreið frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Eggerts Claessens hrl., kr. 450.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði Kristinn Danielsson sæti varðhaldi í 5 mánuði. Hann skal ævilangt, frá birtingu dóms þessa að telja, sviptur leyfi til að aka bifreið.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Eggerts Claessens hrl., kr. 450.00. Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. desember 1948.

Nr. 154/1948. **Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs**
(Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
Ingólfi Finnbjörnssyni og gagnsök
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Undanþága frá greiðslu tekjuskatts. Sératkvæði.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, útg. 23. nóvember þ. á., og gert þær réttarkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma hið umbeðna lögtak. Svo og, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, er áfrýjað hefur málinu með gagnáfrýjunarstefnu, útg. 26. nóvember þ. á., hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur að niðurstöðu til, þó þannig, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir fógetarétti og hæstarétti eftir mati hæstaréttar.

Þegar litið er til þess, sem upplýst er um aðdragandann að setningu laga nr. 61/1939 svo og til orðalags 1. gr. laganna, verður að telja, að gagnáfrýjandi hafi átt rétt á undanþágu frá því að greiða tekjuskatt af hálfri stríðsáhættuþóknun þeirri, er hann hafði unnið fyrir fram til þess

tíma, er lög nr. 128/1947 tóku gildi. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði Gizurar Bergsteinssonar hrd.

Í 1. gr. laga nr. 61/1939 er svo kveðið á, að undanþága sú frá skattagreiðslu, sem greind er í 2. gr. laganna, taki til þeirrar *stríðsáhættuþóknunar,* sem greidd yrði samkvæmt þar til greindum samningum milli útgerðarmanna og skipafélaga annars vegar og félaga sjómanna hins vegar. Bæði orð laga þessara, tilefni þeirra og aðdragandi veita óyggjandi vísbendingu um það, að skattaundanþága þeirra var einungis við það miðuð, að styrjöld geisaði og að hætta af henni vofði yfir sjómönnum á höfum úti. Sjómenn þeir, sem samningar tóku til og í siglingum voru meðan styrjöldin geisaði og lögin voru í gildi, nutu því undanþágu frá því að greiða skatt og útsvar af hálfri stríðsáhættuþóknun þeirri, sem þeir fengu fyrir þann hættulega starfa, og verður að telja, að sá réttur þeirra hafi verið varinn af 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Allt öðru máli gegnir um kaup eða þóknun fyrir störf sjómanna, þau sem innt eru af hendi, eftir að styrjöld er lokið. Hér er ekki um raunverulega stríðsáhættuþóknun að tefla, enda eru lög nr. 61/1939 undantekningarlög, sem miðuð eru við tiltekið ástand, hina geisandi styrjöld, og þegar það ástand var ekki lengur fyrir hendi, voru forsendur laganna og grundvöllur undir lok liðin. Var og af hendi sjómanna á farmannaflotanum samið 1946 og 1947 fyrst um lækkun og síðan um niðurfellingu áhættuþóknunar og um fastakaup í hennar stað. Verður ekki talið, að handhafar ríkisvalds hafi samningslega bundið ríkið til að láta skattaundanþágu sjómanna haldast eftir styrjaldarlok, er hætta af sjálfri styrjöldinni var um garð gengin. Almenna lög-

gjafarvaldið hafði því jafn frjálsar hendur til að breyta skattalögum, að því er varðar kaup sjómanna eftir styrjaldarlok, eins og að því er varðar þóknun eða kaup fyrir hver önnur störf, enda sé ekki hlutur sjómanna gerður verri en annarra skattþegna í landinu. Hefur það og verið tíðkað af löggjafa og skattyfirvöldum alla tíð frá því að lög nr. 2/1923 voru sett og fram á þenna dag, enda heimilt samkvæmt 40. gr. stjórnarskrárinnar og staðfest af dómstólum, að láta breytingu á skattalögum, sem staðfest hafa verið í lok skattárs eða á álagningarári, áður en skattskrá er lögð fram, gilda um tekjur undanfarins skattárs. Með 14. gr. laga nr. 128/1947 er undanþága sú frá greiðslu skatts og útsvara af áhættuþóknun, er getur í lögum nr. 61/1939, úr lögum numin. Þetta þýðir það eitt, að skattar og útsvör skyldu eftir gildistöku laganna þann 1. janúar 1948 lagðar á allar tekjur sjómanna, m. a. þær, er þeir öfluðu 1947, með sama hætti og á aðra skattþegna. Hefur verið í ljós leitt, að þetta var tilgangur ríkisstjórnar, sem samdi frumvarp að lögunum, svo og löggjafans. Er og þessi meðferð í samræmi við venju löggjafans, þá sem áður var lýst, og heimil samkvæmt 40. gr. stjórnarskrárinnar, en brýtur hvorki í bága við 67. gr. eða önnur ákvæði hennar. Það er því ekki á valdi dómstóla, heldur löggjafans eins, að fella 14. gr. laga nr. 128/1947 úr gildi að þessu leyti.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, ætti rétt dómsorð að hljóða svo:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur og er lagt fyrir fógeta að framkvæma lögtak það, sem krafizt er. Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 18. nóvember 1948.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 11. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, krafizt þess, að lögtak verði látið fara fram á umdeildum hluta af þinggjaldi Ingólfs Finnbjörnssonar loftskeytamanns, til heimilis í Drápuhlíð 4, hér í bænum, að upphæð kr. 5563.00.

Gerðarþoli Ingólfur Finnbjörnsson hefur mótmælt framgangi lögtaksins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Gerðarþola var gert að greiða til ríkissjóðs á árinu 1948 kr. 6107.00 í tekjuskatt, kr. 2526.00 í tekjuskattsviðauka og kr. 516.00 í stríðsgróðaskatt eða samtals kr. 9149.00. Skatta þessa telur hann eiga að vera allmiklu lægri eða samtals kr. 3586.00, sem sundurliðast þannig: Tekjuskattur kr. 2835.00, tekjuskattsviðauki kr. 720.00 og stríðsgróðaskattur kr. 31.00.

Ágreiningur þessi stafar af því, að gerðarþoli telur nokkurn hluta tekna sinna á árinu skattfrjálsan. Hann er, eins og áður segir, loftskeytamaður að atvinnu og stundaði á árinu 1947 siglingar á botnvörpuskipum. Vann hann samkvæmt samningi milli stéttarfélags síns, Félags ísl. loftskeytamanna, og Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda.

Samningur þessi er að stofni gerður 13. okt. 1939, en þá var svo ástatt, að heimsstyrjöldin síðari hafði skollið á í næsta mánuði á undan.

Loftskeytamenn, sem og aðrir sjómenn, báru nokkurn ugg í brjósti vegna vaxandi hættu fyrir sjófarendur af styrjaldarástæðum og gerðu því kröfur um allmikla áhættuþóknun, er unnið var að samningum þessum. Virðist hafa verið nokkrum erfiðleikum bundið að ná samkomulagi milli samningsaðilja, útgerðarmanna og sjómanna. Þetta leiddi til þess, að ríkisstjórn Íslands hafði nokkur afskipti af samningsgerðinni. Er það ágreiningslaust, að hún hafi a. m. k. gefið fyrirheit um að leggja til við Alþingi, að loftskeytamenn sem og aðrir sjómenn, sem áttu í samningum um sama leyti, nytu þeirra hlunninda, að skattur og útsvar yrði ekki lagt á 50% áhættuþóknunar þeirrar, sem samkomulag varð um milli þeirra og útgerðarmanna. Annars kemur aðiljum máls þessa ekki saman um, hvað hafi falizt í þessu loforði eða fyrirheiti ríkisstjórnarinnar.

Þetta sama haust lagði fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis frumvarp að lögum fyrir þingið eftir beiðni fjármálaráðherra, þar sem lagt var til, að 50% áhættuþóknunar sjómanna skyldi vera undanþegin tekjuskatti og útsvari. Er í greinargerð frumvarpsins m. a. sagt, að ríkisstjórnin hafi verið þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt væri, að hún gæfi fyrirheit um að fara þess á leit við Alþingi, að helmingur af umsaminni áhættuþóknun yrði skattfrjáls, til þess að samningar milli sjómanna og útgerðarmanna mættu takast. Frumvarp þetta náði samþykki Alþingis sem lög nr. 61 30. des 1939, og hafa þau verið í gildi, þar til þau voru afnumin með lögum nr. 128 29. des. 1947.

Samkvæmt hinum síðarnefndu lögum ákvað skattstjórinn í Reykjavík skatta gerðarþola, svo og annarra sjómanna, sem eins stóð á um, af tekjum ársins 1947 og lagði þá á allar tekjurnar án tillits til þess, hvort um var að ræða áhættuþóknun eða aðrar tekjur. Við þessa framkvæmd á lögum vill gerðarþoli ekki una og neitaði því að greiða skatt af þeim hluta teknanna, er nemur áðurnefndum 50% áhættuþóknunarinnar. Mótmæli sín byggir hann einkum á eftirgreindum ástæðum. Hann telur að ríkisstjórnin hafi í raun

og veru gerzt aðili að samningum sjómanna og útgerðarmanna, þ. á m. loftskeytamanna.Hún hafi, er sýnt var að samningar mundu ekki takast, boðizt til að sjá um, að þessi ákveðni hluti áhættuþóknunarinnar yrði skatt- og útsvarsfrjáls. Þessi fríðindi hafi komið fram sem veruleg launahækkun til sjómanna, sem ollu því, að þeir gengu að samningum, enda hafi engu skipt fyrir þá, í hvaða formi þeir fengju kröfur sínar uppfylltar eða frá hvaða aðilja launauppbót sú kom, sem þeir börðust fyrir; aðalatriðið var að fá hana tryggða í samning sinn, enda sé og skýrt tekið fram, að loforð ríkisstjórnarinnar sé grundvöllur þeirra. Skattfríðindin hafi samkvæmt þessu orðið hluti af kjarasamningnum, sem að sjálfsögðu sé háður uppsagnarákvæðum hans, svo sem samningurinn í heild. Hann telur og að í þessu loforði ríkisstjórnarinnar hafi falizt, að við skattaákvörðun á tekjur sjómanna tiltekið ár, er stöfuðu frá áhættuþóknun, skyldu þessi skattfríðindi tekin til greina Þetta hljóti svo að vera, með því að skattar séu jafnan lagðir á tekjur manna árið eftir að þeirra sé aflað. Geti því ekki komið til eftirgjafar á sköttum fyrr en þá. Af þessum sökum telur hann hafa verið gersamlega óheimilt að láta lög nr. 128/1947 verka aftur fyrir sig, eins og gert hafi verið. Sjómenn hafi efnt sinn hluta kjarasamningsins með því að vinna að sjávarútveginum allt árið 1947, treystandi því, að staðið væri við þau kjör, sem um hafði verið samið.

Gerðarbeiðandi mótmælir því ákveðið, að ríkisstjórnin hafi gefið nokkurt loforð í sambandi við umrædda samninga, annað en það, að hún hafi gefið fyrirheit um að leggja til við Alþingi, að nefnd skattfríðindi yrðu veitt sjómönnum með lögum. Þetta hafi hún efnt með því að koma frumvarpi um þetta efni á framfæri á Alþingi. Hann mótmælir og að ríkisstjórnin hafi með þessum afskiptum sínum átt nokkra aðild að samningi útgerðarmanna og loftskeytamanna.

Þá heldur hann því fram, að lögin nr. 128/1947 hafi að sjálfsögðu átt að taka til ákvörðunar á sköttum sjómanna á tekjur þeirra, er þeir öfluðu árið 1947, og telur það fasta venju að láta ný skattalög taka til skatta á tekjur næsta árs á undan, svo framarlega sem þau hafi verið sett það tímanlega, að álagningu sé ekki lokið.

Það er fram komið í máli þessu, að haustið 1939 hafi ríkisstjórn Íslands með afskiptum sínum af vinnudeilum milli Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda og stéttarfélaga sjómanna, þ. á m. Félags ísl. loftskeytamanna, stuðlað að samkomulagi þessara aðilja með því að lofa að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um það, að helmingur af umsaminni stríðsáhættuþóknun skipverja yrði undanþeginn álagningu skatts og útsvars. Frumvarp til laga um skatt- og útsvarsgreiðslu af stríðsáhættuþóknun var því næst að tilhlutun ríkisstjórnarinnar lagt fyrir Alþingi, og fóru ákvæði frumvarpsins í þá átt, sem að ofan greinir. Var frumvarp þetta samþykkt af Alþingi og staðfest sem lög nr. 61 frá 30. des. 1939.

Þótt eigi verði talið, að ríkisstjórn Íslands eða Alþingi hafi gerzt

formlegur aðili að samningum útgerðarmanna og sjómanna, þá verður að telja, að hið nána samband milli samninganna og laga þessara hafi gefið sjómönnum sérstaka ástæðu til að ætla, að þessi réttindi yrðu ekki af þeim tekin fyrirvaralaust eða að óbreyttri hættu vegna styrjaldarinnar. Enda kom það fram, að það var fyrst síðast á árinu 1947, að Alþingi felldi niður þetta skattfrelsi sjómanna, og er þá styrjöldinni löngu lokið og áhætta við siglingar af styrjaldarástæðum að mestu liðin hjá. Verður því eigi annað séð, en að grundvöllurinn fyrir setningu laga nr. 61 frá 30. des. 1939 hafi verið niðurfallinn löngu áður en þau lög voru numin úr gildi með 14. gr. laga nr. 128 frá 29. des. 1947 um dýrtíðarráðstafanir.

Í áminnstum lögum eru engin ákvæði um það, að skattfrelsi sjómanna af helmingi áhættuþóknunar fyrir árið 1947 sé fellt niður. Í lögunum segir aðeins í 50. gr., að lögin öðlist gildi 1. janúar 1948. Í skattalögum frá 1921, svo og núgildandi skattalögum nr. 6, frá 9. jan. 1935, ásamt síðari breytingum, er ætíð fram tekið, þegar um nýjar skattálögur er að ræða eða skatthækkanir, við hvaða tímabil eigi að miða skattútreikninginn, þegar ætlazt er til að lögin verki aftur fyrir sig.

Í lögum nr. 128 frá 29. des. 1947 eru ákvæði í 2. kafla um eignaaukaskatt. Er sú skattálagning samkvæmt ákvæðum laganna látin ná til þess eignaauka, sem orðið hefur á tímabilinu frá 1. janúar 1940 til 31. des. 1947, og skal sá skattur lagður á á árinu 1948. Engin tilsvarandi ákvæði eru í lögunum um skattskyldu sjómanna af áhættuþóknun, sem þeim er greidd á árinu 1947, eða áður en lögin gengu í gildi. Verður því að telja, að skattfrelsi þeirra af 50% áhættuþóknun samkvæmt lögum nr. 61 frá 30. desember 1939 nái og til ársins 1947, eða þar til að lög nr. 128 frá 29. des. 1947 fengu gildi, en það var, eins og fyrr er fram tekið, 1. jan. 1948.

Samkvæmt þessu verður að neita um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal ekki fara fram.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 20. desember 1948.

Nr. 133/1947. **Bæjarútgerð Hafnarfjarðar**
gegn
Ólafi Björnssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 20. desember 1948.

Nr. 118/1948. **Dieseltogarar h/f**
gegn
H/f Ólafi Einarssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi h/f Ólafur Einarsson, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.